Hæstaréttardómar 1950

Útgáfa 3.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Meiriháttar galli á bls. 471.
Minniháttar gallar á bls. 259 og 374.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Efnisskrá til bráðabirgða um Hæstaréttardóma 1950.

Áfengislagabrot (sjá og bifreiðamál) 170, 441
Barnsfaðernismál 271
Bifreiðamál:
1) Opinber mál 1, 9, 23, 31, 54, 56, 69, 96, 181, 192, 319, 359, 370, 460
2) Skaðabótamál 29, 76, 153, 196, 203, 451, 477
Bjarglaun 207
Brenna 253, 466
Búfjárræktarlög 446
Eignaspell 446, 466
Fiskveiðabrot 66, 103, 158, 379, 432, 471
Frávísun:
1) Frá Hæstarétti 46, 47, 164
2) Frá héraðsdómi (sjá og kærumál) 212
Gagnaöflun:
1) Einkamál 157, 179, 415
2) Opinber mál 228, 342
Gjaldeyrislöggjöf 184, 418
Hlutafélög 229, 416
Húsaleigumál 241, 328, 343, 389
Innsetning 106, 200, 463
Kaup og sala 106
Kynferðisbrot 333, 395
Kærumál
Framlagning skjala 26
Frávísun 6, 113, 311, 314
Frestun 111
Málflutningur 300
Málskostnaður 6, 303, 307, 424
Vitni 94
Landamerkjamál 20
Líkamsárás 346, 421
Líkamsáverkar 31, 69, 96, 192, 346, 460
Manndráp 23, 404
Ómerking:
1) Einkamál 6, 87, 212, 340, 382
2) Opinber mál 297, 432

Réttarfarssektir 389, 441
Rithöfundaréttur 353
Samningar 117
Sératkvæði 9, 69, 111, 253, 333, 353, 385
Siglingalöggjöf 404
Sjóveð 474
Skaðabótamál:
1) Utan samninga (sjá og bifreiðamál 2) 42, 114, 275
2) Samkvæmt lögum nr. 99/1943 ..... 217, 222, 282
3) Vegna samningsrofa o. fl. 399, 456
Skattar 162, 168, 325, 385
Skuldamál 51, 60, 64, 117, 229, 237, 428, 438
Tryggingamál 248
Útsvör. Sjá skattar.
Veiðilöggjöf 175
Verðlagslöggjöf 184, 316
Verksamningar 117
Vinnulaun 225
Vitni (sjá og kærumál) 149, 150, 152
Víxilmál 172
Ærumeiðingar 79

HÆSTARÉTTARDÓMAR

ÚTGEFANDI
HÆSTIRÉTTUR

XXI. BINDI
1950

REYKJAVÍK
PRENTSMIÐJA AUSTURLANDS H/F
MCMLI

Reglulegir dómarar Hæstaréttar 1950.

Þórður Eyjólfsson. Forseti dómsins frá 1. janúar til 31. ágúst.
Gizur Bergsteinsson. Forseti dómsins frá 1. september til 31. des.
Árni Tryggvason.
Jón Ásbjörnsson.
Jónatan Hallvarðsson.

Registur.

I. Málaskrá.

		Dómur	Bls.
1.	Ákæruvaldið gegn Kolbeini Stefánssyni og Kristjáni Thorberg Tómassyni. Brot á umferðarlögum, bifreiðalögum og áfengislögum	11/1	1
2.	Ágúst Jónsson gegn Hannesi M. Þórðarsyni og Sigrúnu Jónsdóttur. Kærumál. Um nauðsyn sáttaumleitunar	11/1	6
3.	Ákæruvaldið gegn Sigurbirni Guðmundi Sigurbjörnssyni. Brot á umferðarlögum, bifreiðalögum og áfengislögum. Sératkvæði	13/1	9
4.	Dánarbú Bergsteins Kolbeinssonar gegn Margréti Eiríksdóttur. Landamerkjamál	16/1	20
5.	Ákæruvaldið gegn Sigurði Sæmundssyni. Manndráp af gáleysi. Brot á bifreiðalögum	18/1	23
6.	Sigurður Guðmundsson gegn Ólafi Péturssyni og utanríkisráðherra. Kærumál. Um skyldu ráðuneytis til framlagningar opinberra skjala í meiðyrðamáli	20/1	26
7.	Verzlunin Vitinn gegn Helga S. Eyjólfssyni. Skaðabótamál vegna árekstrar bifreiða	20/1	29
8.	Ákæruvaldið gegn Haraldi Sigurði Guðmundssyni og Óla Þorbirni Haraldssyni. Bifreiðalagabrot. Líkamsáverkar	23/1	31
9.	Trans-Ocean, vöru og skipamiðlun h/f, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Fébótamál út af dómaraverki	25/1	42
10.	Baldur Jónsson gegn h/f Stefni. Útivistardómur	30/1	44
11.	Gunnlaugur Ólafsson gegn Guðjóni H. Sigvaldasyni. Útivistardómur. Ómaksbætur	30/1	45
12.	Hreppsnefnd Hvammstangahrepps f. h. hreppsins gegn Sigurði Davíðssyni. Útivistardómur	30/1	45
13.	Búkolla h/f gegn Ágúst Jónssyni. Frávísun frá Hæstarétti. Áfrýjunarfrestur liðinn	31/1	46
14.	Ágústa Bjarnadóttir gegn Bjarnfríði Sigurðardóttur. Eignardómsmál. Frávísun frá Hæstarétti. Dómkrafa ekki nægilega ákveðin	1/2	47
15.	Erik Christiansen gegn Sveini og Gísla h/f. Skuldamál	1/2	51
16.	Ákæruvaldið gegn Hannesi Þorbergssyni. Brot á áfengislögum og bifreiðalögum	6/2	54

		Dómur	Bls.
17.	Ákæruvaldið gegn Gunnlaugi Bjarnasyni Melsted. Brot gegn bifreiðalögum	6½	56
18.	Trans-Ocean, vöru- og skipamiðlun h/f, gegn dánarbúi Garðars Þorsteinssonar og gagnsök. Skuldamál. Þóknun fyrir milligöngu um sölu fisks	13½	60
19.	Ágúst Jónsson gegn Búkollu h/f. Dómi í skuldamáli og fjárnámsgerð áfrýjað til staðfestingar	15½	64
20.	Ákæruvaldið gegn Albert Devos. Fiskveiðabrot	15½	66
21.	Ákæruvaldið gegn Vilhjálmi Val Sverri Sigurjónssyni og Jóni Finnbogasyni. Líkamsáverki. Brot gegn bifreiðalögum og umferðarlögum. Sératkvæði	15½	69
22.	Tryggvi Sigfússon f. h. ólögráða sonar síns Sverris gegn borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs. Bætur vegna bifreiðarslyss	17½	76
23.	Ákæruvaldið gegn Finnboga Rút Valdimarssyni, Guðmundi Gestssyni, Ingjaldi Ísakssyni, Hauki Jóhannessyni, Johan Schröder, Siggeir Ólafssyni, Ingva Loftssyni, Einari Júlíussyni, Ólafi Jónssyni, Axel Ólafssyni, Þorsteini Pálssyni, Þorkeli Jónssyni, Runólfi Péturssyni, Daða Jóhannessyni og Guðna Erlendssyni. Refsað fyrir ærumeiðandi ummæli um opinberan starfsmann	20½	79
24.	Magnús Einarsson gegn firmanu Silla og Valda. Héraðsdómari kvaddi ekki sérfróða menn til að dæma ásamt sér mál út af fasteignasölu. Héraðsdómur ómerktur	20½	87
25.	Jóhannes Björnsson gegn Ólínu Steindórsdóttur. Kærumál. Um vitnaskyldu læknis	20½	94
26.	Ákæruvaldið gegn Henry Alexander Hálfdánarsyni og Jóni Bjarnasyni. Brot gegn bifreiðalögum	24½	96
27.	H/f Björgvin gegn Sjómannafélagi Ísfirðinga vegna Jóns Sigurðssonar. Útivistardómur	27½	102
28.	H/f Björgvin gegn Sjómannafélagi Ísfirðinga vegna Steingríms Kristmundssonar. Útivistardómur	27½	102
29.	H/f Búkolla og Bjarni Bjarnason gegn Korkiðjunni h/f. Útivistardómur	27½	103
30.	Ákæruvaldið gegn Paul Johannes Joensen. Fiskveiðabrot	⅓	103
31.	Gunnar Bildal gegn Magnúsi Jochumssyni. Innsetningargerðar synjað	⅔	106
32.	Gunnar Ásgeirsson gegn Önnu Pálsdóttur f. h. dánarbús Garðars Þorsteinssonar. Kærumál. Um frestveitingu. Sératkvæði	10⅔	111
33.	Bifreiðastöðin Stefnir s/f gegn Niðursuðuverksmiðjunni Síld h/f. Kærumál. Birting héraðsstefnu ófullnægjandi. Frávísun máls frá héraðsdómi	10⅔	113
34.	Sölunefnd setuliðseigna gegn Þórði Þorsteinssyni. Bætur vegna líkamsmeiðsla	13⅔	114

		Dómur	Bls.
35.	Gísli J. Johnsen og Höskuldur Baldvinsson gegn bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs og gagnsök. Verksamningur skýrður og dæmt um kröfur, er af honum risu	14/3	117
36.	Ákæruvaldið gegn Birni Sigurðssyni. Læknir krafinn vættis um málefni, sem hann fékk vitneskju um í starfi sínu	20/3	149
37.	Ákæruvaldið gegn Karli G. Magnússyni. Læknir krafinn vættis um málefni, sem hann fékk vitneskju um í starfi sínu	20/3	150
38.	Ákæruvaldið gegn Gunnari Jóhannesi Cortes. Læknir krafinn vættis um málefni, sem hann fékk vitneskju um í starfi sínu	20/3	152
39.	Axel Magnússon gegn Steindóri Einarssyni. Fébætur vegna bifreiðarslyss	22/3	153
40.	Bókaverzlun Sigurðar Kristjánssonar gegn Guðna Jónssyni og gagnsök. Úrskurður. Öflun framhaldsskýrslna	22/3	157
41.	Ákæruvaldið gegn Edmond Allan Reynolds Chilton. Fiskveiðabrot	24/3	158
42.	Stefán Ármann Þórðarson gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs. Útsvarsmál	24/3	162
43.	Sigurjón Jónsson gegn Jóni Ketilssyni og Guðmundi Ingimundarsyni. Frávísun frá Hæstarétti. Áfrýjandi hafði með athöfnum eftir uppsögu fógetaúrskurðar fyrirgert áfrýjunarrétti	29/3	164
44.	Eyjólfur Sveinsson gegn borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs. Útsvarsmál	31/3	168
45.	Ákæruvaldið gegn Skarphéðni Jónssyni. Ólögleg áfengissala	31/3	170
46.	Guðlaugur Ásgeirsson gegn Hannesi Ágústssyni og gagnsök. Víxilmál	19/4	172
47.	Ákæruvaldið gegn Benjamín Ólafssyni. Um meint brot gegn laxveiðilögum	19/4	175
48.	Hrefna Loftsdóttir gegn Bjarna Guðmundssyni. Úrskurður. Öflun framhaldsskýrslna	24/4	179
49.	Guðlaugur Ásgeirsson gegn Sæmundi Þórðarsyni. Útivistardómur	28/4	181
50.	Ákæruvaldið gegn Ólafi Hólmgeir Pálssyni. Brot á bifreiðalögum	1/5	181
51.	Ákæruvaldið gegn Friðrik Bertelsen. Brot gegn verðlagslöggjöf og gjaldeyrislöggjöf	3/5	184
52.	Ákæruvaldið gegn Hauki Arnars Bogasyni. Líkamsáverki. Brot á bifreiðalögum	5/5	192
53.	Carl Olsen gegn Ingvaldi Benediktssyni og gagnsök. Tjónbætur vegna árekstrar bifreiða	5/5	196

	Dómur	Bls.
54. Ólafur P. Ólafsson gegn Arnóri Steinasyni. Synjað um innsetningargerð. Ágreiningur um eignarrétt að búfé	8/5	200
55. Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Guðjóni Péturssyni og gagnsök. Tjónbætur vegna árekstrar bifreiða	8/5	203
56. Útgerðarfélag Akureyringa h/f gegn Trolle & Rothe h/f f. h. A. E. Larsens vegna eigenda og vátryggjenda v/s Hermu. Bjarglaun	11/5	207
57. Guðmundur Árnason f. h. búenda í Landmannahreppi gegn Holtahreppi og gagnsök. Veiðiréttindi. Frávísun frá héraðsdómi vegna ófullnægjandi kröfugerðar	15/5	212
58. Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Sighvati Blöndahl og gagnsök. Fébótamál samkvæmt lögum nr. 99/1943	17/5	217
59. Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Brynjólfi Brynjólfssyni og dánarbúi Bjarna Brynjólfssonar. Fébótamál samkvæmt lögum nr. 99/1943	17/5	222
60. Útgerðarfélag Sauðárkróks gegn Magnúsi Guðmundssyni. Skuldamál. Eftirstöðvar kauptryggingar og orlofseyris háseta	17/5	225
61. Ákæruvaldið gegn Ragnari Frímanni Kristjánssyni. Úrskurður. Öflun framhaldsgagna	17/5	228
62. J. K. Havsteen & Co. h/f gegn Júlíusi K. Havsteen. Ágreiningur út af hlutafjárframlagi eins af stofnendum hlutafélags	22/5	229
63. Bogi Brynjólfsson gegn dánarbúi Árna Sigfússonar. Innheimtulaun	26/5	237
64. Franz A. Andersen gegn Benediktu Jónsdóttur og Finni Jónssyni. Útburðarmál	31/5	241
65. Guðlaugur Gíslason f. h. Sæfells h/f gegn Guðjóni Vigfússyni. Útivistardómur	31/5	247
66. Daníel Fjeldsted gegn Bjarnfríði Einarsdóttur. Útivistardómur	31/5	248
67. Tollstjórinn í Reykjavík f. h. Tryggingastofnunar ríkisins gegn Theódór Magnússyni. Lögtaksmál. Um skyldu bifreiðarstjóra til greiðslu tryggingariðgjalds	2/6	248
68. Ákæruvaldið gegn Guðmundi Magnússyni. Öryggisgæzla dæmd manni, sem mörgum sinnum hafði valdið eldsvoða, en talinn var ósakhæfur. Sératkvæði	9/6	253
69. Ragnar Jón Jónsson gegn Jónu Sigfríði Jónatansdóttur og gagnsök. Barnsfaðernismál	12/6	271
70. Skipaútgerð ríkisins gegn Guðjóni Jónssyni og gagnsök. Slysabætur	14/6	275
71. Dánarbú Árna Sigfússonar gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Fébótamál samkvæmt lögum nr. 99/1943	20/6	282
72. Ákæruvaldið gegn Jónasi Þorbergssyni og Jóni Alexanderssyni. Ómerking héraðsdóms vegna ófullnægjandi		

		Dómur	Bls.
	rannsóknar	21/6	297
73.	G. Kristjánsson & Co. h/f gegn Einari Einarssyni. Kærumál. Kröfu um skriflegan flutning máls hrundið	21/6	300
74.	Samvinnutryggingar gegn Framtíðinni h/f. Kærumál. Um málskostnað í héraði	21/9	303
75.	Gunnar Jósefsson gegn Almennum Tryggingum h/f. Kærumál. Um málskostnað í héraði	21/9	307
76.	Kaupfélag Verkamanna, Akureyri, gegn Verkamannafélagi Akureyrarkaupstaðar og Verkakvennafélaginu Eining. Kærumál. Um frávísun máls frá héraðsdómi	25/9	311
77.	María Jóelsdóttir gegn Akureyrarkaupstað. Kærumál. Um frávísun máls frá héraðsdómi	25/9	314
78.	Ákæruvaldið gegn Jóni Þorkelssyni og Óskari Þórðarsyni. Brot gegn reglum um fjárfestingu	29/9	316
79.	Ákæruvaldið gegn Boga Matthíassyni og Ágústi Kristjáni Björnssyni. Brot gegn áfengislögum og bifreiðalögum. Hlutdeild	29/9	319
80.	Gunnlaugur B. Melsted gegn Steinþóri Guðmundssyni. Útivistardómur	29/9	324
81.	Ríkissjóður gegn Vestur-Barðastrandarsýslu. Um rétt sýslufélags til stríðsgróðaskatts	2/10	325
82.	Ásgrímur P. Lúðvíksson gegn Sigrúnu Pétursdóttur. Útburðarmál	6/10	328
83.	Ákæruvaldið gegn Þorvaldi Guðmundssyni. Kynferðisbrot. Sératkvæði	9/10	333
84.	Hafnarfjarðarbær gegn Guðbjörgu Kristjánsdóttur og gagnsök. Ómerking. Héraðsdómari hafði ekki kvatt sérfróða menn til að dæma ásamt sér mál, er varðaði fasteign	12/10	340
85.	Ákæruvaldið gegn William Norman Brown. Úrskurður um framhaldsrannsókn	13/10	342
86.	Marino Ólafsson gegn Gunnari Thorarensen. Húsaleiga. Krafa um íbúðaskipti	16/10	343
87.	Ákæruvaldið gegn Guðmundi Ingjaldi Ingjaldssyni. Líkamsárás. Áverkabætur	18/10	346
88.	Bókaverzlun Sigurðar Kristjánssonar gegn Guðna Jónssyni og gagnsök. Um höfundarrétt. Sératkvæði	23/10	353
89.	Ákæruvaldið gegn Þorsteini Elton Jónssyni. Brot á ákvæðum bifreiðalaga	25/10	359
90.	Guðbjörg Árnadóttir gegn Ólafi Bjarnasyni, Önnu Guðvarðsdóttur Ólfjörð, Margréti Ólafsdóttur og Páli Ólafssyni. Fjárnám. Ágreiningur um eignarrétt að munum	27/10	364
91.	Ákæruvaldið gegn Gunnari Marel Jónssyni. Brot á ákvæðum áfengislaga, bifreiðalaga og umferðarlaga	30/10	370
92.	Núpur h/f gegn Kristni Helgasyni. Útivistardómur	30/10	376

		Dómur	Bls.
93.	Núpur h/f gegn Grétari Kristinssyni. Útivistardómur ..	30/10	376
94.	Einar Nikulásson gegn Sölunefnd setuliðseigna. Útivistardómur	30/10	377
95.	Eigendur e/s Hugins gegn Jóni Guðmundssyni. Útivistardómur	30/10	377
96.	Gunnar Þorsteinsson gegn Guðmundi Gíslasyni. Útivistardómur	30/10	378
97.	Ólafur Einarsson gegn Theódór Siemsen. Útivistardómur	30/10	378
98.	Kristján Kristjánsson gegn borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs. Útivistardómur	30/10	379
99.	Ákæruvaldið gegn Jóni Gunnþóri Einarssyni. Fiskveiðabrot	1/11	379
100.	Sigurbjörn Björnsson gegn Jóni Ásmundssyni. Ómerking og heimvísun	3/11	382
101.	Elli- og hjúkrunarheimilið Grund gegn borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs. Fasteignagjald til bæjarsjóðs. Sératkvæði	3/11	385
102.	Jón Gíslason gegn Börge Sörensen og gagnsök. Útburðarmál	8/11	389
103.	Ákæruvaldið gegn Theódór Friðrik Hjálmari Theódórssyni. Kynferðisbrot	10/11	395
104.	Pétur Ingjaldsson gegn Óla Barðdal. Skaðabætur vegna galla á seldri íbúð. Fjárnámsgerð	13/11	399
105.	Ákæruvaldið gegn Jóni Guðjónssyni og Tómasi Jochumssyni. Brot á siglingareglum. Manndráp af gáleysi	15/11	404
106.	Eigendur l/v Hugins R. E. 83 gegn Guðjóni Sigurðssyni. Úrskurður um öflun gagna	15/11	415
107.	H/f Leiftur, Ólafsfirði, gegn h/f Leiftri, Reykjavík. Um rétt hlutafélags til heitis	17/11	416
108.	Ákæruvaldið gegn Kjartani Steingrímssyni. Brot á gjaldeyrisákvæðum	17/11	418
109.	Ákæruvaldið gegn Ingva G. Kristjánssyni. Líkamsárás	17/11	421
110.	Vilhjálmur Chr. Hákonarson gegn Ólafi Eyjólfssyni. Kærumál. Um málskostnað í héraði	24/11	424
111.	Kristján Kristjánsson gegn Snorra Arnfinnssyni. Skuldamál	24/11	428
112.	Ákæruvaldið gegn Benóný Friðrikssyni. Ómerking. Rannsókn ófullnægjandi	27/11	432
113.	Vikublaðið Fálkinn gegn Oscari Clausen. Skuldamál ..	27/11	438
114.	Vilhjálmur S. V. Sigurjónsson gegn Félagsprentsmiðjunni. Útivistardómur	29/11	440
115.	Ákæruvaldið gegn Þorleifi Sigurbjörnssyni og Jóni Sveinssyni. Ákæra um ólöglega áfengissölu. Réttarfarssekt	1/12	441
116.	Ákæruvaldið gegn Sigtryggi Benediktssyni og Hólmfríði		

		Dómur	Bls.
	Jónsdóttur. Brot gegn lögum um búfjárrækt	4/12	446
117.	Steinþór Egilsson gegn Jóni Jósefssyni og gagnsök. Bætur vegna bifreiðarslyss	6/12	451
118.	Stefán Valgeirsson gegn Brandi Brynjólfssyni. Krafa til skaðabóta vegna vangæzlu í miðlarastarfi	8/12	456
119.	Ákæruvaldið gegn Svavari Kristni Kristjánssyni. Brot gegn bifreiðalögum. Líkamsáverki	13/12	460
120.	Hrefna Loftsdóttir gegn Bjarna Guðmundssyni. Innsetning. Um eignarrétt að munum	15/12	463
121.	Ákæruvaldið gegn Oddsteini Friðrikssyni. Eignaspjöll	15/12	466
122.	Ákæruvaldið gegn Vincent John Starkey. Fiskveiðabrot	15/12	471
123.	Eigendur l/v Hugins R. E. 83 gegn Guðjóni Sigurðssyni. Ágreiningur um sjóveð	20/12	474
124.	Jón M. Pétursson gegn Herði Runólfssyni. Útivistardómur	20/12	477
125.	Bengta K. Andersen gegn Brynjólfi Magnússyni og gagnsök. Dánarbætur	22/12	477

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XXXI. árg. 1950.

Miðvikudaginn 11. janúar 1950.

Nr. 146/1949. **Ákæruvaldið** (Einar Ásmundsson)
gegn
Kolbeini Stefánssyni
og
Kristjáni Thorberg Tómassyni
(Egill Sigurgeirsson).

Brot á umferðarlögum, bifreiðalögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Gunnar Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Háttsemi ákærða Kolbeins Stefánssonar, sem lýst er í héraðsdómi, varðar við 2. mgr. 5. gr., 1. mgr. 23. gr., 26. og 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. gr. og 2. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941, 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33/1935 og 49. gr. sbr. 84. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjakaupstað nr. 41/1928, og er refsing ákærða hæfilega ákveðin af héraðsdómara varðhald 15 daga. Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna ber og að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt.

Ákærði Kristján Thorberg Tómasson hefur, eins og í héraðsdómi greinir, brotið gegn ákvæðum 21. sbr. 39. gr. áfengislaganna. Er refsing hans hæfilega ákveðin í héraðsdómi 450 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi varðhald 5 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að í stað sektar ákærða Kristjáns Thorbergs Tómassonar komi varðhald 5 daga, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu, Kolbeinn Stefánsson og Kristján Thorberg Tómasson, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Ásmundssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 18. ágúst 1949.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn þeim Kolbeini Stefánssyni bifreiðarstjóra, Vesturvegi 16, Vestmannaeyjum, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 frá 1935, bifreiðalögum nr. 23 frá 1941 og umferðarlögunum nr. 24 frá 1941 og fyrir brot gegn lögreglusamþykkt Vestmannaeyjakaupstaðar frá 1928 til refsingar, ökuleyfissviptingar og sakarkostnaðargreiðslu og gegn Kristjáni Thorberg Tómassyni sjómanni, Garðsstöðum, Vestmannaeyjum, fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaganna til refsingar og sakarkostnaðargreiðslu.

Kærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna. Kærði Kolbeinn er fæddur 21. nóv. 1914 í Vestmannaeyjum og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1938 20/7 Sætt: 50 kr. sekt fyrir óleyfilegan bifreiðarakstur.
1939 20/10 Sætt: 150 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1940 2/2 Sætt: 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1942 16/3 Sætt: 175 kr. sekt fyrir ölvun við bifreiðarakstur.
1942 16/4 Sætt: 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1942 9/12 Sætt: 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1943 15/11 Dómur: 400 kr. sekt fyrir brot á 217. gr. hegningarlaganna. Hæstaréttardómur 17. maí 1944, 2 mánaða fangelsi fyrir brot á 217. gr. hegningarlaganna. Náðaður á ríkisráðsfundi 28. júní 1944 af forseta Íslands af refsingu samkvæmt hæstaréttardómi

17/5 1944 (2ja mánaða fangelsi) skilorðsbundið til 5 ára samkvæmt VI. kafla hegningarlaganna.

1944 7/5 Kærður fyrir áreitni við lögregluna. Fellt niður samkvæmt fyrirmælum dómsmálaráðuneytisins.

Kærði Kristján Thorberg er fæddur á Seyðisfirði og hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1932 11/5 Sætt: 20 kr. sekt fyrir brot á lögreglusamþykkt Vestmannaeyjakaupstaðar.

1941 9/5 Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1942 24/4 Sætt: 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1946 26/2 Sætt: 50 kr. sekt fyrir ölvun og brot á lögreglusamþykkt Vestmannaeyja.

Samkvæmt eigin játningu kærðu og því, sem á annan hátt er sannað í málinu, eru málavextir þessir:

Seint að kvöldi þess 8. júní s. l. var Þráinn nokkur Sigtryggsson, Strandvegi 63, hér í bæ, sem borið hefur vætti í máli þessu, staddur á heimili sínu að Strandvegi 63. Heyrði þá vitnið hávaða utan frá, sem það taldi, að stafaði frá bifreiðaárekstri, og fór því strax út til þess að huga nánar að þessum atburðum. Þegar vitnið kom út, sá það bifreiðina V 33, þar sem hún stóð utan við veginn skammt til norðurs frá ljósastaur hjá gatnamótum Heiðarvegar og Strandvegar.

Tveir lögregluþjónar, þeir Pétur Stefánsson og Óskar P. Einarsson, komu á vettvang, skömmu eftir að árekstur inn varð, og lýsa þeir stöðu bifreiðarinnar þannig, að hún hafi verið utan við veginn (Strandveg), þannig að afturendi hennar sneri í áttina til norður-götubrúnar. Eftir afstöðumynd, sem lögð hefur verið fram í málinu, að dæma og af því, sem ráða má af framburði vitnisins Óskars P. Einarssonar, virðist bifreiðinni hafa verið ekið í umrætt sinn með allmiklum hraða, og hefur hún um leið og hún rakst í ljósastaurinn kastazt frá honum og norður fyrir Strandveginn og staðnæmzt fyrir norðan veginn í nokkurri fjarlægð frá staurnum, eins og afstöðumyndin nánar sýnir. Kærði Kolbeinn viðurkennir í réttarhaldi þann 10. júní s.l. að hafa ekið bifreiðinni „á hraðri ferð" í umrætt skipti, og gizkar hann þá á, að hraði hennar hafi verið 30 km pr. klst.

Strandvegur og Heiðarvegur eru mjög breiðar götur, og er umferðarrými þarna því mikið, og ekkert er upp komið í málinu, sem bendir til þess, að önnur ökutæki eða yfirleitt nein önnur umferð hafi verið þarna á gatnamótunum, er árekstur inn varð, sem kærði Kolbeinn hafi þurft að gjalda varhuga við í sambandi við akstur bifreiðar sinnar.

Ljósastaur sá, sem bifreiðin kastaðist á, skemmdist ekkert við árekstur inn og ekki heldur rafmagnstaugar, sem tengdar eru í hann.

Í fyrsta réttarhaldi yfir kærða Kolbeini hinn 10. júní s.l. játaði hann að hafa verið undir áhrifum víns, er hann ók bifreiðinni í umrætt skipti og árekstur inn varð.

Vitnið Þráinn Sigtryggsson, sem fyrstur kom á vettvang eftir árekstur inn, hefur borið það fyrir rétti, að hann hafi þá „merkt vín" á kærða

Kolbeini. Sem nánari lýsingu á ölvunareinkennum kærða Kolbeins í umrætt skipti segir vitnið í réttarhaldi þann 16. þ. m., að Kolbeinn hafi verið þrútinn í andliti, mikið fum á honum og að hann hafi verið linmæltari en venjulega. Hins vegar fann vitnið ekki vínlykt af kærða og heldur ekki telur það, að hann hafi reikað í spori.

Aðdragandanum að áfengisneyzlu sinni umræddan dag lýsir kærði Kolbeinn á þá leið, að hann hafi kl. að ganga 10 um kvöldið þann 8. júní s.l. ekið upp fyrir bæinn upp að Víðivöllum með vörur úr verzlun Helga Benediktssonar kaupmanns, en bifreiðin V 33 er lítil sendiferðabifreið. Við Víðivelli kveðst kærði Kolbeinn hafa hitt meðkærða Kristján Thorberg, sem hafi þá haft í fórum sínum brennivínsflösku, sem hafi verið þá um það bil hálf.

Hefur kærði Kolbeinn skýrt svo frá fyrir rétti hinn 16. þ. m., að meðkærði Kristján hafi boðið honum að neyta víns úr flöskunni og lagt að honum að drekka úr henni. Segir hann, að þeir hafi síðan drukkið í sameiningu meginhlutann af því, sem var í flöskunni, er þeir hittust, og drukku þeir áfengið inni í stýrishúsi bifreiðarinnar við Víðivelli, áður en kærði Kolbeinn ók bifreiðinni til baka til bæjarins.

Dómarinn lætur þess getið, að Víðivellir séu utantil við bæinn og taldir vera í ca 500 metra fjarlægð frá miðhluta hans.

Þegar bifreið kærða Kolbeins lenti á ljósastaurnum um kl. 23.00 að kvöldi þess 8. júní s.l., telur Kolbeinn, að lítil lögg hafi verið eftir á flöskunni, en meðkærði Kristján Thorberg segir, að hann hafi þá ekkert vín haft meðferðis. Ekki verður þó byggt á skýrslu meðkærða Kristjáns um þetta atriði, þar sem hann hefur ekki neitað því að hafa veitt kærða Kolbeini vín um kvöldið, en segir, að þetta geti vel hafa verið, þó að kærði myndi það ekki við yfirheyrsluna, enda skýrði hann frá því í réttarhaldi hinn 15. þ. m., að hann hafi verið orðinn „dauðadrukkinn", er leið á daginn þann 8. júní s.l., og virðist hann hafa misst minni fyrir ofurölvi þá um eftirmiðdaginn og eigi raknað við sér fyrr en við höfuðhögg, sem hann hlaut við það, að bifreiðin rakst á ljósastaurinn.

Kærði Kolbeinn og meðkærði Kristján bera það samhljóða, að enginn hafi verið viðstaddur samdrykkju þeirra eða áfengisneyzlu umræddan dag.

Kærði Kolbeinn segir í réttarhaldi 3. þ. m., að hann hafi ekið frá Víðivöllum fyrst um Helgafellsbraut, síðan Ásaveg, Hvítingatraðir, Hásteinsveg og Heiðarveg, en verið að beygja inn eða austur Strandveg af Heiðarvegi, er áreksturinn á ljósastaurinn varð.

Loks er það upp komið í málinu samkvæmt eigin játningu kærða Kolbeins, að hann hafi ekið bifreiðinni V 33 allan daginn frá hádegi þann 8. júní s. l. með óvirkan hægrihjólahemil.

Kærði Kolbeinn hefur með því að aka bifreið undir áhrifum áfengis gerzt brotlegur við eftirgreind lagaákvæði: 23. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941, 21. gr. áfengislaganna nr. 33 frá 1935 og 4. gr., 2. mgr. umferðarlaganna nr. 24. frá 1941 með því að aka bifreiðinni með óvirkan hægri hemil.

Loks hefur kærði Kolbeinn gerzt brotlegur við 49. gr. lögreglusamþykkt-

ar Vestmannaeyjakaupstaðar frá 1928 og 4. gr., 5. og 6. mgr., umferðarlaganna nr. 24 frá 1941 með því að aka bifreiðinni á meiri hraða en leyft er í lögreglusamþykktinni og meiri hraða en svo, að kærði gæti stöðvað bifreiðina nægilega fljótt, svo sem skylt er samkvæmt nefndu ákvæði umferðarlaganna.

Þykir refsing kærða Kolbeins hæfilega ákveðin með vísun til 38. gr. bifreiðalaganna og 39. gr. áfengislaganna, 14. gr. umferðarlaganna og 84. gr. lögreglusamþykktar Vestmannaeyjakaupstaðar og með tilliti til þess, að kærði hefur 7 sinnum sætt sekt, m. a. fyrir ölvun við bifreiðaakstur á tímabilinu frá 1938—1943, 15 daga varðhald.

Kærði hefur samkvæmt framlögðu hegningarvottorði áður gerzt sekur um að aka bifreið ölvaður, og með tilliti til þess, sem og hve oft kærði hefur áður gerzt sekur við landslög, þykir ekki verða hjá því komizt með vísun til 39. gr. laga nr. 23 frá 1941 að svipta hann ökuleyfi ævilangt.

Kærði Kristján Thorberg Tómasson veitti kærða Kolbeini áfengi það, sem hann neytti að kvöldi þess 8. júní s.l., rétt áður en kærði Kolbeinn ók bifreiðinni til bæjarins. Hefur kærði Kolbeinn borið það fyrir rétti hinn 3. þ. m., að meðkærði Kristján Thorberg hafi, er Kolbeinn kom að Víðivöllum margnefnt kvöld, beðið hann að aka sér í bæinn. Í sama réttarhaldi skýrir kærði Kolbeinn frá því, að meðkærði Kristján Thorberg hafi þá haft í fórum sínum um það bil hálfa flösku af brennivíni og að hann hafi haldið víninu að kærða Kolbeini. Í réttarhaldi 16. þ. m. tekur kærði Kolbeinn það enn fremur fram, að meðkærði Kristján Thorberg hafi boðið sér áfengi úr flösku hans og haldið að sér að neyta áfengis úr flösku hans.

Loks heldur kærði Kolbeinn því fram, að hann og meðkærði Kristján hafi í sameiningu drukkið meginhlutann af því, sem í flöskunni var, er þeir hittust að Víðivöllum. Meðkærði Kristján Thorberg var í réttarhaldi hinn 16. þ. m. ýtarlega spurður, hvort þessi skýrsla kærða Kolbeins væri rétt. Segir meðkærði Kristján Thorberg, að vel geti verið, að hann hafi í umrætt skipti boðið og jafnvel haldið að kærða Kolbeini áfengi, en um þetta muni hann ekki fyllilega, þar sem hann hafi þá verið orðinn ofurölvi.

Með vísun til framanskráðs telur rétturinn nægilega sannað, að meðkærði Kristján Thorberg hafi veitt kærða Kolbeini áfengi, er hann var við starf sitt sem bifreiðarstjóri, og ber að áliti réttarins að heimfæra þetta brot kærða Kristjáns Thorbergs undir 21. gr., síðustu mgr., áfengislaganna nr. 33 frá 1935. Þykir refsing kærða Kristjáns Thorbergs með vísun til 39. gr. áfengislaganna og með hliðsjón af lögum nr. 14 frá 1948 hæfilega ákveðin kr. 450.00 sekt til Menningarsjóðs, og komi í stað sektarinnar 7 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Rétt þykir eftir atvikum, að kærðu greiði allan sakarkostnað in solidum.

Dómarinn lætur þess getið, að er hann tók við dómaraembættinu hinn 1. þ. m., hafi aðeins verið lokið við tvö stutt réttarhöld hinn 10. júní s.l. yfir kærða Kolbeini og vitninu Þráni Sigtryggssyni. Er dómarinn varð

þess áskynja hinn 3. þ. m., að ökuskírteinið hafði eigi verið tekið af kærða Kolbeini til bráðabirgða, gerði hann ráðstafanir til þess, að hann væri sviptur því samdægurs, og var það gert, eins og próf málsins bera með sér, og reyndist skírteinið í gildi. Strax og aðrar enn meira aðkallandi embættisannir leyfðu, lét dómarinn halda áfram rannsókn málsins með réttarhöldum þann 15., 16., 17. og 18. ágúst. Í dag var svo kveðinn upp dómur í málinu. Dómarinn telur því, að málið hafi verið rekið vítalaust, eftir að hann tók við því.

Því dæmist rétt vera:

Kærði Kolbeinn Stefánsson sæti varðhaldi í 15 daga.

Kærði Kristján Thorberg Tómasson greiði kr. 450,00 í sekt til Menningarsjóðs, og komi í stað sektarinnar 7 daga varðhald, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði Kolbeinn Stefánsson skal sviptur bifreiðarstjóraréttindum ævilangt.

Kærðu greiði allan kostnað sakarinnar in solidum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. janúar 1950.

Kærumálið nr. 20/1949.

Ágúst Jónsson

gegn

Hannesi M. Þórðarsyni og Sigrúnu Jónsdóttur

Um nauðsyn sáttaumleitunar.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 29. nóv. f. á., er hingað barst 14. f. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 108. gr. og 186. gr. laga nr. 85/1936 kært dóm bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 28. nóv. s.l., þar sem máli sóknaraðilja gegn varnaraðiljum var ex officio vísað frá dómi.

Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til munnlegs málflutnings af nýju og varnaraðiljum verði in solidum dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð í málinu.

Dómkröfur í framangreindu bæjarþingsmáli eru einvörðungu þess eðlis, sem sóttar verða á varnarþingi samkvæmt 78. gr. laga nr. 85/1936. Eftir lögjöfnun frá 5. tölulið 5. gr. sömu laga er því nægilegt, að héraðsdómari leiti um sættir í málinu, eins og gert hefur verið. Ber því að ómerkja hinn kærða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsálagningar af nýju.

Eftir þessum úrslitum ber varnaraðiljum að greiða sóknaraðilja in solidum kærumálskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 300 krónur.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar af nýju.

Varnaraðiljar, Hannes M. Þórðarson og Sigrún Jónsdóttir, greiði in solidum sóknaraðilja, Ágústi Jónssyni, 300 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. nóvember 1949.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. þ. m., hefur Ágúst Jónsson, lögreglumaður hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 4. marz 1949 gegn Hannesi Merði Þórðarsyni kennara, Mánagötu 20, hér í bænum.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur *aðallega*, að stefnda verði að viðlögðum dagsektum gert að afsala honum 2. hæð og rishæð hússins nr. 5 við Bólstaðahlíð hér í bæ, fokheldum, með skífu á þaki og rúðum í gluggum, ásamt öllu, sem fylgir og fylgja ber, gegn greiðslu á kr. 135000.00, er greiðist þannig, að kr. 75000.00 greiðist út í hönd, kr. 25000.00, þegar steypu er lokið á hæðinni, kr. 25000.00, þegar þak er komið, og kr. 10000.00, þegar verkinu er lokið. *Til vara* hefur stefnandi krafizt þess, að stefnda verði gert að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 35000.00 með 6% ársvöxtum frá 21. janúar 1949 til greiðsludags. Í báðum tilvikum hefur stefnandi krafizt málskostnaðar.

Með stefnu útgefinni 20. júní s. l. höfðaði stefnandi einnig mál gegn Sigrúnu Jónsdóttur, Marargötu 6, hér í bænum, til þess að hún hlíti dómkröfu hans, sæti riftun á síðargreindum kaupum hennar við stefnda Hannes og greiði in solidum með honum málskostnað að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins færði stefnandi fjárhæð varakröfu sinnar niður í kr. 25000.00.

Stefndu hafa bæði krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Hinn 17. janúar 1949 gerði stefnandi máls þessa kauptilboð í 2. hæð og rishæð hússins nr. 5 við Bólstaðahlíð, hér í bæ, fyrir kr. 130000.00, en stefndi Hannes var þá að byggja hús þetta. Var tilboð þetta gert í skrifstofu Haralds Guðmundssonar fasteignasala, er stefndi Hannes hafði veitt heimild til þess að bjóða þenna hluta fasteignarinnar til sölu. Með yfirlýsingu dags. 20. s. m. samþykkti stefndi Hannes framanritað tilboð með þeirri breytingu, að verðið yrði kr. 135000.00 og að greiðslu fjárins yrði hagað á þann hátt, er segir í aðaldómkröfu stefnanda. Með yfirlýsingu dagsettri 21. s. m. samþykkti stefnandi gagntilboð þetta. Sama dag átti fasteignasalinn símtal við stefnda Hannes og tjáði honum, að gagntilboðið hefði verið samþykkt, en stefndi Hannes kvaðst þá þegar hafa selt húshlutann öðrum, þar eð hann taldi, að gagntilboðinu yrði ekki sinnt. Hefur stefnandi ekki viljað una þessum málalokum og því höfðað mál þetta og haft uppi framangreindar dómkröfur. Sýknukröfu sína byggir stefndur Hannes á því, að hann hafi gefið gagntilboðið með þeim munnlega fyrirvara, að hann myndi sjálfur selja eignina, ætti hann þess kost. Auk þess telur hann sig hafa gefið gagntilboðið 19. janúar, og sé dagsetningin misrituð. Þar eð honum hafi ekki borizt neitt svar við gagntilboðinu á hádegi hinn 21. s. m., hafi hann selt í þeirri trú, að gagntilboðinu yrði ekki sinnt, þar eð það hafi átt að samþykkjast strax, eins og í því felist.

Dómkröfur stefnanda hafa eigi verið lagðar fyrir sáttamenn, enda þótt ekki hafi verið heimild til þess að ganga framhjá sáttamönnum skv. 5. gr. laga nr. 85 frá 1936. Er því óhjákvæmilegt að vísa máli þessu ex officio frá dómi.

Rétt þykir, að stefnandi greiði stefndu kr. 200.00 hvoru í málskostnað.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Máli þessu er ex officio vísað frá dómi.

Stefnandi, Ágúst Jónsson, greiði stefnda, Hannesi Merði Þórðarsyni, kr. 200.00 í málskostnað. Þá greiði hann og stefndu, Sigrúnu Jónsdóttur, kr. 200.00 í málskostnað. Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. janúar 1950.

Nr. 61/1949. **Ákæruvaldið** (Hermann Jónasson)
gegn
Sigurbirni Guðmundi Sigurbjörnssyni
(Sveinbjörn Jónsson).

Brot á umferðarlögum, bifreiðalögum og áfengislögum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Það verður að meta ákærða það til vangæzlu, að hann stöðvaði ekki bifreið sína, er hann sá drenginn Reyni Jónsson aka á reiðhjóli þvert yfir veginn og aftur með bifreið sinni vinstra megin, um sama leyti og ákærði var að fara fram hjá bifreið, sem kom á móti honum, enda var vegbrún sú, er drengurinn ók eftir, mjög tæp og ógreiðfær. Varðar þetta atferli ákærða við 1. mgr. 27. gr. laga nr. 23/1941 og 2. gr. laga nr. 24/1941.

Samkvæmt þessu svo og með tilvísun til atvikalýsingar og raka héraðsdóms þykir ákærði eiga að sæta 15 daga varðhaldi. Svo þykir og rétt að svipta ákærða ökuleyfi 3 ár.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði ber að staðfesta. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurbjörn Guðmundur Sigurbjörnsson, sæti varðhaldi 15 daga. Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið 3 ár.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Hermanns Jónassonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði
Gizurar Bergsteinssonar hrd. og Árna Tryggvasonar hrd.

Ákærði sýndi gáleysi um akstur bifreiðar, er drengurinn Reynir Jónsson varð fyrir bifreið hans 4. júní 1948. Þá er það og leitt í ljós, að ákærði gerði sér leik að því að aka ölvaður og með miklum hraða bíl, er hann tók heimildarlaust og farþegar voru í, um götur Akureyrarbæjar og nágrennis aðfaranótt 24. s. m., og lauk þeirri ökuferð þannig, að bifreiðin steyptist á veginum. Þegar á þetta er litið, þykir ákærði ekki fullnægja skilyrðum 2. mgr. 20. gr. laga nr. 23/1941 um bifreiðarstjóra. Teljum við því, að svipta beri ákærða ævilangt rétti til að stjórna bifreið. Að öðru leyti erum við samþykkir forsendum og niðurstöðum hæstaréttardómsins.

Dómur lögregluréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 31. desember 1948.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., er höfðað gegn kærða, Sigurbirni Guðmundi Sigurbjörnssyni bifreiðarstjóra, til heimilis Gránufélagsgötu 2 hér í bæ, af valdstjórnarinnar hálfu með stefnu útgefinni 12. þ. m. fyrir brot á bifreiðalögum, umferðarlögum, áfengislögum, reglugerð nr. 72 frá 1937 og lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað frá 11. jan. 1934.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur að Baugaseli í Hörgárdal 26. febr. 1923. Hann hefur ekki fyrr sætt kæru eða refsingu fyrir neitt afbrot, svo að vitað sé.

II.

Málavextir eru þessir. Föstudaginn 4. júní s.l. um kl. 17 varð bifreiðarslys á Þingvallastræti hér í bæ móts við norðvesturhorn á húsi Sverris Ragnars, eða því sem næst, og var það 9 ára gamall drengur, Reynir Jónsson að nafni, til heimilis að Lögbergsgötu 3 hér í bæ, sem fyrir slysi varð. Slasaðist drengurinn verulega, svo sem nánar verður síðar að vikið, og féll í rot við slysið, en hresstist aftur og náði heilsu.

Samkvæmt framburði kærða og vitna má þetta teljast upplýst um atvik að slysinu, svo að öruggt má telja. Kærði var að aka bifreiðinni A 819, sem er vörubifreið, eign Þórðar Aðalsteinssonar byggingameistara hér í bæ, eftir götutroðningum, sem liggja eftir túni, sem er norðan við Þingvallastrætið, og var hann á leið upp Þingvallastræti nokkru vestan við framannefnt hús. Eftir að kærði var kominn inn á Þingvallastræti, stefndi hann til austurs (til bæjarins) og ók vinstra megin á götunni frá honum séð. Sagðist kærði hafa orðið að fara hægt á 2. gír eftir götuslóðanum og upp á veginn vegna þess, hversu ógreiðfært hafi verið þar. Um það leyti sem kærði kom inn í Þingvallastræti, sá hann vörubifreiðina A 888 koma

austan þá götu, og fór hann því þá strax með bifreið sína utan til á veginum vinstra megin, þó ekki mjög utarlega, og hélt þeirri stefnu, þar til hann hafði mætt nefndri bifreið nokkrum spöl austar. Nokkrum metrum, að því er næst verður komizt, á eftir bifreiðinni A 888 kom drengur sá, er að framan er nefndur, á reiðhjóli, og um það bil sem nefndar bifreiðar mættust, hjólaði hann út á hægri kant sinn á götunni, það er kantinn, sem A 819 var á, og hjólaði aftur með þeirri bifreið á vinstri hönd. Þegar drengurinn var kominn dálítið aftur með bifreiðinni, heyrði kærði einhvern smell, og stöðvaði hann þá bifreiðina. Þegar kærði kom út, sá hann nefndan dreng liggja á götunni við vinstra afturhjól bifreiðarinnar að aftanverðu. Tvöföld afturhjól eru á bifreiðinni, og virtist kærða önnur hönd drengsins vera föst inn á milli hjólanna og hélt, að verið gæti, að hún væri undir hjólinu, og skundaði hann því strax inn í bifreiðina aftur og hreyfði hana dálítið áfram. Um þetta leyti bar þarna að aðra bifreið, sem var skammt á eftir bifreið kærða, og var bifreiðarstjórinn í henni, Hermann Stefánsson, búinn að taka slasaða drenginn upp, þegar kærði kom aftur út úr bifreið sinni, og ók kærði með hann þegar í stað á sjúkrahús Akureyrar, og var hann lagður þar inn. Einn maður var í bifreiðinni með kærða, Sveinn Ólafsson að nafni, og aðstoðaði hann kærða við að flytja drenginn í sjúkrahús.

Það er enn fremur upplýst, að reiðhjólið, sem drengurinn var á, var karlmannsreiðhjól, en heldur minna en venjuleg reiðhjól, og að drengurinn var yfir slánni, en sat ekki í sætinu.

Eftir að kærði hafði lagt drenginn inn á sjúkrahús, fór hann og tilkynnti lögreglunni um slysið. Fór lögreglan síðan á slysstaðinn og athugaði hann og gerði riss af honum og umhverfi hans, sem lagt hefur verið fram í málinu. Einnig fór dómarinn ásamt kærða á slysstaðinn og athugaði hann. Samkvæmt rissinu, sem lagt hefur verið fram í málinu, er vegurinn á þessu svæði 5 m á breidd, en við hús Sverris Ragnars, sem sýnt er á rissinu, er malborin tröð, og nær hún nokkuð vestur fyrir húsið, og enginn glöggur kantur er þar á veginum. Að norðan er um 1 m hár kantur á veginum, að nokkru leyti grasi gróinn, og tekur þar við slétt tún, og er engin girðing meðfram veginum. Kanturinn er víðast þannig, að naumast er hægt að hjóla út af honum, en auðvelt væri yfirleitt að leiða reiðhjól þar út af. Vegarkanturinn að norðan er afsleppur á þessu svæði, og var mölin frekar laus á kantinum á um 1 fets breiðri ræmu, svo að ekki var varlegt að fara þar utarlega á reiðhjóli. Nokkur halli er á veginum á þessu svæði til austurs, en þó frekar lítill. Bjart veður var og þurrt um, þegar slysið varð.

Auk þess, sem upplýst er samkvæmt framansögðu, hefur kærði skýrt þannig frá nánari atvikum að slysinu. Þegar hann sá drenginn hjóla út á norðurkant vegarins og síðan aftur með bifreið kærða, virtist honum drengurinn hafa fulla stjórn á hjólinu og áleit, að drengurinn hefði haft nægilegt rúm á vegarkantinum, og hélt því fram, að bifreiðin hefði verið 1 meter frá vegarbrún. Kærði sat hægra megin í bifreiðinni, því að stýrið í henni er þeim megin, og sagðist hann hafa fylgzt með drengnum, þar

til hann var kominn á móts við pallhornið fremra, og hafi drengurinn þá enn hjólað örugglega og ekkert fát sézt á honum. Á næsta augnabliki heyrði kærði því næst einhvern smell, og hemlaði hann þá þegar, og telur, að bifreiðin hafi stöðvazt svo að segja um leið. Hann kveðst ekkert hafa skipt vélinni, eftir að hann kom inn í Þingvallastræti, svo að hann hafi enn verið í annarri gangskiptingu og að hraðinn hafi verið 10—12 km, miðað við klst., og hafi bifreiðin runnið undan brekkunni, en ekki þorði hann þó að fullyrða, að vélin hefði ekkert gas haft. Ekki kvaðst kærði neitt hafa breytt um stjórn á bifreiðinni við að sjá drenginn, enda hafi hann ekki séð ástæðu til þess, en hann hafi þá strax athugað, hvort nægilegt rúm væri fyrir drenginn á reiðhjólinu vinstra megin við bifreiðina, og hafi hann talið, að svo væri. En kærði hélt því einnig fram, að hann hefði mjög lítið getað vikið til hægri vegna bifreiðar þeirrar, sem hann var að mæta. Ekki kvaðst kærði heldur hafa séð ástæðu til að stöðva bifreið sína, eins og á stóð. Ekki hafði hann veitt því athygli, hvort laus möl hefði verið á götukantinum, en hélt því þó fram, að drengurinn hefði ekki hjólað í lausa möl, þegar hann fór fram hjá honum (kærða). Kærði kvaðst hafa verið vel fyrir kallaður á allan hátt og sagði, að bifreiðin hefði verið í lagi að öðru leyti en því, að handhemill hafi ekki verið virkur nema öðru megin, og kvaðst hann ekki hafa getað fengið efni til viðgerðar á því, fyrr en daginn, sem hann mætti fyrst í réttarhaldi í máli þessu. Kærði áleit, að bifreiðin hefði mjög lítið hreyfzt, eftir að hann hemlaði henni.

Í bifreiðinni með kærða var, eins og að er vikið að framan, maður að nafni Sveinn Ólafsson, 20 ára að aldri, og sat hann hægra megin við kærða í húsi bifreiðarinnar. Hefur maður þessi borið vitni í málinu, og hefur vitnisburði hans yfirleitt borið saman við vitnisburð kærða um atvik að slysinu, og hefur hann borið um flest hin sömu atriði og kærði hefur gert. Hann hefur lýst aðdraganda slyssins þannig. Hann lýsti komu þeirra inn á Þingvallastrætið og bifreiðinni, sem á móti kom, á svipaðan hátt og kærði. Þá sagði hann, að um það leyti, sem bifreiðarnar voru að mætast, hafi hann séð drenginn á reiðhjólinu 2—3 m austan við bifreiðina, sem hann var í, og var drengurinn þá utarlega á hægra kanti sínum. Þegar þetta var að gerast, áleit vitnið, að bifreið kærða hefði verið um 1 m frá vegarbrúninni vinstra megin á um 10 km hraða og í annarri gangskiptingu. Sá hann drenginn hjóla eftir kantinum aftur með bifreiðinni og hverfa sjónum þess aftur með bifreiðarhúsinu. Drengurinn fór þá hægt, enda var vegurinn dálítið upp í móti. Á næsta augnabliki heyrðu þeir, sem í bifreiðinni voru, eitthvað koma við bifreiðina, og stöðvaði kærði hana þá þegar og fór út úr henni til að athuga, hvað skeð hefði. Að vörmu spori kom kærði aftur í stýrishúsið og sagði vitninu frá slysinu. Fór vitnið þá strax út úr bifreiðinni, en kærði hreyfði hana lítið eitt áfram. Þegar vitnið kom aftur fyrir bifreiðina, hafði Hermann Stefánsson þegar tekið slasaða drenginn upp og kom með hann á móti vitninu, og ók kærði þá strax með hann á sjúkrahús.

Vitni þetta telur, að kærði hafi ekkert breytt um stefnu við að mæta

drengnum, og áleit hann, að kærði hefði ekki getað beygt neitt til hægri vegna bifreiðarinnar, sem hann hefði verið að mæta á sama tíma. Áleit vitnið, að drengurinn hefði átt að geta hjólað meðfram bifreiðinni, og enn fremur áleit vitnið, að auðvelt hefði verið fyrir drenginn að fara út af kantinum. Kveðst vitnið ekkert hafa séð athugavert við akstur kærða með tilliti til drengsins. Þá taldi vitnið víst, að drengurinn hefði séð bifreið kærða í tæka tíð. Vitnið skýrði enn fremur frá því, að kærði hefði sagt sér nokkru eftir slysið, að þegar hann hefði komið að drengnum, hefði hann legið aftan við vinstri afturhjólin og að önnur hönd drengsins hefði verið klemmd á milli hjólanna og þess vegna hafi hann hreyft bifreiðina. Ekki vissi vitnið annað en bifreið kærða væri í góðu lagi. Vitnið hefur bifreiðarstjóraréttindi hin minni.

Vitnið Magnús Jónsson, bifreiðarstjóri á bifreiðinni A 888, hefur borið eftirfarandi. Hann minnist þess að hafa ekið í bifreið sinni upp Þingvallastræti, að því er hann minnti á 18. tímanum þenna dag. Búslóð var á palli bifreiðarinnar, og ók hann því mjög hægt og með jöfnum hraða og hélt sig utan til á vinstra kanti götunnar. Þegar hann kom skammt vestur fyrir hús Sverris Ragnars, mætti hann bifreið Hermanns Stefánssonar, en ekki mundi hann eftir að hafa mætt bifreiðinni A 819 um þetta bil, en hefur sagt, að svo geti þó verið. Ekki kveðst bifreiðarstjóri þessi neitt hafa orðið drengsins á reiðhjólinu var og ekkert hafa um slysið vitað.

28. júní s.l. var tekin skýrsla af drengnum Reyni Jónssyni, Lögbergsgötu 9, sem fyrir slysinu varð. Drengurinn var 9 ára gamall, fæddur 2. des. 1938. Lýsti hann aðdraganda slyssins þannig. Hann var á Þingvallastræti á reiðhjóli, sem er dálítið minna en venjulegt reiðhjól, og hjólaði hann yfir slánni, en sat ekki í sætinu. Vörubifreið var ekið um þetta leyti upp Þingvallastræti, og hjólaði hann á eftir henni. Hægt var á bifreið þessari, og hjólaði hann þá út á nyrðri kant götunnar. Skömmu síðar sá hann vörubifreið koma á móti honum á sama kanti, og ætlaði hann þá að fara eftir kantinum vinstra megin við hana. Þegar hann var kominn aftur með bifreiðinni, skrensaði reiðhjólið í lausri möl á vegarkantinum, og hafi hann þá rekizt í fremra hornið á palli bifreiðarinnar. Eftir þetta mundi drengurinn ekkert eftir sér á slysstaðnum. Drengurinn kvaðst halda, að bifreiðin hafi verið frekar utarlega á veginum, en ekki mundi hann til þess, að hann hefði orðið hræddur vegna þess, að honum hefði fundizt hann hafa of lítið svigrúm fyrir reiðhjólið. Að gefnu tilefni sagði drengurinn, að hann myndi ekki til þess, að ferðin væri að fara af hjólinu hjá sér, svo að hann kæmist ekki aftur með bifreiðinni. Ekki vissi drengurinn um, hvort bifreiðarnar hafi verið að mætast, þegar slysið varð.

Loks hafa 5 menn, sem voru á bifreiðinni A 254, mætt sem vitni í málinu. Bifreiðarstjórinn Hermann Stefánsson, sem að framan er getið, hefur borið, sem hér segir. Hann ók sinni bifreið um 50 m á að gizka á eftir bifreið kærða, þegar slysið bar að. Þegar vitnið veitti síðastnefndri bifreið athygli, var hún að mæta A 888. Enn fremur sá vitnið dreng koma á reiðhjóli á nyrðri kanti götunnar aftur með bifreið kærða, og staðhæfði vitnið, að þá hefðu síðastgreindar bifreiðar verið komnar hvor

fram hjá annarri. Kvaðst hann brátt hafa séð, að drengurinn kæmist ekki fram hjá bifreið kærða, því að hann hafi verið orðinn svo ferðlítill, að hann hafi ekki getað haldið beinni stefnu, og sagði, að augljóst hefði verið, að drengurinn hlyti að falla til annarrar hvorrar handarinnar. Á næsta augnabliki féll drengurinn á hjólinu að bifreiðinni, og virtist vitninu, að afturhjól bifreiðarinnar færi alveg yfir drenginn, en vitninu varð svo mikið um, að það leit undan, og kvaðst ekki geta fullyrt, að hjólið hefði farið yfir drenginn. Á næsta augnabliki sá vitnið, að bifreið kærða var hemlað mjög skyndilega og að kærði kom út og gekk að drengnum og tók í hann, en hann virtist ekki ná honum, því að önnur hönd hans hafi verið föst undir hjólinu. Þegar vitnið kom að drengnum, var búið að hreyfa bifreiðina dálítið og var drengurinn þá laus. Sagði vitnið, að drengurinn hefði þá legið á hliðinni, skáhallt á veginum, og að nokkur hluti líkamans hefði legið aftur undan vinstra hjólinu, en efri hluti líkamans hafi legið innar á veginum. Hann tók þó fram, að hann hefði ekki veitt þessu glögga eftirtekt, því að honum hefði orðið mjög mikið um að vera sjónarvottur að slysinu. Vitnið tók drenginn upp og lét hann inn í bifreiðina til kærða.

Sama vitni hefur haldið því fram, að drengurinn hafi haft um 60—70 sm breiða ræmu á vegarkantinum og að hann hafi verið alveg utan við hjólfarið og að laus möl hafi verið þar, sem hann hjólaði. Ekki sá hann, að hjólið skrensaði til. Vitnið áleit, að kærði hefði getað vikið bifreið sinni betur inn á veginn, þar sem hin bifreiðin hefði verið komin fram hjá.

Hraðann á bifreið kærða áleit hann hafa verið 10—12 km miðað við klst.

Vitnið Sigfús Jónsson, 71 árs að aldri, sem sat við hlið bifreiðarstjórans í A 254, hefur borið, að hann hafi ekki betur getað séð en að vinstra afturhjólið færi að einhverju leyti yfir drenginn og síðan hafi hún runnið dálítinn spöl. Vitnið tók það fram, að það sjái ekki vel og að töluverður spölur hafi verið milli bifreiðanna. Ekki sá vitnið neitt til ferða drengsins fyrir slysið, og ekki veitti hann því athygli, hvar drengurinn lá, miðað við bifreiðina.

Við framangreinda vitnaframburði, og þá einkum vitnisburð Hermanns Stefánssonar, hafði kærði þetta að athuga, eins og að nokkru leyti er fram komið að framan. Hann áleit, að drengurinn hefði hjólað óruggglega og að hann hefði verið á töluverðri ferð. Ekki varð hann þess var, að bifreiðin færi yfir drenginn, en neitaði þó ekki, að svo kynni að hafa verið. Hann tók aðeins lauslega á drengnum fyrst eftir slysið og hefur neitað því, að drengurinn hafi getað verið svo innarlega á veginum, eins og Hermann Stefánsson hefur haldið fram. Þá hefur hann stöðugt staðhæft, að hann hafi álitið kantinn, sem drengurinn hafði fyrir hjólið, hafa verið 1 m eða jafnvel meira, þótt hann ekki hefði viljað staðhæfa það. Loks hefur hann staðhæft, að drengurinn hafi ekki rekizt á pallhornið að framan og að A 888 hafi ekki verið sloppin fram hjá, þegar drengurinn hjólaði aftur með bifreið hans.

Bifreiðaeftirlitsmaður skoðaði bifreið kærða eftir slysið, og fann hann

þetta við hana að athuga: Handhemillinn verkaði ekki, og ljósabúnaður var ekki í lagi. Annað fannst ekki athugavert við bifreiðina. Bifreiðin hafði áður verið skoðuð 28. maí s. l., og voru þá settar athugasemdir á skoðunarkort hennar um framangreind atriði.

Kærði öðlaðist réttindi til að aka bifreið til mannflutninga 3. des. 1947. Hann var allsgáður og vel fyrir kallaður, eftir því sem upplýst er.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið lýst málavöxtum, þá kemur aðeins til greina, hvort kærði hafi með akstri sínum brotið ákvæði bifreiðalaga 26. og 27. gr. og 2. og 4. gr. umferðarlaga, að því er gætni við aksturinn varðar. Upplýst er, að kærði ók mjög hægt og hélt sig á sínum kanti vegarins, og einnig verður að telja upplýst, að drengurinn hafi haft fulla stjórn á reiðhjólinu, þegar hann byrjaði að hjóla aftur með bifreið kærða. Því hefur að vísu verið haldið fram af einu vitni, að drengurinn hafi ekki haft örugga stjórn á hjólinu, þegar hann kom aftur með bifreiðinni, og að hann hafi haft of lítið svigrúm á vegarkantinum til að hjóla, en ekki verður það talið sannað gegn neitun kærða, að svo hafi verið. Það virðist að vísu svo, að hjólið hafi skrensað í lausri möl og að það hafi orðið aðalorsök slyssins, en ekki verður talið sannað gegn neitun kærða, að drengurinn hafi hjólað í slíkri möl, meðan kærði gat fylgzt með honum. Ekki verður heldur talið sannað gegn neitun kærða, að hann hafi getað verið búinn að koma bifreið sinni betur inn á veginn í tæka tíð en raun var á. Samkvæmt þessu verður að telja, að kærði hafi ekki með akstri sínum í þetta sinn brotið nefnd ákvæði bifreiða- og umferðarlaga. Hann hefur hins vegar brotið ákvæði 5. gr. bifreiðalaganna, sbr. 38. gr., 4. gr. umferðarlaganna, sbr. 14. gr., og reglug. nr. 72 1937, 2. gr., með því að hafa handhemla ekki í lagi.

III.

Mál þetta er jafnframt höfðað vegna annars tilefnis en að framan er frá greint, og eru málavextir þess þannig. Aðfaranótt fimmtudagsins 24. júní s.l. um kl. 03.10 kom á lögregluvarðstofuna hér maður að nafni Stefán Bryngeir Einarsson, til heimilis að Drápuhlíð 22 í Reykjavík, og stúlka að nafni Ágústa Engilbertsdóttir, Reykjanesbraut 1, Reykjavík, og skýrðu lögreglunni frá því, að kærði í máli þessu hefði velt bifreiðinni R 3293 skammt frá Galtalæk, sem er skammt sunnan við bæinn. Í bifreiðinni höfðu verið, auk kærða, tveir piltar frá Ísafirði, sem hér voru á ferð, annar að nafni Garðar Hinriksson, 17 ára, en hinn hét Haukur Sigurðsson, einnig 17 ára. Þau skýrðu einnig frá því, að kærði hefði verið undir áhrifum áfengis og að hann hefði hlotið stóran skurð á fæti við bifreiðarslysið og verið fluttur í sjúkrahús, en að hitt fólkið, sem í bifreiðinni var, hefði ekki sakað. Þá skýrði Stefán Bryngeir einnig frá því, að kærði hefði farið í heimildarleysi inn í bifreið hans niðri í bæ og ekið henni af stað og ekki stöðvað, fyrr en slysið varð.

Kærði hefur sjálfur skýrt þannig frá atvikum þessa máls í höfuðdráttum. Hann var umrætt kvöld ásamt tveimur kunningjum á dansleik á Hótel Norðurlandi og höfðu þeir með sér eina flösku af brennivíni og neyttu

innihaldsins í sameiningu ásamt 3 öðrum mönnum. Dansleiknum lauk um kl. 1 um nóttina, og gekk kærði eftir það ásamt fyrrgreindum kunningjum sínum inn í Hafnarstræti. Kom þá nefndur Stefán Bryngeir þar að í bifreið sinni R 3293 og bað kærða að lána sér eldspýtur. Ekki kvaðst kærði hafa haft neinar eldspýtur á sér, en átti þær heima í bifreið sinni, og bauðst hann til að fara með Stefáni þangað og fór inn í bifreiðina til hans án þess að kveðja piltana, sem með honum voru. Þegar heim til kærða kom, tók hann eldspýtur úr bifreið sinni og afhenti Stefáni. Sagði Stefán þá við kærða, að hann skyldi fara að sofa, og ók af stað. Kvaðst kærði hafa ætlað að hitta framannefnda kunningja sína aftur, og hafi honum því runnið í skap, þegar Stefán ók burtu, og hafi hann þá í athugunarleysi ekið af stað, enda var hann staddur í bifreið sinni, þegar Stefán ók af stað. Kvaðst kærði síðan hafa ekið á eftir Stefáni, en í Strandgötu hjá verzluninni Esju hefði Stefán numið staðar og hefði hann einnig stöðvað sína bifreið þar. Stefán Bryngeir kom nú út úr sinni bifreið og sagði við kærða, að nú skyldu þeir skipta á bifreiðum, og féllst kærði strax á það, og fór Stefán þá þegar upp í bifreið kærða A 819 og ók niður Strandgötu. Í bifreiðinni R 3293, sagði kærði, að hefðu verið 2 stúlkur og 2 piltar. Urðu nokkur orðaskipti út af því, hvort kærði ætti að aka þeirri bifreið, og lét fólkið, sem í henni var, í ljós andúð gegn því, og sagði kærði, að önnur stúlkan hafi farið að stýrinu og reynt að setja vélina í gang, en ekki tekizt það. Segist kærði þá hafa farið upp í bifreiðina og ekið á eftir Stefáni. Var fyrst ekið niður alla Oddeyri, en síðan suður bæinn og suður fyrir hann. Hjá Gróðrarstöðinni, segir kærði, að Stefán hafi stöðvað, og hafi hann sjálfur þá einnig stöðvað. Fór kærði þá út úr bifreiðinni og að bifreiðinni A 819, en þá var bifreiðinni R 3293 ekið af stað, og telur kærði, að það hafi verið stúlka sú, sem fram í sat. Fór kærði þá upp í sína bifreið og ók á eftir hinni bifreiðinni, og sat Stefán Bryngeir þá við hlið hans. Þegar komið var á móts við Litla-Garð, sem er skammt sunnan við Gróðrarstöðina, var R 3293 stöðvuð, og var þá svo um talað, að kærði færi í R 3293 og æki henni, en að stúlkan, sem ekið hafði þeirri bifreið, færi í A 819, og átti að nema staðar við veginn, sem liggur að Eyjafjarðarbrúnum.

Þegar kærði var kominn af stað í þetta sinn, fannst honum bifreiðin láta illa að stjórn, einkum þannig, að erfitt var að stjórna henni til hægri. Ætlaði hann þá að aka henni til beggja hliða, sitt á hvað, til að reyna hana, og lenti hann þá fyrst út í lausamöl á vinstri kanti og varð þá að taka mjög fast á til að ná bifreiðinni til hægri og gefa henni jafnframt benzín, og kvaðst hann þá hafa misst stjórn á henni. Hann hefur þó sagt, að honum finnist hann hafa hemlað. En þó lauk þessu með því, að bifreiðin valt á veginum og lá á vestari (hægri) kanti götunnar eftir veltuna, og sagði hann, að bifreiðin hafi oltið á hægri hlið og legið á henni eftir veltuna. Fólkið, sem í bifreiðinni var, fór allt upp um glugga á annarri hlið bifreiðarinnar, en rúðan úr honum hafði brotnað við veltuna og að mestu molnað úr faginu, en kærði gætti þess ekki, að brot var eftir í einu horninu, og rak hann annan fótinn þar í og skarst inn í bein um

öklaliðinn. Kom Stefán Bryngeir að í þessu og ók kærða í bifreið hans að sjúkrahúsinu. Var kærði rúmfastur að minnsta kosti nokkrar vikur vegna sára sinna.

Stefán Bryngeir, sem er 18 ára að aldri, hefur skýrt þannig frá málsatvikum. Skömmu eftir dansleikinn nefnda nótt hitti hann kærða inni í Hafnarstræti ásamt félögum sínum. Var Stefán þá í bifreið sinni og var með honum í bifreiðinni stúlka sú og tveir piltar, er að framan greinir, og auk þess stúlka að nafni Sigríður Sigurðardóttir. Kveðst hann hafa stöðvað bifreiðina þarna sökum þess, að aðra stúlkuna, sem í bifreið hans var, vantaði eldspýtu, og fullyrðir hann, að stúlkan hafi fengið hana hjá einum af félögum hans. Sagði hann, að kærði hefði nú troðizt inn í bifreiðina og beiðzt þess, að honum yrði ekið heim, og gerði Stefán það. Er heim til kærða kom, hafði hann orð á því, að hann ætlaði að aka í bifreið sinni, sem þar var, en Stefán kvaðst hafa beðið hann um að gera það ekki, enda vissi hann þá, að kærði var undir áhrifum áfengis. Stefán hefur þverneitað því, að farið hafi verið heim til kærða til að ná í eldspýtur. Nokkru síðar varð Stefán þess áskynja, að kærði kom akandi á eftir honum í Strandgötu, og voru báðar bifreiðarnar þá stöðvaðar, og fór Stefán og önnur stúlkan, sem með honum var, út úr bifreiðinni og töluðu við kærða. Fór kærði þess þá á leit, að þeir hefðu skipti á bifreiðum, en Stefán sagði, að það kæmi ekki til mála, sökum þess hve drukkinn hann væri. Skipti þá engum togum, að kærði hljóp upp í bifreið Stefáns og ók af stað. Kvaðst Stefán þá hafa farið í bifreið kærða og ekið á eftir honum. Sagði hann, að kærði hefði ekið á um 40 km hraða á klst. suður bæinn, en á móts við Gróðrarstöðina hafi hann hægt á ferðinni, og kvaðst Stefán þá hafa farið fram úr honum. Þegar á móts við Eyjafjarðarbrýr kom, sneri Stefán við, og kom hann þá að bifreið sinni, þar sem hún lá á veginum að nokkru leyti á vinstri hlið og að nokkru leyti á þakinu. Ekki sá hann neitt, hvernig veltan hafði viljað til. Stefán gerði ekki neina refsikröfu í máli þessu.

Vitnið Ágústa Engilbertsdóttir, 18 ára að aldri, Reykjanesbraut 1, Reykjavík, hefur borið, sem hér segir. Hún hefur ekki borið um það atriði, hvort kærði hafi tekið bifreiðina í heimildarleysi, en hefur þó ekkert haft við frásögn Stefáns um það að athuga. Hún hefur sagt, að kærði hafi ekki ekið mjög hratt inn bæinn, en þegar inn fyrir hann kom, hafi hann ekið á 60—70 km hraða. Þá skýrði vitnið frá því, að skömmu áður en bifreiðin hafi oltið, hafi kærði ekið henni nokkrum sinnum ýmist til hægri eða vinstri, og hafi það verið með svo miklum hraða og svo þverbeygt, að farþegarnir hafi henzt til hliðanna. Kærði hafi að lokum alveg misst stjórn á bifreiðinni, því að þessu hafi lokið með því, að bifreiðin hafi oltið, og hafi hún legið á vinstri hlið eftir veltuna. Vitni þetta skýrði og frá því, að þau, sem í bifreiðinni voru, hafi verið búin að biðja kærða að stöðva bifreiðina, en hann hafi ekki sinnt því og sagt, að allt væri í lagi. Vitni þetta sagði einnig, að kærði hefði misst stjórn á bifreiðinni vegna þess, að hann hefði sleppt annarri hendinni af stýrinu. Vitnið kvaðst aðeins hafa fengið smáskrámur við veltuna. Hún sagði, að fólkið í bifreið-

inni hefði strax komizt út um glugga á henni. Vitnin Garðar Hinriksson, 17 ára að aldri, og Haukur Sigurðsson, 17 ára, báðir frá Ísafirði, hafa báðir tjáð sig samþykka vitnisburði Ágústu Engilbertsdóttur, að því undanskildu, að sá síðarnefndi sagði, að bifreiðin hefði oltið yfir toppinn, og að hún hefði legið á hægri hlið eftir veltuna, og sá fyrrnefndi tók fram, að kærði hefði sleppt annarri hendi af stýrinu til að ná vindlingi í vasa sínum samkvæmt beiðni stúlkunnar, og hafi hann þá misst stjórn á bifreiðinni. Ekki báru vitni þessi um, með hverjum hætti kærði hefði fengið umráð bifreiðarinnar R 3293, en höfðu þó ekkert við frásögn Stefáns Bryngeirs þar um að athuga. Loks hefur vitnið Sigríður Sigurðardóttir borið, að hún hafi ekið með Stefáni, eftir að kærði hafi hlaupið upp í bifreið hans og ekið henni brott. Hún hefur tjáð sig samþykka framburði Stefáns að öllu leyti.

Svo sem að framan er lýst, viðurkenndi kærði að hafa neytt áfengis þetta kvöld og að hann hefði verið undir áhrifum áfengis, þegar hann var að aka bifreiðum þeim, er að framan er frá sagt, og hefur sagt, að hann hafi verið vel kenndur. Hann hefur þó haldið því fram, að hann hafi ekki fundið, að hann væri nokkuð óöruggari við aksturinn af þeim sökum, að hann var kenndur. Hann kveðst ekki geta um sagt, hvort það hafi verið af því, að hann var undir áhrifum áfengis, að bifreiðin valt. Enn fremur hafa öll vitnin, sem mætt hafa í málinu og að framan eru nefnd, borið, að kærði hafi verið ölvaður um það leyti, sem hann var að aka bifreiðunum, en ekkert þeirra hefur talað um, að hann hafi verið mikið drukkinn. Blóðrannsókn hefur ekki verið gerð vegna máls þessa, og hefur því ekki fengizt örugglega úr skorið, hversu mikil brögð hafi verið að ölvun kærða, þegar hann var að aka bifreiðunum, og verður því ekki talið sannað, að hann hafi verið mjög mikið drukkinn. Ekki er upplýst, að neitt af hinu fólkinu, sem í máli þessu greinir, hafi verið ölvað þessa nótt.

Samkvæmt frásögn Stefáns Bryngeirs urðu þessar skemmdir á bifreið hans R 3293 við veltuna: Þak dálítið beyglað, aurbretti rispað, grind eitthvað skekkt og handföng og rúður beggja megin brotnað.

Svo sem að framan er rakið, ber kærða og vitnunum ekki saman um ýmis atriði varðandi það, þegar kærði tók bifreiðina, og ýmislegt um aksturinn suður bæinn, en þar sem ekki hefur verið gerð refsikrafa fyrir töku bifreiðarinnar í heimildarleysi og ekki stefnt út af því, þykir ekki nauðsynlegt, að úr því efni sé skorið, samanber ákvæði 259. gr. almennra hegningarlaga.

Sannað er í málinu, að kærði hafi ekið bifreið sumpart með farþega fyrst um bæinn og síðan úr miðbænum og suður á móts við Lækjarbakka, sem er skammt sunnan við bæinn. Hefur hann með því atferli gerzt sekur um brot á ákvæðum 23. gr., 1. mgr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 1941, 4. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24 1941, 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33 1935 og lögreglusamþykkt Akureyrar frá 11. jan. 1934, 47. gr., 4. mgr., sbr. 97. gr. Ekki verður talið sannað nákvæmlega, með hvaða hraða kærði ók í þetta sinn, en þegar á það er litið, að kærði veltir bifreið á

venjulegum vegi án þess að aka út af kantinum, og þegar jafnframt er höfð hliðsjón af framburði vitna um þetta atriði, þykir það leitt í ljós, að kærði hafi í þetta sinn ekið gálauslega og of hratt, miðað við aðstæður. Hefur hann með því brotið ákvæði 26. gr., 1. mgr., og 27. gr., 1. mgr., bifreiðal., sbr. 38. gr., umferðarlög 4. gr., 3. mgr., sbr. 14. gr., og 48. gr. lögreglusamþykktar Akureyrarkaupstaðar, sbr. 97. gr. Loks verður að telja nægilega sannað, að stýrisbúnaður bifreiðarinnar R 3293 hafi ekki verið lögum samkvæmur, og er það brot á 5. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga, 3. gr., 2. mgr., og 4. gr., 3. mgr., umferðarlaga, sbr. 14. gr., og 44. gr. lögreglusamþykktar fyrir Akureyrarkaupstað, sbr. 97. gr., og reglug. nr. 72 1937, 2. gr., 2. tl.

IV.

Samkvæmt því, sem að framan er lýst, og þeim niðurstöðum, sem þar eru fengnar, hefur kærði brotið þar tilgreind lagaákvæði. Þykir refsing kærða samkvæmt 38. gr. bifreiðalaganna, 14. gr. umferðarlaganna, 39. gr. áfengislaganna, 97. gr. lögreglusamþykktar Akureyrarkaupstaðar og 9. gr. reglug. nr. 72 frá 1937, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga, hæfilega ákveðin 10 daga varðhald og 500 kr. sekt í ríkissjóð, og komi 5 daga varðhald fyrir, verði sektin eigi greidd innan 15 daga frá birtingu dóms þessa. Enn fremur er kærði sviptur rétti í 6 mánuði til að aka bifreið frá birtingu dóms þessa að telja samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna. Kærði greiði allan kostnað, er leitt hefur og leiða kann af máli þessu, þar á meðal 300 kr. til skipaðs talsmanns síns, Friðriks Magnússonar hdl.

Skaðabótakrafa hefur engin verið gerð í máli þessu.

Mál þetta hefur verið rekið vítalaust.

Dóminn kvað upp Sigurður M. Helgason, fulltrúi á Akureyri.

Dómsorð:

Kærði, Sigurbjörn Guðmundur Sigurbjörnsson, sæti 10 daga varðhaldi. Hann greiði 500 kr. sekt í ríkissjóð, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærði er sviptur réttindum til að aka bifreið í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 300 krónur til skipaðs talsmanns síns, hdl. Friðriks Magnússonar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 16. janúar 1950.

Nr. 1/1948. **Dánarbú Bergsteins Kolbeinssonar**
(Theódór B. Líndal)
gegn
Margréti Eiríksdóttur (Sveinbjörn Jónsson).

Landamerkjamál.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir að mál þetta var dæmt í héraði, hafa báðir aðiljar þess látizt. Í stað Bergsteins Kolbeinssonar kemur dánarbú hans, en í stað Einars Árnasonar hefur tekið við málinu ekkja hans, Margrét Eiríksdóttir, sem situr í óskiptu búi.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. jan. 1948. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt landamerkjabréfum beggja jarðanna Litla-Eyrarlands og Leifsstaða, sem bæði eru þinglesin 19. maí 1890, ræður Fríðukíll merkjum út fyrir hina fornu Ósgötu, en þaðan liggur merkjalína beint upp í grjótvörðu á miðri Merkisklöpp. Þar sem Ósgatan er nefnd ein sem kennileiti við Fríðukíl eða Eyrarlandsós, þykir verða við hana að miða, enda eru ekki komin fram af hálfu áfrýjanda gögn, er hnekki því. Samkvæmt því ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, en rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Eyjafjarðarsýslu 10. október 1947.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 8. þ. m. og þingfest 20. nóv. f. á., er höfðað samkvæmt landamerkjalögunum nr. 41/1919 um ágreining milli aðilja málsins, þeirra Einars Árnasonar, bónda á Eyrarlandi, og Berg-

steins Kolbeinssonar, bónda á Leifsstöðum, beggja í Öngulsstaðahreppi, um landamerki milli jarðanna Eyrarlands (Litla-Eyrarlands) og Leifsstaða.

Ágreiningur þessi er um línu þá, sem ráða skal merkjum jarðanna frá Merkisklöpp í Eyrarlandsós eða Fríðukíl. Eigandi Eyrarlands gerir þá kröfu, að merki á þessu svæði verði viðurkennd bein lína frá svokallaðri Ósgötu eða Þingmannavegi, þar sem hann liggur út í Eyrarlandsós á austurbakka óssins, upp í grjótvörðu á miðri Merkisklöpp, en eigandi Leifsstaða krefst þess, að merkin verði viðurkennd bein lína gegnum miðja Merkisklöpp og vörðustæði á mel utan við Leifsstaðastekk, unz sú lína sker Eyrarlandsós. Línur þessar eru merktar á uppdrátt af þrætusvæðinu, dskj. nr. 3.

Hvor aðili um sig krefst málskostnaðar úr hendi hins.

Landamerkjalýsing framangreindra jarða er þinglesin 1890 og er nokkurn veginn samhljóða um mörk þau, er hér skipta máli. Í landamerkjalýsingu Litla-Eyrarlands segir svo:

„Að sunnan ræður varða á bakkanum niður við Eyjafjarðará, austur af vörðu þessari er hlaðinn garður, sem liggur beint austur að svokölluðum Fríðukíl og fylgja merkin þeim garði að kílnum og þaðan út kílinn og út fyrir hina gömlu Ósgötu, þaðan beint upp í grjótvörðu á Merkisklöpp".

Í merkjalýsingu Leifsstaða segir:

„Að vestan ræður Fríðukíll út fyrir hina fornu Ósgötu, eða Þingmannaveg, þaðan beint upp í vörðu þá, sem stendur á miðri Merkisklöpp".

Aðilja greinir á um, hvað átt sé við með orðunum „út fyrir hina gömlu (fornu) Ósgötu", þ. e. hvar hornmark það sé, sem ráða á merkjum og línu á að draga úr að Merkisklöpp. Enginn ágreiningur er um örnefnin Ósgötu og Merkisklöpp.

Eigandi Eyrarlands rökstyður merkjakröfu sína með því, að í merkjalýsingu beggja jarðanna sé talið, að Fríðukíll ráði merkjum milli þeirra, en hann nái aðeins að Ósgötu og taki þar við Eyrarlandsós. Hornmarkið hljóti því að vera í norðurbakka Ósgötunnar, væri það norðar, hlytu merkjaskrárnar að hafa getið Eyrarlandsóss, sem þar tekur við. Þar sem svo er ekki, geti merkin ekki verið meðfram Eyrarlandsós.

Vitni þau, sem leidd hafa verið í málinu, þrjú að tölu, telja öll, að Fríðukíll nái aðeins að Ósgötu, en þar fyrir utan heiti Eyrarlandsós. Tvö vitni, annað Geir Jóhannsson, bóndi á Veigastöðum, og Helgi Eiríksson, bóndi á Þórustöðum, telja, að merki hafi jafnan verið talin um Ósgötu.

Eigandi Leifsstaða rökstyður kröfu sína með því, að eðlilegt sé, að lína sú, sem um er deilt, sé beint og óbrotið framhald merkjalínunnar austur frá Merkisklöpp. Orðalag merkjalýsingarinnar: „Út fyrir hina fornu Ósgötu", bendi og á það, að hornmarkið sé í nokkurri fjarlægð frá Ósgötunni og geti því ekki verið í nyrðri bakka hennar, heldur norðar. Eitt vitni, Helgi Helgason, bóndi á Króksstöðum, telur, að merkin séu úr Merkisklöpp bein lína dregin um stein, sem merktur er á uppdrættinum, dskj. nr. 3, og niður í Eyrarlandsós. Er þetta í samræmi við merkjakröfu eiganda Leifsstaða. Vitni þetta kveðst muna, að Leifsstaðabóndi hafi

heyjað á þrætusvæðinu eftir aldamótin, en upplýsingar um merkin kveðst hann hafa frá föður sínum, sem bjó á Eyrarlandi og undirritaði merkjalýsinguna frá 1890.

Landamerkjalýsing beggja jarðanna segir, að merkjum ráði Fríðukíll út fyrir hina fornu (gömlu) Ósgötu. Þar sem hornmarkið er ekki nánar tilgreint, telur dómurinn, að það hljóti að vera við Ósgötu, þ. e. í norðurbakka hennar, ella hefði merkjaskráin orðið að tilgreina, hvar fyrir utan Ósgötu þetta hornmark væri. Þessa skoðun dómsins styður það og, að ef hornmarkið væri utar (norðar), væri það ekki við Fríðukíl, heldur við Eyrarlandsós, en hans er ekki getið í merkjaskránni. Vætti þeirra Geirs Jóhannssonar og Helga Eiríkssonar styður og þetta. Hins vegar er steinn sá, sem vitnið Helgi Helgason talar um sem merkjastein, ekki nefndur í landamerkjalýsingunni.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða málsins sú, að fallast ber á merkjakröfu eiganda Eyrarlands og ákveða merkin á þrætusvæðinu beina línu úr norðurbakka Ósgötu, þar sem hún liggur út í Eyrarlandsós (á mörkum Eyrarlandsóss og Fríðukíls) á austurbakka hans, upp í miðja Merkisklöpp.

Rétt þykir, að eigandi Leifsstaða, Bergsteinn Kolbeinsson, greiði eiganda Eyrarlands, Einari Árnasyni, kr. 300.00 upp í málskostnað og auk þess þóknun merkjadómendanna Elíasar Tómassonar og Jakobs Karlssonar, kr. 300.00 til hvors, en málskostnaður falli niður að öðru leyti.

Dóm þenna kvað upp meiri hluti merkjadómsins, þeir Jakob Karlsson og Elías Tómasson.

Dómsorð:

Merki á framangreindu svæði milli Eyrarlands og Leifsstaða eru bein lína úr norðurbakka Ósgötu, þar sem hún liggur út í Eyrarlandsós á austurbakka hans, og á miðja Merkisklöpp.

Eigandi Leifsstaða, Bergsteinn Kolbeinsson, greiði eiganda Eyrarlands, Einari Árnasyni, kr. 300.00 upp í málskostnað og þóknun meðdómendanna Jakobs Karlssonar og Elíasar Tómassonar, kr. 300.00 til hvors, en málskostnaður fellur niður að öðru leyti.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Friðjóns Skarphéðinssonar bæjarfógeta:

Orðalagið „Út fyrir hina fornu Ósgötu" í merkjaskránni bendir til þess, að hornmarkið sé fjær Ósgötunni heldur en í bakka hennar. Annað atriði í merkjaskránni bendir á, að það sé á stað þeim, sem eigandi Leifsstaða krefst, að viðurkenndur verði sem hornmark. Þar segir:

Þaðan (þ. e. úr hornmarkinu fyrir utan hina fornu Ósgötu) beint upp í vörðu þá, sem stendur á miðri Merkisklöpp, og frá henni í aðra vörðu á melnum, næst fyrir utan Leifsstaðastekk, og síðan beint upp í Þingmannalæk.

Viðurkennt er, að línan úr vörðunni fyrir utan Leifsstaðastekk upp í

Þingmannalæk er beint og óbrotið framhald af línunni frá Merkisklöpp að þeirri vörðu. Orðin „beint upp í Þingmannalæk" tákna þarna beina sjónhendingu frá Merkisklöpp um vörðuna fyrir utan Leifsstaðastekk að Þingmannalæk. Líklegt er því, að orðatiltækið „beint upp í Merkisklöpp" (frá hornmarkinu utan við Ósgötu) tákni beina sjónhendingu frá hornmarkinu að vestan og austur um Merkisklöpp og vörðuna við Leifsstaðastekk.

Af þessu þykir mega ráða, að hið umdeilda hornmark sé við Eyrarlandsós á stað þeim, sem Leifsstaðabóndi heldur fram. Ekki þykir nægilegt til að hnekkja því, þótt Eyrarlandsós sé ekki nefndur í merkjaskránni, þar sem hann er í óslitnu framhaldi af Fríðukil.

Samkvæmt þessu eru merkin á þrætusvæðinu óbrotin lína dregin í gegnum vörðuna utan við Leifsstaðastekk og um Merkisklöpp niður í Eyrarlandsós.

Eftir þessari niðurstöðu þykir mega leggja eiganda Eyrarlands á herðar að greiða þóknun meðdómendanna, þeirra Jakobs Karlssonar og Elíasar Tómassonar, kr. 300.00 til hvors, en málskostnaður að öðru leyti falli niður.

Miðvikudaginn 18. janúar 1950.

Nr. 136/1949. **Ákæruvaldið** (Hermann Jónsson)
gegn
Sigurði Sæmundssyni (Gústaf A. Sveinsson).

Manndráp af gáleysi. Brot á bifreiðalögum.

Dómur Hæstaréttar.

Með atferli því, sem lýst er í héraðsdómi, hefur ákærði gerzt sekur við þau lagaákvæði, sem þar greinir. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald 75 daga. Svo þykir og rétt, að ákærði sé ævilangt sviptur leyfi til að aka bifreið.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, 400 krónur til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Sæmundsson, sæti varðhaldi 75 daga.

Hann skal ævilangt sviptur leyfi til að aka bifreið.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað í héraði á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Hermanns Jónssonar og Gústafs A. Sveinssonar, 400 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Árnessýslu 16. ágúst 1949.

Ár 1949, þriðjudaginn 16. ágúst, var í aukarétti Árnessýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins að Selfossi af hinum reglulega dómara, Páli Hallgrímssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 10/1949: Réttvísin og valdstjórnin gegn Sigurði Sæmundssyni, en málið var dómtekið sama dag.

Ákærður er Sigurður Sæmundsson, til heimilis að Reykjum í Ölfushreppi, fæddur 17. marz 1917 að Stóru Mörk undir Eyjafjöllum. Þann 7. júní 1943 sætti hann 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir í Vestmannaeyjum, en hefur ekki sætt öðrum refsingum, svo að kunnugt sé.

Málið er höfðað gegn ákærða fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febr. 1940 og bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941.

Ákærði hefur í rúmt ár verið starfsmaður Garðyrkjuskólans á Reykjum og hefur þar m. a. alltaf öðru hvoru ekið bifreið skólans, X 129. Laugardaginn 9. apríl s. l. um kl. 10 að morgni ók ákærði bifreiðinni X 129 að brauðbúð Georgs Michelsens í Hveragerði. Hann skildi bifreiðina eftir á hlaðinu fyrir framan búðina, fór þar inn, keypti brauð og fór síðan upp í bifreiðina aftur, setti hana strax í gang og ók henni aftur á bak með þeim afleiðingum, að undir henni varð barnið Hafsteinn Sigursteinsson, tveggja ára gamall, og beið bana af.

Vitnið Sæmundur Guðmundsson var um þetta leyti að vinna við steypuvél, sem stóð skammt frá brauðbúðinni. Veitti það þá drengnum athygli, en hann var þá við girðingu nokkru neðan við bifreiðina. Taldi vitnið, að drengurinn væri á leið til annarra barna, sem voru að leik í sandhrúgu skammt frá steypuvélinni, og mundi þá leið hans liggja rétt aftan við bifreiðina. Vitnið kveður ákærða hafa gengið rakleitt inn í bifreiðina, er hann kom út úr brauðbúðinni, sett hana í gang og byrjað að aka henni aftur á bak. Vitnið kallaði þá til ákærða, og er hann virtist ekki heyra það, veifaði það til hans og hljóp af stað. Ákærði stöðvaði þá

bifreiðina snögglega, en hafði þá ekið yfir barnið. Vitnið gizkar á, að ákærði hafi ekið 1—2 metra aftur á bak, en síðan áfram, því að þegar vitnið kom að, lá drengurinn fyrir aftan vinstra hjól bifreiðarinnar. Hann lá á grúfu, og sneri höfuðið frá bifreiðinni.

Vitnið Bjarni Tómasson stóð hjá Sæmundi, en veitti atvikum ekki athygli, fyrr en Sæmundur kallaði upp. Sá vitnið þá drenginn rétt aftan við vinstra afturhjól bifreiðarinnar og hjólið fara yfir hann. Telur vitnið, að bifreiðinni hafi verið ekið mjög hægt aftur á bak og síðan strax áfram aftur.

Vitnið Eyjólfur Egilsson var samtímis ákærða inni í brauðbúðinni, en gekk síðan vestur fyrir húsið og að skúr, sem þar stóð. Er vitnið var komið að dyrum skúrsins, heyrði það hávaða fyrir aftan sig og leit við og sá þá, að bifreiðinni hafði verið ekið aftur á bak ca 1—2 metra, og stóð þá vinstra afturhjól hennar ofan á drengnum. Vitnið telur, að hjólið hafi ekki farið aftur af drengnum, heldur hafi bifreiðin stanzað þarna örlitla stund og síðan ekið áfram ofan af honum.

Læknarnir Lúðvík D. Norðdal og Jónas Bjarnason voru kvaddir á vettvang, og rannsökuðu þeir lík barnsins. Segir svo í vottorði Jónasar um rannsóknina:

„Slasaði, sem var Hafsteinn Sigursteinsson, 2 ára, var látinn, er við komum á staðinn, og var auðséð af áverka þeim, sem hann hafði hlotið, að hann myndi hafa látizt samstundis og slysið bar að höndum.

Við objectiva rannsókn á líki barnsins bar töluvert á marblettum á vöngum, hálsi og handleggjum. Hnakkabein (os occipitale) var mölbrotið ásamt aftari hluta hvirfilbeins (os parietale) og aftari hluta gagnaugabeins (os temporale). Önnur beinbrot en á höfði voru ekki finnanleg.

Eftir objectiva rannsókn verðum við því að telja dauðaorsökina: fractura ossis cranii (höfuðkúpubrot), og er lítill vafi á því, að hjól bifreiðarinnar hafi farið yfir aftanvert höfuð barnsins."

Ákærði sjálfur segir svo frá, að þegar hann kom út úr brauðbúðinni, hafi hann farið vinstra megin inn í bifreiðina, sett hana strax í gang og ekið nokkuð snöggt aftur á bak. Hann kveðst ekki hafa orðið var við börn vinstra megin við bifreiðina, en ekki hafa gætt aftur fyrir hana og virzt sjálft hlaðið mannlaust. Rétt um leið og hann ók af stað, heyrði hann hróp frá steypuvélinni og sá bendingar um að stanza. Kveðst hann þá þegar hafa reynt að stöðva bifreiðina, en hemlar voru slæmir, og telur hann, að bifreiðin hafi runnið um það bil hálfa lengd sína aftur á bak, áður en honum tókst að stöðva hana. Síðan ók hann henni lítið eitt áfram eftir tilvísun manna þeirra, sem komu að. Hann segist ekki hafa orðið þess var, að nokkuð yrði fyrir hjólum bifreiðarinnar. Hann segist ekki hafa haft hurðina opna, heldur aðeins litið út um rúður stýrishússins.

Bifreiðin var athuguð þegar eftir slysið af Gísla Bjarnasyni lögregluþjóni. Reyndust hemlar þá mjög lélegir. Fóthemil þurfti að pumpa minnst þrisvar, svo að hann verkaði. Einnig þá verkaði hann misjafnt á hjólin, þannig að bifreiðin dró aðeins tvö hjól af fjórum. Handhemill var óvirkur. Ákærði kvað sér hafa verið kunnugt um þetta ástand hemlanna.

Það varúðarleysi ákærða að aka bifreiðinni aftur á bak án þess að gæta sem skyldi að umferð, verður að telja orsök slyssins. Varðar það hann refsingu samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga og 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941. Notkun bifreiðarinnar með því ástandi hemla hennar, sem áður var lýst, varðar við 5. gr. samanber 38. gr. bifreiðalaganna.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 2 mánaða varðhald. Hann skal samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna sviptur réttindum til bifreiðarstjórnar í þrjú ár frá birtingu dóms þessa að telja. Hann greiði og allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Sæmundsson, sæti varðhaldi í 2 mánuði.

Hann skal sviptur bifreiðarstjóraréttindum í 3 ár frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 20. janúar 1950.

Kærumálið nr. 1/1950.

Sigurður Guðmundsson

gegn

Ólafi Péturssyni og utanríkisráðherra

Um skyldu ráðuneytis til framlagningar opinberra skjala í meiðyrðamáli.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 28. des. 1949, er hingað barst 7. þ. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 151. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð, sem upp var kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 21. des. 1949 í máli varnaraðilja Ólafs Péturssonar gegn sóknaraðilja. Hér fyrir dómi krefst sóknaraðili þess, að utanríkisráðherra verði dæmt skylt að afhenda til afnota í ofangreindu bæjarþingsmáli skjöl þau, er utanríkisráðuneytið sendi héraðsdómara með bréfum 25. nóv. og 2. des. 1949 og tölumerkt eru nr. 1—40

og 42—53. Svo krefst sóknaraðili og hæfilegs málskostnaðar í kærumáli þessu fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Af hálfu varnaraðilja Ólafs Péturssonar er krafizt staðfestingar á hinum kærða úrskurði og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Við uppkvaðningu hins kærða úrskurðar á bæjarþinginu var lýst yfir því af hálfu utanríkisráðherra, að hann hreyfði engum andmælum gegn framlagningu skjalanna nr. 41 og 54. Hæstarétti hafa ekki borizt kröfur eða greinargerð frá utanríkisráðherra.

Hæstiréttur hefur kynnt sér skjöl þau frá utanríkisráðuneytinu, sem áður getur, nr. 1—40 og 42—53. Er dómurinn sammála héraðsdómara um það, að skjöl þessi hafi ekki að geyma neitt það efni, sem áhrif geti haft á niðurstöðu ofangreinds bæjarþingsmáls. Verða kröfur sóknaraðilja því ekki teknar til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Kröfur sóknaraðilja verða ekki teknar til greina.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 21. des. 1949.

Mál þetta hefur Ólafur Pétursson, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan gegn Sigurði Guðmundssyni ritstjóra, Fálkagötu 1, hér í bænum, vegna ummæla í greinum, er birtust í dagblaðinu Þjóðviljanum, hér í bænum, dagana 27. marz, 6. apríl, 13. apríl, 28. apríl og 29. apríl s.l., en stefndur var ábyrgðarmaður þess blaðs.

Hin umstefndu ummæli eru þessi:

Í 69. tbl., er út kom 27. marz s.l., í nafnlausri grein með fyrirsögninni: „Burt með leppstjórnina" þessi ummæli:

„Lið þetta er m. a. skipulagt og þjálfað af morðingjanum Ólafi Péturssyni, sem ríkisstjórnin leysti úr 20 ára tukthúsi í Noregi, þar sem hann hafði á samvizkunni á þriðja tug mannslífa".

Í 77. tbl., er út kom 6. apríl s.l., í nafnlausri grein með fyrirsögninni: „Nokkur dæmi um framkvæmd hins vestræna lýðræðis" þessi ummæli:

„.... Hershöfðinginn er fenginn beint frá Gestapo. „Íslenzki böðullinn" var hann kallaður í Noregi .... Dæmdur glæpamaður fluttur frá Noregi til að gæta laga og réttar á Íslandi".

Í 83. tbl., er út kom 13. apríl s. l., í nafnlausri grein með fyrirsögninni:

„Dæmdur glæpamaður, nazistinn Ólafur Pétursson, krefst 75 þús. kr. skaðabóta af Þjóðviljanum, sem minnt hafði á fortíð hans að gefnu tilefni" þessi ummæli:

„Þjóðviljinn hefur skýrt frá þátttöku nazistans Ólafs Péturssonar í hvítliðasveitum Heimdallarskrílsins„ mannsins, sem norskur dómstóll dæmdi í 20 ára hegningarvinnu fyrir að vera valdur að dauða á þriðja tugs norskra ættjarðarvina ...." Íslenzkur njósnari með mörg norsk líf á samvizkunni ...." „Íslenzka njósnaranum Ólafi Péturssyni, sem hefur mörg norsk mannslíf á samvizkunni ...."

Í 91. tbl., er út kom 28. apríl s. l., í grein undirritaðri með dulnefninu „Suðurnesjamaður" með fyrirsögninni: „Hurfu til upphafs síns" þessi ummæli:

„Jafnvel dæmdur glæpamaður eins og Ólafur Pétursson gerir sig gildan og stefnir Þjóðviljanum fyrir ummæli, sem hafa þann eina galla að vera allt of væg um hin óskynjanlegu illvirki þess manns".

Í 92. tbl., er út kom 29. apríl s. l., í grein undirritaðri með dulnefninu „Xy" með fyrirsögninni: „Glæpamaður í gróðahug" þessi ummæli:

„Stórglæpamaður, sem í einu nágrannalandi okkar var sekur fundinn um dauða fjölda ungra frelsisvina ...." „sem hefur sagt sannleikann um blóðferil hans".

Stefnandi, sem telur ummæli þessi stórlega meiðandi og móðgandi fyrir sig, hefur gert þær dómkröfur, *að* stefndi verði dæmdur í þyngstu refsingu, sem lög leyfa fyrir þau, *að* meiðyrðin verði dæmd dauð og ómerk, *að* stefndi verði dæmdur til að greiða honum hæfilega fjárhæð til að standast kostnað af birtingu dómsins í opinberu blaði, *að* stefndi verði dæmdur til að greiða honum bætur fyrir fjártjón og miska að fjárhæð kr. 75000.00 með 6% ársvöxtum frá 9. apríl s. l. til greiðsludags og *að* stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað samkvæmt framlögðum reikningi eða að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað að mati dómarans.

Með bréfi dags. 2. júní s. l. fór lögmaður stefnda þess á leit við utanríkis- og dómsmálaráðherra, að hann yrði látinn fá til notkunar í málinu endurrit af öllum bréfum eða „nótum", sem farið hefðu á milli utanríkisráðuneytisins og sendiherra Íslands í Noregi og milli sendiherra Íslands í Noregi og norskra stjórnvalda, varðandi stefnanda. Enn fremur skýrslur um önnur „orðskipti", hvort sem þau hefðu verið skrifleg eða munnleg, sem fram hefðu farið milli íslenzkra og norskra stjórnvalda, beint eða með aðstoð sendiherra ríkjanna, varðandi stefnanda.

Bréfi þessu svaraði utanríkisráðherra með bréfi dags. 29. s. m. og neitaði þar að láta lögmanninn fá þessar skýrslur, þar sem þær væru þýðingarlausar fyrir mál þetta.

Á bæjarþingi þann 15. sept. s. l. krafðist lögmaður stefnda þess, að utanríkisráðherra yrði með úrskurði skyldaður til að leggja fram áðurgreind afrit og skýrslu til afnota í málinu.

Stefnandi mótmælti því, að utanríkisráðuneytið yrði skyldað til að leggja fram gögn þessi.

Utanríkisráðuneytið, sem gefinn var kostur á að koma að athugasemdum sínum um þetta atriði, mótmælti einnig skyldu sinni til að leggja fram skjöl þessi.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 4. nóv. s. l., var utanríkisráðherra skyldaður til að veita dómaranum færi á að kynna sér skjöl þau, sem framlagningar var krafizt á, og taka úr þeim eftirrit eða upp úr þeim skýrslur um þau atriði, sem heimilt væri að leggja fram og áhrif gætu haft á niðurstöðu málsins, gegn fullkominni þagnarskyldu af hans hendi.

Með bréfum dags. 25. nóv. og 2. des. sendi utanríkisráðuneytið borgardómaranum framangreind skjöl merkt nr. 1—54.

Dómarinn hefur kynnt sér efni skjala þessara. Telja verður, að það sem greinir í skjölum merktum nr. 41 og 54, sé það eina, sem ekki er útilokað, að kunni að hafa áhrif á niðurstöðu máls þessa. Þykir því bera að leggja fram endurrit skjala þessara, enda verður ekki talið, að í þeim sé neitt það atriði, sem varðar hagsmuni ríkisins og leynt á að fara.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Lögð verða fram endurrit framangreindra skjala.

Föstudaginn 20. janúar 1950.

Nr. 96/1949. **Verzlunin Vitinn** (Guttormur Erlendsson)
gegn
Helga S. Eyjólfssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Skaðabótamál vegna árekstrar bifreiða.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júní 1949, krefst þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu kr. 1967.94 með 6% ársvöxtum frá 15. sept. 1948 til greiðsludags og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti samkvæmt mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. marz 1949.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. f. m., hefur Sigurður Þorvarðsson f. h. Verzlunarinnar „Vitinn", hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 15. sept. s. l. gegn Helga S. Eyjólfssyni, Karlagötu 6 hér í bænum, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 2935,88 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans, en til *vara* lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Þá hefur Trolle & Rothe h. f., hér í bæ, verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu, en síðargreind bifreið stefnds, R. 5658, var vátryggð hjá því félagi. Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og það hefur engar kröfur gert.

Málavextir eru þeir, að þann 6. janúar 1948 um kl. 9 ók stefnandi bifreið sinni, R. 3690, sem er sendiferðabifreið, austur Tryggvagötu hér í bænum. Kveðst hann hafa ekið með minna en 20 km hraða miðað við klst. Er hann hafi verið kominn á móts við vörugeymsluhús Nathan & Olsen h.f. við Tryggvagötu, hafi staðið þar bifreiðar á vinstri vegarbrún og hann því orðið að aka um miðju vegarins. Um leið og hann ók fram hjá bifreiðum þessum, hafi bifreiðinni R. 5658 verið ekið frá vinstri aftur á bak út á götuna án þess að gefa hljóðmerki. Við árekstur þenna skemmdist R. 3690 allmikið á vinstri hlið. Efri hluti hurðar beyglaðist og rúða brotnaði. Einnig skemmdust báðir dyrastafir.

Stefnandi, sem ekki kveðst hafa séð til ferða R. 5658, fyrr en árekstur-inn varð, telur ökumann hennar hafa sýnt svo mikla óvarkárni með þessu framferði, að hann eigi alla sök á slysinu. Stefndi skýrir svo frá, að hann hafi í umrætt sinn ætlað að aka bifreið sinni, R. 5658, sem er vöruflutningabifreið, aftur á bak inn í vörugeymsluhús, sem stendur sunnan Tryggvagötu. Hafi hann þess vegna ekið bifreið sinni upp á nyrðri gangstéttarbrún í sund milli bifreiða, er þar hafi staðið. Hafi ein bifreið staðið fyrir austan sund þetta, en tvær hlið við hlið fyrir vestan það. Er bifreið hans hafi staðnæmzt þarna, hafi afturendi hennar staðið út á götuna og vísað aðeins til austurs. Áður en til þess kæmi, að hann hæfi akstur aftur á bak, hafi R. 3690 verið ekið á horn vörupalls R. 5658.

Með vísan til þessarar skýrslu sinnar telur stefndi ljóst, að hann eigi

enga sök á árekstri þessum. Stefnandi hafi hlotið að aka gálauslega, enda viðurkenni hann að hafa ekki veitt R. 5658 athygli, fyrr en áreksturinn varð.

Verkstjóri viðgerðarverkstæðis þess, er gerði við bifreið stefnanda eftir áreksturinn, hefur talið, að eftir skemmdum þeim að dæma, sem á bifreiðinni urðu, þá hafi áreksturinn annað hvort orðið þannig, að báðar bifreiðarnar hafi verið á hreyfingu eða stefnandi hafi sveigt til vinstri, um leið og hann ók fram hjá R. 5658. Einnig telur maður nokkur, er vann að viðgerðinni, að skemmdirnar á R. 3690 hafi helzt bent til þess, að báðar bifreiðarnar hafi verið á hreyfingu. Loks hefur stefnandi staðhæft, að strax eftir áreksturinn hafi stefndi ekki mótmælt því, að bifreið hans hafi verið á hreyfingu. Þrátt fyrir þetta þykir ekki nægilega sannað gegn eindregnum mótmælum stefnda, að bifreið hans hafi verið á hreyfingu aftur á bak, þegar áreksturinn varð. Þá er og þess að gæta, að stefnandi veitti ekki bifreið stefnda athygli, fyrr en áreksturinn varð, enda hefur hann viðurkennt, að birta hafi verið óhagstæð og villandi fyrir sig í þetta sinn.

Þegar þetta er virt, verður ekki talið sannað, að stefndi eigi nokkra sök á árekstri þessum. Verður því sýknukrafa stefnda tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Helgi S. Eyjólfsson, skal vera sýkn af kröfum stefndanda. Sigurðar Þorvarðssonar f. h. Verzlunarinnar „Vitinn", í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 23. janúar 1950.

Nr. 108/1949. **Ákæruvaldið** (Eggert Claessen)
gegn
Haraldi Sigurði Guðmundssyni
(Sigurður Ólason)
og
Óla Þorbirni Haraldssyni
(Sigurgeir Sigurjónsson).

Bifreiðalagabrot. Líkamsáverkar.

Dómur Hæstaréttar.

Með skýrslu ákærða Haralds Sigurðar Guðmundssonar er

í ljós leitt, að hann hagaði akstri sínum á eftir bifreiðinni R 983 eigi þannig, að hann mætti örugglega forða árekstri án þess að víkja til hliðar, er R 983 var stöðvuð. Ákærði ók með um 40 kílómetra hraða, miðað við klukkustund, fram með R 983. Þessi akstur var of hraður, eins og á stóð, þar sem útsýn ákærða var svo byrgð, að hann sá aðeins fram með hlið R 983, en eigi lengra fram á veginn. Verður því að telja ákærða eiga nokkra sök á slysinu. Háttsemi ákærða, sem nú var lýst, varðar við 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og 219. gr. laga nr. 19/1940. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 700 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 7 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna þykir rétt að svipta ákærða leyfi til að stjórna bifreið 6 mánuði.

Samkvæmt sakargögnum, sem rakin eru í héraðsdómi, á ákærði Óli Þorbjörn Haraldsson meginsök á slysinu, og varðar hátterni hans við 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. gr., 3. mgr. 4. gr. og 6. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og 219. gr. laga nr. 19/1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 3500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 35 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Vegna hins gálausa aksturs og með tilliti til fortíðar ákærða ber samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna að svipta hann ævilangt leyfi til að stjórna bifreið.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði ber að staðfesta. Hvor hinna ákærðu greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti málsvarnarlaun, kr. 700.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 900.00, greiði ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Haraldur Sigurður Guðmundsson greiði 700 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 7 daga í stað

sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann er sviptur ökuleyfi 6 mánuði.

Ákærði Óli Þorbjörn Haraldsson greiði 3500 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 35 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestast.

Ákærði Haraldur Sigurður greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Sigurðar Ólasonar, kr. 700.00. Ákærði Óli Þorbjörn greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 700.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun sækjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Eggerts Claessens, kr. 900.00, greiði ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 30. apríl 1949.

Ár 1949, laugardaginn 30. apríl, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1647—48/1949: Réttvísin og valdstjórnin gegn Haraldi Sigurði Guðmundssyni og Óla Þorbirni Haraldssyni, sem tekið var til dóms þann 12. sama mánaðar.

Málið er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn þeim ákærðu, Haraldi Sigurði Guðmundssyni bifreiðarstjóra, Lindargötu 63, hér í bæ, og Óla Þorbirni Haraldssyni bifreiðarstjóra, Skúlaskeiði 26 í Hafnarfirði, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941.

Báðir eru hinir ákærðu komnir yfir lögaldur sakamanna, ákærði Haraldur Sigurður fæddur 9. janúar 1917 í Reykjavík, og hefur hann, svo að vitað sé, sætt eftirfarandi kærum og refsingum.

1937 10/11 Aðvörun fyrir hjólreiðar í Bankastræti.

1937 25/11 Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 200 kr. sekt fyrir brot gegn 249. gr. hegningarlaganna, 17. og 21. gr. áfengislaganna og 6. gr. 2. mgr., bifreiðalaganna. Sviptur ökuskírteini í 3 mánuði.

1838 11/9 Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Ákærði Óli Þorbjörn er fæddur 18. nóvember 1919 að Arnarstapa á Snæ-

fellsnesi, og hefur hann, svo að vitað sé, sætt eftirfarandi kærum og refsingum.

1935 15/10 Hafnarfj. Sátt: 5 kr. sekt fyrir bjölluleysi og ljósleysi á reiðhjóli.
1937 8/2 Hafnarfj. Sátt: 10 kr. sekt fyrir að brjóta götuljósker.
1937 13/4 Hafnarfj. Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1938 8/4 Hafnarfj. Sátt: 35 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1939 10/2 Hafnarfj. Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940 18/6 Hafnarfj. Dómur aukaréttar: 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn lögum nr. 51 1928.
1943 22/9 Hafnarfj. Sátt: 200 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðal.
1944 25/4 Hafnarfj. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1945 13/7 Hafnarfj. Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1946 9/5 Hafnarfj. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1947 24/1 Hafnarfj. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1947 18/8 Hafnarfj. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 12/12 Hafnarfj. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina.

Um kl. 3.25 e. h. sunnudaginn 8. ágúst s. l. ók ákærði Haraldur Sigurður bifreiðinni R 104, sem er 5 manna fólksbifreið, austur Þingvallaveg áleiðis til Þingvalla. Er hann ók eftir Mosfellsheiði austanverðri og nálgaðist gamla Þingvallaveginn, sem þar sameinast nýja veginum, kveðst hann hafa ekið með um 40 km hraða miðað við klst. og haldið bifreið sinni þá á eftir bifreiðinni R 983, sem ók sömu leið, og segir hann bilið milli bifreiðar sinnar og bifreiðar þessarar hafa verið nokkuð stutt, enda hafi verið óslitin röð bifreiða á veginum á austurleið. Uppi á hrygg nokkrum, sem er á veginum á þessum slóðum, nam bifreiðin R 983 staðar alveg úti á vinstri vegarhelmingi, miðað við þá átt, sem hún ók í. Hins vegar heldur ákærði því fram, að bifreiðin R 983 hafi stöðvazt nokkuð snögglega. Segist ákærði nú ekki hafa viljað eiga á hættu að aka aftan á bifreiðina R 983, er hún nam staðar, og ætlað því að aka fram úr henni hægra megin við hana, enda hafi verið feykinóg rúm til þess á stað þeim, sem hún nam staðar á. Þegar ákærði Haraldur Sigurður var að beygja fram með bifreiðinni R 983, þar sem hún stóð kyrr, kom bifreiðin G 56, sem er 5 manna fólksbifreið, akandi á móti honum vestur veginn. Skipti það nú engum togum, að framendar bifreiðanna (R 104 og G 56) skullu saman við hliðina á bifreiðinni R 983, og varð af þessu mikill árekstur, sem miklar skemmdir hlutust af á báðum bifreiðunum. Einnig skemmdist bifreiðin R 983 nokkuð, og kveðst ákærði Haraldur hafa séð, að vísu ógreinilega, að bifreiðin G 56 hafi rekizt á bifreið þessa um leið og hún mætti henni, alveg áður en hún (þ. e. G 56) rakst á bifreið hans (ákærða Haralds Sigurðar). Ákærði kveðst hafa séð nokkuð fram með bifreiðinni R 983, er hann var að aka upp á hæðina, sem árekstur inn varð á, en ekki hafi hann þá séð bifreiðina G 56, enda telur hann hana hafa stefnt beint framan á bifreiðina R 983, og því ekki komið auga á hana (þ. e. G 56), fyrr en hún

skauzt aftur með bifreiðinni R 983. Ekki kveðst ákærði Haraldur Sigurður hafa getað áttað sig á, hve hratt bifreiðin G 56 ók, er áreksturinn varð, en telur þó, að hún hafi ekið mun hraðar en bifreið hans. Rétt áður en áreksturinn varð, kveðst ákærði Haraldur Sigurður hafa hemlað bifreið sína. Hann segist yfirleitt hafa ekið með um 40 til 60 km hraða miðað við klst. á leiðinni frá Reykjavík að slysstaðnum, og kveðst hann á þessari leið hafa ekið fram úr talsvert mörgum bifreiðum. Bifreiðina R 104 segir ákærði Haraldur Sigurður vera nýja, og segir hann hemla og stýrisútbúnað hennar hafa verið í lagi. Fulla sjón kveðst ákærði hafa á báðum augum og ekki minnist hann neins, sem glapið hafi fyrir sér, um það leyti sem áreksturinn varð. Hann kveðst ekki að neinu leyti hafa verið illa fyrir kallaður til að aka bifreið dag þann, sem hér ræðir um.

Í bifreiðinni R 104 voru 5 farþegar, þegar árekstur þessi varð en þar af var eitt barn, sem vegna æsku hefur ekki verið kvatt sem vitni. Hinir farþegarnir hafa hins vegar verið kvaddir sem vitni, og verður þeirra nú getið og framburðir þeirra raktir nokkuð.

Vitnið Rögnvaldur Jón Axelsson járnsmiður, Vesturgötu 61, hér í bæ, sat við hlið ákærða Haralds Sigurðar, þegar áreksturinn varð. Segir það sér ekki hafa virzt bifreiðin aka neitt sérstaklega hratt á leiðinni frá Reykjavík að slysstaðnum, en minnir þó, að á þessari leið hafi bifreiðin ekið fram úr nokkrum bifreiðum. Ekki treystir vitnið sér til að gizka á um hraða bifreiðarinnar, um það leyti sem áreksturinn varð, en telur, að henni hafi verið hemlað, um það leyti sem hún ók fram úr bifreiðinni R 983, sem það telur hafa numið staðar nokkuð snögglega, áður en áreksturinn varð. Einnig hefur vitnið tekið fram, að bifreiðin R 104 hafi verið búin að aka nokkuð lengi á eftir bifreiðinni R 983, þegar áreksturinn varð, og hafi það ekki orðið vart við, að hún (R 104) hafi þá verið búin að gera neina tilraun til að aka fram úr hinni bifreiðinni (R 983). Við áreksturinn skall vitnið með ennið á dyrastaf bifreiðarinnar og meiddist nokkuð við það. Einnig hlaut það við þetta snert af heilahristingi. Það kveðst hafa verið óvinnufært vegna meiðslanna í 2 daga, en sagðist að fullu búið að ná sér eftir meiðslin, er það var yfirheyrt þann 1. október s. l.

Vitnið Ágústa Ingibjörg Skúladóttir starfsstúlka, Vesturgötu 66, sat í aftursæti bifreiðarinnar R 104, þegar slysið vildi til. Segir það sér ekki hafa fundizt bifreiðin aka sérstaklega hratt á leiðinni frá Reykjavík að slysstaðnum, en þó hafi hún ekið fram úr nokkrum bifreiðum á þessari leið. Ekki kveðst þetta vitni heldur geta gizkað á hraða bifreiðarinnar R 104, um það leyti sem áreksturinn varð, en segir hana hafa verið búna að hægja á ferðinni, þegar slysið vildi til. Það segir, að bifreiðin, sem það var farþegi í, hafi verið búin að aka nokkra stund á eftir bifreiðinni R 983, er áreksturinn varð, og hafi hún (bifreiðin R 983) numið staðar mjög snögglega, rétt áður en áreksturinn varð. Vitnið sá bifreiðina G 56, rétt áður en áreksturinn varð, og segir það hana hafa ekið með geysihraða. Við áreksturinn brotnaði vinstri upphandleggur vitnisins. Var það óvinnufært vegna meiðsla sinna, frá því slysið vildi til þar til þann 1. október

s. l., og kveðst ekki enn vera búið að ná sér eftir þau þann 2. marz s. l.

Auk vitna þeirra, sem nú hafa verið nefnd, voru þau Ólafur Skúlason verkamaður, Vesturgötu 66, og Áslaug Einarsdóttir starfsstúlka, Vesturgötu 66 B, farþegar í bifreiðinni R 104, þegar slys þetta vildi til. Hefur vitnið Ólafur gizkað lauslega á, að nefnd bifreið hafi ekið með um 40 til 50 km hraða miðað við klst., um það leyti sem árekstur inn varð, en að öðru leyti eru framburðir þeirra Ólafs og Áslaugar svo samhljóða framburðum vitnanna, sem fyrr eru nefnd, um slysið og aðdraganda þess, að ekki þykir ástæða til að rekja þá frekar.

Í bifreiðinni R 983 voru 2 karlmenn og 2 kvenmenn, þegar slysið vildi til. Verður þeirra nú getið og drepið á framburði þeirra varðandi slysið, svo sem ástæða þykir til. Vitnið Sigurður Haukur Lúðvíksson verzlunarmaður, Hringbraut 21, hér í bæ, ók bifreiðinni R 983, sem er 5 manna fólksbifreið, áleiðis til Þingvalla umræddan dag. Er það var að aka upp á hæðina, sem árekstur inn varð á, kveðst það hafa tekið eftir bifreið, sem ekið var á móti því á allmiklum hraða. Kveðst vitnið að vísu ekki geta sagt með vissu um, hve hraði bifreiðar þessarar hafi verið mikill, en segir hann hafa verið meiri en venjulegt er að aka með á vegum úti, og segir það sér hafa fundizt bifreið þessi aka „glannalega". Einnig segir vitnið bifreið þessari hafa verið haldið á hægri vegarhelmingi sínum, miðað við stefnu til Reykjavíkur, og segir það sér hafa fundizt ráðlegast af þeim sökum að stöðva bifreið sína alveg úti á vinstri vegarhelmingi sínum. Þarna, þar sem vitnið nam staðar, segir það veginn vera svo breiðan, að 3 bifreiðar geti ekið þar hver fram hjá annarri. Skipti það nú engum togum að bifreiðinni, sem á móti vitninu ók og reyndist vera bifreiðin G 56, var ekið aftur með bifreið þess, og staðhæfir það, að hún hafi rekizt á hægra framaurbretti bifreiðar þess, áður en hún rakst á bifreiðina R 104, en þann árekstur segir vitnið hafa viljað til talsvert aftur með hægri hlið bifreiðar R 983. Áður en vitnið stöðvaði bifreið sína á umræddri hæð, kveðst það hafa ekið með 40—45 km hraða, miðað við klst. Kveðst það hafa stöðvað bifreiðina hægt og sígandi, en ekki numið staðar snögglega. Kveðst það ekki hafa vitað neitt af ferðum bifreiðarinnar R 104 fyrir aftan sig, fyrr en árekstur inn varð, þótt það liti alltaf öðru hvoru í spegil fyrir ofan stýri bifreiðar sinnar. Telur vitnið því, að bifreiðin R 104 hafi ekki verið búin að aka lengi á eftir sinni bifreið, þegar árekstur inn varð.

Vitnið Jórunn Ragna Blandon Lúðvíksson, Hringbraut 21, sat í framsæti bifreiðar R 983, þegar slysið vildi til. Sá það til ferða bifreiðar G 56, áður en árekstur inn varð, og hafi hún ekið mjög hratt og auk þess verið haldið á hægri vegarhelmingi. Kveðst vitnið því hafa búizt við, að bifreið þessi æki á bifreiðina, sem það var farþegi í, en alveg á síðustu stundu hafi henni þó verið sveigt til vinstri fram hjá bifreiðinni R 983 og hafi eitthvað verið dregið úr hraða hennar um leið. Það er fremur álit þessa vitnis, að bifreiðin G 56 hafi ekki rekizt á bifreiðina R 983, fyrr en hún (G 56) rakst á bifreiðina R 104. Það kveðst ekki hafa vitað af bifreiðinni R 104 fyrir aftan bifreiðina R 983, áður en árekstur inn vildi til,

og telur áreiðanlegt, að hún hafi ekki verið búin að vera þar lengi.

Vitnið Garðar Karlsson skógerðarmaður, Tjarnargötu 45, hér í bæ, var farþegi í bifreiðinni R 983, er margnefndur árekstur varð, og sat það í aftursæti bifreiðarinnar, vinstra megin. Sá það til ferða bifreiðarinnar G 56, áður en árekstur inn varð, og telur það hana þá hafa ekið með mjög miklum hraða, eða lauslega ágizkað með ekki minna en um 70 km hraða miðað við klst, og hafi bifreið þessari verið haldið alveg á hægri vegarhelmingi sínum, þar til hún hafi verið komin nærri alveg að bifreiðinni R 983, en þá hafi henni verið beygt eitthvað inn á veginn. Það er álit þessa vitnis, að bifreiðin G 56 hafi rekizt eitthvað á bifreiðina R 983, áður en hún (þ. e. G 56) rakst á bifreiðina R 104, en það segir R 983 þá hafa verið alveg stoppaða svo utarlega á vinstri vegarhelmingi sínum, að þar hefðu 3 bifreiðar getað mætzt með lagi. Vitnið segir bifreiðina R 983 hafa numið staðar hægt og sígandi, og hafi farþegarnir í henni ekki haggazt við það. Ekki kveðst vitnið hafa vitað neitt um ferðir bifreiðarinnar R 104, áður en árekstur inn vildi til, og hafi hún þá ekki verið búin að gera neitt vart við sig.

Vitnið Hrafnhildur Þorsteinsdóttir, frú, Tjarnargötu 45, hér í bæ, var farþegi í bifreiðinni R 983, er árekstur sá, sem hér ræðir um, varð, og sat það í aftursæti bifreiðarinnar hægra megin. Sá það bifreiðina G 56, áður en árekstur inn varð, og segir hana hafa ekið með gífurlegum hraða og hraðar en leyfilegt er og venjulegt um bifreiðar á vegum úti. Annars er framburður þessa vitnis í fullu samræmi við framburð vitnisins Garðars hér að framan um öll atriði, sem máli skipta, og þykir því ekki ástæða til að rekja hann frekar.

Við rannsókn málsins hefur ákærði Óli Þorbjörn skýrt þannig frá:

Umræddan dag kveðst hann hafa ekið til Þingvalla með farþega, en síðan snúið þar við og haldið af stað áleiðis til Reykjavíkur. Á þessari leið, skammt frá Þingvöllum, kveðst hann hafa tekið upp í bifreið sína 3 stúlkur, og verður þeirra nánar getið síðar. Ekki telur ákærði Óli Þorbjörn, að hann hafi ekið með yfir 50 km hraða miðað við klst. á leiðinni frá Þingvöllum, og um það leyti, sem árekstur inn varð, kveðst hann hafa verið búinn að minnka þenna hraða, kveðst hafa gert það, þegar hann kom auga á bifreiðina R 983, stuttu áður en árekstur inn varð. Kveðst ákærði Óli Þorbjörn þá hafa haldið bifreið sinni um það bil á miðjum veginum, en kannast ekki við, að hann hafi ekið á hægri vegarhelmingi sínum. Annars segir ákærði Óli Þorbjörn hafa verið mjög mikla umferð á Þingvallavegi þenna dag og ekki hægt þess vegna að aka hratt, og óvarlegt að aka fram úr bifreiðum. Eftir að ákærði kom auga á bifreiðina R 983, kveðst hann hafa vikið bifreið sinni út á vinstri vegarhelming sinn, og heldur hann því fram, að bifreið sín hafi alls ekki snert bifreiðina R 983, áður en aðalárekstur inn varð, heldur hafi hún (bifreiðin G 56) rekizt á bifreið þessa, um leið og árekstur inn milli bifreiðar hans og bifreiðar R 104 varð. Ekki kveðst ákærði Óli Þorbjörn hafa séð bifreiðina R 104, fyrr en hann var tekinn að mæta henni, en þá hafi bifreiðinni R 104 verið ekið út á veginn fast út undan afturenda bifreiðarinnar R 983.

Segir hann sér þá ekki hafa fundizt hann aka hraðar en svo, að hann gæti numið staðar, áður en hann mætti bifreiðinni R 104, enda hafi hann þá verið búinn að draga mikið (um það bil um helming) úr hraða bifreiðar sinnar, en ekki hafi þó þetta tekizt til fulls, og hafi bifreiðarnar G 56 og R 104 síðan skollið saman, og hafi orðið af þessu mikill árekstur. Ekki telur ákærði Óli Þorbjörn veginn á slysstaðnum hafa verið svo breiðan, að unnt hafi verið fyrir bifreiðarnar R 104 og G 56 að mætast þar klaklaust, þótt bifreiðin R 983 stæði þar kyrr alveg úti á vinstri vegarhelmingi sínum, enda telur hann, að hvorki sér né stjórnanda bifreiðar R 104 (ákærða Haraldi Sigurði) hafi gefizt neitt ráðrúm til að gera ráðstafanir til að mætast þarna, þar eð þeir hafi komið auga hvor á annan með svo stuttum fyrirvara.

Ákærði Óli Þorbjörn kveðst vera vanur að aka bifreið, og hafi hann gert það að staðaldri síðan árið 1943. Fulla sjón kveðst hann hafa á báðum augum, og ekki segir hann neitt sérstakt hafa glapið fyrir sér við aksturinn, um það leyti sem áreksturinn varð. Hann kveðst ekki að neinu leyti hafa verið illa fyrir kallaður til að aka bifreið umræddan dag, og ekki hafi hann þá neytt áfengis nýlega.

Eins og áður er getið, voru 3 stúlkur farþegar í bifreiðinni G 56, þegar margnefndur árekstur varð. Verður þeirra nú getið og drepið á framburði þeirra.

Vitnið Rannveig María Garðars skrifstofustúlka, Vesturgötu 19, sat í aftursæti bifreiðarinnar G 56, þegar áreksturinn varð. Segir hún sér ekki hafa fundizt ákærði Óli Þorbjörn aka sérlega hratt á leiðinni frá Þingvöllum að árekstrarstaðnum, og ekki kveðst það minnast þess, að hann hafi ekið fram úr bifreiðum á þessari leið, enda hafi fáar bifreiðar verið á vesturleið á þessum tíma dags. Ekki kveðst vitnið hafa tekið eftir öðru en að ákærði Óli Þorbjörn héldi bifreið sinni á vinstri vegarhelmingi, og gerir það ráð fyrir, að hann hafi hægt á ferðinni, áður en áreksturinn varð, en kveðst þó ekki minnast þess sérstaklega. Vitnið kveðst ekki geta sagt um, hvort bifreiðin, sem það var í, rakst á bifreiðina R 983 um leið og hún ók fram hjá henni, en þá hafi bifreið (R 104) allt í einu beygt út undan afturenda bifreiðar R 983 þvert inn á veginn í veg fyrir bifreiðina, sem það var farþegi í, og hafi þá árekstur verið óumflýjanlegur.

Vitnið Hjördís Braga Sigurðardóttir verzlunarmær, Skálholtsstíg 7, sat í aftursæti bifreiðarinnar G 56, þegar umræddur árekstur varð. Segir það bifreið þessari hafa verið ekið fremur hratt alla leiðina frá Þingvöllum að slysstaðnum. Ekki kveðst vitnið geta gert sér grein fyrir, með hve miklum hraða bifreiðin G 56 ók, um það leyti sem áreksturinn varð, en segir þá hafa verið búið að draga úr ferðinni. Alveg segist það vera visst um, að bifreiðinni G 56 hafi ekki verið haldið á hægri vegarhelmingi sínum, rétt áður en áreksturinn varð, og ekki telur það, að bifreiðin G 56 hafi rekizt á bifreiðina R 983, áður en áreksturinn varð milli hennar (G 56) og R 104. Vitnið segir bifreiðinni R 104 hafa verið beygt þvert inn á veginn, þegar bifreiðin G 56 var að aka aftur með bifreiðinni R 983, og hafi árekstur verið óumflýjanlegur eftir það. Við áreksturinn meiddist

vitnið á baki og lítils háttar á fæti, en kveðst ekki hafa orðið óvinnufært vegna þessara meiðsla og sagðist að fullu vera búið að ná sér eftir þau, þegar það var yfirheyrt þann 6. október s. l.

Vitnið Vigdís Jónsdóttir skrifstofustúlka, Ránargötu 22, hér í bæ, sat í framsæti bifreiðarinnar G 56, þegar margnefndur árekstur varð. Segir það sér hafa fundizt bifreiðin, sem það var farþegi í, aka fremur greitt á leiðinni frá Þingvöllum að slysstaðnum, en þó ekki gífurlega hratt. Vitnið segir bifreiðina heldur hafa hægt á ferðinni, er hún var að aka upp hallann að slysstaðnum, en uppi á hæð þessari sá það bifreiðina R 983 koma á móti bifreiðinni, sem það var farþegi í, og segir það henni (R 983) hafa verið haldið vel á vinstri vegarhelmingi sínum. Ekki kveðst vitnið geta sagt um með vissu, hvar á veginum bifreiðinni G 56 var haldið, rétt áður en áreksturinn varð, en telur þó, að ekki hafi henni a. m. k. verið haldið alveg á röngum vegarhelmingi. Vitnið kveðst ekki hafa séð bifreiðina R 104, fyrr en augnabliki áður en áreksturinn varð, og getur það því ekki sagt um ökuhraða þeirrar bifreiðar. Það er álit þess, að bifreiðin G 56 hafi ekki rekizt á bifreiðina R 983, áður en hún (G 56) rakst á bifreiðina R 104. Við áreksturinn hlaut vitnið allmikil meiðsli, sem Úlfur Gunnarsson læknir hefur lýst þannig í vottorði, útgefnu þann 28. október s. l.

„Vigdís Jónsdóttir, fædd 22/2 1927, Ránargötu 22, Rvík, meiddist þ. 8. ágúst þ. á. í bílslysi. Rétt h. megin við munninn var djúpur ca 2 cm langur skurður og á v. hné ca 3 cm langur skurður, sem einnig var mjög djúpur. Þar að auki voru stórir marblettir (hæmatomata) víðsvegar, sérstaklega á h. læri, h. upphandlegg, brjósti og á v. fæti, samf. talsv. eymsli. Sárin voru saumuð saman í staðdeyfingu og sjúkl. ráðlagt að liggja. Sjúkl. var rúmliggjandi í 2 vikur, var óvinnufær í 3 vikur. Sárin eru nú gróin, en á v. hné er talsv. áberandi ör."

Þegar vitnið var yfirheyrt þann 2. marz s. l., kvaðst það ekki enn vera að fullu búið að ná sér aftur eftir hnémeiðslin, en vera þó búið að jafna sig eftir hin meiðslin, sem það hlaut í slysi þessu.

Kvaddir hafa verið sem vitni í máli þessu þeir Guðmundur Einarsson frá Miðdal myndhöggvari, Skólavörðustíg 43, og Guðni Erlendur Sigurjónsson bifreiðarstjóri, Laugaveg 68, en bæði urðu þessi vitni vör við ferðir bifreiðarinnar G 56 þenna dag, vitnið Guðmundur frá Miðdal á vesturleið, en vitnið Guðni Erlendur á austurleið. Var vitnið Guðmundur frá Miðdal statt í bifreið fyrir neðan brekkuna, sem liggur upp Almannagjá, á vesturleið kl. 3—4 umræddan dag. Segir það þá bifreiðina G 56, sem einnig var á vesturleið, hafa ekið fram úr bifreið þess. Vitnið segir bifreið þessa hafa ekið mjög hratt og glæfralega, og hafi það veitt akstri hennar sérstaka athygli vegna ógætilegs aksturs hennar. Eftir 15 til 20 mínútur, að því er vitnið gizkar lauslega á, kveðst það hafa verið komið á slysstaðinn, en þangað hafi það ekið með um 30 til 35 mílna hraða frá stað þeim, sem bifreiðin G 56 ók fram úr því á, og hafi áreksturinn verið um garð genginn fyrir nokkru, er það kom á staðinn.

Vitnið Guðni Erlendur var á leið til Þingvalla í bifreið sinni laust eftir hádegi umræddan dag. Ók bifreiðin G 56 þá fram úr bifreið þess, senni-

lega efst í Mosfellsdal, og sá það, að hún ók fram úr röð bifreiða, sem voru á austurleið, eftir að hún ók fram úr bifreið þess og hvarf síðan í rykmekki. Kveðst vitnið minnast þess sérstaklega, að því fannst akstur þessi hinn ógætilegasti, og talaði það um það við farþega í bifreið sinni, að mikið mætti vera, ef bifreið þessi kæmist heil til bæjarins aftur.

Kvaddur hefur loks verið sem vitni Eymundur Austmann Friðlaugsson, Drápuhlíð 38, en það er verkstjóri á réttingaverkstæði Ræsis h/f, hér í bæ. Var bifreiðin R 983 til viðgerðar á nefndu verkstæði eftir umræddan árekstur og segir vitnið framaurbretti bifreiðar þessarar hafa verið dældað og kýtt inn bæði fyrir framan og aftan hægra framhjól. Af skemmdunum á aurbretti þessu segir vitnið helzt hafa mátt ráða, að vari (stuðari) annarrar bifreiðar hafi rekizt á það framan frá og strokizt aftur með því og kýtt það aftur, aðallega fyrir aftan hægra framhjól allt aftur á hægri framhurð. Segir vitnið, að líkur hafi bent til, að höggið, sem skemmdi brettið, hafi komið framan frá, en ekki frá hlið.

Um ½ klst. eftir að árekstur inn varð, komu þeir lögreglumennirnir Sverrir Guðmundsson og Geir Jón Helgason á staðinn. Fór síðan Geir Jón með hina slösuðu farþega til Reykjavíkur og kom þeim undir læknishendi, en Sverrir Guðmundsson tók að vinna að því að koma bifreiðunum, sem hlut áttu að árekstrinum, burt af veginum, með því að þær lokuðu honum (veginum) alveg, en umferð um hann um þessar mundir var mikil. Af þessum sökum gerðu lögreglumennirnir ekki uppdrátt af árekstrarstaðnum né gerðu þar neinar mælingar. Engin hemlaför eða önnur verksummerki, sem bentu til þess, með hvaða hætti áreksturinn vildi til, sáu þeir lögreglumennirnir á slysstaðnum.

Þann 21. september s. l. fór Axel Helgason rannsóknarlögreglumaður á slysstaðinn, gerði þar mælingar og tók af honum ljósmyndir. Samkvæmt uppdrætti, sem hann gerði síðan af slysstaðnum og nágrenni hans, er vegurinn um 5 til 6 metra breiður beggja megin við staðinn, en uppi á hæðinni, þar sem áreksturinn varð, liggur afleggjari til norðurs út af aðalveginum og breikkar hann veginn þar á nokkurra metra svæði. Vestan við hæðina, sem áreksturinn varð á, liggur vegurinn sem næst beint í austur, en uppi á háhæðinni beygir hann nokkuð til norðurs og heldur þeirri stefnu alllangan spöl.

Samkvæmt atvikalýsingunni hér að framan telst sannað, að báðir hinir ákærðu hafi hvor á sinn hátt átt sök á margnefndum árekstri með ógætilegum akstri sínum.

Telst sök ákærða Haralds Sigurðar felast í því, að hann ekur of hratt, miðað við hraða bifreiðarinnar R 983, sem ók á undan honum. Bar ákærða Haraldi Sigurði að gæta þess, að hann gæti undir öllum kringumstæðum stöðvað bifreið sína fyrir aftan bifreiðina R 983, ef sú bifreið næmi staðar, og undir engum kringumstæðum mátti hann aka fram með þessari bifreið, þar sem hann hafði engin tök á að sjá, hvort vegurinn fram undan væri auður og óhindraður.

Með eftir atvikum of hröðum og ógætilegum akstri sínum telst ákærði

Haraldur Sigurður því hafa gerzt brotlegur við 1. og 4. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941 og 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24. 16. júní 1941. Einnig telst ákærði Haraldur Sigurður hafa brotið 219. sbr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, með því að verða meðvaldur að verulegum meiðslum á mönnum með ógætilegum akstri sínum. Þykir refsing hans samkvæmt 219. gr. hegningarlaganna, 38. gr. bifreiðalaganna og 14. gr. umferðarlaganna og með tilliti til 77. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá þykir rétt samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna að svipta ákærða Harald Sigurð leyfi til að aka bifreið í 8 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Með framburðum vitnanna Sigurðar Hauks Lúðvíkssonar, Jórunnar Rögnu Blandon Lúðvíksson, Hrafnhildar Þorbergsdóttur, Garðars Karlssonar og Ingibjargar Skúladóttur, verður að telja nægilega sannað, að ákærði Óli Þorbjörn hafi bæði ekið of hratt og auk þess ekki haldið bifreið sinni nægilega á vinstri vegarhelmingi sínum, um það leyti sem hann mætti bifreiðinni R 983. Einnig benda framburðir vitnanna Guðmundar frá Miðdal Einarssonar og Guðna Erlends Sigurjónssonar til þess, að ákærði Óli Þorbjörn hafi ekið of hratt og ógætilega í þessu ferðalagi yfirleitt, og framburður vitnisins Eymundar Austmanns Friðlaugssonar til þess, að ákærði Óli Þorbjörn hafi haldið bifreið sinni á röngum vegarhelmingi, um það leyti, sem hann mætti bifreiðinni R 983, því að enginn ágreiningur virðist ríkja um, að sú bifreið hafi staðið á vinstri vegarjaðri sínum, þegar árekstur inn varð. Verður að telja slíkan akstur Óla Þorbjarnar sérstaklega hættulegan, þegar þess er gætt, að hann gat ekki séð, hvort bifreið eða annað farartæki ók á móti honum, er hann ók upp á hæð, slíka sem árekstur inn varð á, en veit eða á a. m. k. að vera kunnugt um, að umferð var mikil um veginn og stefndi yfirleitt í gagnstæða átt við þá, sem ákærði Óli Þorbjörn ók í.

Með framangreindum akstri sínum telst ákærði Óli Þorbjörn hafa brotið 1. og 4. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaganna og 2. gr., 3. mgr. 4. gr. og 6. gr. umferðarlaganna. Einnig telst hann hafa gerzt brotlegur við 219. sbr. 218. gr. hinna almennu hegningarlaga með því að gerast meðvaldur að slysi, sem veruleg meiðsli hlutust af, með gálausum akstri.

Þykir refsing hans samkvæmt 219. gr. hegningarlaganna, 38. gr. bifreiðalaganna og 14. gr. umferðarlaganna og með tilliti til 77. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 2500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá þykir rétt samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna að svipta ákærða Óla Þorbjörn leyfi til að aka bifreið í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði hvor um sig skipuðum verjanda sínum kr. 450.00 í málsvarnarlaun, ákærði Haraldur Sigurður Áka Jakobssyni hdl., en ákærði

Óli Þorbjörn Guðjóni Hólm Sigvaldasyni hdl., en allan annan sakarkostnað greiði þeir in solidum.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði Haraldur Sigurður Guðmundsson greiði 1500.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið í 8 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Óli Þorbjörn Haraldsson greiði 2500.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði hvor um sig skipuðum verjanda sínum kr. 450.00 í málsvarnarlaun, ákærði Haraldur Sigurður Áka Jakobssyni hdl., en ákærður Óli Þorbjörn Guðjóni Hólm Sigvaldasyni hdl.

Allan annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. janúar 1950.

Nr. 52/1949. **Trans-Ocean, vöru og skipamiðlun h/f**
(Magnús Thorlacius)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason).

Fébótamál á hendur ríkissjóði út af dómaraverki höfðað fyrir Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem höfðað hefur mál þetta fyrir Hæstarétti með stefnu 22. febr. 1949, krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 1092.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 18. maí 1948 til greiðsludags svo og málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hann verði algerlega sýknaður og

stefnanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Héraðsdómara Bjarna Bjarnasyni hefur verið stefnt til réttargæzlu, en enginn hefur komið hér fyrir dóm af hans hendi.

Með stefnu, útgefinni hinn 30. október 1944, höfðaði stefnandi máls þess, sem nú er hér til dómsmeðferðar, mál gegn Garðari heitnum Þorsteinssyni hæstaréttarlögmanni til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 3223.27 auk 6% ársvaxta frá 31. desember 1941 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Var krafan talin vera þóknun og kostnaður fyrir milligöngu um sölu fisks í Englandi. Munnlegur málflutningur í máli þessu á hendur Garðari fór fram í bæjarþingi Reykjavíkur hinn 21. júní 1946, og var dómur kveðinn upp hinn 11. júlí s. á. Urðu úrslit þau, að stefnda þess máls var dæmt að greiða stefnanda kr. 2339.47 með 6% ársvöxtum frá 30. október 1944 til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað. Stefndi þess máls skaut því til Hæstaréttar, en stefnandi gagnáfrýjaði. Dómur var upp sagður í Hæstarétti hinn 18. maí 1948, og var dómur bæjarþings ómerktur og málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsálagningar af nýju. Var sú niðurstaða reist á því, að héraðsdómari hefði látið undir höfuð leggjast að dæma málsástæðu, sem stefnandi bar fram í munnlegum málflutningi og stefndi þess máls mótmælti ekki sem of seint fram kominni. Áfrýjun þess máls leiddi því ekki til úrlausnar sakarefnisins, og ullu því mistök dómara um meðferð formhliðar málsins. Gagnáfrýjandi nefnds hæstaréttarmáls, sem er stefnandi máls þess, sem nú er til dómsmeðferðar, greiddi Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni kr. 1000.00 fyrir vinnu sína við það hæstaréttarmál svo og önnur gjöld kr. 92.00. Telur stefnandi, að ríkissjóði sé lögskylt að endurgreiða honum þessar fjárhæðir, þar sem hér sé um að tefla fjártjón, er hann hafi beðið vegna mistaka dómara um gæzlu réttra aðferða um meðferð máls fyrir dómi, en ríkissjóður beri ábyrgð á dómaraverkum að þessu leyti.

Telja verður, að stefnanda hafi verið rétt að höfða mál þetta fyrir Hæstarétti.

Það segir ekki berum orðum í lögum, hver séu tímamörk málshöfðunar slíks skaðabótamáls sem þessa á hendur ríkis-

sjóði. Eðlilegast þykir að svo vöxnu máli að beita lögjöfnun frá 33. gr. laga nr. 112/1935 um Hæstarétt, þar sem mælt er, að héraðsdómari verði ekki látinn sæta ábyrgð fyrir málsmeðferð sína eða dóm, þegar máli er áfrýjað, ef liðinn er 6 mánaða frestur frá dómsathöfn þeirri, sem málið er risið af. Héraðsdómurinn í málinu Trans-Ocean vöru og skipamiðlun h/f gegn Garðari Þorsteinssyni var, svo sem áður segir, upp kveðinn hinn 11. júlí 1946. Skaðabótamál þetta var höfðað fyrir Hæstarétti hinn 22. febrúar 1949. Var fyrningarfrestur 33. gr. laga nr. 112/1935 því löngu liðinn, er mál þetta var höfðað. Ber því að sýkna stefnda þegar af þessari ástæðu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Trans-Ocean vöru og skipamiðlun h/f, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 30. janúar 1950.

Nr. 74/1949. **Baldur Jónsson**
gegn
H/f Stefni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Baldur Jónsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 30. janúar 1950.

Nr. 143/1949. **Gunnlaugur Ólafsson**
gegn
Guðjóni H. Sigvaldasyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gunnlaugur Ólafsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Guðjóni H. Sigvaldasyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 150.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. janúar 1950.

Nr. 154/1949. **Hreppsnefnd Hvammstangahrepps**
f. h. hreppsins
gegn
Sigurði Davíðssyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Hvammstangahrepps f. h. hreppsins, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Þriðjudaginn 31. janúar 1950.

Nr. 160/1949. **Búkolla h/f** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Ágúst Jónssyni (Magnús Thorlacius).

Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdómi í máli þessu, uppkveðnum 26. júní 1948, skaut áfrýjandi upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 25. ágúst 1948, og var málið þingfest í Hæstarétti í nóvember s. á. Eftir að áfrýjandi hafði fengið málinu margsinnis frestað, sótti hann ekki þing, er málið var fyrir tekið í Hæstarétti þann 30. nóvember 1949, og gekk síðan útivistardómur í málinu. Nú hefur áfrýjandi skotið málinu af nýju til Hæstaréttar með stefnu 15. desember 1949, en með því að hann hefur ekki aflað sér áfrýjunarleyfis og áfrýjunarfrestur samkvæmt 1. mgr. 197. gr. laga nr. 85/1936 var liðinn, er stefnan var gefin út, ber að vísa málinu ex officio frá Hæstarétti.

Stefndi hefur sótt þing í málinu og krafizt málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda. Samkvæmt úrslitum málsins þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 300.00.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Búkolla h/f, greiði stefnda, Ágúst Jónssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 300.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. febrúar 1950.

Nr. 133/1948. **Ágústa Bjarnadóttir** (Theódór B. Líndal)
gegn
Bjarnfríði Sigurðardóttur (Sveinbjörn Jónsson).

Eignardómsmál. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Kristinn Ólafsson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. október 1948, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. s. m., gerir þær dómkröfur, að viðurkenndur verði með dómi eignarréttur hans að eigninni Litla-Vatnsnesi í Keflavík í Gullbringusýslu, þ. e. húseign með tilheyrandi landi og mannvirkjum. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt lóðarsamningi þeim, sem í héraðsdómi greinir og dagsettur er 11. febrúar 1894, var Bjarna Jónssyni heimiluð „til ábúðar og afnota" 400 ferfaðma lóð úr jörðinni Vatnsnesi í Gullbringusýslu, en sú lóðarstærð er jöfn 1418,4 fermetrum. Með afsalsbréfi 3. nóvember 1940 gefur ekkja Bjarna Ágústu dóttur sinni, áfrýjanda þessa máls, fasteignina „Litla-Vatnsnes í Keflavíkurhreppi, hús með tilheyrandi eignarlóð, að stærð 1598 fermetrar". Í héraðsstefnu hefur áfrýjandi hins vegar krafizt viðurkenningar á eignarrétti að Litla-Vatnsnesi, „húseign ásamt tilheyrandi landi, er samkvæmt uppmælingu er 2437 fermetrar að stærð". Í fyrsta þinghaldi í málinu lagði stefnandi síðan fram uppdrátt af svæði því, sem deilt er um. Sést á honum bæði lóðarstærð þessi og mörk hennar. Þá ber hann og með sér, að lóð, er varnaraðili í héraði, Jóhann Guðnason, hafði afgirt umhverfis húsið Litla-Vatnsnes, er einungis um 207 fermetrar að stærð, svo og mörk þeirrar lóðar.

Eins og að framan segir, var í héraði gerð krafa um til-

greinda lóðarstærð með ákveðnum merkjum. Hér fyrir dómi hefur hins vegar aðeins verið gerð krafa um ótilgreinda lóð bæði að stærð og merkjum ásamt húsinu Litla-Vatnsnesi. Krafa þessi er svo óákveðin, að ekki verður dómur á hana lagður, og ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 300.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Ágústa Bjarnadóttir, greiði stefnda, Bjarnfríði Sigurðardóttur, kr. 300.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Gullbringu- og Kjósarsýslu 4. maí 1948.

Ár 1948, þriðjudaginn 4. maí, var í aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldið var í réttarsal embættisins í Hafnarfirði af fulltrúa sýslumanns, uppkveðinn dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 27. apríl s. l.

Mál þetta er höfðað fyrir aukadómþingi í Keflavík með opinberri stefnu í Lögbirtingablaðinu, útg. 12. marz 1946 og birtri í blaðinu 21. marz, af hálfu frú Ágústu Bjarnadóttur, Skúlagötu 8, Reykjavík, til viðurkenningar á eignarrétti hennar að eigninni Litla-Vatnsnesi í Keflavík í Gullbringusýslu, þ. e. húseign ásamt tilheyrandi landi, er samkvæmt uppmælingu er 2437 ferm. að stærð.

Þá krefst stefnandinn, að Bjarnfríður Sigurðardóttir, Keflavík, vegna dánarbús Jóhanns Guðnasonar, sem gerzt hefur aðili málsins, verði dæmd til að greiða henni málskostnað að skaðlausu.

Af hálfu Jóhanns Guðnasonar kaupmanns, Vatnsnesi í Keflavík, var frá upphafi haldið uppi vörnum í máli þessu og þær dómkröfur gerðar, að hann yrði talinn eigandi lands þess, er stefnandi málsins krefst eignarréttar á, og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati réttarins. Og til vara eru af hálfu sama gerðar þær kröfur, að afnot stefnanda af landinu framvegis verði því skilyrði bundið, að hún gjaldi leigu eftir það eftir mati tveggja óvilhallra, dómkvaddra manna. Og sama krafa og áður um greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Eftir að Jóhann Guðnason lézt af slysförum, gerðist ekkja hans, sem situr í óskiptu búi, aðili þessa máls og hélt uppi vörnum í því. Af hálfu annarra aðilja hefur ekki verið mætt né gerðar kröfur í þessu máli.

Málavextir eru þessir:

Með afsalsbréfi, dags. 1. okt. 1890, keypti Guðni Jónsson jörðina Vatnsnes í Keflavík. Þremur árum síðar fluttist til Keflavíkur Bjarni Jónsson

formaður, faðir stefnanda, og reisti hann sér hús þar, er hann kallaði Litla-Vatnsnes. Lóð undir húsið fékk Bjarni hjá Guðna úr Vatnsnestorfunni, og gerðu þeir um það samning, sem þannig hljóðar:

„Ég undirskrifaður geri hér með kunnugt, að ég með bréfi þessu heimila Bjarna Jónssyni til ábúðar og afnota lóðarpart af eignarjörð minni, Vatnsnes, undir hús það, er hann hefur þegar byggt, svo og þá óbyggðu lóð í kringum húsið, er gildandi lög um þurrabúðarmenn ákveða og sem eru 400 ferhyrningsfaðmar að flatarmáli, svo og þangfjörur þær, sem ég á ári hverju kann að ákveða og eftir samkomulagi okkar á millum, allt þetta gegn því, að nefndur Bjarni Jónsson með undirskrift sinni á bréf þetta skuldbindur sig til að gera skip út á móti mér að helmingi allrar vertíðar og sé sjálfur formaður á því skipi. Einnig getur nefndur Bjarni Jónsson fengið verkunarpláss undir fisk sinn, lóð undir skúr við sjó án þess, að nokkurt sérstakt endurgjald komi fyrir.

Með þessum skilmálum byggi ég herra Bjarna Jónssyni hina áður umtöluðu lóð.

Til staðfestu er nafn mitt og tveggja vitundarvotta.

Vatnsnesi, 11. febrúar 1894.

Guðni Jónsson (sign)

Vottar:
Arbj. Ólafsson.
Ársæll Jónsson.

Ofanskráðum skilmálum er ég samþykkur og undirgengst þá.

Bjarni Jónsson (sign)"

Samningur þessi var ekki þinglesinn.

Þann 25. júní 1910 keypti Jóhann Guðnason af föður sínum Vatnsnesjörðina óskipta með öllu tilheyrandi og telur, að í því hafi einnig fylgt umrædd lóð, er Bjarni hafi byggt á. Alla tíð frá því þeir Bjarni og Guðni sömdu um lóðina og allt til ársins 1916 gerðu þeir saman út áraskip, og var Bjarni formaður með það. En á því ári keyptu þeir Guðni og Bjarni ásamt fleiri mönnum vélbát, og voru sameignarmenn í þeirri útgerð, þar til Bjarni andaðist árið 1927, en eftir það var bátshluti þeirra í eign ekkjunnar, þar til 1929, að Jóhann Guðnason keypti hennar hluta.

Með gjafabréfi, dags. 3. nóv. 1940, gaf ekkja Bjarna, Jóhanna Jónasdóttir, dóttur þeirra, Ágústu, stefnanda máls þessa, fasteign sína Litla-Vatnsnes, hús með tilheyrandi eignarlóð að stærð 1598 ferm., eins og það er orðað í gjafabréfi þessu. Var gjafabréfi þessu þinglýst 19. des. 1940 með þeirri athugasemd, að eignarheimild hennar væri óþinglesin. Í sept. 1943 lézt ekkja Bjarna. Vorið 1944 lét Jóhann Guðnason taka upp og færa til girðingar kringum lóðina, sem hann taldi vera sína löglega eign og hefði fullan rétt til að ráðstafa. Stefnandi kærði framferði Jóhanns til lögreglustjóra með bréfi 31. júlí 1945, og fóru þá fram réttarhöld í málinu, en stefnandinn höfðaði síðan mál það, er hér liggur fyrir.

Stefnandinn heldur því fram, að Guðni Jónsson hafi á sínum tíma afhent föður hennar, Bjarna Jónssyni, umrædda lóð til eignar, sem hann hafi greitt, eins og ráð er fyrir gert í samningi þeirra frá 1894, sem til-

færður er hér að framan, enda hefði aldrei verið krafið frekara endurgjalds fyrir lóðina og því síður lóðarleigu. Annars sé umræddur samningur þeirra frá 1894 markleysa og ólöglegur, með því að hann brjóti í bága við ýmis ákvæði gildandi laga um þurrabúðarmenn o. fl. frá 10. febr. 1888.

Ef ekki yrði fallizt á þetta sjónarmið, hefur stefnandinn haldið fram, að lögmælt skilyrði til hefðarhalds yfir 20 ár væru hér fyrir hendi og samkvæmt því væri hún eigandi lóðarinnar.

Samningur þeirra Guðna Jónssonar og Bjarna Jónssonar frá 11/2 1894 kveður skýrt og ótvírætt á um það, að umræddur lóðarpartur sé heimilaður Bjarna til „ábúðar og afnota" og Guðni byggi Bjarna umtalaða lóð.

Hér er greinilega samið um leigu á lóðarparti, og skiptir ekki máli í því sambandi, þó að brugðið sé út af ákvæðum þágildandi laga um þurrabúðarmenn. Eins verður ekki talið, að það raski gildi leigusamnings þessa, þó að lóðarleiga sé innt af hendi með öðrum hætti en algengt er. Þar sem þannig er upplýst, að Bjarni Jónsson hefur fengið lóðarpartinn á leigu, eru skilyrði til hefðarhalds ekki fyrir hendi um hann sjálfan.

Bjarni Jónsson andaðist 25. nóv. 1927, og verður því tíminn þar til mál þetta hefst ekki nægilega langur til að geti verið um að ræða stofnun réttar við hefðarhald fyrir þá, er höfðu umráð lóðarpartsins eftir Bjarna.

Með skírskotun til þess, sem hér er fram tekið, verður niðurstaða réttarins sú, að ekki verði tekin til greina stefnukrafa máls þessa og því beri að synja stefnanda um viðurkenningu á eignarrétti að eigninni Litla-Vatnsnes í Keflavík í Gullbringusýslu, þ. e. húseign með tilheyrandi landi, sem talið er 2437 fermetrar, og mannvirkjum.

Af hálfu Bjarnfríðar Sigurðardóttur eru bornar fram í málinu kröfur um viðurkenningu eignarréttar hússins á landinu og varakrafa, að stefnandanum verði gert að greiða lóðarleigu eftir mati dómkvaddra manna. Verður eigi í þessu máli dæmt um slíkar sjálfstæðar réttarkröfur, sem eigi hefur verið stefnt um, og ber því að vísa þeim frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í máli þessu falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Krafa stefnandans, Ágústu Bjarnadóttur, um viðurkenningu á eignarrétti hennar að eigninni Litla-Vatnsnesi í Keflavík, verður ekki tekin til greina.

Kröfum Bjarnfríðar Sigurðardóttur um viðurkenningu eignarréttar á umræddu landi og ákvörðun lóðargjalds vísast frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 1. febrúar 1950.

Nr. 130/1947. **Erik Christiansen** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Sveini og Gísla h/f (Ragnar Jónsson).

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. desember 1947, krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Í máli þessu krefur stefndi áfrýjanda um endurgreiðslu á andvirði efnis, glugga og hurða, sem notað var í hús það, er áfrýjandi átti í smíðum. Samkvæmt upphaflegum samningi málsaðilja átti áfrýjandi að leggja til efni til byggingarinnar, en þannig réðst, m. a. vegna fjarveru hans, að stefndi annaðist útvegun efnis að talsverðu leyti. Áfrýjandi vissi, að hann hafði ekki sjálfur lagt til glugga þá og hurðir, sem hér um ræðir, og af reikningum þeim og fylgiskjölum frá stefnda, er áfrýjandi greiddi vorið 1946, gat hann ekki ætlað, að andvirði þessa efnis væri þar í falið.

Að svo vöxnu máli þykir bera að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um greiðslu til stefnda úr hendi áfrýjanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 600.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Erik Christiansen, greiði stefnda, Sveini og Gísla h/f, kr. 600.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 22. september 1947.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 12. þ. m., hefur stefnandi, Sveinn og Gísli h.f., Siglufirði, höfðað fyrir aukadómþingi Eyjafjarðarsýslu með stefnu, útgefinni 10. jan. þ. á. og birtri þann 16. s. m., á hendur Erik Christiansen verktaka, Dalvík, en með samkomulagi aðilja hefur málið síðan verið rekið fyrir bæjarþingi Akureyrar.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 5630.25 ásamt 6% ársvöxtum frá 3. okt. f. á. til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málsatvik eru þau, að haustið 1945 samdist svo með þeim stefnanda og stefnda, að stefnandi tók að sér að byggja húsið nr. 55 við Suðurgötu á Siglufirði fyrir stefnda, þannig að stefndi skyldi leggja fram efni í húsið, en stefnandi sjá um smíði þess. Stefndi útvegaði efni hjá byggingarvöruverzlun og fékk rafvirkja til að leggja raflagnir. Stefnandi útvegaði hins vegar málara, og hurðir og glugga útvegaði hann hjá Albert nokkrum Jónssyni. Húsið var byggt veturinn 1945—46, en stefndi var lengst af erlendis um veturinn.

Fyrri hluta vetrar fékk stefnandi nokkra greiðslu upp í kostnað sinn frá stefnda, en í lok aprílmánaðar nam skuld stefnda við stefnanda vegna byggingarinnar kr. 62308.16. Krafði stefnandi stefnda skriflega um upphæð þessa og tjáði sig tilneyddan að láta selja húsið til lúkningar kröfunni, ef hún yrði ekki greidd fljótlega. Stefndi greiddi upphæð þessa nokkru síðar og fékk afhentar frumnótur um vinnulaun, efni og annan kostnað stefnanda af verkinu.

Haustið eftir, 3. september, seldi stefndi húsið og fluttist til Dalvíkur. Söluverð hússins var kr. 100000.00. Telur stefndi, að húsið hafi kostað hann þá upphæð og hafi hann miðað söluverð þess við það.

Eftir að sala þessi fór fram og stefndi var fluttur til Dalvíkur, fékk hann vitneskju um, að Albert Jónsson, er smíðað hafði hurðir og glugga í húsið, hafði ekki fengið greiddan kostnað sinn. Taldist stefndi undan að greiða þenna kostnað, þar sem hann kveðst hafa álitið, að kostnaður þessi væri innifalinn í upphæð þeirri, er hann hafði áður greitt stefnanda, og bæri stefnanda því að standa skil á þessu til Alberts Jónssonar.

Samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, greiddi stefnandi reikning Alberts fyrir hurða- og gluggasmíði kr. 5630.25 þann 3. okt. 1946 og höfðaði síðan mál þetta á hendur stefnda til heimtu þess fjár.

Stefnandi heldur því fram í málinu, að reikningur sá, er hann krafði stefnda um í lok aprílmánaðar, hafi ekki verið fullnaðarreikningur, heldur venjulegur viðskiptareikningur, er sýndi skuld stefnda, eins og hún var þá. Stefnandi hafði gert ráð fyrir því, að Albert Jónsson fengi greiðslu hjá stefnda fyrir hurðirnar og gluggana, eins og stefndi hafði sjálfur greitt málaranum og rafvirkjanum. Þegar Albert krafði stefnanda fyrst, vísaði hann á stefnda um greiðslu. Þegar stefndi synjaði um greiðsluna, krafði hann stefnanda aftur og fékk greiðslu frá honum, sem fyrr segir.

Forráðamenn stefnanda hafa ekki getað fært sönnur á það gegn mótmælum stefnda, að þeir hafi látið stefnda vita um hurða og gluggasmíðina hjá Albert Jónssyni. Hins vegar benda þeir á það, að honum hafi átt að vera ljóst, að hurða- og gluggasmíði væri ógreidd, þar sem reikningar um það fylgdu ekki með þeim reikningum, er hann hafði greitt.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að það hafi verið vítaverð vanræksla af hálfu stefnanda að telja ekki þenna kostnað í reikningi sínum, er skil fóru fram, sem báðir aðiljar töldu fullnaðarskil. Krefst hann sýknu á þeim grundvelli, að hann eigi ekki að bíða tjón fyrir þessa vanrækslu stefnanda, en söluverð hússins hafi hann miðað við þessi reikningsskil, enda var honum þá ókunnugt um, að nokkuð væri vangreitt af byggingarkostnaði. Hefði hann vitað, að hurða- og gluggasmíðin væri ógreidd, er hann seldi húsið, mundi hann að sjálfsögðu hafa tekið tillit til þess við ákvörðun á söluverðinu.

Reikningur stefnanda frá 30. apríl 1946 var gefinn út með fyrirvara um mistalið og gleymt (S.E. & O.), eins og venja er um viðskiptareikninga. Verður ekki talið, að með kvittun þessa reiknings hafi stefnda verið rétt að líta svo á, að honum bæri ekki skylda til að greiða kostnað, er síðar kom í ljós, að þar var ekki talinn, jafnvel þótt hann væri þá búinn að selja húsið. Stefnda mátti og vera ljóst við athugun á fylgiskjölum stefnanda með reikningnum, að þar voru ekki taldar hurðir og gluggar né vélavinna við smíði þessara hluta. Þykir stefnandi ekki hafa firrt sig rétti til að heimta andvirði þeirra af stefnda.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda umkrafða upphæð, kr. 5630.25, ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og kr. 1100.00 í málskostnað.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Erik Christiansen, greiði stefnanda, Sveini og Gísla h.f., kr. 5630.25 með 6% ársvöxtum frá 3. okt. 1946 til greiðsludags og kr. 1100.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 6. febrúar 1950.

Nr. 132/1949. **Ákæruvaldið** (Magnús Thorlacius)
gegn
Hannesi Þorbergssyni (Sigurgeir Sigurjónsson).
Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Brot á áfengislögum og bifreiðalögum.

Dómur Hæstaréttar.

Snorri Árnason, fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Ákærði lækkaði eigi ljós bifreiðarinnar og vék ekki til vinstri, er bifreiðin X 208 kom á móti honum. Varðar brot hans því við 2. mgr. 7. gr. og 3. og 4. mgr. 28. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 auk refsiákvæða þeirra, er í héraðsdómi greinir. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald 20 daga.

Þar sem ákærði var ofurölvi við stjórn bifreiðarinnar og akstur hans mjög háskalegur, ber að svipta hann ævilangt rétti til bifreiðarstjórnar.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Hannes Þorbergsson, sæti varðhaldi 20 daga. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Magnúsar Thorlacius og Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Árnessýslu 10. ágúst 1949.

Mál þetta er höfðað gegn Hannesi Þorbergssyni bifvélavirkja, til heimilis að Sandprýði á Eyrarbakka, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 1935 og bifreiðalögum nr. 23 1941 til refsingar, sviptingar bifreiðarstjóraréttinda og málskostnaðargreiðslu.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Viðey 5. nóv. 1919. Hann hefur sætt eftirtöldum refsingum:

1943 4/1 Hafnarfj. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1943 14/10 Hafnarfj. Sátt: 10 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögunum.
1944 14/2 Hafnarfj. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1944 26/10 Hafnarfj. Sátt: 35 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

Hinn 23. okt. s. l. gekk kærði að störfum á Bifreiðaverkstæði Eyrarbakka. Um klukkan 4 e. h. kveðst hann hafa farið að vinna við bifreið föður síns, X 290, og um sama leyti farið að dreypa á brennivínsflösku, sem hann átti fulla. Er hann hafði lokið að gera við bifreiðina og klukkan var orðin 10—11, að því er hann hyggur, datt honum í hug að reyna hana og ók henni því út af verkstæðinu. Eftir það telur hann allt mjög óljóst fyrir sér, því svifið hafi á sig, og kveðst hann ekki hafa rankað við sér fyrr en um nóttina, er hann sat inni hjá lækninum á Selfossi. Úr flöskunni hafði hann lokið og telur sig ekki muna til þess að hafa veitt öðrum af henni með sér.

Vitnið Gísli Guðmundsson var þetta kvöld á dansleik á Eyrarbakka. Er hann kom af dansleiknum, hitti hann kærða, er var þar í bifreiðinni, og bauð honum upp í hana. Óku þeir síðan fram á stúlku, tóku hana upp í bifreiðina og héldu síðan til Selfoss, þar sem þeir hugðust að komast á dansleik. Er þangað kom, var dansleiknum lokið. Vildi þá kærði halda áfram upp um sveitir, en farþegarnir færðust undan því, og varð það úr, að hann skildi við þá við Mjólkurbú Flóamanna, en ók sjálfur áfram.

Vitnið telur kærða hafa verið góðglaðan, þegar það hitti hann, en þegar að Selfossi kom, hafi eins og svifið á hann; hafi hann verið orðinn nokkuð mikið ölvaður, er það fór úr bifreiðinni.

Vitnið Erlendur Þórðarson var þessa nótt á dansleik að Brautarholti á Skeiðum. Kveðst það hafa farið þaðan kl. rúmlega 2 á bifreið sinni X 208. Er vitnið var komið á móts við Hraungerðisafleggjarann, kom bifreið á móti því vestan veginn. Var þarna kominn kærði á bifreiðinni X 290 og ók nú á bifreið vitnisins með þeim afleiðingum, að hún snerist þvert á veginum og afturhjólin út af honum. Bifreiðin X 290 lenti út af veginum og stöðvaðist þar á hliðinni.

Vitnið kveður, að færi hafi verið ágætt og vegurinn auður. Samkvæmt mælingu er vegurinn þarna 5.4 metra breiður, beinn og hallalaus.

Vitnið telur, að kærði hafi ekið á móti sér með hærri ljósum og ekki lækkað ljós sín, þótt það gæfi honum merki þar um. Kveðst vitnið því hafa séð illa út, en þó getað fylgzt með vegkantinum og ekið sem næst honum. Það staðfestir og vitnið Ólafur Ólafsson, sem var farþegi í bifreið vitnisins, að bifreið þess hafi verið á vegkantinum, og að kærði hafi ekið eftir miðjum veginum án þess að víkja.

Við árekstur inn skemmdust báðar bifreiðarnar mjög mikið, en meiðsli á mönnum urðu ekki veruleg.

Með akstri sínum í umrætt skipti hefur kærði gerzt brotlegur við 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33 1935 og 1. mgr. 23. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 1941.

Refsing kærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Þá ber og samkvæmt 21. gr. áfengislaganna og 39. gr. bifreiðalaganna að svipta kærða rétti til þess að aka bifreið í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Málið hefur verið rekið vítalaust, og dráttur sá, sem á því er orðinn, stafar af annríki við embættið.

Dómsorð:

Kærði, Hannes Þorbergsson, sæti varðhaldi í 10 daga.

Hann skal sviptur bifreiðarstjóraréttindum í 6 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 6. febrúar 1950.

Nr. 144/1949. **Ákæruvaldið** (Einar Arnórsson)
gegn
Gunnlaugi Bjarnasyni Melsted
(Ragnar Jónsson).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Brot gegn bifreiðalögum.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, þó svo, að varðhald 10 daga komi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Einnig ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, 400 krónur til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að varðhald 10 daga komi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Gunnlaugur Bjarnason Melsted, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Arnórssonar og Ragnars Jónssonar, 400 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 19. nóvember 1948.

Ár 1948, föstudaginn 19. nóvember, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Einari Ingimundarsyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5652/1948: Valdstjórnin gegn Gunnlaugi Bjarnasyni Melsted, sem tekið var til dóms þann 9. fyrra mánaðar. Málið er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn kærða, Gunnlaugi Bjarnasyni Melsted byggingameistara, Rauðarárstíg, 3, hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. jan. 1935, bifreiðalögunum nr. 23 16. júní 1941, lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930 og fyrirmælum um aðalbrautir nr. 4/1943.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 5. maí 1908 að Framnesi á Skeiðum, og hefur hann, svo að vitað sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1931 28/5 Sátt: 30 kr. sekt fyrir ógætilegan akstur.
1931 22/6 Sátt: 50 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðal.
1939 14/8 Sátt: 10 kr. sekt fyrir brot gegn umferðareglum.
1941 3/2 Sátt: 5 kr. sekt fyrir brot gegn lögum nr. 18 1901, sbr. lög nr. 49/1933.
1947 22/9 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Um kl. 5.40 að kvöldi þess 23. desember s. l. stóð bifreiðin R 3395 kyrr við nyrðri gangstétt Laugavegar rétt fyrir austan gatnamót nefndrar götu og Smiðjustígs, og sneri bifreið þessi í vestur. Kom þá bifreiðin R 3013, sem er stór herbifreið, gerð til vöruflutninga, akandi aftur á bak upp Smiðjustíg, og beygði hún síðan austur Laugaveg, en þá tókst svo til, að afturendi hennar rakst á vinstri hlið bifreiðarinnar R 3395. Urðu á þessari bifreið talsverðar skemmdir, en engar skemmdir munu hafa orðið á bifreiðinni R 3013 við áreksturinn. Eftir þetta hafði stjórnandi bifreiðarinnar R 3395, Jón Kristinn Höskuldsson bifreiðarstjóri, Sogamýrarbletti 2, tal af stjórnanda bifreiðarinnar R 3013, sem reyndist vera kærði. Kveðst

Jón Kristinn ekki hafa séð nein einkenni um áfengisáhrif á honum (kærða), en hins vegar hafi hann hegðað sér þannig, að gruna hefði mátt hann um, að eitthvað væri athugavert við hann og aksturslag hans hafi verið klaufalegt og ógætilegt. Auk þess hafi kærði ætlað að fara í burtu eftir árekstur, en þá kveðst Jón Kristinn hafa tekið kveikjuláslyklana úr bifreið hans og haldið þeim, þar til Björn Eysteins Kristjánsson kom á staðinn, en honum var tilkynntur árekstur, þar sem hann var á verði á gatnamótum Laugavegs og Skólavörðustígs. Björn Eysteins Kristjánsson lögregluþjónn kveðst hafa fundið vínlykt af kærða. Fór hann því með hann á lögregluvarðstofuna ásamt bifreið hans. Er þangað kom, yfirheyrði kærða Hallgrímur Jónsson lögregluþjónn, sem þar gegndi þá varðstjórastörfum. Ekki kveðst nefndur Hallgrímur hafa getað séð nein ölvunareinkenni á kærða, er hann yfirheyrði hann, og hafi framkoma hans, útlit og málhreimur allt virzt eðlilegt, og enga vínlykt kveðst hann heldur hafa fundið úr vitum hans, enda hafi hann (kærði) reykt vindil, meðan á yfirheyrslunni stóð.

Við yfirheyrslu þessa bar kærði, að hann hefði neytt áfengis nóttina áður og enn fremur hefði hann drukkið whisky-„sjúss" um hádegi umræddan dag og eina flösku af íslenzkum bjór þá nýlega. Neitaði kærði því eindregið við yfirheyrsluna, að hann væri undir áhrifum áfengis, en gekkst fúslega inn á, að úr honum væri tekið blóðsýnishorn, og var það síðan gert, en eftir það var kærða leyft að fara leiðar sinnar og bifreið hans ekið heim til hans.

Sjálfur hefur kærði skýrt þannig frá málavöxtum:

Hann kveðst hafa gerzt talsvert ölvaður aðfaranótt þess 23. desember s. l., en ekki segist hann hafa verið haldinn sljóleika og þreytu vegna þessarar áfengisneyzlu umræddan dag og hafi hann sofið 4—5 klst. aðfaranótt þessa dags. Kl. 12—12½ nefndan dag kveðst kærði hafa drukkið slatta í vatnsglasi af whisky, blandað með vatni eða sodavatni, en sama og ekkert kveðst hann hafa fundið til áfengisáhrifa af þessu, og hafi hann verið með öllu algáður, þegar áreksturinn varð síðar um daginn. Ekki kveðst kærði hafa ætlað að fara brott af árekstrarstaðnum, eftir að áreksturinn varð, en aðeins hafi hann ætlað að færa bifreið sína nokkuð, til þess að stöðva ekki alla umferð um Laugaveg. Við rannsókn á blóðsýnishorni því, sem tekið var úr kærða, eftir að umræddur árekstur varð, kom í ljós, að 1.74‰ af alkóhóli voru þá í blóði hans.

Kvaddur hefur verið sem vitni Pétur Stefán Halldórsson deildarstjóri, Rauðarárstíg 3, hér í bæ, en með honum neytti kærði þess áfengis, sem hann hefur viðurkennt að hafa neytt umræddan dag á skrifstofu kærða á 3. hæð hússins nr. 3 við Rauðarárstíg. Vitnið segir kærða hafa drukkið 1 vænan „snaps" með því milli kl. 12—12½ margnefndan dag (23. desember s. l.). Man það ekki greinilega, hvaða víntegund þetta hafi verið, en minnir þó fremur, að það hafi verið whisky. Ekki kveðst vitnið hafa séð greinileg áfengisáhrif á kærða af þessari vínneyzlu. Kl. 6—7 að kvöldi þessa sama dags sá vitnið kærða aftur, og kveðst þá ekki hafa séð nein áfengisáhrif á honum. Við þetta tækifæri hafi kærði sagt vitninu frá óförum sínum

og handtöku, og segist það þá hafa spurt hann, hvort hann hefði neytt annars og meira áfengis en þess, sem þeir neyttu saman fyrr um daginn, þar til hann var handtekinn síðar um daginn, og hafi kærði svarað þessari spurningu neitandi.

Samkvæmt atvikalýsingunni hér að framan telst, þrátt fyrir mikið alkóhólmagn í blóði kærða, er hann var handtekinn, ekki nægilega sannað, að hann hafi verið með áhrifum áfengis, þegar hann ók bifreiðinni R 3013 þann 23. des. s. l., enda hefur enginn þeirra, sem sáu kærða um það leyti, sem margnefndur árekstur varð, borið, að sést hafi á honum áfengisáhrif eða hann borið með sér nein ölvunareinkenni. Samkvæmt þessu þykir verða að sýkna kærða af kæru valdstjórnarinnar um brot gegn áfengislögunum nr. 33 9. janúar 1935.

Hins vegar verður að telja sannað, að kærði hafi ekki á tryggilegan hátt getað stjórnað bifreið þann 23. desember s. l. vegna áfengisneyzlu hans undanfarandi nótt, enda bendir aksturslag hans um það leyti, sem margnefndur árekstur varð, ótvírætt til þess. Telst hann með því að aka bifreið í slíku ástandi hafa brotið 3. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941.

Einnig telst kærði með því að aka bifreið viðstöðulaust af hliðargötu inn á fjölfarna aðalgötu og valda þar bifreiðaárekstri hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaganna og 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930.

Hins vegar telst brot kærða ekki falla undir fyrirmæli nr. 4/1943 um aðalbrautir og hliðarbrautir í nágrenni Reykjavíkur, og ber því að sýkna hann af kæru valdstjórnarinnar um brot gegn nefndum fyrirmælum.

Refsing kærða þykir samkvæmt 38. gr. bifreiðalaganna og 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur hæfilega ákveðin 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá þykir rétt samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna að svipta kærða leyfi til að aka bifreið í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber kærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Baldvins Jónssonar hdl., kr. 300.00.

Á rekstri máls þessa hefur orðið allmikill dráttur. Stafar hann sumpart af því, að skipuðum verjanda kærða var var veittur framlengdur frestur til að skila vörn sinni fyrir kærða, en sumpart stafar dráttur þessi af óvenjulegum önnum við embættið.

Dómsorð:

Kærði, Gunnlaugur Bjarnason Melsted, greiði 1000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Baldvins Jónssonar hdl., kr. 300.00.
Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. febrúar 1950.

Nr. 113/1948. **Trans-Ocean, vöru- og skipamiðlun h/f**
(Magnús Thorlacius)
gegn
Dánarbúi Garðars Þorsteinssonar og gagnsök
(Gústaf A. Sveinsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Skuldamál. Þóknun fyrir milligöngu um sölu fisks.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. sept. 1948, krefst þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 3223.27 ásamt 6% ársvöxtum frá 31. desember 1941 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. febrúar 1950, áfrýjað málinu með stefnu s. d. Krefst hann sýknu og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir gögnum málsins verður að skýra lögskipti aðaláfrýjanda og Garðars heitins Þorsteinssonar þannig, að aðaláfrýjandi hafi tekizt á hendur að vera milligöngumaður milli Garðars og fisksölufyrirtækis í Englandi um sölu fisks. Hafa ekki í málinu verið færðar sönnur á það, að aðaláfrýjandi hafi vanrækt þenna starfa, svo að hann sé bótaskyldur gagnvart gagnáfrýjanda vegna tjóns, sem hann kann að hafa beðið af völdum hins brezka sölufyrirtækis. Ber því að taka til greina kröfu aðaláfrýjanda um greiðslu á kr. 3223.27 ásamt 6% ársvöxtum frá 31. desember 1941 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma gagnáfrýjanda til greiðslu málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðin kr. 1600.00.

Gústaf A. Sveinsson hæstaréttarlögmaður gerði ekki ráðstafanir til að afla gagnáfrýjunarleyfis á dómi í máli þessu, er upp var kveðinn 8. júlí 1948, fyrr en 3. þ. m., þegar sá tími var liðinn, er hann gat vænzt að fá slíkt leyfi. Verður að víta þessa vangæzlu.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Dánarbú Garðars Þorsteinssonar, greiði aðaláfrýjanda, Trans-Ocean, vöru- og skipamiðlun h/f, kr. 3223.27 ásamt 6% ársvöxtum frá 31. desember 1941 til greiðsludags og kr. 1600.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. júlí 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. f. m., hefur Þórhallur bókavörður Þorgilsson f. h. Trans-Ocean, vöru- og skipamiðlunar h/f, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 30. október 1944 gegn Garðari hæstaréttarlögmanni Þorsteinssyni, hér í bænum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 3223.27 auk 6% ársvaxta frá 31. desember 1941 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur látizt undir rekstri málsins, og kemur dánarbú hans í stað hans, og eru dómkröfur stefnda þær, að það verði sýknað af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati dómara. Enn fremur hefur stefnda áskilið sér rétt til að heimta í sérstöku máli kröfur, er það telur sig eiga á hendur stefnanda út af viðskiptum þeim, er greinir í þessu máli.

Málavextir eru þessir.

Á árinu 1941 annaðist stefnandi sölu á ísvörðum fiski í Englandi fyrir stefnda. Hófust skipti aðilja með því, að stefnandi seldi hinn 9. febr. 1941 100 kassa af fiski fyrir stefnda og félaga hans. Voru þau skipti gerð upp að fullu og stefnanda greidd 2% söluverðs í umboðslaun. Eftir það seldi stefnandi fisk stefnda gegn 1% umboðslaunum, og var magn hins selda þetta: Hinn 18. marz s. á. 150 kassar, 22. marz 630, 21.—26. marz 250, 12. apríl 125 og 26. s. m. 200 kassar. Voru allar þessar sölur gerðar upp, nema tvær þær síðustu. Vegna sölu þeirrar, er fram fór hinn 12 apríl, telur stefnandi stefnda skulda sér kr. 345.12 fyrir útlögð gjöld og umboðslaun

auk kr. 23.69, er ofgreiddar voru stefnda, en vegna síðustu sölunnar kr. 586.09 í umboðslaun og útlögð gjöld auk ofgreiðslu, er nam kr. 2268.37. Fjárhæðir þessar samtals nema stefnukröfunni í málinu.

Stefndi hefur eigi véfengt útreikning né grundvöll kröfugerðar stefnanda, en byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi beðið tjón af umboðsmennsku stefnanda, og hafi það numið kr. 3624.22, er stefnanda beri að bæta.

Stefnandi hefur talið sér þessar gagnkröfur óviðkomandi, þar sem hann hafi aðeins komið fram sem vörumiðlari en ekki sem söluumboðsmaður stefnda.

Stefndi heldur því fram, að þessi málsástæða stefnanda hafi ekki við rök að styðjast, þar sem ljóst sé af skjölum málsins, að fiskurinn var seldur í Englandi fyrir stefnanda og hafi hann því komið fram sem söluumboðsmaður stefnda, og auk þess viðurkennir stefndi ekki, að aðrar reglur hafi gildi hér á landi um vörumiðlun en söluumboð.

Af gögnum málsins, þar á meðal lýsingu stefnanda á viðskiptasambandi aðilja, þykir ekki unnt að ráða annað en að starf stefnanda hafi verið venjuleg umboðssala, og er því ekki unnt að hrinda gagnkröfum stefnda af þeirri ástæðu, sem stefnandi hefur fært fram samkvæmt framanrituðu.

Greindar kröfur stefnda eru í tveim liðum. Er hinn fyrri byggður á því, að stefnda hafi hvorki verið skilað kössum þeim, sem fiskurinn var sendur í til Englands, né andvirði þeirra. Kveðst hann hafa kvartað um þessi vanhöld við stefnanda þegar í stað og að svo hafi virzt, sem stefnandi áliti þær kvartanir á rökum reistar, þar eð hann hafi skrifað verzlunarfélagi því, er sá um fisksöluna erlendis, og spurzt fyrir um þetta atriði. Heldur stefndi því fram, að sú venja hafi ríkt í þessum efnum, að eiganda fisksins væru endursendir kassarnir eða andvirði þeirra, ef þeir voru seldir erlendis. Reiknar stefndi andvirði hvers kassa 6 pence, og því samtals fyrir 1355 kassa £ 33-17-6, eða kr. 883.80 miðað við gengi £ í íslenzkum krónum 26.09.

Nokkrir menn, er reynslu hafa um fisksölu til Englands á framangreindu tímabili, hafa komið fyrir dóm sem vitni í máli þessu. Með vætti þeirra verður að telja sönnur færðar á framangreindar staðhæfingar stefnda um venju þá, er gilti að þessu leyti, enda virðist stefnandi sjálfur hafa kannazt við hana, að því er bezt verður séð af bréfi hans dagsettu 18. júlí 1941 til umboðsmanna hans í Englandi (dómskjal nr. 22). Eigi verður talið, að stefnanda hafi verið heimilt að samþykkja það fyrir hönd stefnda, án sérstaks samkomulags, að vikið var frá venju þessari, og þykir því verða að taka til greina þessa kröfu stefnda, enda hefur stefnandi ekki gegn andmælum stefnda fært sönnur á þá staðhæfingu sína, að stefndi hafi borið meira úr býtum fyrir fisk sinn en orðið hefði, ef hann hefði fengið aftur kassana eða þeir verið seldir sérstaklega.

Síðari kröfulið sinn styður stefndi þeim rökum, að umboðsmenn stefnanda erlendis hafi reiknað sér óhæfilega há sölulaun af fisk stefnda. Kveður stefndi það hafa verið almenna venju í þessum efnum, að umboðslaun þessi væru reiknuð 3% eða í mesta lagi 4% af söluverðinu, en

hann hafi hins vegar verið látinn greiða 7% auk framangreinds 1% til stefnanda sjálfs. Samtals kveðst stefnandi hafa greitt umboðslaun erlendis £231-5-0, en telur, að rétt umboðslaun hafi átt að vera £126-4-3. Mismuninn, £105-0-9, eða kr. 2740.42 miðað við sama gengi, er fyrr segir, telur hann stefnanda skyldan til að bæta sér.

Stefnandi hefur haldið því fram, að hann hafi sent stefnda skilagrein hinna erlendu umboðsmanna ásamt sinni eigin skilagrein hverju sinni, er aðiljar gerðu upp viðskiptin, og verður málflutningur stefnda vart skilinn á annan veg en að svo hafi verið, enda hafa báðir aðiljar lagt fram eintök af tveim hinna erlendu skilagreina. Þótt eintökum þessum beri ekki saman í hvívetna, er það þó sameiginlegt með þeim, að skýrt má af þeim ráða það, að sölulaun (commission) erlendis var 7% söluverðsins. Verður því að líta svo á, að stefnda hafi mátt vera þetta ljóst eigi löngu eftir upphaf viðskipta þessara. Hins vegar verður ekki séð, að af hans hálfu hafi verið hreyft athugasemdum í þessa átt fyrr en í flutningi máls þessa. Þykir stefndi því hafa með fyrirvaraleysi sínu um svo langan tíma firrt sig þeirri aðstöðu, sem hann kynni annars að hafa haft til að byggja rétt á fjárhæð sölulaunanna. Er því ekki unnt að taka til greina kröfu hans að þessu leyti.

Svo sem fyrr var minnzt á, hefur stefndi áskilið sér rétt til að heimta kröfur út af skiptum þessum, og var þar átt við mismuninn á stefnukröfunni og framangreindum kröfum stefnda, svo og það fé, sem stefndi telur sig eiga hjá stefnanda vegna þess, að skilagreinir þær, er stefndi hefur í höndum, sýna lægra söluverð en þær, sem stefnandi hefur lagt fram í málinu.

Úrslit málsins verða samkvæmt framanrituðu þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 3223.27 að frádregnum framangreindum kr. 883.80, eða kr. 2339.47 með 6% ársvöxtum, sem teljast frá stefnudegi, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna. Dómur var upp kveðinn í máli þessu hinn 11. júlí 1946, en með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 18. maí s. l., var sá dómur ómerktur og málinu vísað heim í hérað til málflutnings og dómsálagningar af nýju.

Dómsorð:

Stefndi, dánarbú Garðars Þorsteinssonar, greiði stefnanda, Trans-Ocean, vöru- og skipamiðlun h/f, kr. 2339.47 með 6% ársvöxtum frá 30. október 1944 til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. febrúar 1950.

Nr. 164/1949. **Ágúst Jónsson** (Magnús Thorlacius)
gegn
Búkollu h/f (Enginn).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar og hrd. Þórður Eyjólfssonar.

Dómi í skuldamáli og fjárnámsgerð áfrýjað til staðfestingar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. desember f. á., að fengnu áfrýjunarleyfi s. d. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og fjárnámsgerðar, sem framkvæmd var 18. ágúst 1948. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi lét sækja þing, er málið var þingfest í Hæstarétti, en síðar, er það var fyrir tekið, kom enginn af hans hendi. Hefur málið því verið flutt skriflega eftir 1. tölul. 38. gr. laga nr. 112/1935, og er dæmt samkvæmt framlögðum skilríkjum.

Með því að engir þeir gallar eru á hinum áfrýjuðu dómsathöfnum, er séu staðfestingarkröfu áfrýjanda til fyrirstöðu, ber að taka hana til greina.

Stefndi hafði áfrýjað máli þessu til breytingar með stefnu 25. ágúst 1948, en útivistardómur gekk í því máli 2. des. 1949, eftir að stefndi hafði ekki látið sækja þing. Áfrýjandi óskaði þá uppboðs af nýju, og skyldi það fram fara 17. des. f. á. Stefndi áfrýjaði málinu enn með stefnu 15. s. m., en því máli var vísað ex officio frá Hæstarétti með dómi 31. jan. þ. á. Að svo vöxnu máli þykir áfrýjandi hafa haft ástæðu til að bera málið undir Hæstarétt, og þykir því rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda kr. 600.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð eiga að vera óröskuð.

Stefndi, Búkolla h/f, greiði áfrýjanda, Ágúst Jónssyni, kr. 600.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. júní 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. f. m., hefur Ágúst Jónsson, rafvirkjameistari hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 24. f. m. gegn h/f Búkollu til greiðslu skuldar fyrir vinnu og efni að fjárhæð kr. 22773.49 með 6% ársvöxtum frá 18. marz 1948 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, þar með talins löghaldskostnaðar. Einnig hefur stefnandi krafizt þess, að staðfest verði löghaldsgerð á eignum stefnda, sem fram fór 21. maí s. l. til tryggingar dómkröfunum.

Stefnda hefur hvorki sótt þing né sækja látið, þótt því sé löglega stefnt. Ber því samkvæmt ákvæðum 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Þar eð þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti. Einnig ber að staðfesta framangreinda löghaldsgerð. Málskostnaður, þar með talinn kostnaður við löghaldsgerð, telst hæfilega ákveðinn kr. 1850.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Framangreind löghaldsgerð er staðfest.

Stefnda, Búkolla h/f, greiði stefnanda, Ágúst Jónssyni, kr. 22773.49 með 6% ársvöxtum frá 18. marz 1948 til greiðsludags og kr. 1850.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð í fógetarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu 18. ágúst 1948.

Ár 1948, miðvikudaginn 18. ágúst, var fógetaréttur Gullbringu- og Kjósarsýslu settur að Laxnesi í Mosfellssveit og haldinn af fulltrúa sýslumannsins Kristni Ólafssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir tekið:

Skv. kröfu Magnúsar Thorlacius hrl. f. h. Ágústs Jónssonar að gera fjárnám í eignum Búkollu h.f. til tryggingar greiðslu á dómskuld að upphæð kr. 22773.49 ásamt 6% ársvöxtum frá 18/3 1948 til greiðsludags, kr. 1850.00 í málskostnað, kr. 49.00 fyrir birtingu og endurrit, og alls kostnaðar annars.

.....

Þá lýsti fógeti yfir, að hann gerði fjárnám að geymdum rétti 3ja manns í hinum uppskrifuðu gripum og útungunarvél til tryggingar framangreindri dómskuld ásamt kostnaði og vöxtum og bryndi fyrir umboðsmanni gerðarþola, að ekki mætti ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, að færi í bága við gerð þessa, að viðlagðri lagaábyrgð.

Miðvikudaginn 15. febrúar 1950.

Nr. 77/1949. **Ákæruvaldið** (Tómas Jónsson)
gegn
Albert Devos (Theódór B. Líndal).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Lúðvík Ingvarsson, sýslumaður í Suður-Múlasýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Forstöðumaður Stýrimannaskólans í Reykjavík hefur eftir uppsögu héraðsdóms markað á sjóuppdrátt stað varðskipsins samkvæmt mælingum 1. stýrimanns þess, er það hafði numið staðar hjá togaranum Van der Weyden O 293 kl. 10.45 umræddan dag. Reyndist staðurinn vera 1.3 sjómílur innan landhelgislínu. Þar eð þá var nýlokið við að draga inn vörpu togarans, er sannað, að ákærði hefur verið að veiðum í landhelgi. Hefur hann því gerzt sekur við þau lagaákvæði, sem í héraðsdómi greinir.

Samkvæmt þessu og að því athuguðu, að íslenzk króna jafngildir nú 23.594 aurum gulls, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 42500 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og um málskostnað staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, 900 krónur til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Albert Devos, greiði 42500 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í

stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og um greiðslu málskostnaðar í héraði staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Tómasar Jónssonar og Theodórs B. Líndals, kr. 900 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Suður-Múlasýslu 3. marz 1949.

Mál þetta er höfðað gegn kærða fyrir brot gegn lögum um bann gegn botnvörpuveiðum nr. 5/1920, sbr. lög nr. 4/1924.

Kærður er Albert Devos, skipstjóri á botnvörpungnum Van der Weyden O 293 frá Ostende í Belgíu. Hann kveðst fæddur 13/9 1914 í Ostende. Hann hefur ekki áður, svo að vitað sé, orðið brotlegur við íslenzk lög.

Í fyrramorgun sigldi varðskipið Óðinn fram hjá Ingólfshöfða á austurleið. Sást þá skip að veiðum nærri landi. Kl. 10.30 var gerð staðarákvörðun á varðskipinu: Lómagnúpur $\neq$ Salthöfða og $>$ til Ingólfshöfða 46° 00′. Skipið, sem var að veiðum, miðaðist þá hér um bil í m/v NA ½ N, og hlýtur það samkvæmt því að hafa verið innan landhelgi. Sigldi varðskipið í áttina til þessa skips. Sást, að það var að draga inn vörpu. Að skipinu var skotið einu aðvörunarskoti, og stöðvaði það þá ferð. Kl. 10.45 var komið að skipinu, sem reyndist vera togarinn Van der Weyden O 293 frá Ostende. Varpa skipsins var komin á þilfar, hlerar í gálgum utan borðs og lifandi fiskur á þilfari. Er komið var að togaranum, var gerð staðarákvörðun um borð í varðskipinu.

Ingólfshöfði
$>$ 35° 36′
Salthöfði
$>$ 93° 10′
Rákartindur
Dýpi 35 metrar.

Samkvæmt þessu hefur skipið verið 1.3 sjómílur innan við landhelgislínu. Engu dufli var varpað út, er togarinn var tekinn, veður var þá bjart, skyggni mjög gott, NA gola, dálítil alda. Tveir menn voru settir um borð í togarann. Var síðan haldið til Eskifjarðar og komið þangað í gær kl. 3.20 f. h.

Kærði hefur hvorki viljað játa né neita, að skip hans hafi verið innan landhelgi, er það var tekið, en hefur játað, að hafa verið að veiðum. Kvaðst hann hafa gert staðarákvörðun, er skip hans var tekið, með því að rétta út hönd í átt til kennileita og miða áttir við áttavita í stýrishúsi.

Staðarákvörðun hans er þessi: Ingólfshöfði V ¼ S, Tvísker NA til A ¾ A. Dýpi 39 enskir faðmar. Ef staðarákvörðun þessi væri rétt, hefði togarinn verið utan landhelgislínu, er hann var tekinn. Kærði hefur sagt, að frá tökustaðnum hafi verið siglt í stefnu NA til A. Er siglt hafi verið 7.6 enskar mílur, hafi Tvísker verið þvert á stjórnborða.

Við staðarákvarðanir varðskipsins, sem um getur að framan, voru Garðar Pálsson, 1. stýrimaður á varðskipinu Óðni, og Eyjólfur Hafstein, skytta, sem lokið hefur farmannaprófi frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík. Hafa þeir verið leiddir sem vitni í máli þessu og staðfest framburð sinn með eiði, þar á meðal að staðarákvarðanir þeirra væru nákvæmar og réttar. Hafa þeir borið, að Tvísker hafi ekki sézt frá þeim stað, er togarinn var tekinn.

Eftir því, sem nú hefur verið rakið, verður rétturinn að leggja staðarákvarðanir varðskipsins til grundvallar í málinu. Samkvæmt því verður að telja sannað, að kærði hafi gerzt brotlegur við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4/1924.

Refsing kærða þykir með tilliti til gullgildis íslenzkrar krónu í dag hæfilega ákveðin kr. 29500 í sekt. Sektin renni til Landhelgissjóðs Íslands. Verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, afplánist hún með varðhaldi í 7 mánuði.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir um borð í togaranum Van der Weyden O 293 skal upptækt gert til sama sjóðs. Kærði greiði allan sakarkostnað.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Albert Devos, greiði 29500 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands.

Sektin greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella í varðhaldi í 7 mánuði.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir um borð í togaranum Van der Weyden, skal upptækt til sama sjóðs.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. febrúar 1950.

Nr. 116/1949. **Ákæruvaldið** (Einar Arnórsson)
gegn
Vilhjálmi Val Sverri Sigurjónssyni
(Guttormur Erlendsson)
og
Jóni Finnbogasyni (Ragnar Ólafsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Líkamsáverki. Brot gegn bifreiðalögum og umferðarlögum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði Vilhjálmur gætti ekki nægilegrar varúðar, er hann ók út á hála Suðurlandsbrautina, og hefur með því brotið lagaákvæði þau, sem til er vitnað í hinum áfrýjaða dómi. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 800 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 8 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna nr. 23/1941 þykir rétt að svipta ákærða leyfi til að stjórna bifreið 3 mánuði.

Ákærði Jón ók með of miklum hraða austur hála Suðurlandsbrautina og gætti þess ekki að hægja á sér, eftir að hann hafði séð, að ólag var á akstri bifreiðar ákærða Vilhjálms og hún var komin út á nyrðri helming vegarins. Hefur hann með þessu brotið lagagreinar þær, sem getur í héraðsdómi, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 1500 króna sekt í ríkissjóð. Verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, komi í hennar stað 12 daga varðhald. Samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 þykir bera að svipta ákærða ökuleyfi 6 mánuði.

Ákærðu greiði hvor um sig skipuðum verjanda sínum í Hæstarétti málsvarnarlaun, er ákveðast kr. 500.00. Allan annan kostnað sakarinnar greiði ákærðu in solidum, þar með talin laun sækjanda í Hæstarétti, kr. 700.00.

Það er aðfinnsluvert, að ekki hefur verið leitt í ljós, hvernig færi var á götum Reykjavíkur og nágrennis um það leyti, er slys þetta varð, og lýsingu á slysstað er ábótavant. Rannsókn málsins fyrir dómi hefur og dregizt um skör fram.

Dómsorð:

Ákærði Vilhjálmur Valur Sverrir Sigurjónsson greiði 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 8 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann er sviptur ökuleyfi 3 mánuði.

Ákærði Jón Finnbogason greiði 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann er sviptur ökuleyfi 6 mánuði.

Ákærði Vilhjálmur Valur Sverrir Sigurjónsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Guttorms Erlendssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.00.

Ákærði Jón Finnbogason greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.00. Allan annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, Einars Arnórssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 700.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar hrd.

Það stafaði af ógætni ákærða Vilhjálms Sigurjónssonar, að bifreið hans barst yfir á hægri vegarhelming. Tel ég brot hans því einnig varða við 6. gr. laga nr. 24/1941. Þegar ákærði Vilhjálmur varð þess var, að hann gat ekki komið bifreiðinni yfir á vinstri vegarhelming, hlaut hann að sjá, að hætta var á árekstri. Bar honum þá samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 28. gr. laga nr. 23/1941 að gefa hljóðmerki. Í stað þess deplaði hann ljósunum, en það merki kveðst ákærði Jón Finnbogason ekki

hafa skilið. Með því að láta hjá líða að gefa hljóðmerki, þótt nægjanlegt svigrúm virðist hafa verið til þess, tel ég ákærða Vilhjálm hafa brotið gegn áðurnefndri 1. mgr. 28. gr. bifreiðalaganna.

Ég get fallizt á ákvæði dómsatkvæðisins um refsingu ákærða Vilhjálms Sigurjónssonar, en refsingu ákærða Jóns Finnbogasonar tel ég hæfilega ákveðna 1200.00 króna sekt, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Að öðru leyti er ég samþykkur dómsatkvæðinu.

Dómsorð mitt verður því samhljóða að öðru leyti en því, að í stað „Ákærði Jón Finnbogason greiði 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa," komi:

Ákærði Jón Finnbogason greiði 1200 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 11. des. 1948.

Ár 1948, laugardaginn 11. desember, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5843—'44/1948: Réttvísin og valdstjórnin gegn Vilhjálmi Val Sverri Sigurjónssyni og valdstjórnin gegn Jóni Finnbogasyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn ákærða Vilhjálmi Val Sverri Sigurjónssyni bifreiðarstjóra, Strandgötu 41, Hafnarfirði, fyrir brot gegn XXIII. kafla hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930, og af valdstjórnarinnar hálfu er málið höfðað gegn kærða Jóni Finnbogasyni vátryggingarmanni, Kópavogsbletti 179 í Kópavogshreppi, fyrir brot gegn nefndum bifreiðalögum, umferðarlögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Báðir eru þeir ákærði og kærði komnir yfir lögaldur sakamanna, ákærði er fæddur 1. marz 1918 í Reykjavík og hefur hann, svo að vitað sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1938 10/11 Áminning fyrir ljósleysi á reiðhjóli.
1947 15/7 Sátt: 40 kr. sekt, fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1948 30/1 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1948 24/5 Áminning fyrir ofhraða á bifreið.
1948 26/6 Áminning fyrir ofhraða á bifreið.

Kærði Jón er fæddur 1. október 1907 að Búðum á Snæfellsnesi, og hefur hann, svo að vitað sé, sætt eftirfarandi kærum og refsingum:

1947 2/12 Sátt: 60 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
1948 15/1 Sátt: 30 kr. sekt fyrir ólögl. bifreiðastæði.
1948 7/4 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði og ólæsilegt skrásetningarmerki bifreiðar.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Um kl. 4.50 e. h. fimmtudaginn 4. desember 1947 ók ákærði Vilhjálmur bifreið sinni R 1021 niður veginn, sem liggur frá svonefndu Múlaskálahverfi hér innan við bæinn í áttina að Suðurlandsbraut, sem hann beygði síðan inn á til vesturs. Kveðst hann nærri hafa stöðvað bifreiðina, áður en hann ók inn á Suðurlandsbraut, og ekið því mjög hægt, er hann beygði inn á hana. Er það lausleg ágizkun hans, að hraði bifreiðarinnar hafi þá verið um 15 km miðað við klst, og hafi hreyfill hennar þá verið tengdur í 2. ganghraðastig. Þegar hér var komið, kveðst ákærði Vilhjálmur hafa veitt athygli bifreið nokkurri, sem ók austur Suðurlandsbrautina á móti honum, og var hún þá stödd við brúna við Lækjarhvamm, alllangt fyrir vestan umrædd vegamót. Bifreið þessi ók með ljósum, enda mun hafa verið orðið aldimmt. Sjálfur kveðst og ákærði hafa haft lágu ljósin á bifreið sinni. Þegar ákærði Vilhjálmur beygði bifreið sinni inn á Suðurlandsbrautina og hugðist síðan aka vestur eftir henni, segir hann bifreiðina ekki hafa látið að stjórn vegna þess, að ísing mikil var á brautinni, sem er þarna steinsteypt. Rann því bifreiðin yfir á hægri (nyrðri) vegarhelming brautarinnar. Kveðst ákærði Vilhjálmur nú hafa stöðvað bifreið sína, en ekið síðan af stað aftur og jafnframt reynt að sveigja bifreiðinni yfir á syðri (vinstri) vegarhelming, en ekki hafi þetta tekizt, þar eð framhjólin hafi verið mjög skökk eftir beygjuna inn á veginn og bifreiðin ekki beygt eftir stefnu þeirra vegna hálkunnar á veginum. Bar nú bifreiðina, sem kom akandi austur veginn og áður er nefnd, en síðar reyndist vera bifreiðin R. 4285, brátt að, og kveðst ákærði hafa „blikkað" með ljósum bifreiðar sinnar til þess að vekja athygli stjórnanda bifreiðar þessarar á sér, en ekki hafi ráðstöfun þessi borið tilætlaðan árangur, því að um 10—15 metrum, að því er ákærði Vilhjálmur telur, fyrir vestan vegamót Suðurlandsbrautar og vegarins, sem liggur frá Múlaskálahverfi, hafi bifreiðin R. 4285 skollið á framenda bifreiðar ákærða Vilhjálms, sem hann segist þá um það bil hafa verið að stöðva. Við áreksturinn köstuðust báðar bifreiðarnar til á brautinni, en bifreiðin R 4285 þó meira, og var hún nokkuð þver fyrir á veginum eftir áreksturinn. Ekki kveðst ákærði Vilhjálmur geta sagt fyllilega um, hvort bifreiðin R 4285 hafi verið á mikilli ferð, þegar áreksturinn varð, en telur þó hraða hennar þá hafa verið talsverðan. Þar sem áreksturinn varð, mun vegurinn vera um 6 metra breiður, malbikaður, eins og fyrr segir, en beggja megin við hinn malbikaða veg er um 4 metra breiður malarvegur, og hefur ákærði Vilhjálmur látið þess getið, að hann telji stjórnanda bifreiðarinnar R 4285 myndi hafa getað forðað árekstri með því að beygja út á malarveginn norðan við steyptu brautina og aka þannig fram hjá bifreið sinni (ákærða Vilhjálms). Báðar bifreiðarnar, sem hlut áttu að árekstri þessum, voru

snjókeðjulausar, enda var jörð auð, þegar árekstur inn varð, en ísing á veginum, a. m. k. Suðurlandsbrautinni.

Þegar árekstur þessi varð, kveðst ákærði Vilhjálmur hafa verið orðinn vanur að aka bifreið, og ekki kveðst hann að neinu leyti hafa verið illa fyrir kallaður til að aka bifreið dag þann, sem hér ræðir um.

Báðar bifreiðarnar (R 1021 og R 4285) skemmdust mikið við áreksturinn og auk þess slasaðist kærði Jón og farþegi, sem þá var í bifreiðinni R 4285, og verður þeirra og meiðsla þeirra nánar getið síðar. Enn fremur kveðst kærði Vilhjálmur hafa hlotið taugaáfall við áreksturinn, en kvaðst fyrir löngu vera búinn að jafna sig eftir það, þegar skýrsla var tekin af honum þann 7. apríl s. l.

Kærði Jón hefur skýrt þannig frá við rannsókn málsins.

Hann kveðst, áður en umræddur árekstur varð, hafa ekið austur Suðurlandsbraut og haldið bifreið sinni á vinstri vegarhelmingi miðað við stefnu í þá átt. Gizkar hann á, að hann hafi ekið með um 20 km hraða miðað við klst., áður en áreksturinn varð. Kveðst hann hafa séð til ferða bifreiðarinnar R 1021, er hún var að aka niður á Suðurlandsbrautina af veginum, sem liggur frá Múlaskálahverfi, en haldið fyrst í stað, að bifreið þessi myndi aka niður af Suðurlandsbrautinni aftur. Ekki hafi þó þetta orðið, og man kærði Jón það síðast, að bifreið þessi kom akandi beint á móti bifreið hans á röngum (hægri) vegarhelmingi, en ók hægt, og virtist honum, sem hún væri þá að nema staðar. Kærði Jón kveðst ekki hafa þorað vegna hálkunnar á veginum að hemla nema lítið eitt. Hann segir bifreiðina (R 1021) hafa ekið með lægri ljósum, og það hafi hann einnig gert. Hann hefur látið þess getið, að hann minnist þess óljóst, að hann hafi séð bifreiðina R 1021 „depla" með ljósum sínum, áður en áreksturinn varð, en ekki kveðst hann hafa skilið, hvað það átti að þýða.

Við áreksturinn missti kærði Jón meðvitund og fékk hana ekki aftur, fyrr en búið var að flytja hann á Landspítalann. Hlaut hann allmikil meiðsli, sem Pétur H. Jakobsson, læknir, hefur lýst þannig í vottorði útgefnu þann 8. apríl s. l.:

„Jón Finnbogason, fæddur 1. okt. 1907, Kv. tryggingamaður, Kópavogsbraut 137, Kópavogshrepp, lenti í bílslysi þann 4. des. 1947, var meðvitundarlaus í hálfa klukkustund, með heilahristing og öll einkenni um brot í kúpubotn: mikið blóðhlaup fram í vinstri augntóft og taugaverki. Enn fremur kramdist brjóstkassinn. Hann lá einn mánuð, framan af með mikilli vanlíðan og fram í marzmánuð höfuðverk stöðugan, og gekk því ekki heill til vinnu, fyrr en komið var fram í marzmánuð. Enn eru þreyta og verkjaflog í höfði af og til, og hann þreytist fljótt við allt, sem þarf hugsun við".

Þegar kærði Jón var yfirheyrður þann 2. október s. l. kvaðst hann að mestu vera búinn að ná sér eftir meiðsli þessi. Þó kveðst hann þá enn finna einstöku sinnum til sviða ofan í höfðinu og finna auk þess til doða í vinstri augabrún einstöku sinnum.

Eins og fyrr er getið, var einn farþegi í bifreiðinni R 4285, þegar marg-

nefnt slys varð. Heitir hann Friðjón Jóhannsson, sjómaður, skála nr. 39 B í Laugarnesi, hér í bæ, og hefur hann sem vitni skýrt þannig frá við rannsókn málsins:

Það telur, að bifreiðinni R 4285 hafi verið ekið með um 20—25 km. hraða miðað við klst., um það leyti sem slysið varð, og hafi henni þá verið haldið á vinstri vegarhelmingi. Ekki kveðst vitnið muna, hvort bifreið þessi hafi hægt á ferðinni, áður en áreksturinn varð, og ekki segist það geta sagt um hraða bifreiðarinnar R 1021, um það leyti, sem slysið vildi til, enda hafi það ekki veitt þessari bifreið athygli, fyrr en rétt um leið og áreksturinn varð. Þó minnist það þess, að bifreið þessari var ekið sitt á hvað á veginum, rétt áður en áreksturinn varð, og kveðst það hafa getið um þetta við kærða Jón. Eftir þetta man vitnið ekki hvað gerðist um stund, því að það missti meðvitund við áreksturinn og hlaut allmikil meiðsli, sem þeir læknarnir Karl S. Jónasson og Eyþór Gunnarsson hafa lýst þannig í vottorðum, útgefnum þann 26. júlí og 23. júlí s. l.:

„Friðjón Jóhannsson, f. 11/6 1910, Laugarneskamp 39 B, varð fyrir bifreið 4/12 1947, og sá ég hann daginn eftir. Hafði hann þá einkenni um heilahristing og sár á hægri augabrún ásamt glóðarauga þeim megin. Ég ráðlagði honum rúmlegu, og lá hann heima þar til 27/12 1947, að hann var lagður inn í Landakotsspítala vegna þess, að hann þjáðist af áköfum höfuðverk og svima. Í Landakotsspítala lá hann þar til 1/7 1948, lengi vel illa haldinn af höfuðverk og svima. Endurteknar RÖ-myndir af höfði gáfu ekki greinileg einkenni um beinbrot, en þó voru nokkrar líkur til, að eitt höfuðbeinið hefði sprungið við áverkann.

Sjúklingurinn var útskrifaður 1/7 1948, einkennaminni, en þó ekki heilbrigður að fullu".

„Friðjón Jóhannsson varð fyrir bílslysi 4. des. 1947. Síðan suða fyrir vinstra eyra. Heyrn lítið eitt minni á því eyra. Suðan og heyrnartapið vafalaust afleiðing slyssins".

Þegar vitnið Friðjón var yfirheyrt þann 7. september s. l., kvaðst það ekki enn vera nærri búið að ná sér eftir þessi meiðsli. Kvaðst það þá enn vera undir læknishendi og hafa þrautir í höfði nærri að staðaldri vegna áverka þeirra, sem það hlaut í slysinu, að því er það taldi.

Eftir að margnefnt slys varð, fóru lögreglumennirnir Friðrik Jónsson og Jón Jóhannsson á slysstaðinn. Voru þar þá báðar bifreiðarnar, sem hlut áttu að árekstrinum, svo og ákærði Vilhjálmur, en þeir kærði Jón og Friðjón Jóhannsson, sem báðir höfðu hlotið meiðsli við áreksturinn, eins og fyrr segir, voru hins vegar báðir farnir af staðnum, höfðu þeir verið fluttir á Landspítalann. Báðir telja þeir lögreglumennirnir hafa verið hálku á veginum, þegar slysið varð. Segir Friðrik þá hafa verið snjókoma öðru hvoru, en Jón minnir, að vegurinn hafi verið auður og snjólaus.

Samkvæmt atvikalýsingunni hér að framan telst ljóst, að báðir ákærði og kærði hafa átt sök á því, að til árekstrarins, sem hér ræðir um, kom.

Verður að telja sannað, að ákærði Vilhjálmur hafi ekið með talsverðum hraða út á Suðurlandsbrautina, úr því að hann missti stjórn á bifreið

sinni, þegar út á brautina kom, þótt hál væri. Bar honum að gæta sérstakrar varúðar, er hann ók út á nefnda braut, bæði vegna þess, að um aðalbraut er að ræða, svo og vegna þess, að hann átti að minnsta kosti að vita, að hún var mjög hál af ísingu. Enn fremur telst það athugunarleysi af hálfu ákærða Vilhjálms að rétta ekki hjól bifreiðar sinnar, eftir að hún hætti að láta að stjórn, en með því móti virðist hann myndi hafa getað ekið henni út á malarveginn norðan við steinsteypta veginn og komið henni þannig út af umferðarbrautinni.

Það telst hins vegar hafa verið aðgæzluskortur af hálfu kærða Jóns að stöðva ekki bifreið sína, er hann sá bifreið koma akandi á móti sér á röngum vegarhelmingi. Einnig hefði honum verið innan handar að aka öðru hvoru megin fram hjá bifreiðinni R 1021 og afstýra þannig árekstri, en ekki er annað vitað, en að vegurinn hafi verið auður og óhindraður beggja megin við bifreið þessa, um það leyti, sem slysið varð.

Með aðgæzluskorti sínum teljast þeir ákærði og kærði því hafa brotið 1., 4. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941 og 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930. Einnig telst ákærði Vilhjálmur hafa brotið 219. sbr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febr. 1940 með því að valda verulegum meiðslum á mönnum með akstri sínum, sem ekki telst hafa verið nægilega gætilegur.

Þykir refsing þeirra samkvæmt 38. gr. bifreiðalaganna, 14. gr. umferðarlaganna og 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur og samkvæmt 219. gr. hegningarlaganna, hvað ákærða Vilhjálm snertir, og með tilliti til 77. gr. hegningarlaganna, hvors um sig hæfilega ákveðin 600 króna sekt til ríkissjóðs, og afpláni þeir hvor um sig sekt sína með varðhaldi í 12 daga, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ákærða og kærða ber að dæma in solidum til að greiða allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Vilhjálmur Valur Sverrir Sigurjónsson, og kærði, Jón Finnbogason, greiði hvor um sig 600 króna sekt til ríkissjóðs, og afpláni þeir hvor um sig sekt sína með varðhaldi í 12 daga, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði og kærði greiði in solidum allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 17. febrúar 1950.

Nr. 3/1948. **Tryggvi Sigfússon f. h. ólögráða sonar síns Sverris** (Egill Sigurgeirsson)
gegn
borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs (Theódór B. Líndal).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Bætur vegna bifreiðarslyss.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. janúar 1948, krefst þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu kr. 21205.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 11. janúar 1947 til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir undirrétti og Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa tveir farþegar úr strætisvagninum komið fyrir dóm, og telja þeir, að vagninn muni hafa verið kominn á hreyfingu, er slysið varð.

Eigi verður talið sannað, að bifreiðarstjórinn hafi gengið úr skugga um, að afturdyrnar væru lokaðar, er hann ók af stað.

Þegar þessa er gætt, þykir rétt með skírskotun til 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23/1941 að leggja ábyrgð á tjóni áfrýjanda á stefnda.

Kröfu sína hefur áfrýjandi sundurliðað þannig:

1. Vinnutjón ..... kr. 1205.00
2. Bætur fyrir sársauka, þjáningar, lýti, óþægindi o. fl. ..... — 5000.00
3. Bætur fyrir varanlegt heilsutjón ..... — 15000.00

Um fjárhæðina eftir 1. lið er ekki ágreiningur, og ber því að taka hana til greina.

Bætur samkvæmt 2. lið þykja hæfilega ákveðnar kr. 3000.00.

3. kröfulið þykir rétt að taka til greina með kr. 10000.00.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda samtals kr. 14205.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 11. janúar 1947 til greiðsludags.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði áfrýjanda, Tryggva Sigfússyni f. h. ólögráða sonar síns Sverris, kr. 14205.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 11. janúar 1947 til greiðsludags og kr. 1500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. okt. 1947.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ. m., hefur Tryggvi Sigfússon, Herskálahverfi 38 hér í bænum, höfðað fyrir bæjarþinginu f. h. ólögráða sonar síns, Sverris Tryggvasonar, með stefnu útgefinni 11. febrúar s. l. gegn borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs til greiðslu skaðabóta vegna slysfara að fjárhæð kr. 21205.00 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa, en *til vara* lækkunar á dómkröfum stefnanda að mati dómarans og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir eru þessir:

Hinn 11. apríl 1946 var stefnandi, Sverrir Tryggvason, farþegi í strætisvagni, sem var eign stefnda. Stóð Sverrir aftarlega í vagninum. Í námunda við Bjarmaland við Laugarnesveg staðnæmdist vagninn til að hleypa út farþegum. Einn eða fleiri af farþegunum fóru út um afturdyr vagnsins. Vagninn var ekki þannig gerður, að hægt væri að loka afturdyrum hans úr sæti bifreiðarstjóra, og urðu farþegar því að annast það. Ætlaði stefnandi að loka dyrunum innan frá, er farþegarnir voru farnir út, en samtímis skellti farþegi, sem farið hafði út um afturdyrnar, hurðinni að stöfum utan frá, með þeim afleiðingum að hægri hönd stefnanda varð á milli dyrastafsins og læsingarjárns hurðarinnar. Tók framan af vísifingri hans um miðjan miðfingurköggul og nögl og framan af gómi löngutangar. Stefnandi virðist ekki hafa tekið eftir meiðslum sínum þegar í stað, og var bifreiðarstjóranum ekki gert aðvart um slysið, fyrr en að stundarkorni liðnu, er hann hafði ekið nokkurn spöl. Gerði bifreiðarstjór-

inn ráðstafanir til að koma stefnda til læknis, þegar er honum var kunnugt orðið um slysið. Er slysið vildi til, var stefnandi 16 ára að aldri og starfaði við verzlun hér í bænum. Var hann frá verkum um nokkurt skeið af völdum slyssins.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að vegna áðurgreindra slysfara hafi hann orðið fyrir atvinnutjóni, þjáningum og varanlegri örorku, sem stefnda beri að bæta, þar eð hann var eigandi bifreiðarinnar.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að bifreiðin muni hafa verið komin á hreyfingu, er slysið varð, og telur hann, að reglur 1. mgr. 34. greinar bifreiðalaganna eigi hér við. Einnig hefur stefnandi haldið því fram, að útbúnaði bifreiðarinnar hafi verið ábótavant, þar eð ekki hafi verið hægt að loka afturdyrunum úr sæti bifreiðarstjóra, og enn fremur hafi húnn afturhurðar verið of nærri dyrastaf. Þá hefur stefnandi bent á, að ósannað sé, að slá, sem átti að vera á afturhurð til að taka í, þegar henni var lokað, hafi verið á hurðinni, er slysið varð. Enn fremur sé óvíst, að ljós, sem átti að sýna bifreiðarstjóranum, hvort búið væri að loka afturdyrum, hafi verið í lagi.

Loks hefur því verið hreyft af hálfu stefnanda, að þótt fébótaábyrgð yrði ekki lögð á stefnda af neinni þeirri ástæðu, sem að framan greinir, þá sé hann allt að einu skaðabótaskyldur fyrir umrætt slys samkvæmt gildandi réttarreglum um ábyrgð á hættulegum atvinnurekstri.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að hann sé ekki skaðabótaskyldur vegna slyssins, þar eð bifreiðin hafi verið í fullkomnu lagi, er slysið varð, og bifreiðarstjórinn sýnt fulla aðgæzlu og varfærni.

Stefndi mótmælir því, að bifreiðin hafi verið komin á ferð, er slysið vildi til, og verði orsakir þess því á engan hátt raktar til hreyfingar hennar.

Ósannað er, að bifreiðin hafi verið á ferð, er slysið varð. Verður því eigi byggt á því, að slysið hafi orðið af ástæðum, sem tengdar eru sérstaklega við notkun bifreiðar framar öðrum farartækjum. Bótareglur 1. sbr. 2. mgr. 34. greinar bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 eiga hér því eigi við.

Ekki verður heldur talið, að aðrar réttarreglur leiði til þess, að bótaábyrgð vegna slyss þessa verði lögð á stefnda, enda er ekki sönnuð vangæzla bifreiðarstjórans né sýnt fram á ófullkominn umbúnað bifreiðarinnar. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna, en uppsaga hans hefur dregizt nokkuð vegna mikilla embættisanna.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Tryggva Sigfússonar f. h. Sverris Tryggvasonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 20. febrúar 1950.

Nr. 125/1949. **Ákæruvaldið** (Guttormur Erlendsson)
gegn
Finnboga Rút Valdimarssyni, Guðmundi Gestssyni, Ingjaldi Ísakssyni, Hauki Jóhannessyni, Johan Schröder, Siggeir Ólafssyni, Ingva Loftssyni, Einari Júlíussyni, Ólafi Jónssyni, Axel Ólafssyni, Þorsteini Pálssyni, Þorkeli Jónssyni, Runólfi Péturssyni, Daða Jóhannessyni og Guðna Erlendssyni
(Sigurður Ólason).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og Einar Arnalds borgardómari í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Refsing dæmd fyrir ærumeiðandi ummæli um opinberan starfsmann.

Dómur Hæstaréttar.

Telja verður, að saksókn þessi gegn ákærðu sé heimil, sbr. 27., 29. og b-lið 242. gr laga nr. 19/1940.

Í skjali því, sem mál þetta er af risið, lýsa ákærðu því m. a., „að þeir telja val hreppstjóra, sem nýlega hefur farið fram fyrir hinn nýja hrepp, hafa mistekizt svo, að ekki verði við unað". Í framhaldi af þessum ummælum lýsa ákærðu þeim kostum, er hver hreppstjóri þurfi að vera búinn, svo sem „að njóta almennrar virðingar samborgara sinna", „að vera sanngjarn maður, óhlutdrægur og orðvar og hafa jafnframt til brunns að bera nokkra þekkingu og starfshæfni". Þá segja ákærðu og, að skattborgararnir eigi meira undir því en nokkurn tíma áður, „að slíkt starf sé falið hinum trúverðustu .... mönnum, sem til þess verði fundnir". Framangreind ummæli, lesin í samhengi, verða ekki skilin öðruvísi en svo, að kæranda, Þórð Þorsteinsson hreppstjóra, bresti þá kosti og hæfi, sem tilgreind eru.

Enn viðhafa ákærðu þau ummæli í skjalinu um kæranda, „að öll framkoma hans og afskipti af hreppsmálum hafi vakið

andúð og óánægju meirihluta hreppsbúa og staðfest það álit margra, sem hann þekktu áður, að mikið vanti á, að hann sé hæfur til opinberra starfa". Loks lýsa ákærðu því áliti sínu, „að íbúum þessa hrepps almennt sé óvirðing gerð með þessari skipun".

Hin tilvitnuðu ummæli eru ærumeiðandi og móðgandi í garð kæranda, en önnur ummæli, sem saksótt er fyrir, verða ekki talin saknæm. Af gögnum málsins er að vísu ljóst, að þekkingu kæranda á stafsetningu íslenzks máls og framsetningu þess er ábóta vant, en með þessu eru þó ekki framangreind ummæli um vöntun hans á starfshæfi vegna þekkingarskorts nægjanlega réttlætt.

Önnur hin tilvitnuðu ummæli vilja ákærðu sanna með því að vísa til vættis um útistöður, sem kærandi hafi átt við nokkra hreppsbúa, svo og með því að bera honum á brýn hegðun, sem ótilhlýðileg verði að teljast. Það er bæði, að ekki liggur fyrir nægilega ljóst um aðdraganda að útistöðum þessum og að sönnur brestur fyrir þeirri hegðun af hendi kæranda, að réttlætt geti þann áburð á hendur honum um vöntun á manndyggðum, sem felst í hinum tilvitnuðu ummælum.

Varða hin tilvitnuðu ummæli við 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940. Þykir refsing hvers hinna ákærðu hæfilega ákveðin 500 króna sekt til ríkissjóðs, sem afplánist 4 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hin tilvitnuðu ummæli um kæranda skulu vera ómerk.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og um greiðslu kostnaðar af birtingu dóms í máli þessu eiga að vera óröskuð.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda í Hæstarétti, kr. 2000.00, og laun verjanda í Hæstarétti, kr. 1400.00.

Dómsorð:

Ákærðu, Finnbogi Rútur Valdimarsson, Guðmundur Gestsson, Ingjaldur Ísaksson, Haukur Jóhannesson, Johan Schröder, Siggeir Ólafsson, Ingvi Loftsson, Einar Júlíusson, Ólafur Jónsson, Axel Ólafsson, Þorsteinn Pálsson, Þorkell Jónsson, Runólfur Pétursson, Daði Jó-

hannesson og Guðni Erlendsson, greiði hver 500 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist 4 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hin tilvitnuðu ummæli um kæranda, Þórð Þorsteinsson hreppstjóra, skulu vera ómerk.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og um greiðslu kostnaðar af birtingu dóms í máli þessu eiga að vera óröskuð.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda í Hæstarétti, Guttorms Erlendssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2000.00, og laun verjanda í Hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1400.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 6. ágúst 1949.

Ár 1949, laugardaginn 6. ágúst, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á Fríkirkjuvegi 11 af Valdimar Stefánssyni, dómara samkvæmt sérstakri umboðsskrá, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2849—2863/1949: Réttvísin gegn Finnboga Rút Valdimarssyni o. fl., sem dómtekið var 2. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Finnboga Rút Valdimarssyni hreppsnefndaroddvita, Marbakka, Guðmundi Gestssyni skrifstofustjóra, Kópavogsbraut 19, Ingjaldi Ísakssyni afgreiðslumanni, Fífuhvammi, Hauk Jóhannessyni loftskeytamanni, Bankaseli, Johan Schröder garðyrkjumanni, Birkihlíð, Siggeir Ólafssyni húsasmíðameistara, Hlíðarvegi 26, Ingva Loftssyni múrara, Borgarholtsbraut 31, Einari Júlíussyni trésmið, Álfhólsvegi 15, Ólafi Jónssyni loftskeytamanni, Kópavogsbraut 23, Axel Ólafssyni verkamanni, Hlíðarvegi 3, Þorsteini Pálssyni verkamanni, Urðarbraut 3, Þorkeli Jónssyni bifvélavirkja, Neðri-Dal, Runólfi Péturssyni iðnaðarmanni, Snælandi, Daða Jóhannessyni verkamanni, Álfhólsvegi 19 og Guðna Erlendssyni kaupmanni, Kársnesbraut 12, öllum í Kópavogshreppi, fyrir brot gegn XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 til refsingar, málskostnaðargreiðslu, greiðslu kostnaðar við birtingu dómsins í opinberu blaði og til ómerkingar ummæla, sem síðar verða rakin.

Ákærðu eru komnir yfir lögaldur sakamanna, fæddir sem hér segir: Finnbogi Rútur Valdimarsson 24. september 1906, Guðmundur Gestsson 5 nóvember 1904, Ingjaldur Ísaksson 27. október 1909, Haukur Jóhannesson 15. febrúar 1915, Johan Schröder 28. janúar 1903, Siggeir Ólafsson 3.

júní 1916, Ingvi Loftsson 28. maí 1903, Einar Júlíusson 14. febrúar 1915, Ólafur Jónsson 17. ágúst 1906, Axel Ólafsson 25. október 1903, Þorsteinn Pálsson 20. janúar 1893, Þorkell Jónsson 7. maí 1906, Runólfur Pétursson 3. maí 1904, Daði Jóhannesson 2. ágúst 1895 og Guðni Erlendsson 21. desember 1915.

Ákærðu Guðmundur Gestsson, Johan Schröder, Ingvi Loftsson, Axel Ólafsson, Þorsteinn Pálsson og Daði Jóhannesson hafa hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Hinir hafa sætt þessum ákærum og refsingum:

Ákærði *Finnbogi Rútur Valdimarsson,*

1934 9/4 Dómur aukaréttar Reykjavíkur. Sýknaður af ákæru fyrir brot gegn 9. kafla hegningarlaganna. Staðfest í Hæstarétti 31/10 1934.

1947 24/10 Sátt: 75 kr. sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 27. gr. umferðarlaganna.

Ákærði *Ingjaldur Ísaksson,*

1934 23/1 Sátt: 10 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.

1934 12/11 Sátt: 5 kr. sekt fyrir afturljósleysi á bifreið.

1938 26/11 Undir rannsókn út af óspektum. Fellt niður með bréfi dómsmálaráðuneytisins 18/2 1939.

1939 24/3 Undir rannsókn út af ökuóhappi. Skýrsla send hlutaðeigandi vátryggingarfélagi. Ekki talin ástæða til málsóknar.

1941 28/1 Áminning fyrir að sinna ekki umferðarbendingu lögregluþjóns.

Ákærði *Haukur Jóhannesson,*

1942 28/8 Sátt: 25 kr. sekt fyrir að sinna ekki stöðvunarmerki lögregluþjóns.

1943 10/6 Sátt: 30 kr. sekt fyrir að hafa tvo farþega í framsæti bifreiðar.

Ákærði *Siggeir Ólafsson,*

1947 17/11 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1948 10/3 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Ákærði *Einar Júlíusson,*

1941 20/6 Dómur aukaréttar Reykjavíkur. 30 daga fangelsi, skilorðsbundið, fyrir reiðhjólsþjófnað.

1942 27/12 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Ákærði *Ólafur Jónsson,*

1929 6/7 Sátt: 10 kr. sekt, fyrir brot gegn bifreiðalögunum.

1930 12/3 Dómur Hæstaréttar, 125 kr. sekt og sviptur ökuskírteini í 4 mánuði fyrir brot gegn bifreiðalögunum og áfengislögunum.

Ákærði *Þorkell Jónsson,*

1933 6/11 Sátt: 30 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.

1938 21/9 Undir rannsókn út af ökuóhappi. Ekki talin ástæða til málsóknar.

1938 23/9 Undir sams konar rannsókn. Sams konar afgreiðsla.

1943 15/6 Sátt: 75 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.

Ákærði *Runólfur Pétursson,*

1935 30/1 Sátt: 20 kr. sekt fyrir ökuslys.

1936 17/2 Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun og óróa á almannafæri.

1937 7/4 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur. 50 kr. sekt fyrir brot gegn lögum nr. 50/1927.
1943 16/7 Dómur sama réttar. 10 daga varðhald og sviptur ökuskírteini í 3 mánuði fyrir ölvun við bifreiðarakstur.
1946 4/9 Sátt: 10 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögunum.
1947 26/9 Sátt: 150 kr. sekt fyrir vanrækslu á að færa bifreið til skoðunar.
1948 19/11 Sátt: 75 kr. sekt fyrir brot gegn reglum um aðalgötur og hliðargötur.

Ákærði *Guðni Erlendsson,*

1947 24/7 Hafnarfjörður. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ofhraðan akstur.
1947 10/10 Hafnarfjörður. Sátt: 50 kr. sekt fyrir vanrækslu á að færa bifreið til skoðunar.
1948 21/5 Reykjavík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Síðan málið var höfðað, hefur einn þeirra, sem málshöfðun var skipuð gegn, Guðmundur Eggertsson skólastjóri, Hlíðarveg 9, andazt.

Í ársbyrjun 1948 var Seltjarnarneshreppi skipt í tvö hreppsfélög, og var Kópavogshreppur annað þeirra. Á aukafundi sínum 23. febrúar 1948 nefndi sýslunefnd Kjósarsýslu þrjá menn sem hreppstjóraefni hins nýja hrepps. Einn þessara manna var Þórður Þorsteinsson, garðyrkjumaður á Sæbóli. Skömmu eftir fundinn skipaði sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu hann hreppstjóra í hreppnum frá 1. marz 1948, og hefur hann gegnt því starfi síðan.

Í lok aðalfundar sýslunefndar Kjósarsýslu 7. júní 1948 lagði sýslunefndarmaður Kópavogshrepps, ákærði Finnbogi Rútur Valdimarsson oddviti, fram staðfest afrit af skjali, undirrituðu af 234 hreppsbúum, þar sem lýst er megnri óánægju yfir skipun Þórðar Þorsteinssonar í hreppstjórastarfið og skorað á sýslumann og sýslunefnd að taka tafarlaust til nýrrar athugunar val hreppstjóra í hreppnum. Skjalið er ódagsett, og er meginmál þess svohljóðandi:

„Undirritaðir íbúar Kópavogshrepps lýsa hér með yfir, að þeir telja val hreppstjóra, sem nýlega hefur farið fram fyrir hinn nýja hrepp, hafa mistekizt svo, að ekki verði við unað.

Vér teljum, að hver hreppstjóri þurfi að njóta almennrar virðingar samborgara sinna og trausts til allra starfa sem yfirvald, en auk þess þurfi hann, eigi sízt nú á tímum eignakönnunar og strangra skattalaga, um fram allt að vera sanngjarn maður, óhlutdrægur og orðvar, og hafa jafnframt til brunns að bera nokkra þekkingu og starfshæfni vegna starfa sinna sem formaður í skattanefnd og að hinir almennu skattborgarar eigi því meira undir því en nokkurn tíma áður, að slíkt starf sé falið hinum trúverðugustu og færustu mönnum, sem til þess verða fundnir.

Vér neitum því eindregið, að hér í hreppnum verði ekki fundnir margir hæfari og sjálfsagðari til þessa starfa en sá, sem valinn hefur verið.

Vér getum ekki talið, að hann hafi með störfum sínum og framkomu aflað sér þess trausts samborgara sinna, sem nauðsynlegt sé um mann í slíkri stöðu. Þvert á móti verðum vér að telja, að öll framkoma hans og

afskipti af hreppsmálum hafi vakið andúð og óánægju meirihluta hreppsbúa og staðfestir það álit margra, sem hann þekktu áður, að mikið vanti á, að hann sé hæfur til opinberra starfa. Vér verðum að álíta, að íbúum þessa hrepps almennt sé óvirðing gerð með þessari skipun, þar sem ályktun hlýtur að verða dregin af henni, að ekki sé völ á neinum mönnum hæfari hér í hreppi.

Vér viljum í lengstu lög trúa því, að ókunnugleiki aðeins hafi valdið þeim mistökum, sem hér hafa orðið, og vér teljum oss sem frjálsum borgurum rétt og skylt að mótmæla.

Þess vegna viljum vér skora á sýslumann og sýslunefnd að taka tafarlaust til nýrrar athugunar val hreppstjóra hér í hreppi."

Þegar skjal þetta hafði verið lagt fram á fundinum, skoraði sýslumaður á sýslunefndarmann Kópavogshrepps að nefna einstök dæmi aðfinnslum sínum í garð hreppstjórans til sönnunar, en eigi segir sýslumaður sýslunefndarmanninn hafa gert það, heldur hafi hann rætt um málefni þetta almennt, mjög í sama tón og í skjalinu er. Enga ályktun gerði sýslunefndin um málið.

Hinn 15. desember s. l. ritaði hrl. Guttormur Erlendsson f. h. hreppstjórans dómsmálaráðuneytinu bréf, þar sem hann lýsir því, að hreppstjóri telji skjalið allt mjög meiðandi og móðgandi í sinn garð og krefst opinberrar málshöfðunar gegn undirskrifendum skjalsins og gerir þær kröfur, að þeim verði refsað lögum samkvæmt, dæmdir til að greiða hæfilega fjárhæð til að standast kostnað af birtingu dómsins í opinberu blaði og að hin ærumeiðandi ummæli verði dæmd dauð og ómerk. Í bréfi sama hæstaréttarlögmanns f. h. hreppstjórans til sama ráðuneytis, dagsettu 30. desember s. l., er málshöfðunarkrafan takmörkuð við þá, sem ákærðir eru í þessu máli. Í umboðsskrá dómarans, dagsettri 19. febrúar s. l., er fyrirskipuð rannsókn málsins og málshöfðun í framangreindu skyni á hendur hinum ákærðu.

Af hálfu hinna skipuðu verjenda ákærðu, hrl. Sigurðar Ólasonar og Unnsteins Beck, fulltrúa borgardómara, hefur verið á það bent, að sex mánaða fresturinn, sem um ræðir í upphafi 29. gr. hegningarlaganna, hafi verið liðinn, þegar hreppstjóri lét rita dómsmálaráðuneytinu um málið hinn 15. desember 1948. Eigi er þetta þó sannað, og getur það því engin áhrif haft á gang málsins. Þá er því haldið fram af verjendanna hálfu, að málinu eigi að vísa frá sökum þess, að eigi liggi fyrir þau skilyrði til málshöfðunarinnar, sem krafizt er í b-lið 2. töluliðs 242. gr. hegningarlaganna, þar sem hreppstjórinn hafi vart eða ekki verið tekinn til starfa sem slíkur, þegar skjalið var gert, og sé því ekki í því um að ræða aðdróttanir í sambandi við hreppstjórastörf hans. Það er að vísu rétt, að eigi er í skjalinu beinlínis rætt um hreppstjórastörf hreppstjórans, en þar er því m. a. dróttað að honum, „að mikið vanti á, að hann sé hæfur til opinberra starfa". Væru þessi ummæli á rökum reist, mundu þau hafa sýslunarmissi hreppstjórans í för með sér, og þegar af þessari ástæðu var málshöfðunin heimil, og verður málinu því eigi vísað frá.

Ákærðu hafa allir viðurkennt að hafa ritað nöfn sín undir skjalið. Allir

segjast þeir hafa verið mjög óánægðir með skipun Þórðar Þorsteinssonar í hreppstjórastarfið og hafa nefnt ýmis dæmi um ástæður til þess. Þegar fréttist í hreppinn, að Þórður hefði verið skipaður hreppstjóri, komu nokkrir menn, ca. 30, saman á viðræðufundi um, hvernig við þessu skyldi bregðast, þar á meðal allir ákærðu nema Daði Jóhannesson. Á þessum fundum varð mótmælaskjalið til, og gekk það síðan um hreppinn til undirskrifta. Síðan var það fengið í hendur ákærða Finnboga Rút Valdimarssyni til þess, að hann kæmi því á framfæri við sýslunefndina. Að sjálfsögðu var hinum ákærðu heimilt að bera fram við sýslunefndina gagnrýni á skipuninni í hreppstjórastarfið, en mjótt reynist oft mundangshófið milli heimillar gagnrýni og ummæla, sem varða við meiðyrðalöggjöfina. Önnur málsgrein skjalsins er út af fyrir sig réttmæt, en þar eru taldir ýmsir kostir, sem hreppstjórar þurfi að hafa til brunns að bera. Í fyrstu málsgreininni er hins vegar sagt, að val hreppstjóra Kópavogshrepps hafi mistekizt svo, að ekki verði við unað. Af innbyrðis sambandi þessara tveggja málsgreina verður eigi annað séð en að undirskrifendur telji hreppstjórann skorta svo mikið þeirra kosta, sem önnur málsgreinin nefnir, að hann sé með öllu óhæfur til starfans. Jafnvel mætti ætla, að fyrir undirskrifendum hafi vakað að gefa í skyn, að hreppstjórinn hefði enga þá kosti til að bera, sem taldir eru í annarri málsgreininni. Verður eigi hjá því komizt að telja, að í báðum þessum málsgreinum, þegar saman koma, felist aðdróttun, sem varðar við 235. gr. hegningarlaganna.

Þriðja málsgrein skjalsins þykir ekki varða við lög. Fyrsta setning fjórðu málsgreinar þykir eigi heldur varða við lög, en málsgreinin að öðru leyti, frá „þvert á móti ....“ og út, þykir varða við 235. gr. hegningarlaganna og sömuleiðis upphaf fimmtu málsgreinar: „Vér verðum að álíta, að íbúum þessa hrepps almennt sé óvirðing gerð með þessari skipun ....“. Að öðru leyti getur skjalið eigi talizt varða við lög.

Ákærðu hafa við rannsókn málsins leitazt við að færa sönnur á nokkur dæmi um þá vankanta í fari hreppstjórans, sem réttlæti framangreind ummæli, svo sem gáfnaskort, menntunarskort og skapbresti ýmsa. Eigi þykir ástæða til að rekja þau dæmi hér né rannsókn þeirra, en eigi þykja þær ávirðingar hafa sannazt á hreppstjóra, að þær réttlæti framangreind ummæli.

Samkvæmt framansögðu þykir refsing ákærðu, hvers um sig, hæfilega ákveðin 600.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald í stað hverrar sektar, verði þær eigi greiddar innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber og samkvæmt 1. mgr. 241. gr. hegningarlaganna að dæma framangreind refsiverð ummæli ómerk.

Samkvæmt 2. mgr. 241. gr. sömu laga verða hinir ákærðu in solidum dæmdir til að greiða Þórði hreppstjóra Þorsteinssyni kr. 100.00 til að standast kostnað af birtingu dóms þessa í opinberu blaði eða riti.

Ákærðu Finnboga Rút Valdimarsson, Ingjald Ísaksson, Johan Schröder, Ingva Loftsson, Einar Júlíusson, Ólaf Jónsson, Þorstein Pálsson, Þorkel Jónsson, Daða Jóhannesson og Guðna Erlendsson ber að dæma in solidum

til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Unnsteins Beck, fulltrúa borgardómara, kr. 1000.00.

Ákærðu Guðmund Gestsson, Hauk Jóhannesson, Siggeir Ólafsson, Axel Ólafsson og Runólf Pétursson ber að dæma in solidum til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hrl. Sigurðar Ólasonar, kr. 1000.00.

Allan annan málskostnað skulu hinir ákærðu greiða in solidum.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærðu, Finnbogi Rútur Valdimarsson, Guðmundur Gestsson, Ingjaldur Ísaksson, Haukur Jóhannesson, Johan Schröder, Siggeir Ólafsson, Ingvi Loftsson, Einar Júlíusson, Ólafur Jónsson, Axel Ólafsson, Þorsteinn Pálsson, Þorkell Jónsson, Runólfur Pétursson, Daði Jóhannesson og Guðni Erlendsson, greiði hver kr. 600.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 5 daga í stað hverrar sektar, verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreind refsiverð ummæli skulu ómerk vera.

Ákærðu greiði in solidum Þórði Þorsteinssyni kr. 100.00 til að standast kostnað af birtingu dóms þessa í opinberu blaði eða riti.

Ákærðu Finnbogi Rútur Valdimarsson, Ingjaldur Ísaksson, Johan Schröder, Ingvi Loftsson, Einar Júlíusson, Ólafur Jónsson, Þorsteinn Pálsson, Þorkell Jónsson, Daði Jóhannesson og Guðni Erlendsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Unnsteins Beck, fulltrúa borgardómara, kr. 1000.00.

Ákærðu Guðmundur Gestsson, Haukur Jóhannesson, Siggeir Ólafsson, Axel Ólafsson og Runólfur Pétursson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hrl. Sigurðar Ólasonar, kr. 1000.00.

Allan annan málskostnað greiði hinir ákærðu in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 20. febrúar 1950.

Nr. 30/1947. **Magnús Einarsson** (Ragnar Ólafsson)
gegn
firmanu Silla og Valda (Sigurgeir Sigurjónsson).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Ómerking dóms í máli út af fasteignarsölu. Héraðsdómari hafði ekki kvatt sérfróða menn til að dæma málið með sér.

Dómur Hæstaréttar.

Í máli þessu gerði áfrýjandi kröfu í héraði um greiðslu á eftirstöðvum kostnaðar af vinnu og efni við búnað í verzlunarbúð stefnda í húsinu nr. 2 við Háteigsveg í Reykjavík, eftirstöðvum kostnaðar af breytingu á smíði sömu búðar og umsjónarlaunum. Stefndi gagnstefndi í héraði og krafðist skaðabóta vegna vanefnda áfrýjanda um afhendingu nefndrar búðar á umsömdum tíma. Þar sem málinu var svo háttað, bar nauðsyn til að héraðsdómari kveddi sérkunnáttumenn um húsagerð og verzlunarrekstur til að dæma málið með sér, sbr. 3. tölulið 200. gr. laga nr. 85/1936. Hefðu þeir átt að yfirfara og gagnrýna kostnaðarreikninga og matsgerð svo og skaðabótakröfu stefnda.

Þar sem málið hefur ekki sætt þeirri meðferð, sem nú var lýst, þykir verða að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Fyrir Hæstarétti hafa aðiljar ekki gert kröfu að þessu sinni um málskostnað, og fellur hann því niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. júní 1946.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. f. m., hefur Magnús Einarsson framkvæmdastjóri, Háteigsveg 2, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 27. nóv. s. l. gegn Sigurliða Kristjánssyni og Valdimar Þórðarsyni f. h. firmans Silla og Valda, hér í bæ, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 26373.41 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndu hafa krafizt sýknu gegn greiðslu á kr. 3756.22. Þá hafa stefndu krafizt málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Með gagnstefnu útgefinni 9. febrúar s. l. höfðuðu aðalstefndu gagnsök. Gera þeir þær dómkröfur í gagnsök, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða kr. 13975.00 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað að mati dómarans.

Gagnstefndi hefur krafizt sýknu í gagnsök og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að aðalstefnandi seldi aðalstefndu verzlunarhúsnæði í húsinu nr. 2 við Háteigsveg með samningi, dagsettum 2. ágúst 1944, en hús þetta, sem er eign aðalstefnanda, var þá í byggingu. Í samningi þessum segir svo:

„1. Seljandi skuldbindur sig til að selja og kaupendur að kaupa verzlunarhúsnæði í húsinu nr. 2 við Háteigsveg, hér í bæ, nánar tiltekið eitt stórt verzlunarherbergi (búð), sem er á neðstu hæð hússins og er nyrðra verzlunarherbergið, sem snýr út að Rauðarárstíg, ásamt kjallaraherbergi því, sem er undir verzlunarherberginu og er jafnstórt að flatarmáli og verzlunarherbergið, enn fremur tröppuhús í kjallara og vatnssalerni.

2. Kaupendur hafa skoðað og kynnt sér stærð og legu hins selda húsnæðis, en ekki er að fullu lokið við smíði þess. Frágangur allur utan og innan skal vera 1. flokks, að engu undanskildu, og skal verkið allt, þar með talin búðarinnrétting, unnið samkvæmt verklýsingu og teikningu Hafliða Jóhannssonar, og lítur hann eftir verkinu af hálfu kaupenda.

3. Kaupverðið er kr. 120000.00 — eitt hundrað og tuttugu þúsund krónur — og skal greitt þannig:

a. Við undirskrift samnings þessa	kr.	30000.00
b. Þegar byrjað er að mála	—	50000.00
c. Þegar verkinu er lokið	—	40000.00
Samtals	kr.	120000.00

Seljandi kostar búðarinnréttingu fyrir upphæð, sem nemur kr. 15000.00, og er sú upphæð innifalin í kaupverðinu, kr. 120000.00.

4. Verkinu skal vera að fullu lokið þann 1. nóvember 1944, og er eignin seld veðbanda- og kvaðalaust, og skal afsal fara fram þann dag".

Verkinu var ekki lokið á tilsettum tíma, en þann 30. janúar 1945 ritaði aðalstefnandi aðalstefndu bréf og tilkynnti þeim, að verkinu væri lokið af sinni hálfu og krafðist greiðslu. Virðast þá þegar hafa hafizt samningar um greiðslu fyrir verkið og útgáfu afsals til aðalstefndu, og þann 8. febrúar s. á. varð samkomulag á þeim grundvelli, að aðalstefndu greiddu

þær kr. 40000.00, er um ræðir í b-lið 3. gr. samningsins, og kr. 12000.00 í viðbót, upp í kostnaðinn við „búðarinnréttinguna", en afgangurinn af kostnaðinum skyldi greiðast síðar, bæði þegar lokið væri að gera það, er ógert væri við húsnæðið, og útkljáð hefðu verið ýmis atriði viðvíkjandi umdeildum reikningsliðum hjá stefnanda.

Aðalsök.

Aðalstefnandi sundurliðar kröfur sínar í aðalsök þannig:

1. Vinna og efni við „búðarinnréttingu"	kr.	46693.97
2. Vinna við breytingu á gluggaútskoti	—	1827.32
3. Umsjónarlaun, 10% af kr. 48521.29	—	4852.12
Alls	kr.	53373.41

Þegar greitt af stefndum:

1. Hluti aðalstefnanda samkvæmt samningi frá 2. ágúst 1944	kr.	15000.00
2. Greitt af aðalstefndum 8. febrúar 1945	—	12000.00
Alls	kr.	27000.00
Eftirstöðvar því	kr.	26373.41

Um 1. Aðalstefnandi hefur haldið því fram, að samkvæmt samningnum frá 2. ágúst 1944 hafi sér aðeins borið að kosta „búðarinnréttinguna" með kr. 15000.00, en í „búðarinnréttingu" sé innifalið frágangur og málun veggja og lofts, enda hafi aðalstefndu alveg átt að ráða slíku. Í framkvæmd hafi þetta einnig verið svo, og hafi aðalstefndu eða eftirlitsmaður þeirra látið margbreyta því, er gert hafði verið, og af þeim sökum hafi málningarkostnaðurinn orðið óeðlilega mikill. Aðalstefndu hafi látið semja alla verklýsingu, og eftir henni hafi verið farið, enda þótt hún gerði ráð fyrir öðrum frágangi og dýrari, heldur en rætt hafi verið um, þegar samningurinn frá 2. ágúst 1944 var undirritaður. Þetta hafi í raun og veru ekki skipt sig neinu máli, þar sem aðalstefndu hafi skuldbundið sig til að greiða allan kostnað af slíku. Þá kveðst aðalstefnandi ekki krefja aðalstefndu um það, er venjuleg málun á húsnæðinu hefði kostað, og sé því krafa sín í raun og veru lægri en hann gæti krafizt. Aðalstefndu hafa hins vegar haldið því fram, að samninginn frá 2. ágúst 1944 beri að skilja þannig, að aðalstefnandi eigi að kosta að öllu leyti frágang verzlunarhúsnæðisins, þar með talin málun á því, en þó skyldi verk þetta unnið samkvæmt verklýsingu frá aðalstefndu. Hafa aðalstefndu í þessu sambandi bent á, að verklýsing þessi hafi borizt aðalstefnanda í ágústmánuði 1944 og hann engum andmælum eða athugasemdum hreyft gegn henni. Þá hafa aðalstefndu haldið því fram, að í orðinu „búðarinnrétting" í nefndum samningi sé aðeins innifalið búðarborð, hillur og annað slíkt, og hafi stefnandi tekið á sig að greiða 15000 kr. af smíðakostnaði þess. Þann 21. jan. s. l. fengu aðalstefndu dómkvadda tvo menn til að meta hæfilegt kostnaðarverð á „búðarinnréttingu" í nefndu

verzlunarhúsnæði, miðað við verðlag í sept. 1944 og til áramóta 1944 og 1945. Í matinu skyldi ekki tekið með málningarkostnaður á veggjum, lofti og gluggum. Í matsgerð, dags. 12. febrúar s. l., mátu matsmennirnir, að hæfilegt kostnaðarverð væri alls kr. 30756.22. Telja aðalstefndu, að leggja beri þetta mat til grundvallar í málinu.

Af orðalagi 2. gr. sbr. 3. gr. fyrrnefnds samnings aðiljanna frá 2. ágúst 1944 verður ekki annað ráðið en sú hafi verið ætlan þeirra, að stefnandi bæri einn allan kostnað af frágangi húsnæðisins, og hlýtur þar í að teljast málun á veggjum, gluggum og loftum. Með skírskotun til þessa og þar sem aðalstefnandi hreyfði engum athugasemdum við verklýsingu aðalstefndu, verður aðalstefndu aðeins gert að greiða fyrir „búðarinnréttinguna", eða borð og hillur allar. Að því er varðar nefnt mat, þá hafa matsmennirnir staðfest það fyrir dómi, og þar sem því hefur á engan hátt verið hnekkt, verður það lagt til grundvallar í máli þessu. Samkvæmt þessu verður að telja, að kostnaður sá við nefnt húsnæði, er hér skiptir máli, nemi kr. 30756.22.

Um 2. Aðalstefnandi hefur haldið því fram, að hann hafi að ósk aðalstefndu látið breyta útskoti við glugga á nefndu húsnæði. Hér sé um að ræða breytingu á teikningu að húsinu, er aðalstefndu hafi samþykkt að sínu leyti, þegar samningurinn var gerður þann 2. ágúst 1944. Og þar sem þetta hafi verið gert að ósk aðalstefndu, beri þeim að greiða þann aukakostnað, sem af þessu hafi leitt, en það sé fjárhæð sú, sem hér sé krafin.

Aðalstefndu hafa algerlega mótmælt því, að þeir hafi um þetta beðið. Aðalstefnandi hefur talið, að mótmæli þessi séu of seint fram komin og verði því ekki tillit til þeirra tekið.

Þar sem aðalstefndu kröfðust sýknu af öllum kröfum aðalstefnanda þegar í greinargerð og mótmæltu reikningi hans þá þegar sem alltof háum og þar sem sundurliðun á kröfum aðalstefnanda hafði þá ekki komið fram, þykir ekki verða talið, að nefnd mótmæli hafi komið of seint fram.

Gegn mótmælum aðalstefndu hefur aðalstefnandi engar sönnur að því leitt, að nefndar breytingar hafi verið gerðar að beiðni þeirra, og verður því þessi liður ekki tekinn til greina.

Um 3. Aðalstefnandi kveðst hafa litið eftir verkinu og keypt inn allt efni og beri sér því þóknun fyrir það starf sitt, sem sé hæfilega ákveðin 10% af kostnaðarverði „búðarinnréttingarinnar".

Aðalstefndu hafa algerlega mótmælt því, að aðalstefnanda beri nokkur þóknun fyrir umsjón og kaup efnis við verk þetta. Hafa þeir bent á, að þeir hafi haft sérstakan eftirlitsmann af sinni hálfu og auk þessi muni aðalstefnandi enga sérþekkingu hafa á verkum sem þessum og ekkert komið þar nálægt.

Gegn mótmælum aðalstefndu hefur aðalstefnandi engin rök fært fram fyrir því, að svo hafi verið um samið með aðiljum, að hann hefði umsjón með verkinu og tæki þóknun fyrir. Með skírskotun til þessa, þá getur þessi krafa hans ekki orðið tekin til greina.

Samkvæmt framanrituðu verða málalok í aðalsök þau, að aðalstefndu

verða dæmdir til að greiða aðalstefnanda kr. 3756.22 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi, svo sem krafizt var.

Það er komið fram í málinu, að á síðastliðnu sumri vildu aðalstefndu gera upp þessi viðskipti, en eigi varð af því, þar sem aðalstefnandi vildi eigi gefa þeim kost á að skoða frumreikninga yfir kostnaðinn. Þá buðust aðalstefndu til í júlímánuði s. l. að „deponera" í Landsbankanum allri kröfufjárhæð aðalstefnanda, ef hann óskaði þess, en aðalstefnandi virðist ekki hafa sinnt því. Með skírskotun til þessa þykir rétt, að málskostnaður í aðalsök falli niður.

Gagnsök. Kröfur sínar í gagnsök byggja gagnstefnendur á því, að samkvæmt samningnum frá 2. ágúst 1944 hafi gagnstefndi skuldbundið sig til, að húsnæðið væri að öllu leyti til þann 1. nóv. s. á. Hins vegar hafi reyndin orðið sú, að húsnæðið hafi ekki verið tilbúið fyrr en 8. febrúar 1945, og þó hafi þá vantað allmikið á, að það væri svo úr garði gert, sem upphaflega hafi verið gert ráð fyrir. Telja gagnstefnendur, að gagnstefndi eigi alla sök á drætti þessum og beri honum því að bæta allt það tjón, sem af hafi hlotizt vegna þessara samningsrofa hans.

Gagnstefndi hefur hins vegar haldið því fram, að gagnstefnendur eigi einir alla sök á nefndum afhendingardrætti. Þegar samningurinn hafi verið gerður þann 2. ágúst 1944, hafi hann gert ráð fyrir, að „innréttingar" öll yrði mjög einföld og þar af leiðandi mun fljótgerðari en hún hafi orðið í framkvæmdinni. Gagnstefnendur hafi átt að útvega verklýsingu og vinnuteikningar allar, en það hafi dregizt, og hafi verklýsingin ekki komið fyrr en í byrjun septembermánaðar 1944. Þá hafi staðið á sérteikningum á einstökum hlutum „innréttingarinnar", og hafi þannig orðið mánaðartöf af þeim sökum. Þá hafi gagnstefnendur látið breyta ýmsu, og hafi það orsakað mikla töf. Loks hefur gagnstefndi bent á, að samkvæmt samningnum frá 2. ágúst 1944 hafi gagnstefnendur átt að greiða kr. 40000.00 þann 1. nóv. 1944, en af þeirri greiðslu hafi ekki orðið, og hafi það orsakað miklar tafir.

Maður sá, er hafði umsjón með byggingu umræddS húss af hendi gagnstefnda, hefur borið fyrir dómi, að eftir því, er hann minni, hafi verklýsing og teikningar varðandi verzlunarhúsnæði gagnstefnenda komið í hans hendur 29. ágúst 1944. Gagnstefndi hafi þá ekki verið í bænum, en komið aftur í byrjun septembermánaðar. Hafi hann þá skoðað skjöl þessi og engum athugasemdum hreyft við þeim. Hafi síðan verið byrjað á verkinu, en það gengið mjög seint, þar sem staðið hafi á múrvinnu. Í síðari hluta októbermánaðar 1944 hafi staðið á teikningu af búðarborði frá eftirlitsmanni gagnstefnenda. Er eftir henni hafði verið beðið í hálfan mánuð eða þrjár vikur, kveðst vitni þetta hafa sjálft teiknað þetta og eftirlitsmaðurinn samþykkt teikninguna. Af þessu hafi stafað töf, er geti hafa numið einum mánuði. Þá hefur vitni þetta borið, að í nóvembermánuði 1944 hafi að skipun gagnstefnda verið hætt við að leggja kapp á að ljúka við húsnæði gagnstefnenda og aðallega verið unnið að öðru húsnæði. Hafi þetta orsakað nokkra töf á verkinu við húsnæði gagnstefnenda. Múrarameistari sá, er við hús þetta vann, hefur talið, að verkið hafi

gengið seint, enda hafi ýmist staðið á miðstöðvarlagningu eða trésmíðavinnu. Maður sá, er hafði eftirlit með verkinu af hálfu gagnstefnenda og gerði teikningar af „innréttingu", hefur borið, að verkið hafi dregizt svo mjög vegna þess, að staðið hafi á hitalögn og múrvinnu. Þá hefur maður þessi viðurkennt, að staðið hafi á vinnuteikningu á borði í um vikutíma.

Af framangreindu er ljóst, að verklýsing og teikningar hafa komið allmjög síðar en gert hafði verið ráð fyrir milli aðilja í fyrstu, og virðist það hafa tafið verkið í um einn mánuð, og á gagnstefndi ekki sök á þeim drætti. Þá er og fram komið, að allmikill dráttur hefur orðið á verkinu vegna þess, að áðurgreinda vinnuteikningu að borði vantaði. Hins vegar er ljóst, að verkið hefur einnig dregizt af orsökum, sem gagnstefndi ber ábyrgð á. Gegn mótmælum gagnstefnenda er ósannað, að svo hafi verið um samið, að frágangur húsnæðisins skyldi verða einfaldari og fljótunnari en nefnd verklýsing gerir ráð fyrir. Með skírskotun til framanritaðs svo og annars þess, sem fram hefur komið í málinu um þessi atriði, þá þykir verða að telja, að verkið hafi tafizt um einn mánuð fram yfir það, er umsamið var, af orsökum, er gagnstefndur á sök á. Verður honum því gert að greiða gagnstefnendum bætur fyrir þann drátt.

Kröfur sínar í gagnsök sundurliða gagnstefnendur þannig:

1.	Hálft kaup afgreiðslumanns í þrjá mánuði, kr. 1350.00 á mánuði	kr. 2025.00
2.	Vaxtatap af kr. 80000.00 í þrjá mánuði	— 1200.00
3.	Rekstrartap í þrjá mánuði	— 10000.00
4.	Vaxtatap af vörubirgðum, kr. 50000.00, í þrjá mánuði	— 750.00
		Kr. *13975.00*

Um 1: Gagnstefnendur skýra svo frá, að þeir hafi ráðið mann til að veita verzluninni að Háteigsvegi 2 forstöðu, og hafi hann fengið kr. 1350.00 á mánuði í kaup. Vegna þess að búðin hafi ekki verið til á réttum tíma, hafi þeir ekki haft hans nema lítil not. Hafi tjón sitt af þessum sökum numið hálfu kaupi mannsins.

Gagnstefndi hefur mótmælt þessum kröfulið á þeim grundvelli, að ósannað sé, að gagnstefnendur hafi nokkurt tjón beðið vegna þessa.

Þar sem gagnstefnendur hafa engar sönnur leitt að þessari kröfu sinni, verður hún ekki tekin til greina.

Um 2: Gagnstefnendur höfðu fyrir 1. nóv. 1944 greitt kr. 80000.00 upp í kaupverð húsnæðisins. Telja þeir, að þar sem húsnæðið hafi eigi orðið til á réttum tíma, hafi þeir tapað vöxtum af fé þessu.

Gagnstefndi hefur mótmælt þessum kröfulið og sérstaklega vaxtahæðinni.

Það þykir mega fallast á það með gagnstefnendum, að þeir hafi beðið tjón af þessum sökum. Svo sem áður greinir, er gagnstefndur talinn eiga

sök á eins mánaðar drætti á afhendingu húsnæðisins, og verður honum því gert að bæta tjónið miðað við það tímabil. Þykja vextirnir hæfilega ákveðnir 6% á ári, svo sem gagnstefnendur hafa gert, og verður því þessi liður tekinn til greina með kr. 400.00.

Um 3: Gagnstefnendur hafa talið, að tjón þeirra af þeim sökum, að verzlunin varð eigi starfrækt fyrr en í febrúar 1945, hafi numið kr. 3000.00 í nóvember, kr. 5000.00 í desember og kr. 2000.00 í janúar.

Gagnstefndi hefur mótmælt þessum lið sem allt of háum.

Svo sem að framan getur, verður gagnstefndi aðeins talinn eiga sök á eins mánaðar drætti á afhendingu húsnæðisins. Verður honum því gert að greiða gagnstefnda bætur með tilliti til þess, og þykja þær bætur hæfilega ákveðnar kr. 2000.00.

Um 4: Gagnstefndi hefur mótmælt þessum kröfulið, og þar sem gagnstefnendur hafa engar sönnur leitt að tjóni, er þeir hafi beðið að þessu leyti, verður þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Málalok í gagnsök verða því þau, að gagnstefndi verður dæmdur til að greiða gagnstefnendum kr. 2400.00 með vöxtum, svo sem krafizt er.

Þá þykir rétt, að gagnstefndi greiði gagnstefnendum kr. 450.00 í málskostnað í gagnsök.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Aðalstefndu, Sigurliði Kristjánsson og Valdimar Þórðarson f. h. firmans Silla og Valda, greiði aðalstefnanda, Magnúsi Einarssyni, kr. 3756.22 með 6% ársvöxtum frá 27. nóvember 1945 til greiðsludags. Málskostnaður í aðalsök falli niður.

Í gagnsök greiði gagnstefndi gagnstefnendum kr. 2400.00 með 6% ársvöxtum frá 9. febrúar 1946 til greiðsludags og kr. 450.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. febrúar 1950.

Kærumálið nr. 2/1950.

Jóhannes Björnsson

gegn

Ólínu Steindórsdóttur

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Um vitnaskyldu.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru dags. 27. janúar s.l., er Hæstarétti barst 4. þ. m., hefur vitnið Jóhannes Björnsson læknir kært samkvæmt 128. gr. laga nr. 85/1936 úrskurð bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðinn 19. janúar s. l., í máli varnaraðilja gegn Kristínu Ingvarsdóttur, en með úrskurði þessum er varnaraðilja gert skylt að svara tiltekinni spurningu. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurði þessum verði hrundið og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili hefur ekki sent Hæstarétti greinargerð eða kröfur í málinu.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 19. jan. 1950.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 11. þ. m., hefur Ólína Steindórsdóttir Grettisgötu 31 A, hér í bænum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 20. sept. s. l. gegn Kristínu Ingvarsdóttur, Egilsgötu 10, hér í bænum, til riftunar kaupmála stefndu og eiginmanns hennar, Steindórs Þorsteinssonar, dags. 23. des. 1948. Stefnandi er dóttir Steindórs Þorsteinssonar og hefur gert arfstilkall í dánarbú hans. Telur hún kaupmálann fela í sér raunverulega dánargjöf og missi hún því af réttmætum lögarfi eftir föður sinn, ef gildi hans verði eigi hnekkt.

Hinn 11. þ. m. kom hér fyrir dóm sem vitni dr. med. Jóhannes Björnsson læknir, Hverfisgötu 117, hér í bænum. Vitnið hafði stundað Steindór Þorsteinsson í sjúkdómi þeim, er leiddi hann til bana. Gaf vitnið svar við þeirri spurningu, hvenær því hefði orðið ljóst, að sjúkdómur Steindórs var þess eðlis, að hann ætti skammt ólifað. Var sú spurning þá lögð fyrir vitnið, hvort það hefði gert Steindóri eða eiginkonu hans þetta ljóst og, ef svo væri, þá hvenær. Spurningu þessari neitaði vitnið að svara og bar því við, að sökum trúnaðarskyldu sinnar sem læknis væri honum óheimilt að svara þessu. Tók vitnið í því sambandi fram, að það teldi þagnarskyldu læknis eigi aðeins ná til samskipta læknis og sjúklings hans, heldur einnig til þess, sem færi milli læknis og nánustu aðstandenda sjúklings varðandi sjúklinginn.

Að kröfu umboðsmanns stefnanda var ágreiningurinn um skyldu vitnisins til að svara spurningunni tekinn til úrskurðar.

Af hálfu stefndu hafa hvorki komið fram kröfur né mótmæli varðandi atriði það, sem fyrir liggur til úrskurðar.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 47 frá 1932 verður læknir eigi, nema sérstökum skilyrðum sé fullnægt, leiddur sem vitni í dómsmáli um þau einkamál, er hann kann að hafa komizt að sem læknir. Atriði það, sem vitnið hefur hér verið krafið svars um, verður eigi talið til slíkra einkamála, þar sem það lítur einungis að því, hverjar upplýsingar vitnið hefur á sínum tíma gefið um vitneskju sína varðandi staðreyndir, sem nú eru kunnar. Þar eð aðrar réttarreglur verða eigi heldur taldar því til fyrirstöðu, að vitnið verði krafið svars um framangreinda spurningu, og svar við henni þykir geta haft þýðingu um úrslit máls þessa, ber vitninu að svara spurningunni.

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Vitninu Jóhannesi Björnssyni er skylt að svara spurningunni undir tölulið 2 á dómskjali nr. 8.

Föstudaginn 24. febrúar 1950.

Nr. 41/1949. **Ákæruvaldið** (Hermann Jónasson)
gegn
Henry Alexander Hálfdánarsyni
(Einar B. Guðmundsson)
og
Jóni Bjarnasyni (Sjálfur).

Líkamsáverkar. Brot gegn bifreiðalögum og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Þegar árekstur sá varð, sem mál þetta er risið af, var myrkt af nóttu. Ákærðu voru ókunnir veginum, sem var frekar mjór. Af þessum sökum bar þeim að gæta sérstakrar varúðar, er bifreiðar þeirra mættust, og aka mjög hægt hvor fram hjá öðrum. En einkum hvíldi sú skylda á ákærða Jóni Bjarnasyni, sem ók stórri bifreið og breiðri. Þessarar varúðar gættu ákærðu ekki nægjanlega. Með skírskotun til þess og að öðru leyti til raka héraðsdóms þykja ákærðu hafa gerzt sekir við þau lagaákvæði, sem þar greinir.

Að því virtu, sem nú hefur verið rakið, þykir refsing ákærða Jóns Bjarnasonar hæfilega ákveðin kr. 600.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 5 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Refsing ákærða Henry Alexanders Hálfdánarsonar þykir hæfilega ákveðin 400 króna sekt til ríkissjóðs, sem afplánist 3 daga varðhaldi, verði hún ekki greidd innan framangreinds frests.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfestast.

Ákærði Henry Alexander Hálfdánarson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, kr. 500.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði ákærðu in solidum, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, kr. 700.00.

Dómsorð:

Ákærði Jón Bjarnason greiði 600 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 5 daga í stað sektarinnar, verði

hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Henry Alexander Hálfdánarson greiði 400 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar staðfestast.

Ákærði Henry Alexander Hálfdánarson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, Hermanns Jónassonar hæstaréttarlögmanns, kr. 700.00, greiði ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 13. sept. 1948.

Ár 1948, mánudaginn 13. september, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4255 og 4256/1948: Réttvísin og valdstjórnin gegn Henry Alexander Hálfdánarsyni og Jóni Bjarnasyni, sem tekið var til dóms þann 15. júlí s. l.

Málið er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn ákærða Henry Alexander Hálfdánarsyni skrifstofustjóra, Brávallagötu 4, hér í bæ, og ákærða Jóni Bjarnasyni lögfræðingi, Túngötu 16, hér í bæ, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941.

Báðir eru ákærðu komnir yfir lögaldur sakamanna, ákærði Henry Alexander fæddur 10. júní 1904 á Ísafirði, og hefur hann ekki, svo að vitað sé, sætt annarri ákæru né refsingu en þeirri, að þann 4. júlí 1947 var hann sektaður um kr. 25.00 fyrir brot gegn bifreiðalögunum.

Ákærði Jón er fæddur 11. október 1920 í Reykjavík, og hefur hann ekki, svo að vitað sé, sætt annarri ákæru né refsingu en þeirri, að þann 14. apríl 1939 var hann sektaður um kr. 10.00 fyrir of hraðan akstur bifreiðar.

Málavextir eru þeir, sem hér segir:

Um kl. 10.40 að kvöldi laugardagsins 29. marz 1947 varð árekstur á þjóðveginum nálægt Brekkum í Holtahreppi milli bifreiðanna R 4630, sem er af svonefndri jeep-gerð og ákærði Henry Alexander ók, og bifreiðarinnar R 1973, sem er stór vöruflutningabifreið af gerðinni Ford, og ók

ákærði Jón henni í þetta skipti. Var fyrrnefnda bifreiðin á austurleið, en hin síðarnefnda á vesturleið. Við árekstur inn eða þegar eftir hann fór bifreiðin R 4630 út af veginum. Urðu miklar skemmdir á henni, og auk þess meiddist einn farþeginn, sem í henni var, og verður hans og meiðsla hans nánar getið síðar. Á bifreiðinni R 1973 munu hins vegar hafa orðið litlar skemmdir. Vegurinn á árekstrarstaðnum mun vera um 4.80 m breiður, malarborinn og hallar nokkuð niður á við frá vestri til austurs. Veður mun hafa verið þurrt og heiðskírt, þegar slysið varð, en náttmyrkur fallið á. Þar sem bifreiðin R 4630 er breiðust, er hún 1.50 m, en bifreiðin R 1973 2.11 m (um vörupallinn).

Verða nú framburðir ákærðu varðandi þetta slys svo og framburðir farþega, sem í umræddum bifreiðum voru, er árekstur inn varð, raktir nokkuð.

Ákærði Henry Alexander kveðst hafa verið búinn að koma auga á bifreiðina R 1973, alllöngu áður en árekstur inn varð, og hafi hann þess vegna haft nægan tíma til að víkja fyrir henni, enda telur hann sig þá hafa verið búinn að því. Hann segist hafa ekið með um 40 km hraða miðað við klst., þar til hann nálgaðist bifreiðina R 1973, en þá hafi hann hætt að gefa hreyflinum benzín, og hafi bifreiðin þá hægt á sér og hafi verið á tiltölulega litlum hraða, þegar árekstur inn varð. Það er álit ákærða Henrys Alexanders, að vegurinn hafi verið fullmjór fyrir bifreiðar til að mætast á, þar sem árekstur inn varð, sérstaklega þar sem um svo breiða bifreið hafi verið að ræða sem bifreiðin R 1973 sé. Hins vegar segir hann veginn vera nokkuð breiðari, þar sem nefnd bifreið mætti 2 öðrum bifreiðum, sem ákærði var í fylgd með og óku nokkurn spöl á undan honum. Ekki kveðst hann þó hafa veitt þessu sérstaka athygli. Eftir árekstur inn kveðst ákærði Henry Alexander hafa mælt stöðu bifreiðanna (R 4630 og R 1973) á veginum, þar sem árekstur inn varð, og lagt til grundvallar hjólför bifreiðanna við þessa mælingu. Hafi sér þá mælzt hjólför bifreiðar R 4630 vera 1 fet frá vegarbrún, en för bifreiðar R 1973 2 fet frá vegarbrún. Ekki segir hann ákærða Jón hafa fylgzt með þessari mælingu. Ekki segir ákærði Henry Alexander ljós bifreiðarinnar R 1973 hafa blindað sig eða truflað að neinu leyti við aksturinn, áður og um það leyti, sem árekstur inn varð, og gerir hann fremur ráð fyrir, að hann hafi sjálfur hækkað ljós bifreiðar sinnar, áður en bifreiðarnar mættust, en kveðst þó ekki muna þetta vel. Fulla sjón á báðum augum kveðst ákærði Henry hafa, og ekki hafi hann að neinu leyti verið illa fyrir kallaður til að aka bifreið, þegar árekstur inn varð, og áfenga drykki kveðst hann ekki bragða. Ákærði kveðst hafa verið orðinn allvanur að aka bifreið, þegar slys þetta varð. Tók hann bifreiðarstjóraprópf þann 29. maí 1945 og kveðst hafa haft umráð bifreiðar jafnan síðan, þar til nefnt slys varð. Bifreiðina R 4630 segir hann hafa verið í góðu lagi. Hún er eign Slysavarnafélags Íslands.

Ákærði Jón hefur skýrt þannig frá. Hann kveðst hafa haldið bifreið sinni eins utarlega á sínum vinstri vegarhelmingi og hann taldi unnt, meðan hann mætti bifreiðinni, sem ók næst á undan bifreið ákærða Henrys Alexanders, og engu síður kveðst hann hafa gert þetta, er hann

mætti umræddri bifreið (þ. e. ákærða Henrys), enda hafi hann verið búinn að koma auga á bifreiðar þessar, alllöngu áður en hann mætti þeim, og hafi því gefizt nægur tími til að víkja út á sinn vinstri vegarhelming. Segir hann sér hafa virzt vegurinn vera nægilega breiður til að mæta bifreiðunum á, og ekki hafi hann orðið var við neina erfiðleika við að mæta bifreiðinni, sem ók næst á undan bifreiðinni R 4630. Ákærði Jón gizkar á, að hann hafi ekið með 30 km hraða miðað við klst., er hann mætti þessari bifreið, en kveðst ekki hafa gefið benzín til hreyfils bifreiðar sinnar, frá því nokkru áður en hann mætti fyrrnefndri bifreið, þar til hann mætti bifreiðinni R 4630, en það telur hann hafa verið nokkrum metrum vestar. Hafi því bifreið sín hægt nokkuð á sér þenna spöl, enda hækki vegurinn nokkuð á þessum slóðum frá ákærða Jóni séð, en hann ók í vestur, eins og fyrr segir. Eftir þessu hafi því hraði bifreiðar hans verið undir 30 km miðað við klst., er áreksturinn varð. Ákærði Jón kveðst ekki hafa orðið þess var, að bifreiðin R 4630 hafi ekið órýmilega á veginum, um það leyti sem hann mætti henni. Hann segist ekki geta gizkað á, með hve miklum hraða henni hafi þá verið ekið. Ekki segir hann ljós bifreiðar þessarar hafa blindað sig, og sjálfur kveðst hann hafa haft lágu ljósin á sinni bifreið, er áreksturinn varð. Við áreksturinn, segir ákærði Jón, hægra framhorn á vörupalli bifreiðar sinnar og hægra framhorn bifreiðar R 4630 hafa rekizt á. Segir hann ekki hafa verið annað sýnilegt en að það hafi verið bláhornin, sem lentu saman. Kveðst hann hafa hemlað bifreið sinni um leið og áreksturinn varð, en við hann hafi vinstri afturhjól hennar farið út af veginum, og stöðvaðist hún eftir áreksturinn í þeirri stöðu. Ákærði Jón hefur látið þess getið, að hann hafi verið orðinn alvanur að aka bifreið, er slys þetta varð, og hafi þá m. a. verið búinn að aka leigubifreið til mannflutninga. Kveðst hann hafa fulla sjón á báðum augum, og ekki hafi hann að neinu leyti verið illa fyrir kallaður til að aka bifreið, er árekstrurinn varð. Bifreiðina R 1973 segir hann hafa verið í góðu lagi þá, enda hafi hún þá verið nærri ný. Hún var þá eign Karls D. Péturssonar, Vatnagörðum.

Páll Magnússon forstjóri, Skólavörðustíg 3 A, hér í bæ, var farþegi í bifreiðinni R 1973, er slysið varð, og sat hann í stýrishúsi bifreiðarinnar hægra megin við ákærða þá. Hefur hann sem vitni skýrt svo frá, að ákærði Jón hafi hægt á ferð bifreiðarinnar, er hann mætti 3 bifreiðum skammt fyrir vestan Ytri Rangá, en hin síðasta af þeim var bifreiðin R 4630. Einnig segir vitnið ákærða Jón hafa ekið eins utarlega á veginum og honum var fært, er hann mætti nefndri bifreið, og kveðst það ekki hafa orðið þess vart, að hann færði sig inn á veginn eða breytti um stefnu bifreiðar sinnar, frá því hann mætti bifreiðunum 2, sem óku næst á undan bifreiðinni R 4630, þar til hann mætti henni. Kveðst vitnið því ekki hafa verið í vafa um, að bifreiðin R 4630 hafi ekið of innarlega á veginum, er áreksturinn varð. Hvorki kveðst vitnið geta gizkað á um hraða bifreiðarinnar, sem það var farþegi í, né hinnar bifreiðarinnar, sem hlut átti að árekstrinum.

Í bifreiðinni R 4630 voru 2 farþegar, þegar margnefndur árekstur varð. Verður nú drepið á framburð þeirra varðandi árekstur inn. Vitnið Viðar Pétursson læknir sat í framsæti nefndrar bifreiðar, er árekstur inn varð. Kveðst það ekki hafa vitað neitt um ferðir bifreiðar R 1973, áður en árekstur inn varð, og ekki kveðst það heldur hafa fylgzt með hraða bifreiðarinnar, sem það var farþegi í, því að það hafi verið hálfsofandi, áður og um það leyti sem árekstur inn varð. Vitnið hefur þó látið þess getið, að ákærði Henry Alexander hafi ekið mjög gætilega á leiðinni austur, og ekki hafi hann bragðað áfengi, enda ekkert vín með í þessu ferðalagi. Við árekstur inn missti vitnið meðvitund og hlaut talsverð meiðsli. Hefur Erlingur Þorsteinsson læknir lýst þeim þannig í vottorði útgefnu þann 30. marz 1947 (rskj. nr. 2).

„Ég hef í dag skoðað hr. tannlækni Viðar Pétursson, Eskihlíð 14, og fundið, að nefbein eru brotin og færð úr stað, auk þess 2 rifbein brotin (c. III. og VI.) og nokkur áverki (contusio) á rófubeini (os coccygis). Greinileg einkenni heilahristings (commotio cerebri) eru einnig til staðar".

Vegna meiðsla þurfti vitnið að liggja í rúminu um hríð, og var það frá vinnu vegna þeirra um hálfsmánaðartíma, það kvaðst þó að fullu hafa náð sér eftir þau, er það var yfirheyrt þann 3. september s. l.

Vitnið Eggert Friðjón Guðmundsson listmálari, Hátúni 11, hér í bæ, sat í aftursæti bifreiðarinnar R 4630, þegar slysið varð. Virtist því ákærði Henry Alexander ekki aka hart eða ógætilega, um það leyti sem árekstur inn varð né í ferðalaginu yfirleitt. Ekki getur vitnið gizkað á, með hve miklum hraða ákærði Henry ók, um það leyti sem árekstur inn varð, og ekki kveðst það hafa veitt því eftirtekt sérstaklega, að hann hægði á ferðinni, áður en hann mætti bifreiðinni R 1973, en gerir þó fremur ráð fyrir, að svo hafi verið. Það segist hafa veitt ljósum þessarar bifreiðar athygli, áður en hún mætti bifreiðinni, sem það var farþegi í, og hafi þau ekki verið óeðilega sterk eða skær. Vitnið telur veginn á árekstrarstaðnum hafa verið svo mjóan, að venjulegar bifreiðar hafi ekki getað mætzt þar með lagi. Annars telur það ekki ósennilegt, að það hafi valdið árekstrinum, að vindur hafi hlaupið úr hægra framhjóli bifreiðarinnar R 4630, rétt um leið og árekstur inn varð, og hafi bifreiðin kippzt lítið eitt inn á veginn við það, en kveðst þó ekki hafa tekið eftir þessu sérstaklega. Víst hafi þó verið um það, að hægra framhjól nefndrar bifreiðar hafi verið vindlaust eftir árekstur inn. Út af þessu hefur ákærði Henry Alexander tekið fram, að það sé að vísu rétt, að hægra framhjól bifreiðarinnar R 4630 hafi verið vindlaust, eftir að árekstur inn varð, en telur sennilegt, að vindurinn hafi hlaupið úr því við árekstur inn, þótt ekki hafi það vitað til, að þetta hjól rækist nokkurs staðar í hina bifreiðina við árekstur inn.

Eins og fyrr er tekið fram, hafði bifreiðin R 1973, sem ákærði Jón ók, mætt 2 bifreiðum, rétt áður en margnefndur árekstur varð. Hinni síðari af þeim ók Jón Oddgeir Jónsson fulltrúi, Ingólfsstræti 4, hér í bæ. Hefur hann litlar upplýsingar getað gefið um, með hvaða hætti árekstur inn varð, þar eð hann sá ekki, er hann vildi til. Hann kveðst þó ekki hafa

orðið var við neina erfiðleika við að mæta bifreiðinni R 1973, stuttu áður en árekstur inn varð, og ekki kveðst hann minnast þess, að ljós nefndrar bifreiðar hafi blindað hann um leið og hann ók framhjá henni. Eftir slysið aðstoðaði Jón Oddgeir Viðar Pétursson lækni, sem slasazt hafði, eins og fyrr segir, og flutti hann á næsta bæ, en hélt síðan sjálfur áfram ferðinni austur að Heklu.

Þess skal getið, að þann 19. ágúst s. l. fór Jón Halldórsson rannsóknarlögreglumaður á árekstrarstaðinn ásamt þeim Magnúsi Sörensen löggæzlumanni og ákærða Henry Hálfdánarsyni. Mældu hinir tveir fyrrnefndu breidd vegarins, þar sem árekstur inn hafði orðið að áliti Erlends Jónssonar, Hárlaugsstöðum í Holtahreppi, en hann kom á slysstaðinn daginn eftir að slysið varð. Gerði Axel Helgason rannsóknarlögregluþjónn síðan uppdrátt af slysstaðnum eftir mælingum Jóns Halldórssonar. Vegurinn á árekstrarstaðnum mældist vera 4.80 m á breidd, en 10 metrum vestar var vegurinn 4.90 m á breidd og 10 metrum austar 5.10 m á breidd. Er Gísli Bjarnason lögregluþjónn á Selfossi mældi veginn á árekstrarstaðnum þann 2. apríl 1947, reyndist hann hins vegar vera 4.25 m á breidd, en 4.35 m á breidd nokkurn spöl fyrir austan og vestan slysstaðinn.

Eins og atvikum hefur verið lýst hér að framan, telst ljóst, að ákærðu hafa báðir átt sök á umræddum árekstri með aðgæzluskorti sínum. Sáu þeir báðir hvor til annars ferða, alllöngu áður en árekstur inn varð, og höfðu því nægan tíma til að víkja bifreiðum sínum og gera að öðru leyti ráðstafanir til að mætast slysalaust. Að sögn ákærðu sjálfra hafa þeir báðir ekið með talsverðum hraða, þegar árekstur inn varð, enda bendir það, hve árekstur inn hefur verið harður, einnig til þess, að svo hafi verið. Þar eð vegurinn á árekstrarstaðnum er allmjór, hefur verið ástæða til fyrir ákærðu að aka mjög hægt og sýna að öðru leyti fulla aðgæzlu, er bifreiðar þeirra mættust, sérstaklega þar eð náttmyrkur var. Teljast því ákærðu hafa ekið full hratt eftir atvikum, er bifreiðar þeirra mættust.

Með aðgæzluskorti sínum og eftir atvikum fullhröðum akstri sínum teljast báðir hinir ákærðu hafa brotið 1. mgr. 27. gr. og 4. mgr. 26. gr. bifreiðalaganna nr. 23 16. júní 1941 og 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941. Einnig teljast þeir hafa brotið 219. gr. sbr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 með því að valda verulegum meiðslum á manni með akstri sínum, sem ekki telst hafa verið nægilega gætilegur. Samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga, 38. gr. bifreiðalaga og 14. gr. umferðarlaganna þykir refsing ákærðu hvors um sig með tilliti til 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 500 króna sekt í ríkissjóð, og afpláni ákærðu hvor um sig sekt sína með varðhaldi í 10 daga, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hina ákærðu ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað in solidum.

Sá dráttur, sem orðið hefur á rekstri málsins, frá því að það var tekið til réttarrannsóknar, þar til það var tekið til dóms, stafar af önnum við embættið, en dráttur inn, sem orðið hefur á því, frá því að það var tekið til dóms, þar til dómur var kveðinn upp í því, stafar af því, að rétt þótti,

að fram færi í málinu framhaldsrannsókn, sem ekki var unnt að fram kvæma fyrr en í ágústmánuði s. l. og í yfirstandandi mánuði.

Dómsorð:

Ákærðu, Henry Alexander Hálfdánarson og Jón Bjarnason, greiði hvor um sig 500 króna sekt til ríkissjóðs, og afpláni þeir hvor um sig sektina með varðhaldi í 10 daga, greiði þeir hana ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þeir greiði in solidum allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 27. febrúar 1950.

Nr. 72/1948. **H/f Björgvin**
gegn
Sjómannafélagi Ísfirðinga vegna Jóns Sigurðssonar

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, H/f Björgvin, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 27. febrúar 1950.

Nr. 73/1948. **H/f Björgvin**
gegn
Sjómannafélagi Ísfirðinga vegna Steingríms Kristmundssonar

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, H/f Björgvin, sem eigi sækir dómþing í máli

þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 27. febrúar 1950.

Nr. 150/1948. **H/f Búkolla og Bjarni Bjarnason**
gegn
Korkiðjunni h/f

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, H/f Búkolla og Bjarni Bjarnason, sem eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. marz 1950.

Nr. 152/1949. **Ákæruvaldið** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Paul Johannes Joensen (Theódór B. Líndal).

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Sigfús M. Johnsen, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, hefur markað á sjóuppdrátt staðinn, þar sem dufl varðskipsins var sett í sjó kl. 9.18 hinn 15. júlí 1949, og reyndist hann 1.1 sjómílu innan landhelgislínu. Er þá tekið tillit til þess, að Bjarnarneskirkja hefur verið flutt, eftir að gerður

var uppdráttur sá, er varðskipsforinginn notaði. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til raka héraðsdóms hefur ákærði brotið gegn 1. gr. laga nr. 45/1937, sbr. 1. gr. laga nr. 26/1940 og 3. gr. fyrrnefndra laga. Með hliðsjón af núverandi gullgengi íslenzkrar krónu, 23.594, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 10600 króna sekt til Fiskveiðasjóðs Íslands, og komi varðhald 2 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og um málskostnað í héraði ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Paul Johannes Joensen, greiði 10600 króna sekt til Fiskveiðasjóðs Íslands, og komi varðhald 2 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og um málskostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Theodórs B. Líndals, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 18. júlí 1949.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Poul Johannes Joensen, skipstjóra á v/b Tryggve T.G. 774 frá Vaag í Færeyjum fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 45 frá 1937 um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, sbr. lög nr. 26 frá 1940, til refsingar, upptöku afla og veiðarfæra og málskostnaðargreiðslu.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina og sannaðir eru með skýrslu skipherrans á varðskipinu Faxaborg, Reykjavík, og eigin játningu kærða.

Föstudaginn 15. júlí síðastliðinn var varðskipið Faxaborg á eftirlitsferð í Mýrarbugt. Kl. 08.50 sást bátur grunsamlega nærri landi, og hafði stefnu upp að landinu. Kl. 09.18 stöðvaði eftirlitsskipið þar, sem þeir á

bátnum köstuðu nót sinni, og setti út dufl þar, en kl. 19.12 sást frá varðskipinu, að menn voru á þilfari bátsins við þessar athafnir.

Var síðan lagzt upp að hliðinni á dragnótabátnum, sem var umgetinn bátur, Tryggve T.G. 774 frá Vaag í Færeyjum. Var skipstjóri bátsins spurður um, hvar dragnótin væri, og sagði hann, að þeir hefðu sleppt henni niður þar, sem Faxaborg setti duflið, og væri annar endi á tóginu við nótina, en hinn við dufl, sem hann ætti þar hjá.

Við dufl það, er varðskipið setti út, var gerð eftirfarandi staðar-ákvörðun:

Hestgerðishnúta
> 69° 00′
Skinneyjarhöfði dýpi 25 metrar
> 64° 00′
Bjarnarneskirkja

og gefur það stað bátsins 1.5 sjómílur innan við landhelgislínuna.

Mældu skipstjóri og stýrimaður dragnótabátsins þessa staði og viðurkenndu þá þegar að hafa verið fyrir innan landhelgi.

Hér fyrir réttinum útfærði varðskipsforinginn á sjókorti staðarákvarðanirnar, sbr. skýrslu hans rskj. 1, og viðurkenndi kærði þær réttar og endurtók játningu sína um að hafa verið að dragnótaveiðum á bát sínum, Tryggve T.G. 774 frá Vaag, á þeim stað og tíma, sem um getur í skýrslunni, en kveður þær hafa verið óviljaverk, og hafi hann ekki ætlað sér að veiða í landhelgi, en þoka mikil hafi verið, og þeir hafi, án þess að þeir hafi vitað af, verið komnir inn fyrir landhelgi og köstuðu þar án þess að vita, að þeir voru fyrir innan landhelgina.

Samkvæmt því, er hér að ofan greinir, verður að telja sannað í málinu með skýrslu skipherrans á varðskipinu Faxaborg og með eigin játningu kærða, að kærði hefur verið að veiðum í landhelgi með dragnót á skipi sínu Tryggve T.G. 774 frá Vaag í Færeyjum, 44.38 br. smál., föstudaginn 15. júlí 1949.

Hefur hann með þessu gerzt brotlegur gegn ákvæðum laga nr. 45 frá 1937 um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi, sbr. lög nr. 26/1940.

Kærði, sem fæddur er 17. marz 1892, hefur eigi, svo að kunnugt sé, sætt kæru né refsingu fyrir nokkurt brot, sbr. hegningarskrá ríkisins, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin samkvæmt 3. gr. laga nr. 45 frá 1937 kr. 7500.00 sekt í Fiskveiðasjóð Íslands með tilliti til þess, að gildi krónunnar er það í dag, að hundrað seðlakrónur jafngilda 33.96 gullkrónum.

Verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, sæti kærði 2ja mánaða varðhaldi.

Auk þess skal allur afli innanborðs í dragnótabátnum Tryggve T.G. 774 frá Vaag í Færeyjum og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, vera upptækt og andvirðið renna í Fiskveiðasjóð Íslands.

Svo greiði kærði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Poul Johannes Joensen, greiði kr. 7500.00 í sekt í Fisk-

veiðasjóð Íslands, og komi 2ja mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í dragnótabátnum Tryggve T.G. 774 frá Vaag í Færeyjum, skulu vera upptæk og andvirðið renna í Fiskveiðasjóð Íslands.

Loks greiði kærði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað. Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum..

Föstudaginn 3. marz 1950.

Nr. 141/1947. **Gunnar Bildal** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Magnúsi Jochumssyni (Sigurgeir Sigurjónsson).

Innsetningar krafizt í muni, er áfrýjandi taldi sig hafa keypt af stefnda.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. des. 1947, gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma innsetningargerð þá, sem í málinu greinir, og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Af vætti vitna og öðrum málsgögnum má að vísu ráða, að Sigurður Helgason hafi samið við stefnda og þeir ráðgert kaup á munum þeim, sem um er deilt í máli þessu, en hins vegar brestur sönnur um það, að þeir stefndi og Sigurður hafi til fullnaðar orðið á sáttir um kaupverð eða að stefndi hafi fallizt á að afsala eignarrétti að munum skilorðslaust í hendur Sigurði, áður en Sigurður gerði skil á kaupverði munanna.

Þegar litið er á þessi atriði svo og á það, að áfrýjandi hefur ekki eignazt rétt fyrir traustnám, þá ber að staðfesta úrskurð fógeta.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Akureyrar 22. okt. 1947.

Björn Halldórsson hdl. hefur f. h. Gunnars Bildals í Siglufirði farið þess á leit með beiðni 7. ágúst s. l., að umbjóðanda hans verði með beinni fógetagerð fengin umráð muna þeirra, sem gerðarþoli, Magnús Jochumsson vélsmiður, til heimilis hér í bæ, tók úr vélaverkstæði tilheyrandi dráttarbrautinni í Dalvík á s. l. hausti, og að munirnir verði fluttir aftur á sama stað og gerðarþoli tók þá. Einnig krefst hann málskostnaðar úr hendi gerðarþola.

Gerðarþoli hefur mótmælt því, að gerðin fari fram. Hann krefst enn fremur málskostnaðar úr hendi gagnaðilja. Loks krefst hann bóta að mati réttarins fyrir vinnutjón og önnur óþægindi, sem hann hefur haft af innsetningarbeiðni þessari.

Málavextir eru þannig. Með kaupsamningi, dags. 17. ágúst 1945, og afsali, dags. 1. september sama ár, seldi gerðarþoli Sigurði Helgasyni, stórkaupmanni í Reykjavík: „.... hús dráttarbrautarinnar í Dalvík, sem er steinsteypuhús 18x9 áln. ásamt tilheyrandi lóð, þar með einnig lang- og þvergarða, sem á lóðinni eru byggðir, stoppari fram í sjó, fylltur með 22 tonn grjót, einnig steinsteypuhús með viðbyggðum blikkskúr og tilheyrandi lóð ....", eins og segir í 1. lið samningsins. Í 2. lið samningsins segir: „Kaupverð húsanna með mannvirkjum og lóðum, er að framan greinir, er ákveðið kr. 30000.00 — þrjátíu þúsund krónur — er greiðast seljanda út í hönd við undirskrift þessa samnings ....".

Með afsali útgefnu 14. október 1946 lætur Sigurður Helgason afsala gerðarbeiðanda, Gunnari Bildal í Siglufirði, húseign og öðrum mannvirkjum Dráttarbrautar Dalvíkur og vélaverkstæði ásamt öllum vélum, handverkfærum og efnisvörum, sem þar eru, auk lóðarréttinda. Er gerðarbeiðandi nú eigandi fasteigna þessara og telur sig einnig eiganda lausafjárins samkvæmt ofannefndu afsali. Seint í októbermánuði 1946 fór gerðarþoli út í Dalvík og tók allar vélar og áhöld úr Dráttarbraut Dalvíkur og kom því í geymslu hjá manni þar á staðnum. Komst gerðarbeiðandi að þessu atferli gerðarþola og sendi bæjarfógeta hér símskeyti 27. des. s. l., þar sem hann kærir þetta atferli gerðarþola og krefst rannsóknar á því. 31. s. m. hefst lögregluannsókn í málinu. Hafa aðiljar máls

þessa báðir gefið skýrslu hér fyrir lögreglurétti í því máli, og hefur útskrift af þeim verið lögð fram í máli þessu. Enn fremur hefur Sigurður Helgason verið leiddur sem vitni í máli þessu í bæjarþingi Reykjavíkur svo og nokkur vitni önnur.

Þar sem réttarsamband Sigurðar Helgasonar og gerðarþola hefur grundvallarþýðingu fyrir rétt gerðarbeiðanda, skal það athugað ýtarlega.

Sigurður Helgason hefur sagt í sinni skýrslu, að hann hafi alltaf litið svo á, að í kaupunum á Dráttarbrautinni í Dalvík hefði átt að fylgja vélaverkstæðið ásamt vélum og áhöldum. Hann hefur enn fremur sagt, að bæði gerðarþoli og Ásgeir Matthíasson, sem var við samningsgerðina með gerðarþola, hafi oft tekið það fram, að vélaverkstæðið ásamt vélum og áhöldum ætti að fylgja dráttarbrautinni. Einnig hefur hann sagt, að ekki hafi borizt í tal nein sundurliðun á eignunum, þegar gengið var frá samningi og afsali. Loks hefur hann borið, að meðan á samningaumleitununum stóð, hafi hann fengið í hendur bréfið á dskj. 4, að því er virðist ásamt upptalningu á lausafjármunum tilheyrandi dráttarbrautinni og vélaverkstæðinu. Samkvæmt framangreindri skoðun sinni á þessum viðskiptum virðist Sigurður hafa selt gerðarbeiðanda. Varðandi kaupverðið á þessum eignum, þegar Sigurður keypti, hefur hann borið eftirfarandi. Hann minnir, að kaupverðið hafi átt að vera 45 þús. krónur, að hann hafi greitt 24 þús. krónur í vörum við útgáfu afsalsins og samþykkt víxil fyrir 16 þús. krónum. Einnig hefur hann sagt, að hann hafi um sama leyti ábyrgzt 16. þús. króna víxil fyrir gerðarþola, og hafi hann síðar orðið að innleysa þann víxil. Sigurður hefur þó einnig sagt, að framangreindar vörur hafi ekki verið komnar til Akureyrar, þegar afsal fór fram. Vörur þessar voru rakvélablöð, og voru þær sendar til Ásgeirs Matthíassonar, sem mun hafa átt að annast sölu þeirra hér.

Til styrktar skilningi Sigurðar Helgasonar á kaupum þessum hefur gerðarbeiðandi leitt þrjú vitni, sem segjast hafa hlustað á símtal Sigurðar Helgasonar við gerðarþola 22. maí, s. l., þar sem gerðarþoli hafi viðurkennt, að hann hafi selt Sigurði vélar verkstæðisins á Dalvík, en hann hafi jafnframt tekið það fram, að andvirði þeirra væri ekki komið í sínar hendur, vegna þess að ekki hefði tekizt að selja rakvélablöð, sem Sigurður hafði sent norður. Enn fremur hafa verið leidd sem vitni Magnús Helgason, bróðir Sigurðar, og Sigurjón Sigurðsson útgerðarmaður.

Magnús hefur borið þetta. Hann var með Sigurði bróður sínum við samningsgerðina við gerðarþola. Þá hafi aldrei komið til greina annað en allt fylgifé dráttarbrautarinnar og vélaverkstæðisins ætti að fylgja með í kaupunum. Hann minnist þess ekki, að í sambandi við kaupin hafi verið sundurliðað verðmæti fasteigna og verðmæti véla og áhalda. Hann minnist þess þó ekki, að gerðarþoli hafi tekið það fram, þegar afsalið fór fram, að vélar og áhöld verkstæðisins fylgdu með. Þá segist hann og hafa séð lista yfir vélar og áhöld, sem fylgja hafi átt í kaupunum. Sigurjón hefur borið, að hann hafi heyrt gerðarþola tala um, að allar vélar og áhöld verkstæðisins ættu að fylgja með í kaupunum. Brandur Brynjólfsson hefur auk þess, sem hann hefur borið varðandi

símtalið, er að framan greinir, borið eftirfarandi. Hann fór sumarið 1946 í ýmsum erindagerðum fyrir Sigurð Helgason til Akureyrar, m. a. til að athuga um söluna á dráttarbrautinni í Dalvík. Fór hann þá til Dalvíkur með gerðarþola til að skoða það, sem Sigurður Helgason hafði keypt þar. Þá hafi gerðarþoli sýnt honum ýmsar vélar og verkfæri og hefði hann þá sagt, að allt þetta fylgdi með í kaupunum, og hefði hann sagt, að Sigurður hefði lista yfir lausafé og hefði hann, þ. e. Brandur, haft lista þenna meðferðis. Þá hefur hann tilgreint í yfirlýsingu, sem dags. er 8. jan. s. l., að hann hefði þá fyrir nokkrum dögum átt símtal við gerðarþola og hefði gerðarþoli þá viðurkennt, að allt umrætt lausafé hefði fylgt með í sölunni til Sigurðar. Hins vegar hefði gerðarþoli talað um, að vanefndir væru á greiðslunni. Loks hefur hann skýrt frá því, að hann hefði spurt þá, sem við samningana voru, hvers vegna þeir ekki hefðu tekið upptalningu á áhöldunum upp í afsalið við sölu gerðarþola til Sigurðar, og hefðu þeir sagt, að þeir hafi gert það vegna skattsins að telja vélar og áhöld upp á sérstöku blaði.

Auk þess, er að framan greinir, hefur gerðarbeiðandi einkum fært fram þessi atriði. Á beiðni um brunatryggingu fyrir vélar og verkfæri framangreinds fyrirtækis í Dalvík frá 9. nóv. 1945 hefur gerðarbeiðandi skráð Sigurð Helgason sem eiganda munanna, en sjálfur er hann tilgreindur sem fyrrverandi eigandi. Gerðarþoli hefur skýrt frá því, að eitt sinn, er Brandur Brynjólfsson hafi talað við hann í síma, hafi hann heimtað, að gerðarþoli afhenti lyklana að vélaverkstæðinu í Dalvík og hafi hann þá afhent manni hér í bænum, sem Brandur vísaði til, 2 lykla, en sjálfur hafði hann haldið eftir einum lykli. Samkvæmt þessu hefur gerðarbeiðandi sýnt fram á, að Sigurður Helgason hefði haft vörzlu munanna, þegar gerðarþoli tók þá, og bæri gerðarþola því að sanna vörzlurétt sinn. Einnig hefur hann haldið því fram, að afhending gerðarþola á vörzlunni mæli mjög með því, að lausafjármunirnir hafi verið með í kaupunum. Loks hefur gerðarbeiðandi borið það í lögreglurétti, að hann hefði sumarið 1946 gert sér ferð til gerðarþola og spurt hann, hvort það væri rétt, að Sigurður Helgason hefði keypt allar vélar og áhöld ásamt efni, er væri tilheyrandi fasteignunum, og hefði gerðarþoli þá sagt, að hann hefði selt Sigurði þetta og að honum eða öðrum væri óhætt að kaupa það, en hann hefði tekið það fram, að Sigurður ætti óuppgert af andvirðinu.

Af hálfu gerðarþola hefur einkum verið vitnað til orðalags samningsins um söluna til Sigurðar um það, að gerðarþoli hafi aðeins verið búinn að ganga frá sölu fasteignanna til Sigurðar. Enn fremur liggur fyrir í málinu m. a. eftirfarandi framburður gerðarþola fyrir rétti. Gengið hafi verið endanlega frá sölu fasteignanna til Sigurðar, og hafi andvirði þeirra verið greitt með víxli, sem kaupandi var samþykkjandi að. Telur hann andvirðið hafa verið 25 þús. krónur, og hafi víxillinn hljóðað um þá upphæð. En jafnframt sölu fasteignanna hafi verið rætt um, að Sigurður keypti einnig vélar og áhöld dráttarbrautarinnar, og hafi andvirði þess átt að greiðast með vörum, sem Sigurður ætlaði að senda Ásgeiri Matthíassyni. Hafi Sigurður sent vörur nokkru síðar til Ásgeirs í þessu skyni.

Nokkru eftir að vörur þessar komu, hafi Brandur Brynjólfsson, umboðsmaður Sigurðar, komið hingað, og hafi hann þá viljað fá oft nefndar vélar og áhöld afhentar gegn afhendingu nefndra vara, en Ásgeir Matthíasson hafi talið þær illseljanlegar og enginn verðreikningur hafi legið fyrir um þær, svo að ekkert samkomulag hafi orðið um þetta. Í febrúarmánuði 1946 segist hann hafa sent Sigurði Helgasyni símskeyti og tjáð honum, að hann teldi vöruna, sem hann hefði sent, óseljanlega, og að hann mundi taka vélar og áhöld dráttarbrautarinnar og ráðstafa því eftir eigin geðþótta. Um svipað leyti hafi Haraldur Friðbjarnarson frá Siglufirði talað við hann með skilaboð frá Sigurði um, að gerðarþoli afsalaði honum vélunum, og hafi hann þá tjáð Haraldi, að hann sjálfur teldi sig eiga innbú verkstæðisins. Síðar á sama ári hefði gerðarþoli komið að máli við hann á Hjalteyri og farið fram á það sama og Haraldur, og hefði hann svarað honum á sama hátt. Skömmu síðar hafi gerðarbeiðandi sent símskeytið á dskj. 19 og hefði hann aldrei svarað því. Í síðari hluta októbermánaðar 1946 hafi hann tekið vélar og áhöld úr dráttarbrautinni og komið því fyrir til geymslu og hefði hann haft lykil, sem hann hefði haft eftir, til að komast í húsið. 30. desember s. l., hafi Brandur Brynjólfsson átt símtal við hann og þá hafi hann m. a. spurt hann, hvað hann vildi fá mikið fyrir eignirnar, og kvaðst hann hafa sagt, að hann væri eigi við því búinn að svara því fyrirvaralaust.

Ljóst er af því, sem nú hefur verið rakið, að upphaflega hefur það verið ætlun þeirra beggja, gerðarþola og Sigurðar Helgasonar, að vélar og áhöld fylgdu með í kaupunum. Lúta bæði skýrslur þeirra að þessu svo og skýrslur vitnanna. En meira virðast vitnaskýrslurnar ekki sanna, svo fullnægjandi sé. Þær verða þannig ekki talin fullnægjandi sönnun fyrir því, að kaupin á lausafénu hafi orðið endanleg. Sama er að segja um dskj. nr. 8 og skýrslu gerðarbeiðanda, að það er ekki fullnægjandi sönnun fyrir því, að endanlega hafi verið gengið frá kaupum þessum. Varðandi afhendingu gerðarþola á lyklunum er það að athuga, að honum bar skylda til að afhenda þá án tillits til lausafjárins, vegna húsanna, sem Sigurður var óumdeilanlegur eigandi að, og er því hæpið að álykta, að ætlun hans hafi verið þar með að afhenda Sigurði vélar og áhöld til fullra umráða. Um kaupverðið er allt mjög á reiki, og virðist svo sem það hafi ekki verið endanlega ákveðið, nema að því er virðist fyrir fasteignirnar, og hefur gerðarbeiðandi viðurkennt í málflutningi sínum, að 30 þús. kr. upphæðin í afsalinu sé aðeins andvirði fasteignanna, enda bendir upphæðin til, að svo sé. Það má telja upplýst í málinu, að gerðarþoli hafi ekki fengið andvirði lausafjárins uppgert, þótt meira en tvö ár séu liðin frá viðskiptum þessum og aldrei um neinn ákveðinn gjaldfrest samið, svo vitað sé. Með skírskotun til þess, er nú hefur verið sagt, og þess, að eigi verður séð, að gerðarbeiðandi hafi leitt í ljós, að hans réttur sé í neinu betri en réttur forvera hans, Sigurðar Helgasonar, þá verður beiðni hans um gerð þessa eigi tekin til greina. Rétt þykir eftir atvikum málsins, að málskostnaður falli niður. Krafa gerðarþola um bætur fyrir vinnutjón og óþægindi er eigi tekin til greina.

Því úrskurðast:
Gerð þessi á ekki fram að fara.
Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 10. marz 1950.

Kærumálið nr. 3/1950.

Gunnar Ásgeirsson
gegn
Önnu Pálsdóttur f. h. dánarbús Garðars Þorsteinssonar

Um frestveitingu. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 9. f. m., er hingað barst 22. s. m., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði bæjarþings Reykjavíkur 4. febrúar s. l., þar sem varnaraðilja var veittur framhaldsfrestur í víxilmáli sóknaraðilja gegn varnaraðilja til 28. s. m. Gerir sóknaraðili þær kröfur, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað verði um fyrrgreindan frest í málinu. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati dómsins. Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð í málinu.

Varnaraðili, sem áður hafði fengið fresti í málinu, samtals 3 vikur, þykir eigi hafa fært nein þau rök að því, að sóknaraðili sé ekki löglegur eigandi víxils þess, er í málinu greinir, að efni hafi verið til að veita honum frekari frest en hann þegar hafði haft til að koma fram vörnum í málinu á þeim grundvelli samkvæmt 208. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi, en rétt þykir eftir atvikum, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Gizurar Bergsteinssonar hrd. og Jóns Ásbjörnssonar hrd.

Víxill sá, sem hér er um að tefla, tjáist út gefinn 6. marz 1945 af Gunnari Ásgeirssyni til greiðslu hinn 10. janúar 1947 og samþykktur af Garðari hæstaréttarlögmanni Þorsteinssyni, en hann lézt í maí 1947. Fyrirsvarsmönnum dánarbús Garðars Þorsteinssonar var ókunnugt um tilvist víxils þessa, og var dánarbúið ekki krafið um greiðslu hans fyrr en 16. des. 1949. Telja fyrirsvarsmennirnir víxilinn af ýmsum ástæðum tortryggilegan og óska þess, að rannsókn á tilvist hans fari fram, áður en dómur gengur. Hinn 10. janúar þ. á. var háð hið fyrsta dómþing í máli þessu. Fékk umboðsmaður stefnda þá frest um vikutíma. Ritaði hann síðan sakadómara bréf hinn 16. janúar, þar sem hann tilgreinir rök fyrir því, að rétt sé að láta rannsókn fara fram um tilvist víxilsins. Hinn 17. janúar s. á. fengu umboðsmenn aðilja sameiginlegan frest til 31. s. m. Þenna síðarnefnda dag beiddist umboðsmaður stefnda frekari frests, þar sem sakadómari hafði þá enn ekki komið í verk að ljúka rannsókn.

Þegar litið er á þau atvik, sem að framan er lýst, er mjög eðlilegt, að fyrirsvarsmenn dánarbúsins vildu láta fara fram rannsókn um tilvist víxilsins, áður dómur gangi, og þegar þess er gætt, að beiðzt var slíkrar rannsóknar án dráttar og að þeirri rannsókn var ekki lokið, er framhaldsfrests var beiðzt 31. janúar, þá þykja rök vera til þess að veita frest þenna.

Samkvæmt þessu ætti dómsorð að hljóða svo: Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður. Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 4. febr. 1950.

Mál þetta, er tekið var til úrskurðar 31. f. m., hefur Gunnar Ásgeirsson sjómaður höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 30. desember 1949 gegn dánarbúi Garðars Þorsteinssonar til greiðslu víxils, að fjárhæð kr. 5000.00, með 6% ársvöxtum frá gjalddaga hans, 10 janúar 1947, til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar. Mál þetta var þingfest 10. f. m., og fékk stefndi þá viku frest til ritunar greinargerðar, en að þeim fresti liðnum fengu aðiljar sameiginlegan frest til öflunar gagna til 31. f. m.

Í þinghaldi þann dag óskaði umboðsmaður stefnda eftir 4 vikna fram-

haldsfresti, þar eð hann hefði kært stefnanda fyrir málshöfðun þessa og m. a. talið, að hann væri ekki eigandi víxilsins, enda ekki raunverulega útgefandi hans, og yrði rannsókn sakadómara sennilega lokið innan þessa frests.

Í kæru sinni til sakadómara segir umboðsmaður stefnda, að víxillinn muni ekki hafa verið tilkynntur framtalsnefnd og stimplaður eignakönnunarstimpli fyrr en 16. desember 1949 og þá tilkynntur sem eign Guðlaugs Ásgeirssonar, Bústaðabletti 12. Þegar þetta er virt, þykir rétt að veita stefnda hinn umbeðna frest.

Jón Bjarnason fulltrúi borgardómara kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Stefnda er veittur frestur til 28. þ. m.

Föstudaginn 10. marz 1950.

Kærumálið nr. 4/1950.

Bifreiðastöðin Stefnir s/f

gegn

Niðursuðuverksmiðjunni Síld h/f

Frávísun máls frá héraðsdómi. Birting stefnu ófullnægjandi.

Dómur Hæstaréttar.

Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Með kæru 10. febrúar þ. á., sem hingað barst 24. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936 kært frávísunardóm, uppkveðinn á bæjarþingi Akureyrar 8. febrúar þ. á. Krefst sóknaraðili þess, að frávísunardómurinn verði felldur úr gildi og héraðsdómaranum gert skylt að leggja dóm á málið að efni til.

Frá varnaraðilja hefur hvorki borizt greinargerð né kröfur í málinu.

Birting héraðsstefnu, eins og henni er lýst í hinum áfrýjaða dómi, er ekki fullnægjandi, og ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Þar eð varnaraðili hefur ekki gert kröfur hér fyrir dómi, fellur kærumálskostnaður niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 8. febr. 1950.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 6. þ. m., hefur stefnandi, Júlíus Bogason f. h. Bifreiðastöðvarinnar Stefnis s.f., Akureyri, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 4. þ. m. á hendur stefndu, Niðursuðuverksmiðjunni Síld h.f., Akureyri, en stjórn þess félags skipa þau Magnús Einarsson, Háteigsveg 2, Tryggvi Jónsson, Hellusundi, og Anna Einarsson, Háteigsveg 2, öll í Reykjavík. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefnda verði dæmd til að greiða gjald fyrir akstur á vörum á tímabilinu ágúst—desember s.l. að upphæð kr. 7327.87 auk 5% ársvaxta frá 1. jan. s.l. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Af hendi stefndu var ekki sótt þing, og verður mál þetta því dæmt eftir framkomnum skilríkjum. Samkvæmt áritun stefnuvotta á stefnu hefur stefnubirting farið fram með þeim hætti, að stefnuvottar hafa knúð á dyr skrifstofu stefnda á Oddeyrartanga, en enginn svaraði, og hittu þeir engan að máli, enda var húsið læst. Telst þetta ekki fullnægjandi stefnubirting, sbr. 2. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936 i. f., og varðar þessi galli á málatilbúnaði því, að vísa ber málinu frá dómi.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá dómi.

Mánudaginn 13. marz 1950.

Nr. 89/1948. **Sölunefnd setuliðseigna** (Theódór B. Lindal)
gegn
Þórði Þorsteinssyni (Guttormur Erlendsson).

Slysabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. júní 1948, krefst þess *aðallega* að verða sýknaður

af fébótakröfum stefnda, en *til vara* að stefnda verði aðeins dæmdar fébætur í hlutfalli við sök aðilja. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eins og greinir í héraðsdómi, verður að telja, að brostið hafi á fullnægjandi öryggisbúnað og gæzlu af hálfu starfsmanna áfrýjanda á vinnustað þeim, þar sem slysið varð. Ber áfrýjandi fébótaábyrgð á þessari vangæzlu starfsmanna sinna, en þar sem telja verður, að stefndi hafi ekki gætt fullrar varúðar, er hann nam staðar við gafl skála þess, sem verið var var að rífa, þykir rétt, að hann beri sjálfur ¼ hluta þess tjóns, er hann hlaut af völdum slyssins. Verður áfrýjanda því dæmt að greiða ¾ hluta tjónsins svo og málskostnað í Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 800.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Sölunefnd setuliðseigna, ber ábyrgð að ¾ hlutum á tjóni því, sem stefndi, Þórður Þorsteinsson, krefst bóta fyrir í máli þessu.

Áfrýjandi greiði stefnda kr. 800.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. júní 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m., hefur Þórður Þorsteinsson, Sæbóli í Fossvogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 5. nóvember 1947 gegn Skúla Thorarensen f. h. Sölunefndar setuliðseigna til greiðslu bóta að fjárhæð kr. 125001.79 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnda hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara lækkunar á stefnukröfunni og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Að ósk aðilja hefur dómari samþykkt, að málinu verði skipt, og hefur málflutningur farið fram um bótaskyldu stefndu.

Í þessum hluta málsins hefur stefnandi krafizt þess, að viðurkennt verði með dómi, að stefnda beri fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af síðargreindu slysi svo og að stefnda verði dæmd til að greiða málskostnað.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar, en *til vara*, að

sök á slysinu verði skipt með aðiljum og að málskostnaður falli niður.

Málavextir eru þessir:

Nálægt byrjun nóvembermánaðar 1945 tók Reykjavíkurbær við herbúðahverfi í Fossvogi af setuliðinu, og var stefndu falið að láta rífa hermannaskála þá, er reistir höfðu verið á svæði þessu. Réð stefnda til starfa þessa flokk manna, er hóf vinnuna um eða eftir 10. s. m. Hinn 19. s. m. kom stefnandi inn á svæði þetta í fylgd með starfsmanni sínum. Hafði stefnandi þar tal af bifreiðarstjóra nokkrum, er annaðist flutning efnis burt af staðnum, og skoðaði stefnandi þarna hrúgu af kolasalla, sem hann virðist hafa haft hug á að kaupa. Skammt undan stóð skáli, sem menn voru að rífa. Hafði allt járn verið rifið af þaki skálans, en gaflarnir, sem hlaðnir voru á steyptum steinum, samanlímdum, virðast hafa verið lausir við aðra hluta skálans. Er stefnandi og förunautur hans voru á leið út af svæðinu aftur, námu þeir staðar nálægt skála þessum, en í sömu andrá féll sá gaflinn, er nær þeim var, og varð stefnandi undir honum. Hlaut hann af þessu mikil meiðsl, m. a. brotnaði þvertindur eins lendaliðs og lífbeinið gliðnaði um samskeytin í miðju vegna löskunar á liðamótum spjaldbeins og mjaðmabeins, að því er talið var. Lá hann í tvo mánuði í sjúkrahúsi, var ekki talinn vinnufær í 4 mánuði eftir það, og hefur varanleg örorka hans verið metin 40%. Förunautur hans hlaut nokkur meiðsl á fæti, og galt stefnandi honum kr. 1350.00 í bótaskyni, en sú fjárhæð er innifalin í bótakröfu stefnanda í máli þessu samkvæmt framsali mannsins. Telur stefnandi, að stefnda, er annaðist það, að skálarnir voru rifnir, beri bótaábyrgð á tjóni því, er hann beið af slysi þessu.

Stefnda byggir sýknukröfu sína á því, að enginn starfsmanna sinna hafi átt sök á slysi þessu. Skýrir stefnda svo frá, að svæði það, sem hér ræðir um, hafi verið rammlega girt og við hliðið á girðingunni hafi verið spjald með áletrunum á íslenzku og ensku, er gáfu til kynna, að umferð manna um svæðið væri óheimil. Stefnandi hafi eigi aflað sér heimildar til inngöngu né heldur gert vart við sig hjá starfsmönnum stefndu, og megi hann því sjálfum sér um kenna orsakir slyssins.

Starfsemi þá, er fór fram á greindu svæði á vegum stefndu, þykir verða að telja hættulega aðvífandi fólki og stefndu skylt að koma í veg fyrir mannaferð um svæðið. Telja verður sannað, að svæðið hafi verið vel girt, en af gögnum málsins er það ljóst, að hlið á girðingunni var ekki læst, meðan vinna fór fram innan hennar, og eigi hafði stefnda þar varðmann né nokkurn mann, er varað gæti vegfarendur við. Ekki sést, að önnur merki hafi verið við hliðið en ef til vill spjald með áletrun um, að innan girðingar væri „hernaðarsvæði" og „varðmenn vopnaðir byssum", en slík spjöld tíðkuðust á girðingum um herbúðasvæði þann tíma, sem þau lutu yfirráðum hins erlenda setuliðs. Er slysið varð, var ófriðnum fyrir nokkru lokið og setuliðsmenn víða fluttir úr herbúðum, þar á meðal úr þeim, er hér ræðir um, að minnsta kosti á því svæði, er stefnda athafnaði sig á. Verður því eigi talið, að mönnum væri eðlilegt að leggja þann skilning í áletrun þessa, sem stefnda vill vera láta. Eigi lét stefnda menn sína hafa gætur á því, að menn væru ekki á ferð í námunda við skálana, á meðan

unnið var að því að rífa þá, og ekki var þess heldur gætt að setja stoðir við skálagaflana, eftir að þeir voru losaðir úr tengslum við grindina. Er af framanrituðu ljóst, að öryggisbúnaði af hálfu stefnda var svo ábótavant, að telja verður hana bera fébótaábyrgð á tjóni stefnanda, og eigi þykir fært að taka til greina varakröfu stefndu, þar eð eigi hefur verið sýnt fram á það, að stefnandi hafi sýnt slíka óvarkárni á ferð sinni um herbúðasvæðið, að hann verði talinn hafa orðið meðvaldur að slysinu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í þessum hluta málsins.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefnda, Sölunefnd setuliðseigna, ber fébótaábyrgð á tjóni stefnanda, Þórðar Þorsteinssonar, af framangreindu slysi.

Málskostnaður falli niður í þessum hluta málsins.

Þriðjudaginn 14. marz 1950.

Nr. 60/1948. **Gísli J. Johnsen og Höskuldur Baldvinsson** (Jón Ólafsson hdl.)
gegn
Bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs og gagnsök (Eggert Claessen).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Verksamningur skýrður og dæmt um kröfur, er af honum risu.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. maí 1948, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. s. m. Í *aðalsök* eru kröfur þeirra um fégreiðslu úr hendi gagnáfrýjanda sem hér segir: *Aðalkrafa* kr. 84250.94, *fyrsta varakrafa* kr. 74250.94, *önnur varakrafa* kr. 51195.86, *þriðja varakrafa* kr. 48276.61 og *fjórða varakrafa* kr. 19680.94. Svo krefjast þeir og 6% ársvaxta frá 28. okt. 1943 til greiðsludags af þeirri fjárhæð, sem þeim kynni að verða dæmd, og málskostnaðar úr

hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. maí 1948, áfrýjað málinu með stefnu 31. s. m. Í *aðalsök* krefst hann *aðallega* sýknu af kröfum aðaláfrýjenda, en til vara, að honum verði aðeins dæmt að greiða þeim kr. 1827.07. Þá hefur hann sérstaklega krafizt þess, að 4. varakröfu aðaláfrýjenda verði vísað frá Hæstarétti. Í *gagnsök* krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum *aðallega* kr. 57618.03, en *til vara* kr. 55790.96, með 6% ársvöxtum frá útgáfudegi gagnstefnu í héraði 22. febr. 1946 til greiðsludags. Loks krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjenda bæði í aðalsök og gagnsök fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur krefjast sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í gagnsök og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með samningi aðaláfrýjenda við gagnáfrýjanda (þáverandi hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps), dags. 26. ágúst 1939, tókust aðaláfrýjendur á hendur „að byggja fyrir Ólafsfjarðarhrepp raforkuver við Garðsá ásamt raforkuveitu til Ólafsfjarðarkauptúns og lágspennukerfi um kauptúnið" samkvæmt því, sem nánar er ákveðið í samningnum, teikningum og verklýsingu, dags. sama dag.

Skulu hér greind þau ákvæði samningsins, sem einkum skipta máli um kröfur málsaðilja.

1. gr. „Verksalar skulu hefja framkvæmd verksins svo fljótt sem unnt er og hraða því eftir föngum. Verksalar skulu og hraða pöntun á vélum og öðru efni og gera að öðru leyti það, sem í þeirra valdi stendur, til að fullgera stöðina, svo fljótt sem unnt er. Skal vinna við lágspennukerfið hefjast svo fljótt sem unnt er, og skal fullgerast á þessu hausti, ef tíð leyfir, og er hreppnum heimilt að taka það þá þegar til notkunar".

2. gr. „Verkkaupendur skulu útvega nauðsynleg innflutnings- og gjaldeyrisleyfi ..."

3. gr. „Heimilisfastir verkamenn í Ólafsfirði skulu, eftir því sem unnt er, sitja fyrir allri almennri vinnu við rafveituna. Breytist kaupgjald verkamanna í Ólafsfirði, meðan á

verkinu stendur (frá því sem verið hefur undanfarið), skal sá hluti almennrar vinnu við rafveituna, sem óunninn er, þegar kaupbreytingin verður, hækka eða lækka í hlutfalli við kaupbreytinguna. . . ."

4. gr. „Heimilt er verksölum að breyta út frá ofannefndum teikningum og verklýsingum, ef hentugra er að dómi þeirra, enda séu breytingarnar þannig, að verkið sé að öllu leyti eins vandað og gert var ráð fyrir, en tilkynna skulu þeir verkkaupendum slíkar breytingar fyrir fram".

5. gr. „Rafveitan skal vera vönduð að öllu leyti og úr viðurkenndu efni og eftir gildandi reglum um hinar einstöku vélar, efni og tæki".

6. gr. „a) Ólafsfjarðarhreppi er heimilt að hafa á vinnustaðnum trúnaðarmann til að fylgjast með framkvæmd verksins, og er verksölum eða fyrirsvarsmanni þeirra á vinnustað skylt að láta slíkum trúnaðarmanni í té allar upplýsingar varðandi framkvæmd verksins, er hann kann að óska. Hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps tilkynnir verksölum, hver eða hverjir séu trúnaðarmenn verkkaupanda í þessu efni.

Framannefnt eftirlit af hálfu verkkaupanda breytir í engu ábyrgð verksala á framkvæmd verksins . . .

c) Áður en rafveitan er afhent Ólafsfjarðarhreppi til umráða, skal hún viðurkennd af trúnaðarmanni hreppsins, enda fari athugun fram, þegar er verksalar hafa tilkynnt, að rafveitan sé tilbúin til afhendingar".

7. gr. „Verksalar bera ábyrgð á veitunni í eitt ár, eftir að hún er tekin til starfa, og bæti á sinn kostnað úr göllum, er fram kunna að koma og stafa af slæmu efni eða vinnu".

8. gr. „Fyrir rafveituna uppkomna, samkvæmt því sem að framan greinir, greiði verkkaupendur verksölum kr. 215000.-00 . . ."

16. gr. „Ef ófriður eða aðrar óviðráðanlegar ástæður valda miklum verðbreytingum á efni því, sem þarf til framkvæmdanna, eða ástæður stórbreytast að öðru leyti, eiga verksalar heimtingu á, að samningurinn verði endurskoðaður og hann felldur úr gildi, að því leyti sem honum er ekki þegar fullnægt og ekki næst samkomulag að nýju".

17. gr. „Ef rafveitan verður ekki byggð árið 1940, getur

hvor aðilja um sig krafizt endurskoðunar á samningnum og ógildingar, nema samkomulag náist að nýju."

Úr verklýsingu þykir rétt að greina eftirfarandi atriði:

1. „Þar, sem Garðsá rennur fram milli hólanna ofan við Garð, skal gera stíflu þvert yfir farveg árinnar. Vesturendi og miðhluti stíflunnar er úr steinsteypu, en austurendinn er jarðstífla ..."

2. „Frá stíflunni liggur þrýstivatnspípan niður utan við ána, niður að stöðvarhúsinu, sem verður reist á eyrinni ofan við Ólafsfjarðarvatn ... Efstu 260 lengdarmetrar pípunnar eru 50 cm víðir að innanmáli, gerðir úr a. m. k. 1½" þykkum tréböndum. Næstu 260 lengdarmetrarnir eru einnig 50 cm víðir að innanmáli, gerðir úr a. m. k. 2" þykkum tréplönkum. Neðstu 135 metrar eru úr 40 cm víðri járnpípu, vafðri og asfalteraðri. *Efni:* Plankarnir í trépípuna skulu vera úr góðri, valinni, vel þurri furu ... Plankarnir í pípuna skulu vera heflaðir eftir pípuhringnum bæði að innan og utan ...."

3. *„Aflstöðvarhúsið.* Húsið sé byggt samkvæmt teikningu ... Gólf sé steypt á þykkt grjótlag ... Innan á útveggi sé klætt með uppsláttartimbri og síðan húðað í vírnet ... Slitlag á gólfi sé 2 cm þykkt með blöndunarhlutfalli 1:2 sementsandur ..."

4. „Túrbínan er francishjól með láréttum ás. Hraði þess er 1500 eða 1000 snúningar á mínútu. Það skal geta framleitt 200 hestöfl á hjólás við lægstu nettófallhæð ..."

5. *Háspennulínan.* Línan skal vera eirvír á gegndreyptum, einföldum tréstólpum af venjulegri gerð. Skal meðaltal tveggja samliggjandi stólpahafa eigi vera yfir 80 metrar. Gildleiki eirvíra er 25 mm². Hann er festur á „Delta" einangrara, sem festir eru á járnkróka, sem skrúfaðir eru í stólpana ..."

6. *Spennistöð* ... Spennirinn er 150 KVA. 3000/230 volt ..."

Haustið 1939 var hafinn undirbúningur að verkinu. Var þá steypt undirstaða að stíflugarði, og innanbæjarrafveitukerfi lagt um Ólafsfjarðarkauptún. Kostnaður af þeim framkvæmdum varð kr. 27500.00. Eftir þetta lá verkið niðri fram til sumarsins 1941.

Hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps hafði kosið sérstaka þriggja manna rafveitunefnd. Hinn 4. júlí 1941 barst formanni nefndarinnar svofellt símskeyti frá aðaláfrýjendum:

„Með hliðsjón áðurgerðra undirbúningsframkvæmda og skírskotun nýlegra símtala við Johnsen teljum viðhorf þannig: Hægt að fullgera rafveituna þessu ári eða fyrri part næsta, ef ákvörðun þar að lútandi tekin tafarlaust. Erum reiðubúnir hefja framhaldssamninga og aðkallandi gera það tafarlaust vegna erfiðleika allra aðdrátta".

Hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps varð við framangreindum tilmælum um að hefja samningatilraunir að nýju. Hinn 10. júlí 1941 veitti hreppsnefndin rafveitunefndarmönnunum þremur „fullt umboð til þess fyrir hreppsins hönd að gera samning við" aðaláfrýjendur um, „að þeir taki að sér að byggja og selja Ólafsfjarðarhreppi raforkuver við Garðsá í Ólafsfirði, er framleitt geti allt að 250 hestöfl raforku, ásamt raforkuveitu til Ólafsfjarðarkauptúns og fullnaðarlagningu lágspennuveitu um kauptúnið ..."

Samningaumleitanir fóru fram á Akureyri dagana 14. og 15. júlí milli rafveitunefndarinnar og aðaláfrýjenda. Hinn 14. júlí sendi rafveitunefndin lögreglustjóra Ólafsfjarðar svohljóðandi símskeyti:

„Það tilkynnist yður hér með, að líkur eru til, að hægt sé að semja um fast verð fyrir það, sem eftir er að byggja af rafstöðinni við Garðsá, fyrir 288 þúsund, samningar á svipuðum grundvelli og áður. Óskum eftir umsögn hreppsnefndar, hvort hún mælir með, að verði samið fyrir það verð".

Skeyti þessu svaraði oddviti Ólafsfjarðarhrepps hinn 15. júlí með símskeyti, þar sem m. a. segir:

„Tilefni gærskeyti yðar telur hreppsnefnd aðgengilegt 288 þúsund króna fastaverð fyrir það, sem eftir er að byggja af fyrirhugaðri 250 hestafla rafstöð við Garðsá, samanber öðru leyti samninga 1939 svipuðum grundvelli þeim samningum ... og verkið verði framkvæmt í haust og vetur ..."

Hinn sama dag komst samningur á með rafveitunefndinni og aðaláfrýjendum um framhald og breytingar verksamningsins frá 1939. Í samningi þessum segir m. a.:

„Samkvæmt 16. og 17. gr. verksamnings milli undirritaðra

aðilja, dags. 26. ágúst 1939, hefur með tilliti til hækkaðs verðs á efni og vinnu orðið eftirfarandi samkomulag, enda skuldbinda verksalar sig til að halda verkinu áfram og hefjast handa í því efni nú þegar og ljúka því, svo fljótt sem unnt verður.

Ólafsfjarðarhreppur hefur staðið verksölum full skil fyrir efni og vinnu, er lagt hefur verið í rafveituna fram að þessu.

8. gr. samningsins orðist svo: Fyrir verk það, sem ógert er (vinnu og efni) við rafveituna, greiði verkkaupendur verksölum kr. 288000.00 ...“

Eftir ný ákvæði um breytta greiðsluskilmála segir í samningnum:

„Að öðru leyti skal hinn upphaflegi samningur standa óbreyttur.

Aðiljar eru sammála um eftirfarandi breytingar á verklýsingunni:

1. Verksölum skal heimilt að nota galvaníseraðan stálvír eða koparaðan stálvír í stað eirvírs í háspennulínuna.

2. Túrbínustærð skal vera minnst 230 hestöfl, enda þrýstivatnspípa, rafall og spennar gert í samræmi við þessa breytingu“.

Undir samning þenna rita aðaláfrýjendur og rafveitunefndarmennirnir þrír „f. h. hreppsnefndar Ólafsfjarðarhrepps samkvæmt umboði dagsett 10. þ. m.“

Með nýjum samningi málsaðilja, dags. 26. ágúst 1941, varðandi greiðsluskilmála, sem hér skipta ekki máli, lýsa aðaláfrýjendur yfir því, að „þeir muni ekki krefjast aukagreiðslu vegna þess, að stærð túrbínu og rafals hefur nú verið ákveðin 250 hö. í stað 230 hö. eftir fyrra samningi“.

Eftir að viðbótarsamningurinn frá 15. júlí 1941 hafði verið gerður, hófst aftur vinna við virkjunina. Var unnið að framkvæmdum fram til 18. des. 1941, en þá stöðvaðist verkið að mestu, að því er virðist til vors 1942. Það virðist einkum hafa valdið stöðvuninni, að dráttur varð á öflun ýmissa hluta og efnis, er útvega varð frá útlöndum til stöðvarinnar. Sérstaklega gekk treglega að afla útflutningsleyfa í Englandi fyrir túrbínu og rafvél. Nokkurt efni kom þó til Ólafsfjarðar um veturinn. Sumarið 1942 voru þrýstivatnspípurnar lagðar. Túr-

bínan kom hingað til lands í júlí 1942 og var þá þegar send til Ólafsfjarðar. Var hún sett niður og tengd við þrýstivatnspípu í september. Stóð þá aðallega á því, að rafallinn fengist afgreiddur frá Englandi.

Hinn 8. nóvember 1942 sendi aðaláfrýjandi Gísli J. Johnsen formanni rafveitunefndar svohljóðandi símskeyti:

„Rafvélarnar komnar, talaðu við mig".

Er því haldið fram í málinu af aðaláfrýjendum, að þenna sama dag hafi Gísli J. Johnsen átt símtal við formann rafveitunefndar og þá krafizt endurskoðunar á samningum aðilja. Verður nánar vikið að þessu síðar.

Hinn 3. desember 1942 kom rafallinn til Ólafsfjarðar. Jafnframt komu þangað sérfróðir menn um rafvirkjun til að setja niður vélar og virki. Þá eða um sama leyti komu aðaláfrýjendur til Ólafsfjarðar.

Á fundi hreppsnefndarinnar 8. des. 1942 var rafveitumálið tekið til meðferðar. Var þá m. a. bókað:

„Rafveitunefnd (M. G.) skýrði frá gangi málsins (Garðsárvirkjunarinnar) og gat þess, að Gísli Johnsen hefði í símtali fyrir nokkru tjáð sér, að hann vildi endurskoða samning þann, er gerður var við hann og Höskuld Baldvinsson um virkjun Garðsár. Kvaðst hann hafa svarað því á þá leið, að að svo komnu máli gæti ekki farið fram endurskoðun vegna þess, að hann teldi það ekki flýta fyrir málinu. En hann kvað hann og Höskuld komna nú til að fá samninginn endurskoðaðan. Einnig gat hann þess, að vélar stöðvarinnar væru til muna fullkomnari en gert hefði verið ráð fyrir".

Næstu daga fóru fram samningaumleitanir milli aðilja um endurskoðun fyrri samninga og viðbótargreiðslur, en ekki báru þær árangur. Kveður þáverandi oddviti hreppsins aðaláfrýjendur hafa farið fram á greiðslu, að fjárhæð kr. 97000.-00, til viðbótar við verð það, kr. 288000.00, er um hefði verið samið 15. júlí 1941, en færzt undan að gera nægilega grein fyrir, í hverju þessi verðhækkun væri fólgin. Tjáði hreppsnefndin aðaláfrýjendum, að hún væri fús til að standa við gerða samninga, og kvaðst halda fast við samninginn frá 15. júlí 1941, enda væri ekki sannað, að um mikla verðbreytingu eða stórbreyttar ástæður væri að ræða frá því, að hann var

gerður. Aðaláfrýjendur tilkynntu þá oddvita hreppsins með bréfi 11. des., að þeir mundu ekki sjá sér annað fært en að stöðva framkvæmdir við rafveituna, þar til þeim væri tryggður viðunandi grundvöllur til samkomulags um nauðsynlegar viðbótargreiðslur. Ekki varð þó af stöðvun, en þann 18. desember afhenti aðaláfrýjandi Höskuldur Baldvinsson hreppsnefndinni skriflega yfirlýsingu, þar sem m. a. segir svo:

„1. Við Gísli J. Johnsen áskiljum okkur fullan og óskertan rétt samkvæmt samningi vorum, dags. 26/8 1939, og viðbótarsamningi, dags. 15/7 1941, eins og hann hefði verið, ef við hefðum sagt upp samningunum, t. d. 12. þ. m., er ekki náðist samkomulag um viðbótargreiðslur til okkar vegna stóraukins kostnaðar við byggingu rafveitunnar, er á rót sína að rekja til breyttra aðstæðna innanlands og utan.

2. Með skírskotun til framanritaðs veitum við Gísli J. Johnsen hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps heimild til að reka rafveituna fyrst um sinn á mínu nafni, en áskiljum okkur rétt til að afturkalla þá heimild, ef ekki næst samkomulag um ofannefndar greiðslur."

Hreppsnefndarmenn Ólafsfjarðarhrepps rituðu á yfirlýsingu þessa, að þeir væru „samþykkir framanrituðu". Sama dag afhenti hreppsnefndin aðaláfrýjendum svofellda yfirlýsingu:

„Hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps tjáir sig hér með samþykka því að endurskoða samninga þá, er gerðir voru milli hr. Gísla J. Johnsen og Höskulds Baldvinssonar annars vegar og Ólafsfjarðarhrepps hins vegar um virkjun Garðsár, dags. 1. (á að vera 26.) ágúst 1939 og endurskoðunarsamningi í júlí 1941, að svo miklu leyti, er samningarnir sjálfir gefa tilefni til".

Rekstur stöðvarinnar hófst nú samkvæmt framansögðu þann 19. desember. Á þessum tíma hafði gagnáfrýjandi þegar greitt aðaláfrýjendum upp í andvirði verksins kr. 286319.-06. Hinn 20. desember galt hann þeim til viðbótar kr. 12000.-00, og höfðu aðaláfrýjendur þá fengið úr hendi gagnáfrýjanda kr. 10319.06 umfram fjárhæð þá, kr. 288000.00, er þeir

skyldu alls fá fyrir verkið samkvæmt samningnum frá 15. júlí 1941.

Þegar stöðin var tekin í notkun 19. desember, var aðaltafla með stilli og öðru tilheyrandi enn ókomin. Vegna þessa varð að hafa sérstakan vörð dag og nótt í rafstöðinni. Aðaltaflan og stillirinn komu hingað til lands seint í maí 1943 og voru sett niður í rafstöðinni 19. júní s. á.

Þá var og eftir, þegar stöðin tók til starfa, að ganga endanlega frá ýmsum verkum varðandi aflstöðvarhús, spennistöðvarhús, stíflu, þrýstivatnspípu og háspennulínu. Með samningum dags. 25. júní 1943 tókst Ágúst Jónsson, sem var einn rafveitunefndarmanna og verið hafði aðalverkstjóri aðaláfrýjenda við byggingu rafstöðvarinnar, á hendur að fullgera verk þessi, að nokkru leyti einn, en að öðru leyti í félagi við annan mann, Þorleif Bjarnason. Verktakar þessir taka þó fram í samningnum, að þeir taki ekki á sig neina ábyrgð á því, að ekki komi leki að þrýstivatnspípunni, eftir að þeir hafa gengið frá henni. Verktakarnir unnu verk þessi sumarið 1943, og munu aðaláfrýjendur telja sig þá hafa að fullu lokið verkinu og fullnægt samningsskyldum sínum við gagnáfrýjanda, enda sést ekki, að þeir hafi lagt fram vinnu eða efni til stöðvarinnar eftir þetta. Þess skal getið hér, að verktakinn Ágúst Jónsson fékk tvo menn nefnda af lögreglustjóra Ólafsfjarðar 2. maí 1944 til að meta, hvort þeir Þorleifur Bjarnason hafi fullnægt skyldum sínum við aðaláfrýjendur samkvæmt samningunum frá 25. júní 1943. Varð niðurstaða þeirra sú, að verkinu væri fullnægt í samræmi við samningana, að því er varðaði aflstöðvarhúsið, spennistöðvarhúsið og stíflunа. Þeir telja og, að eftir því sem bezt verði séð, fari „þrýstivatnspípan vel með sig", en telja sig ekki að fullu hafa getað gengið úr skugga um, hvernig lekastaðir hafi verið þéttir, þar sem mokað hafi verið yfir pípuna. Þá kveða þeir, að ekki hafi verið framkvæmt verk það, er vinna átti varðandi háspennulínuna (þ. e. að treysta undirstöður tveggja stólpa í vatninu eða við það, en fyrir þann þátt verksins áttu verktakarnir Ágúst og Þorleifur að fá kr. 300.00).

Hinn 27. maí 1943 sendu aðaláfrýjendur oddvita Ólafsfjarðarhrepps símskeyti og skora á hann að koma til Reykja-

víkur „til samninga um margkrafðar viðbótargreiðslur vegna rafstöðvarbyggingarinnar". Þessu skeyti svaraði oddvitinn 28. maí með svohljóðandi símskeyti: „Útaf áskorun yðar í gærkvöldi skal tekið fram. Ekki kemur til mála hefja samninga um viðbótargreiðslu vegna rafstöðvarbyggingar annars staðar en heima í Ólafsfirði. Erum fúsir athuga kröfur yðar nú þegar, ef sendið þær rökstuddar".

Aðaláfrýjandi Höskuldur Baldvinsson fór norður til Ólafsfjarðar síðari hluta júnímánaðar 1943 til þess að hefja að nýju samningaumleitanir við fyrirsvarsmenn gagnáfrýjanda um viðbótargreiðslur. Lagði Höskuldur fram skýrslu, þar sem rakin er í stórum dráttum hækkun á kostnaði verksins og orsakir hennar greindar. Taldi hann kostnað af virkjuninni eftir 15. júlí 1941 hafa numið alls um 397000 kr., eða um 109000 kr. fram yfir samningsverðið, kr. 288000.00. Hreppsnefndarfundur var haldinn 25. júní. Gat oddviti þess þar, að hann hefði ásamt nafngreindum lögfræðingi unnið að athugun reikninga um virkjun Garðsár. „Við þá athugun hefði komið í ljós, að ýmsir liðir reikninganna væru á þann veg, að engan veginn væri hægt að sanna, að þeir væru réttmætir". Eftir nokkrar umræður gerði hreppsnefndin eftirfarandi samþykkt:

„Hreppsnefnd Ólafsfjarðar varð sammála á fundi sínum 25. júní 1943 um að greiða þeim Höskuldi Baldvinssyni og Gísla Johnsen uppbótargreiðslu, að upphæð 30000 kr. — þrjátíu þúsund krónur — auk þeirra 288 þús. kr., er samningar við þá hljóða upp á, um virkjun Garðsár, og sé þessi upphæð lokagreiðsla frá hreppsins hálfu og bundin því skilyrði, að stöðin hafi áður verið tekin út og dæmd fullgild að efni og frágangi. Þó telur hreppsnefndin, að eigi hafi verið færðar sönnur á, að henni beri að borga svona mikið samkvæmt samningnum, en vill hins vegar til samkomulags greiða áðurnefnda upphæð".

Til viðbótar ofanritaðri samþykkt gerði hreppsnefndin sama dag eftirfarandi ályktun, eftir að hafa skoðað þann hluta þrýstivatnspípunnar, sem gerður er úr tré:

„Með því að pípan lekur öll meira og minna, lítur hreppsnefnd svo á, að hún sé langt frá því að vera í samningshæfu

og forsvaranlegu ásigkomulagi, og telur ólíklegt, að hún verði löguð, svo að öruggt sé, nema skipt verði um rör. Í tilfelli af þessu ákveður hreppsnefndin, að engar aukagreiðslur skuli fara fram, fyrr en bætt hefur verið úr ofangreindum ágalla".

Hinn 26. júní kom hreppsnefndin aftur saman á fund. Var þá eftirfarandi bókað:

„Rætt var um málið aftur og fram, og kom að lokum tilboð frá Höskuldi Baldvinssyni, er hann tók fram, að ekki væri bindandi frá hans hendi, ef ekki semdist og málið þyrfti að fara í dóm eða gerð. Tilboð hans var þannig, að hann afhenti stöðina fyrir kr. 375 þús., og er það 87 þús. kr. hærra en samningar hljóða upp á".

Oddviti hreppsnefndarinnar, Þórður Jónsson, og hreppsnefndarmaðurinn Páll Sigurðsson athuguðu nú ásamt Höskuldi, hverri fjárhæð kostnaðarauki við virkjunina mundi hafa numið frá 8. nóvember 1942 samkvæmt reikningum Höskulds. Á fundi hreppsnefndarinnar var eftirfarandi bókað:

„Þeir Þórður Jónsson og Páll Sigurðsson skýrðu frá þeim niðurstöðum, er þeir höfðu fengið af athugunum á reikningum um virkjun Garðsár, miðað við að samningum hefði verið sagt upp 12. desember í fyrsta lagi og 8. nóv. í öðru lagi. Niðurstöður þeirra athugana höfðu orðið þann veg, að miðað við 12. des. varð útkoman 40—45 þús. kr., en miðað við 8. nóv. 55 þús. kr.".

Síðar var á fundinum samþykkt svofelld tillaga:

„Þar sem upplýsingar oddvita og Páls Sigurðssonar, er reiknað hafa út hækkun frá 12. desember, hafa ekki sannfært hreppsnefndina, að hækkunin sé 40—45 þús. krónur, heldur nefndin sig við samþykkt þá, er hún gerði 25. þ. m.".

Höskuldur bauð nú, að málið skyldi lagt í gerð, en hreppsnefndin hafnaði því. Virðast samningatilraunir aðilja þar með hafa fallið niður og ekki verið teknar upp eftir þetta.

Hinn 8. júní 1943 framkvæmdi Ólafur Tryggvason verkfræðingur f. h. Rafmagnseftirlits ríkisins og eftir beiðni rafveitunefndar Ólafsfjarðarhrepps skoðun á rafstöðinni við Garðsá, háspennulínunni og spennistöðinni í kauptúninu. Taldi hann allan frágang yfirleitt góðan, en gerði nokkrar

smávægilegar athugasemdir, sem hér skipta ekki máli. Sama dag skoðaði Sigurður Thoroddsen verkfræðingur eftir beiðni rafveitunefndar og með úttekt verksins fyrir augum stífluna, þrýstivatnspípuna, stöðvarhúsið og frárennslisskurð. Verður athugasemda hans, sem mál þetta varða, getið síðar.

Skal þá vikið að kröfum aðilja.

I. Aðalsök.

Aðaláfrýjendur greina kröfu sína í aðalsök í þrjá höfuðkröfuliði sem hér segir:

1.	Krafa um viðbótargreiðslu vegna verðhækkunar á vinnu og efni og fyrir að setja rafstöðina tvisvar í gang	kr. 55000.00
2.	Krafa um greiðslu fyrir framlög til rafraforkuversins, sem aðaláfrýjendur telja sig hafa innt af höndum umfram skyldu samkvæmt verksamningnum	— 33070.00
3.	Ferðakostnaður aðaláfrýjenda	— 6500.00
	Samtals	kr. 94570.00
	Að frádreginni þegar greiddri fjárhæð ..	— 10319.06
	Eftirstöðvar	kr. 84250.94

Um 1. kröfulið.

Það er *aðalkrafa* aðaláfrýjenda, að þessi kröfuliður verði tekinn til greina að fullu. Sú krafa er reist á því, að hinn 26. júní 1943 hafi þeir Þórður Jónsson hreppsnefndaroddviti og Páll Sigurðsson hreppsnefndarmaður haft umboð hreppsnefndarinnar til að meta viðbótarkröfur aðaláfrýjenda. Hafi þeir metið verðhækkunina frá 8. nóv. 1942 á kr. 55000.00 en verðhækkunina frá 12. des. s. á. á kr. 40—45 þúsund. Telja aðaláfrýjendur, að gagnáfrýjandi hafi orðið bundinn við mat þetta, og beri að miða verðhækkunina við 8. nóv., er þeir hafi krafizt endurskoðunar á samningunum.

Gagnáfrýjandi hefur andmælt þessari málsástæðu aðaláfrýjanda og rökum þeim, sem hún er reist á. Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að hreppsnefndin hafi, er hún fól

nefndum hreppsnefndarmönnum að athuga reikningana, veitt þeim jafnframt umboð til að semja við aðaláfrýjendur eða skuldbundið sig til að hlíta niðurstöðum þeirra. Ekki sést heldur, að þeir Þórður Jónsson og Páll Sigurðsson hafi gefið aðaláfrýjendum nokkurt loforð um greiðslu. Á fundi hreppsnefndarinnar 27. júní, er nefndir hreppsnefndarmenn skýrðu frá athugunum sínum og niðurstöðum þeirra, samþykkti hreppsnefndin að leggja niðurstöðurnar ekki til grundvallar, heldur halda sér við fyrri samþykkt sína. Verður aðalkrafa aðaláfrýjenda um þenna kröfulið því ekki tekin til greina.

Það er *1. varakrafa* aðaláfrýjanda, að því er þenna kröfulið varðar, að hann verði tekinn til greina með kr. 45000.00. Er það einnig reist á því, að gagnáfrýjandi hafi orðið bundinn við niðurstöðu oftnefndra hreppsnefndarmanna, en að miða beri uppsögn samninga aðilja til endurskoðunar við 12. des. 1943. Varakröfu þessari ber að hafna af sömu ástæðu og áður segir um aðalkröfuna.

2. varakrafa aðaláfrýjanda, að því er til þessa kröfuliðs tekur, er sú, að þeim verði dæmdar samkvæmt honum kr. 22194.92. Til grundvallar þessari varakröfu leggja aðaláfrýjendur það, að samkvæmt viðbótarsamningnum frá 15. júlí 1941 hafi 3. og 16. gr. samningsins frá 26. ágúst 1939 haldið gildi sínu áfram í skiptum aðilja. Telja þeir sig því eiga rétt til viðbótargreiðslu vegna hækkaðra vinnulauna frá 15. júlí 1941 og þar til verkinu var lokið. Einnig eigi þeir kröfu til að fá bættan aukinn kostnað vegna verðhækkunar, sem orðið hafi, eftir að þeir kröfðust endurskoðunar á samningunum, þ. e. frá 8. nóv. 1942 eða til vara frá 12. des. s. á. Þeir kveða þó fjárhæð þá, sem hér er gerð krafa til, aðeins vera lítinn hluta verðhækkunarkostnaðarins, svo sem áður er lýst.

Andmæli gagnáfrýjanda gegn þessum kröfulið eru fyrst og fremst á því reist, að með samningnum frá 15. júlí 1941 hafi verið samið um fast verð fyrir það verk, sem þá var eftir, kr. 288000.00, en að ákvæði 3. og 16. gr. samningsins frá 26. ágúst 1939 hafi þá fallið niður. Rökstyður hann þessa skoðun sína einkum með tilvísun til skeytaskipta þeirra, sem fram fóru 14. og 15. júlí 1941 milli rafveitunefndarinnar og annarra fyrirsvarsmanna Ólafsfjarðarhrepps í sambandi við

samningsgerðina við aðaláfrýjendur. Í skeytum þessum sé rætt um fast verð eða fastaverð, og hafi símskeyti oddvitans verið sýnt aðaláfrýjendum, áður en samningurinn var undirritaður. Hafi þeim því verið ljóst, að umboð rafveitunefndarmannanna hafi verið bundið við það, að þeir semdu um fast verð, er aðaláfrýjendur ættu ekki rétt til að fá hækkað samkvæmt ákvæðum 3. og 16. gr. samningsins frá 1939.

Af hálfu aðaláfrýjenda er því ekki andmælt, að skeytið frá 15. júlí hafi legið frammi við samningsgerðina, en hins vegar fullyrða þeir, að þeir hafi aldrei gengið að neinum skilmálum um það, að verðið yrði fastákveðið þannig, að ekki væri heimilt að fá það hækkað samkvæmt ákvæðum 3. og 16. gr. samningsins frá 1939. Þegar á það er litið, að í samningnum frá 1941 er ákveðið, að hinn upphaflegi samningur skuli standa óbreyttur, að því leyti sem ákvæðum hans er ekki sérstaklega breytt með viðbótarsamningnum, og orðalag síðarnefnds samnings um greiðslu fyrir verkið gefur ekki ástæðu til að ætla, að um fast verð hafi verið samið og niður felld oftnefnd ákvæði 3. og 16. gr. eldra samningsins, þá þykir verða að leggja til grundvallar, að nefndar greinar hafi gilt áfram í skiptum aðilja. Gagnáfrýjandi hefur ekki heldur tilkynnt aðaláfrýjendum, að hann teldi rafveitunefndina hafa við samningsgerðina farið út fyrir umboð sitt, og framkoma hans gagnvart aðaláfrýjendum við samningaumleitanir síðar verður ekki heldur skilin á annan veg en þann, að hann telji sig hafa verið bundinn af ákvæðum 3. og 16. gr. samningsins frá 1939.

Þá hefur gagnáfrýjandi haldið því fram, að aðaláfrýjendur hafi skuldbundið sig til að ljúka verkinu ekki síðar en í marzlok 1942. Telur hann þetta styðja staðhæfingu sína um, að samið hafi verið um fast verð, en auk þess geti aðaláfrýjendur ekki átt kröfu til greiðslu vegna verðhækkunar, sem orðið hafi, eftir að þeir áttu að vera búnir að ljúka verkinu. Símskeyti aðaláfrýjenda frá 4. júlí 1941 til formanns rafveitunefndar gefur að vísu ástæðu til að ætla, að þeir hafi á þeim tíma talið sig geta lokið verkinu fyrri hluta árs 1942. En þegar litið er til þess, *að* í viðbótarsamningnum frá 15. júlí 1941 skuldbinda aðaláfrýjendur sig aðeins til þess að ljúka

verkinu „svo fljótt sem unnt verður", án þess að nokkur sérstök tímatakmörk séu sett, *að* styrjaldarástæður virðast einkum hafa valdið því, hversu langan tíma tók að fullgera verkið, og *að* gagnáfrýjandi hefur ekki, svo að séð verði, fyrr en í þessu máli borið fyrir sig drátt á verkinu, þá þykir ekki vera unnt að fallast á framangreind rök hans.

Aðaláfrýjendur halda því fram, að þeir hafi krafizt endurskoðunar samninganna hinn 8. nóv. 1942, og beri að miða við þann dag, er ákveðnar verða viðbótargreiðslur til þeirra vegna verðhækkunar, sbr. 16. gr. samningsins frá 26. ágúst 1939. Um þetta skírskota þeir til símskeytis Gísla J. Johnsens til formanns rafveitunefndar 8. nóv. 1942 og fundargerðar hreppsnefndar 8. des. s. á. Gegn andmælum gagnáfrýjanda hafa aðaláfrýjendur þó ekki fært sönnur á, að uppsögn til endurskoðunar hafi farið fram 8. nóv., enda hefði átt að beina slíkri uppsögn að hreppsnefndinni eða oddvita hennar. Hins vegar hefur Höskuldur Baldvinsson í yfirlýsingu sinni til hreppsnefndarinnar, dags. 18. des. 1942, áskilið aðaláfrýjendum rétt til viðbótargreiðslna, eins og samningunum hefði verið sagt upp 12. des. 1942, og hefur hreppsnefndin samþykkt þetta með áritun sinni á yfirlýsinguna. Um framangreint efni ber því að miða við 12. des. 1942.

Eftir að héraðsdómur gekk í máli þessu, voru að tilhlutan aðaláfrýjenda dómkvaddir tveir sérfróðir menn til að rannsaka og reikna út, „hve miklu þær fjárhæðir nemi, sem aðaláfrýjendur hafi orðið að greiða fram yfir það, sem gert var ráð fyrir í samningi frá 15/7 1941". Er álitsgerð hinna dómkvöddu manna dags. 18. febr. 1949, og verður hún lögð til grundvallar hér á eftir, er viðbótargreiðslur vegna verðhækkunar verða ákveðnar.

a. *Viðbótargreiðslur samkvæmt ákvæðum 3. gr. samningsins frá 26. ágúst 1939.* Samkvæmt matinu nemur aukin greiðsla sökum hækkaðs kaupgjalds í almennri vinnu í Ólafsfirði frá byrjun til loka verksins kr. 3314.65. Matsmennirnir geta þess, að við verkið hafi unnið nokkrir menn með hærra kaupi en ákveðið hafi verið í almennri kaupgjaldsskrá á hverjum tíma. Ef hækkunin sé miðuð við það kaupgjald, nemi hún alls kr. 4156.19. Samkvæmt orðalagi 3. gr. samningsins

þykir bera að miða verðhækkun við breytingar þær, er urðu á almennri kaupgjaldsskrá verkamanna í Ólafsfirði eftir 15. júlí 1941, og er því ekki unnt að dæma aðaláfrýjendum hina hærri fjárhæð. Nokkrir verkamenn unnu að eða aðstoðuðu við iðnaðarmannavinnu, svo sem trésmíði og múrarastörf. Telur gagnáfrýjandi, að hækkun á launum þeirra, kr. 1487.58, eigi að dragast frá ofangreindri fjárhæð, kr. 3314.65, þar sem vinna þessara manna falli ekki undir 3. gr. samningsins. Ekki þykir ástæða til að taka þessa mótbáru til greina, enda er hækkun á launum þessara manna í álitsgerðinni miðuð við almenna kaupgjaldsskrá verkamanna. Þá telja aðaláfrýjendur, að hækkun á bílavinnu eftir 15. júlí 1941, alls kr. 1275.88, beri að ákveða samkvæmt 3. gr. samningsins. Á það er þó ekki unnt að fallast, þar sem hækkun á slíkri vinnu er ekki sambærileg við hækkun á almennri vinnu verkamanna. Niðurstaðan um þenna lið verður því sú að taka til greina framangreinda fjárhæð kr. 3314.65.

b. *Viðbótargreiðslur samkvæmt ákvæðum 16. gr. samningsins frá 26. ágúst 1939.* Vegna hækkunar á launum fyrir vinnu eða verk, sem ekki eru fólgin í a-lið hér að ofan, og unnin voru eftir 12. des. 1942, miðað við laun, sem greidd voru 15. júlí 1941, gera aðaláfrýjendur kröfu til eftirgreindra fjárhæða:

1)	Hækkun á bílavinnu	kr. 555.75
2)	Hækkun á launum verkstjóra	— 1012.00
3)	Hækkun á launum iðnaðarmanna	— 4032.58
4)	Hlutfallsleg hækkun á vinnu, sem unnin var samkvæmt fyrrgreindum samningum aðaláfrýjenda við Ágúst Jónsson og Þorleif Bjarnason, dags. 25. júní 1943	— 6299.02

Fyrstu 3 liðina þykir bera að taka til greina að fullu. Við 4. liðinn er það að athuga, að þar er talinn með kostnaður af að bæta úr göllum, sem fram höfðu komið á þrýstivatnspípunni, en fyrir það verk eiga aðaláfrýjendur ekki rétt til greiðslu úr höndum gagnáfrýjanda. Þessi kostnaður er að vísu ekki sérgreindur í samningnum frá 25. júní 1943, heldur talinn þar með áskildu endurgjaldi fyrir fleiri störf í kostnaðarlið, að fjárhæð kr. 5500.00. Verður því að draga þann

lið í heild frá endurgjaldi því, sem aðaláfrýjendur greiddu þeim Ágústi og Þorleifi fyrir verkið, kr. 10630.00. Verða þá eftir kr. 5130.00, en af þeirri fjárhæð er hlutfallsleg verðhækkun kr. 3039.88, og ber að dæma aðaláfrýjendum þá fjárhæð. Alls verða því teknar til greina samkvæmt þessum staflið kr. 8640.21.

Í áðurgreindri álitsgerð frá 18. febr. 1949 taka matsmennirnir fram, að þeir treysti sér ekki til að reikna út eða gera neina áætlun um hækkun á efni, flutningum o. fl. á tímabilinu eftir 12. des. 1942 þar til verki var lokið, miðað við verðlag 15. júlí 1941. Aðaláfrýjendur hafa ekki fært sönnur á það, hvaða efni eða tæki þeir hafa keypt eftir 12. des. 1942 né hverri fjárhæð verðhækkun á því efni mundi hafa numið frá 15. júlí 1941. Er því ekki unnt að dæma þeim neinar viðbótargreiðslur vegna þessarar verðhækkunar.

c. Loks er innifalin í 1. kröfulið krafa aðaláfrýjenda um greiðslu kostnaðar af því að setja stöðina tvisvar í gang, kr. 2500.00. Gagnáfrýjandi hefur andmælt þessari kröfu, og er hún ekki studd þeim rökum, að unnt sé að taka hana til greina.

Niðurstaðan um 1. kröfulið verður samkvæmt framansögðu sú, að aðaláfrýjendum verða dæmdar kr. 3314.65 + kr. 8640.21, eða samtals kr. 11954.86.

Um 2. kröfulið.

Þær viðbætur, sem aðaláfrýjendur kveða sig hafa lagt fram umfram samningsskyldur og gera kröfu til að fá greiddar samkvæmt þessum lið, eru greindar í héraðsdómi. Er hér að sumu leyti um að tefla breytingu frá verklýsingu, þannig að betra og verðmeira efni eða tæki hafi verið lögð til en þar er gert ráð fyrir, en að sumu leyti er um að ræða tæki eða önnur framlög, sem alls ekki eru greind í verklýsingu.

Samkvæmt 4. gr. samningsins frá 26. ágúst 1939 skyldu aðaláfrýjendur tilkynna gagnáfrýjanda fyrir fram allar breytingar frá verklýsingu. Fyrir þær breytingar, sem gerðar voru í samráði við gagnáfrýjanda, áskildu aðaláfrýjendur sér engar aukagreiðslur, þegar þær voru ákveðnar, sbr. breytingu á verklýsingu í samningnum frá 15. júlí 1941, og í viðbótarsamningnum frá 26. ágúst 1941 er tekið fram, að ekki

sé áskilin aukagreiðsla vegna breytinga á ákvæðum verklýsingar um stærð túrbínu og rafals. Gagnáfrýjandi hefur ákveðið mótmælt því, að honum hafi verið tilkynnt fyrir fram um aðrar breytingar á verkinu, og kveðst aldrei hafa samþykkt að greiða neinn kostnaðarauka þeirra vegna, og hafa aðaláfrýjendur ekki hnekkt þessari staðhæfingu hans. Ekki verður séð, að Höskuldur Baldvinsson hafi á það minnzt við fyrirsvarsmenn gagnáfrýjanda, er stöðin tók til starfa í des. 1942, að lagt hefði verið til betra eða dýrara efni eða tæki en skylt var og að krafa um aukagreiðslu yrði gerð af þeim sökum. Þessar ráðstafanir aðaláfrýjenda án sannaðrar vitundar og samþykkis gagnáfrýjanda geta því ekki bakað honum greiðsluskyldu, eins og hér stóð á. Um eftirgreind framlög, sem eru að öllu leyti umfram það, sem í verklýsingu greinir, athugast: Gagnáfrýjandi hefur samþykkt að greiða fyrir flísar á gólf vélarsals kr. 600.00 og fyrir handrið á stíflu kr. 270.00. Þá hafa aðaláfrýjendur lagt til kílóvattmæli og öryggistæki (hitaliða í legum túrbínu og rafals), en tækja þessara er ekki getið í verklýsingu. Gagnáfrýjandi hefur tekið við tækjum þessum og notar þau, enda þótt hann mætti gera ráð fyrir, að hann yrði krafinn um aukagreiðslu þeirra vegna. Þykir því rétt að gera gagnáfrýjanda að greiða fyrir tæki þessi verð það, sem ákveðið er í mati dómkvaddra manna, dags. 23. ágúst 1945, þ. e. fyrir kílóvattmælinn kr. 1100.00 og fyrir öryggistækin og setningu þeirra kr. 2000.00. Verða aðaláfrýjendum þá dæmdar alls samkvæmt þessum kröfulið kr. 3970.00.

Um 3. kröfulið.

Hér krefjast aðaláfrýjendur greiðslu á ferðakostnaði sínum til Ólafsfjarðar í júní og júlí 1943, en ferðirnar kveða þeir hafa verið farnar í því skyni að leita samkomulags við gagnáfrýjanda um viðbótargreiðslur vegna stöðvarinnar. Ekki verður séð, að gagnáfrýjandi hafi með framkomu sinni á nokkurn hátt bakað þeim þenna kostnað né að hann hafi með öðrum hætti orðið ábyrgður fyrir greiðslu hans. Ber því að sýkna gagnáfrýjanda af þessum kröfulið.

Samkvæmt framansögðu verða aðaláfrýjendum dæmdar í aðalsök úr hendi gagnáfrýjanda kr. 11954.86 + kr. 3970.00,

eða samtals kr. 15924.86. Frá þeirri fjárhæð ber að draga þegar greiddar kr. 10319.06, og verða þá eftirstöðvar kr. 5605.80, er gagnáfrýjanda ber að inna af höndum með vöxtum, eins og krafizt er.

II. gagnsök.

Fyrir Hæstarétti hefur gagnáfrýjandi haft uppi hina sömu fjárkröfu á hendur aðaláfrýjendum sem í héraði og sundurliðað hana á sama hátt.

1. kröfuliður, kr. 10319.06. Þessi fjárhæð hefur þegar verið dregin frá fjárhæð þeirri, sem gagnáfrýjanda var gert að greiða aðaláfrýjendum í aðalsök.

2. kröfuliður, kr. 27400.00. Þessarar fjárhæðar er krafizt vegna eftirgreindra galla, sem gagnáfrýjandi telur vera á verki því, er aðaláfrýjendur tókust á hendur að gera:

1. Leki á stíflugarði.
2. Leki og fleiri gallar á þrýstivatnspípu.
3. Útveggir vélarsals ekki einangraðir, svo sem tilskilið er í verklýsingu.
4. Lengra bil er milli stólpa háspennulínunnar en vera á samkvæmt verklýsingu.

Með mati dómkvaddra manna 23. ágúst 1945 er virt, að kostnaður við að bæta úr göllum samkvæmt 1. og 2. lið muni nema kr. 20900.00 og samkvæmt 3. og 4. lið kr. 6500.00.

Að því er tekur til 1., 3. og 4. töluliðs, þá hefur ekki verið leitt í ljós gegn andmælum aðaláfrýjenda, að gagnáfrýjandi hafi beint að þeim nokkrum aðfinnslum eða kröfum út af göllum þeim, sem þar greinir, innan árs frá því, að stöðin tók til starfa. Er aðaláfrýjendum því samkvæmt ákvæðum 7. gr. samningsins frá 26. ágúst 1939 ekki skylt að bæta úr göllum þessum. Sama er að segja um ýmsa þá galla, sem taldir eru vera á þrýstivatnspípunni og matið tekur til. Má þar til telja aðfinnslur út af því, að járnpípa sé skemmri en tilskilið er í verklýsingu, að hún sé óvafin, að undirstöðu vanti undir efri enda hennar og að stafaþykkt trépípu sé áfátt. Hins vegar kvartaði gagnáfrýjandi undan því í tæka tíð við aðaláfrýjendur, að trépípan læki. Kemur það fram í bréfi oddvita hreppsnefndar til Höskulds Baldvinssonar frá 28. ágúst 1943. En um kröfu gagnáfrýjanda til bóta vegna þessa galla er það

að segja, að ekki hefur verið metið sérstaklega né leitt í ljós á annan hátt, hversu mikið kostnaður við að bæta úr honum muni nema. Brestur þannig skilyrði til að dæma gagnáfrýjanda bætur vegna gallans. Verður krafa gagnáfrýjanda samkvæmt þessum lið því ekki tekin til greina.

3. kröfuliður, kr. 11186.97. Þessi krafa er reist á því, að aðaláfrýjendum hafi borið að skila verkinu fullgerðu ekki síðar en í marzlok 1942. Hafi dráttur sá, sem á verkinu varð eftir þann tíma og fram til 18. des. 1942, er stöðin tók til starfa, bakað gagnáfrýjanda tjón, er nemi þeirri fjárhæð, sem hér greinir. Gagnáfrýjandi hefur ekki fært rök að því, eins og áður hefur verið rakið, að aðaláfrýjendur hafi skuldbundið sig til að skila stöðinni fullgerðri á neinum sérstaklega tilteknum tíma. Verða gagnáfrýjanda því ekki dæmdar bætur samkvæmt þessum kröfulið.

4. kröfuliður, kr. 8712.00. Hér krefst gagnáfrýjandi bóta vegna þess, að straumtafla með stilli kom ekki fyrr en vorið 1943, svo að hafa varð sérstaka vörzlu í stöðinni frá 18. des. 1942 til 19. júní 1943. Áður hefur þess verið getið, að styrjaldarástæður ollu því, að ekki tókst að ná fyrr í tæki þau, sem hér var getið, enda höfðu aðaláfrýjendur ekki skuldbundið sig til að skila stöðinni á neinum ákveðnum tíma, svo sem fyrr segir. Var því dráttur á útvegun tækja þessara ekki á ábyrgð aðaláfrýjenda. Ber því einnig að sýkna þá af þessum kröfulið.

Eins og hér hefur verið rakið, verða kröfur gagnáfrýjanda í gagnsök ekki teknar til greina að neinu leyti.

Eftir atvikum þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjendum kr. 2000.00 upp í málskostnað í héraði, en að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs, greiði aðaláfrýjendum, Gísla J. Johnsen og Höskuldi Baldvinssyni, kr. 5605.80 með 6% ársvöxtum frá 28. okt. 1943 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði, kr. 2000.00, en málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. nóv. 1947.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. apríl s. l. og hefur verið skriflega flutt, hafa þeir Gísli J. Johnsen stórkaupmaður og Höskuldur Baldvinsson verkfræðingur, báðir hér í bænum, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefinni 8. febrúar 1946 gegn bæjarstjóranum í Ólafsfirði f. h. bæjarins til greiðslu á kr. 84570.00 með 6% ársvöxtum frá 28. október 1943 til greiðsludags og málskostnaði að mati dómsins. Stefnendur hafa síðar lækkað dómkröfu sína í kr. 84250.94.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og auk þess höfðað gagnsök með stefnu útgefinni 22. febrúar 1946 og krafizt þess, að gagnstefndu verði dæmdir til að greiða kr. 57618.03 með 6% ársvöxtum frá gagnstefnudegi til greiðsludags, og loks hefur hann krafizt málskostnaðar úr hendi aðalstefnenda að mati dómsins.

Gagnstefndu hafa krafizt sýknu og málskostnaðar í gagnsök.

Tildrög málsins eru þessi:

Með samningi dagsettum 26. ágúst 1939 tókust aðalstefnendur á hendur að byggja fyrir aðalstefnda raforkuver við Garðsá ásamt raforkuveitu til bæjarins og lágspennukerfi um hann, allt samkvæmt verklýsingu og uppdráttum og með þeim skilyrðum m. a., sem hér verða nefnd:

1. Aðalstefnendur skyldu hefja framkvæmd verksins svo fljótt sem unnt var og hraða því eftir föngum svo og hraða pöntun á vélum og öðru efni og gera að öðru leyti það, sem á þeirra valdi væri, til að fullgera stöðina svo fljótt sem unnt væri.

2. (3. gr. samn.) Heimilisfastir verkamenn í Ólafsfirði skyldu sitja fyrir almennri vinnu við verkið. Ef kaupgjald breyttist á staðnum frá því, sem verið hafði, skyldi sá hluti almennrar vinnu, sem óunninn væri, er kaup breyttist, hækka eða lækka í hlutfalli við breytinguna.

3. (4. gr. samn.) Heimilt skyldi aðalstefnendum að breyta frá verklýsingu og uppdráttum, þó þannig, að verkið yrði jafn vandað, en tilkynna skyldu þeir aðalstefnda slíkar breytingar fyrirfram.

4. (7. gr. samn.) Aðalstefnendur skyldu bera ábyrgð á rafveitunni eitt ár, eftir að hún tæki til starfa, og bæta á sinn kostnað úr göllum, er fram kynnu að koma og stöfuðu af slæmu efni eða vinnu.

5. (8. gr. samn.) Endurgjald til aðalstefnenda fyrir verk þetta skyldi nema kr. 215000.00, og var sú fjárhæð (samkvæmt 12. gr. samn.) miðuð við þáverandi gengi íslenzkrar krónu í hlutfalli við £, og skyldi því hækka eða lækka eftir gengisbreytingum.

6. (16. gr. samn.) Yrðu miklar verðbreytingar á efni til framkvæmdanna af völdum ófriðar eða annarra óviðráðanlegra ástæðna, eða yrði stórbreyting á aðstæðum að öðru leyti, skyldu aðalstefnendur eiga kröfu til endurskoðunar samningsins og niðurfellingar hans, að því leyti sem honum væri þá ekki fullnægt og samkomulagi yrði ekki náð.

7. (17. gr. samn.) Yrði rafveitan ekki byggð árið 1940, skyldi hvor samningsaðilja geta krafist endurskoðunar og ógildingar samningsins, ef samkomulag fengist ekki.

Vinna við virkjun árinnar hófst þegar í næsta mánuði, og var þá steypt undirstaða stíflugarðs, og sama haust var lágspennukerfið lagt um bæinn. Virðist kostnaður af hvoru tveggja hafa orðið um kr. 27500.00. Síðan virðist virkjunin hafa legið alveg niðri þar til í júlímánuði 1941, og verður helzt ráðið af gögnum málsins, að stöðvun þessi hafi stafað af því, að gjaldeyris- og innflutningsleyfi fengust ekki til efniskaupa erlendis. Hinn 15. júlí 1941 var gerður framhaldssamningur og breytingar á fyrrgreindum samningi, og segir í upphafi þess skjals, að samkvæmt 16. og 17. gr. fyrri samnings hafi „með tilliti til hækkaðs verðs á efni og vinnu" orðið samkomulag, enda skuldbindi aðalstefnendur sig til að halda verkinu áfram og hefjast handa um það þegar og ljúka því svo fljótt sem unnt yrði. Í samkomulagi þessu segir m. a., að aðalstefndi hafi staðið full skil á greiðslum fyrir efni og vinnu, er lagt hafði verið í verkið til þess tíma. Þá var og samið svo, að fyrir það, sem ógert var, skyldi greiddar kr. 288000.00 og nokkrar breytingar gerðar á greiðsluskilmálum, en að öðru leyti skyldi hinn upphaflegi samningur standa óbreyttur. Í samkomulaginu er og getið tveggja breytinga á verklýsingu, og verður þeirra síðar getið. Enn var gert samkomulag hinn 26. ágúst 1941 um breytingar á greiðsluskilmálum o. fl. og um breytingu frá verklýsingu, og verður hennar getið síðar. Vinna við verkið hófst nú aftur þann 18. júlí 1941, og var unnið til 18. desember s. á. Í maí 1942 var lögð þrýstivatnspípa úr tré, en járnpípa hafði áður verið lögð. Lögn trépípu lauk þó ekki að fullu fyrr en í september. Í júlí 1942 kom vatnstúrbínan, og var hún sett niður í september og tengd við þrýstivatnspípuna. Hinn 3. desember kom rafallinn, og var þá samtímis lögð háspennulínan og spennubreytistöðin tengd við hana og innanbæjarkerfið og jafnframt gengið frá vélum í aflstöðvarhúsi, og var rekstur rafveitunnar hafinn 18. desember 1942. Aðalstefnendur voru þessa daga staddir í Ólafsfirði og reyndu að ná samningum um endurskoðun verksamningsins, en nokkru áður höfðu þeir tjáð rafveitunefnd Ólafsfjarðar, að þeir óskuðu endurskoðunar og viðbótargreiðslu vegna stóraukins kostnaðar við verkið og ætti hann rót sína að rekja til breyttra aðstæðna hér og erlendis. Lauk viðræðum aðilja svo hinn 18. des., að aðalstefnendur áskildu sér fullan og óskertan rétt samkvæmt áðurgreindum samningum, eins og sá réttur hefði verið, ef þeir hefðu sagt upp samningunum „t. d. 12. þ. m." (þ. e. des. 1942) og virðist aðalstefndi hafa tjáð sig samþykkan endurskoðun samninga á þessum grundvelli. Um leið veittu aðalstefnendur aðalstefnda heimild til að reka rafveituna fyrst um sinn á nafni Höskulds, en áskildu sér jafnframt rétt til afturköllunar þeirrar heimildar, ef ekki tækist samkomulag um greiðslu fyrir verkið. Er stöðin tók til starfa, mun allt efni og vélar hafa verið komið á staðinn, að undantekinni öryggistöflu og straumstilli, en þeir hlutir komu ekki fyrr en 19. júní 1943. Eftir það skoðaði Sigurður verkfræðingur Thoroddsen orkuverið nema vélasamstæðu og raftæki, og segir

í skoðunargerð hans, að hún hafi fram farið samkvæmt beiðni rafveitunefndar og með úttekt verksins fyrir augum. Samkvæmt skoðunargerð þessari á dskj. nr. 16 var ýmislegt, sem lagfæra þurfti, til þess að samningum mætti telja fullnægt, og sömdu aðalstefnendur við mann þann, er verkstjórnina hafði haft á hendi, um að bæta úr þessum göllum, að nokkru einn en að nokkru í félagi við annan mann þar á staðnum og fyrir ákvæðisverð, tæpar kr. 11000.00. Um sama leyti óskaði rafveitan í samráði við aðalstefnanda Höskuld þess, að rafmagnseftirlit ríkisins léti skoða stöðina og veitti henni viðurkenningu, og fór sú skoðun fram 5. júlí 1943, og verður eigi annað séð af gögnum málsins en að rafveitan hafi fullnægt þeim kröfum, sem til slíkra stofnana eru gerðar, og einnig ákvæðum samninga aðilja og verklýsingu. Dagana 25.—27. júní 1943 fóru fram lokaviðræður aðilja um samkomulagsumleitanir út af endurskoðun samninganna og greiðslum umfram samningsupphæðina frá 15. júlí 1941, en þar eð mismunur á sáttaboðum aðilja var, að því er bezt verður séð, nærri 60 þúsund krónur, fóru þessar tilraunir út um þúfur. Höfðuðu aðalstefnendur því næst mál á hendur fyrirsvarsmönnum rafveitunnar á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu útgefinni 28. október 1943, en hinn 24. janúar f. á. komu aðiljar sér saman um að hefja það mál, en höfða í staðinn mál það, er hér liggur fyrir.

Kröfur aðalstefnenda í aðalsök eru í stórum dráttum þrenns konar:

1.	Viðbót vegna verðhækkunar á efni og vinnu	kr. 55000.00
2.	Fyrir framlög til orkuversins umfram skyldu samkvæmt samningum	— 33070.00
3.	Ferðakostnaður	— 6500.00
	Samtals	kr. 94570.00

Frá þessari fjárhæð, töldu þeir í stefnu, að draga bæri kr. 10000.00, sem aðalstefndi hefði þegar greitt, en undir rekstri málsins hefur í ljós komið, að fjárhæð sú, er til frádráttar skyldi koma, nam kr. 10319.06, og stafar af því lækkun dómkröfunnar.

Í gagnsökinni eru kröfur gagnstefnanda í fjórum liðum:

1.	Endurgreiðsla á síðastnefndri fjárhæð	kr. 10319.06
2.	Bætur vegna galla á verkinu	— 27400.00
3.	— — afhendingardráttar	— 11186.97
4.	— — kostnaðar af aukagæzlu	— 8712.00
		Kr. 57618.03

Verða kröfur í aðalsök og gagnsök nú raktar í hvorri sök fyrir sig og þá sundurliðaðar nánar og jafnframt rakin mótmæli aðilja gegn kröfum hvors um sig.

Aðalsök. 1. Viðbót vegna verðhækkunar.

Þótt aðalstefnendur kveðist telja verðhækkunina hafa farið fram úr fjárhæðinni samkvæmt þessum lið, telja þeir sig geta unað við kröfufjárhæðina, enda sé hún samkvæmt mati tveggja fyrirsvarsmanna aðalstefnda og miðuð við þá hækkun, er fram hafi komið eftir 8. nóvember

1942, en þann dag telja aðalstefnendur rétt að miða við, þar eð þá hafi þeir krafizt endurskoðunar samninga. Til vara krefjast þeir 40—45 þúsund króna, ef talið yrði réttara að miða við 12. desember 1942.

Aðalstefndi hefur eindregið mótmælt þessum kröfulið, fyrst og fremst með þeim rökum, að með samningnum frá 15. júlí 1941 hafi verið ákveðið fast verð fyrir verkið. Styður hann þessa staðhæfingu með því að vísa til ýmissa skjala málsins (nr. 38—46 incl. og nr. 62), sem hann telur sanna og sýna, að aðalstefnendur hafi við samningsgerðina 15. júlí 1941 skuldbundið sig til að ljúka verkinu í árslok 1941 eða í síðasta lagi í marzlok 1942. Með hliðsjón af þessari skuldbindingu telur aðalstefndi eðlilegt, að aðalstefnendur hafi treyst sér til að ákveða fast verð fyrir verkið, enda hafi svo verið gert. Skýrir hann svo frá, að við samningsgerðina hafi samningsaðiljar haft fyrir sér skeyti hreppsnefndarinnar (Ólafsfjörður hafði þá ekki kaupstaðarréttindi) á dskj. nr. 40, en þar er getið um hvort tveggja: fastaverð kr. 288000.00 og að „verkið verði framkvæmt í haust og vetur." Telur aðalstefndi, að samkvæmt þessu hafi fallið niður samningur aðilja frá 1939 að því er varðar ákvæði þau, er veita aðalstefnendum rétt til viðbótargreiðslna (3. gr. samn.) og til endurskoðunar og niðurfellingar (16. gr.).

Gegn eindregnum mótmælum aðalstefnenda þykja gögn þau, er aðalstefndi styðst við, ekki veita nægar sönnur til þess, að unnt sé að byggja á þeim dóm um atriði þessi, einkum þegar þess er gætt, að í samningnum sjálfum segir ekki annað um þetta efni en að aðalstefnendur skuli hefjast handa um framkvæmd verksins „nú þegar og ljúka því svo fljótt sem unnt verður". Sýknukröfu aðalstefnda er því eigi unnt að taka til greina, og telja verður, að framannefndar heimildir samningsins frá 1939 hafi verið í gildi áfram eftir samninginn frá 1941, enda virðist það beinlínis liggja í orðum hans, og að ekki sé um ákvæðisverð á verkinu að ræða.

Krafa aðalstefnenda samkvæmt þessum lið er ekki sundurliðuð í gögnum málsins, enda er fjárhæðin, eins og fyrr segir, byggð á mati, er aðalstefnendur kveða tvo nafngreinda menn hafa framkvæmt í samráði við aðalstefnanda Höskuld. Aðalstefndi og menn þessir báðir hafa gefið upplýsingar um, að hvorki hafi mennirnir haft umboð aðalstefnda til slíkrar matsgerðar né heldur hafi þeir framkvæmt hana. Hafa aðalstefnendur ekki fært sönnur á staðhæfingu sína að þessu leyti gegn nefndum yfirlýsingum, enda virðist staðhæfing aðalstefnenda ekki hafa stoð í framkomu Höskulds á fundi þeim, sem lýst er í dskj. nr. 15. Er því eigi unnt að telja aðalstefnda eða fyrirsvarsmenn hans hafa viðurkennt, að verðhækkun nemi stefnukröfunni, og verður því að rannsaka hér grundvöll kröfugerðarinnar.

Í þessu efni þykir verða að greina á milli kaupgjaldshækkunar í almennri vinnu í Ólafsfirði annars vegar a) og annarra hækkana hins vegar b).

a). Samkvæmt 3. gr. samningsins frá 1939 eiga aðalstefnendur tvímælalaust kröfu til, að aðalstefndi greiði hækkun á almennri vinnu. Í kröfugerð aðalstefnenda er ekki gerð sérstök grein fyrir hækkun af þessum

sökum, en aðalstefndi hefur lagt fram yfirlit um hana og telur hana nema kr. 2940.79 um tímabil það, er hófst 15. júlí 1941 og lauk 31. des. 1942. Hefur það á engan hátt verið véfengt af aðalstefnendum, og verður krafa þeirra að þessu leyti því til greina tekin með þeirri fjárhæð.

b). Rétt sinn í þessum efnum byggja aðalstefnendur á 16. gr. samningsins frá 1939, og virðast aðiljar sammála um, að einungis komi til greina verðhækkun á þeim hluta verksins, sem ólokið er, þegar heimild samningsgreinarinnar er beitt. Aðalstefnendur byggja kröfu sína á því, að heimildinni hafi verið beitt 8. nóvember 1942, en því tímamarki hefur aðalstefndi eindregið mótmælt. Af dskj. nr. 15 (niðurlaginu) sést að vísu, að endurskoðunar samninga hefur verið óskað fyrir 8. desember, en eins og fyrr var greint, heimiluðu aðalstefnendur aðalstefnda afnot orkuversins gegn því m. a., að þeir nytu réttar, eins og þeir hefðu „sagt upp" samningnum t. d. 12. desember. Verður því að telja þá bundna við það tímamark. Aðalstefndi hélt hins vegar áfram að þiggja framkvæmd verksins eftir þenna fyrirvara og án þess að séð verði, að leitað hafi verið samninga með aðiljum um kostnaðarhliðina, og þykir hann með því hátterni hafa tekizt á hendur ábyrgð á þeim kostnaðarauka, er á verkinu kynni að verða eftir 12. des. 1942. Í fyrrgreindri „matsgerð", er aðalstefnendur byggja kröfur sínar á, gætir þessa tímamarks ekki, og í öðrum gögnum málsins er ekki unnt að fá fræðslu um það, hver kostnaðaraukinn hafi verið eftir nefndan dag. Hins vegar þykja fram komnar nægilega miklar líkur fyrir því, að kostnaður hafi aukizt umfram það, sem í a) lið var greint, til þess að beita megi hér ákvæðum 2. mgr. 69. gr. laga nr. 85 frá 1936 og sýkna aðalstefnda að svo stöddu af kröfu aðalstefnenda um greiðslu verðhækkunar eftir 12. desember 1942.

2. Viðbót vegna framlaga umfram samningsskyldur.

Aðalstefnendur hafa lagt fram skrá (dskj. 17) um atriði þau, sem þeir telja sig hafa framkvæmt á annan hátt en ákveðið var í verklýsingu og fer skrá þessi hér á eftir, og er kostnaðarauka getið við hvern lið hennar:

a. Vélar 250 hestöfl í stað 200		
b. Spenna hækkuð í 6000 volt	kr.	6800.00
c. Vélahræði 600 sn./mín. í stað 1000—1500	—	12000.00
d. Kw. mælir og setning hans ásamt spjaldi	—	1400.00
e. Eirbrynjaður stálvír í háspennulínu	—	3500.00
f. Einangrarar f. 20000 volt á	—	450.00
g. Hitaliðar í legum túrbínu og rafals ásamt setningu þeirra öryggistækja	—	4800.00
h. Flísar lagðar á gólf vélasals, kr. 2600.00 að frádreginni þegar reiknaðri hækkun	—	600.00
i. Handrið á stíflugarði kr. 800.00 að frádreginni þegar reiknaðri hækkun	—	270.00
j. Lagfæring og nýsmíði hurða og dyrabúninga í stöðvarhúsi	—	250.00
k. Stöðvarhús stækkað um 7 m^2 (29,5 m3) eða um 17%, áætlaður kostnaðarauki	—	3000.00
	Samtals kr.	33070.00

Að beiðni aðalstefnda voru dómkvaddir matsmenn m. a. til að athuga, hvort frávik þessi frá verklýsingu hafi verið unnin, og meta aukinn kostnað aðalstefnenda af þeim. Er mat þeirra á dskj. nr. 53, og verður af því ráðið, að verk þessi hafi verið unnin eins og aðalstefnendur lýsa, en eigi tóku þeir afstöðu til j. liðs hér að framan. Kostnaðarauka af breytingum mátu þeir sem hér segir, og eru liðirnir einkenndir á sama hátt sem í skrá aðalstefnenda:

b	kr.	3000.00
c	—	9500.00
d	—	1100.00
e	—	2000.00
f	—	1500.00
g	—	2000.00
h	—	600.00
i	—	270.00
k	—	1900.00
	Kr.	21870.00

En auk þess meta þeir á kr. 2400.00 kostnaðarauka af járnbúnaði einangrara, sem virðist felast í b-lið skrár aðalstefnenda, og er matsfjárhæðin því samtals kr. 24270.00.

Aðalstefndi hefur mótmælt því, að sér beri nokkur skylda til að bæta aðalstefnendum þenna verðmun og vísar neitun sinni til stuðnings í 4. gr. samningsins frá 1939, en efni hennar var rakið í upphafi dóms þessa (3. skilyrði). Telur aðalstefndi grein þessa ekki veita aðalstefnendum neinn rétt til viðbótargreiðslu af þessum sökum, nema sérstaklega væri um það samið, en engir slíkir samningar hafi verið gerðir, enda breytingarnar framkvæmdar án vilja og vitundar fyrirsvarsmanna aðalstefnda og án þess að þeim væri tilkynnt um þær fyrirfram. Þrátt fyrir yfirlýsingar þær, er fyrirsvarsmenn þeir, sem hér áttu hlut að máli, hafa gefið í máli þessu (dskj. nr. 51 og 72), virðist þessi vörn aðalstefnda stangast við þær upplýsingar, sem eldri málsskjöl þykja gefa um viðhorf fyrirsvarsmannanna til þessara atriða. Dskj. nr. 15 er afrit og útdráttur þriggja fundargerða hreppsnefndar Ólafsfjarðar, og segir þar svo um fund, er haldinn var 8. desember 1942: „Rafveitunefnd (M. G.) skýrði frá gangi málsins (Garðsárvirkjunarinnar) og gat þess, að Gísli Johnsen hefði í símtali fyrir nokkru tjáð sér, að hann vildi endurskoða samning þann, er gerður var við hann og Höskuld Baldvinsson um virkjun Garðsár. Kvaðst hann hafa svarað því á þá leið, að að svo komnu gæti ekki farið fram endurskoðun vegna þess, að hann teldi það ekki flýta fyrir málinu. En hann kvað hann og Höskuld komna nú til að fá samninginn endurskoðaðan. Einnig gat hann þess, að vélar stöðvarinnar væru til muna fullkomnari en gert hefði verið ráð fyrir".

Skammstöfunin M. G. virðist tákna formann rafveitunefndar, Magnús Gamalíelsson, sem er einn þeirra, er undirrituðu yfirlýsinguna á dskj. nr. 51, en af greindri fundargerð er ljóst, að honum hefur verið það kunnugt

fyrir 8. des., að vikið væri frá verklýsingu, og öðrum fyrirsvarsmönnum rafveitunnar hafi orðið það ljóst þann dag. Af því, sem að framan var rakið um framkvæmdir virkjunarinnar dagana 3.—18. desember og tekið hefur verið að mestu leyti eftir skýrslu verkstjórans, sem jafnframt var einn rafveitunefndarmanna, þykir verða að draga þá ályktun, að veigamestu og dýrustu breytingarnar frá verklýsingu voru framkvæmdar einmitt þessa daga, og þykir ekki verða hjá því komizt að telja með þessu í ljós leitt, að fyrirsvarsmönnum rafveitunnar hafi verið þær kunnar, áður eða um leið og framkvæmdar voru. Af gögnum málsins er og ljóst, að þessa sömu daga voru viðræðufundir og bréfaskipti með aðalstefnendum og fyrirsvarsmönnunum um væntanlegar aukagreiðslur til aðalstefnenda, og þykir ekki unnt að líta svo á, að fyrirsvarsmönnum rafveitunnar hafi dulizt eða mátt dyljast það, að ætlazt var til aukagreiðslu fyrir fullkomnari frágang en um var samið. Hvergi er þó að finna nokkurn fyrirvara um greiðsluneitun af hálfu rafveitumanna, heldur virðast þeir hafa tekið við orkuverinu og hafið starfrækslu þess án athugasemda að þessu leyti. Þetta hátterni fyrirsvarsmanna rafveitunnar þykir koma í veg fyrir, að unnt sé að taka til greina sýknukröfu aðalstefnda.

Verður þá næst fyrir að athuga, hverja fjárhæð aðalstefnendum beri að fá greidda fyrir viðauka og endurbætur umfram verklýsingu, og verður hver liður á skrá þeirra rakinn sér með hliðsjón af sérstökum andmælum aðalstefnda og matsgerðarinnar á dskj. nr. 53.

Um a. Í samningi aðilja frá 15. júlí 1941 er samið um aukningu í 230 hestöfl og kostnaðarauki af því að sjálfsögðu falinn í samningsverðinu þá. Í viðbótarsamningi frá 26. ágúst 1941 er gengið út frá aukningu í 250 hö., en fram tekið, að aðalstefndi skuli eigi bera kostnaðarauka af því, og er þess vegna engin fjárkrafa gerð í sambandi við þenna lið.

Um b. Aðalstefnendur telja kostnaðarauka fólginn í því, að einangrarar séu kr. 1500.00 dýrari og aukinn kostnaður af járnabúnaði sé kr. 5300.00. Rétt þykir og að taka hér afstöðu til f-liðs skrárinnar, kr. 450 00, sem aðalstefnendur telja þannig til kominn, að þeir hafi neyðzt til að kaupa einangrara fyrir 20000 volt í stað 6000, þar eð hinir síðarnefndu hafi ekki verið fáanlegir. Í matsgerðinni er rætt um kostnaðarauka vegna spennubreytingar, og er hann í þrem liðum: Samkvæmt b-lið kr. 3000.00, samkvæmt f-lið kr. 1500.00 og loks járnabúnaður kr. 2400.00. Samkvæmt þessu verður ekki annað séð en kostnaðarauki samkvæmt b-lið skrárinnar hafi verið metinn samtals kr. 3900.00, en fjárhæðin samkvæmt b-lið matsins hefur sætt sérstökum mótmælum á þeim grundvelli, að aðalstefnendur hafi aldrei haft uppi kröfur um hana. Engin frekari skýring hefur fram komið um þenna lið, og þykir því verða að fallast á mótmæli aðalstefnda að þessu leyti og taka til greina kröfu aðalstefnenda með þeim fjárhæðum, sem sýnt er, að metin hefur verið krafa þeirra samkvæmt kröfugerðinni í skránni, þannig að b-lið og f-lið hennar ber að taka til greina með kr. 3900.00 samtals.

Um c. Áætlun aðalstefnenda um þenna lið styðst við það, að hinar hæggengu vélar hafi verið 25% dýrari en þær, sem verklýsing gerði ráð fyrir.

Skilríki, er styðji þessa áætlun, eru engin lögð fram í málinu, og þykir því rétt að taka þenna lið til greina með matsfjárhæðinni, kr. 9500.00.

Um d. Gögn um þessa fjárhæð brestur einnig, og verður þessi liður því miðaður við matið og tekinn til greina með kr. 1100.00.

Um e. Í samningnum frá 15. júlí 1941 er svo samið, að heimilt sé að nota vír af þessari tegund í háspennulínuna, en í samningnum er engin afstaða tekin til verðbreytingar, er af því kynni að stafa. Verður að fallast á það með aðalstefnda, að þetta sé umsamin breyting á verklýsingu, er ekki eigi að verða honum til kostnaðarauka, enda styðst sú skoðun við álit rafmagnseftirlitsins, þar sem þessi breyting er ekki talin umfram samninga. Liðurinn verður því ekki tekinn til greina.

Um f. Vísast til þess, er sagt var um b.

Um g. Einnig um þessa áætlunarfjárhæð er það að segja, að engin gögn hafa fram komið til stuðnings henni. Aðalstefndi hefur eindregið mótmælt þessum lið á þeim grundvelli, að tækin hafi reynzt ónýt og megi rekja skemmdir á vélunum til þeirra. Gegn mótmælum aðalstefnenda verður ekki talið sannað, að staðhæfing aðalstefnda hafi við rök að styðjast, og telja verður þrátt fyrir mótmæli hans, að umboðsmaður rafmagnseftirlitsins hafi prófað tæki þessi á fullnægjandi hátt hinn 5. júlí 1943 og ekkert haft við þau að athuga. Verður þessi liður því tekinn til greina með þeirri fjárhæð, er matið greinir, kr. 2000.00.

Um h. og i. Þessir liðir hafi ekki sætt sérstökum andmælum og verða því teknir til greina óbreyttir, enda í samræmi við matsgerðina.

Um j. Gegn mótmælum aðalstefnda verður ekki séð, að krafa þessi hafi við neitt að styðjast, og verður hún því ekki til greina tekin.

Um k. Í frumvörn sinni mótmælti aðalstefndi lið þessum sem óumsömdum og óbeðnum viðauka, sem kæmi auk þess að engum notum. Í framhaldssókn hafa aðalstefnendur gefið þá skýringu, að stækkun hússins hafi verið nauðsynleg vegna aukningar vélanna og hafi það því verið teiknað af nýju í sambandi við samningagerðina 1941. Samkvæmt þessu þykir verða að segja um þenna lið hið sama sem um e. og að nokkru leyti a, og verður hann því ekki tekinn til greina.

Samkvæmt framanrituðu þykja greiðslur aðalstefnda fyrir framlög umfram samningsskyldu eiga að nema samtals kr. 17370.00.

3. Ferðakostnaður. Aðalstefndi hefur eindregið mótmælt þessum lið, og er ekki unnt að taka hann til greina gegn þeim mótmælum, enda sést ekki, að krafan hafi stoð í samningum aðilja, né heldur, að ferðir aðalstefnenda hafi verið farnar að beiðni fyrirsvarsmanna rafveitunnar eða í hennar þágu.

Úrslit aðalsakar verða því þau, að aðalstefndi verður sýknaður að svo stöddu af kröfunni um viðbótargreiðslu vegna hækkunar eftir 12. des. 1942, en verður dæmdur til að greiða aðalstefnendum kr. 2940.79 + 17370.00, samtals kr. 20310.79, en frá þeirri fjárhæð ber að draga þær kr. 10319.06, sem fyrr getur að hafa verið greiddar umfram samningsfjárhæðina, kr. 288000.00. Ber aðalstefnda því að greiða alls kr. 9991.73 með vöxtum eins og krafizt var, enda var fyrra málið, sem áður greinir, hafið með

samkomulagi aðilja. Þá þykir og rétt að dæma aðalstefnda til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Gagnsök. 1. Kröfu sína byggir gagnstefnandi á því, að umsamið fast verð á verkinu hafi verið kr. 288.000.00 samkvæmt samningnum frá 15. júlí 1941, en greiðslur til gagnstefndu hafi samtals numið kr. 298319.06 og beri þeim því að endurgreiða mismuninn.

Um þenna kröfulið þykir verða að vísa til þess, sem segir í aðalsök, en þar kemur fram, að krafa gagnstefndu nemur hærri fjárhæð en hér greinir, og hefur fjárhæðin samkvæmt þessum lið þegar verið dregin frá kröfu þeirra í aðalsök. Verður þess vegna að sýkna gagnstefndu af þessari kröfu.

2. Bætur vegna galla á verkinu. Eins og fyrr greinir, var mál höfðað á bæjarþingi Reykjavíkur í október 1943 út af skiptum aðilja. Samkvæmt beiðni málflutningsmanns gagnstefnanda, dags. 9. ágúst 1944, voru dómkvaddir tveir matsmenn til að skoða og meta galla á verki gagnstefndu. Matsmennirnir skoðuðu verkið 17. september s. á. og töldu því ábótavant í fjórum atriðum:

1) Lítilsháttar leki á stíflugarði, þeim hluta hans, sem hlaðinn var úr torfi og grjóti.

2) Trépípuna (þrýstivatnspípuna) kveða matsmenn leka mjög víða og sums staðar allverulega. Telja þeir, að pípunni stafi hætta af lekanum og að úr honum þurfi að bæta. Orsök lekans telja matsmennirnir þá, að efni í pípuna hafi ekki verið nógu þurrt, er hún var smíðuð, og hafi hún gisnað mjög, áður en hún var sett niður.

3) Einangrun skortir á útveggi vélasals, en samkvæmt verklýsingu hafi átt að einangra þá með timbri, sementshúðuðu að innan.

4) Stólpahöf háspennulínunnar telja matsmenn of löng og lengri en í verklýsingu var ákveðið. Telja þeir nauðsynlegt að fjölga staurum, bæði vegna ísingarhættu og veðurs.

Kostnað af lagfæringu galla þessara meta þeir svo:

Samkvæmt 1. og 2. lið	kr.	17900.00
Samkvæmt 3. og 4. lið	—	6000.00
Samtals	kr.	23900.00

Matsgerð þessi var lögð fram í bæjarþingsmáli aðilja hinn 19. okt. 1944 og sætti mótmælum og vefengingu af hálfu gagnstefndu í greinargerð, dags. 29. nóv. s. á., á þeim grundvelli, að hvorki hefði þeim gefizt kostur á að vera viðstaddir skoðunina og gæta hagsmuna sinna né heldur hefði verið í matsgerðinni minnzt á þau atriði, er þeir hefðu framkvæmt umfram samningsskyldu sína við orkuverið. Hinn 5. febrúar 1945 óskaði málflutningsmaður gagnstefnanda þess, að matsmenn yrðu dómkvaddir, svo að færi gæfizt á að framkvæma mat af nýju og gæta beggja ofangreindra atriða. Voru sömu matsmenn dómkvaddir og framkvæmdu gerðina hinn 20. ágúst 1945 að gagnstefnda Höskuldi viðstöddum, og er það matsgerðin á dskj. nr. 53, sem áður hefur verið vísað til. Töldu þeir sömu galla fyrir hendi sem áður, en að leki á trépípunni hafi færzt í vöxt og yrði því

dýrara að gera við hana, og hækkaði mat þeirra af þeim völdum um kr. 3000.00. Við þetta mat mátu þeir til fjár flísalögn á vélarsalsgólf, en fyrra matið kváðu þeir miðað við, að þeir hefðu lagt að jöfnu flísalögnina og einangrunarskort á veggjum. Bættu þeir því kr. 500.00 við fjárhæðina samkvæmt 3. og 4. lið, og kom þá út matsfjárhæðin kr. 27400.00, sem gagnstefnandi gerir kröfu til.

Gagnstefndu byggja sýknukröfu sína á því, að þeir hafi afhent virkjunina gallalausa í hendur gagnstefnanda, fyrst skilorðsbundið þann 18. des. 1942, og hafi starfræksla þá þegar hafizt. Er öryggistaflan og stillirinn voru komin í júní 1943, hafi síðan farið fram úttekt á virkjuninni með eftirfarandi fullnægju þeirra atriða, sem henni var talið bótavant. Vísa gagnstefndu í 7. gr. samningsins frá 1939, sem talin er 4. skilyrðið í upphafi atvikalýsingar dóms þessa, og telja sannað í málinu, að gallar hafi engir komið í ljós á þeim fresti, sem þar er settur.

Af hálfu gagnstefnanda er þessum varnarástæðum mótmælt, annars vegar á þeim grundvelli, að gallarnir hafi allir verið fyrir hendi, þegar orkuverið var tekið í notkun, og hins vegar, að úttekt eða viðurkenning trúnaðarmanns verkkaupa samkvæmt ákvæðum 6. gr. samningsins frá 1939 hafi aldrei farið fram og því hafi verkið aldrei verið formlega afhent af hálfu gagnstefndu.

Áður hefur því verið lýst hér að framan, að orkuverið tók til starfa 18. des. 1942, án þess þó að verksamningnum væri talið fullnægt, enda hefur einnig verið á það drepið, að framkvæmdir héldu áfram af hálfu gagnstefndu, allt þar til öryggistaflan var sett í júní 1943. Þá virðast gagnstefndu hafa talið, að verkinu væri lokið, og samkvæmt dskj. nr. 16 skoðaði Sig. Thoroddsen verkið að beiðni rafveitunefndar og með úttekt fyrir augum. Verður eigi annað séð en að hann hafi verið „trúnaðarmaður verkkaupa", eins og gert er ráð fyrir í 6. gr. samningsins frá 1939, enda hefur þessu skjali ekki verið mótmælt að þessu leyti af hálfu gagnstefnanda. Þess er einnig getið hér að framan, að samkvæmt skoðun og álitsgerð rafmagnseftirlitsins var samningum aðilja fullnægt að því er varðar þann hluta verksins, sem háður var skoðun þess.

Í úttekt Sig. Thoroddsen var bent á ýmis atriði, sem bótavant þótti, þar á meðal sjö atriði í sambandi við jarðvegsstíflu og fimm atriði í sambandi við þrýstivatnspípuna. Trépípan var, eins og fyrr greinir, lögð um sumarið og haustið 1942, og skýrir úttektarmaðurinn svo frá, að fyrirsvarsmenn rafveitunnar hafi tjáð sér, að pípurnar hafi litið illa út þá og það svo, að sérstök skoðunargerð hafi verið látin fram fara, en að hann hafi ekki séð þá gerð. Með verksamningum dags. 25. júní 1943 tókst Ágúst nokkur Jónsson á hendur að bæta úr ágöllum þeim, sem í úttektinni greindi, að nokkru einn, en að því er stíflu og þrýstivatnspípu varðaði í félagi við annan mann þar á staðnum. Ágúst þessi, sem var einn af þrem rafveitunefndarmönnum Ólafsfjarðar, hafði haft á hendi verkstjórn alls verksins frá upphafi, að því er bezt verður séð. Eins og að framan var sagt, var umsamið endurgjald fyrir starf Ágústs og félaga hans tæpar kr. 11000.00. Hinn 20. ágúst 1943 sendi Ágúst gagnstefndu símskeyti og

tjáði þeim, að verkum þessum væri lokið að ¾ hlutum, og krafðist hann því greiðslu að því leyti. Gagnstefndu synjuðu greiðslu og kváðu samningnum fullnægt af sinni hálfu, þar eð Ágúst hefði tekið við sem fullnaðargreiðslu ávísun á rafveituna, sem samþykkt hefði verið. Samþykkt ávísunarinnar var ekki talin sönnuð né heldur slík viðtaka af hálfu Ágústs, en gagnstefndu sýknaðir að svo stöddu, þar eð eigi var unnt að sjá þá, hve miklum hluta hvors samningsverks var lokið, er skeytið var sent. Voru því dómkvaddir tveir menn til að skoða verk Ágústs og félaga hans og meta það, hvort fullnægt væri verksamningunum. Skoðun fór fram 12. maí 1944 og sést af þeirri gerð m. a., að framkvæmdar hafa verið lagfæringar á öllum þeim atriðum, sem talið var bótavant í úttektinni. Loks segir í skýrslu verkstjórans, Ágústs, dagsettri 12. júní 1945 (dskj. 37), að lagfæringar þessar hafi verið framkvæmdar sumarið 1943, og hefur skýrsla þessi ekki verið vefengd, svo að séð verði.

Af framanrituðu kemur þá í ljós, að orkuverið tók til starfa 18. desember 1942, og hófst þá þegar reynslutími þrýstivatnspípu og háspennulínu. Úttekt að því er mannvirki þessi varðar fór fram 8. júlí 1943, og samsumars voru lagfærðir gallar þeir, er í ljós voru komnir. Það er og athyglisvert, að ekki er í málflutningnum minnzt á það, að nokkrar kvartanir eða athugasemdir hafi fram komið af hálfu fyrirsvarsmanna rafveitunnar í þessum efnum, og engan vott slíks er að finna í skeyti rafveitunefndar frá 28. maí 1943, sem lagt hefur verið fram í málinu sem dskj. nr. 98. Er og ekki unnt að sjá, að það sé fyrr en í áðurgreindri beiðni málflutningsmanns gagnstefnanda, dags. 9. ágúst 1944, um dómkvaðningu matsmanna, að gefið sé í skyn af hálfu gagnstefnanda, að um galla kunni að vera að ræða á verkum gagnstefndu. Mannvirki þau, er matsmennirnir töldu haldin göllum, hafa því verið í notkun frá því að rafveitan tók til starfa, og það, sem í úttektinni var talið bótavant, var lagfært samsumars. Þetta hvort tveggja svo og athafnaleysi gagnstefnanda svo langan tíma, sem raun varð á, þykir með hliðsjón af 7. gr. samnings aðilja firra gagnstefndu ábyrgð á greiðslu matsfjárhæðanna, og verður krafa gagnstefnanda því ekki til greina tekin.

3. Bætur vegna afhendingardráttar.

Gagnstefnandi rökstyður þenna kröfulið með því, að gagnstefndu hafi skuldbundið sig til að ljúka verkinu í marz 1942 í síðasta lagi. Orkuverið hafi þó ekki tekið til starfa fyrr en í desember, og krefst gagnstefnandi bóta fyrir þann drátt og miðar kröfurnar við 5% ársvexti af hinni útborguðu fjárhæð. Eins og greint var hér að framan (aðalsök 1.), brestur í máli þessu sönnur á þá staðhæfingu gagnstefnanda, að gagnstefndu hafi bundið sig til að ljúka verkinu innan ákveðins tíma, og verður krafa þeirra því ekki til greina tekin á þeim grundvelli. Ekki hafa heldur verið færðar sönnur á þá staðhæfingu gagnstefnanda, að óhæfilegur dráttur hafi orðið á framkvæmdum gagnstefndu, miðað við það, að þeim bar að hraða verkum eftir föngum og fullgera stöðina svo fljótt sem unnt væri, ekki sízt þegar þess er gætt, að alkunna er, að á þeim tíma var vegna

styrjaldar mjög erfitt um öflun efnis til slíkra fyrirtækja. Verður því að sýkna gagnstefndu af þessum kröfulið.

4. Bætur vegna aukakostnaðar og gæzlu stöðvarinnar.

Þessi kröfuliður er þannig til kominn að, eins og fyrr var sagt, hófst starfræksla versins áður en straumstillir og öryggistafla voru sett. Varð því ekki komizt hjá að hafa vörð í stöðinni, á meðan vélarnar unnu. Hefur gagnstefnandi greitt fyrir þessa vörzlu kr. 8712.00 og telur gagnstefndu eiga að endurgreiða þá fjárhæð, þar eð þau útgjöld hafi stafað af óhæfilegum drætti á afhendingu greindra tækja.

Það er augljóst, að aðiljum var kunn þörfin á þessari aukagæzlu, þegar fyrirsvarsmenn rafveitunnar tóku við orkuverinu til starfrækslu hinn 18. desember 1942. Ekki verður þess þó vart, að fyrirsvarsmennirnir hafi gert nokkurn ágreining eða fyrirvara við gagnstefndu um endurheimtu þess kostnaðar, er af vörzlunni kynni að hljótast, og ekki verður heldur séð, að þá hafi verið fundið að vegna dráttar á afhendingu umræddra tækja. Það var ekki fyrr en í fyrrnefndu skeyti frá 28. maí 1943, að krafizt er afhendingar þeirra tafarlaust að viðlagðri bótakröfu, en heldur ekki er það nefnt, að gagnstefndu séu taldir eiga að bera kostnað af þessari sérstöku vörzlu. Með vísan til þessa þykir ekki unnt að taka kröfur gagnstefnanda samkvæmt þessum lið til greina gegn mótmælum gagnstefndu.

Úrslit gagnsakar verða samkvæmt framansögðu þau, að gagnstefndu verða sýknaðir af öllum kröfum gagnstefnanda, en rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Dóm þenna hafa kveðið upp þeir Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, og meðdómsmennirnir Steingrímur rafmagnsstjóri Jónsson og Valgard Thoroddsen rafveitustjóri.

Dráttur sá, sem orðið hefur á uppsögn dómsins, stafar af eftirtöldum ástæðum: Málið er mjög viðamikið og óaðgengilegt á ýmsan hátt og skjöl þess á annað hundrað talsins. Afrit skjalanna voru ekki í vörzlum dómsins fyrr en allöngu eftir dómtöku málsins, og tafði það mjög fyrir því, að dómendur fengju gott færi á að kynna sér þau. Auk þess að dómendur voru mjög hlaðnir öðrum störfum, varð Steingrímur Jónsson að fara utan í embættiserindum, eftir að hann tók að kynna sér málavöxtu, og dvaldist hann þar langan tíma, en ekki var þess kostur að kveðja til meðdómsmann í hans stað, þar eð ekki var völ annarra manna sérfróðra um þessi efni.

Dómsorð:

Í aðalsök skal aðalstefndi, Ólafsfjarðarbær, vera sýkn að svo stöddu af kröfum aðalstefnenda, Gísla J. Johnsens og Höskulds Baldvinssonar, um viðbótargreiðslu vegna verðhækkunar eftir 12. desember 1942 á framkvæmdum framangreindra verksamninga aðilja. Aðalstefndi greiði aðalstefnendum kr. 9991.73 með 6% ársvöxtum frá 28. október 1943 til greiðsludags og kr. 1500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Í gagnsök skulu gagnstefndu vera sýknir af öllum kröfum gagnstefnanda, en málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 20. marz 1950.

Nr. 78/1949. **Ákæruvaldið** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Birni Sigurðssyni (Ólafur Þorgrímsson).

Læknir krafinn vættis um málefni, sem hann fékk vitneskju um í starfi sínu.

Dómur Hæstaréttar.

Alfreð Gíslason, lögreglustjóri í Keflavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Úrskurði þessum hefur ákæruvaldið skotið til Hæstaréttar samkvæmt ósk vitnisins Björns Sigurðssonar, læknis í Keflavík. Hefur honum verið stefnt, og sækjandi og verjandi skipaðir í málinu að hætti opinberra mála.

Stefndi hefur lýst því fyrir dómi, að honum sé ókunnugt, hvaða læknir framdi aðgerð þá, sem í málinu greinir. Eigi er heldur í ljós leitt, hvaða reglur sá læknir kann að hafa sett konunni um aðbúð eftir aðgerðina.

Vitneskja sú, sem stefndi er krafinn vættis um, var honum veitt í algerum trúnaði í læknisstarfi sínu. Þetta trúnaðarsamband sjúklings við lækni þykir vera svo mikilvægt frá þjóðfélagslegu sjónarmiði, að ekki séu efni til að rjúfa það í þessu máli. Verður stefnda því ekki dæmt skylt að gefa skýrslu þá, sem hann er krafinn um, og ber samkvæmt því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Eftir þessari niðurstöðu ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkis-

sjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 500.00 til hvors.

Úrskurður lögregluréttar Keflavíkur 15. okt. 1948.

Vitnið Björn Sigurðsson læknir hefur fyrir réttinum viðurkennt að hafa skrifað bréf til landlæknis, þar sem hann kveðst hafa orðið þess áskynja, að kona nokkur, sem kallaði hann til sín sem lækni, hafi fengið um tveggja mánaða gömlu fóstri sínu eytt í lækningastofu í Reykjavík nú fyrir nokkrum vikum síðan. Hins vegar kveðst vitnið ekki vilja upplýsa um, hver kona þessi sé, þar sem þetta sé trúnaðarmál hans sem læknis gagnvart konunni, sem sérstaklega hafði beðið hann fyrir það. Telur vitnið sig bundinn þagnarskyldu samkvæmt 10. gr. laga nr. 47/1932 um réttindi og skyldur lækna.

Dómarinn lítur hins vegar svo á, að þagnarskylda samkvæmt ákvæði þessu nái ekki til málsatriða þeirra, sem hér eru til rannsóknar, sem er upplýstrun meints glæps, og hlýtur því að ákveða, að vitninu skuli vera skylt að upplýsa nafn umræddrar konu sem og hver hún er og hvar búsett.

Því úrskurðast:

Vitninu Birni Sigurðssyni lækni er skylt að gefa framangreindar upplýsingar.

Mánudaginn 20. marz 1950.

Nr. 79/1949. **Ákæruvaldið** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Karli G. Magnússyni (Ólafur Þorgrímsson).

Læknir krafinn vættis um málefni, sem hann fékk vitneskju um í starfi sínu.

Dómur Hæstaréttar.

Alfreð Gíslason, lögreglustjóri í Keflavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Úrskurði þessum hefur ákæruvaldið skotið til Hæstaréttar eftir ósk vitnisins Karls G. Magnússonar, héraðslæknis í Kefla-

vík. Hefur honum verið stefnt, og sækjandi og verjandi skipaðir í málinu að hætti opinberra mála.

Stúlka sú, sem gaf stefnda í skyn, að fóstri hennar hefði verið eytt af lækni, er nú gift erlendum manni og búsett í Ameríku. Hún lét þess ekki getið við stefnda, hvaða læknir hefði framkvæmt fóstureyðinguna.

Vitneskju þeirri, sem stefndi er krafinn vættis um, var honum trúað fyrir í læknisstarfa sínum. Þetta trúnaðarsamband sjúklings við lækni þykir vera svo mikilvægt frá þjóðfélagslegu sjónarmiði, að ekki séu efni til að rjúfa það í þessu máli.

Verður stefnda því ekki gert skylt að gefa þá skýrslu, sem hann er krafinn um, og ber samkvæmt því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Eftir þessari niðurstöðu ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 500.00 til hvors.

Úrskurður lögregluréttar Keflavíkur 2. okt. 1948.

Vitnið Karl G. Magnússon héraðslæknir hefur borið það hér fyrir réttinum, að til sín hafi leitað stúlkur í þeim erindum, að hann sem læknir eyddi fóstri þeirra með lyfjum eða öðru, og hafi hann síðar veitt því athygli, að þær hafi ekki alið barn á eðlilegum tíma. Einkum segist hann muna eftir einni stúlku, sem hafi síðar gefið sér í skyn, að hún hafi fengið fóstri sínu eytt, og viti vitnið nafn þessarar stúlku, sem reyndar sé nú gift og búsett í Ameríku. Vitnið telur sig bundið þagnarskyldu samkvæmt 10. gr. laga nr. 47 23. júní 1932.

Dómarinn lítur svo á, að þagnarskylda samkvæmt ákvæði þessu nái ekki til málsatriða þeirra, sem hér eru í rannsókn, sem er uppljóstrun

meints glæps, og hlýtur því að ákveða, að vitninu skuli vera skylt að upplýsa nafn þessarar stúlku og hver hún sé.

Því úrskurðast:

Vitninu Karli G. Magnússyni héraðslækni er skylt að gefa framangreindar upplýsingar.

Mánudaginn 20. marz 1950.

Nr. 80/1949. **Ákæruvaldið** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Gunnari Jóhannesi Cortes (Egill Sigurgeirsson).

Læknir krafinn vættis um málefni, sem hann fékk vitneskju um í starfi sínu.

Dómur Hæstaréttar.

Þórður Björnsson, fulltrúi sakadómarans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Ákæruvaldið hefur skotið úrskurðinum til Hæstaréttar eftir ósk vitnisins Gunnars Jóhannesar Cortes, læknis í Reykjavík. Hefur honum verið stefnt, og sækjandi og verjandi skipaðir í málinu að hætti opinberra mála.

Samkvæmt framburði stefnda fyrir dómi, getur hann ekki fullyrt, hvort stúlka sú, er í málinu greinir, hafi skýrt honum frá nafni læknis þess, sem hún kveður hafa eytt fóstri hennar, en hins vegar tjáir stefndi sig vita nafn stúlku þessarar. Þá vitneskju, sem hann er hér krafinn vættis um, fékk stefndi í læknisstarfi sínu, og var hún því trúnaðarmál hans. Þetta trúnaðarsamband sjúklings við lækni þykir vera svo mikilvægt frá þjóðfélagslegu sjónarmiði, að ekki séu efni til að rjúfa það í þessu máli. Verður stefnda því ekki gert skylt að gefa þá skýrslu, sem hann er krafinn um, og ber samkvæmt því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Eftir þessari niðurstöðu ber að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Allur kostnaður af áfrýjun málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 500.00 til hvors.

Úrskurður lögregluréttar Reykjavíkur 18. sept. 1948.

Vitnið Gunnar Jóhannes Cortes læknir hefur borið það hér í lögregluréttinum, að það hafi sem læknir hér í bæ fengið vitneskju um, að fóstri stúlku einnar hér í bæ hafi á ólögmætan hátt verið eytt á síðastliðnum vetri, og viti vitnið nafn hennar, en það telji sig þagnarskylt um það efni samkvæmt 10. gr. laga nr. 47 23. júní 1932.

Rétturinn lítur svo á, að þagnarskylda samkvæmt ákvæði þessu nái ekki til atriðis þess, sem hér liggur fyrir til rannsóknar, sem er uppljóstrun meints glæps, og hlýtur því að ákveða, að vitninu skuli vera skylt að upplýsa, hver nefnd kona sé.

Því úrskurðast:

Vitninu Gunnari Jóhannesi Cortes lækni er skylt að gefa framangreindar upplýsingar.

Miðvikudaginn 22. marz 1950.

Nr. 109/1948. **Axel Magnússon** (Ragnar Ólafsson)
gegn
Steindóri Einarssyni (Theódór B. Líndal).

Fébætur vegna bifreiðaslyss.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. ágúst 1948, gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 30834.76 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. september 1947 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur bifreiðarstjóri sá, sem ók bifreiðinni R 1477 í umrætt skipti, komið fyrir dóm og gefið skýrslu. Kveðst hann hyggja, að bifreiðin hafi ekki verið farin af stað, er áfrýjandi varð fyrir slysinu, án þess þó að fullyrða um það, og muni vindurinn hafa skellt hurðinni aftur. Þrátt fyrir þetta verður ekki talið sannað, að bifreiðarstjórinn hafi gengið úr skugga um, að afturdyrnar væru lokaðar, áður en hann ók af stað. Ber stefndi því bótaábyrgð á slysinu samkvæmt 34. gr. laga nr. 23/1941, sbr. 35. gr. sömu laga.

Áfrýjandi seildist með vinstri hendi til hurðarinnar í því skyni að loka henni, en hægri hendi hélt hann þannig, að þumalfingur hans varð milli hurðarinnar hjara megin og dyraumbúnaðarins, er hún skelltist aftur. Var það mikil ógætni af áfrýjanda að halda fingrunum þannig, og þykir rétt, að hann beri helming tjónsins af þessum sökum.

Kemur þá til álita fjárhæð skaðabótakröfunnar, sem sundurliðuð er í héraðsdómi.

Um 1. kröfulið, kr. 45.00 fyrir læknisvottorð, er enginn ágreiningur.

2. kröfulið, kr. 240.00 fyrir sjúkrahúsvist, þykir rétt að taka til greina að fullu, þar sem um nauðsynlegan kostnað var að ræða.

3. kröfuliður, vinnutjón.

Samkvæmt vottorði læknis var áfrýjandi óvinnufær 2 mánuði eftir slysið. Sjálfur kveðst hann hafa verið lengur frá vinnu af völdum slyssins, en eigi hefur hann flutt fram nein gögn fyrir því. Þykir vinnutjón hans þenna tíma hæfilega metið kr. 3500.00.

4. kröfuliður. Örorkubætur.

Samkvæmt vottorði tryggingarlæknis er varanleg örorka áfrýjanda, að liðnum 2 mánuðum, 10%. Hann var 28 ára að aldri, þegar slysið varð. Þegar litið er til þess, hversu mikinn baga áfrýjandi hlýtur að hafa af missi fremri kögguls á þumalfingri hægri handar, þykir örorkutjón hans hæfilega metið kr. 15000.00.

5. kröfuliður. Þjáningabætur og lýta.

Bætur þessar þykja hæfilega ákveðnar kr. 3000.00.

Ber því að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda helming ofangreindra fjárhæða, eða samtals kr. 10892.50, ásamt 6% ársvöxtum frá 12. september 1947 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda 1500 krónur í málskostnað fyrir báðum dómum.

Dómsorð:

Stefndi, Steindór Einarsson, greiði áfrýjanda, Axel Magnússyni, kr. 10892.50 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. september 1947 til greiðsludags og kr. 1500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júní 1948.

Mál þetta, er dómtekið var 26. f. m., hefur Axel Magnússon, Eiríksgötu 27, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 12. september 1947 gegn Steindóri Einarssyni bifreiðaeiganda, Sólvallagötu 68, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 33085.00 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu, en *til vara* lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Hinn 24. janúar 1947 var stefnandi farþegi í áætlunarbifreiðinni R. 1477, eign stefnda, er henni var ekið frá Keflavík til Reykjavíkur. Þröng var í bifreiðinni, og þurfti stefnandi, sem sat við afturdyr bifreiðarinnar, að fara út úr henni í Hafnarfirði, þar eð nokkrir farþegar fóru út þar. Er hann fór inn í bifreiðina aftur, kveður hann henni hafa verið ekið af stað, áður en hann lokaði hurðinni. Skall hurðin aftur, en stefnandi varð á milli með þumalfingur hægri handar, og tók af fremsta köggulinn.

Telur stefnandi, að stefndi beri bótaábyrgð á tjóni því, er hann varð fyrir vegna slyss þessa, samkvæmt ákvæðum bifreiðalaganna. Hann hafi, eins og fyrr segir, þurft vegna aðstæðna í bifreiðinni að fara út úr henni, og hafi bifreiðarstjórinn ekki sýnt þá aðgæzlu, sem honum bar, með því að aka af stað, áður en hann hafði gengið úr skugga um, hvort búið væri að loka hurðinni.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar þannig:

1. Greitt fyrir læknisvottorð	kr.	45.00
2. Greitt fyrir spítalalegu	—	240.00
3. Vinnutjón	—	7800.00
4. Örorka	—	20000.00
5. Þjáningar	—	5000.00
Samtals	kr.	33085.00

Í sambandi við 3. lið bótakröfunnar eru aðiljar sammála um, að til grundvallar útreikningi vinnutjónsins sé dagvinnu kauptaxti „Verkamannafélagsins Dagsbrúnar" lagður.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að bifreiðin hafi staðið kyrr, er slysið varð, og komi því sérreglur bifreiðalaganna ekki til greina. Telur hann, að allhvasst hafi verið þenna dag og muni vindhviða hafa skellt hurðinni aftur. Verði orsakir slyssins því ekki raktar til bifreiðarstjórans, enda hafi hann sýnt fulla aðgæzlu og varfærni.

Í sambandi við slys þetta var bifreiðarstjóri bifreiðarinnar yfirheyrður af lögreglunni í Reykjavík. Þar skýrði hann svo frá, að hann héldi, að hann hafi ekki verið farinn að aka af stað, er hurðin skall aftur, en telur sig hins vegar hafa ekið af stað, er hurðin lokaðist. Verður ekki talið gegn andmælum stefnanda, að sannað sé, að bifreiðin hafi verið á hreyfingu, er slysið varð. Verður því eigi byggt á því, að slysið hafi orðið af ástæðum, sem tengdar eru sérstaklega við notkun bifreiðar framar öðrum farartækjum. Bótareglur 1. sbr. 2. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 eiga því eigi hér við. Ekki verður heldur talið, að aðrar réttarreglur leiði til þess, að bótaábyrgð vegna slyss þessa verði lögð á stefnda, enda er ekki sönnuð vangæzla bifreiðarstjórans né sýnt fram á ófullkominn umbúnað bifreiðarinnar. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Steindór Einarsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Axels Magnússonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 22. marz 1950.

Nr. 124/1947. **Bókaverzlun Sigurðar Kristjánssonar**
(Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Guðna Jónssyni og gagnsök
(Magnús Thorlacius).

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en dómur gengur í máli þessu í Hæstarétti, þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita aðiljum kost á því að láta dómkveðja sérkunnáttumenn, er falið verði:

1. Að bera fornrit þau, sem gagnáfrýjandi hefur búið til prentunar fyrir aðaláfrýjanda og hann hefur nú látið ljósprenta, saman við eldri útgáfur af sömu ritum, er komið hafa út á vegum aðaláfrýjanda.

2. Að lýsa því, hver munur sé á þessum tvenns konar útgáfum, bæði að því er tekur til formála, meginmáls, vísnaskýringa og nafnaskráa hvers einstaks rits.

3. Að semja álitsgerð um þessi efni.

Ályktarorð:

Aðiljum veitist kostur á því að afla framangreindra skýrslna.

Föstudaginn 24. marz 1950.

Nr. 153/1949. **Ákæruvaldið** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Edmond Allan Reynolds Chilton
(Theódór B. Líndal).

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Gunnar Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Friðrik Ólafsson, skólastjóri Sjómannaskólans í Reykjavík, hefur markað á sjóuppdrátt stað varðbátsins Faxaborgar, þar sem hann kom að skipi ákærða hinn 17. september 1949, og reyndist sá staður 0.5—0.6 sjómílur innan landhelgislínu. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til raka héraðsdóms hefur ákærði brotið gegn ákvæðum 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 3. gr. sömu laga og lög nr. 4/1924. Með hliðsjón af núverandi gullgildi íslenzkrar krónu, 13.533, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 80000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og um málskostnað í héraði ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Edmond Allan Reynolds Chilton, greiði 80000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra

svo og um málskostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Theódórs B. Líndals, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 19. sept. 1949.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Edmond Allan Reynolds Chilton, skipstjóra á skozka togaranum Starbank A 70 frá Aberdeen, fyrir meint brot gegn lögum nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 frá 1924, til refsingar, upptöku afla og veiðarfæra og til greiðslu sakarkostnaðar.

Kærði, Edmond Allan Chilton, er fæddur 24. okt. 1907, og hefur, svo að kunnugt sé, ekki áður sætt kæru eða refsingu hér á landi.

Málsatvik eru eftirfarandi:

Laugardaginn þann 17. september var varðbáturinn Faxaborg á siglingu vestur með suðurströnd Íslands, og er skipið var statt austan við Ingólfshöfða, sáu skipverjar kl. 14.23 til togara, sem þeim þótti grunsamlega nálægt landi, en hann var þá rétt staddur við Ingólfshöfða og hélt inn með höfðanum.

Kl. 14.46 sáu skipverjar á Faxaborg, að togarinn beygði frá landi í áttina að varðskipinu.

Á sama tíma, eða kl. 14.46, gerði skipherra og 1. stýrimaður eftirfarandi staðarákvörðun:

Lómagnúpur (suðurendi) $\neq$ Salthöfði $>$ Ingólfshöfða 37°.

Kl. 14.51 beygði togarinn meira frá landi og sigldi stefnu, sem var nálægt SSA misv.

Kl. 15.13 var skotið lausu skoti (stöðvunarmerki).

Tveimur mínútum síðar, eða kl. 15.15, var komið að togaranum, sem reyndist heita Starbank A 70 frá Aberdeen, en á honum var kærði skipstjóri, og var togarinn með stjórnborðsvörpu í sjó, er að honum var komið.

Eftirfarandi staðarákvörðun var gerð við togarann kl. 15.15, og framkvæmdu hana í sameiningu skipherra og 1. stýrimaður á varðskipinu.

Ingólfshöfði
$>$ 69°
Salthöfði
$>$ 45°
Rákartindur

Á sama tíma var mælt dýpið, og reyndist það vera 27 metrar.

Hefur bæði skipherra og báðir stýrimenn varðskipsins sérstaklega um það spurðir fullyrt það fyrir réttinum, að dýpið hafi verið mælt í metrum í umrætt sinn, en ekki í föðmum, og bæði 1. stýrimaður og skipherra fullyrða, að dýptarmælir skipsins hafi í greint skipti sýnt 27 m dýpi, en 2. stýrimaður heldur því fram, að dýptarmælirinn hafi sýnt tæpa 30 m dýpi í greint skipti.

Framangreind staðarákvörðun sem og dýpi það, sem mældist á Faxaborg hjá togaranum kl. 15.15, gefur stað togarans 0,6 sjóm. innan landhelgislínunnar.

Skipverjar á togaranum drógu nú inn botnvörpuna, og kl. 15.21 lagði varðskipið að togaranum, og fór þá 2. stýrimaður varðskipsins um borð í hann.

Skömmu síðar, eða kl. 15.30, var settur út bátur frá varðskipinu og skipstjórinn á togaranum fluttur um borð í varðskipið.

Honum var tilkynnt, að hann hefði verið að botnvörpuveiðum í landhelgi, og kærða sýndur staður togarans þar, sem hann var tekinn, á sjókorti, sem lagt hefur verið fram í málinu, en samkvæmt skýrslu varðskipsforingjans hafði togarinn togað í 29 mínútur út frá landi, er hann var stöðvaður af varðskipinu.

Kærði neitaði ekki réttmæti staðarákvarðananna í skýrslu varðskipsforingjans, en taldi sig ekki hafa verið viljandi í landhelgi í umrætt sinn.

Hann afhenti síðan skipsskjöl varðskipsforingjanum, en að því búnu var hann aftur fluttur um borð í skip sitt og fyrirskipað að fylgja varðskipinu eftir til Vestmannaeyja.

Á leið togarans til Vestmannaeyja var um borð í togaranum, auk 2. stýrimanns á varðskipinu, háseti á því.

Kl. 16 var haldið af stað til Vestmannaeyja, var þá veður V-2, sjór V-1 og léttskýjað.

Kl. 6.35 á sunnudagsmorguninn 18. þ. m. var komið með togarann til Vestmannaeyja og lagzt að bryggju.

Kl. 3 e. h. sunnud. þ. 18. þ. m. hófst rannsókn í málinu, og við þá rannsókn er það komið upp í málinu, sem að framan greinir.

Er kærði var leiddur fyrir lögregluréttinn, kvaðst hann ekki mótmæla því, að hann hafi verið fyrir innan landhelgislínuna, er varðskipið kom að skipi hans, eins og að framan er lýst, en að hann hafi verið innan landhelgislínunnar að óvilja sínum, þar sem hann hefði haldið sig vera utan línunnar.

Hefur skipstjórinn byggt það álit sitt á því, að hann hafi talið dýpið hafa verið 25 faðma þar, sem togarinn var stöðvaður af varðskipinu, og enn fremur heldur hann því fram, að staðarákvarðanir þær, sem hann hafi tekið með stýrimanni sínum, hafi að hans áliti gefið stað skipsins, er varðskipið kom að togaranum, utan landhelgislínunnar.

Stýrimaðurinn á togaranum hefur einnig haldið því fram fyrir rétti, að dýptarmælir togarans hafi einnig sýnt 25 faðma dýpi, er togarinn var stöðvaður, og að miðanir, sem hann hafi gert ásamt skipstjóranum, er

varðskipið stöðvaði togarann, hafi átt að áliti vitnisins að hafa gefið stað togarans utan landhelgislínunnar.

Eins og áður greinir, hafa báðir stýrimenn og skipherra varðskipsins borið það fyrir rétti, þar um ýtarlega spurðir, að dýptarmælir varðskipsins hafi sýnt metratölu, en ekki faðmatölu, í umrætt sinn.

Rétturinn verður því að byggja á þeim upplýsingum, sem fram eru komnar í rannsókn málsins frá stýrimönnum og skipherra varðskipsins varðandi dýpið á þeim stað, er togarinn var stöðvaður kl. 15.15.

Eigi geta hinar óljósu upplýsingar kærða og stýrimanns hans um miðanir þær, sem þeir telja sig hafa framkvæmt, er togarinn var stöðvaður, hnekkt þeim staðarákvörðunum, sem skipherra og 1. stýrimaður á varðskipinu framkvæmdu í sameiningu með sextöntum, enda er upplýst í málinu, að kærði og stýrimaður hans notuðu ekki sextanta við staðarákvarðanir þeirra, heldur framkvæmdu þær aðeins með áttavita skipsins.

Einnig ber á það að líta, að annar sá staður, sem kærði og stýrimaður togarans telja sig hafa miðað við í sambandi við staðarákvörðun þeirra, er eigi lýst nægilega ljóst eða örugglega, og telur rétturinn því eigi unnt að taka neitt tillit til þeirra staðarákvarðana í máli þessu.

Með vísun til framanskráðs verður rétturinn að telja nægilega sannað, bæði með framkomnum gögnum og með viðurkenningu eða eigi nægilega ákveðnum mótmælum kærða, að hann hafi verið að botnvörpuveiðum um 0.6 sjóm. innan landhelgislínunnar kl. 15.15 þ. 17. þ. m., er varðskipið Faxaborg kom að togaranum Starbank A 70 og stöðvaði hann.

Samkvæmt skýrslu varðskipsforingjans, dómskj. nr. 1, sem staðfest hefur verið fyrir rétti, er það í ljós leitt, að togarinn hafi togað í 29 mínútur út frá landi, er hann var stöðvaður af varðskipinu, og hefur hann því allan þann tíma verið að veiðum enn meir innan landhelgislínunnar en þar sem hann var stöðvaður kl. 15.15.

Með framanlýstu framferði sínu hefur kærði að áliti réttarins gerzt brotlegur við 3. gr. laga nr. 5 frá 1920 um bann við botnvörpuveiðum samanber lög nr. 4 frá 1924.

Þar sem kærði hefur ekki áður sætt refsingu eða ákæru fyrir sams konar brot, svo að vitað sé, og með því að samkvæmt upplýsingum frá Landsbanka Íslands jafngiltu þann 17. þ. m. 100 gullkrónur 294.46 pappírskrónum, en samkvæmt símskeyti Landsbankans á dómskjali 4 er engin gengisskráning í dag, telur rétturinn, að miða verði sektarhæðina við síðastskráð gildi, og því hæfilegt að ákveða sekt kærða kr. 29500.00 með vísun til 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 4/1924, er renni til Landhelgissjóðs Íslands og greiðist innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en ella sæti kærði 7 mánaða varðhaldi.

Allur afli og veiðarfæri í togaranum Starbank A 70, þar með taldir dragstrengir, skal gert upptækt til Landhelgissjóðs Íslands.

Allan sakarkostnað áfallinn og áfallandi ber kærða að greiða.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Edmond Allan Reynolds Chilton, greiði kr. 29500.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands.

Sektin greiðist innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með 7 mánaða varðhaldi.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir um borð í togaranum Starbank A 70, er gert upptækt til sama sjóðs.

Kærði greiði allan sakarkostnað áfallinn og áfallandi.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 24. marz 1950.

Nr. 35/1949. **Stefán Ármann Þórðarson**
(Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs
(Einar B. Guðmundsson).

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Sigurður Grímsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. janúar 1949, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. s. m. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og stefnda verði gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða úrskurði og málskostnaðar hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann, enda geta ný gögn, sem lögð hafa verið fram í Hæstarétti, ekki leitt til annarrar niðurstöðu.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 600.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Stefán Ármann Þórðarson, greiði stefnda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 600.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 3. nóv. 1948.

Gerðarþola, Stefáni Ármanni Þórðarsyni, Grenimel 27 (nú Freyjugötu 34), var gert að greiða í útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir árið 1948 kr. 1400.00. Þar eð hann hefur eigi greitt útsvar þetta, hefur borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs krafizt þess, að það verði innheimt með lögtaki.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu lögtaksgerðar, þar eð hann telur, að hann hafi eigi verið útsvarsskyldur hér umrætt tímabil og að útsvarið hafi því ranglega verið lagt á hann hér. Kveðst gerðarþoli hafa flutzt hingað til bæjarins í byrjun nóvembermánaðar 1947, hafa þá þegar tekið herbergi hér á leigu og farið að vinna við bæjarsímann hér 15. nóvember (á námskeiði fyrstu þrjá mánuðina), og hér hafi hann dvalizt síðan. Kveðst hann jafnan hafa talið lögheimili sitt í Vík í Mýrdal og gera svo enn, enda hafi honum verið gert að greiða þar í hreppi fullt útsvar fyrir árið 1948, er hann hafi að fullu greitt.

Gerðarbeiðandi hefur haldið fast við kröfu sína um lögtak, og lögðu aðiljar atriðið undir úrskurð réttarins.

Samkvæmt framanrituðu er það upplýst, og viðurkennt af gerðarþola, að hann flyzt hingað til bæjarins í nóvember 1947, tekur þá herbergi á leigu hér og hefur dvalizt hér síðan, fyrstu 3 mánuðina við undirbúningsnám vegna væntanlegrar atvinnu sinnar og úr því í fastri atvinnu við bæjarsímann hér. Rétturinn lítur svo á, að enda þótt gerðarþoli hafi á þessum tíma talið lögheimili sitt utan Reykjavíkur, þá sé dvöl hans hér á sama tíma þess eðlis, að hann hafi með henni bakað sér útsvarsskyldu hér umrætt tímabil samkvæmt ákvæðum útsvarslaganna nr. 66 1945 og að umrætt útsvar sé því réttilega lagt á hann hér. Enda er það raunverulegur dvalar- og atvinnustaður manna, er að öllum jafnaði ræður útsvarsskyldu þeirra, en eigi það, hvar þeir kunna að telja lögheimili sitt hverju sinni. Þykir því verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Miðvikudaginn 29. marz 1950.

Nr. 30/1949. **Sigurjón Jónsson** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Jóni Ketilssyni og Guðmundi Ingimundarsyni
(Magnús Thorlacius).

Frávísun frá Hæstarétti. Athafnir áfrýjanda eftir uppkvaðningu héraðsdóms urðu ekki samþýddar áfrýjun málsins síðar.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. janúar 1949 og birtri stefndu 22. s. m., krefst þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefndu.

Stefndu hafa krafizt þess, að máli þessu verði vísað frá Hæstarétti og þeim dæmdur málskostnaður hér fyrir dómi úr hendi áfrýjanda.

Áfrýjandi hefur mótmælt frávísunarkröfunni, og hefur sérstakur málflutningur farið fram um hana samkvæmt 42. gr. laga nr. 112/1935.

Með úrskurði fógeta 16. nóv. 1948 var áfrýjanda gert skylt að rýma leiguíbúð sína hjá stefndu. Málflutningsmaður áfrýjanda í héraði tilkynnti lögmanni stefndu skömmu síðar, að úrskurði þessum mundi verða áfrýjað. Ekki var þó þá hafizt handa um áfrýjun málsins, og fóru stefndu þess þá á leit við fógeta, að úrskurður yrði framkvæmdur. Tilkynnti fógeti síðan áfrýjanda um framkvæmd útburðar, fyrst með bréfi 29. nóv. 1948 og síðar með bréfi 10. janúar 1949, að útburðargerðin færi fram 14. s. m. Er fógeti kom á vettvang þann dag, kom í ljós, að áfrýjandi hafði flutzt úr íbúðinni og afhent öðrum leigutaka í húsi stefndu lykil hennar. Leigutaki þessi hefur staðfest fyrir dómi, að áfrýjandi hafi beðið hann að afhenda öðrum hvorum stefnda lyklana, án nokkurra annarra skilaboða til þeirra. Fékk stefndi Jón Ketilsson síðan lyklana

í sínar hendur, og hefur stefndi Guðmundur Ingimundarson fengið íbúðina til afnota.

Þessi brottflutningur úr húsnæðinu og afhending lyklanna án sannaðs fyrirvara þykir ekki verða samþýddur áfrýjun málsins síðar, og ber því að vísa málinu frá Hæstarétti, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá Hæstarétti.

Málskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 16. nóv. 1948.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 5. þessa mán., hafa gerðarbeiðendur, Jón Ketilsson, Sörlaskjóli 7, og Guðmundur Ingimundarson, Nescamp 12 a, krafizt þess, að gerðarþoli, Sigurjón Jónsson, verði borinn út úr húsnæði því, sem hann hefur undanfarið haft á leigu í húsi gerðarbeiðanda, nr. 104 C við Hverfisgötu.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Allt frá því á árinu 1941 hefur gerðarþoli, Sigurjón Jónsson, haft á leigu íbúð í húsinu nr. 104 C við Hverfisgötu. Ekki hefur verið gerður skriflegur samningur um leiguna, en ákveðin hefur hún verið kr. 125.00 á mánuði, og hefur verið tekin vísitöluuppbót á þá upphæð samkvæmt húsaleiguvísitölu. Þá mun svo hafa verið til ætlazt, að leiga væri greidd mánaðarlega.

Gerðarbeiðendur, Jón Ketilsson og Guðmundur Ingimundarson, eignast húsið í ársbyrjun 1941. Leiga mun hafa verið reglulega greidd fyrstu árin, eftir að þeir urðu húseigendur, en síðar, að því er virðist haustið 1944, hefur gerðarþoli farið að greiða tveggja mánaða leigu í einu, og hafa verið gefnar fyrirvaralausar kvittanir fyrir þeim greiðslum, sjá rskj. 12, 13 og 14. Vorið 1945 fer gerðarþoli að greiða með póstávísunum, sjá rskj. 15, og greiðir þá fyrir 2 mánuði í einu, annan mánuðinn fyrirfram, en hinn eftirá. Gengur þetta svo, allt þar til gerðarbeiðendur vitja ekki póstávísunar, dagsettrar 6. jan. 1948, sjá rskj. 9, sem mun hafa haft að geyma leigu fyrir desember 1947 og janúar 1948. Hörður Ólafsson hdl. ritar gerðarbeiðendum þá bréf og sendir þeim um leið kvittun fyrir depositio í Landsbanka Íslands fyrir upphæð þeirri, er póstávísunin á rskj. 9 hafði að geyma. Tilkynnir hann gerðarbeiðendum einnig, að gerðarþoli muni framvegis skuldajafna við þá kostnaði þeim, sem hann hafi af viðtökutregðu þeirra á framboðinni húsaleigu. Nemi sá kostnaður þegar kr. 155.00. Sjá hér rskj. 2 og 6.

Hinn 19. febrúar s. l. ritar Magnús Thorlacius hrl. gerðarþola, f. h.

gerðarbeiðenda og krefst þess, að leiga verði framvegis greidd á heimili Jóns Ketilssonar, Sörlaskjóli 7, og verði ekki öðrum greiðsluhætti unað. Enn fremur beri honum að greiða þegar í stað leigu fyrir desember 1947, janúar og febrúar 1948. Sjá hér rskj. 3.

Hörður Ólafsson svarar bréfi þessu hinn 19. marz s. l. Segir þar, að gerðarþoli muni að sjálfsögðu framvegis greiða húsaleigu á heimili Jóns Ketilssonar, en hins vegar geti gerðarþoli ekki fallizt á að „greiða með öðrum hætti en tíðkazt hefur undanfarin ár". Sendir Hörður einnig með þessu bréfi ábyrgðarbréfið á rskj. 2 og enn fremur rskj. 6, en þessara bréfa höfðu gerðarbeiðendur ekki vitjað á pósthúsið. Enn fremur kvittun fyrir innborgun, kr. 210.00, inn á reikning Jóns Ketilssonar í Landsbanka Íslands, sjá rskj. 7, og hefur gerðarþoli dregið þar frá, eins og hann hafði áður boðað gerðarbeiðendum, þóknun til Harðar Ólafssonar kr. 155.00.

Hinn 3. maí s. l. deponerar gerðarþoli enn tveggja mánaða leigu, kr. 365.00, í Landsbanka Íslands og sendir gerðarbeiðanda Jóni Ketilssyni kvittun bankans í ábyrgðarbréfi, sjá rskj. 18. Þessa bréfs var ekki vitjað.

Hinn 11. maí s. l. rita gerðarbeiðendur fógetarétti Reykjavíkur og krefjast útburðar á gerðarþola. Skýra þeir svo frá, að þeir hafi ekki viljað sætta sig lengur við hinar óreglulegu póstávísanagreiðslur gerðarþola og af því tilefni hafi bréfið á rskj. 3 orðið til. Þrátt fyrir kröfugerð þá, er í bréfi því felst, og loforð umboðsmanns gerðarþola, Harðar Ólafssonar hdl., um að leiga skyldi greidd á heimili Jóns Ketilssonar, hafi leiga aldrei verið boðin fram á þeim stað, heldur send í póstávísunum og þá greidd fyrir 2 mánuði í einu, eins og sést hér að framan. Þá neita gerðarbeiðendur að hlíta skuldajöfnuði af hálfu gerðarþola og telja honum það til enn frekari vanskila, að hann hafi dregið af húsaleigusendingu, sjá rskj. 7, upp í kostnað þann, sem hann þykist hafa haft af viðtökutregðu gerðarbeiðenda. Gerðarbeiðendur taka fram, að þeir hafi aldrei neitað að taka við leigugreiðslum af gerðarþola persónulega, og hafi hann því ekki þurft að hefja leigugreiðslur með póstávísun þess vegna. Telja þeir í greinargerðinni á rskj. 5, að algert greiðslufall hafi orðið af hendi gerðarþola á húsaleigu frá og með 1. desember 1947.

Gerðarþoli mótmælir framgangi hinnar umbeðnu gerðar. Hann skýrir svo frá, að gerðarbeiðendur hafi fyrst um sinn vitjað húsaleigu til sín, en einhverra orsaka vegna hætt því, og muni það hafa verið á árinu 1944. Sér hafi þá tekizt að koma leigu til þeirra í 2 eða 3 skipti, en þá hafi sér verið tilkynnt, að þeir væru uppi í Borgarfirði. Gerðarþoli kveðst um líkt leyti hafa farið í sumarfrí að Laugarvatni og beðið bróður sinn, Óla Björgvin, að annast um leigugreiðslur fyrir sína hönd. Hafi Óli náð tali af gerðarbeiðendum, en þeir hafi neitað að taka við leigu nema gegn skriflegri skuldbindingu gerðarþola um að rýma húsnæðið þá um haustið. Þessa frásögn hefur Óli Björgvin Jónsson staðfest hér fyrir réttinum. Litlu síðar kveðst gerðarþoli hafa náð tali af gerðarbeiðendum og fengið þá eftir nokkurt þref til að taka við leigu fyrir mánuð þann, sem þá var að líða, og næsta mánuð á eftir fyrirfram. Hafi þetta verið upphaf þessa greiðslumáta, en að lokum hafi sér farið að leiðast þessar sífelldu ferðir

heim til gerðarbeiðenda og farið að greiða leigu með póstávísunum og hafi svo til gengið mestan hluta ársins 1945 og bæði árin 1946 og 1947, ævinlega 1 mánuð fyrirfram og 1 eftirá í einu, svo sem og kvittanir sýni.

Gerðarþoli tekur fram, að Hörður Ólafsson hdl. hafi ekki tilkynnt sér þá ákvörðun, að leigu skyldi framvegis greiða á heimili Jóns Ketilssonar, enda kveður gerðarþoli, að sú ráðstöfun mundi hafa verið sér mjög ógeðfelld, nema á einhvern hátt væri tryggt, að ekki væru farnar þangað sífelldar erindisleysur.

Gerðarþoli hefur allt til þessa haldið áður uppteknum hætti að greiða inn í Landsbanka Íslands tveggja mánaða leigu í einu, nú síðast um s. l. mánaðamót, sjá hér rskj. 18, 19 og 21.

Þá hafa gerðarbeiðendur látið meta leigu eftir hið umdeilda húsnæði, sjá rskj. 23. Er grunnleiga þar metin kr. 90.00 á mánuði. Gerðarþoli hefur gert þá kröfu, að ef svo yrði talið, að hann stæði í einhvers konar leiguvanskilum við gerðarbeiðendur, þá verði ofgreiddri leigu skuldajafnað við vanskilaupphæðina.

Af hálfu gerðarbeiðenda er það aftur á móti fært fram, að útburðarástæðan sé sú, að gerðarþoli hafi, þrátt fyrir loforð lögfræðings síns, látið undir höfuð leggjast að greiða leiguna á heimili Jóns Ketilssonar, en ekki í sjálfu sér, að skort hafi á hinar greiddu upphæðir, nema það, sem gerðarþoli hafi í heimildarleysi dregið frá í eitt skipti, og að framan er getið. Annars er því líka haldið fram, að gerðarbeiðendur hafi ekki fengið viðtökuskírteini Landsbankans fyrir innlögum gerðarþola þangað, og geti því ekki notfært sér þær fjárhæðir. Sé hér því ekki um löglega depositio að ræða.

Það er upplýst í málinu, að Hörður Ólafsson hdl. hefur lofað því f. h. gerðarþola, að leiga skyldi greidd á heimili gerðarbeiðanda Jóns Ketilssonar, Sörlaskjóli 7, en gerðarþoli hefur engu að síður virt það loforð að vettugi, jafnvel eftir að mál þetta er höfðað og gerðarbeiðendur höfðu á ótvíræðan hátt sýnt, að þeir, að fengnu ofangreindu loforði, vildu ekki sætta sig við þenna greiðsluhátt gerðarþola.

Verður því ekki annað fyrir hendi en að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar, en þó þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðenda.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 31. marz 1950.

Nr. 65/1949. **Eyjólfur Sveinsson** (Ragnar Jónsson)
gegn
Borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs
(Tómas Jónsson).

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Hin áfrýjaða lögtaksgerð er framkvæmd af Steindóri Gunnlaugssyni, fulltrúa borgarfógetans í Reykjavík.

Áfrýjandi hefur með stefnu 28. marz 1949, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. s. m., skotið til Hæstaréttar samkvæmt 11. gr. laga nr. 29/1885 lögtaksgerð, framkvæmdri 25. nóv. 1948. Krefst hann þess, að lögtaksgerðin verði felld úr gildi og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að lögtaksgerðin verði staðfest og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Árið 1948 var lagt á áfrýjanda útsvar til Reykjavíkurbæjar að fjárhæð kr. 1500.00. Kærði hann útsvarið til niðurjöfnunarnefndar og krafðist þess, að það væri fellt niður, með því að hann væri ekki heimilisfastur í Reykjavík. Niðurjöfnunarnefnd tók kæruna ekki til greina, og kærði áfrýjandi þá útsvarsálagninguna til yfirskattanefndar og síðar ríkisskattanefndar, en skattayfirvöld þessi töldu áfrýjanda útsvarsskyldan í Reykjavík og úrskurðuðu, að útsvarið skyldi standa óbreytt. Á meðan ríkisskattanefnd hafði kæru áfrýjanda til meðferðar, var framkvæmt lögtak það, sem nú er áfrýjað.

Áfrýjandi kveðst hafa búið mörg undanfarin ár, þar á meðal árin 1947 og 1948, á Gillastöðum í Reykhólasveit. Dveljist fjölskylda hans á Gillastöðum og stundi búið, en sjálfur kveðst hann hafa ráðizt úrsmiður til skartgripaverzlunar Jóns Sigmundssonar í Reykjavík árið 1944 eða 1945. Hafi hann þó sett það skilyrði að mega jafnframt stunda bú sitt. Síðan hafi hann ýmist dvalizt vestra að búi sínu eða hér í bæ við iðn sína. Starfskjör sín hér kveður hann vera þau, að

hann fái ákveðinn hundraðshluta af greiðslum fyrir úrviðgerðir, sem hann framkvæmir. Telur hann lögheimili sitt hafa verið á Gillastöðum árin 1947 og 1948, sem hér skipta máli.

Áfrýjandi hefur jafnan verið skráður á manntal í Reykjavík síðan haustið 1944, en þess jafnframt getið, að lögheimili hans væri á Gillastöðum.

Allan þenna tíma, þar á meðal árin 1947 og 1948, hefur hann verið starfsmaður við atvinnustofnun í Reykjavík, og hefur hann ekki þrátt fyrir áskorun stefnda sýnt fram á, að hann hafi verið langdvölum utan Reykjavíkur á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Verður því að telja hann hafa verið útsvarsskyldan í Reykjavík samkvæmt 8. gr. laga nr. 66/1945, er á hann var lagt útsvar það, sem í þessu máli getur. Ber samkvæmt þessu að staðfesta hina áfrýjuðu lögtaksgerð.

Eftir þessari niðurstöðu þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 600.00.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða lögtaksgerð á að vera óröskuð.

Áfrýjandi, Eyjólfur Sveinsson, greiði stefnda, borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 600.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Réttarhald í fógetarétti Reykjavíkur 25. nóv. 1948.

Fyrir var tekið eftir beiðni bæjargjaldkera Reykjavíkur, en á ábyrgð bæjarsjóðs:

að gera lögtak hjá Eyjólfi Sveinssyni til tryggingar ógoldnu útsvari til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir ár 1948, kr. 1500.00 auk dráttarvaxta, kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Gerðarþoli er sjálfur mættur í réttinum, og skoraði fógeti á hann að greiða umkrafið gjald, en hann kveðst eigi geta greitt.

Skoraði fógeti þá á gerðarþola að benda á eignir til uppskriftar og lögtaks og bryndi fyrir honum að segja satt og hverju það varðaði að lögum að skýra rangt frá fyrir rétti.

Áður en uppskriftin byrjaði, unnu vottarnir svohljóðandi heit.

Við undirritaðir, sem höfum verið kvaddir til þess að vera vottar og virðingarmenn við fógetagerð þessa, heitum því að viðlögðum drengskap okkar að vinna þetta verk eftir beztu samvizku og þekkingu.

Síðan voru eftir tilvísun mætta eftirtaldir munir skrifaðir upp og virtir þannig:

1 útvarpstæki kr. 250.00. Fleira ekki til.

Lýsti fógeti þá yfir því, að hann gerði lögtak í ofangreindum eignum gerðarþola til tryggingar framangreindri útsvarsskuld auk dráttarvaxta og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi, allt að geymdum betra rétti sérhvers þriðja manns.

Brýndi fógeti þá fyrir gerðarþola, að eigi mætti ráðstafa hinu lögtekna á nokkurn hátt, er færi í bág við gerð þessa, að viðlagðri hegningarábyrgð.

Gerðinni, sem að nokkru reyndist árangurslaus, lokið.

Föstudaginn 31. marz 1950.

Nr. 150/1949. **Ákæruvaldið** (Kristján Guðlaugsson)
gegn
Skarphéðni Jónssyni (Hermann Jónsson).

Ólögleg áfengissala.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa vitnin Sigurður Breiðfjörð Þorbjörnsson og Ásmundur Magnússon komið fyrir dóm og skýrt frá því, að þeir hafi fullvissað sig um, að bifreið sú, sem í máli þessu greinir, hafi verið merkt einkennistölunni R 3455. Kveðast vitnin hafa ritað upp einkennistölu bifreiðarinnar, þegar er þeir höfðu keypt áfengisflöskuna af bifreiðarstjóranum. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms um aðdraganda og atvik að áfengiskaupunum þykir mega staðfesta hann.

Samkvæmt þessu ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Skarphéðinn Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Hermanns Jónssonar, kr. 700.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 20. desember 1948.

Ár 1948, mánudaginn 20. desember, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Loga Einarssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5964/1948: Valdstjórnin gegn Skarphéðni Jónssyni, sem tekið var til dóms hinn 24. nóvember s. á.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Skarphéðni Jónssyni bifreiðarstjóra, til heimilis að Stórholti 45, hér í bæ, til refsingar og málskostnaðargreiðslu fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 16. febrúar 1907 að Þingvöllum, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1929 9/7 Sátt: sekt 40 kr. fyrir brot á bifreiðalögunum.
1931 9/1 Áminning fyrir afturljósleysi á bifreið.
1931 23/5 Sátt: sekt 5 kr. fyrir brot á samþykkt um bifreiðastæði.
1931 27/9 Áminning fyrir sams konar brot.
1938 28/3 Sátt: 20 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.
1938 30/9 Sátt: 40 kr. sekt fyrir ógætilegan og of hraðan akstur.
1938 2/11 Áminning fyrir afturljósleysi á bifreið.
1939 6/11 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 20 mánaða betrunarhúsvinna fyrir þjófnað og svik.
1945 12/9 Sátt: 50 kr. sekt fyrir brot gegn 18. gr. áfengislaganna og 7. og 4. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1946 10/3 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1948 16/3 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 1500 kr. sekt fyrir brot gegn 15. gr. sbr. 33. gr. áfengislaganna. (Mál nr. 1394/48).

Skal nú greint frá málavöxtum samkvæmt því, sem upplýst er í máli þessu:

Sunnudagskvöldið 19. september s. l. kveðast vitnin Sigurður Breiðfjörð Þorbjörnsson sjómaður, til heimilis að Ægissíðu 109 hér í bæ, og Ásmundur Magnússon verkamaður, Óðinsgötu 32, sem bæði hafa unnið eið að framburðum sínum, hafa keypt eina flösku af brennivíni fyrir kr. 90.00 að þeim báðum ásjáandi af bifreiðarstjóranum á bifreiðinni R 3455, sem upplýst er, að ákærði hafi ekið umrætt kvöld. Bæði segja vitnin, að tveir

piltar hafi setið í aftursæti bifreiðarinnar og tekið áfengisflöskuna úr því eftir beiðni bifreiðarstjórans, sem þau könnuðust þó eigi við, er samprófun kærða og vitna fór fram hér í réttinum.

Kærði hefur eindregið neitað því að hafa selt vitnunum áfengi, enda kannast hann ekki við þau, og ekki selt áfengi, eftir að hann tók að aka greindri bifreið.

Þrátt fyrir neitun kærða á nefndri áfengissölu er talið sannað, að hann hafi í nefnt skipti selt framangreindum vitnum eina flösku af brennivíni, enda hefur hann áður gerzt sekur um áfengissölu og vitað er, að hún hefur í stórum stíl farið fram meðal bifreiðarstjóra.

Þykir kærði því hafa gerzt brotlegur við 15. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935. Samkvæmt 33. gr. nefndra laga og með hliðsjón af lögum nr. 14 8. marz 1948 um ákvörðun fésekta þykir refsing hans hæfilega ákveðin 5000.00 króna sekt til Menningarsjóðs. Afplánist hún með varðhaldi í 70 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans hér við réttinn, héraðsdómslögmanns Gunnars Jónssonar, kr. 200.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði, Skarphéðinn Jónsson, greiði 5000.00 kr. sekt til Menningarsjóðs, er afplánist með varðhaldi í 70 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans hér við réttinn, héraðsdómslögmanns Gunnars Jónssonar, kr. 200.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. apríl 1950.

Nr. 2/1950. **Guðlaugur Ásgeirsson** (sjálfur)
gegn
Hannesi Ágústssyni og gagnsök
(Sigurgeir Sigurjónsson).

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar þ. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði dóm-

ur verði ómerktur, að málinu verði vísað frá héraðsdómi og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem skotið hefur málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. janúar þ. á., krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur maður að nafni Kristján Guðmundur Sigurmundsson framkvæmdarstjóri komið fyrir dóm og borið vætti þess efnis, að hann og aðaláfrýjandi hafi átt ýmis skuldaskipti saman og hafi aðaláfrýjandi til lúkningar þeim ritað samþykki sitt á „víxil" þann, sem í máli þessu greinir, en Kristján Guðmundur hafi ritað hann til ráðstöfunar útgefanda, þó svo, að nafn útgefanda var óritað. Síðan ritaði Kristján Guðmundur á bak „víxilsins" um afborgun af hendi aðaláfrýjanda. Rétt sinn samkvæmt víxilblaðinu framseldi Kristján Guðmundur seinna gagnáfrýjanda þessa máls, sem ritaði nafn sitt sem útgefandi víxilsins og höfðaði víxilmál þetta.

Aðaláfrýjandi hefur hér fyrir dómi viðurkennt fjárhæð víxilsins réttmæta skuld á hendur sér. Hins vegar telur hann, að sú meðferð víxileyðublaðsins, sem að framan er lýst, geti ekki skapað lögmætan víxil og að heimild hafi því brostið til að innheimta skuldina í víxilmáli, en þetta leiði til ómerkingar hins áfrýjaða dóms og frávísunar víxilmálsins frá héraðsdómi.

Gagnáfrýjandi mótmælir því, að þessi vörn aðaláfrýjanda komi til álita í Hæstarétti, þar sem aðaláfrýjandi hafi komið fyrir dóm í héraði án þess að hreyfa andmælum. Í öðru lagi heldur gagnáfrýjandi því fram, að vörn þessi sé ónýt að lögum.

Skilyrði þess, að mál verði rekið að hætti víxilmála, er, að málið sé risið af víxli, og skulu dómstólar sjálfkrafa gæta þess skilyrðis, sbr. 207. gr. laga nr. 85/1936. Er því rétt að taka vörn aðaláfrýjanda til efnismeðferðar. Í ritun samþykkis á nefnt víxileyðublað fólst af hendi aðaláfrýjanda heimild til handa Kristjáni Guðmundi og þeim, sem hann kynni að framselja rétt sinn, til að rita nafn útgefanda og neyta víxil-

réttar á hendur aðaláfrýjanda sem samþykkjanda. Þenna rétt öðlaðist gagnáfrýjandi samkvæmt framsali frá Kristjáni Guðmundi, og hefur hann ekki misfarið með þann rétt.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, verður að telja, að mál þetta hafi verið höfðað til greiðslu víxils og það hafi því réttilega sætt meðferð samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 700.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Guðlaugur Ásgeirsson, greiði gagnáfrýjanda, Hannesi Ágústssyni, kr. 700.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. desember 1949.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 22. f. m. af Hannesi Ágústssyni, Holtsgötu 34, hér í bæ, gegn Guðlaugi Ásgeirssyni, Lækjargötu 8, hér í bænum, til greiðslu víxils upphaflega að fjárhæð kr. 21900, nú að eftirstöðvum krónur 18119.00, útgefins 30. janúar 1948 af stefnanda og samþykkts af stefnda til greiðslu í Búnaðarbankanum hér í bæ 27. febr. 1948.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér eftirstöðvar víxilsins, kr. 18119.00, með 6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 27. apríl 1948 til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur látið sækja þing, en engum andmælum hreyft gegn dómkröfum stefnanda. Verða þær því teknar til greina, þar sem stefnandi hefur lagt fram frumrit víxilsins.

Málskostnaður ákveðst kr. 2047.00.

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Guðlaugur Ásgeirsson, greiði stefnandanum, Hannesi Ágústssyni, kr. 18119.00 með 6% ársvöxtum frá 27. apríl 1948 til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun og kr. 2047.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. apríl 1950.

Nr. 34/1949. **Ákæruvaldið** (Hermann Jónsson)
gegn
Benjamín Ólafssyni (Gunnar J. Möller).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Um lögmæti laxveiðilagnar á leirusvæði ár.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Eftir úrskurði Hæstaréttar 21. maí 1949 hefur mat gengið um það samkvæmt 84. gr. laga nr. 112/1941, hvort lögn ákærða, er í málinu greinir, teljist vera í kvísl, sbr. 1. og 34. gr. nefndra laga.

Í lögum nr. 61/1932 um lax- og silungsveiði var orðið kvísl í 33. gr. laganna eigi skýrgreint sérstaklega. En í frumvarpi til laga um breytingar á nefndum lögum, sem borið var fram á Alþingi 1936, var tekin upp skýrgreining á orði þessu. Neðri deild Alþingis fékk frumvarpið fyrst til meðferðar. Var frumvarpið afgreitt þaðan til efri deildar með svohljóðandi skýrgreiningu á kvísl: „Þar sem á fellur ekki í einu lagi, heldur skiptist um kletta, hólma eða sandeyrar, sem eru upp úr, þegar vatnsborð er lægst.“ Efri deild samþykkti ákvæði þetta með þeirri breytingu, að í stað orðanna „þegar vatnsborð er lægst“ skyldi koma „að staðaldri“. Þegar frumvarpið var lagt fyrir neðri deild af nýju, hafði láðst að fella úr því orðin „þegar vatnsborð er lægst“, er orðin „að staðaldri“ voru felld inn í það. Er málið kom til afgreiðslu í deildinni, var lýsing frumvarpsins á kvísl því orðuð svo: „Þar sem á fellur ekki í einu lagi, heldur skiptist um kletta, hólma eða sandeyrar, sem eru upp úr, þegar vatnsborð er lægst að staðaldri“. Þannig var frumvarpið samþykkt í neðri deild og síðan staðfest og birt sem lög nr. 79/1936.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, hafa yfirmatsmenn réttilega litið svo á, að framangreind skýrgreining á kvísl, sem

síðar var tekin upp í lög nr. 112/1941, hafi ekki orðið til á stjórnskipulegan hátt. Þar sem ákvæðið af þessum sökum hefur eigi lagagildi, hafa yfirmatsmenn skýrgreint orðið kvísl með hliðsjón af þeim sjónarmiðum, sem liggja til grundvallar 34. gr. laga nr. 112/1941 og öðrum gildandi ákvæðum sömu laga, svo og með hliðsjón af eðli málsins. Er niðurstaða þeirra sú, að rennsli þau á leirusvæði Hvítár, þar sem ákærði hafði lagnir þær, sem í málinu greinir, séu álar, en ekki kvíslar í merkingu laxveiðilaganna. Ákvæði 34. gr. laganna koma því ekki til greina um úrlausn máls þessa.

Lögn ákærða, sem saksóknin tekur til, var í ál á leirusvæði Hvítár, fjarri bökkum hennar. Lengd lagnarinnar sjálfrar var um 20 metrar, en fjarlægðin frá norðurbakka Hvítár að norðlægari enda lagnarinnar var talin 820 metrar. Af hálfu ákæruvalds er því haldið fram, að samkvæmt ákvæðum 31. gr. laga nr. 112/1941 skuli lengd veiðivélar í á teljast frá árbakka út til fjarlægari enda veiðivélar, hvort sem hún er landföst eða ekki. Samkvæmt þessu reiknist lögn ákærða 840 metra löng, og þar sem hún var innan fimmfaldrar þeirrar lengdar frá veiðivélum ofar og neðar á veiðisvæðinu, hafi hún verið ólögleg. En eigi þykir heimilt, eins og hér stendur á, að skýra 31. gr. laxveiðilaganna svo, að telja skuli fjarlægð veiðivélar frá árbakka til lengdar hennar. Heldur ber að miða einungis við lengd veiðivélarinnar sjálfrar, og var hún þá ekki of nálægt öðrum veiðivélum. Ber því að sýkna ákærða.

Samkvæmt framangreindu verður héraðsdómurinn staðfestur að niðurstöðu til og allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar dæmdur á hendur ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1400.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Hermanns Jónssonar og Gunnars J. Möllers, kr. 1400.00 til hvors.

Dómur lögregluréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 25. október 1948.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Benjamín Ólafssyni, bónda í Holti í Borgarhreppi, fæddum 28. október 1901, fyrir meint brot gegn laxveiðilögunum nr. 112 frá 19. okt. 1941.

Tildrög málsins eru þau, að með kæru 12. júní 1948 kærði eftirlitsmaður með laxveiði á veiðisvæði Hvítár í Borgarfirði, Gestur Kristjánsson í Borgarnesi, yfir því, að kærði hefði brotið 31. gr. laxveiðilaganna með því að leggja laxveiðilögn fyrir landi sínu á leirusvæði Hvítár, er mælzt hefði 840 metrar á lengd, er hún var mæld frá bakka árinnar, og væri því nær öðrum lögnum á leirusvæðinu en heimilað er í fyrrgreindri lagagrein.

Veiðieftirlitsmaðurinn skýrði frá því, að hann hefði, frá því að hann hóf veiðieftirlit sitt árið 1937, mælt laxveiðilagnir í Hvítá og gætt þess, að þær næðu eigi lengra út í á eða væru nær hver annarri en lög heimiluðu. En þá hafi hann haft það fyrir reglu að mæla aðeins lengd lagnarinnar sjálfrar, en eigi með fjarlægð þeirra frá árbakka. Hann kveðst síðar hafa orðið þess var, að sumir töldu, að mæla ætti lagnir allar frá bakka árinnar, og þá skrifað Pálma Hannessyni, formanni veiðimálanefndar, og spurt hann um álit hans á því, hvernig mæla bæri lagnir á leirusvæði Hvítár. Svaraði Pálmi honum með bréfi, dags. 8. maí 1939, og lýsti því sem sinni skoðun, að mæla bæri lagnir frá árbakka að ytri enda lagnar. En eigi breytti hann um aðferð við mælingu þrátt fyrir þetta svar Pálma.

En á s.l. vori fékk hann fyrirmæli frá veiðimálastjóra um að mæla lengd allra lagna frá árbakka og kæra yfir þeim lögnum, er ólöglegar reyndust með þeirri mælingaraðferð. Taldi hann sig ekki geta mælt lagnir á leirusvæði Hvítár með neinni nákvæmni á þenna hátt með mælisnúru sinni og fór því þess á leit við veiðimálastjóra, að sendur yrði mælingamaður til að mæla lengd lagnanna með þríhyrningamælingum. Kom Björn Bjarnason, mælingamaður frá Búnaðarfélagi Íslands, og mældi nokkrar lagnir á leirusvæðinu. Barst honum svo skýrsla Björns dags. 4. júní þ. á., þar sem hann tilgreinir lengd nokkurra lagna frá Einarsnesi, Bóndhól og Holti, og reyndist þá ein lögn Benjamíns Ólafssonar í Holti 840 metrar á lengd, mæld með þessum hætti. Sendi hann þá samkvæmt fyrirmælum skrifstofustjórans í atvinnumálaráðuneytinu sýslumanni kæru á hendur Benjamín Ólafssyni, svo að úr því fengist skorið, hvernig mæla bæri lagnir á leirusvæðinu.

Kærði hefur krafizt þess, að hann verði sýknaður af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Kveðst hann líta svo á, að enda þótt ákvæði 31. gr. laxveiðilaganna um að mæla skuli lengd lagnar frá árbakka sé eðlilegt, þegar um er að ræða fastar lagnir í á, er liggja út frá árbakka, komi ekki til mála, að því verði beitt um lagnir á leirusvæði, er liggi órafjarri árbakkanum.

Þá bendir hann á, að í 33. gr. laxveiðilaganna frá 1932 hafi verið svo ákveðið, að þar, sem á rennur í kvíslum, skyldi haga svo veiði í kvísl hverri, sem hún væri sjálfstæð á, en árið 1937 hafi lögunum verið breytt þannig, að á eftir orðinu „á“ hafi verið bætt orðunum „eða ós“ í grein

þessa, og sé hún þannig breytt 34. gr. í laxveiðilögunum frá 1941. Telur hann, að breyting þessi hafi einmitt verið gerð með tilliti til leirusvæðis Hvítár, því ljóst hafi verið orðið, að ákvæði 31. gr. um mælingu lagnar frá árbakka gæti eigi staðizt þar.

Jafnframt bendir hann á, að samkvæmt matsgerð þeirra Pálma Hannessonar og Ólafs Sigurðssonar frá 18. apríl 1939 sé ós Hvítár ákveðinn frá Hvítárósi og út að línu, sem liggur fremst úr Kistuhöfða og efst í Einarsnes. En af því telur hann leiða, að haga beri veiði í hverri kvísl árinnar á þessu svæði, svo sem hún væri sjálfstæð á, og þar af leiðandi beri að mæla lengd hverrar lagnar frá bakka þeirrar árkvíslar, er hún liggur í.

Rétturinn verður að líta svo á, að ákvæði 31. gr. laxveiðilaganna um, að mæla skuli lengd hverrar lagnar frá árbakka, sé fyrst og fremst sett með það fyrir augum, að lögn liggi út í á svo að segja beint út frá árbakka. Hagar þá oft svo til, að grynningar eru næst árbakkanum, og gæti þá verið tilhneiging hjá veiðimanni að skilja eftir ógirt svæði næst árbakka til þess að geta teygt girðinguna sem lengst út í ána, en því varnar ákvæðið. En þegar hins vegar er um að ræða lagnir á leirusvæði, er standa órafjarri árbakkanum, kemur þetta sjónarmið ekki til greina, og verður þá eigi séð nein ástæða til að tengja saman lengd girðingarinnar og fjarlægð hennar frá árbakkanum og telja það lagnarlengdina. Verður það og ærið fjarstæðukennt að telja 20 metra langa lögn 840 metra, aðeins af því, að fjarlægð hennar frá árbakka, sem hún á engan hátt styðst við, er 820 metrar.

Þessa fjarstæðukenndu skýringu telur rétturinn enga þörf á að taka til greina í þessu máli, þegar athuguð eru ákvæði 34. gr. laxveiðilaganna.

Þar er svo ákveðið, að er á eða ós rennur í kvíslum, skuli haga svo veiði í hverri kvísl, sem væri hún sjálfstæð á.

Hinn 18. apríl 1939 ákváðu þeir Pálmi Hannesson og Ólafur Sigurðsson, er dómkvaddir höfðu verið af sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu til þess starfs, ós Hvítár. Var úrskurður þeirra á þá leið, að ósinn skuli telja leirusvæðið allt frá eyðibýlinu Hvítárósi út að línu, sem liggur fremst úr Kistuhöfða og efst í Einarsnes.

Verður eigi um það deilt, að veiðisvæði kærða er á því svæði, er úrskurðurinn greinir, að sé ós Hvítár.

Er athugaður er uppdrátturinn á réttarskjali 6, kemur í ljós, að er Hvítá kemur úr sundinu hjá Ölvaldsstaðaklakk og fellur niður um leirusvæðið, rennur hún um það í mörgum kvíslum. Eru höfuðkvíslarnar þrjár: Kvísl með norðurbakka árinnar, miðkvísl og syðstakvísl, er fellur með bakka svonefndrar Stóru-Eyrar. Er lögn kærða sú, er mæld var, í þeirri kvísl. Auk þessara kvísla eru margar smærri kvíslar í ánni á leirusvæðinu, er kljúfa sundur sandeyrarnar milli aðalkvíslanna. Um fjöru eru aðalkvíslarnar þrjár og margar hinna smærri kvísla greinilega afmarkaðar af sandeyrunum, en um flóð fellur sjór yfir allt leirusvæðið, svo kvíslarnar verða eigi aðgreindar.

Verður rétturinn að líta svo á, að hér sé um árkvíslar að ræða samkvæmt skilgreiningu laxveiðilaganna, en af því leiðir, að lengd lagnar

þeirrar, sem kært er yfir, verður að miðast við lengd hennar frá bakka Stóru-Eyrarinnar, er hún liggur frá, og verður hún þá eigi talin ólögleg, hvorki með tilliti til fjarlægðar hennar frá næstu lögnum né breiddar árkvíslar þeirrar, er hún var lögð í.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna kærða af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allan sakarkostnað ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun talsmanns kærða, kr. 600.00.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Benjamín Ólafsson, bóndi í Holti, skal vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur málskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda kærða, Gunnars Möllers hæstaréttarlögmanns, 600 — sex hundruð — krónur.

Mánudaginn 24. apríl 1950.

Nr. 86/1949. **Hrefna Loftsdóttir** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Bjarna Guðmundssyni (Enginn).

Öflun framhaldsskýrslna.

Úrskurður Hæstaréttar.

Stefndi, sem hefur löglega verið birt stefna í málinu, útgefin 16. maí 1949, hefur hvorki sótt né látið sækja þing í þessu máli. Er málið því flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935.

Áður en mál þetta er dæmt í Hæstarétti, þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita áfrýjanda kost á því að afla skýrslna um atriði þau, er nú verða greind.

Áfrýjandi skal eiga þess kost að koma af nýju fyrir fógetadóminn og gera þar að viðlagðri refsiábyrgð samkvæmt 142. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 nákvæma og ýtarlega skýrslu um atriði máls þessa. Einkum skal hún skýra frá fjárviðskiptum sínum við Gestfríði Ólafsdóttur, er í málinu greinir, hversu mikilli fjárhæð hafi numið vinnulaun þau, er

hún skuldaði Gestfríði, fyrir hvaða störf laun þessi séu og á hvaða tíma störfin hafi verið unnin. Þá skal hún og skýra frá, hvort hún hafi tekið við peningagreiðslu frá Gestfríði eða frá Guðjóni Símonarsyni fyrir hönd Gestfríðar og, ef svo hefur verið, fyrir hvað þessar fjárgreiðslur hafi komið. Einnig skal hún greina frá, hvað milli hennar og Gestfríðar hafi farið viðvíkjandi sölu á vélunum til Gestfríðar, hvort rætt hafi verið um söluverð, hvenær greiðsla færi fram og söluskilmála að öðru leyti. Enn skal áfrýjandi spurð um það, hverjar ástæður muni hafa legið til þess, að Gestfríður gerði ráðstafanir til að koma vélunum í geymslu hjá Guðjóni Símonarsyni.

Þá skal áfrýjandi eiga þess kost að láta nefndan Guðjón Símonarson koma sem vitni fyrir fógetadóminn. Skal hann spurður um það, hvort hann hafi séð, að þær 200 krónur, er hann kveðst hafa lánað Gestfríði, hafi runnið til áfrýjanda og, ef svo er, hvort hann eða Gestfríður hafi afhent áfrýjanda þær.

Þá skulu þau áfrýjandi og Guðjón Símonarson samprófuð ýtarlega um þau atriði, er á milli kann að bera í skýrslum þeirra.

Loks skulu leidd í ljós önnur þau atriði, sem framhaldspróf málsins kunna að veita efni til.

Stefnda skal gefinn kostur á að gæta réttar síns við framhaldsprófin.

Ályktarorð:

Áfrýjanda veitist kostur á að afla ofangreindra skýrslna.

Föstudaginn 28. apríl 1950.

Nr. 29/1950. **Guðlaugur Ásgeirsson**
gegn
Sæmundi Þórðarsyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, Guðlaugur Ásgeirsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. maí 1950.

Nr. 26/1950. **Ákæruvaldið** (Kristján Guðlaugsson)
gegn
Ólafi Hólmgeir Pálssyni (Gústaf A. Sveinsson).

Setudómari prof. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Brot á bifreiðalögum.

Dómur Hæstaréttar.

Það er ekki örugglega sannað með vætti vitna, sem rakin eru í héraðsdómi, að ákærði hafi verið með áhrifum áfengis í umrætt skipti, og eigi sker blóðrannsóknin heldur fullkomlega úr um það efni. Verður því að sýkna ákærða af broti á 1. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941 og áfengislögum nr. 33/1935. Hins vegar þykir ljóst, að ákærði hafi verið svo á sig kominn vegna undanfarandi neyzlu áfengis, að akstur hans varði við 3. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941. Svo hefur ákærði og gerzt brotlegur við þær greinar lögreglusamþykktar Reykjavíkur, sem í héraðsdómi segir. Telst refsing ákærða hæfilega ákveðin 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10

daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og greiðslu sakarkostnaðar staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, 400 krónur til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Hólmgeir Pálsson, greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og greiðslu sakarkostnaðar staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Gústafs A. Sveinssonar, 400 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 13. júlí 1949.

Ár 1949, miðvikudaginn 13. júlí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2707/1949: Valdstjórnin gegn Ólafi Hólmgeir Pálssyni.

Mál þetta, er dómtekið var samdægurs, er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ólafi Hólmgeir Pálssyni múrara, til heimilis á Bergstaðastræti 28 A, hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930.

Kærði er fæddur 7. júlí 1926 að Sauðanesi í Torfalækjarhreppi. Hann hefur aldrei, svo að kunnugt sé, sætt kærum eða refsingum áður.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 19. febrúar 1949, kl. 03.00, ók Óskar Friðbjörnsson lögregluþjónn í lögreglubifreið eftir Miklubraut í vesturátt. Á undan lögregluþjóninum er ekið bifreiðinni R 4547. Bifreið þessari var ekið öfugu megin við umferðarhringinn á gatnamótum Snorrabrautar og Miklubraut-

ar. Lögregluþjónninn stöðvaði því nefnda bifreið á Egilsgötu. Undir stýri sat kærði. Þar sem lögregluþjónninn áleit, að kærði væri undir áhrifum áfengis, færði hann kærða á lögreglustöðina til yfirhlýðslu hjá varðstjóra, Jakobi Björnssyni. Kærða var tekið blóð, er í fundust „reducerandi" efni, er samsvara 1.24‰ alkóhóli. Kærði neitaði því, að hann hefði neytt áfengis.

Er kærði mætti fyrir rétti, viðurkenndi hann, að hann hefði fyrr um kvöldið neytt áfengis. Skýrði hann svo frá, að hann hefði um kvöldið verið á Húnvetningahófi á Hótel Borg. Hafði hann drukkið eitt staup af „ákaviti", áður en hann fór í veizluna. Undir borðum drakk hann létt vín og komst undir áfengisáhrif. Borðhaldinu lauk um kl. 22.00. Eftir það neytti hann „whiskys" til kl. 01.00 um nóttina, en þá lauk skemmtuninni. Áfengisáhrifin voru þá þrotin. Hann fór frá Hótel Borg um kl. 01.30. Gekk hann heim til sín. Er þar var komið, var hringt til hans og hann beðinn að koma niður að Edduhúsi við Lindargötu til þess að aka kunningjafólki sínu, er þar hafði verið á skemmtun. Kærði tók því bifreið sína, R 4547, er stóð þarna fyrir utan húsið, og ók niður að Lindargötu. Ók síðan inn í Hlíðarhverfi og var á heimleið, er lögregluþjónninn stöðvaði hann, sem fyrr er greint. Kærði ók öfugu megin við umferðarhringinn sökum ófærðar á götunni.

Kærði hefur haldið fast við það, að hann hafi ekki fundið til áfengisáhrifa við akstur bifreiðarinnar.

Nú skulu raktir vitnaframburðir:

Vitnið Ragnar Hansen var með kærða í hófinu. Það sá kærða neyta áfengis, en ekki sá það vín á kærða. Vitnið fann lítið til áfengisáhrifa.

Bróðir kærða, vitnið Gísli Guðmundur Pálsson, var og í hófinu. Vitnið sá kærða neyta víns, en gat ekki merkt áfengisáhrif í fari hans.

Vitnið Jakob Björnsson varðstjóri gat ekki séð merki áfengisáhrifa í fari kærða.

Vitnið Óskar Friðbjörnsson lögregluþjónn segir kærða hafa verið undir áhrifum áfengis. Byggir vitnið það á vínlykt, er lagði úr vitum kærða, og því, að kærði var óeðlilega loðmæltur, rauður í andliti og með gljáa í augum.

Vitnið Einar Halldórsson lögregluþjónn hefur borið, að kærði hafi komið sér svo fyrir sjónir, að hann væri undir áhrifum áfengis. Kærði var þrútinn í andliti með gljáa í augum og frekar loð- og linmæltur.

Vitnið Hannes Þórólfsson lögregluþjónn hefur borið, að kærði hafi eitthvað verið undir áhrifum áfengis. Óeðlilegur gljái var í augum og andlitið þrútið.

Síðastgreind þrjú vitni hafa staðfest framburði sína með eiði.

Rétturinn lítur svo á, að með hinum eiðfesta framburði vitnanna Óskars Friðbjörnssonar, Einars Halldórssonar og Hannesar Þórólfssonar, sem er í samræmi við niðurstöðu blóðrannsóknarinnar, sé fengin sönnun þess, að kærði hafi ekið bifreið sinni undir áhrifum áfengis umrætt skipti. Framburður kærða sjálfs um áfengisneyzlu sína og áfengisáhrif í hófinu bendir og til þess, að áfengisáhrifin hafi eigi verið þrotin. er kærði tekur til að

aka, því að fremur stutt stund líður frá því, að hann hætti drykkju, og þar til hann tók til að aka.

Kærði hefur því samkvæmt þessu gerzt sekur um brot gegn 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33 frá 1935 og 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941. Með því að aka öfugt við umferðarhringinn hefur kærði brotið gegn 30. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 frá 1930.

Refsing kærða þykir hæfilega ákveðin varðhald 10 daga.

Kærða ber að svipta ökuleyfi sínu samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga og 21. gr. áfengislaga, 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Loks ber að dæma kærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Páls S. Pálssonar hdl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 250.00.

Talsmaður kærða hefur gert í vörn sinni grein fyrir drætti þeim, sem orðið hefur á því, að hann skilaði vörn á réttum tíma. Að öðru leyti hefur málið verið rekið vítalaust.

Dómsorð:

Kærði, Ólafur Hólmgeir Pálsson, sæti varðhaldi 10 daga.

Kærði er sviptur ökuleyfi sínu 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Páls S. Pálssonar hdl., að upphæð kr. 250.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. maí 1950.

Nr. 148/1948. **Ákæruvaldið** (Ragnar Jónsson)
gegn
Friðrik Bertelsen (Lárus Jóhannesson).

Brot gegn verðlagslöggjöf og gjaldeyrislöggjöf.

Dómur Hæstaréttar.

Í héraði var mál þetta höfðað gegn ákærða ásamt tveimur öðrum mönnum, og gekk dómur í máli þeirra 26. október 1948. Hefur málinu nú verið áfrýjað til Hæstaréttar aðeins að því er varðar ákærða Friðrik Bertelsen.

Í málinu er það komið fram, að firmað Block International Corporation hefur samkvæmt samningi við firmað Friðrik Bertelsen & Co. h/f tekið 5% þóknun sjálfu sér til handa af

andvirði vara, er það útvegaði síðarnefndu firma, og voru þessi 5% talin með í kaupverði vörunnar. Sækjandi máls þessa hefur haldið því fram hér fyrir dómi, að umrædd 5% hafi verið þóknun, greidd af firmanu Friðrik Bertelsen & Co. h/f, fyrir útvegun vöru, og verði að telja, að þar með hafi verið notuð þau 5%, sem verðlagsyfirvöld heimiluðu að leggja á vöru vegna kostnaðar af dvöl umboðsmanns í Bandaríkjunum. Af þessu telur sækjandi leiða, að ólögleg álagning á vöruna hafi verið sem þessu svarar hærri en í héraðsdómi er talið. Héraðsdómari hefur ekki dæmt þetta atriði, og verður það þá ekki heldur dæmt í Hæstarétti í þessu máli.

Ákærði hefur haldið því fram, að firma hans hafi haft einkaumboð hér á landi fyrir firmun Block International Corporation, Popper & Klein Inc. og Union Stove Works Inc. Hafi samkvæmt gamalli verzlunarvenju ekki verið skylt að draga umboðslaun, sem slíkum einkaumboðum fylgja, frá verði vörunnar, áður en verzlunarálagning er á hana lögð, enda eigi slík umboðslaun ekki skylt við þá 5% álagningu, sem heimiluð er í reglum verðlagsyfirvalda frá 11. marz 1943. Að því er fyrst varðar firmað Block International Corporation, þá aðstoðaði það firmað Friðrik Bertelsen & Co. h/f almennt um vöruinnkaup í Bandaríkjunum, og var því samband þessara firma annars eðlis en gerist milli verzlunarfyrirtækis og einkaumboðsmanns þess. Og að því er tekur til firmanna Popper & Klein Inc. og Union Stove Works Inc., þá bar ákærði ekki undir verðlagsyfirvöld, hvort honum væri heimilt að reikna umboðslaun frá þeim með í verði varanna. En þegar litið er til þess, hversu hár var sá hundraðshluti vöruverðs, sem talinn er vera umboðslaun, þá verður ekki álitið, að verðlagsreglur um einkaumboð komi hér til greina.

Ákærði telur sig hafa haft heimild til ráðstöfunar á umboðslaunum og skírskotar í því efni til samtals, er hann kvaðst hafa átt við nafngreindan mann í nefnd þeirri, er fór með gjaldeyrismál. Eftir skýrslu ákærða hefur samtal þetta átt sér stað í árslok 1942 eða í ársbyrjun 1943, og því áður en settar voru reglur 11. marz 1943 um 5% álagningu á vöru vegna kostnaðar af dvöl umboðsmanns í Bandaríkjunum. Þegar af þessari ástæðu skiptir þetta engu máli um sök ákærða.

Með skírskotun til framanskráðra athugasemda og að öðru leyti til raka héraðsdóms hefur ákærði gerzt sekur við refsiákvæði þau, sem í héraðsdómi greinir. Hins vegar þykir ekki nægilega leitt í ljós, að ákærði hafi með framlagningu rangra innkaupareikninga gerzt sekur við ákvæði 146. eða 147. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin kr. 65000.00 sekt í ríkissjóð, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku ólöglegs ágóða og greiðslu sakarkostnaðar í héraði, að því er ákærða varðar, eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Friðrik Bertelsen, greiði kr. 65000.00 sekt í ríkissjóð, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku ólöglegs ágóða úr hendi firmans Friðriks Bertelsen & Co. h/f svo og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði, að því er ákærða varðar, eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Jónssonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 3000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 26. október 1948.

Ár 1948, þriðjudaginn 26. október, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3593—3597/1946: Réttvísin og valdstjórnin gegn Friðrik Bertelsen, ... sem tekið var til dóms 25. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn

Friðrik Bertelsen stórkaupmanni, Bergstaðastræti 84, ... fyrir brot gegn XV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, lögum um verðlag nr. 3 1943, sbr. nú lög nr. 70 1947, og reglugerð nr. 82 1947, sbr. einnig verðlagningarreglur frá 11. marz og 6. október 1943, svo og fyrir brot gegn lögum nr. 1 1943, sbr. reglugerð nr. 77 1943, sbr. nú lög nr. 70 1947 og reglugerð nr. 82 1947, og er málið höfðað til refsingar, málskostnaðargreiðslu og upptöku ólöglegs ágóða úr hendi Friðriks Bertelsen & Co. h.f.

Ákærði Friðrik Bertelsen er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 12. október 1910. Hinn 25. júní 1941 var hann dæmdur í 500 króna sekt fyrir brot gegn húsaleigulögunum.

Stórsöluverzlunin Friðrik Bertelsen & Co. h/f var skráð í hlutafélagaskrá Reykjavíkur 19. nóvember 1938. Var ákærði Friðrik þá þegar formaður stjórnar félagsins, og það hefur hann verið síðan og jafnframt framkvæmdastjóri félagsins og aðaleigandi hlutafjár þess. ....

Með bréfi dagsettu 15. janúar 1945 kærði verðlagsstjóri nefnt félag fyrir verðlagsbrot. Er kæran fyrst og fremst þess efnis, að félagið hafi selt vörur of háu verði, en einnig er þar látinn í ljós grunur um, að félagið hafi lagt fyrir verðlagseftirlitið skjöl, sem sögð hafa verið frumreikningar, en ástæða virðist til að efast um, að séu það, og loks grunur um, að félagið hafi samið um það við erlenda seljendur vara, að telja söluverð varanna hærra í vörureikningum en það var í raun og veru. Um tvö hin síðarnefndu kæruatriði skal þess strax getið, að þeim er báðum eindregið neitað af ákærða, og ekkert hefur fram komið, sem þeim sé til sönnunar, og þykir eigi ástæða til að geta þeirra nánar.

Rannsókn hófst í málinu 19. janúar 1945, og hinn 27. s. m. var löggiltum endurskoðanda, Ragnari hæstaréttarlögmanni Ólafssyni, falin rannsókn bóka og skjala félagsins til upplýsingar málinu.

Í marz 1942 sendi félagið einn starfsmanna sinna, Stefán Wathne, til New York til að greiða fyrir viðskiptum félagsins þar í landi. Starf hans þar var í því fólgið að leita verzlunarsambanda fyrir félagið, kaupa fyrir það vörur og annast sendingu þeirra hingað til lands. Hann dvaldist vestanhafs í þágu félagsins þar til í júlí 1945, að hann fluttist aftur hingað. Nokkru eftir komu sína til New York komst hann í samband við verzlun þar í borg, Block International Corporation, sem leiddi til mikilla vörukaupa félagsins hjá verzlun þessari. Stefán var um skeið mjög á vegum verzlunar þessarar og annaðist hjá henni vöruval fyrir félagið. Meðan félagið átti viðskiptin við verzlun þessa, skipti það einnig við aðrar amerískar verzlanir, en yfirgnæfandi mest við þessa. Verður og að telja af framburði ákærða Friðriks og vitnisins Stefáns Wathne og af skjölum, sem fyrir liggja, að félagið hafi verið einkaumboðsmaður hér á landi fyrir verzlun þessa. Af öllum vörukaupum sínum af verzlun þessari fékk félagið 7% umboðslaun. Umboðslauna þessara var eigi getið í vörureikningunum, heldur talin þar með vöruverðinu ósundurliðað. Við greiðslu varanna voru þau tekin frá og færð félaginu til tekna hjá verzluninni og söfnuðust þar fyrir í dollurum félaginu til ráðstöfunar. Á þetta verð voru

svo lögð hér 5% vegna umboðsmanns félagsins vestanhafs, samkvæmt verðlagningarreglunum frá 11. marz og 6. október 1943. Á því er eigi vafi, að félaginu var heimilt að leggja 5% á vörurnar vegna umboðsmannsins, en af verðlagsstjóra hálfu er því haldið fram, að hærri umboðslaun hafi eigi mátt teljast með kostnaðarverði varanna án samþykkis verðlagsyfirvaldanna. Hafi því 2% umboðslaunanna frá Block International Corporation og 5%-in, sem lögð voru á hér, verið óheimil álagning. Endurskoðandinn hefur fundið, hverri upphæð þessir hundraðshlutar nema, og er hún kr. 110169.07, og er hún af félagsins hálfu viðurkennd tölulega rétt fundin. Af félagsins hálfu er því haldið fram, að því hafi samkvæmt verzlunarvenju verið heimilt að taka við nefndum umboðslaunum án tillits til 5% álagningarinnar hér vegna umboðsmannsins.

Leitað hefur verið álits viðskiptaráðs um, hvaða umboðslaun verðlagseftirlitið hafi heimilað að reikna í söluverði vöru. Svar ráðsins er á þá lund, að það hafi leyft að bæta 5% umboðslaunum við vöruverð vegna umboðsmanna erlendis, að fullnægðum vissum skilyrðum, en öðrum umboðslaunum eigi, þar sem slíkt mundi opna leiðir til að sniðganga verðlagsákvæðin og í raun og veru gera ókleift að hafa hemil á vöruverði og álagningu. Í einu tilfelli segir ráðið verðlagseftirlitið þó hafa heimilað, að fengin umboðslaun væru ekki skoðuð sem hluti af álagningu, og segir svo um þetta í bréfi ráðsins.

„Þegar innflytjandi hefur einkaumboð fyrir erlendan seljanda, sem selur ýmsum innflytjendum og greiðir einkaumboðsmanninum umboðslaun af öllum viðskiptum við umboðssvæðið, hefur honum verið heimilað að reikna umboðslaun af þeirri vöru, sem hann selur sjálfur, í verði hennar. Þótt þetta sé heimilað, verður varan ekki dýrari hjá honum en hún er hjá öðrum, sem kaupa hana frá seljandanum, og væri honum bannað að taka tillit til þeirra í verðinu, væri verið að skylda hann til að selja ódýrara en aðrir innflytjendur sömu vöru geta, en það hefur ekki verið talið sanngjarnt. Þetta ber þó ekki að skilja svo, að innflytjanda, sem hefur einkaumboð fyrir erlendan seljanda, hafi ávallt verið heimilt að reikna fengin umboðslaun í verði sínu.

Verðlagseftirlitið getur að sjálfsögðu ekki viðurkennt almennan rétt til slíks, enda væri það óheimilt. Það getur einungis viðurkennt þau umboðslaun, sem því hefur verið skýrt frá og það samþykkt, að það hefur einungis leyft að reikna umboðslaun í þeim tilfellum, er hlutaðeigandi hefur sýnt fram á, að þau hafi ekki hækkað verð vörunnar."

Sé aðgætt, hvort félagið hafi fullnægt þeim skilyrðum, sem ráðið telur þurfa til, að umboðslaunin megi telja sem hluta af söluverði vöru, verður það fyrst fyrir, að félagið verður að teljast hafa verið einkaumboðsmaður Block International Corporation hér á landi. Hins vegar voru viðskipti félagsins við verzlun þessa nær eingöngu eigin vörukaup, en eigi umboðsverzlun. Var umboðsverzlun þessi svo hverfandi lítil í samanburði við vörukaup félagsins sjálfs, að hún þykir eigi geta réttlætt töku umboðslaunanna. Þar við bætist, að félagið hefur eigi fullnægt því skilyrði, sem ráðið telur þurfa til, að reikna megi umboðslaunin með í söluverðinu, að

skýra verðlagseftirlitinu frá þeim og fá þau samþykkt sem hluta vöruverðsins. Hefur félagið því eigi fullnægt þeim skilyrðum, sem í nefndu áliti ráðsins eru greind. Í verðlagningarreglum frá 11. marz og 6. október 1943 er eigi leyft að telja afslátt eða umboðslaun sem þau, er hér um ræðir, með í innkaupsverði vöru, og þó að því sé mjög eindregið haldið fram af félagsins hálfu, að taka umboðslaunanna helgist af almennri verzlunarvenju, verður eigi litið svo á, m. a. með tilliti til framannefnds álits viðskiptaráðs. Þykir því verða að líta svo á, að félagið hafi með því að telja umboðslaunin með í innkaupsverði vörunnar brotið í bága við nýnefndar verðlagningarreglur, sbr. 9. gr., 2. mgr., verðlagslaganna nr. 3 13. febrúar 1943, sbr. nú 22. gr., 2. mgr., laga nr. 70 5. júní 1947 og 39. gr., 2. mgr., rgj. nr. 82 1947.

Á tímabilinu frá 11. marz 1943 og fram í ársbyrjun 1945 flutti félagið inn vörur frá ýmsum öðrum bandarískum verzlunum og tók við frá sumum þeirra umboðslaunum á sama hátt og frá Block International Corporation. Fyrir tvær þessara verzlana kveðst félagið hafa haft einkaumboð hér á landi, en eigi hinar. Ljóst er, að félaginu var óheimilt samkvæmt nefndum verðlagningarreglum að telja umboðslaunin með í söluverði varanna frá þeim verzlunum, sem það hafði ekki umboð fyrir, og eigi var því það heldur heimilt um vörurnar frá hinum verzlununum, þar eð það hafði eigi skýrt verðlagsyfirvöldum frá umboðslaununum og eigi fengið samþykki þeirra fyrir að telja þau með í söluverði varanna. Varðar þetta atferli við sömu ákvæði laga og greind eru að framan um umboðslaunin frá Block International. Samkvæmt skýrslu endurskoðandans, sem félagið hefur viðurkennt tölulega rétta, nemur upphæð hinna ólöglegu umboðslauna samkvæmt þessum lið kr. 24197.85.

Þegar viðskipti félagsins við Block International Corporation höfðu staðið alllengi, var umboðsmaður þess, áðurnefndur Stefán Wathne, ónánægður með þau og vildi fá bækistöð hjá einhverju öðru fyrirtæki. Hann frétti þá um mann einn í New York, David Coe að nafni, sem er útflutningsstjóri fyrir nokkrar amerískar stórverzlanir, en á þessum tíma stóð svo á vegna stríðsins, að verksmiðjur þær, sem hann vann fyrir, gátu eigi afgreitt vörur, svo að hann hafði ekki nægilegt starf fyrir skrifstofulið sitt, sem hann vildi þó ógjarnan segja upp starfi. Stefán komst í samband við mann þenna, og tókust með þeim samningar um, að Stefán fengi til afnota eitt herbergi af skrifstofum hans og einnig afnot af starfsliði hans og skrifstofugögnum. Fyrir þetta greiddi hann 300.00 dollara á mánuði. Meðan Stefán var í sambandi við mann þenna, keypti hann sumar vörur fyrir félagsins hönd fyrir milligöngu og með aðstoð Coes samkvæmt frumvörureikningum frá viðkomandi verksmiðjum, en fékk jafnframt kostnaðarreikning Coes, þar sem fram kom sú þóknun, er Coe tók fyrir útvegun varanna. Vörur þessar sendi Stefán síðan félaginu með eigin vörureikningi, þar sem fram kom hið upprunalega verð og kostnaðarreikningur Coes og þær tölur samanlagðar, en frumvörureikningurinn og kostnaðarreikningur Coes voru fylgiskjöl. Leitt hefur verið í ljós af endurskoðand-

anum, óvéfengt af félagsins hálfu, að munur sá, sem var á frumvörureikningunum í nýnefndum tilfellum og vörureikningum Stefáns, hafi samtals numið kr. 20012.34. Er því haldið fram af félagsins hálfu, að um fé þetta hafi engin undirmál verið milli félagsins og Coes, heldur hafi það gengið til hans sem greiðslur fyrir vöruútveganir. Leitað hefur verið umsagnar viðskiptaráðs um, hvort fé þetta sé ólöglega til félagsins runnið, og hefur ráðið svarað á þá leið, að slíkt sé undir því komið, hvort líta beri á Coe sem eins konar starfsmann félagsins. Sé litið svo á, að hann hafi verið það, verði þóknun til hans umfram hin lögleyfðu 5% (sem falla hér fyrir utan) að skoðast sem ólöglegur hagnaður, þar eð eigi sé unnt að leyfa þeim fyrirtækjum, sem nota erlenda starfskrafta við innkaupastörf sín erlendis, hærri aukaálagningu en almennt sé heimiluð.

Af skýrslu vitnisins Stefáns Wathne, sem gerst veit um samband félagsins við Coe, verður eigi annað séð, en að Coe hafi verið í þjónustu félagsins að nokkru leyti sem eins konar milligöngu- eða aðstoðarmaður um vörukaup fyrir það, en samkvæmt verðlagningarreglum er eigi leyft að telja kostnað við slíkt með í kostnaðarverði vöru. Þar eð upptalning þeirra liða, sem í kostnaðarverði vara mega teljast, eru tæmandi taldir í verðlagningarreglunum, var félaginu óheimilt að leggja þóknunina til Coes á vörurnar, og varðar þetta við sömu ákvæði og að framan eru nefnd varðandi umboðslaunin frá Block International Corporation.

Vörur þær, sem félagið keypti af ýmsum verzlunum í Bandaríkjunum og tók við ólögmætum umboðslaunum af samkvæmt framansögðu, voru greiddar seljendunum í dollurum, þar á meðal umboðslaunin, sem lögðust fyrir hjá seljendunum sem eign félagsins því til ráðstöfunar. Þessa erlendu gjaldeyriseign félagsins segir formaður þess hafa eyðzt til greiðslu dvalarkostnaðar Stefáns vestanhafs og annars kostnaðar við starfsemi hans þar og einnig til greiðslu andvirðis minni háttar vörusendinga, sem gjaldeyrisleyfi höfðu verið fengin fyrir, en eigi þótti taka því að senda gjaldeyri fyrir. Segir hann gjaldeyrisleyfi þessi eigi hafa verið notuð.

Stefán Wathne hefur borið, að umboðslaunin hafi gengið til greiðslu dvalarkostnaðar síns vestra og ýmiss kostnaðar við störf sín þar.

Með því að skila eigi sölubanka gjaldeyrisins þeim hluta gjaldeyrisins, sem eigi þurfti að nota til greiðslu hins raunverulega vöruverðs, hefur félagið gerzt brotlegt við 5. gr., 1. og 5. mgr., sbr. 17. gr. reglugerðar nr. 77 1943, og 4. sbr. 6. gr. laga nr. 1 1943, sbr. lög nr. 70 1947, 13. gr. sbr. 22. gr., 2. mgr., svo og 25. gr. sbr. 39. gr., 2. mgr., rgj. nr. 82 1947.

Loks er ákærða gefið að sök brot gegn XV. kafla hegningarlaganna. Þær greinar kaflans, sem kynnu að koma hér til álita, eru 146. og 147. gr., en eigi verður séð, að félagið hafi með notkun margnefndra vörureikninga gerzt brotlegt við þær. Ber því að sýkna hina ákærðu af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

Um refsiverðleika hinna ákærðu hvers um sig skal fram tekið, að ákærði Friðrik er aðaleigandi hlutafjár félagsins, formaður félagsstjórnarinnar og framkvæmdastjóri þess og hefur ráðið þeim verkum, sem samkvæmt framansögðu eru refsiverð. Þykir refsing hans með hliðsjón af 77.

gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 50 þúsund króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 5 mánuði í stað hennar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. .....

Samkvæmt 69. gr., 3. tölulið, hegningarlaganna ber að gera upptækan ríkissjóði til handa þann ólöglega ágóða, sem félagið hefur haft af framangreindum brotum. Hann nemur samtals samkvæmt framansögðu kr. 154379.26. Af félagsins hálfu hefur verið bent á, að af sex vörutegundum, sem reiknaður hafi verið ólöglegur hagnaður af, hafi verið nokkru minni ólöglegur hagnaður en talið hafði verið, eða jafnvel enginn í sumum tilfellum. Þetta hefur endurskoðandinn athugað, og af því, sem fram er komið um þetta, þykir eigi ástæða til að véfengja, að hinn ólöglegi ágóði félagsins hafi verið kr. 3235.97 lægri en áður segir, og eru þá lagðar til grundvallar þær tölur, sem endurskoðandinn hefur fengið í þessu sambandi. Verður hinn ólöglegi hagnaður því alls kr. 151143.29, og ber að dæma hina ákærðu fyrir félagsins hönd til að greiða hann innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Hina ákærðu ber að dæma in solidum til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 2000.00. Rekstur málsins frá endurupptöku þess hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði Friðrik Bertelsen greiði kr. 50000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 5 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. .....

Ákærðu greiði f. h. Friðrik Bertelsen & Co. h/f ríkissjóði upptækan ólöglegan ágóða kr. 151143.29 innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun verjandans, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 2000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 5. maí 1950.

Nr. 63/1949. **Ákæruvaldið** (Egill Sigurgeirsson)
gegn
Hauki Arnars Bogasyni (Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari prof. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Líkamsáverki. Brot á bifreiðalögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu úrskurðar Hæstaréttar 7. desember 1949 hefur farið fram frekari rannsókn á gerð áætlunarbifreiðar þeirrar, sem í málinu greinir. Læknir sá, er stundaði Ólöfu Ingibjörgu Haraldsdóttur, hefur gefið nýtt vottorð í málinu, og kona sú, er Ólöf kom til eftir slysið, hefur komið fyrir dóm sem vitni.

Telja verður sannað, að Ólöf hafi fallið út um opnar dyr áætlunarbifreiðarinnar, er ákærði ók henni af stað í umrætt skipti, og Ólöf hafi þá hlotið brot það á hægra handlegg, sem í læknisvottorði greinir, en um önnur meiðsl, sem máli skiptir, mun ekki hafa verið að ræða. Nú var áætlunarbifreiðin þannig úr garði gerð, að ákærði átti að geta fylgzt með því í spegli, sem festur var utan á stýrishús bifreiðarinnar, hvort hurð sú, sem farþegar fara um, var opin eða ekki, svo og séð gegnum rúðu milli stýrishúss og farþega, hvort nokkur stæði inni á pallinum við hurðina. Verður því að telja, að ákærði hafi sýnt vangæzlu með því að aka bifreiðinni eins og hann gerði og að hann hafi þar með valdið framangreindum meiðslum Ólafar Ingibjargar Haraldsdóttur. Varðar þetta brot hans við lagaákvæði þau, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, og þykir mega staðfesta ákvæði hans um refsingu og greiðslu sakarkostnaðar, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Haukur Arnars Bogason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Egils Sigurgeirssonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 24. janúar 1949.

Ár 1949, mánudaginn 24. janúar, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 296/1949: Réttvísin og valdstjórnin gegn Hauki Arnars Bogasyni, sem tekið var til dóms þann 19. sama mánaðar.

Málið er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn ákærða, Hauki Arnars Bogasyni bifreiðarstjóra, Ránargötu 1, hér í bæ, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 21. nóvember 1919 á Akureyri, og hefur hann ekki, svo að vitað sé, sætt annarri kæru né refsingu en þeirri, að þann 19. desember 1947 var hann sektaður um kr. 60.00 fyrir of hraðan akstur bifreiðar.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Um kl. 9 að kvöldi þess 19. febrúar s. l. lagði áætlunarbifreiðin R 4705, sem ákærði ók, af stað frá Lækjargötu, hér í bæ, áleiðis til Hafnarfjarðar. Farþegi í nefndum vagni var meðal annarra Ólöf Ingibjörg Haraldsdóttir, Laugavegi 28 D, hér í bæ. Tæplega hálfri klst. síðar var bifreiðin komin til Hafnarfjarðar. Móts við Hafnarfjarðarbíó við Strandgötu mun vera viðkomustaður áætlunarbifreiða, sem á þessari leið annast ferðir. Á nefndum stað segir Ólöf Ingibjörg umrædda bifreið hafa numið staðar, og hafi ákærði opnað þar framhurð bifreiðarinnar, en ekki þá hurð, sem farþegar ganga venjulega um. Þetta segir Ólöf Ingibjörg hafa gerzt að undangenginni hringingu frá afgreiðslustúlku bifreiðarinnar, en hringing þessi mun eiga að gefa til kynna, að nema skuli staðar. Eftir þetta hafi bifreiðin ekið af stað, án þess að nokkur þeirra, sem á stanzstaðnum vildu fara út úr henni, kæmust það. Segir Ólöf Ingibjörg afgreiðslustúlkuna hafa hringt aftur, og hafi ákærði þá stöðvað vagninn, en ekið þegar af stað aftur, svo að rykkur hafi komið á bifreiðina, en við það kveðst Ólöf hafa fallið á götuna, en áður hafi hún staðið á tröppunni við hurðina.

Ekki segist hún hafa rotazt við fallið, en hlotið nokkur meiðsli, sem síðar verður getið nánar. Eftir að bifreiðinni hafði verið ekið á að gizka lengd sína, segir Ólöf Ingibjörg hana hafa numið staðar aftur, og hafi þá farþegar þeir, sem hug höfðu á að fara út á stanzstaðnum, gert það. Eftir þetta kveðst Ólöf Ingibjörg hafa farið í hús eitt í Hafnarfirði og hafi þar verið búið um meiðsli hennar til bráðabirgða, en næsta dag fór hún til Péturs H. J. Jakobssonar læknis, og hefur hann lýst meiðslum hennar þannig í vottorði, útgefnu þann 12. marz s. l.:

„Ólöf Ingibjörg Haraldsdóttir, 16 ára, Borgarholtsbraut 6, Kópavogi, datt úr strætisvagni (Hafnarfjörður—Reykjavík), sem snögglega fór í gang, þann 19/2 1948. Kom sprunga í geislabeinshöfuð hægra (infractio collis radii dx.), og getur hún því ekkert brúkað hægri hendi ennþá.

Reykjavík, 12/3 1948."

Auk þeirra meiðsla, sem getið er um í nefndu vottorði, kveðst Ólöf Ingibjörg hafa farið úr liði á hægri úlnlið.

Þegar hún var yfirheyrð þann 7. september s. l., kvaðst hún ekki finna annað en að hún væri þá að fullu búin að ná sér eftir þessi meiðsli.

Ekki er vitað um nema einn farþega í bifreiðinni R 4705, sem sá, er Ólöf Ingibjörg féll út úr bifreiðinni. Er það vinkona hennar Guðrún Elíasdóttir saumakona, Laugavegi 28 D. Hefur Guðrún sem vitni við rannsókn málsins skýrt á nákvæmlega sama hátt frá málavöxtum og Ólöf Ingibjörg. Kveðst það hafa séð, þegar hún (Ólöf) féll út úr bifreiðinni, og hefur sérstaklega tekið fram, að hún hafi fallið út úr henni, en ekki stokkið út um dyr bifreiðarinnar. Ekki kveðst vitnið hafa gert ákærða aðvart, er það sá Ólöfu Ingibjörgu detta út úr bifreiðinni, þar eð það hafi haldið, að hún hefði við fallið ekki meiðzt neitt. Kvödd hefur einnig verið sem vitni afgreiðslustúlkan í bifreiðinni, Inga Jóna Kristjánsdóttir, Nönnugötu 8, hér í bæ. Var það við störf sín í bifreiðinni R 4705, þegar umrætt atvik kom fyrir, og minnist þess, er Ólöf Ingibjörg fór út úr henni. Hefur það lýst þessu þannig, eftir því sem það bezt man. Þegar komið var að umræddum viðkomustað við Hafnarfjarðarbíó, kveðst það hafa hringt bjöllu, sem gefi bifreiðarstjóranum í sams konar bifreiðum og ákærði ók til kynna, að þeir skuli nema staðar. Einnig segir vitnið afgreiðslustúlkurnar í bifreiðum þessum hringja bjöllum þessum til að gefa bifreiðarstjórunum til kynna, að þeir megi aka af stað eftir viðdvöl. Við hringingu þessa hafi ákærði opnað hliðarhurð með þar til gerðum útbúnaði, sem er í bifreiðarstjórahúsinu, sem annars er aðskilið frá farþegahúsinu, og hafi hurðin opnazt við þetta, eins og til var ætlazt. Segir vitnið nú stúlku nokkra (þ. e. Ólöfu Ingibjörgu) hafa farið út um hinar opnu dyr, og að því er það telur, fremur stokkið út um þær, en ekki segist það hafa vitað neitt um það þá, að stúlkunni hafi hlekkzt á við þetta. Eftir þetta segir vitnið ákærða hafa ekið af stað aftur, án þess að það gæfi honum merki um það með bjölluhringingu, en fleiri farþegar en Ólöf Ingibjörg hafi viljað fara út úr bifreiðinni á umræddum stað. Kveðst vitnið því hafa hringt bjöllunni aftur, og hafi ákærði þá numið staðar aftur,

eftir að hafa ekið bifreiðinni um eina lengd sína, og hafi þá þeir farþegar, sem hug höfðu á, farið út úr bifreiðinni.

Sjálfur kveðst ákærði ekki muna neitt eftir umræddu atviki og ekki hafa orðið var við það. Segir hann það oft koma fyrir, að hurðin opnist ekki í bifreiðunum af sömu gerð, sem hann ók í þetta skipti, þótt gerðar séu ráðstafanir til að láta þær opnast, og telur sennilegast, að hann hafi skilið síðari hringingu afgreiðslustúlkunnar í vagninum þannig, að hann skyldi loka hurðinni og aka af stað. Þegar umrætt slys varð þann 19. febrúar s. l., kveðst ákærði hafa verið búinn að aka bifreiðum af sömu gerð og bifreiðin R 4705 í nokkrar vikur.

Samkvæmt framburði vitnisins Ingu Jónu Kristjánsdóttur hér að framan telst sannað, að ákærði hafi ekið af stað í umrætt skipti, áður en til var ætlazt og áður en honum bar að gera það. Með tilliti til þess, að af því getur hæglega leitt slys, að bifreið ekur af stað, meðan farþegar eru að fara út úr henni, óviðbúnir því, að hún geri það, verður að telja nægilega sannað, að vegna þessa hafi Ólöf Ingibjörg Haraldsdóttir fallið út úr bifreiðinni R 4705 í umrætt skipti, enda staðhæfir hún sjálf, að svo hafi verið, svo og vitnið Guðrún Elíasdóttir. Ekki þykir ástæða til að rengja, að við þetta fall hafi Ólöf Ingibjörg hlotið þau meiðsli, sem hér að framan er lýst.

Samkvæmt framansögðu verður því að telja, að ákærði hafi ekki sýnt nægilega aðgæzlu í meðferð bifreiðarinnar R 4705 í nefnt skipti, og telst hann með því hafa brotið 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941. Með aðgæzluskorti sínum telst ákærði og hafa átt sök á meiðslum Ólafar Ingibjargar, og hefur hann með því gerzt brotlegur við 219. sbr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Þykir refsing hans samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga og 38. gr. bifreiðalaganna og með tilliti til 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 400 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 8 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Boga Brynjólfssonar hdl., kr. 250.00.

Á rekstri máls þessa hefur enginn óþarfur dráttur orðið.

Dómsorð:

Ákærði, Haukur Arnars Bogason, greiði 400 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 8 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Boga Brynjólfssonar hdl., kr. 250.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 5. maí 1950.

Nr. 27/1948. **Carl Olsen** (Theodór B. Líndal)
gegn
Ingvaldi Benediktssyni og gagnsök
(Magnús Thorlacius).

Tjónbætur vegna árekstrar bifreiða.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. marz 1948. Hann krefst lækkunar fjárhæðar þeirrar, er dæmd var í héraði, og að málskostnaður fyrir héraðsdómi verði látinn falla niður. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 15. nóvember 1948, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s. m. Gerir hann þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 9108.03 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1947 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Af hálfu aðaláfrýjanda hefur því verið haldið fram með tilvísun til vættis tveggja manna, svo sem rakið er í héraðsdómi, að spjöll muni hafa orðið á bifreið gagnáfrýjanda, eftir að hún varð fyrir bifreið aðaláfrýjanda hinn 26. október 1946, og sé honum því ekki skylt að greiða nema hluta viðgerðarkostnaðar þess, sem hann er krafinn um í máli þessu. Vætti manna þessara eru eigi samræm sín á milli og andstæð vitnisburði manns, sem skoðaði bifreið gagnáfrýjanda mjög skömmu eftir slysið. Að svo vöxnu máli og þar sem aðaláfrýjandi hlutaðist eigi til um opinbera rannsókn þessa atriðis, þá þykja eigi næg efni til lækkunar á kröfu gagnáfrýjanda á þessum grundvelli.

Með skírskotun til raka héraðsdóms þykir mega staðfesta ákvæði hans um bætur fyrir viðgerð og málun á bifreið gagnáfrýjanda. Bætur gagnáfrýjanda til handa vegna atvinnutjóns þykja hæfilega metnar kr. 1200.00. Verður aðaláfrýjandi

því dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda kr. 4411.35 ásamt vöxtum, eins og krafizt er, svo og samtals kr. 1200.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Carl Olsen, greiði gagnáfrýjanda, Ingvaldi Benediktssyni, kr. 4411.35 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1947 til greiðsludags og samtals kr. 1200.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. febrúar 1948.

Mál þetta, er dómtekið var 5. þ. m., hefur Ingvaldur Benediktsson, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 18. september 1947 gegn Carli Olsen, Njálsgötu 62, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 9858.03 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1947 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu.

Stefndi hefur krafizt, að honum verði einungis gert að greiða hæfilega fjárhæð að mati dómsins. Enn fremur hefur hann krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þeir, að hinn 26. október 1946 ók stefnandi bifreið sinni R 1872 niður Laugaveg. Er hann var kominn á móts við húsið nr. 42, stanzaði 10 hjóla herbifreið, er var á undan bifreið stefnanda, og stöðvaði hann þá bifreið sína. Í sama bili var bifreiðinni R 2669, eign stefnda, ekið aftan á bifreið stefnanda, er rann inn undir herbifreiðina, þótt stefnandi stæði á fóthemli hennar. Við árekstur inn skemmdist bifreið stefnanda nokkuð bæði að framan og aftan, og kom hann henni í viðgerð hinn 29. s. m. Viðgerð á bifreiðinni var lokið 24. desember s. á., og nam viðgerðarkostnaður kr. 5288.03. Upp í reikning þenna greiddi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f kr. 310.00, en bifreið stefnda var tryggð hjá því félagi. Tjón sitt af árekstrinum telur stefnandi hins vegar nema alls kr. 10168.03, og beri stefnda að greiða þá fjárhæð, að frádregnum áðurgreindum kr. 310.00, en þar eð stefndi hafi synjað greiðslu, sé mál þetta höfðað.

Stefnandi hefur sundurliðað stefnukröfu sína sem hér segir:

1. Vinna við vatnskassahlífar, „hood" o. fl.	kr.	2638.01
2. Vinna við málningu, að frádregnum kr. 310.00	—	2340.02
3. Dagpeningar frá 26. okt. til 26. des., kr. 80.00 á dag	—	4880.00
Samtals	kr.	9858.03

Stefndi hefur viðurkennt, að hann eigi alla sök á árekstrinum, og ber honum því að bæta stefnanda tjón það, er hann beið af honum. Koma þá til athugunar einstakir liðir stefnukröfunnar.

Um 1. Eftir áreksturinn tilkynnti stefndi Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f tjón það, er orðið hefði af árekstrinum, og taldi hann þar, að hlutir þeir, sem skemmzt hefðu á bifreið stefnanda, væru: vatnskassahlíf, vélarhlíf (hood), brettasamstæða, kistulok og afturvari (stuðari). Af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram nú í málinu, að aðrar skemmdir hafi verið á bifreiðinni, þegar stefnandi kom henni í viðgerð, en þær, sem stöfuðu af árekstrinum, og beri honum því einungis að greiða hluta af þessum lið. Stefndi kveðst hafa komið á verkstæði það, er framkvæmdi viðgerðina, nokkrum dögum eftir áreksturinn. Hafi þá auk árekstrarskemmdanna verið eftirtaldar skemmdir á bifreiðinni: Vatnskassagrind var meira brotin en áður og miðstykkið í henni dældað. Auk þess voru bæði bretti dælduð fyrir neðan luktir, einkum það vinstra. Enn fremur var annað brettið rifið um dældina. Þá hefur stefndi haldið því fram, að sér hafi skilizt á samtali við stefnanda, eftir að mál þetta var höfðað, að hann hafi ekið bifreiðinni á landfestar frá skipi eftir áreksturinn, en áður en hann kom bifreiðinni í viðgerð. Stefnandi hefur andmælt þessari staðhæfingu um samtal þeirra aðiljanna. Kvaðst hann eftir áreksturinn hafa fengið Guðjón nokkurn Guðjónsson, Laugavegi 28, til þess að laga bifreiðina, þannig að hún yrði ökufær. Hafi hann síðan ekið bifreiðinni í bifreiðaskýli og geymt hana þar til 28. okt., en þá ekið henni á verkstæði til viðgerðar. Viðgerð hafi þó ekki verið hægt að byrja fyrr en næsta dag, og hafi hann því ekið henni aftur í skýlið. Næsta dag hafi hann ekið henni aftur á verkstæðið og þá hafi henni verið veitt viðtaka. Í ferðum þessum hafi ekkert orðið að bifreiðinni, svo að ljóst sé, að skemmdir á henni hafi allar stafað af margnefndum árekstri. Hins vegar kvaðst stefnandi hafa sagt við stefnda, að skoðunarmenn Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f hafi talað um, að svo væri sem skemmdir bifreiðarinnar stöfuðu af sverum vír, og mun stefndi hafa skilið það á áðurnefndan veg.

Auk aðilja sjálfra hafa nokkur vitni komið fyrir dóm vegna skemmda bifreiðar stefnanda. Verður vætti þeirra nú rakið hér á eftir.

Tveir starfsmenn Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f hafa talið, að allar skemmdir bifreiðarinnar að framan gætu ekki stafað af árekstrinum við herbifreiðina, þar eð þeir þekki engan þann útbúnað aftan á bifreiðum, sem orsakað geti sum af förunum framan á bifreiðinni. Formaður viðgerðarverkstæðisins telur, án þess að lýsa skemmdunum nánar, að bifreiðin hafi verið meira skemmd að framan, sérstaklega hægra frambretti, er stefnandi kom með hana í síðara skiptið til viðgerðar. Þá hefur bifvélavirki á verkstæðinu borið, að hann hafi verið sjónarvottur að árekstrinum, og hafi hann athugað skemmdirnar strax eftir áreksturinn. Telur hann, að ekki hafi verið aðrir áverkar framan á bifreiðinni en tvær dældir á vatnskassahlífinni á stærð við „tvo lófa“ hvor. Lýsing þessa síðastnefnda vitnis á skemmdum bifreiðarinnar að framan stingur svo mjög í stúf við lýsingu stefnda á tjóntilkynningunni, að ekki er unnt að

leggja mikið upp úr framburði þess. Hins vegar hefur fyrrnefndur Guðjón Guðjónsson staðfest þá frásögn stefnanda, að hann hafi stuttu eftir árekstur inn lagað hægra aurbretti bifreiðarinnar þannig, að hún lét að stjórn. Auk þess hefur hann lýst skemmdum bifreiðarinnar þá mjög svipað því, sem þær voru, er viðgerð var hafin.

Þegar framburðir þessir eru virtir svo og annað það, sem upp er komið í málinu um þetta efni, er ekki unnt að telja, að stefndi hafi fært sönnur á þá staðhæfingu sína, að bifreiðin hafi orðið fyrir auknum skemmdum, frá því er áreksturinn varð og þar til viðgerð var hafin. Ber honum því að bæta stefnanda þenna lið að fullu.

Um 2. Bifreiðin var öll máluð eftir áreksturinn, og nam kostnaður alls kr. 2650.02. Ekki verður fallizt á, að nauðsynlegt hafi verið að mála alla bifreiðina til þess að koma henni í það ásigkomulag, að því er málningu varðar, sem hún var í fyrir áreksturinn.

Með hliðsjón af skemmdunum þykja bætur stefnda hæfilega metnar ⅓ hluti alls málningarkostnaðar, eða kr. 883.34. Upp í þenna lið hefur stefnandi fengið greitt kr. 310.00. Ber stefnda því að bæta þenna lið með kr. 573.34.

Um 3. Að því er séð verður, virðist bifreiðin hafa verið á verkstæði frá 29. október til 24. desember. Af hálfu aðilja hefur engin grein verið gerð fyrir þessum langa tíma né því, að eftir reikningum að dæma virðist vinna við bifreiðina ekki hefjast fyrr en um miðjan nóvembermánuð.

Stefndi hefur mótmælt lið þessum sem allt of háum, þar sem auk þess sé um einkabifreið að ræða.

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð þess efnis, að bifreið stefnanda hafi verið í afgreiðslu á Litlu bílstöðinni frá 1. júní 1946—1. maí 1947. Þykir því verða að leggja til grundvallar, að hér hafi verið um leigubifreið til mannflutninga að ræða. Ætla verður, að stefnandi hafi getað aflað sér nokkurra tekna á þeim tveggja mánaða tíma, sem bifreið hans var úr akstri, og þykja bætur hans fyrir atvinnutjón samkvæmt því og öðrum þeim gögnum, er fyrir liggja, hæfilega metnar kr. 1800.00.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefnda ber að greiða stefnanda kr. 5011.35 (2638.01 + 573.34 + 1800.00) með 6% ársvöxtum, er teljast frá stefnudegi, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 750.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Carl Olsen, greiði stefnanda, Ingvaldi Benediktssyni, kr. 5011.35 með 6% ársvöxtum frá 18. september 1947 til greiðsludags og kr. 750.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 8. maí 1950.

Nr. 140/1948. **Ólafur P. Ólafsson** (Egill Sigurgeirsson)
gegn
Arnóri Steinasyni (Sigurður Ólason).

Ágreiningur um eignarrétt að búfé. Innsetningar synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Jón sýslumaður Steingrímsson hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur úrskurðinum til Hæstaréttar með stefnu 4. nóvember 1948, krefst þess, að honum verði fengin með innsetningargerð umráð átta tilgreindra sauðkinda, sem stefndi keypti af Páli Vídalín Magnússyni í desember 1947. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar af stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Hinn 30. janúar 1947 seldi áfrýjandi Páli nokkrum Vídalín Magnússyni á leigu jörðina Belgsholt í Melasveit í Borgarfjarðarsýslu ásamt áhöfn, þar á meðal 16 hrossum, um 20 nautgripum, 37 ám og 1500 hænsnum. Leigutímabilið var frá 1. febrúar 1947 til fardaga 1948. Í leigumálanum er m. a. kveðið svo á, að leigutaki ábyrgist áhöfn alla „og skuldbindur sig til að skila samsvarandi áhöfn að tölu, magni eða gæðum".

Páll Vídalín Magnússon aflaði lítils heyfengs sumarið 1947, einungis 200 hesta af töðu að sjálfs sín sögn. Þá var og fóðurbætisöflun hans ekki nægileg. Sá hann því þegar á öndverðum vetri 1947—1948 fram á fóðurþröng í búinu, enda töldu forðagæzlumenn nauðsynlegt að afla fóðurbirgða eða farga af áhöfninni. Varð það þá ráð hans, að hann seldi stefnda í máli þessu í desember 1947 18 ær, 3 lömb og 1 hrút af leiguáhöfninni. Söluverðið var kr. 100.00 fyrir hverja sauðkind, og galt stefndi andvirðið með fóðurkorni að mestu, einkum maísmjöli og hænsnakorni.

Þegar leigutaki skyldi afhenda áfrýjanda jörð og áhöfn í fardögum 1948, gat hann ekki látið af hendi sauðkindur í stað

þeirra, sem hann hafði selt stefnda. Sneri áfrýjandi sér þá til fógeta hinn 21. júní 1948 og krafðist þess, að honum væru með innsetningargerð afhentar sauðkindur þær, er stefndi keypti. Fógeti synjaði framkvæmdar á innsetningargerðinni með úrskurði, uppkveðnum 24. sept. 1948. Fyrir Hæstarétti gerði áfrýjandi upphaflega sömu kröfu og í héraði, en þar sem nú hefur verið leitt í ljós með gagnasöfnun, er fram hefur farið samkvæmt úrskurði Hæstaréttar frá 5. október 1949, að einungis 8 þeirra sauðkinda, sem hér er um að tefla, eru nú lífs, þá hefur áfrýjandi látið kröfu sína fyrir Hæstarétti einungis taka til þeirra.

Samkvæmt áðurgreindum leigumála átti leigutakinn Páll Vídalín við samningslok að skila „samsvarandi áhöfn" og hann tók við, að tölu, magni eða gæðum. Af þessu ákvæði leigumálans leiðir eðli máls samkvæmt, að leigutaka var heimilt að farga einstökum skepnum úr áhöfninni gegn því að fylla í skarðið, áður en hann gerði áfrýjanda skil. Það er ljóst, að Páll kom fram sem umráðamaður áhafnarinnar, og virðist það hafa verið ætlun margra manna þar í sveit, að hann væri eigandi hennar. Sala hans á nefndum sauðkindum til stefnda virðist ekki hafa verið óeðlileg ráðstöfun til að létta á fóðrum og afstýra fóðurskorti. Þessi atriði og annað, sem fram er komið í málinu, veitti stefnda ástæðu til að ætla, að Páll Vídalín væri í fullum rétti sínum, er hann seldi honum sauðkindurnar, og hafa engar líkur verið fram færðar gegn grandleysi stefnda. Að svo vöxnu máli eru ekki efni til að taka kröfu áfrýjanda um innsetningu í umráð sauðkindanna til greina.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1600.00.

Málflytjendur í Hæstarétti, hæstaréttarlögmennirnir Egill Sigurgeirsson og Sigurður Ólason, köstuðu mjög höndum til gagnasöfnunar í máli þessu, er það var flutt fyrra sinni í Hæstarétti. Verður að víta þetta.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ólafur P. Ólafsson, greiði stefnda, Arnóri

Steinasyni, kr. 1600.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 24. september 1948.

Gerðarbeiðandi, Ólafur P. Ólafsson, veitingamaður í Reykjavík, gerði hinn 30. jan. 1947 leigusamning við Pál V. Magnússon og leigði honum til fardaga 1948 jörðina Belgsholt með áhöfn allri þar á meðal ca 37 ám.

Við úttekt á jörðinni Belgsholti úr höndum Páls, er fram fór 5. júní 1948, skilaði hann jörðinni og áhöfn, en þó eigi neinni kind, og lýsti yfir því, að hann hefði selt gerðarþola, Arnóri Steinasyni bónda á Narfastöðum, 18 ær, 1 hrút og 1 lamb.

Hinn 21. júní s. l. sendi gerðarbeiðandi beiðni til fógetaréttarins um, að þessar 20 kindur með lömbum væru með beinni fógetagerð teknar úr vörzlu gerðarþola og afhentar sér.

Kröfu sína um að fá kindurnar afhentar byggir gerðarbeiðandi á því, að þær hafi ætíð verið sín eign og aðeins leigðar Páli Magnússyni um nokkurn tíma. Þá fullyrðir hann, að gerðarþola hafi verið fullkunnugt um, að Páll var eigi eigandi kindanna, er hann keypti þær af honum.

Hann telur það reglu íslenzks réttar, að maður, er lánar öðrum manni hlut, er hann selur þriðja manni, geti endurheimt hlutinn, og það allt að einu, þótt þriðji maður hafi keypt hann í góðri trú. Bendir hann til stuðnings máli sínu á 59. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39 frá 1922 og ýmis ákvæði Jónsbókar í kaupabálki og þjófabálki.

Gerðarþoli viðurkennir, að hann hafi í desember 1947 keypt af Páli V. Magnússyni, bónda í Belgsholti, 23 kindur. Kveðst hann hafa greitt 100 kr. fyrir hverja kind og greitt andvirðið í fóðurbæti, því að Páll var í fóðurþröng. Af kindum þessum kveður hann nú í sínum vörzlum 17—19 ær með lömbum flestar, en hinum hafi verið fargað vegna mæðiveiki.

Hann kveðst hafa keypt kindurnar samkvæmt beiðni Páls, en á almannavitorði var, meðal annars vegna afskipta hreppsnefndar og sýslumanns, að Páll var í vandræðum með að afla fóðurs handa búpening sínum, og hafi sig því eigi undrað, þótt Páll byði sér kaupin. Þá fullyrðir hann, að sér hafi eigi, er hann keypti kindurnar, verið annað kunnugt en að Páll væri eigandi þeirra. Segir hann, að það hafi þá verið altalað, að gerðarbeiðandi hafi selt Páli jörðina Belgsholt með búi, og muni gerðarbeiðandi sjálfur hafa haft orð á því, að um sölu hafi verið að ræða.

Kveðst hann krefjast þess, að synjað verði um framgang gerðarinnar.

Að réttarins áliti verður að fallast á það, að regla sú, er gerðarbeiðandi hefur lýst um endurheimt hlutar, er lánaður hefur verið og lántakandi síðar hefur selt þriðja manni, gildi hér á landi, er um er að ræða hlut, er lánaður hefur verið og skila á aftur sama hlutnum. Hins vegar verður eigi talið, að regla þessi gildi, er um er að ræða lán hlutar og skila ber aðeins hlut sömu tegundar. Er á engan hátt eðlilegt, að lánveitanda sé veitt jafnmikil réttarvernd, er hann lánar hlut og leyfir lántaka að ráð-

stafa honum eftir vild, aðeins ef hann skili aftur hlut sömu tegundar, og þegar hann lánar hlut og áskilur sér, að sama hlutnum sé skilað aftur.

Af útdrætti þeim af leigusamningi milli gerðarbeiðanda og Páls V. Magnússonar, er lagður hefur verið fram á rskj. 6, kemur glöggt í ljós, að búpeningurinn er leigður þannig, að um tegundarskil er að ræða, enda mun algengast hér á landi, er um leigu á búfé er að ræða, að slík skil séu áskilin. Stendur í 4. gr. samningsins, að leigutaki skuldbindi sig til „að skila samsvarandi áhöfn, að tölu, magni eða gæðum", og má jafnvel skilja það á þann veg, að honum sé heimilt að skila minna af einni tegund búpenings, en skila þá tilsvarandi meira af annarri tegund.

Samkvæmt framansögðu ber að synja um framgang hinnar umbeðnu innsetningargerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir fógetaréttinum falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna innsetningargerð skal ekki fara fram.

Mánudaginn 8. maí 1950.

Nr. 47/1949. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Theodór B. Líndal)
gegn
Guðjóni Péturssyni og gagnsök
(Magnús Thorlacius).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Tjónbætur vegna árekstrar bifreiða.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. febrúar 1949, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m. Krefst hann aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að gagnáfrýjanda verði dæmdar hæfilegar bætur eftir mati dómsins. Þá krefst hann þess og, að málskostnaður í héraði verði felldur niður, en gagnáfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. maí 1950, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 15501.61 með 6% ársvöxtum frá 14. júní 1946 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega staðfesta hann, þó svo, að vextir reiknast frá 14. júní 1946. Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 1000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður gerði ekki ráðstafanir til að afla gagnáfrýjunarleyfis á dómi í máli þessu, er upp var kveðinn 19. október 1948, fyrr en 5. þ. m., þegar sá tími var liðinn, er hann gat vænzt að fá slíkt leyfi. Verður að víta þessa vangæzlu.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að vextir reiknast frá 14. júní 1946.

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Guðjóni Péturssyni, kr. 1000.00 í málskostnað í Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. október 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., hefur Guðjón Pétursson húsgagnasmiður, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 1. apríl 1947 gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 17500.00 með 6% ársvöxtum frá 14. júní 1946 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Í hinum munnlega málflutningi lækkaði stefnandi kröfu sína í kr. 15501.61 ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og að framan greinir.

Þá hefur Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, hér í bæ, verið stefnt til réttargæzlu í málinu, en síðargreind bifreið stefnda var tryggð hjá því félagi. Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og það hefur engar kröfur gert í málinu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans. Til *vara* hefur stefndi krafizt lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málsatvik eru þau, að þann 14. júní 1946 um kl. 15.40 ók stefnandi bif-

reið sinni R 811 suður Reykjaveg. Kveðst hann hafa ekið með um 25 km hraða miðað við klukkustund. Hafi hann þá séð til ferða bifreiðarinnar R 2145, er ekið var austur Suðurlandsbraut og var þá um það bil mitt á milli brúarinnar við Lækjarhvamm og Reykjavegar. Er hann hafi komið að vegamótum Reykjavegar og Suðurlandsbrautar, kveðst hann hafa dregið úr hraða bifreiðar sinnar og ekið inn á Suðurlandsbrautina. Taldi hann sig mundu ná örugglega yfir á syðri vegarbrún Suðurlandsbrautar, áður en R 2145 bæri þar að, en hann ætlaði að aka vestur Suðurlandsbraut. Hann hafi ekki veitt R 2145 athygli, meðan hann ók yfir nyrðri vegarhelming Suðurlandsbrautar, en er hann hafi komið yfir á syðri vegarhelming, hafi hann séð, að R 2145 sveigði til hægri. Kveðst hann þá hafa hemlað, en R 2145 hafi rekizt á bifreið sína, þegar hún var stöðvuð utanvert við syðri malborna hluta vegarins.

Ökumaður R 2145, en bifreið sú er stór vörubifreið, eign Sandgræðslu ríkisins, hefur skýrt svo frá, að hann hafi í umrætt sinn ekið austur Suðurlandsbraut með um 35 km hraða á klukkustund. R 811 var næstum því komin að vegamótunum, er hann sá til ferða hennar. R 811 hafi verið ekið rakleitt inn á Suðurlandsbrautina. Kveðst ökumaður R 2145 ekki hafa treyst sér til þess að stöðva bifreið sína, án þess að til árekstrar kæmi, og því sveigt til hægri og hemlað, en bifreiðarnar hafi samt rekizt á á syðri vegarbrúninni.

Verulegar skemmdir urðu á bifreiðinni R 811, en ekki er fram komið í málinu, að skemmdir hafi orðið á bifreiðinni R 2145.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að ökumaður bifreiðarinnar R 2145 eigi einn alla sök á árekstrinum með því að sveigja til hægri, svo sem hann gerði. Hefði hann ekki gert það, hefði enginn árekstur orðið.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að stefnandi eigi alla sök á, hvernig fór. Bifreiðinni R 2145 hafi verið ekið á aðalbraut og því hafi stefnanda borið að stöðva bifreið sína og hleypa R 2145 fram hjá sér.

Það er fram komið í málinu, að Suðurlandsbraut var aðalbraut, og nutu því ökutæki, er um hana fóru, þess forréttar, að umferð frá hliðarvegum skyldi skilyrðislaust víkja fyrir umferð aðalbrautarinnar eða staðnæmast, áður en sveigt var inn á hana, ef þess var þörf, samkvæmt 2. mgr. 7. gr. umferðarlaganna nr. 24 frá 1941. Hefur stefnandi því eigi sýnt þá varfærni, sem af honum verður að krefjast, með því að aka inn á aðalbrautina, þegar R 2145 var svo nálæg. Verður því að telja, að hann eigi sök á, hvernig fór.

Dómarinn hefur farið á vettvang og athugað staðhætti. Lögregluþjónn nokkur dró upp stöðu bifreiðanna strax eftir árekturinn. Ökumenn beggja bifreiðanna hafa talið uppdrátt þenna réttan. Samkvæmt honum var R 811 komin alveg út fyrir syðri vegarbrún Suðurlandsbrautar, þegar árekturinn varð. Er því ljóst, að bifreiðarstjórinn á R 2145 á einnig sök á árekstrinum með því að sveigja til hægri yfir á ranga vegarbrún. Með vísan til þessa svo og til annars þess, sem fram er komið í málinu, þykir samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 verða

að skipta sök á árekstri þessum þannig, að hvor ökumaður eigi helming sakar. Skiptist þá tjón það, er af árekstrinum varð, í því hlutfalli.

Kröfur sínar sundurliðar stefnandi þannig:

1. Viðgerðarkostnaður samkvæmt mati ..... kr. 13001.61
2. Bætur fyrir afnotamissi ..... — 2500.00

Samtals kr. 15501.61

Um 1. Liður þessi er viðurkenndur, og verður hann því tekinn til greina óbreyttur.

Um 2. Bifreið stefnanda var fólksflutningsbifreið af „Studebaker" gerð, smíðuð árið 1940. Notaði stefnandi, sem rak húsgagnasmíðaverkstæði, bifreiðina í eigin þágu og fyrir verkstæði sitt. Stefnandi lét eigi gera við bifreiðina, seldi hana óviðgerða um ári síðar og hefur ekki fengið sér bifreið síðan.

Telur stefnandi, að tjón sitt af því að vera án bifreiðar allt til þess hann seldi hana, hafa numið fyrrgreindri fjárhæð.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem allt of háum.

Kröfuliður þessi er litlum gögnum studdur, en þó má telja sannað, að stefnandi hafi orðið fyrir nokkrum óþægindum og kostnaði af því að hafa ekki bifreiðarinnar not. Ber stefnda að bæta það tjón. Hins vegar á stefnandi ekki rétt á bótum þessum miðað við lengri tíma en telja má, að viðgerð bifreiðarinnar hefði numið. Samkvæmt yfirmati því um viðgerðina, sem lagt hefur verið til grundvallar í málinu, hefði tekið alls 562 vinnustundir að gera við bifreiðina. Með hliðsjón af þessu þykir hæfilegt að telja tjón stefnanda samkvæmt þessum lið kr. 700.00.

Samkvæmt framangreindu verður tjón stefnanda talið kr. 13701.61 (13001.61 + 700.00) og ber stefnda að bæta helming þess, eða kr. 6850.81, sem honum ber að greiða stefnanda með 6% ársvöxtum frá 20. marz 1947.

Þá þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilegur kr. 950.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Guðjóni Péturssyni, kr. 6850.81 með 6% ársvöxtum frá 20. marz 1947 til greiðsludags og kr. 950.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 11. maí 1950.

Nr. 131/1949. **Útgerðarfélag Akureyringa h/f**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Trolle & Rothe h/f f. h. A. E. Larsen
vegna eigenda og vátryggjenda v/s Hermu
(Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Bjarglaun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. sept. 1949. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 200000.00 eða aðra lægri fjárhæð eftir mati Hæstaréttar með 6% ársvöxtum frá 19. marz 1949 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Þá krefst hann þess og enn fremur, að viðurkenndur verði með dómi sér til handa sjóveðréttur í v/s Hermu frá Bergen fyrir hinum dæmdu upphæðum.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði óraskaður og honum dæmdur úr hendi áfrýjanda málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Eins og nánar er skýrt frá í forsendum hins áfrýjaða dóms, bilaði vél v/s Hermu tvívegis hinn 11. marz 1949 með þeim afleiðingum, að skipið komst eigi leiðar sinnar af eigin ramleik. Eftir hina síðari vélarbilun, er gerðist kl. 14.55, gerðu skipverjar enga tilraun til að gera við vélina, en viðgerð af þeirra hálfu myndi, að áliti þeirra sjálfra, aldrei hafa tekið skemmri tíma en 6 klukkustundir. Skipið lá að vísu við akkeri, en fyrir opnu hafi, út af andnesi. Þegar til þessa er litið og enn fremur árstímans, er allra veðra gat verið von, verður að telja, að skipið hafi verið í svo mikilli hættu statt, að rétt sé að meta hjálp þá, er b/v Kaldbakur veitti því, björgun.

Með mati dómkvaddra manna, er fram fór á Akureyri hinn 19. marz 1949, var v/s Herma með tilheyrandi, þar á meðal

olíuforða skipsins, metinn á kr. 3163000.00. Spjöll þau, er urðu við björgunina á dráttartaugum og búnaði v/b Kaldbaks, hafa verið metin á kr. 5200.00. B/v Kaldbakur lagði af stað frá Akureyri til björgunarinnar kl. 16.37 hinn 11. marz og lagðist að bryggju á Akureyri með hið bjargaða skip kl. 10.25 næsta dag, og gengu því liðugar 17 klukkustundir til björgunarstarfs hans. Þegar þessa er gætt og þess jafnframt, að björgunin tókst vel og að björgunarmennirnir virðast hafa unnið að henni með lagni og atorku, þykja björgunarlaunin, að meðtalinni þóknun fyrir aðstoð veitta v/s Hermu, eftir að til hafnar var komið, hæfilega ákveðin kr. 200000.00, er greiðist með 6% ársvöxtum frá 19. marz 1949 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði, þar með talinn kostnað við matsgerð, og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 18000.00.

Loks ber samkvæmt 1. tölulið 236. gr. siglingalaganna að dæma áfrýjanda sjóveðrétt fyrir framangreindum upphæðum í v/s Hermu frá Bergen.

Dómsorð:

Stefndi, Trolle & Rothe h/f f. h. A. E. Larsen vegna eigenda og vátryggjenda v/s Hermu frá Bergen, greiði áfrýjanda, Útgerðarfélagi Akureyringa h/f, kr. 200000.00 með 6% ársvöxtum frá 19. marz 1949 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 18000.00.

Áfrýjandi hefur sjóveðrétt í v/s Hermu til tryggingar nefndum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Akureyrar 7. júlí 1949.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 29. f. m., hefur stefnandi, Útgerðarfélag Akureyringa h. f., hér í bæ, höfðað fyrir sjó og verzlunardóminum með stefnu útgefinni 19. marz s. l. á hendur A. E. Larsen skipstjóra á vélskipinu Herma frá Bergen fyrir hönd eigenda og vátryggjenda m/s Herma og gerir þær dómkröfur, að stefndi verði fyrir hönd nefndra aðilja dæmdur til að greiða:

1. Björgunarlaun, þar í innifaldar bætur fyrir tjón á búnaði

Kaldbaks samkvæmt því, er síðar greinir	kr.	480000.00
2. Þóknun fyrir gæzlu m/s Herma við bryggju og færsla milli bryggja hér í höfninni	—	4462.24
3. Kostnað við matsgerð	—	4246.80
Samtals	kr.	488709.04

Til vara krefst stefnandi annarrar lægri upphæðar eftir mati dómsins.

Þá krefst stefnandi 6% ársvaxta frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og sjóveðréttar fyrir tildæmdum upphæðum í m/s Herma og að lokum málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi mótmælir því, að um björgun hafi verið að ræða, og krefst þess um 1. tölulið, að sú upphæð verði ákveðin stórum lægri sem þóknun fyrir dráttaraðstoð veitta m/s Herma 11.—12. marz s. l., 2. tölulið er mótmælt sem allt of háum og fullrar sýknu krafist af kröfu um greiðslu matskostnaðar.

Til vara er björgunarlaunakröfunni mótmælt sem of hárri og krafizt lækkunar eftir mati dómsins.

Þá mótmælir stefndi sjóveðréttarkröfunni, þar eð fullnægjandi trygging hafi verið sett fyrir kröfum stefnanda. Vaxta- og málskostnaðarkröfu er og mótmælt og krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda eða til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Tildrög málsins eru þessi.

Fimmtudaginn 10. marz s. l. fór vélskipið Herma frá Bergen, sem er 2406 brúttósmálestir að stærð, áleiðis frá Akureyri til Noregs. Skömmu eftir miðnætti þann 11. marz, þegar skipið var statt 22 mílur undan Tjörnesi, varð vélarbilun þannig, að sveifaráslegan á strokk nr. 3 hafði bilað og neðri röð á bullunni hafði slegizt í og brotið báðar lekabyttur fyrir kælivatnið. Kaldi og sjór var frá NA og snjóél, að sögn skipstjórnarmanna m/s Herma, og engir möguleikar voru til þess að leggjast fyrir akkeri. Skipið rak hratt til lands, og var þá ákveðið að taka strokk nr. 3 úr sambandi og keyra á hinum þremur, þar til skipið væri komið nægilega langt frá landi til þess að skipta um legu og gera við strokk nr. 3. Kl. 14,55 var búið að taka strokkinn úr sambandi, og var skipið þá 3 mílur undan Mánáreyjum og rak í átt til þeirra. Vindur var enn þá norðankaldi. Var vélin nú sett í gang, en þá þegar varð meiri háttar bilun vegna mistaka við aðgerðina. Hafði gangsetningararmur fyrir strokk nr. 2 verið tekinn burt, en gangsetningarloki (startventil) fyrir strokk nr. 3 var í fullkomnu lagi. Bullan í strokk nr. 3, er hengd hafði verið upp, hafði nú fallið niður á sveifarásöxulinn og orðið föst og ýmsar aðrar skemmdir urðu á sama strokk. Sendi skipstjórinn nú skeyti til afgreiðslumanna sinna á Akureyri og bað um dráttarskip. Var klukkan þá 15,30. Var nú sett út drifakkeri aftur af skipinu með rúmlega 100 faðma vír til þess að breyta rekstefnu skipsins. Rak skipið nú fram hjá Háey í ¾ mílu fjarlægð. Þegar komið var inn fyrir eyna og grynningar þar umhverfis, var farið að draga inn drifakkerið, en við það slitnaði vírinn og akkerið tapaðist. Kl. 18,00 var

stjórnborðsakkeri kastað á 37 faðma dýpi og rennt út 75 faðma keðju. Var skipið þá 1 mílu suður af Háey. Snerist vindur nú til austurs með snjóéljum og vaxandi öldu.

Um kl. 22,30 kom togarinn Kaldbakur, eign stefnanda, á vettvang. Hafði hann farið af stað frá Akureyri kl. 16,37 til hjálpar m/s Herma eftir beiðni afgreiðslumanna hennar þar. Fór hann að bakborðshlið m/s Herma, það nærri, að kastlínu var varpað frá Kaldbak yfir í m/s Herma. Var síðan dregið 2½" tóg frá Kaldbak yfir í m/s Herma og á því hífðu skipverjar á m/s Herma togvírinn til sín. Var togvírinn lásaður í akkeriskeðju skipsins og gefnir út 2½ liður af keðjunni og 250 faðmar vír. Veður var ASA 4, NA undiralda, samkvæmt leiðarbók Kaldbaks. Kl. 23,00 var lagt af stað með skipið áleiðis til Akureyrar, drátturinn gekk slysalaust, og var lagzt að bryggju kl. 10,25 þann 12. marz. Þegar verið var að leggja skipinu að bryggju, rakst stjórnborðs forgálgi Kaldbaks í kinnung m/s Herma með þeim afleiðingum, að „börin" bognuðu. Togvírinn, sem notaður var við dráttinn, hafði tognað og núizt þannig, að hann varð ónothæfur. Enn fremur höfðu 3 stuðpúðar, tóg og húðir, allt tilheyrandi Kaldbak, orðið ónýtt. Skipinu var lagt við bryggju á Oddeyrartanga, og varð Kaldbakur að liggja utan á því. Var því talið nauðsynlegt að hafa tilbúna gangvél í Kaldbak og meiri vagtir um borð en ella. Þriðjudagskvöld 15. marz dró Kaldbakur m/s Herma frá bryggjunni við Oddeyrartanga að Torfunefsbryggju. Var þar með lokið aðstoð og fyrirgreiðslu af hendi Kaldbaks.

Stefnandi telur augljóst, að m/s Herma hafi verið stödd í háska, þegar Kaldbakur vitjaði hennar, og hafi því hér verið um björgun að ræða af hendi hans. Björgunin hafi tekizt fullkomlega, og skjótlega hafi verið við brugðið af hendi Kaldbaks og skipverjar hafi sýnt atorku og verklagni við björgunina. Kaldbakur hafi lagt sig í nokkra hættu og hann sé, sem kunnugt er, nýtt og verðmætt skip. Þá hafi verðmæti hins bjargaða skips og búnaður þess verið metin á kr. 3163000.00 af dómkvöddum matsmönnum og því mati hafi ekki verið hnekkt. Tjón á búnaði Kaldbaks, sem að framan greinir, hefur verið metið af dómkvöddum matsmönnum á kr. 5200.00, og er bótakrafa fyrir þetta innifalin í björgunarlaunakröfunni. Á forsendum þeim, sem hér hafa verið greindar, byggir stefnandi kröfur sínar.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að hér hafi ekki verið um að ræða björgun í merkingu siglingalaganna, heldur einungis dráttaraðstoð, og m/s Herma hafi ekki verið í háska stödd. Kaldbakur hafi verið 17 klst. í förinni og ekki tafizt frá öðrum störfum, þar sem hann lá aðgerðalaus vegna verkfalls. Matsgerð um skemmdir á búnaði Kaldbaks er mótmælt sem of hárri og óstaðfestri. Á það er bent, að m/s Herma sendi ekki neyðarkall frá sér. Skeytið, sem skipstjórinn sendi afgreiðslumönnum sínum á Akureyri, hafi ekki verið hraðskeyti, og Herma hafi legið fyrir akkeri á 37 faðma dýpi frá kl. 16,00 til 22,30 þann 11. marz, er Kaldbakur kom á vettvang. Vél skipsins hafi ekki verið meira skemmd en svo, að vélstjórarnir hafi talið, að auðið hefði verið á tiltölulega skömmum tíma

að gera vélina gangfæra án aðfenginnar hjálpar, þannig að skipið hefði getað siglt til hafnar með því að nota 3 strokka vélarinnar, sem óskemmdir voru. Byggir stefndi aðalkröfu sína um lækkun á 1. lið stefnukröfunnar á þessu.

Þá mótmælir stefndi sérstaklega 2. tölulið stefnukröfunnar, kr. 4462.24. Krefst hann algerrar sýknu af kröfum um launagreiðslur og olíueyðslu, sem í þessum lið er talið kr. 3462.24, og lækkunar á 1000 kr. kröfu um þóknun fyrir að flytja m/s Herma milli bryggja. Hann heldur því fram, að Kaldbakur hafi legið með gangbúna vél, tilbúinn að leggja úr höfn, ef verkfallinu létti. Hafi því varðstaða og kynding verið í þágu útgerðar hans.

Þriðja tölulið stefnukröfunnar, kr. 4246.80, kostnaði við matsgerð, er mótmælt sökum þess, að matsgerð hafi verið óþörf, þar sem augljóst hafi verið, að ekki var um björgun að ræða, og er fullrar sýknu krafizt af þessari kröfu.

Sjóveðréttarkröfunni er mótmælt, þar eð fullnægjandi trygging hafi verið sett fyrir kröfu stefnanda og skipið hafi verið gefið frjálst til umráða eigendum þess.

Vélstjórar m/s Herma töldu við sjóprófin, er fram fóru um þetta, að þeir mundu hafa getað komið vélinni þannig í lag, að þeir hefðu komizt hjálparlaust til hafnar. Yfirvélstjórinn áætlaði, að það mundi hafa tekið 6—10 klst., 2. vélstjóri allt að sólarhring og 3. vélstjóri áætlaði 6—12 klst. Vélsmiðir frá vélsmiðjunni Odda hér í bæ, sem annaðist viðgerð vélarinnar, hafa og fyrir dómi talið, að þetta hefði verið hægt, og gert grein fyrir viðgerð þeirri, sem fram þurfti að fara, á sama hátt og vélstjórarnir á m/s Herma. Telur þessi réttur einnig, að svo hefði verið. Veður og sjór var sæmilegt og virðist ekki hafa farið versnandi næstu sólarhringa. Má því telja líklegt, að skipverjar sjálfir á m/s Herma hefðu getað lagfært vélina og keyrt á 3 strokkum hennar til hafnar. Verður því ekki talið, að hér hafi verið um björgun að ræða í merkinu 229. gr. siglingalaganna nr. 56/1914. Hins vegar ber stefnanda að sjálfsögðu þóknun fyrir þá fyrirhöfn og mikilvægu aðstoð, sem Kaldbakur lét m/s Herma í té samkvæmt beiðni stefnds. Þá verður og talið, að eins og á stóð hafi verið nauðsynlegt að halda við fullum þrýsting á vél Kaldbaks, meðan hann lá utan á m/s Herma við bryggju á Oddeyrartanga, sökum þess hvernig til háttar þar. Hins vegar er upplýst, að vél skipsins hafi verið kynt á daginn hvort sem var til þess að varna frosthættu. Þá var og allt af einn maður á vakt dag og nótt. Meðan Kaldbakur lá utan á m/s Herma, varð hins vegar að hafa auknar vaktir í skipinu og vélina gangbúna. Verður stefndi dæmdur til þess að greiða þann aukna kostnað, sem af þessu stafaði. Þá þykir og, eins og á stóð, hafa verið eðlilegt, að stefnandi léti fara fram mat á m/s Herma, og rétt, að stefndi beri kostnað við það.

Þóknun til stefnanda fyrir fyrirhöfn og drátt Kaldbaks á m/s Herma ásamt bótum fyrir skemmdir á búnaði og kostnað Kaldbaks, meðan hann lá utan á m/s Herma, svo og kostnaði við færslu á milli bryggja í höfninni þykir hæfilega ákveðin í einu lagi, að meðtöldum matskostnaði og með

hliðsjón af öllum atvikum, er hér skipta máli, kr. 45000.00. Verður stefndi dæmdur til að greiða þá upphæð ásamt 6% ársvöxtum frá 19. marz s. l. til greiðsludags og kr. 3600.00 í málskostnað.

Samkvæmt 236. gr., 4. tölulið, siglingalaganna nr. 56/1914 verður og viðurkenndur sjóveðréttur í m/s Herma fyrir upphæðum þessum til handa stefnanda, enda þykja ekki efni til að taka til greina mótmæli stefnda gegn sjóveðrétti, þótt hann hafi sett tryggingu fyrir dómsupphæðunum.

Dóm þenna kváðu upp þeir Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti og meðdómendurnir Benedikt Steingrímsson hafnarvörður og Gísli Eyland skipstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, A. E. Larsen f. h. eigenda og vátryggjenda m/s Herma, greiði stefnanda, Útgerðarfélagi Akureyringa h/f, kr. 45000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 19. marz s. l. til greiðsludags og kr. 3600.00 í málskostnað.

Stefnandi hefur sjóveðrétt í m/s Herma, Bergen, fyrir upphæðum þessum.

Dómi þessum skal fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 15. maí 1950.

Nr. 57/1949. **Guðmundur Árnason f. h. búenda í Landmannahreppi** (Magnús Thorlacius)
gegn
Holtahreppi og gagnsök (Sveinbjörn Jónsson).

Máli um veiðiréttindi vísað frá héraðsdómi sökum ófullnægjandi kröfugerðar.

Dómur Hæstaréttar.

Björn Björnsson, sýslumaður í Rangárvallasýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. marz 1949. Krefjast þeir þess, að ákveðið verði, að jörðum í Landmannahreppi og þeim einum fylgi veiðiréttur í Fiskivötnum (Veiðivötnum) á Landmannaafrétti og að öðr-

um en búendum í Landmannahreppi sé veiði þar óheimil nema með sérstöku leyfi hverju sinni. Svo krefjast aðaláfrýjendur þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. júní 1949, áfrýjað málinu með stefnu 9. júní s. á. Hann hefur og fengið gjafvarnarleyfi fyrir Hæstarétti. Krefst hann þess *aðallega*, að kröfum aðaláfrýjanda verði hrundið, en *til vara*, að honum verði dæmdur réttur til veiði í Fiskivötnum (Veiðivötnum) við hlið aðaláfrýjanda. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en hvernig sem málið fer, krefst hann þess, að málflytjanda hans verði dæmd málsvarnarlaun fyrir báðum dómum.

Í máli þessu krefjast aðaláfrýjendur þess, að þeim einum verði dæmdur réttur til veiði í Fiskivötnum eða Veiðivötnum á Landmannaafrétti. Í málinu er ágreiningur um það, hver séu mörk Landmannaafréttar, og hefur það ekki verið nægilega leitt í ljós. Þá er einnig deilt um, til hvaða vatna kröfur aðaláfrýjanda taki og hver séu takmörk vatnasvæðis þess, sem málið fjallar um. Þar sem svo er ástatt, sem að framan segir, bar héraðsdómara samkvæmt III. kafla laga nr. 41/1919 að nefna samdómendur og fara með málið svo sem þar greinir.

Einn aðaláfrýjenda hefur markað á uppdrátt vatnasvæði það, sem hann telur vötn þau vera á, er krafa aðaláfrýjenda tekur til, en það er gert með þeim hætti, að ekki væri unnt að leggja það til grundvallar dómi í málinu. Skortir því gögn um örnefni eða kennileiti, sem takmörk vatnasvæðisins eiga að miðast við. Sökum þessa eru kröfur aðaláfrýjanda ekki nægilega ákveðnar til dómsúrlausnar. Þess er og getanda, að í málinu hefur ekki verið gerð nægileg tilraun til að leiða í ljós, hverjar venjur hafa gilt hér á landi um veiði í vötnum á afréttum.

Með skírskotun til þeirra atriða, sem nú voru greind, ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, en að málsvarnarlaun málflytj-

anda gagnáfrýjanda fyrir báðum dómum, samtals kr. 3000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Málskostnaður fellur niður, en málsvarnarlaun málflytjanda gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur aukadómþings Rangárvallasýslu 11. desember 1948.

Mál þetta er höfðað af Guðmundi Árnasyni hreppstjóra, Múla í Landmannahreppi, f. h. búenda í Landmannahreppi með opinberri stefnu, útgefinni 10. marz 1947, til viðurkenningar því, að jörðum í Landmannahreppi og þeim einum fylgi veiðiréttur í Veiðivötnum á Landmannaafrétti og sé öðrum þar óheimil veiði nema með sérstöku leyfi hverju sinni.

Af hálfu stefndu hefur mætt hreppsnefnd Holtahrepps fyrir hreppsins hönd og búenda í Holtahreppi og gert þær dómkröfur í greinargerð, að viðurkenndur verði réttur þeirra til veiði í Fiskivötnum (Veiðivötnum) á Landmannaafrétti til jafns við búendur í Landmannahreppi. Undir rekstri málsins hefur varnaraðili nánar túlkað kröfu sína þannig, að hann mótmælir því, að dómkröfur sóknaraðilja verði teknar til greina, en krefst þess til vara, að viðurkenndur verði veiðirétturinn til jafns við sóknaraðilja. Báðir hafa málsaðiljar krafizt málskostnaðargreiðslu úr hendi hins samkvæmt mati dómarans.

Hreppsnefnd Holtahrepps hefur fengið gjafvarnarleyfi og talsmaður hennar, Sveinbjörn Jónsson hrl., krafizt sér tildæmdra málsvarnarlauna.

Málið var tekið til dóms 6. nóvember síðastl. Áður hafði málið verið tekið til dóms (24. apríl s. l.), en þegar nánar var aðgætt, þótti nauðsyn bera til þess að freista þess að afla frekari upplýsinga um mörk Landmannaafréttar. Á landabréfi því (herforingjaráðskorti), sem lagt hefur verið fram (rskj. nr. 19), reyndist ekki unnt að draga upp mörk afréttarins samkvæmt framlagðri landamerkjaskrá fyrir afréttinn (rskj. nr. 26). Var því ákveðið að fá einn hinn kunnasta mann á þessum slóðum, Ágúst Böðvarsson landmælingamann hjá vegamálastjóra, til þess að ganga frá nýjum uppdrætti af landsvæðinu, sem hér um fjallar, og marka inn á hann landamerkjalínur afréttarins samkvæmt merkjaskránni. Hinn nýi uppdráttur ásamt greinargerð landmælingamannsins var framlagður í réttarhaldinu 6. nóv. s. l.

Þá ber að geta þess, að dómaranum þótti eigi mál þetta þess eðlis, að

ástæða væri til vettvangsgöngu og tilkvaðningar meðdómsmanna. Ágreiningur er að vísu uppi um mörk afréttarins, en eigi þess háttar, að þörf teljist, að úr honum sé skorið, áður dómur gangi í þessu máli, og verður að þessu atriði nánar komið síðar.

Í málflutningi hefur varnaraðili látið liggja orð að því, að óvíst væri, hverjir búendur Landmannahrepps væru. Að því er þetta málsatriði áhrærir, þykir dómaranum fullljóslega fram komið, hverjir þeir eru. Í sérstökum skjölum máls eru tilgreindir eigendur eða fyrirsvarsmenn allra jarða hreppsins, en dómkröfur sóknaraðilja varða einmitt jarðirnar.

Sóknaraðili byggir kröfur sínar á því, að búendur jarða í Landmannahreppi hafa um langt skeið sótt veiðiskap til Veiðivatna (einnig nefnd Fiskivötn) og af þeirri sök þegar hefðað veiðiréttindi í vötnunum undir allar jarðir hreppsins, en um sameiginleg veiðiafnot þeirra hafi verið að ræða. Auk þess hefur sóknaraðili í sóknarskjölum að því vikið, að Landmannahreppur eigi Landmannaafrétt (eignarréttur að landi) og sakir þess hafi búendur hreppsins einir rétt til veiði í vötnunum.

Varnaraðili mótmælir því, að Landmannaafréttur nái norður fyrir Tungnaá, og enn fremur því, að búendur Landmannahrepps hafi með veiðistundan sinni í Veiðivötnum unnið hefð á veiðiréttindum þar sér til handa. Búendur hreppsins hafi engan rétt haft né hafi til veiða þar fram yfir það, sem hver og einn landsins þegn hafi til veiða í fiskivötnum á almenningum. En á afréttinum sé einungis um beitarréttindi að ræða.

Það er fullupplýst í máli þessu, að ýmsir búendur Landmannahrepps hafa stundað veiðar í Veiðivötnum um langt skeið. Enn fremur að þangað hafa einnig sótt til veiðifanga áður fyrr Skaftfellingar og svo búendur úr Holtum að einhverju leyti. Um það, hverjir aðrir hafa veitt þar, eru ekki nánari upplýsingar, en vitað, að einhverjir munu það vera.

Þá þykir rétt að rekja nokkuð aðstöðu á Veiðivatnasvæðinu og upplýsingar framkomnar um afréttarmörk.

Veiðivötn (Fiskivötn) eru í hinni opinberu stefnu talin vera á Landmannaafrétti. Á framlögðum uppdráttum sést (sem alvitað var), að vötn þessi eru norðan Tungnaár. Þau eru víðáttumikill vatnaklasi, vötnin æði mörg og sum þeirra stór. Í sumum þeirra er talin góð silungsveiði, önnur álitin „dauð". Sérstök heiti hafa sum vatnanna. Sóknaraðili hefur afmarkað Veiðivötn á rskj. nr. 19 og merkt þau vatnanna með rauðum krossi, sem hann veit til, að veitt hafi verið í. Samkvæmt þessu afmarkast Veiðivatnasvæðið þannig: Að sunnan ræður Tungnaá og að austan, allt að miðju Jökulvatni, þaðan ræður lína dregin um Hraunskarð nokkuð norður fyrir Hraunvötn, sveigir línan í stefnu á Vatnakvísl, síðan ræður lína aðeins vestan Vatnakvíslar í Tungnaá. Þessi afmörkun Vatnasvæðisins kemur enn ljósar fram á rskj. nr. 19 og þykir ekki betur verða ákveðin, enda af kunnustu mönnum gerð.

Eins og fyrr er drepið á, er ágreiningur um mörk afréttarins. Í dómi frá 1476 (rskj. nr. 17) eru Holtamanna- og Landmannaafréttir taldir vera frá Tungnaá og til Sprengisands vestur í Þjórsá og allt austur í fjallgarð, svo langt sem vötn renna til og frá héraða á millum að réttri tiltölu. Í

„dómi" þessum er ekki greint á milli afrétta, eigi er heldur getið landsins sunnan Tungnaár. Þessi dómur virðist því um mörkin vera óljós, og víst má telja, að hann sé ekki undirstaða þess, að Landmannahreppur og Holtamannahreppur hafi þar með eignazt þær lendur, sem hann fjallar um. Þá kemur hitt til, að upplýst er af hálfu beggja aðilja, að Landmenn hafi ekki rekið fé sitt norður fyrir Tungnaá. Hins vegar hafa bæði Landmenn og Holtahreppsmenn smalað á haustin norður fyrir ána um Veiðivatnasvæðið. Þeir, sem á þessum slóðum hafa smalað, hafa verið taldir smala Öræfin og nefndir Öræfamenn eða Vatnamenn.

Loks er að geta merkjaskrárinnar fyrir Landmannaafrétt (rskj. nr. 26). Hún er undirrituð af hreppsnefndarmönnum Landmanna, Holtamanna og Rangárvallahreppa, dags. 22. okt. 1886 og þingl. árið 1890. Mætti ætla, að mörk afréttarins væru þar svo glöggt ákveðin, að ekki yrði um villzt, að því er varðar þessa hreppa að minnsta kosti. Fyrir liggur skýr uppdráttur, sem þaulkunnugur landmælingamaður hefur reynt að draga inn á markalínur, eftir því sem merkjaskráin segir fyrir. Þá línu, sem hér skiptir höfuðmáli, norðurlínuna, hefur eigi tekizt að draga. Er um að kenna örnefni, sem eigi þekkist. Eftir því sem næst verður komizt, eins og málsatriði liggja hér fyrir, mætti jafnvel ætla, að norðurlína afréttarins fari um Veiðivatnasvæðið nærri mitt, eða þar um bil.

Við uppdráttinn á réttarskj. nr. 43 svo og greinargerðina á rskj. nr. 44 hafa aðiljar engar athugasemdir gert.

Af því, sem hér hefur verið rakið, verður eigi annað álitið en fullkomin óvissa ríki um afréttarmörkin og þá einnig að sjálfsögðu um það, hvort Veiðivötn eru á Landmannaafrétti eða ekki eða hver þeirra, ef einhver væri þar. Spurningin verður nú sú, hvort þessi óvissa um afréttinn verði talin skipta höfuðmáli hér. Álíta verður, að svo sé ekki. Veiðivötnin eru þekkt með nægilegri vissu, og sóknaraðili gerir fyrst og fremst kröfu til veiðiréttar í þeim. Má jafnvel afsaka, að hann hafi í máli þessu talið þau vera á afréttinum, og ekki að vita, hver mörk afréttarins verða ákveðin af þeim aðiljum, sem að lögum um þau mál eiga að fjalla. En hvort sem heldur er, að þau liggi á afrétti eða almenningi eða hvort tveggja, virðist gilda einu í þessu máli, þar sem ekki er sannað, að Landmannahreppur eigi önnur réttindi að sínum afrétti en hin venjulegu, þ. e. beitarréttindi.

Þá er eftir að athuga, hvort búendur Landmannahrepps hafi með veiðistundan sinni í Veiðivötnum unnið jörðum hreppsins einum réttindi til veiði þar.

Frá fornu fari hefur sú regla gilt, að öllum sé heimil veiði í fiskivötnum á almenningi. Reglu þessa verður að telja hafa einnig gilt um afrétti, þar sem einvörðungu er um beitarréttindi að ræða. Regla þessi er lögfest nú í vatnalöggjöfinni frá 1923 og síðan í lögum um lax- og silungsveiði nr. 112/1941, 5. gr., 2. mgr. Síðast í þeirri gr. segir, að því aðeins verði reglunni beitt, að enginn geti sannað einstaklingsréttarlega heimild að landinu. Í 5. gr., 1. mgr., sömu laga er það tilfelli haft fyrir augum, þá er afréttir eru eign eða geti verið eign einstaklinga (héraða o. s. frv.). Eins

og áður getur, eru eigi leiddar að því sannanir, að einstaklingar (hreppur eða hreppar) eigi eða hafi átt land þar, sem Veiðivötn eru.

Niðurstaðan verður því sú, að álíta verður, að öllum hafi verið og sé heimil veiði í Veiðivötnum norðan Tungnaár og búendur í Landmannahreppi hafi því ekki með veiðistundan sinni í þeim vötnum útilokað aðra frá sams konar notkun vatnanna. Krafa sóknaraðilja, að viðurkennt verði með dómi, að jörðum í Landmannahreppi og þeim einum fylgi veiðiréttur í Veiðivötnum og sé öðrum þar óheimil veiði nema með sérstöku leyfi hverju sinni, verður því eigi tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður, en skipuðum talsmanni sóknaraðilja ákveðast hæfileg málsvarnarlaun, kr. 700.00, sem greiðist úr ríkissjóði.

Dráttur sá, sem orðið hefur á máli þessu frá 24. apríl s. l., stafar m. a. af því, að á tímabilið síðan hafa fallið sýslunefndarstörf, undirbúningur manntalsþingaferða og þingaferðir. Auk þess hefur dómarinn orðið síðustu vikurnar að vera fjarverandi sakir starfa í Reykjavík að aðkallandi málefnum héraðsins.

Því dæmist rétt vera:

Krafa sóknaraðilja, Guðmundar Árnasonar f. h. búenda í Landmannahreppi, að viðurkennt verði með dómi, að jörðum í Landmannahreppi og þeim einum fylgi veiðiréttur í Veiðivötnum, skal ekki tekin til greina.

Málskostnaður falli niður, en málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns varnaraðilja, Sveinbjörns Jónssonar hrl., kr. 700.00, greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 17. maí 1950.

Nr. 75/1948. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Sighvati Blöndahl og gagnsök
(Gústaf A. Sveinsson).

Fébótamál samkvæmt lögum nr. 99/1943.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. júní 1948. Krefst hann þess að verða einungis dæmd-

ur til að greiða gagnáfrýjanda kr. 52424.97, að vaxtatími verði styttur og málskostnaður í héraði lækkaður eftir mati Hæstaréttar. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. júní 1948. Krefst hann þess *aðallega*, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 100000.00 með 6% ársvöxtum frá 8. desember 1944 til greiðsludags og málskostnað í héraði, en *til vara*, að héraðsdómurinn verði staðfestur. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Ekki er í ljós leitt, að úttekt, sem gagnáfrýjandi ætti kost á að vera við, hafi farið fram á eignum hans í Engey, er herstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku tók við þeim úr höndum herstjórnar Breta. Sönnur hafa ekki heldur verið leiddar á annan hátt að spjöllum Breta á eignunum. Að svo vöxnu máli verður að telja aðaláfrýjanda skyldan til greiðslu bóta fyrir spjöll þau, er í málinu greinir, samkvæmt ákvæðum laga nr. 99/1943. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir bera að staðfesta hann og dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda kr. 3000.00 í málskostnað í Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Sighvati Blöndahl, kr. 3000.00 í málskostnað í Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. marz 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., hefur Sighvatur Blöndahl cand. jur., Suðurgötu 18, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 8. desember 1944 gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 100000.00 og málskostnaðar að mati dómara. Við dómtöku málsins krafðist hann og 6% ársvaxta af bótakröfu sinni frá stefnudegi til greiðsludags.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar, en jafnframt hefur hann borið fram þrjár *varakröfur* um

lækkun á dómkröfum stefnanda svo og að málskostnaður verði þá látinn falla niður. Er hin fyrsta sú, að bætur til stefnanda verði ekki ákveðnar hærri en kr. 16133.30, hin önnur, að bætur til stefnanda fari ekki yfir kr. 56673.53, og þrautavarakrafan, að bætur verði ekki dæmdar hærri en kr. 80181 29. Hins vegar hefur hann samþykkt, að dæma megi um vaxtakröfu stefnanda, þótt eigi sé hennar getið í stefnu.

Málavextir eru þeir, að hinn 10. maí 1940 var stefnandi sviptur umráðum fasteignar sinnar, Engeyjar I í Seltjarnarneshreppi, en eignarhluti hans nam ⅔ hlutum eyjarinnar. Atvik þau, er þessu ollu, voru hernám Breta á Íslandi. Settust hermenn að í eyjunni og héldu henni allri. Er setulið Bandaríkja Norður-Ameríku flutti herlið á land hér, tók það og ráð Engeyjar og hélt henni til 8. desember 1944. Hinn 5. apríl 1945 lét stefnandi dómkveðja menn til þess að meta spjöll á eignum þessum og endurgjald fyrir afnotamissi. Matsgerðir þessar hafa eigi verið véfengdar, og eru niðurstöður þeirra sem hér segir:

Landspjöll:

a) 1.	Hreinsun 23 hermannaskálagrunna	kr. 13800.00
2.	Hreinsun og fylling 4 fallbyssustæða	— 6000.00
3.	Kostnaður af endurrækt 3,2 ha lands	— 4800.00
	Samtals	kr. 24600.00

b) Bætur lendingarvarar:

Tekið hafði verið grjót úr sjávarkambi og hlaðin bryggja í vörina að stefnanda forspurðum. Er skoðun og mat fóru fram, var bryggja þessi stórlega löskuð af sjávargangi og hafði grjót úr henni borizt um vörina og valdið hættum í lendingu. Miðuðu matsmenn mat sitt við það, að bryggjan yrði flutt burt og hlaðinn garður úr grjóti því, sem til hennar fór, ætlaður til varnar vör og landi. Töldu þeir kostnað sem hér segir:

1.	Flutningur bryggju og hreinsun varar	kr. 9333.34
2.	Hleðsla bryggjugrjóts í garð	— 6000.00
3.	Annað hleðsluefni og hleðsla þess	— 30000.00
	Samtals	kr. 45333.34

en þessa fjárhæð töldu matsmenn rétt að lækka vegna þess, að landvörn, er með þessu fengist, væri verðmeiri og traustari en varnir þær, sem áður voru fyrir hendi. Töldu þeir bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 29783.34.

Krafa stefnanda um bætur fyrir landspjöll nemur því samtals kr. 54383.34.

Spjöll á íbúðarhúsi stefnanda voru metin kr. 15860.00, en mánaðarleiga eftir húsið auk áfastra skúra og skúrs við bryggjuhús var metin kr. 285.00.

Loks voru bætur til stefnanda fyrir missi jarðarnota og dúntekju metnar kr. 5600.00 á ári.

Telur stefnandi, að setulið Bandaríkjanna hafi haft eignir hans í sinni

vörzlu frá 8. maí 1941 til 8. des. 1944, eða í 3 ár og 7 mánuði, og telur sig því eiga bótakröfu samkvæmt síðastnefndum tveim liðum, er nemi kr. 32321.33, og nemur heildarkrafa hans því kr. 102564.67 (kr. 54383.34 + kr. 15860.00 + kr. 32321.33), en vegna ákvæða laga nr. 99 frá 1943, er stefnandi reisir á kröfur sínar, er hámark stefnukröfunnar, svo sem fyrr segir, kr. 100000.00.

Stefndi byggir aðalkröfu sína á því, að ósannað sé, að spjöll á eignum stefnanda hafi verið unnin af herliði Bandaríkjamanna, en það sé skilyrði bótagreiðslu úr ríkissjóði. Bendir stefndi á það, að herlið Breta hafi setið í eynni rúmlega eins árs skeið, og kveður vitað, að þær hersveitir hófu þegar miklar aðgerðir og rask á eynni. Hefur stefndi og véfengt, að leigugreiðslur falli undir ákvæði laga nr. 99 frá 1943 og auk þess bent á, að stefnandi eða umboðsmaður hans hafa hafnað boði Bandaríkjamanna um leigugreiðslu að fjárhæð kr. 7395.08.

Fyrri varakröfu sína byggir stefndi á því, að sér sé einungis skylt að greiða leigu eftir not Bandaríkjamanna og miðar fjárhæðina við fyrrgreinda matsgerð og niðurstöðu hennar um bætur fyrir land- og dúnmissi, þ. e. kr. 5600.00 árlega. Telur hann tímabilið hefjast 7. júlí 1941 og ljúka 8. des. 1944 og því standa 41 mánuð og fjárhæð eftirgjaldsins því kr. 19133.30, en frá henni beri að draga kr. 3000.00, er hann telur stefnanda hafa haft í tekjur af eign sinni á tímabilinu fyrir hagabeit í eynni, þannig að fjárhæðin nemi alls kr. 16133.30.

Síðari varakröfu sína rökstyður stefndi á þá leið, að yrði litið svo á, að sér bæri, auk leigunnar, kr. 16133.30, að bæta stefnda landspjöll, geti þær bætur þó aldrei orðið hærri en kr. 40540.23. Þá fjárhæð finnur stefndi með því að skipta landspjallabótum í hlutfalli við tímalengd dvalar Bandaríkjamanna, miðað við allan hernámstíma eyjarinnar, en það telur hann, eins og fyrr segir, 41 mánuð af 55 alls. Fjárhæðin verði því ekki yfir kr. 56673.53 (kr. 16133.30 + kr. 40540.23).

Loks er þrautavarakrafan. Bætir stefndi þar við síðari varakröfufjárhæðina bótum fyrir skemmdir á íbúðarhúsinu, kr. 15860.00, svo og húsaleigu kr. 285.00 á mánuði, og er þá hvort tveggja miðað við 41 mánaða skeið, þannig að fyrri talan verður kr. 11822.76, en síðari talan kr. 11685.00. Fjárhæð þrautavarakröfu stefnda verður því kr. 80181,29 (kr. 16133.30 + kr. 40540.23 + kr. 11822.76 + kr. 11685.00).

Svo sem lýst hefur verið hér að framan, var stefnandi sviptur umráðum eigna sinna í Engey í maímánuði 1940, og í gögnum málsins þykir vera nægjanlega í ljós leitt, að hvorki átti hann þess kost að fylgjast með meðferð þeirra og ástandi af eiginni raun né heldur var honum nokkur tilkynning gefin um þetta. Ástand eignanna og tjón það, sem þeim hafði unnið verið, varð eigi ljóst honum, fyrr en þeim var skilað í hendur honum, en þann dag lét hann gefa út stefnu í máli þessu, að því er virðist til varúðar vegna ákvæða 4. gr. i. f. laga nr. 99 frá 1943. Eins og á stóð, verður því ekki komizt hjá að telja stefnanda eiga þess enn síður kost en stefnda að færa sönnur á það, hvenær spjöll þau voru framin á eignum hans, er í máli þessu ræðir. Verður samkvæmt þessu að líta svo á, að

stefndi beri halla af sönnunarbresti um staðhæfingar þær, er hann styður sýknukröfu sína við, og telja hann bótaábyrgan gagnvart stefnanda að því marki, sem lög nr. 99 frá 1943 setja.

Verður því næst fyrir að athuga fjárhæð bótanna. Þess hefur fyrr verið getið, að matsgerðirnar hafa ekki verið véfengdar út af fyrir sig. Þó er þar á ein undantekning, sem síðar verður greind. Svo sem ráðið verður af framanritaðri lýsingu á varakröfum stefnda, hefur hann talið, að öllum bótakröfum, einnig þeim, er af landspjöllum og húsaskemmdum rísa, beri að skipta í hlutfalli við tímalengd dvalar Bandaríkjamanna, er miðað sé við alla hersetu í eynni. Eigi er unnt að fallast á þessa staðhæfingu hans, og verða kröfur stefnanda samkvæmt þessum liðum, kr. 54383.34 og kr. 15860.00, því til greina teknar óbreyttar. Þá er næst krafa stefnanda um bætur fyrir missi landnota og dúntekju. Þótt fallast megi á það með stefnda, að eigi væri rétt að sækja hann um leigugreiðslu almennt á grundvelli margnefndra laga, ber á það að líta, að hér var um að ræða töku landsins að óvild stefnanda, og þykja þær aðgerðir setuliðsins falla undir 1. gr. laganna og stefnda því skylt að bæta stefnanda tjón hans af þeim. Þótt nægjanlega þyki í ljós leitt (í dómskjali nr. 9), að herlið Bandaríkjanna tók sér setu í eynni í maímánuði 1941, verður samkvæmt 6. gr. laga nr. 99 frá 1943 að miða upphaf tímabils þess, sem stefnandi á bætur fyrir, við 7. júlí 1941, en sem fyrr segir lauk því 8. desember 1944 og stóð því í 3 ár og 5 mánuði. Þykir rétt að miða bæturnar við matsgerðina, sem eigi hefur verið véfengd, svo sem fyrr var sagt, og verður fjárhæðin því kr. 19133 33. Áður var á það drepið í sambandi við fyrri varakröfu stefnda, að stefnandi hafði á tímabilinu tekjur af hagbeit í eynni, og taldi stefndi þær hafa verið kr. 1000.00 á ári, samtals kr. 3000.00. Stefnandi hefur mótmælt þessu, en viðurkennt að hafa fengið kr. 1000.00 um tímabilið, en annað ekki. Verða því aðeins kr. 1000.00 dregnar frá og stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 18133.33 samkvæmt þessum lið.

Loks er krafan um bætur fyrir notamissi íbúðarhúss og skúra. Um réttmæti kröfunnar og tímabil það, er bætur miðast við, vísast til þess, sem sagt var í næsta lið á undan. Um fjárhæðina gegnir þó öðru máli. Stefndi hefur eindregið mótmælt matsfjárhæðinni og þeim grundvelli, er matsmenn miðuðu hana við, og þykir eigi með öllu unnt að ganga fram hjá þeim mótmælum hans. Dómari hefur að vísu eigi skoðað húsið sjálfur, en með hliðsjón af þeim gögnum, sem fyrir liggja um gerð þess og ástand og annað, er máli þykir skipta, verða hæfilegar bætur samkvæmt þessum lið taldar kr. 8200.00.

Úrslit málsins verða því þessi: Stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda bætur samtals að fjárhæð kr. 96576.67 (kr. 54383.34 + kr. 15860.00 + kr. 18133.33 + kr. 8200.00) með vöxtum, eins og krafizt var, svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 11000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Sighvati Blöndahl, kr. 96576.67 með 6% ársvöxtum frá 8. desember 1944 til greiðsludags og kr. 11000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. maí 1950.

Nr. 105/1948. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs** (Sigurður E. Ólason)

gegn

Brynjólfi Brynjólfssyni og dánarbúi Bjarna Brynjólfssonar (Sveinbjörn Jónsson).

Fébótamál samkvæmt lögum nr. 99/1943.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. ágúst 1948, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. s. m. Krefst hann þess, að fjárhæð sú, sem dæmd var í héraði, verði lækkuð og vextir af henni dæmdir frá síðara tímamarki en í héraðsdómi greinir. Svo krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda eftir mati dómsins.

Ekki er í ljós leitt, að úttekt, er stefndu væri veittur kostur á að vera við, hafi farið fram á eignum þeirra í Engey, er herstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku tók við þeim úr höndum herstjórnar Breta. Sönnur hafa ekki heldur verið leiddar á annan hátt að spjöllum herliðs Breta á eignunum. Að svo vöxnu máli verður að telja áfrýjanda skyldan til greiðslu fullra bóta á tjóni stefndu. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann og dæma áfrýjanda til að greiða stefndu kr. 1500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefndu, Brynjólfi Brynjólfssyni og dánarbúi Bjarna Brynjólfssonar, kr. 1500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. apríl 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. þ. m., hefur Brynjólfur bóndi í Engey Brynjólfsson fyrir sína hönd og erfingja Bjarna Brynjólfssonar frá Engey höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 17. janúar 1946 gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 12000.00 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Í framhaldsstefnu útgefinni 5. október 1946 krafðist stefnandi enn fremur úr hendi stefnda bóta að fjárhæð aðallega kr. 34450.00, til vara kr. 20000.00, en til þrautavara kr. 14000.00. Við dómtöku málsins lækkaði stefnandi kröfur sínar í framhaldssök í kr. 4666.66, en áskildi sér jafnframt rétt til heimtu mismunarins, kr. 29783.34, úr hendi Sighvats Blöndahls, eiganda Engeyjar I, en með dómi bæjarþingsins 22. f. m. í málinu nr. 609/1944 var stefndi dæmdur til að greiða nefndum Sighvati þessa fjárhæð. Jafnframt krefjast stefnendur 6% ársvaxta frá stefnudegi svo og málskostnaðar í framhaldssök.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar í báðum sökum, en *til vara* sýknu í framhaldssök samhliða lækkun á dómkröfum stefnanda í frumsök og að málskostnaður falli þá niður.

Málavextir eru þessir:

Af hálfu stefnenda er svo frá skýrt, að í maímánuði 1941 hafi setulið Bandaríkja Norður-Ameríku setzt að í Engey í Seltjarnarneshreppi, en stefnendur áttu ⅓ hluta hennar (Engey II), og reist á landi þeirra 20 hermannaskála. Þá hafi verið tekið grjót úr sjávarkampi suðaustan við lendingarvör eyjarinnar og notað til þess að hlaða bryggju í vörina. Bryggjan hafi síðan laskazt svo mjög, að grjót úr henni hafi borizt um vörina og gert lendingu þar svo hættulega, að varla sé vörin nothæf, en lækkun kampsins hafi haft í för með sér skemmdir á landi af sjávargangi og grjótruðningi, er honum fylgdi. Er setuliðið rýmdi eyna, hinn 15. janúar 1945 að sögn stefnenda, hugðu landeigendur til skaðabóta, og hinn 5. apríl sama ár lét eigandi Engeyjar I dómkveðja menn til skoðunar og mats spjalla á eignum sínum, og hafa stefnendur máls þessa stuðzt við matsgerðir manna þessara í kröfugerð sinni. Meðal annars var kostnaður af að hreinsa grunnstæði hvers hermannaskála metinn kr. 600.00, og reisa stefnendur á því kröfu sína í frumsök. Mat sitt á bótum vegna lendingar og sjávarkamps miðuðu matsmenn við það, að bryggjan

yrði flutt burt, en grjótið úr henni notað til að hlaða garð til varnar vör og landi, og töldu þeir kostnað sem hér segir:

1. Flutningur bryggju og hreinsun varar	kr.	14000.00
2. Hleðsla bryggjugrjóts í garð	—	6000.00
3. Annað hleðsluefni og hleðsla þess	—	30000.00
Samtals	kr.	50000.00

Jafnframt litu matsmenn svo á, að bætur þessar bæri að lækka í kr. 34450.00 vegna þess, að sú landvörn, sem hinn nýi garður veitti, yrði verðmeiri og traustari en varnir þær, sem áður voru fyrir hendi. Enn fremur töldu matsmenn samkvæmt upplýsingum, sem þeim bárust, að bætur til eiganda Engeyjar I samkvæmt 1. töluliðnum ættu að lækka um kr. 4666.66, þar eð hann ætti aðeins ⅔ hluta eyjarinnar. Er af þessu ljóst, við hver rök stefnendur styðja kröfugerð sína í framhaldssök, en þeir telja vörina alla og land að henni fylgja sínum eignarhluta, þ. e. Engey II.

Stefndi byggir aðalkröfu sína á því, að herlið Breta, sem sat í eynni frá því í maí 1940 til jafnlengdar 1941, hafi valdið öllum spjöllum þeim, er þar voru unnin, og séu því eigi fyrir hendi skilyrði til greiðslu bóta úr ríkissjóði. Gegn eindregnum mótmælum stefnenda hefur stefndi eigi fært sönnur á þessa staðhæfingu sína. Í málinu er upp komið, að leigusamningur var gerður með stefnendum og setuliði Bandaríkjanna, en af hálfu stefnda hefur verið viðurkennd skylda hans til að bæta tjón það, sem orðið hefur í leigutíð herstjórnar Bandaríkjanna. Því er ómótmælt haldið fram í málinu, að stefnendur áttu þess ekki kost að láta fara fram úttekt eða skoðun, þegar brezka setuliðið yfirgaf eyna og Bandaríkjamenn tóku að sér vörzlu hennar. Eins og á stóð, þykir stefndi því verða að bera halla af sönnunarbresti um þá staðhæfingu sína, að tjónið hafi orðið vegna aðgerða brezka setuliðsins. Verður stefndi því talinn bótaskyldur gagnvart stefnendum og sýknukrafa hans því eigi til greina tekin.

Varakröfu sína styður stefndi þeim rökum, að matsgerðin sé á röngum grundvelli byggð og kostnaður of hátt metinn. Að því er frumsök varðar, hefur stefndi að svo stöddu fallið frá að véfengja skýrslu stefnenda um tölu og ástand grunnstæðanna, en talið kostnað óhæfilega hátt metinn við hreinsun þeirra. Mótmæli hans þykja eigi svo sterkum rökum studd, að unnt sé að taka þau til greina, og verða bætur því miðaðar við matsgerðina, sem á engan hátt hefur verið hnekkt, og krafa stefnenda í frumsök því til greina tekin.

Að því er framhaldssök varðar, hefur stefndi haldið því fram, að fjarri lagi sé það álit matsmanna að taka beri burtu bryggjuna, því að hana telur stefndi vera til mikilla lendingarbóta og eigi sæma að rífa slíkt mannvirki. Matsgerðinni hefur eigi verið áfrýjað til yfirmats og á engan hátt verið hnekkt. Þykir því verða að leggja til grundvallar það álit matsmanna, að bryggjan sé ónýt orðin og valdi hún beint og óbeint vandkvæðum á lendingu í vörinni, svo og það, að hagkvæmast sé til bóta vör

og landi, að bryggjan sé rifin. Samkvæmt þessu ber að taka til greina óbreytta kröfu stefnenda í framhaldssök.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnendum kr. 16666.66 með vöxtum, eins og krafizt var, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1700.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnendum, Brynjólfi Brynjólfssyni og erfingjum Bjarna Brynjólfssonar, kr. 16666.66 með 6% ársvöxtum af kr. 12000.00 frá 17. janúar 1946 til 5. október 1946 og af kr. 16666.66 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 1700.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. maí 1950.

Nr. 31/1949. **Útgerðarfélag Sauðárkróks** (Theodór B. Líndal)
gegn
Magnúsi Guðmundssyni (Ragnar Ólafsson).

Krafizt greiðslu á eftirstöðvum kauptryggingar og orlofseyris háseta.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn hafa kveðið upp Sigurður Sigurðsson, bæjarfógeti á Sauðárkróki, og samdómsmennirnir Ásgrímur Einarsson skipstjóri og Sveinn Sölvason formaður.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. janúar 1949, gerir þær dómkröfur, að dæmd fjárhæð verði lækkuð í kr. 1030.38 ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Svo krefst hann þess, að málskostnaður í héraði verði felldur niður, en að honum verði dæmdur málskostnaður í Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt kauptryggingar til 18. september 1948, en leitt er í ljós, að áfrýjandi gerði ekki reikningsskil fyrr en á dómþingi 14. október s. á. Þegar litið er til þessa, þykir ekki ástæða til að taka til greina kröfu áfrýjanda um lækkun hinnar dæmdu fjárhæðar samkvæmt 35. gr. laga nr. 7/1936. Með skírskotun til þessa og að öðru leyti til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 700 krónur í málskostnað í Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Útgerðarfélag Sauðárkróks, greiði stefnda, Magnúsi Guðmundssyni, 700 krónur í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Sauðárkróks 6. nóvember 1948.

Mál þetta, sem var dómtekið 4. þ. m., hefur Magnús Guðmundsson, sjómaður í Drápuhlíð 23, Reykjavík, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefinni 30. sept. síðastl. á hendur Útgerðarfélagi Sauðárkróks á Sauðárkróki á eftirstöðvum kauptryggingar og orlofsfjár stefnanda, er var á síldveiðum á v/b Eiríki S.K. 2 á síðastliðnu sumri. Hefur stefnandi gert þær kröfur í málinu, að stefndur verði dæmdur til að greiða honum lágmarkskaup og orlofsfé frá 3. júlí til 18. september þ. á., samkvæmt samningi milli stéttarfélaga sjómanna og útgerðarmanna um kaup og kjör á síldveiðum, að frádregnum fæðiskostnaði hans á v/b Eiríki og meðteknum greiðslum upp í kaupið. Er krafan samkvæmt framlögðum reikningi stefnanda brúttó kr. 4508.00, en þar frá ganga kaupgreiðslur, úttekt og matarverð, samtals kr. 2103 92, samkvæmt reikningi, er stefndi hefur lagt fram í málinu, og er frádráttarupphæð þessi samþykkt af stefnanda í málflutningnum. Verður greiðslukrafan þannig kr. 2404.08, er stefnandi krefst dóms fyrir ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins og að viðurkennt verði sjóveð í v/b Eiríki S.K. 2 fyrir kröfum hans. Loks hefur stefnandi krafizt, að viðurkenndur verði réttur hans til að fá kauptryggingu úr hendi stefnda samkvæmt framangreindum samningi um kaup og kjör á síldveiðum, dags. 1. júlí 1945, frá 18. sept. 1948 til þess dags, er stefndi greiðir honum kauptryggingar hans að fullu.

Stefndi hefur aftur á móti viðurkennt, að hann skuldi stefnanda kr. 1030.38 með 5% ársvöxtum til greiðsludags, en krafizt sýknu af kröfum stefnanda að öðru leyti og málskostnaðar eftir mati réttarins, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Tildrög málsins eru þau, að stefnandi var skráður háseti á v/b Eirík 3. júlí, en var skráður úr skiprúmi 20. ágúst þ. á. sökum vélbilunar í bátnum. Er stefnandi var afskráður, hafði honum verið greitt lágmarkskaup samkvæmt framangreindum samningi frá 1. júlí 1945, að undanteknum framangreindum kr. 1030.38, eins og viðskiptareikningur sá, er stefndi hefur lagt fram í málinu, sýnir, en full reikningsskil af hálfu stefnda voru þá ekki tilbúin. Hafa stefnanda ekki verið gerð reikningsskil að fullu, fyrr en stefndi lagði fram viðskiptareikninginn í máli þessu 14. október síðastliðinn, er málið var þingfest.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að samkvæmt 9. gr. framangreinds samnings stéttarfélaga sjómanna og útgerðarmanna frá 1. júlí 1945 beri honum hið tryggða lágmarkskaup til þess dags, er honum er að fullu greitt (greiðsludags).

Stefndi hefur haldið því fram, að honum hafi ekki verið auðið að gera skipverjum á v/b Eiríki full reikningsskil og greiða þeim að fullu, þegar skráning þeirra úr skiprúmi fór fram, vegna þess að á þeim tíma hafi margir reikningar um matarúttekt skipverja og vöruúttekt, utan Sauðárkróks, enn þá verið ókomnir í hendur útgerðarinnar, enda hafi þeir ekki komið fyrr en í septemberlok. Þá hafi og greiðsla frá Síldarverksmiðjum ríkisins ekki heldur borizt útgerðinni fyrr en 6. september og greiðsla fyrir fersksíld frá „Húnasíld" á Skagaströnd ekki fyrr en 25. september. Fullnaðaruppgerð við skipverja á v/b Eiríki hafi því ekki getað farið fram fyrr en í byrjun októbermánaðar, enda hafi ekki verið eftir henni gengið, að því undanteknu, að Ragnar Ólafsson hæstaréttarlögmaður í Reykjavík hafi síðara hluta septembermánaðar átt símtal við sig og spurzt fyrir um, hvort ekki væri hægt að gera upp við skipverja. En stefndi kveðst hafa svarað, að hann gæti ekki ákveðið dag fullnaðaruppgerðar, en hún skyldi fara fram svo fljótt, sem tök væru á. Heldur hann því fram, að uppgerð, að svo miklu leyti, sem auðið var, hafi farið fram 20. ágúst s. l. og beri stefnanda ekki kaup eftir þann dag. Hefur hann skírskotað til 16. gr. margnefnds samnings þessu til styrktar. Á þessa málsútlistun stefnda verður ekki fallizt, með því að umrædd grein samningsins fjallar um greiðslu aflahlutar, en ekki kauptryggingar. Verður rétturinn að líta svo á, að fullnaðaruppgerð af hálfu stefnda hefði getað farið fyrr fram en raun varð á, ef rösklega hefði verið á haldið og reikningsskilin undirbúin frá öndverðu. Verður að réttarins áliti hvorki lögð viðari né þrengri merking í orðið „uppgerðardagur" í 9. gr. margnefnds samnings en hin almenna málvenja um merkingu orðsins „uppgerð" vísar til, en það er reikningsskil og reikningsskiladagur. En hins vegar virðist regla samningsins um greiðslu lágmarkskaups til uppgerðardags undantekningarlaus. Og með því að því er ekki haldið fram af stefnda hálfu, að stefnandi hafi átt sök á drætti þessum, er varð á reikningsskilunum, ber að taka framangreinda kaupgreiðslukröfu stefnanda til greina og dæma stefnda til að greiða honum kr. 2404.08 með 5% ársvöxtum til greiðsludags og kr. 450.00 í málskostnað. Þá ber að viðurkenna sjóveðrétt í v/b Eiríki S.K. 2 fyrir þessum upphæðum.

Með tilvísun til þess, er að framan er greint, verður ekki fallizt á, að stefnandi eigi rétt til áframhaldandi kauptryggingar, eftir að reikningsskil milli aðilja voru fram komin, og verður því krafa stefnanda um viðurkenningu á rétti til kauptryggingar til greiðsludags ekki tekin til greina, og ber að sýkna stefnda af henni.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Útgerðarfélag Sauðárkróks, greiði stefnandanum, Magnúsi Guðmundssyni, kr. 2404 08 með 5% ársvöxtum frá 30. september 1948 til greiðsludags og kr. 450.00 í málskostnað.

Stefnandi hefur sjóveð í v/b Eiríki S.K. 2 fyrir framangreindum upphæðum, en stefndi á að öðru leyti að vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. maí 1950.

Nr. 162/1949. **Ákæruvaldið** (Guttormur Erlendsson)
gegn
Ragnari Frímann Kristjánssyni
(Ragnar Ólafsson).

Öflun framhaldsgagna.

Úrskurður Hæstaréttar.

Sækjandi og verjandi máls þessa fyrir Hæstarétti hafa æskt þess sameiginlega, að ákveðið verði, að rannsókn fari fram á andlegri heilbrigði Ragnars Frímanns Kristjánssonar, áður en dómur gengur í Hæstarétti.

Eftir að dómsmálaráðuneytið hafði lagt fyrir með bréfi dags. 13. sept. 1948, að mál Ragnars Frímanns Kristjánssonar skyldi að nýju lagt undir úrskurð dómstóla samkvæmt ákvæðum 62. gr. laga nr. 19/1940, hefur ekki farið fram alhliða rannsókn sérfróðs læknis á andlegu heilsufari hans. Að vísu hefur fram komið álitsgerð dr. med. Helga Tómassonar yfirlæknis, dags. 29. maí 1949, en hún mun aðeins reist á gögnum þeim, sem fyrir lágu í málinu, en ekki rannsókn á að-

ilja sjálfum. Þykir nauðsyn til bera, að sérfræðingur í geðsjúkdómum rannsaki andlegt heilsufar Ragnars Frímanns Kristjánssonar, áður en málið er dæmt í Hæstarétti, og ber héraðsdómara að hlutast til um, að það verði gert svo fljótt, sem kostur er á, og álitsgerðin því næst send Hæstarétti.

Ályktarorð:

Héraðsdómari skal annast öflun ofangreindra gagna.

Mánudaginn 22. maí 1950.

Nr. 59/1949. **J. K. Havsteen & Co. h/f** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Júlíusi K. Havsteen (Ragnar Jónsson).

Ágreiningur um verðlagningu eigna, sem stofnandi hlutafélags hafði afhent félaginu, að sumu leyti til greiðslu hlutafjárframlags og að sumu leyti gegn endurgjaldi í peningum.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. marz 1949, gerir þær kröfur, að kveðið verði á um það með dómi, að áfrýjanda sé einungis skylt að greiða stefnda kr. 51332.89 fyrir vélakost þann, sem í málinu greinir, og að stefnda verði dæmt að greiða áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi gerir þessar dómkröfur: *Aðallega* að héraðsdómurinn verði staðfestur, *til vara*, að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 40422.04 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. september 1948 til greiðsludags, *til þrautavara*, að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 8000.00 með vöxtum, eins og að framan segir, og *loks*, að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt stofnsamningi, dags. 12. júlí 1946, skyldi stefndi

selja áfrýjanda vélar til verksmiðjunnar fyrir ísl. kr. 223000.-00, og skyldu kr. 102000.00 af söluverðinu ganga til greiðslu á hlutafé því, kr. 102000.00, sem stofnendur búsettir í Danmörku, þ. e. stefndi, móðir hans og systir, skyldu leggja til hlutafélagsins, en afgang söluverðsins átti hlutafélagið að greiða stefnda í peningum. Þegar stofnsamningurinn var gerður, höfðu stofnendur óvenslabundnir stefnda ekki haft færi á því að athuga vélarnar og kynna sér verðmæti þeirra, en af bréfi stofnandans Vigfúsar Þ. Jónssonar heildsala til stefnda, dags. 14. ágúst 1946, virðist ljóst, að nefnd fjárhæð söluverðs hafi verið tiltekin í stofnsamningi einkum í því skyni að láta líta svo út gagnvart lánstofnunum, að verðmæti vélanna væri þetta, og auðvelda á þann hátt lánsfjáröflun o. fl.

Hinn 28. ágúst 1946 gerði stefndi samning við A/S Grenaa Dampvæveri um kaup á vélakosti þeim, sem málið er af risið. Var kaupverðið ákveðið d. kr. 37864.49, sem með þáverandi gengi jafngilti ísl. kr. 51332.89, en vélarnar höfðu komið til Akureyrar hinn 11. ágúst 1946. Hinn 30. s. m. gaf stefndi út vörureikning til áfrýjanda fyrir söluverði vélanna, að fjárhæð d. kr. 142442.04, án þess að gera nokkra grein fyrir þeirri verðlagningu. Við tollgæzluafgreiðslu á Íslandi var kaupsamningnum, sem stefndi gerði við A/S Grenaa Dampvæveri, framvísað, og tollur greiddur samkvæmt kaupverði því, sem þar er tilgreint. Hófust nú deilur milli stefnda og stofnendanna Vigfúsar Þ. Jónssonar og konu hans um það, hvert verð áfrýjandi skyldi greiða fyrir vélarnar. Bauðst stefndi til að færa söluverðið niður í ísl. kr. 142442.04, en ekki náðist samkomulag, og var því mál þetta höfðað.

Samkvæmt beiðni fyrirsvarsmanns áfrýjanda framkvæmdu dómkvaddir menn mat á verðmæti vélanna, og er matsgerð þeirra dagsett hinn 23. apríl 1948. Mátu þeir vélarnar samtals á ísl. kr. 83067.93. Í matsfjárhæðinni er m. a. falið flutningsgjald fyrir vélarnar til Íslands, vátrygging, hafnargjöld, tollur og kostnaður við niðursetning þeirra, en gjöld þessi hafði áfrýjandi greitt. Þegar litið er annars vegar á þetta og hins vegar á það, að vélarnar höfðu verið í notkun á Akureyri á annað ár, þykir hæfilegt með hliðsjón af matinu, sem ekki

hefur verið skotið til yfirmats, að telja verðmæti vélanna, er áfrýjandi tók við þeim, ísl. kr. 65000.00.

Stefndi var einn af stofnendum hlutafélagsins. Honum bar því ásamt öðrum stofnendum skylda til að gæta þess, að eignir þær, sem hann lagði fram til lúkningar á hlutafé sínu og venslamanna sinna, væru ekki ofmetnar til verðs. Gat hann samkvæmt þessu ekki krafið áfrýjanda um meira en sannvirði vélakostsins, en það verður að teljast kr. 65000.00, eftir því sem að framan segir. Er áfrýjanda einungis skylt að reikna stefnda vélarnar þessu verði til lúkningar hlutafé hans.

Af því, sem nú var rakið, leiðir, að áfrýjandi á að vera sýkn af kröfum þeim, er stefndi gerði á hendur honum í gagnsök í héraði.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Í máli þessu hafa þeir Vigfús Þ. Jónsson, fyrirsvarsmaður áfrýjanda, og Björn Halldórsson héraðsdómslögmaður lagt fram á dómþingi Akureyrar 6. sept. 1948 svonefnt endurrit af fundargerð stofnfundar frá 12. júlí 1946. Sá fundur var ekki haldinn, en nefnd fundargerð hafði verið samin af þeim og undirrituð af þremur stofnendum sumarið 1947. Þá hafa þeir Vigfús og Björn og lagt fram endurrit af fundargerð stjórnarfundar frá sama degi, og er hún undirrituð af tveimur stjórnendum, en sá fundur var ekki heldur haldinn. Fyrir framlagningu þessara röngu skjala í máli þessu verður að dæma þeim Vigfúsi Þ. Jónssyni og Birni Halldórssyni samkvæmt 4. lið 188. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 14/1948, 800 króna sekt hvorum til ríkissjóðs, og afplánist sekt hvors þeirra 6 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dómsorð:

Áfrýjanda, J. K. Havsteen & Co. h/f, er rétt að reikna stefnda, Júlíusi Havsteen, vélakost þann, sem í málinu greinir, á kr. 65000.00 til lúkningar á hlutafé hans í hlutafélaginu.

Áfrýjandi á að vera sýkn af kröfum þeim, er stefndi gerði í gagnsök í héraði.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Vigfús Þ. Jónsson, heildsali á Akureyri, og Björn Halldórsson, héraðsdómslögmaður, greiði hvor 800 króna sekt til ríkissjóðs, og afplánist sekt hvors þeirra 6 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 28. desember 1948.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 17. þ. m., hefur aðalstefnandi, Vigfús Þ. Jónsson og Huld Jóhannesdóttir f. h. J. K. Havsteen & Co. h.f., hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 7. ágúst s. l. á hendur Júlíusi K. Havsteen, Hafnarstræti 71, hér í bæ, og gerir þær kröfur fyrir dómi, að viðurkennt verði, að kaupverð á síðargreindum bómullariðnaðarvélum sé kr. 51332.89 og að aðalstefndi leggi fram full skilríki fyrir því, að afnumin séu eignarhöft, sem aðalstefndi hefur stofnað um téðar vélar. Þá krefzt hann málskostnaðar úr hendi aðalstefnda. Við munnlegan flutning málsins var því yfirlýst af hálfu aðalstefnanda, að hann óskaði ekki dóms um skilríki fyrir afnámi eignarhafta á vélunum, þar sem þeirri kröfu væri þegar fullnægt.

Aðalstefndi krefst sýknu af kröfum aðalstefnanda í aðalsök og málskostnaðar úr hendi hans.

Í gagnsök krefst gagnstefnandi þess, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða:

1. Eftirstöðvar af andvirði bómullariðnaðarvéla, kr. 91108.67.
2. Framkvæmdastjóralaun í ágúst og september 1946, kr. 4000.00.
3. 6 mánaða kaup vegna fyrirvaralausrar uppsagnar, kr. 12000.00.
4. Kr. 1800.00, sem gagnstefnandi telur sig hafa greitt fyrir ýmis verkfæri vegna gagnstefnda, en ekki fengið endurgreiddar.
5. Ferðakostnað til Reykjavíkur, kr. 860.00.

Þá krefzt hann 6% ársvaxta af upphæðum þessum frá útgáfudegi stefnu, 24. sept. 1948, til greiðsludags og málskostnaðar eftir reikningi eða mati dómara.

Til vara gerir gagnstefnandi þá kröfu, að því er 1. lið gagnkröfunnar snertir, að verð síðargreindra bómullariðnaðarvéla verði ákveðið kr. 142442.04 og gagnstefndi verði dæmdur til að greiða kr. 40422.04, sem er mismunur á þeirri upphæð og kr. 102000.00, sem hann hefur þegar fengið greiddar í hlutabréfum.

Til þrautavara gerir hann þá kröfu, að verð vélanna verði ákveðið kr. 110000.00 eða lægri upphæð eftir mati dómara.

Undir rekstri málsins hefur gagnstefnandi fallið frá að hafa uppi kröfurnar 2—5 í þessu máli, að áskildum rétti til að hafa þær uppi í öðru máli, og verður því ekki um þær dæmt í þessu máli.

Gagnstefndi mótmælir kröfum gagnstefnanda og krefst sýknu af þeim og málskostnaðar í gagnsök úr hendi gagnstefnanda.

Málavextir eru þessir:

Aðalsök. Sumarið 1946 var stofnað hlutafélag hér í bænum með nafninu J. K. Havsteen & Co. h.f. til þess að stofna og reka verksmiðju fyrir baðmullarvefnað og saumaskap. Hlutafé félagsins var kr. 200000.00 og hluthafar 5 að tölu. Aðalstefndi átti helming hlutafjárins, en móðir hans og systir kr. 1000.00 hvor. Þau voru öll búsett í Danmörku um þetta leyti. Annar aðalhluthafi var Vigfús Þ. Jónsson stórkaupmaður, hér í bæ, með 96000.00 kr. hlutafé, en kona hans, Huld Jóhannesdóttir, átti kr. 2000.00 af hlutafénu.

Í stofnsamningi félagsins segir svo orðrétt:

„J. K. Havsteen selur félaginu vélar fyrir kr. 223000.00 (verðið miðað við vélarnar í Danmörku). Upp í þessa upphæð reiknast hlutafjártillag stofnenda, búsettra í Danmörku samkvæmt ofanrituðu. Mismuninn greiði félagið honum eftir nánara samkomulagi."

Á stofnfundi félagsins, sem talinn er hafa verið 12. júlí 1946, er eftirfarandi bókun gerð og undirrituð, meðal annars:

„Ákveðið var að hefja þegar húsbyggingu undir stjórn Vigfúsar Þ. Jónssonar, og útvegun véla falin J. K. Havsteen, sbr. stofnsamning".

Aðalstefndi keypti vélarnar hjá A/S Grenaa Dampvæveri í Danmörku, og komu þær til landsins í ágúst 1946. Voru þetta yfirleitt 25—30 ára gamlar vélar, notaðar og meira eða minna slitnar. Kaupverð vélanna var d. kr. 37864.49, og samþykkti aðalstefndi víxla fyrir andvirði þeirra, en seljandi áskildi sér eignarrétt að vélunum, þar til víxlarnir væru greiddir, þá skuldbatt aðalstefndi sig gagnvart seljanda að greiða kr. 50000.00 samningssekt, ef vélarnar yrðu fluttar aftur til Danmerkur. Í málinu hefur aðalstefndi lagt fram kvittun frá seljanda vélanna fyrir greiðslu kaupverðsins, dags. 9. jan. 1948, og er þar með niður fallinn eignarréttur seljanda að vélunum.

Enginn reikningur fylgdi vélunum, er þær komu til aðalstefnanda, og var ekki unnt að gera upp tollreikninga af þeim sökum þessa. Setti aðalstefnandi tryggingu fyrir innflutningsgjöldum til þess að fá vélarnar afhentar út úr tolli. Þær voru síðan settar upp í húsi hans, er þá var nýbyggt, og tók verksmiðjan til starfa á árinu 1947. Innkaupsreikningi um vélarnar var skilað í apríl 1947, og var hann d. kr. 37864.49, í ísl. kr. 51322.89. Aðalstefnandi greiddi flutningsgjald, vátryggingu og tolla af vélunum. Hann kveðst oft hafa krafið aðalstefnda um innkaupsreikninginn, áður en hann var afhentur, en aðalstefndi hafi færzt undan mánuðum saman að afhenda reikninginn og borið því við, að hann væri í vörzlum vandamanna aðalstefnda í Danmörku. Segir aðalstefnandi, að eftir áramótin 1946—47

hafi aðalstefndi sýnt Vigfúsi Þ. Jónssyni reikning um vélarnar að upphæð d. kr. 142442.04, sem aðalstefndi hafði sjálfur gefið út, en Vigfús kveðst ekki hafa treyst sér til að samþykkja þenna reikning vegna aðalstefnda. Síðar lækkaði aðalstefndi reikninginn í ísl. kr. 142442.04, en Vigfús synjaði greiðslu á þeim reikningi einnig. Þeir Vigfús Þ. Jónsson og aðalstefndi höfðu báðir prókúruumboð fyrir félagið, en Vigfús annaðist sjóð félagsins og greiðslur þess. Í stjórn félagsins áttu fyrst sæti þeir aðalstefndi, Vigfús Þ. Jónsson og frú Jóhanna Havsteen, en á aðalfundi 2. sept. 1947 gekk frú Havsteen úr stjórninni, en frú Huld Jóhannesdóttir var kosin í hennar stað.

Meiri hluti stjórnarinnar, þau Vigfús Jónsson og Huld Jóhannesdóttir, þjóðast til að greiða vélarnar því verði, er aðalstefndi keypti þær fyrir, þ. e. kr. 51322.89, og vill reikna þær með því verði upp í hlutafé aðalstefnda og hefur höfðað mál þetta til viðurkenningar á þessu verði. Telja þau, að aðalstefndi hafi verið umboðsmaður aðalstefnanda við kaup vélanna, og hafi því aðalstefnandi raunverulega keypt vélarnar af A/S Grenaa Dampvæveri, en ekki aðalstefndi. Af hálfu aðalstefnanda er því haldið fram, að þegar stofnsamningur félagsins var gerður, hafi málsaðiljum verið ókunnugt um verð vélanna og hve mikið af vélum væri fáanlegt eða þörf fyrir til verksmiðjunnar. Hafi kr. 223000.00, sem þar greinir, verið „settar út í bláinn", enda hafi verið ætlazt til, að vélarnar yrðu bókfærðar í reikningum félagsins með hærri upphæð en þær raunverulega kostuðu, þar sem aðalstefndi hafði talið, að hann gæti útvegað vélarnar fyrir verð, sem væri langt undir sannvirði, vegna aðstöðu sinnar hjá seljanda vélanna í Danmörku.

Mótmæli sín og sýknukröfu byggir aðalstefndi á því, að honum hafi frá upphafi verið lofað stórum hærri upphæð fyrir vélarnar en sem næmi hlutafjárframlagi hans, sbr. það sem greinir í stofnsamningi félagsins, enda hafi það verið forsenda af hans hendi fyrir þátttöku í félaginu og afhendingu á vélunum, að hlutafjárframlagið væri að fullu greitt af verði þeirra, en mismunurinn yrði greiddur síðar. Hann staðhæfir, að hann hafi afhent fyrirsvarsmanni aðalstefnanda, Vigfúsi Þ. Jónssyni, reikning um vélarnar d. kr. 142442.04 í september 1946, enda hafi nokkur hluti vélanna verið bókfærður hjá aðalstefnanda með færslu 31/10 1946, kr. 110000.00, og hafi þannig staðið til 12. sept. 1947, er færslan var upphafin samkvæmt fyrirmælum aðalfundar í félaginu. Á þessari færslu var og byggt, er aðalstefnandi taldi fram til skatts vorið 1947. Áður en aðalstefndi gaf út fyrrgreindan 110 þús. króna reikning, kveðst hann hafa gefið fyrirsvarsmanni aðalstefnanda, Vigfúsi Þ. Jónssyni, fyrirheit um að lækka verð vélanna eitthvað, og síðar bauðst hann til að láta aðalstefnanda fá vélarnar fyrir ísl. kr. 142442.04, en þar sem samkomulag náðist ekki um þetta, telur hann sig óbundinn af tilboðum þessum. Aðalstefndi kveðst hafa fengið vélarnar keyptar í Danmörku langt undir sannvirði vegna aðstöðu sinnar þar, og seljandi vélanna, forstjóri hjá A/S Grenaa Dampvæveri, hefur borið fyrir dómi, að svo hafi verið, og telur hann, að hægt hefði verið að fá allt að þrefalt það verð, sem vélarnar

voru seldar fyrir, ef þær hefðu verið seldar í Danmörku, en það vildi hann ekki gera til þess að fyrirbyggja samkeppni í iðngreininni og kaus heldur að selja vélarnar aðalstefnda fyrir lágt verð.

Bókari stefnanda, Einar Sigurðsson, hefur borið fyrir dómi og staðfest með eiði, að ofangreind 110 þús. króna færsla, sem talin er færð 31/10 1946, hafi raunverulega verið færð síðari hluta maímán. 1947, en þangað til hafi reikningum aðalstefnanda verið haldið opnum vegna þess, að ekki hafði fengizt reikningur yfir vélarnar.

Fyrirsvarsmaður aðalstefnanda, Vigfús Þ. Jónsson, heldur því fram, að reikningur þessi hafi verið færður til bókar til bráðabirgða, vegna þess að aðalstefndi hafði ekki skilað innkaupsreikningi. Segir hann, að kr. 50000.00 hafi átt að vera þóknun til aðalstefnda fyrir útvegun vélanna, en þó hafi sú upphæð ekki átt að greiðast nema aðalstefnandi gæti greitt hana af óskiptum arði. Þess vegna hafi ekki verið rétt að færa upphæðina svo, sem gert var. Hann kveðst ekki heldur hafa veitt því athygli, „að texti þessa fylgiskjals var ónákvæmur", þ. e. að á því var tekið fram, að upphæðin væri fyrir 20 vefstóla án hjálparvéla og varahluta, og kveðst hafa gengið út frá því, að hún væri fyrir allar vélarnar.

Á aðalfundi aðalstefnanda 12. sept. 1947 var ákveðið að færa þenna reikning til baka, eins og fyrr var sagt, vegna þess að ekki náðist samkomulag um vélarverðið, og var það gert.

Vigfús Þ. Jónsson kveðst hafa fengið vitneskju um verð það, er aðalstefndi fékk vélarnar fyrir, um áramótin 1946—47, og í aprílmán. 1947 sýndi aðalstefndi honum samning um kaup vélanna, þar sem tilgreint var kaupverðið, d. kr. 37864.49 og aðrir skilmálar um kaupin. Þegar Vigfús samþykkti færsluna á 110 þús. króna reikningnum í bækur aðalstefnanda, var honum þetta því ljóst.

Sýnilegt þykir af samningi þeim, er aðalstefndi gerði við seljanda vélanna í Grenaa, og af innflutningsskýrslu, er Vlgfús Þ. Jónsson gaf út fyrir hönd aðalstefnda, að aðalstefndi hefur sjálfur keypt margnefndar vélar og verið innflytjandi þeirra. Með því að samþykkja færslu 110 þús. króna reikningsins, vitandi um innflutningsverð vélanna, samanber og stofnsamning félagsins, þykir aðalstefnandi hafa gefið nægilega til kynna, að aðalstefnda hafi verið heitið hærra verði fyrir vélarnar en innkaupsverði. Ber því að sýkna aðalstefnda af kröfum aðalstefnanda. Eftir atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður í aðalsök.

Gagnsök. Gagnstefnandi bendir á það, að í stofnsamningi félagsins er svo kveðið á, að hann selji félaginu bómullariðnaðarvélar fyrir kr. 223000.00. Hins vegar kveðst hann síðar hafa fallizt á að lækka verð þetta niður í kr. 193108.67. Upp í þessa upphæð telur hann sig hafa fengið greiddar kr. 102000.00 í hlutabréfum í félaginu, og er aðalkrafa hans í gagnsökinni, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða honum mismun þessara upphæða, kr. 91108.67.

Gagnsökinni er mótmælt af hálfu gagnstefnda með sömu rökum og aðalsök er rökstudd.

Þegar stofnsamningur var gerður, var gagnstefnda kunnugt um, að

vélar þær, er gagnstefnandi ætlaði að selja, voru notaðar, enda hefur hann ekki haft uppi í málinu kröfu um afslátt af kaupverðinu vegna galla á vélunum, þótt verulegur hluti gagna málsins varði ástand þeirra.

Það er að vísu ljóst af gögnum málsins, einkum af matsgerð á vélunum, er fram hefur farið að tilhlutun gagnstefnda, að vélarnar voru mjög slitnar af notkun og matsverð þeirra nam aðeins rúmlega kr. 80000.00, uppsettra í húsi gagnstefnda. Verð það, sem gagnstefnandi hefur áskilið sér, virðist því mjög hátt. Hins vegar hefur gagnstefndi ekki fært sönnur á, að samningur um kaup vélanna, sem felst í stofnsamningi og til er vitnað í stofnfundargerð félagsins, sé málamyndagerningur. Ekki hefur því verið haldið fram af hendi gagnstefnda, að beitt hafi verið svikum af hendi gagnstefnanda né nauðung í sambandi við samninga þessa, né heldur að af hendi gagnstefnda hafi verið um að ræða fákunnáttu eða léttúð eða önnur þau atvik, sem um ræðir í 7. gr. laga nr. 73/1933 og valda ógildingu samninga. Ekki verður talið, að gagnstefnandi sé bundinn af tilboðum, er hann hefur gert um lægra verð á vélunum, þar sem þeim tilboðum var hafnað.

Samkvæmt þessu þykir verða að taka til greina aðalkröfu gagnstefnanda og dæma gagnstefnda til þess að greiða gagnstefnanda kr. 91108.67 ásamt vöxtum eins og krafizt er, en eftir atvikum þykir málskostnaður mega niður falla.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Júlíus K. Havsteen, á að vera sýkn af kröfum aðalstefnanda, J. K. Havsteen & Co. h.f., í aðalsök.

Í gagnsök greiði gagnstefndi, J. K. Havsteen & Co. h.f., gagnstefnanda, Júlíusi K. Havsteen, kr. 91108.67 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. sept. 1948 til greiðsludags.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. maí 1950.

Nr. 51/1949. **Bogi Brynjólfsson** (Magnús Thorlacius)
gegn
Dánarbúi Árna Sigfússonar
(Gústaf A. Sveinsson).

Þóknun fyrir innheimtutilraun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. febrúar 1949 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 5866.65 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1945 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Þegar litið er til umstangs og erfiðrar aðstöðu við innheimtu kröfu þeirrar á hendur herstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku, sem í málinu greinir, svo og þess, að ekki verður talið, að umboðsmaður Árna Sigfússonar, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, hafi á neinn hátt borið fyrir borð hagsmuni umbjóðanda síns, þá þykir þóknun fyrir störf hans hæfilega ákveðin kr. 3500.00.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um aðra kröfuliði málsins með skírskotun til forsendna hans.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda kr. 4366.65 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1945 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1500.00.

Dómsorð:

Stefndi, dánarbú Árna Sigfússonar, greiði áfrýjanda, Boga Brynjólfssyni, kr. 4366.65 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1945 til greiðsludags og málskostnað samtals kr. 1500.00 í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. júlí 1947.

Mál þetta, er dómtekið var 23. þ. m., hefur Bogi Brynjólfsson, fyrrum sýslumaður, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 11. apríl 1945 gegn Árna kaupmanni Sigfússyni, Vestmannaeyjum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 5866.65 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1945 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu, *til vara*, að fjárhæð þeirri, er hann yrði talinn eiga að greiða stefnanda, verði skuldajafnað við skaðabótakröfu, er hann eigi á hendur Magnúsi hæstaréttarlögmanni Thorlacius, eins og síðar verður greint, en til *þrautavara*, að kröfur stefnanda verði lækkaðar. Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar, hvernig sem málið fer.

Málavextir eru þessir:

Með ódagsettum samningi, sem talinn er gerður 3. nóvember 1941, leigði Útvegsbanki Íslands h.f. frá 1. okt. 1940 að telja hermálaráðherra Bretlands húseignina Skálholt, nr. 43 við Urðarveg í Vestmannaeyjum, ásamt lóð, en eign þessa átti bankinn. Var svo ákveðið í samningnum, að yrðu spjöll á eigninni umfram venjulegt slit, skyldi leigutaki bæta að leigutíma loknum eða skaðabætur fyrir.

Hinn 23. desember 1941 tók herstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku við leigusamningi þessum með samþykki leigusala og gekk inn í rétt og skyldur leigutaka. Um svipað leyti gerðu Útvegsbanki Íslands h.f. og ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku nýjan leigusamning um nefnda húseign. Í samningi þessum var ákvæði þess efnis, að leigutaki skyldi greiða sanngjarna uppbót eða endurbæta eignina, svo að hún verði í sama ásigkomulagi og hún var, er leigutaki tók við henni samkvæmt samningnum. Enn fremur var það ákvæði sett, að yrði ágreiningur um skaðabætur eða skemmdir, skyldi sendiherra Bandaríkja Norður-Ameríku og einn af dómurum Hæstaréttar úrskurða.

Með afsali, dags. 31. október 1942, seldi Útvegsbankinn stefnda í máli þessu umrædda húseign og framseldi honum jafnframt allan rétt sinn samkvæmt áðurgreindum samningum. Húseignin varð fyrir allmiklum skemmdum á leigutímabilinu, og í ársbyrjun 1943 fól stefndi Magnúsi hæstaréttarlögmanni Thorlacius innheimtu bótakröfu á hendur Bandaríkjum Norður-Ameríku og hermálaráðherra Bretlands. Hóf hæstaréttarlögmaðurinn samningaumleitanir við herstjórn Bandaríkjanna, en samningar gengu treglega. Varð loks úr, að menn voru dómkvaddir af bæjarfógeta Vestmannaeyja til þess að meta skemmdir hússins. Fjárhæð matsins, sem dagsett er 10. apríl 1943, nam kr. 72180.20. Þótti herstjórninni fjárhæð þessi allt of há og taldi, að ekki hefði verið tekið tillit til venjulegs slits eða ásigkomulags og aldurs hússins, er leigutímabilið hófst. Hæstaréttarlögmaðurinn bað stefnda þá að láta fara fram annað mat á þessum grundvelli, en hann kvaðst vilja halda fast við matið, eins og það lægi fyrir, og voru matsmenn látnir staðfesta matið með eiði. Hugðist hæstaréttarlögmaðurinn þá neyta 13. gr. samningsins og ritaði dómsmálaráðherra bréf þess efnis, að Hæstiréttur kveddi til einn dómara í gerðar-

dóm. En þar eð samningsákvæði þetta hafði verið sett að Hæstarétti forspurðum, varð dómsmálaráðherra ekki við þessum tilmælum. Síðar var málið borið undir íslenzk-amerísku matsnefndina, en þar náðist eigi samkomulag. Er hér var komið, fékk hæstaréttarlögmaðurinn sérstakt umboð, dags. 21. júní 1944, hjá stefnda til þess að höfða mál á hendur ríkissjóði til greiðslu skaðabótanna samkvæmt lögum nr. 99 frá 1943, og hinn 10. júlí 1944 tók hann út stefnu á fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. En hinn 12. s. m. skrifaði stefndi honum bréf og svipti hann umboði til meðferðar málsins og gerði kröfu til skjala þeirra viðvíkjandi því, er hann hefði undir höndum. Bréfi þessu svaraði hæstaréttarlögmaðurinn 21. s. m. og sagði, að áfallinn málskostnaður nemi kr. 5564.15 og að þegar hann hefði móttekið þá fjárhæð, mundi hann senda skjölin. Stefndi svaraði bréfi þessu hinn 29. s. m. og mótmælti málskostnaðarkröfunni og einnig sem of hárri, en taldi eigi að svo stöddu ástæðu til þess að ræða frekar um hana. Hinn 11. apríl 1945 framseldi hæstaréttarlögmaðurinn kröfu sína á hendur stefnda stefnanda, en hann höfðaði sama dag mál á hendur stefnda, eins og fyrr greinir.

Kröfu sína byggir stefndi á því, að þar eð hæstaréttarlögmanninum hafi mistekizt innheimtan, beri honum engin laun fyrir. Á þessa skoðun stefnda verður ekki fallizt. Hæstaréttarlögmaðurinn hafði mikla fyrirhöfn vegna málsins og greiddi ýmis gjöld, er telja verður stefnda bera að greiða. Sýknukrafa hans verður því ekki tekin til greina á þessum grundvelli.

Varakröfu sína byggir stefndi á því, að framkoma hæstaréttarlögmannsins í málinu hafi bakað stefnda stórtjón. Sú afstaða, sem hann hafi tekið til framangreinds mats, hafi komið í veg fyrir, að samningar tækjust við herstjórnina á grundvelli þess, auk þess sem hann hafi frá byrjun haldið linlega á málinu gagnvart herstjórninni og dregið málið óhæfilega á langinn. Tjón stefnda vegna þessa nemi að minnsta kosti stefnufjárhæðinni og eigi það að koma til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda. Gegn eindregnum mótmælum af hálfu stefnanda verður ekki talið, að stefndi hafi fært sönnur á staðhæfingu sína um, að hæstaréttarlögmaðurinn hafi valdið honum tjóni með framkomu sinni í málinu. Þegar þess er gætt, hve margþætt og umfangsmikið mál þetta var, verður heldur ekki talið, að óhæfilegur dráttur hafi orðið á meðferð þess í höndum lögmannsins. Varakrafa stefnda verður því ekki heldur tekin til greina.

Verður þá næst fyrir að athuga þrautavarakröfu stefnda.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar þannig:

1. Þýðing og túlkun	kr.	469.95
2. Annar útlagður kostnaður	—	396.70
3. Þóknun	—	5000.00
Samtals	kr.	5866.65

Um 1. Stefndi hefur mótmælt lið þessum sem sér óviðkomandi. Ekki verður annað séð en að réttilega hafi verið ráðizt í kostnað þenna til þess

að tryggja skjóta og rétta þýðingu á bréfum af hálfu stefnda svo og túlkun á viðtölum umboðsmanns hans í sambandi við alla kröfugerð stefnda á hendur herstjórninni. Ber stefnda því að greiða þenna lið, enda hefur fjárhæð hans ekki sætt andmælum.

Um 2. Lið þenna hefur stefndi ekki véfengt, og verður hann því einnig tekinn til greina.

Um 3. Stefndi hefur haldið því fram, að þar eð innheimta skaðabótanna hafi alveg mistekizt hjá hæstaréttarlögmanninum, beri honum engin innheimtulaun heldur einungis einhver þóknun. En þóknun sú, er hann telji sig eiga, sé allt of há, enda beri að miða við gjaldskrá Málflutningsmannafélags Íslands, er í gildi var frá 8. janúar 1942 til 15. desember 1944.

Það er ljóst af skjölum málsins, að starf og fyrirhöfn hæstaréttarlögmannsins hefur verið allmikil. Þá verður ekki séð, að hann hafi átt sök á, að afskiptum hans af málinu lauk, áður en það var til lykta leitt. Þykir hæstaréttarlögmaðurinn því hafa átt rétt á þóknun fyrir starf sitt, sem eftir öllum atvikum telst hæfilega ákveðin kr. 2500.00.

Að því er varðar málskostnaðarkröfu stefnanda, þykir kröfugerð hæstaréttarlögmannsins í öndverðu ekki svo skýr sem skyldi, en stefnandi lét undir höfuð leggjast að krefja stefnda um greiðslu, áður en mál þetta var höfðað. Með hliðsjón af þessu svo og kostnaði þeim, er stefndi hefur haft í sambandi við mál þetta, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Úrslit málsins verða því þau, að stefnda verður gert að greiða stefnanda kr. 3366.65 (469.95 + 386.70 + 2500.00) með 6% ársvöxtum, er teljast frá stefnudegi.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Árni Sigfússon, greiði stefnanda, Boga Brynjólfssyni, kr. 3366.65 með 6% ársvöxtum frá 11. apríl 1945 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 31. maí 1950.

Nr. 156/1949. **Franz A. Andersen** (Magnús Thorlacius)
gegn
Benediktu Jónsdóttur (Einar B. Guðmundsson)
og Finni Jónssyni (Ingólfur Jónsson hdl.).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Útburðarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. nóvember 1949. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburð þann, sem krafizt er. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum fyrir báðum dómum.

Stefndu krefjast staðfestingar fógetaúrskurðarins og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með áritun á samning áfrýjanda og Snorra Hallgrímssonar, dags. 17. júlí 1943, hafði þáverandi eiginmaður stefndu Benediktu Jónsdóttur samþykkt, að Snorri notaði íbúðina í stað áfrýjanda, meðan hann dveldist í Ameríku. Snorri vék úr íbúðinni í byrjun marzmánaðar 1946, og var áfrýjandi þá enn í Ameríku og óráðið um heimkomu hans. Um svipað leyti var þess farið á leit af hálfu áfrýjanda og venzlamanna hans, að aðrir aðiljar fengju íbúðina til afnota, en stefnda Benedikta synjaði þess. Gerði áfrýjandi þá ekki frekari ráðstafanir varðandi íbúðina fyrr en í apríl 1948 eftir heimkomu sína. Að vísu er komið í ljós, að nafngreindur maður bauð um mánaðamótin marz—apríl 1946 stefndu Benediktu leigu eftir íbúðina, en það greiðslutilboð getur ekki haft áhrif á úrslit þessa máls.

Stefndu Benediktu var óskylt að leyfa framleigu á umræddri íbúð eftir brottför Snorra. Henni var og óskylt að hlíta því, að íbúðin stæði auð um óákveðinn tíma og þar með taka

á sig þá áhættu, sem leiddi af ákvæðum 5. gr. laga nr. 39/1943. Að svo vöxnu máli verður að telja rétt áfrýjanda til íbúðarinnar hafa verið niður fallinn á þeim tíma, er stefnda Benedikta leigði stefnda Finni íbúðina, og að sú ráðstöfun hafi henni því verið heimil. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefndu, hvoru um sig, 500 krónur í málskostnað í Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Franz A. Andersen, greiði stefndu, Benediktu Jónsdóttur og Finni Jónssyni, hvoru um sig 500 krónur í málskostnað í Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 14. nóvember 1949.

Gerðarbeiðandi, Franz A. Andersen, Ránargötu 19, hefur krafizt þess, að gerðarþoli Finnur Jónsson verði borinn út úr íbúð þeirri, sem hann hefur undanfarið haft til íbúðar í húsinu nr. 49 við Reynimel. Útburðarmáli þessu er einnig beint að eiganda síðastnefnds húss, Benediktu Jónsdóttur, Grænavelli 2, Selfossi. Enn fremur hefur gerðarbeiðandi krafizt þess, að gerðarþolum verði gert að greiða sér málskostnað in solidum.

Gerðarþolar hafa mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar og krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda.

Mál þetta var lagt undir úrskurð fógetaréttarins að loknum munnlegum flutningi hinn 2. þ. mán.

Árið 1940 tók gerðarbeiðandi, Franz A. Andersen, á leigu 4 herbergi og eldhús í húsinu nr. 49 við Reynimel, en það hús var þá í eigu Péturs nokkurs Daníelssonar. Sumarið 1943 fór gerðarbeiðandi í verzlunarerindum til Ameríku, en áður leigði hann íbúðina framleigu dr. med. Snorra Hallgrímssyni. Gerðu þeir um þetta skriflegan samning, dags. 17. júlí 1943, sjá rskj. 2, og skuldbatt dr. Snorri sig þar til að rýma íbúðina með mánaðar fyrirvara, nær sem gerðarbeiðandi krefðist þess. Pétur Daníelsson undirritar samkomulag þetta sem samþykkur.

Hinn 14. september 1945 ritar dr. Snorri gerðarbeiðanda og kveðst vera á förum til Svíþjóðar í ársbyrjun 1946. Biður dr. Snorri gerðarbeiðanda leyfis til að ráðstafa íbúðinni, á meðan á þessari utanferð sinni standi, að áskildum rétti gerðarbeiðanda yfir íbúðinni. Gerðarbeiðandi skýrir svo frá, að þegar honum barst bréf þetta, hafi enn eigi verið að fullu ákveðið um heimför sína, en hins vegar hafi Hans sonur sinn, sem einnig var

vestra, ætlað sér að taka íbúðina til afnota, ef húseigandi samþykkti þá ráðstöfun. Þess skal getið, að þegar hér var komið sögu, höfðu þau Pétur Daníelsson og kona hans Benedikta Jónsdóttir slitið hjúskap, og við skiptin féll húsið nr. 49 við Reynimel í hlut konunnar. Gerðarbeiðandi kveðst nú hafa leitað leyfis Benediktu til þess, að Hans fengi hið nú umdeilda húsnæði til afnota, og hafi það leyfi fengizt.

Nú ritar gerðarbeiðandi dr. Snorra Hallgrímssyni bréf rétt fyrir áramótin 1945—46 og biður hann að sjá til þess, að afnotaréttur sinn að íbúðinni geti haldizt. Enn fremur tekur gerðarbeiðandi fram, að Hallgrímur Helgason tónskáld, en hann er mágur Hans, sonar gerðarbeiðanda, muni fyrir sína hönd hafa umsjá með íbúðinni.

Dr. Snorri ritar gerðarbeiðanda aftur hinn 23. apríl 1946. Kveðst hann hafa átt tal við Benediktu Jónsdóttur á nýársdag 1946 og hafi Benedikta lofað því, að gerðarbeiðandi fengi íbúðina. Dr. Snorri kveðst hafa látið Hallgrím Helgason vita af þessu samkomulagi þegar í stað og ráðlagt honum að tala sem fyrst við Benediktu um þessi mál og hafi Hallgrímur gert það og allt hafi fallið í ljúfa löð. Þá segir enn fremur í bréfi þessu, að um það leyti, sem þau dr. Snorri og kona hans fóru til Svíþjóðar hinn 5. marz 1946, hafi þau átt tal við Benediktu, og hafi þá ekki verið að heyra, að hún hefði breytt ráðagerðum sínum um umrædda íbúð. Enn fremur segir í nefndu bréfi, að 3 vikum eftir að dr. Snorri kom til Svíþjóðar, hafi hann átt tal við gerðarþola Finn Jónsson, sem er tengdafaðir hans. Gerðarþoli hafi þá látið í ljósi, að Ólafur Þorgrímsson hrl. hafi boðið sér (dr. Snorra) íbúðina. Ólafur hafi nefnilega fengið bréf frá gerðarbeiðanda, sem virtist leiða í ljós, að gerðarbeiðandi byggist ekki við því að koma til landsins að svo stöddu, en útilokað væri, að sonur hans fengi húsnæðið, svo að ef dr. Snorri hirti ekki um að halda íbúðinni, myndi hún leigð öðrum. Dr. Snorri kveður sér hafa þótt fréttir þessar nokkuð undarlegar, og kveðst hann hafa beðið Finn Jónsson að gera ekki frekar í máli þessu, fyrr en Hallgrímur Helgason hefði verið látinn vita. Litlu síðar kveðst dr. Snorri hafa átt annað símtal við gerðarþola Finn, og hafi Finnur þá sagt, eftir samtali við Hallgrím, að Hallgrímur ætlaði sjálfur að flytja inn í íbúð þessa, en Benedikta Jónsdóttir hafi ei viljað fallast á það. Finnur hafi enn fremur sagt, að Benedikta og lögfræðingur hennar, Ólafur Þorgrímsson, ætluðu nú að leigja íbúðina þegar í stað, en dr. Snorri kveðst þá hafa beðið gerðarþola að tryggja sér (dr. Snorra) íbúðina, heldur en að hún yrði leigð einhverjum óviðkomandi. Daginn eftir samtal þetta hafi sér borizt skeyti frá gerðarbeiðanda, og kveðst hann þá hafa átt enn eitt samtal við Finn Jónsson og afsalað sér íbúðinni til gerðarbeiðanda, þegar hann kæmi heim, svo framarlega sem Benedikta Jónsdóttir samþykkti þá ráðstöfun, en samþykki hún það ekki, gangi hún á bak loforða þeirra, sem hún hafi gefið á nýársdag 1946 og að framan er getið.

Gerðarþoli Finnur Jónsson tekur hina umdeildu íbúð á leigu af Benediktu Jónsdóttur frá og með 1. marz 1946, og hefur búið þar síðan. Hann kveður, að ekki hafi endanlega verið gengið frá leigusamningi fyrri

en þá síðar um vorið, en hann man ekki nákvæmlega hvenær.

Gerðarbeiðandi kemur hingað til lands frá Ameríku undir árslok 1947. Umboðsmaður hans ritar gerðarþola Finni Jónssyni bréf, sem er dagsett hinn 8. apríl 1948, og krefst þess, að hann rými íbúð sína hið bráðasta, en gerðarþoli svaraði ekki þessu bréfi. Þá ritar gerðarbeiðandi fógetarétti Reykjavíkur hinn 15. apríl 1948 og krefst útburðar á gerðarþola, þar eð hann taldi dvöl gerðarþola í húsnæðinu vera ólögmæta gagnvart sér. Gerðarþoli mótmælti framgangi útburðar, og var málið úrskurðað í fógetarétti Reykjavíkur hinn 29. júlí 1948. Var synjað um hina umbeðnu gerð, þar eð gerðarbeiðandi hefði vanrækt að leita dómsúrskurðar um réttarsamband sitt og húseigenda, áður en útburðarmál væri höfðað á hendur gerðarþola. — Úrskurði þessum var nú áfrýjað til Hæstaréttar, og gekk dómur þar hinn 10. júní s. l. Var kveðið svo á, að hinn áfrýjaði úrskurður skyldi óraskaður, og segir svo orðrétt í forsendum dóms Hæstaréttar: „.... Útburðarkrafan verður ekki dæmd nema í sambandi við kröfu áfrýjanda á hendur húseiganda um rétt áfrýjanda til að flytjast í hina umdeildu íbúð. Var því nauðsynlegt að beina gerðinni jafnframt gegn eiganda íbúðarinnar, sbr. 46. gr. laga nr. 85/1936."

Nú ritar gerðarbeiðandi fógetarétti Reykjavíkur að nýju hinn sama dag og framangreindur hæstaréttardómur er kveðinn upp. Krefst hann þess, að gerðarþoli Finnur Jónsson verði borinn út úr margumgetinni íbúð, Reynimel 49, og enn fremur er útburðarmáli þessu beint að eiganda húss þessa, Benediktu Jónsdóttur. Er því haldið fram af hálfu gerðarbeiðanda, að Benedikta Jónsdóttir hafi alla tíð verið skuldbundin til að fá gerðarbeiðanda umráð og afnot hinnar umdeildu íbúðar, þegar hann krefðist þess. Enn fremur að gerðarþola Finni Jónssyni hafi verið þetta ljóst, þegar hann tók hina umdeildu íbúð á leigu. Þannig telur gerðarbeiðandi dvöl Finns í húsnæði þessu ólögmæta gagnvart sér, og byggist umbeðin útburðargerð á þessum atriðum.

Gerðarþolar mótmæla bæði og hvort um sig framgangi gerðarinnar. Halda þau því fram, að réttur gerðarbeiðanda hafi verið niður fallinn, þegar gerðarþoli Finnur tók íbúðina á leigu.

Gerðarþoli Benedikta heldur því fram og styðst þar við samhljóða framburð Péturs Daníelssonar, að framleiguleyfi Péturs til gerðarbeiðanda sumarið 1943 hafi verið gefið með þeirri ákveðnu forsendu, að gerðarbeiðandi dveldist eigi lengur í Ameríku en 1 ár. Hún kveðst að vísu um nýár 1946 hafa gefið dr. Snorra Hallgrímssyni loforð um það, að gerðarbeiðandi gæti fengið hina umdeildu íbúð til afnota, þegar hann kæmi frá Ameríku, og minnist þess ekki að hafa sett því loforði nein tímamörk, en hins vegar kveður hún, að sér hafi skilizt á dr. Snorra, að gerðarbeiðandi myndi koma heim með vorinu 1946. Hallgrímur Helgason hafi svo lýst því yfir litlu síðar, að gerðarbeiðandi myndi koma frá Ameríku eftir 3 mánuði. Nú hafi rekið að því, að dr. Snorri rýmdi íbúðina, og nokkru síðar kveðst Benedikta hafa átt annað samtal við Hallgrím Helgason, og hafi hann þá sjálfur sagzt ætla að flytja inn í íbúðina, en Benedikta kveðst þá hafa tjáð honum, að það fengi hann ekki. Nokkru síðar hafi faðir Hall-

gríms, Helgi Hallgrímsson, komið á sinn fund austur að Selfossi og boðið fram leigu fyrir íbúðina. Benedikta kveðst ekki hafa veitt leigufamboði þessu viðtöku, þar eð Helgi gat ekki um, af hálfu hvers leiga var boðin, en hins vegar kveðst hún hafa spurt Helga, hvenær gerðarbeiðandi kæmi heim til Íslands, og tekið fram, að hún vildi ekki eiga skipti við neinn annan en gerðarbeiðanda sjálfan um íbúðina, en að öðru leyti vísað til Ólafs Þorgrímssonar hrl. um þessi mál. Einnig kveðst hún hafa nefnt það við Helga, að hann sendi gerðarbeiðanda skeyti til Ameríku og spyrðist fyrir um fyrirætlanir hans, og skyldi svarskeyti sent til hennar sjálfrar eða Ólafs Þorgrímssonar. Svarskeyti hafi komið hinn 10. apríl, en þá hafði gerðarþola Finni Jónssyni þegar verið leigð íbúðin. Þar sem nú gerðarbeiðandi hafði ekkert látið til sín heyra, ekki gengið frá leigusamningi eða greitt leigu og jafnvel óvíst, að hann hyggðist koma aftur til landsins, og einnig vegna þess, að umboðsmaður hans heimtaði sjálfur að flytjast inn í íbúðina, kveðst Benedikta hafa leigt Finni Jónssyni hina umdeildu íbúð. Loforð hennar til dr. Snorra hafi verið þeirri forsendu bundið, að gerðarbeiðandi kæmi til landsins eftir 3 mánuði. Þannig telur gerðarþoli Benedikta Jónsdóttir gerðarbeiðanda hafa firrt sig rétti til hinnar umdeildu íbúðar og mótmælir framgangi gerðarinnar á þeim grundvelli.

Gerðarþoli Finnur Jónsson kveður sér hafa verið um það ókunnugt, þegar hann tók hina umdeildu íbúð á leigu, hvort gerðarbeiðandi óskaði að taka hana sjálfur til íbúðar, en hins vegar hafi hann vitað, að gerðarbeiðandi óskaði að fá öðrum þessi afnot og hafði sýnt viðleitni til að halda leiguafnotum til að fá þau öðrum í hendur. Ólafur Þorgrímsson hrl., sem komið hafi fram við samningsgerðina af hálfu Benediktu Jónsdóttur, hafi tjáð sér, að ein af ástæðunum fyrir því, að samningar gerðarbeiðanda við Pétur Daníelsson um framleigu til dr. Snorra væri ei bindandi fyrir Benediktu Jónsdóttur, væri sú, að gerðarbeiðandi hefði ei komið hingað til lands á þeim tíma, sem ráð var fyrir gert. Hann kveðst einnig hafa farið að greiða leigu fyrir hina umdeildu íbúð frá og með 1. marz 1946, en ekki hafi verið endanlega gengið frá samkomulagi um leigukjör fyrr en síðar þá um vorið. Samkomulag þetta mun ekki hafa verið skjalfest.

Gerðarbeiðandi kveðst hafa tjáð dr. Snorra Hallgrímssyni, að hann yrði a. m. k. 1 ár vestra, og myndi ei gera kröfu til íbúðarinnar á þeim tíma, en hann mótmælir því, að Pétur Daníelsson hafi getað byggt neina forsendu á því atriði. Gerðarbeiðandi tekur einnig fram, að ekkert hafi farið á milli sín og gerðarþola Finns Jónssonar, áður en Finnur tók hina umdeildu íbúð á leigu, enda kveðst hann ekki hafa haft neinn umboðsmann hér á landi, sem gæti rætt um þetta atriði við Finn. Þá getur gerðarbeiðandi þess, að Hallgrímur Helgason hafi átt að hafa umsjón með íbúðinni fyrir sína hönd, en vefengir, að Hallgrímur hafi gert kröfu til að fá íbúðina sjálfur.

Ólafur Þorgrímsson hrl. hefur mætt hér fyrir rétti sem vitni. Hann skýrir svo frá, að gerðarþoli Finnur Jónsson hafi komið að máli við sig

um áramótin 1945—46 og tjáð sér, að tengdasonur sinn, dr. Snorri Hallgrímsson, væri í þann veginn að rýma hina nú umdeildu íbúð og hafi nú Finnur spurt sig, hvort hann gæti ekki fengið íbúðina til eigin nota. Ólafur segist hafa tjáð Finni, að hann hefði enga heimild til að ráðstafa íbúðinni og yrði Finnur að eiga við húseiganda um það. Þá skýrir Ólafur svo frá, að síðar um veturinn hafi Benedikta Jónsdóttir komið á sinn fund og spurt sig, hvort hún þyrfti að hlíta því, að Hallgrímur Helgason flytti inn í íbúðina samkvæmt ráðstöfun gerðarbeiðanda. Þessu kveðst Ólafur hafa svarað neitandi, en getið þess um leið, að Finnur Jónsson hefði verið að leita eftir íbúðinni. Benedikta hafi svo leigt Finni íbúðina. Annars getur Ólafur þess, að gerðarbeiðandi hafi skrifað sér um áramótin 1945—46 og látið í ljós, að hann gerði ei ráð fyrir að koma til landsins að svo stöddu, en á húsnæðismál sín hafi hann ekki minnzt.

Þess skal getið, að ekki hefur reynzt mögulegt að fá vitnisburð Hallgríms Helgasonar um málavexti, að því er þeir snerta hann, þar eð hann hefur nú um langa hríð dvalizt erlendis.

Eins og áður segir, afsalar gerðarbeiðandi leigurétti sínum til dr. Snorra Hallgrímssonar með því móti, að dr. Snorri lofar að rýma íbúðina innan mánaðar frá kröfugerð gerðarbeiðanda þar um, og samþykkti Pétur Daníelsson samkomulag þetta með áritun sinni sem húseigandi. Orð munu hafa verið látin falla um það, að gerðarbeiðandi yrði a. m. k. eitt ár vestra, en ekki er sannað, að það atriði hafi verið veruleg forsenda fyrir ofannefndu samþykki Péturs Daníelssonar, heldur verður að byggja á því, að ekki hafi verið sérstök tímatakmörk sett í þessari heimild gerðarbeiðanda til að heimta sér húsnæðið að nýju. Verður að telja, að hinn síðari húseigandi, gerðarþoli Benedikta Jónsdóttir, hafi að sínu leyti verið skuldbundin til að hlíta þessu, ef ekki kæmu alveg sérstök atriði til greina. Hún hefur nú fært fram ýmis atriði, sem hún telur, að hafi losað sig frá öllum skyldum við gerðarbeiðanda. Umboðsmenn gerðarbeiðanda hafi tjáð sér, að gerðarbeiðanda væri von með vorinu 1946, en það hafi brugðizt, og hafi þar fallið niður veruleg forsenda fyrir loforði því, sem hún hafi gefið dr. Snorra Hallgrímssyni um áramótin 1945—46 og áður er getið. Eftir atvikum verður þó ekki byggt á því, að um verulega forsendu hafi þarna verið að ræða. Ekki þykir heldur sannað gegn mótmælum af hálfu gerðarbeiðanda, að Hallgrímur Helgason hafi krafizt íbúðarinnar handa sjálfum sér.

Gerðarþoli Benedikta hefur einnig bent á það, að gerðarbeiðandi hafi aldrei boðið fram leigu fyrir hina umdeildu íbúð, frá því dr. Snorri Hallgrímsson hætti að greiða leigu fyrir hana í marzmánuði s. l., og kveðst hún álíta sig lausa allra mála við hann vegna þessa aðgerðarleysis hans. Hún viðurkennir að vísu, að Helgi Hallgrímsson hafi komið á sinn fund vorið 1946 og boðið fram leigu, en þar sem hann hafi ekki látið þess getið, af hvers hálfu það framboð var gert, hafi hún synjað viðtöku. Helgi Hallgrímsson hefur að vísu gefið vottorð þess efnis, að leigutilboð þetta hafi verið gert vegna gerðarbeiðanda máls þessa, en þessu vottorði hans er mótmælt sem röngu af hálfu gerðarþola, og gegn þeim mótmælum

verður ekki talin sönnuð þessi staðhæfing Helga. Undir rekstri máls þessa hefur gerðarbeiðandi heldur aldrei boðið fram eða deponerað leigu til Benediktu Jónsdóttur, svo að séð verði. Vegna þessa aðgerðaleysis gerðarbeiðanda, einu um sig, verður ekki talinn nægur grundvöllur undir framgang beinnar fógetagerðar á hendur gerðarþola Benediktu Jónsdóttur.

Vegna þess, sem hér að framan segir, og einnig vegna þess, að ekki virðist hafa verið leiddar nægilega sterkar líkur að því, að gerðarþoli Finnur Jónsson hafi verið vitandi um neinn betri rétt gerðarbeiðanda, þegar hann tók hið umdeilda húsnæði á leigu, verður ekki leyfður framgangur útburðargerðar á hendur honum.

Rétt þykir, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Uppkvaðning úrskurðar þessa hefur dregizt mjög vegna annríkis fógeta.

Því úrskurðast:

Umbeðin útburðargerð skal ekki fram fara.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 31. maí 1950.

Nr. 37/1950. **Guðlaugur Gíslason f. h. Sæfells h/f**
gegn
Guðjóni Vigfússyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðlaugur Gíslason f. h. Sæfells h/f, sem ekki sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 31. maí 1950.

Nr. 49/1950. **Daníel Fjeldsted**
gegn
Bjarnfríði Einarsdóttur.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Daníel Fjeldsted, sem ekki sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. júní 1950.

Nr. 9/1950. **Tollstjórinn í Reykjavík f. h. Tryggingarstofnunar ríkisins** (Theodór B. Líndal)
gegn
Theódór Magnússyni (Egill Sigurgeirsson).

Lögtaksmál. Um skyldur bifreiðarstjóra til greiðslu tryggingariðgjalds.

Dómur Hæstaréttar.

Benedikt S. Bjarklind, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. janúar þ. á. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak það, sem um er beðið. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Samkvæmt 8. mgr. 36. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 er sérhverjum eiganda bifreiðar skylt að tryggja ökumann hennar fyrir bótum vegna slysa, er hann kann að verða fyrir við aksturinn. Skal tryggt í Slysatryggingu ríkisins, nú Tryggingarstofnun ríkisins, og fyrir sömu bótum, sem þar eru ákveðnar. Er tryggingarskyldan hin sama, þó að bifreiðarstjórinn sé sjálfur eigandi bifreiðarinnar. Samkvæmt lögum, er giltu um slysatryggingar, áður en núgildandi lög um almannatryggingar nr. 50/1946 tóku gildi, var skylt að tryggja bifreiðarstjóra við hvers konar bifreiðarstjórn, sbr. lög nr. 104/1943, 10. gr. Í 46. gr. laga nr. 50/1946 eru ákvæði um, hverja sé skylt að tryggja gegn slysum. Taka þau ákvæði einnig til bifreiðarstjóra, sem stunda atvinnu með sama hætti og stefndi, enda er ljóst af tildrögum að setningu laganna, að ekki var ætlazt til að gera breytingu á eldri ákvæðum um þetta efni. Stefndi er því tryggingarskyldur bæði samkvæmt fyrrnefndum ákvæðum bifreiðalaga og laga um almannatryggingar og nýtur allra þeirra réttinda, sem síðarnefnd lög veita um slysabætur. Er honum þá einnig skylt að greiða full iðgjöld fyrir slysatrygginguna, svo sem þau eru ákveðin í 112. og 113. gr. laganna, sem hvor tveggja eiga að standa undir slysabótum og kostnaði við tryggingarnar. Að vísu var í frumvarpi til laga um almannatryggingar ákvæði um, að hluti þeirra iðgjalda, sem ákveðin eru í 112. gr., skyldu renna til atvinnustofnunar ríkisins, og lúta ákvæði greinargerðar frumvarpsins, sem rakin eru í hinum áfrýjaða úrskurði, að því. En í meðferð Alþingis var greint ákvæði fellt niður, og getur það því þegar af þeirri ástæðu engin áhrif haft á úrslit þessa máls.

Verður því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir fógeta að framkvæma lögtakið.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda kr. 600.00 upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og ber fógeta að framkvæma lögtak það, sem um er beðið.

Stefndi, Theódór Magnússon, greiði áfrýjanda, Tollstjóranum í Reykjavík f. h. Tryggingarstofnunar ríkisins, kr. 600.00 upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 19. nóvember 1949.

Snemma í maí s. l. var Tryggingarstofnun ríkisins tilkynnt, að félagar í Vörubílstjórafélaginu Þrótti í Reykjavík teldu sér eigi skylt að greiða „atvinnurekendaiðgjöld" samkvæmt 112. gr. laga um almannatryggingar nr. 50/1946 og mundi verða leitað úrskurðar dómstólanna um það á þann hátt, að einn af félagsmönnum mundi neita að greiða þetta gjald og láta ganga um það úrskurð fógetaréttar. Fyrir því vali varð gerðarþoli í máli þessu, Theódór Magnússon, Frakkastíg 14, hér í bæ, eigandi og ökumaður bifreiðarinnar R 2060.

Með bréfi dags. 24. maí s. l. krafðist svo tollstjórinn í Reykjavík f. h. Tryggingarstofnunar ríkisins lögtaks hjá gerðarþola fyrir iðgjaldi samkvæmt 112. gr. laga nr. 50/1946, að upphæð kr. 241.80.

Málið var tekið fyrir hér í réttinum hinn 25. maí s. l. og var tekið til munnlegs málflutnings hinn 12. þ. m., en dráttur sá, er orðið hefur á afgreiðslu þess, stafar af önnum fógeta svo og sumarleyfum og eftir þeim farandi önnum fógeta og málflytjenda.

Lögtaksúrskurður fyrir umræddu gjaldi var upp kveðinn hinn 10. maí s. l., en umboðsmaður gerðarþola féll frá birtingu og fresti.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda gerir þær réttarkröfur, að hið umbeðna lögtak nái fram að ganga fyrir áðurgreindri kröfu að upphæð kr. 241.80 ásamt 6% ársvöxtum af henni frá gjalddaga til greiðsludags. Enn fremur að umbjóðanda sínum verði úrskurðaður málskostnaður að mati réttarins.

Umboðsmaður gerðarþola krefst þess hins vegar, að synjað verði um framgang hins umbeðna lögtaks og að umbjóðanda sínum verði úrskurðaður málskostnaður að mati réttarins.

Við munnlegan flutning málsins hafa þessar röksemdir komið fram af hálfu málflytjenda:

Umboðsmaður gerðarbeiðanda heldur því fram, að af samanburði 112. og 113. gr. tryggingarlaganna nr. 50/1946 sé ljóst, að iðgjald skuli greiða samkvæmt 112. gr. af vinnuvikum allra þeirra, sem áhættuiðgjald skal greiða fyrir. Verði þetta einkum ljóst, ef litið er á ákvæði 47. gr. laganna, sem ákveður, að atvinnurekandi, sem er skyldutryggður, þótt hann sé ekki launþegi, skuli greiða iðgjald bæði samkvæmt 112. gr. og 113. gr. Þessa reglu 47. gr. telur hann meginreglu, er lögjafna megi frá. Í samræmi við þetta sé svo ákveðið í reglugerð nr. 11/1947, 8. gr., að iðgjöld af ökumönnum við hvers konar bifreiðastjórn samkvæmt 112. og 113. gr.

tryggingalaganna og 36. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 skuli lögð á og innheimt, eins og þar segir. Orðalagið: „við hvers konar bifreiðastjórn" telur hann beinlínis sett til þess að undirstrika meiningu laganna. Gjald samkvæmt 112. gr. tryggingalaganna telur hann ekki venjulegt iðgjald, heldur framlag í tryggingasjóð, sem greiðast eigi í öllum tilfellum jafnhliða áhættuiðgjaldinu samkvæmt 113. gr. sömu laga, en gjaldskylda vegna ökumanna bifreiða samkvæmt þeirri grein byggist að vísu að forminu til á 36. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, er áður vísuðu um það atriði til alþýðutryggingalaga frá 1943, en þá hafi ekki verið um aðrar tryggingagreiðslur að ræða en áhættuiðgjald, en með 112. gr. tryggingalaganna hafi nú verið tekið upp þetta nýja gjald. Bein ákvæði um þessa nýju gjaldskyldu af ökumönnum bifreiða sé að vísu ekki að finna í tryggingalögunum, en allt þetta megi þó leiða af grundvallarreglum þeirra. Þá telur hann ekki hægt að fallast á þann skilning, að bifreiðarstjórar þeir, er hér um ræðir, séu ekki atvinnurekendur heldur launþegar, sem undanþegnir séu gjaldskyldu samkvæmt 112. gr. tryggingalaganna. Bifreiðarstjórar selji þannig ekki einungis vinnu sína, heldur einnig þjónustu bifreiða sinna og verði því að minnsta kosti í vissum skilningi að teljast atvinnurekendur. En jafnvel þótt þeir teldust launþegar, þá sé starfi þeirra í þágu annarra þannig háttað, að umrætt gjald verði ekki innheimt hjá þeim, er þeir vinna fyrir og taka laun hjá, heldur verði það að innheimtast hjá bifreiðarstjórunum sjálfum.

Umboðsmaður gerðarþola heldur því fram, að gjald samkvæmt 112. gr. tryggingalaganna sé aðeins heimilt að innheimta hjá atvinnurekendum, eins og tvímælalaust sé af orðalagi greinarinnar — gjaldið sé með öðrum orðum atvinnurekendagjald, er enga stoð hafi í lögum að innheimta hjá launþegum. Gerðarþola, sem er félagi í Vörubílstjórafélaginu Þrótti og ekur sjálfur bifreið sinni, telur hann tvímælalaust launþega, en ekki atvinnurekanda. Vitnar hann í því sambandi í dóm Félagsdóms, uppkveðinn 20. júní 1940, Fd. I, bls. 90, er skilgreinir þar hugtakið „stéttarfélag" sem „félagsskap fólks, sem er í þjónustu annarra og þiggur laun fyrir vinnu sína, og er þar gert ráð fyrir stéttarfélögum sem andstæðu atvinnurekenda eða atvinnurekendafélaga". Vörubílstjórafélagið Þrótt kveður hann viðurkennt stéttarfélag, bæði af Félagsdómi og öðrum, enda sé það félagsdeild í Alþýðusambandi Íslands, heildarsambandi launþega á Íslandi. Þá sé það og skýrt fram tekið í lögum félagsins, að atvinnurekendur fái ekki inngöngu í það. Þurfi því ekki um það að deila, að gerðarþoli sé launþegi. Af því leiði, að engin skýlaus lagaheimild sé fyrir því í tryggingalögunum að leggja umrætt gjald á gerðarþola, hvorki í 112. gr. og samanburði hennar við 113. gr. sömu laga né nokkrum öðrum ákvæðum laganna. Ákvæði 47. gr. sömu laga telur hann sérstakt undantekningarákvæði, er ekki verði lögjafnað frá. Ákvæði 8. gr. reglugerðar nr. 11/1947 telur hann ekki heimila umrædda innheimtu, enda hafi það ekki lagastoð til þess. Hins vegar eigi ákvæðið við um iðgjald það, sem réttilega sé lagt á gerðarþola samkvæmt heimild í 8. mgr. 36. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, en það sé sama gjaldið, sem sé talið lagt á samkvæmt 113. gr.

tryggingarlaganna. Þá mótmælir hann því, að félagar í Vörubílstjórafélaginu Þrótti séu í nokkrum skilningi atvinnurekendur, enda þótt þeir selji vinnu sína með aðstoð tækja, þ. e. bifreiða sinna — tæki þau, er menn noti við vinnu sína, skipti í þessu sambandi engu máli.

Rétturinn lítur svo á, að skyldan til greiðslu áhættuiðgjalds af bifreiðarstjórum byggist fyrst og fremst á 8. mgr. 36. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, er leggur sérhverjum bifreiðareiganda þá skyldu á herðar að tryggja ökumann bifreiðar sinnar, hvern þann, er henni ekur, og er tryggingin fyrir bótum vegna slysa, er bifreiðarstjórinn kann að verða fyrir við aksturinn. Skyldi samkvæmt því tryggt hjá Slysatryggingu ríkisins, nú hjá Tryggingarstofnun ríkisins. Gjaldskylda þessi er nú í 8. gr. reglugerðar nr. 11/1947 heimfærð undir 112. og 113. gr. tryggingalaganna, en í sjálfum tryggingalögunum eru engin bein ákvæði um tryggingarskyldu bifreiðarstjóra. Nú er það óumdeilt í máli þessu, að gerðarþoli sé gjaldskyldur samkvæmt 113. gr. tryggingalaganna, sbr. 8. mgr. 36. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, en um það er hins vegar deilt, hvort með þeirri gjaldskyldu sé fullnægt ákvæðum bifreiðalaganna eða hvort jafnframt fylgi henni gjaldskylda samkvæmt 112. gr. tryggingalaganna, en undir aðrar greinar tryggingalaganna verður þessi gjaldskylda samkvæmt bifreiðalögunum ekki heimfærð.

Það er skoðun réttarins, að með greiðslu iðgjalds samkvæmt 113. gr. tryggingalaganna, sem er ótvírætt áhættuiðgjald, en greinin svarar til 20. gr. alþýðutryggingalaganna nr. 104/1943, sé fullnægt skyldutryggingu samkvæmt 8. mgr. 36. gr. bifreiðalaganna. Er þá að líta á það, hvort sambandi 112. og 113. gr. tryggingalaganna sé þannig varið, að gjaldskylda samkvæmt þeim báðum hljóti að fara saman, að því er varðar þetta mál. Í 113. gr. virðist að vísu gengið út frá því, að saman fari gjaldskylda samkvæmt 112. og 113. gr. Orðalag 112. gr. er hins vegar tvímælalaust á þá leið, að þeir, er hafa einn launþega eða fleiri í þjónustu sinni, er rétt hafa til slysabóta, skuli samkvæmt henni greiða iðgjald fyrir þá. Og af athugasemdum við frumvarp til laganna (þingskj. nr. 310/1945, þar 114. gr.) er augljóst, að ekki er um venjulegt áhættuiðgjald að ræða, heldur framlag í tryggingasjóð, sem atvinnurekendum, er einn eða fleiri menn hafa í þjónustu sinni, er gert að greiða og verja skal m. a. til fyrirhugaðra atvinnuleysistrygginga. Með því nú að gengið hefur verið út frá því, að skyldutrygging ökumanns bifreiðar byggist á 8. mgr. 36. gr. bifreiðalaganna og að henni sé fullnægt með iðgjaldagreiðslu samkvæmt 113. gr. tryggingalaganna, en upplýst er í málinu, að gerðarþoli ekur sjálfur bifreið sinni, verður honum að áliti réttarins ekki gert að greiða iðgjald samkvæmt 112 gr. tryggingalaganna, og skiptir þá í því sambandi ekki máli, hvort hann telst atvinnurekandi eða launþegi.

Ákvæði 8. gr. reglug. nr. 11/1947 kemur hér ekki til álita, að því er varðar umdeilt gjald, þar sem það þykir skorta til þess lagastoð, og ákvæði 47. gr. tryggingalaganna verður að teljast undantekningarákvæði, sem ekki verður lögjafnað frá, og kemur það því ekki heldur til álita í máli þessu.

Samkvæmt því, er rakið hefur verið hér að framan, verður niðurstaða

réttarins sú, að synja ber um framkvæmd hins umbeðna lögtaks. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:
Hið umbeðna lögtak skal ekki ná fram að ganga.
Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 9. júní 1950.

Nr. 163/1949. **Ákæruvaldið** (Ragnar Jónsson)
gegn
Guðmundi Magnússyni (Jón N. Sigurðsson).

Maður, er mörgum sinnum hafði valdið eldsvoða, talinn ósakhæfur vegna geðtruflana og honum dæmd öryggisgæzla. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur framhaldsrannsókn verið háð um nokkur þeirra sakaratriða, sem í málinu greinir. Bergsveinn Ólafsson augnlæknir og Helgi Tómasson yfirlæknir hafa og rannsakað ákærða og gert skýrslur um niðurstöður þeirra rannsókna. Loks hefur læknaráð fjallað um skýrslur nefndra lækna og látið í té álit sitt um nokkur atriði varðandi heilsufar ákærða samkvæmt beiðni sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti.

Fallast má á lýsingu héraðsdóms á íkveikjum í skúr við Skúlagötu, Bergþórugötu 20, skúr við Snorrabraut, Netjagerð Björns Benediktssonar h/f, Frakkneska spítalanum, Vesturgötu 3 B og bifreiðinni R 3624, og hefur ákærði með þessum íkveikjum brotið þau ákvæði almennra hegningarlaga, sem í héraðsdómi greinir. Þá ber og að staðfesta ákvæði héraðsdóms um brot ákærða gegn þar greindum ákvæðum áfengislaga og bifreiðalaga svo og 120. og 1. mgr. 259. gr. hegningarlaganna.

Húsið við Klapparstíg 30 og húsið við Bergþórugötu 20 eru í þéttri hvirfingu íbúðarhúsa, sem flest eru úr timbri. Íkveikja

ákærða í húsum þessum varðar því við 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt álitsgerð Helga yfirlæknis Tómassonar, sem læknaráð hefur staðfest, var ákærði, þegar hann framdi afbrot sín, haldinn geðtruflunum, er stöfuðu af þremur samverkandi orsökum, þ. e. sefasýkisupplagi, bráðri heilabólgu og áfengiseitrun. Nú telur læknaráð heilabólguna batnaða og sjúkdómseinkenni hennar horfin. Læknaráð bendir hins vegar á, að óreynt sé, hvernig ákærði muni bregðast við áfengisáhrifum, en ráðið hefur m. a. staðfest svofelld ummæli Helga yfirlæknis Tómassonar um ákærða: „Undir öllum kringumstæðum myndi ég telja áfengi, jafnvel smávegis, stórlega tvíeggjað fyrir hann alla ævi, þar sem ekki er vitað, nema hin afbrigðilega hegðun fyrst og fremst leysist úr læðingi fyrir eiturverkun þess á heila mannsins."

Telja verður, að geðtruflanir ákærða hafi verið á svo háu stigi og þess eðlis, er hann framdi afbrot sín, að eigi séu efni til að dæma honum refsingu, sbr. 15. gr. hegningarlaganna. Hins vegar er hætta á því, að ákærði mundi fremja sams konar afbrot og í máli þessu greinir, ef hann væri látinn laus. Vegna almannaöryggis er því nauðsynlegt, að honum sé að óbreyttu ástandi haldið í öruggri gæzlu. Ber því samkvæmt 62. gr. hegningarlaganna að dæma hann til að sæta slíkri öryggisgæzlu.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og greiðslu málskostnaðar ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2700.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Magnússon, skal sæta öryggisgæzlu samkvæmt framangreindu.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og greiðslu málskostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verj-

anda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Jónssonar og Jóns N. Sigurðssonar, kr. 2700.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar hrd.

Ég tel gögn málsins benda til þess, að ástand ákærða, er hann framdi brotin, hafi verið slíkt, sem um ræðir í 16. gr. laga nr. 19/1940. Styðja og álitsgerðir dr. Helga Tómassonar yfirlæknis og réttarmáladeildar læknaráðs það, að svo hafi verið. Hins vegar tel ég, að eigi séu næg rök til að ætla, að refsing muni bera árangur, og get því fallizt á, að ákærði sé eigi dæmdur til refsingar.

Ég er að öðru leyti sammála dómi Hæstaréttar, þar á meðal ákvæði hans um öryggisgæzlu.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 7. desember 1949.

Ár 1949, miðvikudaginn 7. desember, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í hegningarhúsinu af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4805/1949: Réttvísin og valdstjórnin gegn Guðmundi Magnússyni, sem tekið var til dóms 26. nóvember sama ár.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðmundi Magnússyni, verzlunarmanni, Tangagötu 19 á Ísafirði, fyrir brot gegn XIII., XVIII., XXVI. og XXVII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Reykjavík 26. október 1922, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt þessum ákærum og refsingum:

Í Reykjavík:

1946 27/5 Sátt: 30 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga.

1947 1/7 Sátt: 100 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum (ólöglegur ökuhraði).

1947 17/10 Kærður fyrir að valda aurslettum á vegfaranda. Kærði greiddi skaðabætur, 40 kr.

Á síðastliðnu vori urðu hér í bænum nokkrir eldsvoðar, sem grunur lék á, að væru af mannavöldum. Aðfaranótt 2. júní kviknaði í vörugeymsluhúsinu Vesturgötu 3 B, bifhjóli var stolið úr skúr þar hjá, brotinn brunaboði á Sunnutorgi í Kleppsholti og bifreiðinni R 3624 stolið á Bárugötu, og var komið að henni brennandi utan við þjóðveginn í nánd við Blikastaði í Mosfellssveit klukkan að ganga 8 um morguninn. Lögreglan fór strax á vettvang, og sáust þess merki, að maður hafði gengið frá bifreiðinni upp í fjallið fyrir ofan. Lögreglan hóf þá leit í fjallinu og hélt henni áfram, þar

til ákærði hafði verið handsamaður, sem nú verður að vikið. Klukkan rúmlega 4 síðdegis þenna sama dag var Lárus Lúðvík Magnússon, vélstjóri í rafstöðinni við Elliðaár, við vinnu sína á stöðinni. Sá hann þá til ferða manns eins, sem honum þóttu grunsamlegar, enda vissi hann, að leit að hinum meinta íkveikjumanni stóð yfir. Hann hafði orð á þessu við Stefni Runólfsson múrara, Nýbýlavegi 6, sem þarna var við vinnu, og kom þeim saman um að tilkynna lögreglunni um ferðir mannsins. Gerði Stefnir það símleiðis. Tveir lögregluþjónar, Sigurður Emil Ágústsson og Jóel Kristinn Sigurðsson, voru sendir í bifreið þangað, sem maðurinn var sagður vera, og handtóku þeir hann á Sogavegi, þar sem hann hafði slegizt í för með vegfarendum. Virtist lögregluþjónunum lýsing Stefnis koma heim við manninn. Auk þess vildi svo til, að þeir þekktu hann báðir og ávörpuðu hann. Þeir handtóku hann mótþróalaust og færðu hann fyrir lögreglurétt-inn. Þar viðurkenndi hann strax stuld bifreiðarinnar R 3624 og síðar sama dag viðurkenndi hann að vera valdur að nokkrum eldsvoðum hér í bænum.

Í marzlok s.l. veiktist ákærði á Ísafirði, og telur dr. med. Helgi Tómasson, sem hefur rannsakað andlega heilbrigði ákærða, að sjúkdómurinn hafi eftir öllu að dæma verið heilabólga. Veikindi þessi urðu mjög alvarleg, og dagana 22.—25. apríl var ákærði með meira eða minna óráði. Hinn 25. apríl var hann fluttur í flugvél til Reykjavíkur á heimili foreldra sinna á Klapparstíg 29. Fór honum þá brátt að batna, en lá samt rúmfastur nokkra daga. Vegna þess hve máttfarinn hann var eftir veikindin, fór hann ekki út fyrstu dagana, eftir að hann fór á fætur, en eftir að hann fór að fara út, var hann meira og minna úti á kvöldin og nóttunni og neytti þá áfengis meira en góðu hófi gegndi. Hann kveðst ekki hafa viljað koma heim til foreldra sinna undir áfengisáhrifum og þess vegna hafa, þegar hann var í því ástandi á kvöldin og nóttunni, reikað um bæinn til að láta renna af sér, en sökum þess að honum leiddist að ráfa úti, hafi hann gert sér far um að komast einhvers staðar í húsaskjól, meðan áfengisáhrifin væru að renna af sér.

Verða nú rakin þau brot, sem ákærði er sakaður um að hafa framið.

Skúr við Skúlagötu.

Um mánaðamótin apríl og maí s.l. keypti Hinrik Lúther Sigurðsson bifreiðarstjóri, Hverfisgötu 59, um það bil hálfsmíðaðan timburskúr á óbyggðri lóð við Skúlagötu. Hinn 11. maí hafði hann næstum lokið smíði skúrsins og vann við að mála hann innan fram á kvöld þessa dags. Síðari hluta dagsins hafði hann látið loga á olíuofni í skúrnum, svo að málningin þornaði fyrr, og þegar hann hætti vinnu um kvöldið, skildi hann ofninn eftir, án þess að slökkva á honum. Skúrinn telur eigandinn hafa verið orðinn sér um 5000.00 króna virði.

Nóttina eftir, aðfaranótt 12. maí, var ákærði undir áfengisáhrifum á reiki um bæinn. Kom hann þá að skúr þessum. Hlerar voru fyrir gluggum hans, en þegar ákærði reyndi að losa einn þeirra, var það mjög auðvelt. Þegar hann hafði opnað gluggaopið, smaug hann inn um það í því skyni að láta fyrirberast í skúrnum, þar til áfengisáhrifin væru runnin af sér.

Þegar inn var komið, sá hann olíuofninn, og kom þá upp í huga hans sú hugsun, að mikil ógætni væri að láta lifa á olíuofninum í mannlausum skúrnum um hánótt. Fljótlega eftir að ákærði kom í skúrinn, hrinti hann ofninum um koll, og blossaði þá strax upp eldur, vafalaust í olíunni, sem rann úr ofninum. Ákærði sparkaði þá upp skúrhurðinni og fór út og gekk stóran hring um göturnar í grenndinni, þar til hann kom aftur að skúrnum. Brunakall vegna skúrbrunans hafði komið í slökkvistöðina kl. 2.42, og þegar ákærði kom aftur á brunastaðinn, var slökkviliðið að slökkva eldinn. Gekk ákærði þá í lið með því og vann meðal annars að því að hringa upp slöngurnar að slökkvistarfinu loknu. Við brunann urðu miklar skemmdir á skúrnum, sem var óvátryggður. Þegar skúrinn brann, var veður suðvestan 6 og úrkoma, að því er virðist.

Undir rannsókn máls þessa var Jóni slökkviliðsstjóra Sigurðssyni og Sveini yfirlögregluþjóni Sæmundssyni falið að athuga, hvort mönnum hafi verið bersýnilegur lífsháski búinn af íkveikjum ákærða og hvort þær hafi haft í för með sér augljósa hættu á yfirgripsmikilli eyðingu. Í skýrslu sinni um þetta, sem þeir hafa staðfest fyrir dómi, lýsa þeir því áliti sínu um skúrbrunann, að vegna veðuráttar og lítils eldsmagns í skúrnum hafi ekki verið hætta á, að eldurinn breiddist út, þannig að nærliggjandi hús væru í hættu. Þar sem ekki verður talið, að almannahætta hafi stafað af bruna skúrsins, þykir verknaður ákærða varða við 257. gr., 2. mgr., hegningarlaganna nr. 19 12. febrúar 1940.

Klapparstígur 30.

Þegar eldurinn hafði verið slökktur í skúrnum við Skúlagötu, gekk ákærði áleiðis heim á Klapparstíg 29. Gegnt því húsi við þá götu er Klapparstígur 30, verzlunin Vaðnes, og á bak við hana í skúrbyggingu einni rafmagnsvinnustofan Skinfaxi. Ákærði fór inn í sundið milli þessara bygginga til að kasta af sér vatni. Hann kveðst hafa litið inn um gluggann á rafmagnsverkstæðinu og séð þar glóandi rafofna, nokkra, að hann minnir. Fyrir einn gluggann segir hann hafa verið negldа krossviðarplötu í stað rúðu, hafi hann rekið hnefann í plötuna og ýtt henni inn og þá komizt með handlegginn inn um opið, alveg upp að öxl. Á borði við gluggann hafi verið tvistur, og kveðst ákærði hafa tekið visk af honum og fleygt henni á einn glóandi rafofninn. Hafi þá strax farið að rjúka af honum og ákærði þá hraðað sér inn í Klapparstíg 29. Þar fékk hann sér að borða í búrinu og fór svo að hátta, en meðan hann var að því, vaknaði fólkið í húsinu. Fór hann þá með því út í glugga og sá þá reykinn upp úr rafmagnsvinnustofunni, og var slökkviliðið þá komið á vettvang.

Samkvæmt skýrslu framkvæmdastjóra vinnustofunnar, Jónasar Ingvars Ásgrímssonar rafvirkjameistara, Laugavegi 27, var enginn krossviður negldur fyrir glugga vinnustofunnar, en hins vegar var krossviður negldur fyrir op á hurðinni. Engin hilla var nálægt hurðinni, og inn um opið á henni, telur hann, að ómögulegt hafi verið að seilast í tvist, sem vafalaust hafi legið á borðinu í vinnustofunni. Þegar framkvæmdastjórinn kom á brunastaðinn um nóttina, voru allar rúður vinnustofunnar heilar, að einni

undantekinni. Efnisvörður vinnustofunnar hefur staðfest skýrslu framkvæmdastjórans um, að krossviður hafi einungis verið negldur fyrir hurðaropið. Við athugun á brunastaðnum kom í ljós, að rafsuðuplata ein var í sambandi, og stóð hún rétt við timburvegg í vinnustofunni. Vinnuföt héngu á veggnum nálægt plötunni, og brunnu þau að mestu. Var helzt álitið fram að því, að grunur féll á ákærða um ýmsar íkveikjur hér í bænum um þetta leyti, að kviknað hefði í vinnustofunni út frá rafsuðuplötunni. Þó að skýrsla ákærða um aðferðina við íkveikju þessa virðist ekki geta að öllu leyti staðizt, þykir þó eigi vafa bundið, að hann hafi kveikt í vinnustofunni. Veldur því einkum fortakslaus játning ákærða, sem hann hefur ekki hvikað frá, þó að honum hafi verið bent á þau atriði hennar, sem helzt þykja tortryggileg.

Boð um bruna þenna kom á slökkvistöðina kl. 5.18. Teljandi skemmdir virðast ekki hafa orðið á húsinu við brunann, en lausafjártjónið var metið á kr. 92000.00, og var tryggt fyrir því hjá Almennum tryggingum h/f.

Klukkan 5 þessa nótt var vindur hér í bæ suðvestan 4, en kl. 6 voru 6 vindstig sömu áttar. Verður að telja, að vindur hafi verið eitthvað þar á milli, þegar eldurinn kom upp. Um þenna bruna farast slökkviliðsstjóra og yfirlögregluþjóni þannig orð í nefndri skýrslu sinni: „Eldurinn kom upp í lágri skúrbyggingu, sem stendur innst í lóðinni með heilum steinveggjum á þrjár hliðar og timburvegg inn að lóðinni. Í skúrnum er frekar lítill eldsmatur. Hér hefði vart getað orðið um annað að ræða en eyðileggingu á sjálfum skúrnum og því, sem í honum var geymt. Hefði vindstaða verið austlæg, gat til mála komið, að bakhúsið nr. 19 B við Laugaveg væri í hættu, en þar er lítið timburhús, sem er með eldvarnarvegg að skúrnum. Eins og á stóð, var það ekki. Engin íbúð var í skúrnum.“ Þessi íkveikja ákærða þykir varða við 164. gr., 1. mgr., hegningarlaganna.

Vagnasmiðjan á Grettisgötu 21.

Aðfaranótt 14. maí var ákærði á reiki um bæinn undir áhrifum áfengis. Bar hann þá að vagnasmiðju Kristins Jónssonar á Grettisgötu 21. Hann fór þar inn í portið til að kasta af sér vatni og sá þá rúðulausa glugga á skúr bak við vinnustofuna. Honum tókst auðveldlega að komast inn um einn þeirra, og settist hann síðan upp í bifreið eina, sem þar var inni, og fór að reykja vindling. Síðan fór hann inn í annað herbergi og rótaði þar í ýmsu dóti, kveikti sér í vindlingi og kastaði eldspýtunni, sem hann kveikti með, á gólfið. Hún kulnaði út, en þegar ákærði sá hana á gólfinu og sætastopp mjög nærri, kom yfir hann löngun til að kveikja í því, og gerði hann það því umsvifalaust með eldspýtu. Síðan fór hann út og gekk burtu um stund, en kom svo aftur á þenna sama stað og var viðstaddur slökkvistarfið að einhverju leyti, en aðstoðaði þó ekki við það.

Guðmundur Finnbogason járnsmiður, Grettisgötu 20 B, varð fyrstur eldsins var, þegar hann leit út um glugga heima hjá sér. Hann tilkynnti slökkviliðinu þetta samstundis í síma, og var klukkan þá 04.04. Slökkviliðið fór þegar á vettvang og réð fljótlega niðurlögum eldsins. Skemmdir urðu þó miklar á herbergi því, sem eldurinn kom upp í, og því, sem í því

var. Annars staðar í verksmiðjunni urðu einnig nokkrar skemmdir, aðallega af reyk. Tjón á húsinu, sem vátryggt var í Almennum tryggingum h/f, var metið kr. 29000.00, en lausafjártjón, sem tryggt var gegn í Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, var kr. 112000.00 að meðtöldum kostnaði.

Um þenna bruna farast slökkviliðsstjóra og yfirlögregluþjóni þannig orð í nefndri álitsgerð: „Eldurinn var í vinnustofu Kristins Jónssonar vagnasmiðs, en hún er í einnar hæðar húsi með eldvarnarvegg að vesturmörkum. Nokkur hluti byggingarinnar er nýr, og er sá hluti úr timbri, klæddur bárujárni. Hinn hlutinn er með steinsteyptum veggjum, en bárujárnsþak er á allri byggingunni. Byggingin er þiljuð innan með panel. Veður var ANA 3 til ASA 2, eða nærri logn. Hér getur varla hafa verið að ræða um íkviknun í nágrannahúsum, en aðeins um hættu á sjálfu húsinu, sem eldurinn kom upp í, og því, sem þar var inni. Engir menn voru í lífshættu vegna þessa bruna. Eldurinn var fljótlega slökktur, en nokkrar skemmdir af reyk og vatni." Þar sem húsið, sem ákærði kveikti í, er inni í miðju íbúðarhúsahverfi og nokkur almannahætta hlýtur ætíð að vera að eldsvoða á slíkum stöðum, þykir þessi íkveikja ákærða varða við 164. gr., 1. mgr., hegningarlaganna.

Bergþórugata 20.

Aðfaranótt 25. maí var ákærði sem fyrr á reiki um bæinn undir áhrifum áfengis. Gekk hann þá fram hjá húsinu nr. 20 við Bergþórugötu, sem er tveggja hæða íbúðarhús úr timbri. Kveðst hann hafa séð opinn kjallaraglugga á húsinu, hafa skimað inn um hann og séð þar inni hitt og annað rusl, kveikt á eldspýtu og fleygt henni logandi inn í herbergið. Síðan kveðst hann hafa gengið brott, en þegar hann fór að hugleiða, að fólk mundi búa í húsinu, hafi hann orðið skelkaður og sér dottið í hug að snúa við til að sjá, hvort eldurinn hefði kviknað að ráði, og ef svo væri, þá reyna að slökkva hann eða að minnsta kosti að tilkynna um hann. Frá þessari fyrirætlun kveðst hann þó hafa horfið sökum þess, að sig hafi brostið kjark. Tilkynning um íkviknun þessa barst slökkvistöðinni klukkan 3 um nóttina. Slökkviliðið fór þá á vettvang og réð niðurlögum eldsins, áður en nokkrar teljandi skemmdir yrðu, en kviknað hafði í spýtnarusli í kjallaraherbergi í norðvesturhorni hússins. Af þeim íbúum hússins, sem bezt þekktu til geymsluherbergis þessa, er því haldið fram, að gluggi þessi hafi ekki verið opinn þessa nótt, en hins vegar má vera að blikkplata, sem negld mun hafa verið fyrir hluta gluggans, hafi húsað frá, svo fleygja hafi mátt eldspýtu þar inn um. Útidyr kjallarans voru ólæstar þessa nótt og því greiður aðgangur að dyrum geymslunnar, sem að vísu voru læstar, en lykillinn stóð í skránni að utan. Ákærði kveðst þó muna örugglega, að hann hafi ekki farið inn í kjallara hússins, og heldur því fastlega fram, að hann hafi kastað eldspýtunni inn um gluggann.

Í húsinu voru þessa nótt 13 manns og voru allir í svefni, þegar eldurinn kom upp. Svo mikill reykur var kominn upp á neðri hæðina, þegar fólkið þar vaknaði, að 11 ára drengur var orðinn hálfmeðvitundarlaus og kom ekki til fullrar meðvitundar, fyrr en hann hafði verið borinn fram í for-

stofu. Um þessa íkveikju farast slökkviliðsstjóra og yfirlögregluþjóni þannig orð í nefndri álitsgerð: „Slökkviliðið var kvatt á brunastað kl. 03.00 25. maí. Veðurátt var A 2, eða nær því að vera logn. Húsið er 2ja hæða timburhús, klætt bárujárni, með steinkjallara, sem eingöngu er notaður sem geymslur. Eldurinn hafði kviknað í spýtnarusli í kjallaranum. Í húsinu bjó 13 manns á báðum hæðum, og var það í svefni, er eldurinn kom upp. Á húsinu eru aðeins einar útgöngudyr. Um bruna þenna er það að segja, að með tilliti til þess, að eldurinn kviknar að nóttu til, þegar allir íbúar hússins voru í svefni, var sú hætta á, að eldurinn næði að magnast verulega, áður en slökkviliðinu yrði gert aðvart, og þá um leið lífshættulegur fyrir íbúa hússins. Aftur á móti verður ekki talið líklegt, að næsta hús, nr. 18 við Bergþórugötu, sem einnig er 2 hæða timburhús, hefði verið í hættu, enda þótt húsið nr. 20 hefði orðið alelda, þar sem logn var og 6,5 metra bil milli húsanna og enginn gluggi er á austurhlið hússins nr. 18."

Með því að kveikja í húsi þessu, þykir ákærði hafa brotið 164. gr., 2. mgr., hegningarlaganna.

Skúrinn við Snorrabraut 56.

Þegar ákærði hafði kveikt í Bergþórugötu 20, gekk hann að skúr einum við Snorrabraut 56, eða öllu heldur tveimur skúrum með sundi á milli. Í öðrum skúrnum voru 5 hestar, en í hinum voru þrír hestburðir af heyi, hnakkur, heyyfirbreiðsla, reipi o. fl. Ákærði sá inn um glugga, að hestar voru í skúrnum, og af því að ákærði hefur mikið yndi af hestum, langaði hann til að komast inn til þeirra og helzt af öllu að koma á bak einum þeirra. Honum tókst þó ekki strax að komast inn í þann skúrinn, sem hestarnir voru í, en þegar hann tók þéttingsfast í hurðina fyrir hinum skúrnum, opnaðist hún. Þar inni tók hann járnkarl og heytuggu, braut síðan hestaskúrinn upp með járnkarlinum og fór inn í hann með heyið og var þar góða stund að gefa hestunum það og gæla við þá. Að því búnu gekk hann yfir í hinn skúrinn til að ná í meira hey, en þegar hann kom þangað, greip hann löngun til að kveikja í heyinu, og gerði hann það strax með eldspýtu. Síðan fór hann yfir í hinn skúrinn og leysti út hestana, en gekk síðan um göturnar um hríð. Síðar um nóttina fór hann í bifreið framhjá skúrnum, og var slökkvistarfinu þá lokið.

Slökkviliðið var kallað á þenna brunastað kl. 03.16, og tókst því fljótlega að ráða niðurlögum eldsins. Það, sem í skúrnum var, eyðilagðist að mestu, og skúrinn sjálfur skemmdist mjög mikið. Eldur barst enginn í hestaskúrinn. Eigandi skúranna, Kjartan Ólafsson, vörzlumaður bæjarlandsins, Grettisgötu 80, telur tjónið á brunanum vera um kr. 2000.00. Skúrinn og það, sem í honum var, var óvátryggður.

Slökkviliðið varð vart benzínbrúsa í heyskúrnum, meðan slökkvistarfið stóð yfir. Eigandi skúrsins kannast ekki við brúsa þenna, og ákærði hefur fastlega neitað að hafa flutt hann í skúrinn, og er ósannað, hvernig á brúsanum stóð þarna. Skúr þessi stóð góðan spöl frá næsta húsi, og er það álit slökkviliðsstjóra og yfirlögregluþjóns í áðurnefndri skýrslu þeirra, að

engin hætta hafi verið á, að eldur í honum gæti borizt til annarra húsa.

Þar sem almannahætta þykir eigi hafa stafað af bruna þessum, þykir þessi íkveikja ákærða réttilega heimfærð undir 257. gr., 2. mgr., hegningarlaganna.

Netjagerð Björns Benediktssonar h/f.

Aðfaranótt 26. maí var ákærði sem fyrr á reiki um bæinn undir áhrifum áfengis. Kom hann þá að Netjagerð Björns Benediktssonar h/f á horni Holtsgötu og Hringbrautar. Var það mjög stór bygging og í henni mjög mikil verðmæti. Við Holtsgötuna var nýbygging úr steinsteypu í smíðum, ein hæð og kjallari. Hæðina var aðeins búið að steypa, en hafði ekki verið tekin í notkun. Í kjallaranum voru geymdar 11 síldarnætur, sem nýlega höfðu verið fluttar þangað frá Skipholti 29. Á horninu og sambyggt var netjaverkstæðið, tveggja hæða járnklædd timburbygging. Á neðri hæðinni var aðallega geymt nótaefni og unnið þar öðru hvoru. Á efri hæðinni voru tveir vinnusalir, sem geymdar voru í nokkrar nætur. Sambyggt vestur af verkstæðinu, meðfram Hringbraut, var þurrkhjallurinn, sem í var geymt mikið af síldarnótum og einnig voru nætur geymdar á rimlalofti, sem var yfir hjallinum. Í húsasamstæðu þessari var auk alls þessa mikið efni í síldarnætur, litunarefni, vélar, verkfæri og ýmislegt starfrækslunni tilheyrandi. Húseignin var brunatryggð í Almennum tryggingum h/f fyrir kr. 539500.00 og lausafé fyrir kr. 230000.00. Nótaefni, unnið og óunnið, var vátryggt í Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f fyrir um eina milljón króna, og þær 30—40 síldarnætur, sem ýmsir útgerðarmenn áttu geymdar þarna, voru og vátryggðar.

Þegar ákærði kom að húsi þessu, kveðst hann hafa séð, að rimill var brotinn í hjallinum, og smaug hann þá inn um opið. Úr hjallinum fór hann inn í vistarveru, sem hann taldi réttilega vera kaffistofu, settist þar við borð og fór að reykja vindlinga og lesa blað, sem þar lá frammi. Á gólfi stofunnar var trékassi með bréfarusli í, að sögn ákærða, og þegar hann hafði kveikt í einum vindlingnum, fleygði hann logandi eldspýtunni í bréfaruslið í kassanum og fór strax að loga í því. Ákærði kveðst hafa haft gaman af að horfa á eldinn í bréfunum og ekkert hafa gert til að hindra útbreiðslu hans. Hann fór síðan út úr húsinu Holtsgötu megin, tók í heimildarleysi reiðhjól Björns Benediktssonar bréfbera, Holtsgötu 21, sem stóð við netjagerðina, og hjólaði á því brott. Ákærði hefur fullyrt, að íkveikjan hafi farið fram, svo sem nú var lýst, og sérstaklega hefur hann neitað að hafa kveikt víðar í netjagerðinni en í ruslakassanum í kaffistofunni.

Einar Þorsteinsson húsasmiður, Holtsgötu 37, varð fyrstur eldsins var, þegar hann var að koma heim til sín laust fyrir klukkan hálf fimm um nóttina. Sá hann þá rjúka undan þakskeggi hússins, og þegar hann kom að því til að sjá, hverju þetta sætti, sá hann mikinn reyk inni, en engan eld. Hann flýtti sér þá að síma í slökkviliðið, og kom það kall í slökkvistöðina kl. 04.29. Slökkviliðið fór þegar á vettvang, en eigi tókst að slökkva eldinn, fyrr en netjagerðin var brunnin til kaldra kola með öllu, sem í var. Meðan aðalbruninn stóð yfir, var vindur NNA 6—7, léttskýjað og hiti frá 0—2

stig. Eldur frá hinu ógurlega báli barst í þak lýsisstöðvar Bernharðs Petersens, sem er næsta hús vestan við netjagerðina, brunatryggt fyrir kr. 1545000.00. Slökkviliðinu tókst að slökkva í þaki þessa húss, áður en mjög miklar skemmdir yrðu. Meðan á brunanum stóð, kviknaði í rusli í portinu bak við húsið nr. 58 A við Framnesveg. Kallað var í slökkviliðið, sem slökkti þenna eld. Talið er vafalaust, að eldur þessi hafi kviknað af neistaflugi frá netjagerðarbrunanum. Húsið Framnesvegur 58 A er brunatryggt fyrir kr. 46300.00.

Tjón af þessum bruna var gífurlegt. Samkvæmt upplýsingum Almennra trygginga h/f hefur það félag greitt í bætur vegna brunans í netjagerðinni kr. 515030.00 og brunans í lýsisstöðinni 7500 kr. Samkvæmt upplýsingum Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f hefur það félag greitt í bætur vegna netjagerðarbrunans um kr. 2300000.00 og vegna brunans í lýsisstöðinni kr. 28000.00. Samkvæmt upplýsingum frá Samvinnutryggingum greiddu þær tjón á síldarnótum í netjagerðarbrunanum kr. 290000.00.

Tvær síldarnætur, sem þar brunnu, eign Geirs goða h/f, voru tryggðar hjá vátryggingarskrifstofu Sigfúsar Sighvatssonar fyrir kr. 80000.00 á öðrum stað. Er óútkljáð, hvernig fer með bætur fyrir þær. Þó þetta sé talið, eru eigi öll kurl komin til grafar um tjónið, og verður því engu slegið föstu um, hversu mikið tjón hefur raunverulega af brunanum hlotizt.

Um þenna bruna segja slökkviliðsstjórinn og yfirlögregluþjónninn í margnefndri álitsgerð: „Slökkviliðið var kvatt á eldstað kl. 04.29 þann 26. maí, og var þá mikill eldur í húsinu, sem læsti sig fljótlega um alla bygginguna, en hún var 2ja hæða hús úr steinsteypu og timbri, er brann til kaldra kola. Kl. 04.00 telur veðurstofan, að logn hafi verið hér í bæ, en kl. 05.00 var veðurhæðin orðin NNA 6 vindstig. Frá eldinum voru í hættu gamall steinbær, Stórasel við Holtsgötu, og Lýsisstöð Bernhards Petersens við Hringbraut—Sólvallagötu. Slökkviliðinu tókst að verja Stórasel, en eldurinn náði að kveikja í þaki lýsisstöðvarinnar, en var heftur án verulegra skemmda. Hefði ekki tekizt að hefta útbreiðslu eldsins í lýsisstöðinni, hefði þar verið um yfirgripsmikla eyðingu að ræða til viðbótar. Engin mannslíf í nálægum húsum er hægt að telja í hættu vegna þessa bruna."

Með þessari íkveikju hefur ákærði gerzt brotlegur við 164. gr., 2. mgr., hegningarlaganna.

Taka reiðhjólsins við netjagerðina.

Þegar ákærði kom út úr netjagerðinni að íkveikjunni afstaðinni, sá hann þar reiðhjól, sem hann vissi ekki, hver átti, tók það í heimildarleysi og hjólaði á því sem leið liggur að sundinu, sem er frá Laufásvegi niður að Fríkirkjuvegi 11. Þar skildi hann það eftir umhirðulaust og skipti sér ekki frekar af því. Eins og áður segir, var hjólið eign Björns Benediktssonar bréfbera, Holtsgötu 21. Rannsóknarlögreglan fann reiðhjólið þar, sem ákærði skildi það eftir, og kom því til skila. Eigi virðist það hafa verið ásetningur ákærða að slá eign sinni á reiðhjólið, heldur virðist hann hafa gripið til þess í hugsunarleysi og hálfgerðu ósjálfræði til að hjóla á því nokkurn spöl. Þar sem hann svo skildi það eftir rétt við bækistöð rann-

sóknarlögreglunnar, þar sem það mundi auðveldlega finnast, þykir taka reiðhjólsins eigi verða metin til þjófnaðar. Er þá um nytjastuld að ræða, en þar sem eigandi reiðhjólsins hefur eigi krafizt málshöfðunar vegna afskipta ákærða af því, verður ákærða eigi gerð refsing fyrir þau.

Brot á brunaboða á horni Spítalastígs og Bergstaðastrætis.

Þegar ákærði hafði losað sig við reiðhjólið, gekk hann um göturnar. Þegar hann kom á horn Spítalastígs og Bergstaðastrætis, braut hann brunaboða, sem þar er, og gabbaði með því slökkviliðið þangað. Varðar þessi verknaður hans við 120. gr. hegningarlaganna.

Bruni í Franska spítalanum.

Síðan gekk hann inn að Franska spítalanum við Lindargötu, sem er stórt, gamalt timburhús. Var það einkum notað til skólahalds, en á efri hæð þess bjuggu þrjár manneskjur. Þegar ákærði kom að húsi þessu, sá hann opinn glugga á kjallara þess. Ákærði fór inn um hann, settist á sófagarm, sem stóð í herberginu, og fór að reykja vindlinga. Áklæði sófans var trosnað, og þegar ákærði fór að krafsa í það, fór það í sundur, og myndaði hann þá með fingrunum holu í stoppið. Síðan kveikti hann á eldspýtu og lét hana logandi niður í holuna. Hann sá, að eldurinn læsti sig um hálminn í sófanum, en gerði ekkert til að hindra það, heldur fór út úr húsinu um kjallaradyr, sem læstar voru með smekklás, sem hann opnaði innan frá. Hann fór nú heim á Klapparstíg 29, fékk sér mjólk í búrinu, en þegar hann þar á eftir leit út um vesturglugga, sá hann geysimikinn reyk vestur í bæ og taldi þá víst, að hann væri af bruna netjagerðarinnar. Hann taldi, að áfengisáhrifin, sem hann hafði verið undir um nóttina, væru runnin af sér, og m. a. með tilliti til þess náði hann í bifreiðarlykla föður síns, sem voru í vasa hans í svefnherbergi hans, og tókst ákærða að ná þeim, án þess að faðir hans vaknaði. Síðan ók ákærði bifreið hans vestur að netjagerðinni og var þar talsvert lengi að horfa á slökkvistarfið. Síðan ók hann aftur að Klapparstíg 29, gekk frá bifreiðinni, eins og hann minnti, að hún hefði verið, þegar hann tók hana, og kom síðan lyklunum í vasa föður síns, án þess að faðir hans vaknaði. Háttaði svo ákærði og hafði lesið stundarkorn í rúminu, þegar hann varð var við ferðir slökkviliðsins inn í Franska spítala. Þá var svo langt liðið frá því, að hann hafði kveikt í sófanum í húsi þessu, að hann kveðst hafa verið farinn að vona, að eldurinn hefði ekki náð að breiðast út um húsið. Ákærði fór ekki út aftur um morguninn, heldur fór að sofa.

Boð um eld í Franska spítalanum bárust slökkviliðinu kl. 06.31 hinn 26. maí. Slökkviliðið fór þegar á staðinn og tókst eftir nokkurn tíma að ráða niðurlögum eldsins. Húsið skemmdist talsvert af eldi og vatni. Húsið var brunatryggt í Almennum tryggingum h/f fyrir kr. 525500.00, en brunatjónið á því reyndist vera kr. 138300.00. Gagnfræðaskólinn í Reykjavík hafði hús þetta að mestu til afnota, og var húsbúnaður, kennsluáhöld og fleira af gögnum skólans, sem geymd voru í húsinu, vátryggð í Brunabótafélagi Íslands fyrir kr. 80000.00, en brunatjónið á verðmætum þessum var ásamt

matskostnaði kr. 35704.00. Í kjallaranum voru geymslur, sem geymd var í búslóð o. fl. á vegum fátækrastjórnar bæjarins, og einnig var þar geymsla tilheyrandi saumastofu fátækrastjórnarinnar, sem rekin var á efri hæð hússins. Allt, sem í geymslum þessum var, var óvátryggt og ýmist eyðilagðist eða stórskemmdist. Munir hinna þriggja íbúa hússins skemmdust ekki að ráði. Um þenna bruna segja slökkviliðsstjóri og yfirlögregluþjónn í margnefndri álitsgerð sinni: „Slökkviliðið var kvatt á eldstað kl. 06.31 þann 26. maí og var þá veðurhæð NNA 6. Slökkviliðið var við vinnu í netjagerðinni, er kallið kom. Húsið er stórt timburhús, 2 hæðir og kjallari úr steini, og er það nú notað sem skólahús og saumaverkstæði með birgðageymslu fyrir Reykjavíkurbæ, 3 menn bjuggu á efri hæðinni. Eldurinn kom upp í kjallaranum, og voru íbúar þá í svefni. Hefði eldurinn náð þeirri útbreiðslu, að húsið hefði brunnið til grunna, eru þó ekki líkur til annars en takast hefði mátt að verja nærliggjandi hús, eins og vindstaðan var, en þau eru í 27—30 m fjarlægð frá spítalanum. Um húsið sjálft er það að segja, að ef eldurinn hefði náð að breiðast meira út en raun varð á, áður en slökkviliðinu var gert viðvart, er hætta á með tilliti til veðurhæðar, að húsið hefði brunnið upp. Þá gat einnig verið um það að ræða, að íbúar hússins væru í lífshættu."

Með íkveikjunni í þessu húsi telst ákærði hafa gerzt brotlegur við 164. gr., 2. mgr., hegningarlaganna. Ákærði var undir áhrifum áfengis þessa nótt, og hefur hann því með akstri bifreiðarinnar gerzt brotlegur við 23. gr., 1. mgr., sbr. 38. gr. bifreiðalaganna og 21. sbr. 39. gr. áfengislaganna.

Bruni á Vesturgötu 3 B og ýmis atferli ákærða hinn 2. júní s.l.

Fyrri hluta aðfaranætur 2. júní s.l. var ákærði á dansleik í Alþýðuhúsinu hér í bænum. Sjálfur kveðst hann sjaldan hafa verið eins ölvaður og þá nótt og sumpart óljóst og sumpart ekki muna, hvað gerðist. Kunningjar hans á dansleiknum segja hann hafa verið drukkinn. Ekki ber þeim þó saman um, hversu mjög drukkinn hann hafi verið. Einn þeirra segir hann hafa verið dauðadrukkinn, aðrir minna, með fullu viti, og allra ferða færan. Að dansleiknum loknum fór ákærði til Hafnarfjarðar, en komst þaðan, þegar líða tók á nóttina, með kunningja sínum á vörubifreið til Reykjavíkur. Þar fóru þeir af bifreiðinni við Aðalstræti 4 og skildu þar. Fór félagi ákærða þá heim og varð ekki var við ákærða eftir það um nóttina. Segir þessi félagi ákærða, að þegar þeir skildu, hafi áfengisáhrif verið runnin af ákærða og hann ekki þá verið mikið drukkinn. Sjálfur var þessi félagi undir áfengisáhrifum, og má því vera, að skýrsla hans um þetta sé eigi sem áreiðanlegust. Brýtur hún mjög í bág við frásögn ákærða sjálfs. Eftir þetta var ákærði einn, þar til hann var tekinn höndum. Minni hans um atburði þessa tímabils er allóljóst, og með köflum man hann alls ekki, hvað gerðist.

Mjög skammt frá Aðalstræti 4 er húsið Vesturgata 3 B, stórt vörugeymsluhús úr timbri, sambyggt öðrum húsum og inni í miklum húsaklasa, meira og minna úr timbri. Meginhluti hússins er vörugeymsla Eggerts Kristjánssonar & Co. h/f, en að öðru leyti notar G. J. Fossberg, véla-

verzlun h/f, húsið sem geymslu, þar á meðal kjallarapláss, sem veit út að Fischersundi. Gluggi þessarar geymslu var rúðulaus, og fyrir hann var negld járnplata. Kl. 05.12 um nóttina kom brunaboð á slökkvistöðina um, að kviknað væri í húsi þessu. Slökkviliðið var um eina klukkustund að ráða niðurlögum eldsins, og urðu skemmdir bæði á húsinu og vörubirgðum í því. Húsið var brunatryggt hjá Almennum tryggingum h/f fyrir kr. 526500.00, en tjón á því af brunanum var kr. 18500.00. Vörubirgðir Eggerts Kristjánssonar & Co. h/f voru brunatryggðar fyrir samtals kr. 400000.00 í Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, og var tjón á þeim kr. 240000 00. Í sama félagi voru vörubirgðir G. J. Fossberg, vélaverzlun h/f, tryggðar fyrir kr. 170000.00. Tjón á þessu var kr. 29000.00. Eigendur hússins, Bræðurnir Ormsson, áttu brunatryggt lausafé í húsinu, og var tjón á því alls kr. 23599.00. Voru þær tryggingar bæði hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f og Vátryggingarskrifstofu Sigfúsar Sighvatssonar.

Við athugun brunastaðarins virtist ljóst, að kveikt hefði verið í því í áðurnefndri geymslu G. J. Fossberg, vélaverzlun h/f, sem vissi út að Fischersundi, og þá þannig, að platan, sem negld var fyrir gluggann, hefði verið losuð frá og eldurinn komið inn um það op. Geymsla þessi var dimm og rök. Í henni voru geymdir skrúfboltar og ekkert eldfimt var þar inni. Telur rannsóknarlögreglan, meðal annars samkvæmt upplýsingum kunnugra, að óhugsandi sé, að kveikt hafi verið í hillunum fyrir innan gluggann, þar sem eldurinn hefur greinilega átt upptök sín, nema með einhverjum tilfæringum, t. d. tvisti vættum í olíu eða benzíni.

Um kl. 4 þessa nótt gekk Sigurbjörn Stefánsson verkamaður, Mjóstræti 3, niður Fischersund. Sá hann þá mann hálfboginn við hlið margnefnds húss og var hann að toga þar í járnplötu. Maðurinn hrökk við, þegar Sigurbjörn kom til hans, en gekk þó til hans og skiptust þeir á nokkrum orðum, þar til Sigurbjörn hraðaði sér burtu. Sigurbjörn lýsir klæðnaði mannsins svo, að hann hafi verið í mjög ljósum, beltislausum rykfrakka, og með brúnan hatt. Virtist honum frakkinn líta út fyrir að vera gamall, en nýhreinsaður. Kemur þessi klæðnaður alveg heim við klæðnað ákærða, þegar hann var handtekinn. Lýsing Sigurbjörns á manninum að öðru leyti er í samræmi við ákærða. Eigi veitti Sigurbjörn manni þessum svo nána athygli, að hann gæti um það fullyrt, þegar hann sá ákærða fyrir tilstilli rannsóknarlögreglunnar daginn eftir, hvort um sama manninn væri að ræða, en ekkert benti hann á, sem því gæti staðið í vegi.

Um sama leyti og Sigurbjörn hitti manninn, sá Elliðagrímur Rögnvaldsson, næturvörður í Veiðarfæraverzluninni Geysi, sem er þarna í næstu grennd, mann á mjög ljósum rykfrakka í Grófinni ofanvert við geymsluhús Eggerts Kristjánssonar & Co. h/f. Nokkru síðar sá hann sama manninn koma á bifhjóli, rauðleitu að honum virtist, aka hratt norður Grófina og hverfa þar sjónum. Um svipað leyti sást maður í ljósum eða mjög ljósum frakka aka bifhjóli um austurbæinn. Sáu vitni þetta á mismunandi stöðum, sem eigi virðist þörf að rekja. Er reyndar eigi vissa fyrir, að þetta hafi verið ákærði, þó að mjög megi það teljast líklegt. Klukkan 05.20 um nóttina var brotinn brunaboði á Sunnutorgi við Langholtsveg og slökkvi-

liðið gabbað þangað. Svo vildi til, að frú Oddfríður Sæmundsdóttir, Langholtsvegi 53, var á ferli, þegar þetta gerðist. Eiginmaður hennar er í slökkviliðinu og var nýfarinn út til að sinna kallinu frá Vesturgötu 3 B. Þegar kona hans leit á eftir honum út um gluggann, sá hún mann í ljósum frakka vera að setja bifhjól í gang framan við húsið, sem er á milli Langholtsvegar 53 og nr. 49 við sömu götu, en á því húsi er brunaboðinn, sem brotinn var. Bifhjólið segir hún hafa verið dökkt og ekki stórt. Henni virtist maðurinn eiga í erfiðleikum með að koma hjólinu í gang, en þó tókst honum það fljótt, og ók hann þá brott niður Laugarásveg.

Klukkan ca. 4.45 sá Ólafur kaupmaður Gunnlaugsson, Ránargötu 15, mann aka rauðu bifhjóli vestur þá götu. Eigi getur hann lýst manninum, enda gaf hann honum engan sérstakan gaum. Klukkan 06.00 um morguninn var lögreglunni tilkynnt, að rautt bifhjól, R 3983, stæði á Ránargötu móts við húsið nr. 32. Lögreglan fór strax á vettvang og tók bifhjólið í sínar vörzlur. Var vél þess heit, þegar lögreglan kom að því, og því ljóst, að hún hefði nýlega verið í gangi. Eigandi bifhjólsins er Páll Torp sjómaður, Hagamel 21, og hefur hann fengið hjólið í hendur og gerir engar kröfur vegna töku þess eða notkunar. Bifhjólið hafði verið geymt í skúr, tilheyrandi húseigninni Aðalstræti 4, en gegnt kjallaraglugga þeim á Vesturgötu 3 B, sem talið er víst, að notaður hafi verið, þegar kveikt var í því húsi. Hafði skúrinn verið sprengdur upp á þann hátt, að brotin hafði verið önnur lömin af hurðinni, en hin hafði verið ónýt áður.

Ákærði hefur staðfastlega haldið því fram, að hann muni alls ekkert eftir sér, frá því hann skildi við kunningja sinn um nóttina við Aðalstræti 4, eins og áður segir, og þar til hann vaknaði upp í einum hitaveitugeyminum á Öskjuhlíð. Hann kveðst þá strax hafa farið niður af geyminum og séð þar rautt bifhjól. Ekkert kveðst hann hafa kannazt við það né hafa gert sér grein fyrir, hvernig það væri þangað komið. Hann reyndi að setja það í gang, en átti erfitt með það. Þó tókst það að lokum og man hann, að hann ók síðan á því vestur Hringbraut og skildi það svo eftir inni í bænum. Ekki man hann, hvar hann skildi við það né að hann hafi farið á því inn á Sunnutorg í Kleppsholti. Greinileg för bifhjólsins sáust á Sunnutorgi, og leiddi rannsókn í ljós, að þau voru eftir samskonar hjólbarða og voru á bifhjólinu R 3983. Þegar ákærða hafði verið skýrt frá atvikum að broti brunaboðans á Sunnutorgi, kvaðst hann að vísu ekki muna að hafa verið þar að verki, en eftir öllum atvikum eigi efast um að hafa verið það.

Af öllu því, sem nú hefur verið rakið og þeirri geðbilun, sem ákærði var haldinn og síðar verður lýst, og með því að hliðstætt atvik hafði gerzt skömmu áður (netjagerðarbruninn og brunaboðabrotin á mótum Spítalastígs og Bergstaðastrætis) þykja svo miklar líkur fram komnar, að jafngildi sönnun fyrir því, að ákærði hafi kveikt í Vesturgötu 3 B, brotið upp skúrinn og tekið úr honum bifhjólið, ekið því ölvaður og brotið brunaboðann á Sunnutorgi.

Um brunann á Vesturgötu 3 B segja slökkviliðsstjórinn og yfirlögregluþjónninn í áðurnefndri álitsgerð sinni: „Slökkviliðið var kvatt á eldstað kl. 05.12 þann 2. júní. Veðurfar var ANA 2, eða sem næst logn. Eldurinn

kom upp í kjallara hússins og læsti sig upp á fyrstu hæð, þar sem vörugeymsla Eggerts Kristjánssonar & Co. er. Var eldurinn slökktur eftir nokkra viðureign. Skemmdir á húsinu voru litlar, en nokkrar á vörum, sérstaklega af reyk og vatni. Húsið er timburhús, klætt bárujárni, 2 hæðir og sambyggt pakkhúsum og Ingólfsapóteki, er standa austan þess milli Vesturgötu og Fischersunds. Sunnan Fischersunds, sem aðeins er 5 metrar á breidd, eru stór vörugeymsluhús og íbúðarhús, Vesturgata 3. Hefði eldurinn náð að magnast verulega, áður en slökkviliðið fékk vitneskju um hann, er hætta á, að um yfirgripsmikinn eldsvoða hefði verið að ræða, þar sem öll þessi hús og jafnvel fleiri hefðu verið í hættu. Um lífshættu hefði þó varla verið að ræða fyrir íbúa húsanna Fischersunds 3 eða Vesturgötu 3."

Með íkveikju þessari hefur ákærði gerzt brotlegur við 164. gr., 2. mgr., hegningarlaganna, með brunaboðabrotinu við 120. gr. sömu laga, og með því að aka bifhjólinu ölvaður hefur hann brotið 23. gr., 1. mgr., sbr. 38. gr. bifreiðalaganna og 21. sbr. 39. gr. áfengislaganna. Þar sem taka bifhjólsins verður að teljast nytjastuldur, en refsikrafa hefur eigi fram komið frá eiganda þess, verður ákærða eigi gerð refsing fyrir það brot.

Bifreiðin R 3624.

Bifreið þessi, sem er fólksflutningabifreið, Plymouth, smíðaár 1942, stóð ólæst aðfaranótt 2. júní á Bárugötu móts við húsið nr. 10 við Stýrimannastíg. Eigendur hennar voru þeir Gísli Kristján Líndal Karlsson sjómaður, Bárugötu 32, og Ólafur Ragnar Karlsson málaranemi, Stýrimannastíg 10. Tæpu ári áður keyptu þeir hana, að eigin sögn, fyrir kr. 30000.00 og höfðu auk þess kostað nokkru til hennar. Hún var í skyldutryggingu hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, en ekki tryggð að öðru leyti.

Þegar ákærði hafði yfirgefið bifhjólið á Ránargötu, svo sem sagt hefur verið, gekk hann um göturnar. Hann kveðst hafa verið með vindlinga, en eldspýtnalaus, og þess vegna hafa á leið sinni litið inn í margar bifreiðar til að athuga, hvort í þeim væri vindlingakveikjari, en ekki hafa séð neinn fyrr en í þessari bifreið, R 3624. Hann komst að raun um, að bifreiðin var ólæst, fór inn í hana og settist undir stýrið og setti hana í gang. Ók hann síðan af stað, og fullyrðir hann, að tilgangur sinn hafi einungis verið að aka í bifreiðinni sér til skemmtunar, en ekki að slá eign sinni á hana né neitt úr henni. Vindlakveikjarann segir hann hafa verið í ólagi, og hafi sér því eigi tekizt að kveikja í vindlingi í bifreiðinni. Ákærði ók síðan sem leið liggur að Álafossi í Mosfellssveit. Á þeirri leið segir hann bifreiðina hafa reynzt illa, mikið olíuþrot hafi verið í henni, vélin hafi smurt sig illa og það hafi bankað á legum. Honum kom til hugar að fá smurningsolíu á Álafossi og setja á bifreiðina og eins að fylla hana af benzíni, en hún var ekki nema tæplega hálf, ef benzínmælirinn hefur verið réttur, og láta eiganda bifreiðarinnar fá þetta hvorttveggja svo sem fyrir „bifreiðarlánið". Í þessu skyni tók hann benzínskömmtunarbók úr geymsluhólfi bifreiðarinnar og stakk á sig og var hann með hana á sér við handtökuna. Ákærði ók að benzíngeyminum á Álafossi, sá engan mann á ferli, hvarf frá að

vekja upp, sneri við og ók áleiðis til Reykjavíkur. Hafði hann þó áður gáð að olíu í afturgeymslu bifreiðarinnar, en enga fundið. Ákærði ók nú áleiðis til Reykjavíkur, þar til bifreiðin fór út af veginum til hægri nokkuð vestan við Blikastaði. Segir ákærði hjól hennar hafa lent í lausamöl á vinstri vegkanti, hann þá sveigt snögglega til hægri og bifreiðin þá farið út af veginum. Hún rann með framendann á hitaveitustokkinn, sem liggur þarna samsíða veginum, og drap á sér að sögn ákærða. Kveðst hann nú tvisvar hafa reynt að setja hana í gang, en árangurslaust. Hann kveðst nú hafa fengið nóg af akstrinum og óttast, að bifreiðar kæmu að þá og þegar og því yfirgefið bifreiðina til þess að koma sér undan. Gekk hann þá upp í fjallið fyrir ofan veginn og var þar á reiki fram eftir degi, svaf með köflum, en hélt síðan áleiðis til Reykjavíkur. Sást þá til hans frá rafstöðinni við Elliðaár, og var hann síðan handtekinn, eins og áður segir.

Klukkan um 07.40 þenna dag voru Valdimar Stefánsson bifreiðarstjóri, Leifsgötu 11, og Jóhann Benediktsson verkstjóri, Njálsgötu 8 C, í bifreið á leið frá Reykjavík til Reykjahlíðar í Mosfellssveit. Þegar þeir voru komnir yfir Lambhagabrúna, sáu þeir reyk framundan. Hröðuðu þeir þá för sinni til að sjá, hverju þetta sætti. Þegar þeir komu þangað sem R 3624 var við veginn, sást, að hún var að brenna. Dyr og gluggar hennar voru aftur og sást mikill reykur í henni. Þegar þeir opnuðu dyr bifreiðarinnar, gaus reykurinn út og sást í eld. Hefur Valdimar borið, að eldurinn hafi verið í framsætinu og gólfinu neðan við sætið, en enginn eldur hafi verið í aftursætinu. Jóhann kveðst ekki geta með fullri vissu sagt um, hvar eldurinn var, en sér hafi virzt hann vera í gólfinu og í frambrún framsætisins. Aftur í segir hann engan eld hafa verið né undir gólfinu. Valdimar segir engan eld hafa verið í vélarhúsi bifreiðarinnar. Jóhann varð þess ekki var, að svo væri, en athugaði það ekki sérstaklega. Valdimar tók eftir því, þegar þeir komu að bifreiðinni, að lokið af benzíngeyminum lá ofan á slettuhlífinni við afturvarann og að benzíngeymirinn var opinn. Jóhann tók ekki eftir þessu. Þeir félagar drógu bifreiðina frá hitaveitustokknum af ótta við, að í honum kynni að kvikna út frá henni. Bifreið bar þarna að, og ók hún að Reykjum. Þaðan var símað til slökkviliðsins og lögreglunnar í Reykjavík og tilkynnt um bifreiðarbrunann. Slökkviliðið kom á vettvang og slökkti eldinn, en þá var bifreiðin öll meira og minna brunnin og eyðilögð. Rannsóknarlögreglan fékk bifreiðaverkstæðaformennina í Reykjavík, Eirík Gröndal og Gunnar Gunnarsson, til að athuga hina brunnu bifreið með tilliti til þess, hvort í henni hefði kviknað út frá rafkerfi hennar. Álit þeirra er, að eldurinn virðist ekki hafa átt upptök sín í rafkerfi bifreiðarinnar heldur í sætum hennar eða áklæði. Segja þeir, að eldurinn virðist hafa leikið fram eftir vélinni og ekki hafa átt upptök sín í rafgeymi, startara eða mælaborði.

Ákærði hefur harðlega neitað að hafa kveikt í bifreiðinni. Segir hins vegar hafa verið í henni mikinn reyk frá vélinni, þegar hann yfirgaf hana. Kunni einhverjar leiðslur vélarinnar þá hafa verið farnar að brenna, en ekki athugaði hann það né af hverju reykjarsvælan stafaði. Eigi minnist hann þess að hafa tekið benzínlokið af bifreiðinni.

Þegar virtir eru framangreindir vitnisburðir um aðkomuna að bifreiðinni, ölvunarástand ákærða og geðbilun, sem lýsti sér m. a. í eldsýki, og það, sem á undan var gengið um nóttina, þykja svo sterkar líkur fram komnar fyrir því, að hann hafi kveikt í bifreiðinni af ásettu ráði, að jafngildi sönnun. Þar sem almannahætta stafaði ekki af bruna bifreiðarinnar, þykir verknaður ákærða varða við 257. gr., 2. mgr., hegningarlaganna. Eigendur bifreiðarinnar hafa krafizt þess, að ákærði verði látinn sæta refsingu fyrir óheimila notkun bifreiðarinnar, og varðar hún ákærða refsingu samkvæmt 259. gr., 1. mgr., hegningarlaganna. Með því að aka bifreiðinni ölvaður og svo ógætilega, að hún fór út af veginum, hefur hann brotið 23. gr., 1. mgr., 26. gr., 1. mgr., og 27. gr., 1. mgr., sbr. 38. gr. bifreiðalaganna og 21. sbr. 39. gr. áfengislaganna.

Niðurlag.

Ákærði kveðst enga grein gera sér fyrir þeim hvötum, sem að því lágu, að hann framdi íkveikjurnar. Enga hagnaðarvon kveðst hann hafa haft af neinni þeirra, og eigi bar hann illvilja í brjósti til neinna þeirra, sem áttu hús þau, sem hann kveikti í, eða muni, sem í hættu voru vegna eldsins. Ekki kveðst hann heldur hafa borið kala til slökkviliðs, lögreglu eða annarra, sem láta eldsvoða og rannsókn út af þeim til sín taka. Eigi segir hann neinn hafa hvatt sig til brotanna né tekið þátt í þeim með sér eða verið í vitorði með sér um þau. Hann hafi alltaf verið einn um brotin og gert sér far um að halda þeim leyndum fyrir öðrum. Ekkert hefur fram komið, sem gagnstætt sé þessum staðhæfingum ákærða, nema það varðandi síðasta atriðið, að hann sendi eiginkonu sinni á Ísafirði sendibréf, dagsett 30. maí s.l., þar sem hann gefur eindregið í skyn, að hann hafi framið íkveikjurnar. Bréfið barst henni ekki í pósti fyrr en eftir að ákærði hafði verið handtekinn.

Eins og fyrr er fram tekið, rannsakaði dr. med. Helgi Tómasson yfirlæknir að tilhlutan dómarans andlegt ástand ákærða. Hefur hann gefið ýtarlega lýsingu á því og eru niðurstöður hans þær, að ákærði hafi að upplagi tilhneigingu til sefasýkisviðbragða og sé og hafi á afbrotatímabilinu verið haldinn vefrænum, nýtilkomnum heilasjúkdómi (heilabólgu). Áfengisneyzla hafi valdið hjá honum óminni og leyst úr læðingi rápsýki og eldsýki. Hann telur ekki, að ástand ákærða, þegar hann framdi brotin, hafi verið þannig, að 15. gr. hegningarlaganna eigi við það, en að 16. gr. þeirra eigi frekar við (þ. e. að ákærði hafi verið andlega miður sín, en ekki á eins háu stigi og 15. gr. getur um). Eigi kveðst yfirlæknirinn treysta sér til að dæma um, hvort refsing á hendur ákærða geti borið árangur. Hann álítur ákærða hafa framið brotin vegna þess, að heili hans, sem veiklaður hafi verið og sé af bráðri heilabólgu, verði auk þess fyrir eiturverkunum áfengis. Enn fremur telur hann, að ekki hefði komið til þessara afbrota ákærða, hefði hann ekki neytt áfengis.

Álitsgerð yfirlæknisins hefur verið lögð fyrir læknaráð, og hefur réttarmáladeild þess lýst sig samþykka henni, þar á meðal framangreindum niðurstöðum.

Þar sem andlegri heilsu ákærða er svo áfátt, sem lýst hefur verið, og telja verður, að 16. gr. hegningarlaganna eigi við, kemur til álita, hvort refsing á hendur honum fyrir framangreind brot geti borið árangur. Hvorki yfirlæknirinn né læknaráð treysta sér til að dæma um þetta atriði. Verður því að virða þetta eftir málavöxtum, og þar sem yfirlæknirinn telur, að ákærði hafi framið brotin vegna veiklunar heilans af bráðri heilabólgu samfara eiturverkunum áfengis, sem leyst hafi eldsýki úr læðingi, verður litið svo á, að refsing ákærða til handa geti ekki borið árangur. En þar sem andlegu ástandi ákærða er svo háttað, að telja verður hann hættulegan umhverfi sínu, sé hann frjáls, þykir nauðsyn til bera að dæma hann til að sæta öryggisgæzlu samkvæmt 62. gr. hegningarlaganna.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. sömu laga ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa. Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna, 39. gr. áfengislaganna og 68. gr., 1. mgr., hegningarlaganna ber að svipta ákærða ævilangt rétti til að stýra bifreið.

Skaðabótakröfur liggja eigi fyrir. Ákærði hefur verið í gæzluvarðhaldi frá 2. júní s.l.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Jóns Sigurðssonar, kr. 1000.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Magnússon, skal sæta öryggisgæzlu.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga og ævilangt skal hann sviptur rétti til að stýra bifreið.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Jóns Sigurðssonar, kr. 1000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. júní 1950.

Nr. 20/1950. **Ragnar Jón Jónsson** (Ragnar Jónsson)
gegn
Jónu Sigfríði Jónatansdóttur og gagnsök
(Hermann Jónsson).

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. febrúar þ. á., gerir þær dómkröfur *aðallega*, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda í málinu, en *til vara*, að sér verði dæmdur synjunareiður. Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. þ. m., að fengnu áfrýjunarleyfi og gjafsóknarleyfi sama dag. Gerir hann þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur faðir að barni því, er gagnáfrýjandi ól 2. júlí 1948, og að hann verði skyldaður til að greiða meðlag með barninu svo og fæðingarstyrk og tryggingargjöld gagnáfrýjanda fyrir árið 1948, allt eftir úrskurði yfirvalds. Til vara krefst gagnáfrýjandi þess, að málið verði látið velta á eiði hennar. Loks krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Eftir að héraðsdómur var kveðinn upp í máli þessu, hefur nokkurra nýrra gagna verið aflað, og styðja þau þá staðhæfingu gagnáfrýjanda, að för aðilja suður í Hljómskálagarð hafi átt sér stað eigi fyrr en um miðjan september 1947.

Aðaláfrýjandi hefur kannazt við að hafa haft samfarir við gagnáfrýjanda, og leitt er í ljós, að það hafi verið á getnaðartíma barns þess, er gagnáfrýjandi ól 2. júlí 1948. Gagnáfrýjandi hefur hins vegar staðfastlega neitað því að hafa haft samfarir við nokkurn annan karlmann en aðaláfrýjanda á þessum tíma, og ekkert er fram komið í málinu, er bendi til þess. Blóðrannsóknin útilokar aðaláfrýjanda ekki frá faðerninu, en styrkir það, að hann muni vera faðir hins umrædda barns. Með skírskotun til þess, sem nú hefur verið rakið, ber að dæma aðaláfrýjanda föður barnsins, og skal honum skylt að greiða meðlag með því svo og fæðingarstyrk til gagnáfrýj-

anda og tryggingariðgjöld hennar fyrir árið 1948, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Eftir þessum málalokum verður að dæma aðaláfrýjanda til greiðslu málskostnaðar fyrir báðum dómum, sem ákveðst kr. 835.00. Skiptist hann þannig, að kr. 35.00 renni í ríkissjóð, en kr. 800.00 til talsmanns gagnáfrýjanda í Hæstarétti, Hermanns Jónssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Ragnar Jón Jónsson, skal teljast faðir að barni því, sem gagnáfrýjandi, Jóna Sigríður Jónatansdóttir, ól 2. júlí 1948. Skal aðaláfrýjandi greiða meðlag með barninu og gagnáfrýjanda fæðingarstyrk svo og tryggingariðgjöld hennar fyrir árið 1948, allt eftir úrskurði yfirvalds.

Aðaláfrýjandi greiði 835 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og hljóti ríkissjóður þar af 35 krónur, en talsmaður gagnáfrýjanda í Hæstarétti, Hermann Jónsson hæstaréttarlögmaður, 800 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. janúar 1950.

Ár 1950, miðvikudaginn 25. janúar, var í bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Loga Einarssyni, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 1/1950: Jóna Sigfríður Jónatansdóttir gegn Ragnari Jóni Jónssyni, sem tekið var til dóms 29. f. m.

Hinn 2. júlí 1948 ól kærandi, Jóna Sigríður Jónatansdóttir, ógift þjónustustúlka, til heimilis að Fiflholti í Vestur-Landeyjum, óskilgetið meybarn, er samkvæmt vottorði yfirljósmóður Landspítalans var við fæðingu fullburða, 3500 gr. á þyngd og 50 cm að lengd.

Föður að barni þessu hefur kærandi lýst Ragnar Jón Jónsson símamann, Laugavegi 141, hér í bæ, en hann hefur ekki viljað við faðernið kannast. Hefur kærandi því höfðað mál þetta gegn honum og krafizt þess, að hann verði dæmdur faðir barnsins, skyldaður til að greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk og tryggingariðgjöld hennar fyrir árið 1948 auk málskostnaðar að mati réttarins. Til vara hefur hún krafizt fyllingareiðs.

Kærði hefur aftur á móti krafizt sýknu og til vara synjunareiðs, en málskostnaðar hefur hann ekki krafizt.

Kærandi skýrir svo frá, að hún hafi kynnzt kærða fyrir þrem til fjórum árum. Samfarir við kærða kveðst hún eingöngu hafa haft í eitt skipti í septembermánuði 1947 úti í Hljómskálagarði hér í bæ. Kvöld það, sem samfarirnar áttu sér stað, kveðst hún hafa verið með vinkonu sinni Jónu Gróu Magnúsdóttur, Hverfisgötu 92 B, uppi í sameiginlegu herbergi í Austurstræti 3 ásamt kærða og kunningja Jónu Gróu og þá farið ein með kærða út í Hljómskálagarð og haft þar við hann samfarirnar.

Hún kveðst síðast hafa haft á klæðum fyrir barnsburð í septembermánuði 1947, en tíðir sínar segir hún ætíð hafa verið reglulegar.

Framburður vitnisins Jónu Gróu Magnúsdóttur er í samræmi við framburð kærandi um dvöl þeirra stallnanna með kunningjum sínum í herberginu í Austurstræti 3 í septembermánuði 1947, en vitnið segist eigi vita, hvað þau kærandi og kærði aðhöfðust, eftir að þau yfirgáfu herbergið.

Í réttarhaldi 15. júlí 1949 skýrir kærði svo frá, að hann hafi kynnzt kærandi sumarið 1947, en fundum þeirra borið þannig saman, að hann hafi verið á gangi með kunningja sínum í Austurstræti og báðir verið við skál, er þeir hittu hana og áðurnefnda Jónu Gróu, en hann hafi áður kannazt við kærandi í sjón. Segir kærði þau, kærandi og sig, hafa gengið vestur að verbúðum, en ekki hafa haft samfarir við hana þá. Um mánaðamótin ágúst og september 1947 kveðst hann enn hafa hitt kærandi og Jónu Gróu í Austurstræti hér í bæ og farið með þeim upp í herbergi þeirra í Austurstræti 3, en stuttu síðar hafi komið þangað danskur maður, sem meðferðis hafi haft lítið eitt af áfengi, en af því kvaðst kærði hafa neytt mjög lítils. Kveður hann kærandi og sig milli klukkan 12 og 1 um kvöldið hafa farið suður í Hljómskálagarð og haft þar samfarir saman í eitt skipti. Fullyrðir kærði, að hann hafi haft samfarirnar við kærandi fyrir 14. september 1947, en þann dag hafi hann endurnýjað kunningsskap sinn frá bernskuárunum við kærustu sína, en þ. 27. ágúst 1947 hafi hann komið ofan úr Borgarnesi, þar sem hann hafi sumarið 1947 unnið við símalagnir. Kærandi segist aftur á móti hafa komið hingað til bæjarins austan úr Landeyjum um miðjan september 1947, en þar kveðst hún að minnsta kosti hafa dvalizt yfir sláttinn það sumar.

Kærandi og kærði eru sammála um það, að kærði hafi eigi notað getnaðarverjur við samfarirnar, en hann segist hafa reynt að slíta samförunum, áður en þær urðu fullkomnar, og telur sig eigi hafa fellt sæði til kærandi. Kærandi kveður kærða aftur á móti ekki hafa reynt til þess að slíta samförunum, áður en þær urðu fullkomnar, og segir hann hafa fellt til sín sæði.

Þá kveður kærði kærandi hafa haft á klæðum, er þau höfðu samfarirnar saman, enda hafi hann morguninn eftir tekið eftir því, að buxur hans hafi verið blóðugar við buxnaklaufina. Kærandi aftur á móti neitar því að hafa haft á klæðum, þegar hún hafði samfarirnar við kærða.

Blóð málsaðilja og barnsins hefur verið rannsakað í Rannsóknarstofu Háskólans af prófessor Niels Dungal, og segir svo í vottorði hans, að eigi sé unnt að útiloka kærða frá faðerninu, enda reyndist niðurstaða blóðrannsóknarinnar sem hér segir.

	Aðalfl.	Undirfl.	C	D	E	c
Kærandi	O	M	+	+	÷	+
Barnið	O	M	+	+	÷	+
Kærði	O	M	+	+	÷	+

Þá hefur verið leitað umsagnar héraðslæknis í Reykjavík um það, hvenær barn það, sem mál þetta er risið af, geti verið komið undir. Í greinargerð héraðslæknis segir svo:

„Algengasti meðgöngutími barns, sem fæðist fullburða, er talinn vera um 270 dagar frá getnaðardegi.

Samkvæmt vottorði frá yfirljósmóður fæðingardeildar Landspítalans á réttarskjali nr. 1 hefur umrætt barn fæðzt fullburða. Sé því reiknað með hinum algengasta meðgöngutíma, er líklegast, að barn það, sem hér um ræðir, sé komið undir um 5. okt. 1947.

Nú er það svo, að mjög getur skeikað um meðgöngutíma fullburða barns og það jafnvel svo, eftir því sem talið er, að munað getur mánuði á hvern veg að minnsta kosti.

Það er því álit mitt, að vel-mögulegan getnaðartíma þessa barns, sem hér um ræðir, megi telja frá miðjum september 1947 til 25. október 1947. Þar sem hér er um að ræða nokkurnveginn fullburða barn, þá þykir mér ekki öruggt að hafa svigrúmið meira, enda þótt ekki væri, ef til vill, alveg *óhugsandi* að auka svigrúmið um viku á hvern veg."

Eins og atvikum er lýst hér að framan, er ekkert upplýst um það, að kærandi hafi haft samfarir við annan mann en kærða á mögulegum getnaðartíma barnsins, en sökum lauslætis hennar þykir eigi unnt að dæma kærða föður þess. Verður því niðurstaða máls þessa sú, að vinni kærandi eið að því á lögmæltu varnarþingi sínu og eftir lögmætan undirbúning innan fjörutíu og fimm daga frá birtingu dóms þessa að telja, að hún hafi haft holdlegar samfarir við kærða einan karlmanna á tímabilinu frá 8. september 1947 til 2. nóvember sama ár, skal hann teljast faðir barnsins, enda greiði hann þá meðlag með því, fæðingarstyrk og tryggingariðgjöld barnsmóður fyrir eitt ár, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Verði kærandi eiðfall, skal kærði vera sýkn af faðerniskröfu hennar, en skylt skal honum þó að greiða meðlag með barninu og fæðingarstyrk auk tryggingariðgjalda barnsmóður fyrir eitt ár, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Rétt þykir að láta málskostnað falla niður.

Dómsorð:

Vinni kærandi, Jóna Sigríður Jónatansdóttir, eið að því á lögmæltu varnarþingi sínu og eftir lögmætan undirbúning innan 45 daga frá birtingu dóms þessa að telja, að hún hafi haft holdlegar samfarir við kærða einan karlmanna á tímabilinu frá 8. september 1947 til 2. nóvember sama ár, skal hann teljast faðir að óskilgetnu meybarni hennar, er hún ól hinn 2. júlí 1948, enda greiði hann þá meðlag með barninu, fæðingarstyrk og tryggingariðgjöld barnsmóður fyrir eitt ár, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Verði kærandi eiðfall, skal kærði vera sýkn af faðerni barnsins,

en skyldur skal hann vera til að greiða meðlag með barninu, fæðingarstyrk og tryggingariðgjöld barnsmóður fyrir eitt ár, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 14. júní 1950.

Nr. 90/1949. **Skipaútgerð ríkisins** (Einar Arnórsson)
gegn
Guðjóni Jónssyni og gagnsök
(Ragnar Ólafsson).

Slysabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1949, að fengnu áfrýjunarleyfi 25. s. m. Krefst hann *aðallega* sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar. *Til vara,* að örorkubætur til gagnáfrýjanda verði felldar niður, en öðrum bótum til hans, kr. 9800.00, verði skipt svo, að aðaláfrýjandi greiði einungis ⅓ hluta þeirra, en til vara helming þeirra. *Til þrautavara* krefst aðaláfrýjandi þess, að miðað verði við kr. 20800.00 tjón gagnáfrýjanda og því skipt í sömu hlutföllum og segir í varakröfu. Verði vara- eða þrautavarakrafa aðaláfrýjanda tekin til greina, krefst hann þess, að málskostnaður verði felldur niður fyrir báðum dómum.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 31. maí 1949, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til greiðslu kr. 73192.32 með 6% ársvöxtum frá 10. janúar 1948 til greiðsludags og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Samkvæmt rökum þeim, er í héraðsdómi greinir, verður sýknukrafa aðaláfrýjanda vegna aðildarskorts ekki tekin til greina.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa tvö vitni, verkstjóri og „lúgumaður", gefið skýrslu fyrir dómi um öryggi útskipunar þeirrar, er í málinu greinir. Þá hafa og tveir dómkvaddir menn látið uppi álit sitt um sama efni. Segir þar m. a., að „lúgumenn" standi „venjulega á ýmsum stöðum milli lúgu og borðstokks þeim megin, sem lestað er. Það fer eftir ástæðum, hvort lúgumaður stendur framan við eða aftan við lúgukarm, um það verður lúgumaður að dæma sjálfur í hverju einstöku tilfelli." Hinir dómkvöddu menn telja sig ekki geta um það dæmt, hvort gagnáfrýjanda hafi borið nauðsyn til að standa þar, sem hann stóð, er slysið varð, en taka jafnframt fram, að ekki sé „sjáanleg meiri slysahætta þar, sem Guðjón Jónsson stóð, heldur en t. d. að framan, þó svona slysalega vildi til."

Telja verður, að slys þetta hafi orðið fyrir mistök vindumanns við meðferð útskipunartækjanna. Var vindumaðurinn að störfum í þjónustu aðaláfrýjanda, og ber aðaláfrýjandi því ábyrgð til fébóta vegna vangæzlu þessarar. Með skírskotun til framangreindra vitnisburða og þó sérstaklega til álitsgerðar hinna dómkvöddu kunnáttumanna verður ekki talið, að gagnáfrýjandi eigi sjálfur sök á slysi þessu, og verður aðaláfrýjanda því dæmt að greiða gagnáfrýjanda bætur að fullu.

Hæfilegt þykir að meta bætur til gagnáfrýjanda fyrir atvinnutjón kr. 12500.00.

Tryggingaryfirlæknir hefur skoðað gagnáfrýjanda af nýju þann 6. þ. m. Telur hann engar breytingar, er máli skipta, hafa orðið á heilsu gagnáfrýjanda, frá því, er síðasta skoðun fór fram, og metur varanlega örorku hans 65%. Með hliðsjón af þessu orkutjóni gagnáfrýjanda, atvinnutekjum hans eftir slysið og þeim örorkulífeyri, sem hann hefur notið frá Tryggingarstofnun ríkisins, þykir rétt að taka kröfur hans um örorkubætur, kr. 50000.00, til greina.

Bætur fyrir þjáningar þykja hæfilega metnar kr. 7500.00.

Úrslit málsins verða því þau, að aðaláfrýjanda verður dæmt að greiða gagnáfrýjanda samtals kr. 70000.00 með vöxtum, eins og krafizt hefur verið.

Loks ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 6500.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Skipaútgerð ríkisins, greiði gagnáfrýjanda, Guðjóni Jónssyni, kr. 70000.00 með 6% ársvöxtum frá 10. janúar 1948 til greiðsludags og samtals kr. 6500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. desember 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. þ. m., hafa Guðjón Jónsson, Höfðaborg 46, Tryggingarstofnun ríkisins og Sjúkrasamlag Reykjavíkur, öll hér í bænum, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu útgefinni 10. jan. s.l. gegn Skipaútgerð ríkisins til greiðslu skaðabóta vegna slyss, að fjárhæð kr. 86726.32, auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Málavexti kveða stefnendur þá, að hinn 11. okt. 1946, þegar verið var að ferma v/s Borgey hér á höfninni, hafi stefnandinn Guðjón, er var eftirlitsmaður við lestaropið („á lúgunni") orðið fyrir alvarlegu slysi. Kveða þeir það hafa orðið með þeim hætti, að þegar maður sá, sem stjórnaði vindunni, Sigurjón Kristjánsson að nafni, hafi verið búinn að lyfta lykkju með tveimur glerkistum í, þá hafi þær fallið stjórnlaust niður á þilfar skipsins og hafi Guðjón orðið undir, en hann hafi staðið landmegin við lestaropið framanvert. Telja stefnendur, að orsakir slyssins hafi verið þær, að Sigurjón hafi verið óvanur vindunni og muni hann hafa gleymt að hemla. Stefnendur kveða, að þeir, sem unnu að fermingu Borgeyjar, hafi verið í þjónustu stefnda sem verkamenn í tímavinnu, og þar sem slysið hafi orðið fyrir ógætni Sigurjóns, beri stefnda ábyrgð á því samkvæmt reglunum um ábyrgð á verkum annarra og sé því skylt að bæta tjón, sem af slysinu hafi orðið.

Kröfur sínar um skaðabætur sundurliða stefnendur svo:

1. Tryggingarstofnun ríkisins:		
Greiddir dagpeningar, örorkulífeyrir og sjúkrahjálp	kr.	7304.38
2. Sjúkrasamlag Reykjavíkur:		
Greidd sjúkrahússvist og læknishjálp	—	1050.65
3. Guðjón Jónsson:		
a) Vinnutap frá 11/10 1946 til 11/10 1947, krónur 24854.07 að frádregnum örorkulífeyri og dagpeningum frá Tryggingarstofnun ríkisins, kr. 6482.78	—	18371.29
b) Örorka	—	50000.00
c) Bætur fyrir þjáningar	—	10000.00
Samtals kr.		86726.32

Kemur sú fjárhæð heim við stefnukröfuna.

Stefnda hefur krafizt þess, *aðallega* að verða sýknuð af öllum kröfum stefnenda og að þeir verði til þess dæmdir að greiða henni málskostnað eftir mati dómsins. Reisir stefnda sýknukröfuna í fyrsta lagi á því, að hún sé ekki réttur aðili málsins. Í öðru lagi telur hún, að stefnandinn Guðjón hafi sjálfur verið valdur að slysinu með stórfelldu og vítaverðu gáleysi í starfi sínu. Loks hefur stefnda mótmælt rétti stefnendanna, Tryggingarstofnunar ríkisins og Sjúkrasamlags Reykjavíkur til endurheimtu á fé því, er stofnanir þessar hafa greitt vegna slyssins. *Til vara* krefst stefnda þess, að krafan samkvæmt 3. lið a hér að framan verði lækkuð um kr. 11419.22, eða niður í kr. 6972.07, krafan samkvæmt 3. lið b falli niður og þjáningarbætur verði ekki hærri en kr. 3000.00. Þá krefst hún loks, að tjóninu verði skipt eftir mati dómsins milli sín og stefnandans Guðjóns og málskostnaður verði látinn falla niður.

Kröfuna um sýknu vegna aðildarskorts reisir stefndi á því, að hún hafi aðeins haft umsjón með fermingu v/s Borgeyjar, er slys það varð, er í málinu greinir. Kveður hún algengt, að ýmsir skipaeigendur biðji hana um að sjá um fermingu og affermingu skipa sinna. Fari þetta venjulega fram með þeim hætti, að hún auglýsi vörumóttöku í skipin, taki við vörunum í vörugeymslur sínar eða við skipshlið, útvegi menn til þess að taka við þeim á skipsfjöl, búlka þær þar, þar á meðal útvegi hún vindumann og eftirlitsmann við lestarop. Eigendur skipanna greiði allan kostnað við þjónustu þá, sem að framan greinir. En stefnda kveður verkstjóra sinn halda skrá um tíma verkamannanna og gefa vikulega skýrslu um stundafjöldann hjá hverjum þeirra svo og skýrslu um stundafjölda hjá hverju skipi. Verkamönnum séu síðan greidd laun samkvæmt skýrslunni og vinnulaunin síðan færð á reikning viðkomandi skips. Fyrir framangreinda þjónustu kveðst stefnda taka ákveðið hundraðsgjald af flutningsgjöldunum í hvert skipti. Með þeim hætti, sem að framan er lýst, kveður stefnda afskiptum sínum af fermingu v/s Borgeyjar hafa verið háttað. Skipinu hafi verið siglt á ábyrgð og kostnað eiganda þess. Flutningsgjaldið fyrir vörur þær, sem farið hafa með skipinu, hafi numið kr. 4636.80, og kveðst stefnda hafa fengið greidda fyrir umsjón sína og tryggingu verkamanna 6% af farmgjaldinu, eða kr. 278.20. Leggur stefnda á það sérstaka áherzlu, að verkamenn þeir, sem vinni á skipsfjöl, séu starfsmenn skips þess, sem þeir vinna í hverju sinni, því að þeir vinni þar á ábyrgð og kostnað útgerðar skipsins.

Það er ljóst af því, sem hér að framan er sagt, að stefnda hafði, er slys það varð, er í máli þessu greinir, á hendi fermingu v/s Borgeyjar. Réð stefnda menn til verksins í sínu nafni og greiddi þeim verkalaun. Stefnandanum Guðjóni var því rétt að gera ráð fyrir því, að hann gæti haldið sér að stefndu með venjulegum hætti með allt það, er verk hans varðaði, og annað, er í sambandi við það stóð. Verður því að telja mál þetta réttilega höfðað á hendur stefndu, og hefur því krafa hennar um sýknu vegna aðildarskorts ekki við rök að styðjast.

Að því er varðar þá sýknuástæðu stefndu, að stefnandinn Guðjón hafi sjálfur verið valdur að slysinu með stórfelldu gáleysi, heldur stefnda því

fram, að Guðjón sé þaulvanur eftirlitsmaður við lestarop („lúgumaður"). Kveður stefnda starf slíks manns algerlega sjálfstætt og í því fólgið, að hann segi til um, hvenær lyfta skuli vöru, hvernig með hana skuli farið, meðan hún hangir í lausu lofti, og hvenær skuli slaka á. Lestaropsmaðurinn beri ábyrgð á því, að ekki sé óvarlega farið, og honum beri að neita að láta lyfta varningi, sem hann telur illa fyrir komið í lykkju („stroffu"). Þegar umrætt slys hafi orðið, kveður stefnda hafa staðið illa á sjó, það hafi verið fjara og hátt af bryggju niður í skipið og aðstaða til framskipunar því erfið. Hafi Guðjóni því borið að sýna alveg sérstaka varkárni í starfi sínu í þetta skipti. Þetta hafi hann þó ekki gert, hafi hann staðið aftanvert við lestaropið stjórnborðsmegin og því haft vindu skipsins að baki sér. Hann hefði að réttu lagi og sem vanur lestaropsmaður, átt að standa að framanverðu við lestaropið og snúa andliti að vindunni, enda hefði slysið eigi orðið, hefði hann staðið á réttum stað. Engum nema honum sjálfum verði því um slysið kennt.

Svo sem stefnendur halda fram, virðist umrætt slys hafa orðið með þeim hætti, að tvær glerkistur féllu hindrunarlaust úr vindu Borgeyjar niður á þilfar skipsins, lentu þar á stefnandanum Guðjóni og slösuðu hann. Virðist fall glerkistanna með þessum hætti hafa stafað af því, að vindumanninum, fyrrnefndum Sigurjóni, hafi fatazt, er hann hafði lyft kistunum, annaðhvort á þann hátt, að hann hafi gleymt að hemla, eða ekki hemlað nægilega, þar eð ekki er leitt í ljós, að hemlar vindunnar hafi verið í ólagi, er slysið varð. Á þessum mistökum starfsmanns síns, verður að telja, að stefnda beri ábyrgð. Hins vegar er það sannað með vætti þriggja vitna, þeirra Einars Sigurðssonar, Hannesar Pálssonar og Sigurjóns Kristjánssonar, að Guðjón hafi staðið aftanvert við lestaropið landmegin, er slysið varð, en ekki framanvert við það, eins og honum eftir öllum aðstæðum bar þó að gera. Verður því að telja, að Guðjón hafi átt nokkra sök á slysinu sjálfur. Þykir samkvæmt þessu eftir atvikum rétt að taka til greina kröfu stefndu um skiptingu tjónsins, og telst hæfilegt, að stefnandinn Guðjón beri sjálfur ⅓ hluta þess, en stefnda ⅔ hluta.

Verða nú næst teknar til athugunar bótakröfur Guðjóns undir 3ja lið a—c hér að framan. Samkvæmt læknisvottorði, dags. 19. apríl 1947, hlaut Guðjón, er glerkisturnar féllu ofan á hann, opið brot á vinstri upphandlegg auk þess sem vinstra herðablað hans mölbrotnaði. Hann var þegar í stað fluttur á Landspítalann og lá þar til 22. nóv. 1946. Fljótt eftir slysið varð hann þess var, að hann átti erfitt með hreyfingar með hægri hendi. Segir læknirinn í vottorðinu, að Guðjón kvarti undan því, að krafturinn í hendinni hafi minnkað mjög og að hann finni til dofa í 4. og 5. fingri. Þá geti hann ekki notað vinstri handlegg eða hönd til neins sökum verkja og máttleysis í öxlinni, og enn kvarti Guðjón yfir stöðugum seyðingsverk í öxlinni og sársauka við hverja hreyfingu í axlarliðnum, hann geti t. d. ekki klætt sig í eða úr jakka eða yfirhöfn hjálparlaust. Við læknisskoðun á Guðjóni, framkvæmda dag þann, sem læknisvottorðið er dagsett á, kveður læknirinn, að meðal annars hafi komið í ljós, að vinstra axlarsvæðið sé allmiklu fyrirferðarmeira en það hægra. Þetta kveður læknirinn

orsakast bæði af bæklun á axlarliðnum og aðliggjandi beinum og bólguþykkni í mjúkum vefjum. Ofantil á framanverðum upphandlegg sé bláleitt ör um 5 cm langt og í miðju þess einseyringsstórt sár. Læknirinn kveður sjúklinginn aðeins geta hreyft upphandlegginn nokkrar gráður fram og aftur, en ekkert frá hliðinni eða snúið honum. Telur hann orsökina til þessa vera bæklunina á axlarliðnum. Mikla rýrnun telur læknirinn vera á vöðvum hægri handar, sérstaklega á adductor pollicis og „grófur kraftur" sé mjög minnkaður. Þá geti sjúklingurinn ekki hreyft þumalfingurinn eðlilega, ekki geti hann fært saman 3., 4. og 5. fingur, og tilfinningaskyn fyrir snertingu sé nokkuð minnkað. Dregur læknirinn þá ályktun, að vinstri handleggur og hönd séu í svo slæmu ástandi, að þau séu algerlega óstarfhæf. Hægra megin telur hann vera um „ulnaris" lömun að ræða, sem þó ekki virðist fullkomin. Þetta sé efalaust afleiðing sköddunar á „plexus". Hinn 17. nóv. 1947 metur trúnaðarlæknir Tryggingarstofnunar ríkisins örorku Guðjóns 100% fyrstu 6 mánuði eftir slysið og 75—80% næstu 6 mánuði. Telur hann sennilegt, að talsverð varanleg örorka hljótist af slysinu. Byggir hann örorkumat þetta á framangreindu læknisvottorði.

Hinn 25. nóv. s.l. var Guðjón enn skoðaður af Þórarni Sveinssyni lækni. Læknirinn ályktar, að af röntgenmyndum og skoðun á Guðjóni sjáist, að hann hafi orðið fyrir mjög alvarlegu meiðsli á vinstri öxl og baki, sem auðsjáanlega muni valda varanlegri örorku. Telur hann örorkuna hæfilega metna: 4 fyrstu mánuðina eftir slysið 100%, næstu 3 mánuði 90%, 3 mánuði þar á eftir 85%, 8 mánuðina þar næstu 75% og loks næstu 3 mánuði 70%. Úr því telur læknirinn, að um varanlega örorku verði að ræða, og telur hana hæfilega metna 60—65%.

Um 3 a: Kröfu sína undir þessum lið miðar stefnandinn Guðjón við það, að hann hefði getað haft rúmlega kr. 24850.00 í tekjur á því ári, sem þar er krafizt bóta fyrir. Hann hafði, er slysið varð, að sjálfs hans sögn unnið að staðaldri um 30 ára skeið hjá stefndu. Miðað við upplýsingar, sem fyrir liggja, um tekjur sambærilegra verkamanna, er unnu hjá stefndu á því tímabili, sem hér skiptir máli, þykja heildartekjur hans á því hæfilega áætlaðar um kr. 22500.00. Upp í þá fjárhæð hefur Guðjón fengið greitt, svo sem sagt er hér að framan, frá Tryggingarstofnun ríkisins kr. 6482.78. Þá er upplýst, að hann hefur fengið greitt fyrir vinnu hjá stefndu á tímabilinu frá 17. júlí til 9. okt. 1947 kr. 5178.97. Með tilliti til þessa þykir tjón stefnanda undir þessum lið hæfilega metið á kr. 11000.00.

Um 3 b: Guðjón er fæddur 5. júlí 1890. Hann var því rúmlega 57 ára að aldri hinn 11. okt. 1947, en til þess dags er honum samkvæmt liðnum hér að framan reiknaðar sérstakar bætur fyrir atvinnutjón. Tryggingarfræðingur hefur reiknað til fjár örorku Guðjóns, miðað við áðurgreint örorkumat Þórarins Sveinssonar læknis. Sé miðað við 60% örorku og rúmlega 24000.00 kr. árslaun, reiknast tryggingarfræðingnum tjón Guðjóns af örorkunni nema frá 11. júlí 1948 kr. 119350.00, en kr. 120296.00, sé miðað við 65% örorku. Þegar þetta er virt, aldur Guðjóns og atvinna, svo og önnur atriði, er hér skipta máli, þykja bætur til hans samkvæmt þessum lið ekki of

hátt metnar kr. 50000.00, eins og krafizt er. Verður því þessi kröfuliður tekinn til greina að öllu leyti.

Um 3 c: Svo sem meiðslum Guðjóns er lýst hér að framan og óþægindum, sem hann hefur af þeim haft, þykir fjárhæðin undir þessum lið hæfilega ákveðin kr. 6500.00.

Samkvæmt framansögðu reiknast þá tjón Guðjóns vegna umræddS slyss samtals kr. 67500.00. Eftir því sem áður segir, ber hann ⅓ hluta þess sjálfur, eða kr. 22500.00. Hins vegar ber stefndu að bæta honum tjónið að ⅔ hlutum, og verður hún því dæmd til að greiða honum kr. 45000.00 með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 3500.00.

Fyrirsvarsmönnum stefndu verður ekki talið það hugrænt til sakar, þótt þau mistök hafi átt sér stað hjá starfsmanni hennar, sem áður er lýst. Verður því stefnda eigi dæmd til þess að endurgreiða Tryggingarstofnun ríkisins eða Sjúkrasamlagi Reykjavíkur þann hluta bóta, sem þau hafa greitt meðstefnandanum Guðjóni, og ber því að sýkna stefndu af endurgreiðslukröfum Tryggingarstofnunarinnar og Sjúkrasamlagsins. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður að því er varðar Tryggingarstofnunina og Sjúkrasamlagið annars vegar og stefndu hins vegar.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefnda, Skipaútgerð ríkisins, skal vera sýkn af kröfum stefnendanna, Tryggingarstofnunar ríkisins og Sjúkrasamlags Reykjavíkur, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Stefnda greiði stefnandanum, Guðjóni Jónssyni, kr. 45000.00 með 6% ársvöxtum frá 10. janúar 1948 til greiðsludags og kr. 3500.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 20. júní 1950.

Nr. 108/1948. **Dánarbú Árna Sigfússonar** (Eggert Claessen)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Jón N. Sigurðsson).

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Fébótamál samkvæmt lögum nr. 99/1943.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. ágúst 1948, gerir þessar dómkröfur:

a) Að stefnda verði dæmt að greiða honum skaðabætur, *aðallega* að fjárhæð kr. 107826.01, en *til vara* kr. 101620.65.
b) Að stefnda verði dæmt að greiða honum bætur fyrir tapaða húsaleigu frá 3. nóvember 1944 til 23. maí 1946 ásamt vöxtum, kr. 15376.57.
c) Að stefnda verði dæmt að greiða honum 5% ársvexti af kr. 79655.58 frá 3. nóvember 1944 til greiðsludags.
d) Að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað samkvæmt framlögðum reikningi, að fjárhæð kr. 13665.25, svo og málflutningslaun fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó svo, að vextir af kr. 43290.52 verði einungis dæmdir um tímabilið frá 3. nóvember 1944 til 31. maí 1949, en vextir af kr. 3290.52 frá síðarnefndum degi til greiðsludags.

Hinn 31. maí 1949 greiddi stefndi kr. 40000.00 upp í dómsfjárhæðina og hvarf frá áfrýjun málsins af sinni hálfu.

Um sundurliðun á kröfu áfrýjanda vísast til héraðsdóms, og einstakir kröfuliðir eru merktir hér á sama hátt og þar.

I. *Um kröfu samkvæmt 1 A og B.*

Hér er um að tefla skaðabætur fyrir skemmdir setuliðs á húseignum áfrýjanda, Skálholti í Vestmannaeyjum, samkvæmt matsgerð frá 10. apríl 1943, sbr. viðbótarmat frá 3.

ágúst 1944, að því er einn lið matsgerðarinnar varðar. Matsgerðin var í 13 liðum, en ekki er krafizt bóta samkvæmt 7. lið. Hinir 12 kröfuliðirnir eru samtals að fjárhæð kr. 71520.90.

Héraðsdómur hefur tekið til greina að fullu 6 fyrstu kröfuliðina svo og 9., 11., 12. og 13. kröfulið, samtals að fjárhæð ..... kr. 37243.70

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta niðurstöðu hans að því er varðar kröfuliðina 8, 10a og 10b. Ber stefnda því að greiða af fjárhæð kröfuliða þessara kr. 7116.02 + 12917.33 ..... — 20033.35

Samtals kr. 57277.05

Frá þessari fjárhæð ber að draga:

a) Með skírskotun til raka héraðsdóms kostnað, sem matsmenn telja, að leitt hefði af viðgerð á göllum þeim, sem voru á húsinu, þegar herstjórn Breta tók við því, en miðað er við verðlag í apríl 1943 ..... kr. 1907.50

b) Með tilvísun til raka héraðsdóms venjulegt slit og fyrningu á húsinu um tímabilið 23. des. 1941 til 3. maí 1943 ..... — 750.00

c) Samkvæmt matsgerð 2. júlí 1942 hefði kostað að gera við spjöll þau, sem þá voru orðin á húsinu af völdum herja Breta og Bandaríkjamanna, kr. 10-256.03, en samkvæmt mati 27. ágúst s. á. hefði viðgerð á þeim skemmdum, er Bretar viðurkenndu, numið kr. 1267.00, eða 1368.08, ef miðað er við verðlag í apríl 1943. Telja verður, að herstjórn Bandaríkjanna og þá einnig áfrýjandi beri ábyrgð

á viðgerð þeirra skemmda, er á húsinu voru orðnar í júlí 1942 og ekki eru sannanlega raktar til Bretahers, enda létu Bandaríkjamenn ekki löglega úttekt fara fram á húsinu, er þeir tóku við því. Koma því hér einungis til frádráttar	kr. 1368.08	kr. 4025.58
	Mismunur kr.	53251.47

sem áfrýjanda ber að greiða.

II. *Um kröfu samkvæmt 2.*

Kostnaður af matinu frá 10. apríl 1943 verður dæmdur ásamt málskostnaði.

III. *Um kröfu samkvæmt 3.*

Hér er um að tefla vangreidda húsaleigu að fjárhæð kr. 507.83 frá leigutíma Bandaríkjahers. Áfrýjandi þykir eiga rétt á því, að stefndi greiði honum fjárhæð þessa, og ber því að taka hana til greina.

IV. *Um kröfur samkvæmt 1 C og 4 A og B.*

1 C) Krafa um viðaukagreiðslu vegna hækkunar á viðgerðarkostnaði frá 10. apríl 1943 og til 23. maí 1946 samkvæmt vísitölu viðhaldskostnaðar, 7.59% af kr. 71250.90, kr. 5426.85.

4 A) Krafa um bætur vegna leigutaps á húsinu frá 3. ágúst 1943 til 3. febrúar 1945, kr. 15225.00.

4 B) Kostnaður af bráðabirgðaviðgerð, kr. 3000.00.

Áfrýjandi kveðst hafa orðið að sitja með húsið óviðgert og arðlaust að mestu eftir viðtöku þess úr höndum hersins vegna óvissu og dráttar á skaðabótagreiðslum, enda hafi honum verið fjárhagslega ofraun að hefjast handa um viðgerð þess, áður en skaðabætur væru greiddar. Hefur þessi skýrsla hans stuðning í fram komnum gögnum. Þrátt fyrir það, að högum áfrýjanda var háttað, svo sem nú var lýst, þykir ekki óeðlilegt, að hann hélt húsinu óviðgerðu í eigu sinni, unz útséð var um, hvernig kröfur hans á hendur herstjórninni réðust. Þykir

því, eins og á stendur, rétt að dæma honum bætur tjóns þess, er hann varð fyrir af þeim sökum, og þykja þær í eitt skipti fyrir öll hæfilega ákveðnar kr. 12000.00.

V. *Um kröfu samkvæmt 5.*

Kostnaður af ferðum vegna málsins, kr. 3500.00.

Samkvæmt ástæðum þeim, er greinir í héraðsdómi, verður kröfuliður þessi ekki tekinn til greina.

VI. *Um kröfur samkvæmt 6 A og B.*

Hér er um að tefla kröfur um vexti af skaðabótum og tapaðri leigu frá 3. maí 1943 til 3. nóvember 1944, samtals kr. 6445.43. Það þykir ekki vera efni til að taka kröfu þessa til greina auk bóta þeirra, sem dæmdar voru í IV. að ofan.

Með hliðsjón til þess, sem að framan er rakið, á áfrýjandi að fá:

Samkvæmt I	kr.	53251.47
— III	—	507.83
— IV	—	12000.00
eða samtals	kr.	65759.30
Hér frá dragast þegar greiddar	kr.	40000.00
Eftirstöðvarnar	kr.	25759.30

ber stefnda að greiða ásamt 5% ársvöxtum af kr. 65759.30 frá 3. nóv. 1944 til 31. maí 1949 og af kr. 25759.30 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talinn matskostnaður, þykir hæfilega ákveðinn kr. 14000.00.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, dánarbúi Árna Sigfússonar, kr. 25759.30 ásamt 5% ársvöxtum af kr. 65759.30 frá 3. nóvember 1944 til 31. maí 1949 og af kr. 25759.30 frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 14000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. júlí 1948.

Mál þetta, sem var dómtekið 25. f. m., hefur Árni kaupmaður Sigfússon í Vestmannaeyjum höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 9. desember 1944 gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Hefur stefnandi gert þessar dómkröfur:

I. Að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur, *aðallega* að fjárhæð kr. 107826.01, *til vara* kr. 103350.43, en *til þrautavara* kr. 101620.69.

II. Að stefndi verði dæmdur til að greiða sér í bætur fyrir tapaða húsaleigu kr. 825.00 fyrir hvern mánuð, sem greiðsla umstefndra fjárhæða dregst frá 3. nóvember 1944 að telja, með 5% ársvöxtum af þeim fjárhæðum frá lokum hvers þeirra mánaða til greiðsludags.

III. Að stefndi verði dæmdur til að greiða 5% ársvexti af kr. 79655.58 frá 3. nóv. 1944 til greiðsludags.

IV. Að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað samkvæmt framlögðum reikningi að fjárhæð kr. 10205.05.

Stefnandi hefur látizt, meðan á stóð rekstri máls þessa, og kemur dánarbú hans í stað hans.

Stefndi krafðist þess í upphafi, að málinu yrði vísað frá bæjarþinginu, en þeirri kröfu var hrundið með úrskurði uppkveðnum 28. marz 1945.

Stefndi hefur nú *aðallega* krafizt sýknu, *til vara*, að kröfur stefnanda verði lækkaðar í kr. 19953.97 og vextir miðaðir við stefnudag, en til *þrautavara* lækkunar í kr. 30368 97 og vexti frá stefnudegi. Málskostnaðar hefur stefndi krafizt í öllum tilvikum.

Málavextir eru þessir:

Með ódagsettum samningi, sem talinn er gerður 3. nóvember 1941, milli Útvegsbanka Íslands h.f. annars vegar og hermálaráðherra Bretakonungs hins vegar, leigði bankinn hermálaráðherranum húseignina Skálholt, nr. 43 við Urðaveg í Vestmannaeyjum, ásamt lóð, en eignir þessar átti bankinn. Leigutími skyldi hefjast 1. okt. 1940 og vera næstu 6 almanaksmánuðir og síðan áfram, á meðan leigutaki þyrfti á hinu leigða húsnæði að halda. Leigan var ákveðin kr. 550.00 á mánuði, og skyldi hún greiðast ársfjórðungslega fyrirfram. Í 5. grein samnings þessa er ákveðið, að verði spjöll á nefndum mannvirkjum eða lóð umfram venjulegt slit, þá skuli leigutaki bæta þau að leigutíma loknum eða greiða skaðabætur fyrir. Með samkomulagi, sem talið er gert 23. des. 1941, milli nefnds leigutaka og herstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku tók herstjórn Bandaríkjanna við nefndum leigusamningi og gekk inn í rétt og skyldur leigutaka. Af hálfu leigusala var ritað samþykki hans á samkomulag þetta. Er áritunin svohljóðandi í þýðingu löggilts skjalaþýðara:

„Vér, Útvegsbanki Íslands, í samningi þessum nefndur húseigandinn, „samþykkjum hér með ofangerða yfirfærslu, og staðfestum, að þann 23. „desember 1941 átti ég engar kröfur útistandandi á hendur brezka her„málaráðherranum."

Þann 1. október 1941 (en dagsetning þessi virðist röng) gerðu Útvegsbanki Íslands h.f. og ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku nýjan leigu-

samning um nefnda húseign. Leigutíminn er þar talinn hefjast 1. janúar 1942, og skyldi hann standa til 30. júní s. á., en gert er ráð fyrir, að leigumálinn verði framlengdur, ef leigutaki óskar þess. Leiga var ákveðin kr. 610.50 á mánuði, er greiddist mánaðarlega. Þá er í samningnum ákvæði á þá leið, að leigutaki geti sagt honum upp með 30 daga fyrirvara. Samkvæmt ákvæðum 9. gr. samningsins skal leigutaki, „ef leigusali óskar þess, áður en leigumáli þessi eða endurnýjun hans er útrunnin, samkvæmt vali sínu greiða sanngjarna uppbót eða endurbæta eignirnar svo, að þær verði í sama ásigkomulagi og þær voru á þeim tíma, er hún tók við þeim samkvæmt samningi þessum; undanskilið skal þó vera venjulegt slit eftir eðlilega notkun og skemmdir, sem stafa af ástæðum, sem ríkisstjórnin ræður ekki við."

Í 13. gr. samnings þessa er ákvæði á þá leið, að rísi ágreiningur milli aðilja um skaðabætur eða skemmdir, er standi í sambandi við notkun eða leigu húseignarinnar, skuli skjóta slíku máli undir úrskurð sendiherra Bandaríkja Norður-Ameríku eða manns, tilnefnds af honum, og eins af dómurum Hæstaréttar. Komi þeir sér ekki saman, skyldi sendiherra Breta eða „umbjóðandi" (svo) hans hafa endanlegt úrskurðarvald.

Með afsali dags. 31. október 1942 seldi Útvegsbankinn stefnanda máls þessa umrædda húseign og framseldi honum jafnframt allan rétt sinn samkvæmt áðurgreindum samningum. Í ódagsettum viðbótarsamningi milli stefnanda og herstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku er tekið fram, að í mánaðarleigunni, kr. 610.00, sé innifalin 11% hækkun samkvæmt húsaleiguvísitölu, miðað við kr. 550.00 í grunnleigu. Og enn fremur, að þar sem húsaleiguvísitalan hafi hækkað í 125 stig þann 1. okt. 1942, eigi leigan samkvæmt áðurgreindum samningi að teljast kr. 687.50 á mánuði, en þá sé kr. 550.00 í grunnleigu að viðbættum 25%.

Þann 3. apríl 1943 sagði herstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku upp leigumálanum um nefnda húseign, að því er virðist með 30 daga uppsagnarfresti. Stefnandi taldi, að miklar skemmdir hefðu orðið á húsinu af völdum leigutaka og fékk því þann 5. apríl 1943 dómkvadda 4 matsmenn til að meta til fjár, hvað kosta mundi að gera við þær skemmdir á húseigninni, er orsakazt hefðu af dvöl brezka og ameríska setuliðsins þar. Mat þetta fór síðan fram, og er matsgerðin dagsett 10. apríl s. á. Er matsfjárhæðin kr. 73180.20. Stefnandi krafðist þess, að herstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku greiddi bætur samkvæmt nefndu mati að viðbættum matskostnaði og leigutapi. Herstjórnin vildi hins vegar ekki greiða fé þetta, en bauð lægri fjárhæðir, sem ekki varð samkomulag um, og varð ekki af greiðslum. Ekki lét herstjórnin heldur gera við húsið á sinn kostnað, sem þó hafði komið til tals.

Með bréfi dags. 22. sept. 1943 til sendiherra Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi óskaði stefnandi þess samkvæmt 13. gr. leigusamningsins, að sendiherrann eða sá, er hann tilnefndi, tækju málið til úrskurðar og gerðar yrðu ráðstafanir til að einn af dómurum Hæstaréttar tæki þátt í meðferð málsins. Sendiherrann færðist undan að hafa afskipti af málinu,

og eftir nokkrar bréfaskriftir varð ljóst, að eigi yrði bundinn endir á mál þetta á þenna hátt. Hætti stefnandi þá öllum tilraunum í þá átt. Svo sem að framan er greint, telur stefnandi, að hann hafi orðið fyrir stórtjóni vegna skemmda nefndra leigutaka á húsinu Skálholti svo og vegna synjunar þeirra um að greiða hæfilegar og sanngjarnar bætur. Dómkröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að með lögum nr. 99 frá 1943 hafi stefndi tekið á sig fébótaábyrgð á öllu því tjóni, sem hljótist af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi, og beri honum því að bæta sér allt það tjón, er stefnandi hafi beðið af völdum herliðsins, en það telur hann nema dómkröfum sínum í máli þessu.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að samkvæmt ákvæðum laga nr. 99 frá 1943 eigi þau lög aðeins við um þær skaðabótakröfur, sem stofnazt hafi vegna aðgerða hernaðaryfirvalda Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi. Herstjórn Breta hafi haft húsið á leigu frá 1. október 1940 og allt til 23. desember 1941, en þá hafi herstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku tekið við því. Að vísu megi telja ljóst, að húsið hafi orðið fyrir allmiklum skemmdum í tíð beggja leigutakanna, en ósannað sé, hve mikill hluti af því hafi orðið í leigutíð herstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku, en það tjón sé það eina, er sér sé skylt að bæta samkvæmt nefndum lögum. Þar eð þannig hafi ekki verið leidd rök að tjóni, er sér bæri að bæta, verði að taka sýknukröfu sína til greina. Svo sem að framan greinir, tók herstjórn Breta við húsinu 1. okt. 1940. Þann 3. s. m. var gerð skýrsla um ástand hússins, og er hún undirrituð af forsvarsmönnum leigutaka og leigusala. Þann 12. des. 1945 fékk stefnandi dómkvadda tvo menn til að meta til fjár, hvað kosta mundi að gera við skemmdir þær á húsinu, sem greinir í nefndri skýrslu, miðað við að viðgerð hefði farið fram í aprílmánuði 1943. Með matsgerð dags. 17. s. m. mátu matsmennirnir viðgerðarkostnaðinn samkvæmt framantöldu kr. 1907.50. Þann 1. júlí 1942 var húsið Skálholt skoðað að tilhlutun herstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku af trésmíðameistara einum í Vestmannaeyjum. Gerði hann áætlun um, hvað kosta mundi að gera við skemmdir þær, sem á því voru orðnar. Samkvæmt matsgerð hans, dags. 2. s. m., nam sá kostnaður kr. 10256.03. Hefur maður þessi staðfest þessa matsgerð sína fyrir dómi, og henni hefur ekki verið mótmælt. Eins og áður getur, mátu hinir dómkvöddu matsmenn þann 10. apríl 1943, að kosta mundi kr. 73180.20 að bæta úr skemmdum þeim, er orðið höfðu á húsinu í leigutíð beggja herstjórnanna. Eins og síðar verður sýnt fram á, verður að leggja matsgerð þessa að mestu til grundvallar um ástand hússins í aprílmánuði 1943. Engin úttekt fór fram á húseigninni þann 23. des. 1941, þegar leiguafnotum brezku herstjórnarinnar lauk, en af þessum tveim viðgerðarkostnaðaráætlunum og öðrum gögnum er hægt, eins og nánar verður greint frá hér á eftir, að reikna út, hve miklar skemmdir hafi orðið á tímabilinu frá 1. júlí 1942 til 3. apríl 1943. Og þar sem stefndi hefur viðurkennt, að hann beri ábyrgð á skemmdum umfram venjulegt slit, sem orðið hafi á húseigninni í leigutíð hernaðaryfirvalda Bandaríkja Norður-Ameríku, verður sýknukrafa hans ekki tekin til greina.

Dómkröfur sínar samkvæmt *fyrsta kröfulið* sundurliðar stefnandi þannig:

Aðalkrafan.

1. Skaðabætur vegna skemmda á húseigninni Skálholt.
   A. Bætur samkvæmt mati hinna dómkvöddu manna þann 10. apríl 1943, kr. 73180.20 að frádregnum kr. 5022.50 ..... kr. 68157.70
   B. Bætur fyrir skemmdir á hitaleiðslum .... — 3363.20
   C. Viðaukagreiðsla vegna hækkunar á viðgerðarkostnaði frá 10. apríl 1943 þar til nú, 7.59% af kr. 71250.90 ..... — 5426.85 kr. 76947.75
2. Matskostnaður frá 10. apríl 1943 ..... — 2200.00
3. Ógreiddar eftirstöðvar húsaleigu ..... — 507.83
4. Leigutjón vegna dráttar á greiðslu skaðabótanna:
   A. Leigutap frá 3. ágúst 1943 til 3. febrúar 1945 kr. 1075.00 á mánuði, kr. 19350.00, að frádreginni leigu stefnanda sjálfs fyrir tímabilið frá 18. sept. 1943 til 3. febr. 1945, kr. 250.00 á mánuði, eða kr. 4125.00 ..... kr. 15225.00
   B. Kostnaður vegna bráðabirgðaviðgerða .. — 3000.00 — 18225.00
5. Kostnaður við ferðir vegna máls þessa ..... — 3500.00
6. Vextir:
   A. 5% ársvextir af liðum 1, 2 og 3 hér að framan, kr. 79655.58 yfir tímabilið frá 3. maí 1943 til 3. nóv. 1944 ..... — 5974.09
   B. 5% ársvextir af tapaðri leigu yfir tímabilið frá 3. maí 1943 til 3. nóv. 1944 ..... — 471.34 — 6445.43

Kr. 107826.01

Varakrafan:

Í varakröfu sinni hefur stefnandi krafizt þess, að honum verði dæmdar kr. 107826.01 að frádregnum eftirtöldum fjárhæðum:

A. Viðgerðarkostnaður á skemmdum þeim, er voru á húsinu, er Bretar tóku við því, miðað við að viðgerð hefði fram farið í aprílmánuði 1943 ..... kr. 1907.50
B. Viðgerðarkostnaður á skemmdum þeim, er Bretar viðurkenndu að hafa valdið samkvæmt áætlun dags. 27. ágúst 1942, kr. 1267.00 að viðbættum kr. 101.08 vegna hækkunar á viðgerðarkostnaði frá þeim tíma til 3. apríl 1943 svo og áætlaðri viðbót vegna venjulegs slits ..... — 1368.08
C. Kostnaður við að bæta venjulegt slit á húsinu yfir tímabilið frá 23. desember 1941 til 3. maí 1943 ..... — 1200.00

kr. 4475.58

Varakrafan verður því kr. 103350.45.

Þrautavarakrafan er studd sömu rökum og varakrafan, en til frádráttar koma, auk þargreindra liða, kr. 1729.74, er stafa af því, að flatarmál dúklagðra gólfa hefur reynzt minna en matsmenn gerðu ráð fyrir í 8. lið matsgerðarinnar frá 10. apríl 1943.

Stefndi byggir *varakröfu* sína á því, að hinn 30. júlí 1943 taldi herstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku fullnaðarbætur til stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 36574.00, og bauðst hún til að greiða þá fjárhæð. Stefndi telur, að frá þessari bótafjárhæð beri að draga kostnað af viðgerð þeirra skemmda, sem ósannað sé, að stafi af dvöl setuliðs Bandaríkjanna í húsinu, að fjárhæð kr. 16620.03. Kemur þá út fjárhæð varakröfunnar kr. 19953 97.

Gegn eindregnum andmælum stefnanda verður ekki talið, að hann hafi bundið sig við að hlíta mati herstjórnarinnar eða taka boði hennar, og verður varakrafa stefnda því ekki til greina tekin.

Þrautavarakröfu sína rökstyður stefndi á þann hátt, að hann telur, að frá matsfjárhæðinni (frá 10/4 1943) beri að draga að minnsta kosti kr. 21614.40 sakir þess, að liðir í matsgerðinni samtals þeirrar fjárhæðar séu sér óviðkomandi, og verða andmæli hans gegn hverjum lið rakin hér á eftir, en auk þess hefur hann andmælt matsgerðinni í heild og hinum einstöku liðum hennar sem of háum. Enn fremur telur stefndi, að til frádráttar eigi að koma fyrrgreindar kr. 16620.03 svo og venjulegt slit (fyrning hússins), er metið hefur verið kr. 1010.00 svo og kr. 1907.50, sem stafi af skemmdum, áður en setuliðin komu í húsið.

Um kröfu stefnda samkvæmt 1 A og B.

Matsgerðin frá 10. apríl 1943 var í 13 liðum, sem hér segir:

1.	Viðgerð á þakhæð	kr.	5749.00
2.	— - hurðum	—	3700.00
3.	— - gluggum	—	6700.00
4.	— - eldhúsi	—	450 00
5.	— - baði	—	155.00
6.	— - loftum á 2. hæð	—	1850.00
7.	— - þaki kr. 5022.50, er stefnandi hefur sjálfur dregið frá.		
8.	— - dúkum á gólfum	—	8845.80
9.	— - Miðstöðvarkerfi, kr. 8171.50, og þykir rétt að bæta hér við þegar í stað viðbótarmatinu í síðargreindri yfirlýsingu frá 3. ágúst 1944, kr. 3363.20, samtals	—	11534.70
10.	Málning a) innanhúss	—	19376 00
	b) utan	—	6055.40
11.	Viðgerð á raflögn	—	4105.00
12.	— - girðingu og lóð	—	1500.00
13.	Leigutap í 3 mánuði, sem aðgerð stendur yfir	—	1500.00
	Samtals	kr.	71520.90

Um 1.—5. lið. Rökstudd andmæli hafa ekki komið fram gegn þessum

liðum né annað, er hnekkt fái matinu, og verða þessir liðir því lagðir til grundvallar óbreyttir.

Um 6. lið. Stefndi hefur haldið því fram, að með öllu sé ósannað, að skemmdir þær, er hér ræðir um, séu af mannavöldum, og hefur því mótmælt þessum lið. Af því, sem upp hefur komið í málinu, verður að telja ljóst, að slíkar skemmdir eigi rót sína að rekja til slæmrar umgengni af hálfu setuliðsmanna, og verður þessi liður því einnig óbreyttur.

Um 8. lið. Stefndi hefur vefengt, að skemmdir á dúkum stafi af umgengni setuliðsmanna, en ekki verður séð af gögnum málsins, að þau mótmæli hafi við rök að styðjast. Eins og fyrr getur, hefur í ljós komið, að flatarmál gólfanna er 222.03 fermetrar, en ekki 276 fermetrar, eins og sagt var í matsgerðinni. Þykir þessi liður því eiga að lækka um kr. 1729.78 í kr. 7116.02.

Um 9. lið. Yfirlýsinguna frá 3. ágúst 1944 hafa matsmenn gefið um það, að við síðari athugun hafi komið í ljós, að meira var eyðilagt af hitakerfinu en gert var ráð fyrir í matsgerðinni og að áætlaður viðgerðarkostnaður eigi því að hækka um kr. 3363.20. Stefndi hefur nú haldið því fram, að setuliðið hafi flutt úr húsinu haustið 1942, áður en frost kom í Vestmannaeyjum. Telur hann, að stefnanda hafi sjálfum borið að sjá um upphitun hússins og eftirlit með miðstöðvarkerfinu, eftir að setuliðsmenn fluttu, og eigi hann því sjálfur sök á skemmdunum. Eins og fyrr var greint, sagði herstjórnin leigusamningnum upp í apríl 1943, og er ekkert í ljós leitt, er sýni, að stefnanda hafi verið afhent umráð hússins fyrr. Þykja þessar mótbárur stefnda því ekki á rökum reistar, og verður þessi liður talinn nema kr. 11534.70.

Um 10 a. Í ljós er komið í málinu, að húsið var málað innan árið 1930, en síðan hafa einungis verið máluðar 2 eða 3 stofur og eldhús. Verður því ekki komizt hjá að telja lítils virði málningu þá, sem á húsinu var, er setuliðin tóku það á leigu, en með hliðsjón af því, að allmiklu dýrara er að mála það af nýju eftir meðferð þá og umgengni, sem setuliðsmenn hafa sýnt, þykir rétt að lækka þenna lið um þriðjung, eða í kr. 12917.33.

Um 10 b. Um útimálningu er sama að segja, að hún var einnig frá árinu 1930, en þó hafði húsið verið fernisborið síðar. Þykir af þessu ljóst, að útimálning hefur verið svo fyrnd, er setuliðin fluttu í húsið, að ekki er unnt að taka þenna lið til greina.

Um 11.—13. lið er sama að segja sem um 1.—5. lið, og verður þeim því ekki breytt.

Samkvæmt framanrituðu verður tjón stefnanda talið kr. 57277.05, en í samningi Útvegsbanka Íslands h f. og herstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku er fram tekið, að leigutaka beri ekki að greiða bætur fyrir venjulegt slit. Er matsmennirnir frá 10. apríl 1943 komu fyrir dóm hinn 6. júlí 1945, kom í ljós, að þeir höfðu ekki tekið tillit til venjulegs slits nema að því, er varðaði hita- og vatnskerfi hússins. Hinn 12. desember 1945 fékk stefnandi dómkvadda tvo menn til að meta, hvað kosta myndi að bæta venjulegt slit á nefndu húsi um tímabilið frá 23. desember 1941 til 3. maí 1943, miðað við verðlag í aprílmánuði 1943. Samkvæmt mats-

gerð, dagsettri 17. desember 1945, mátu hinir dómkvöddu menn, að kosta myndi kr. 1200.00 að bæta venjulegt slit samkvæmt framangreindu. Ljóst er, að leigusali átti sjálfur að bera kostnað af eðlilegu sliti, og þykir því rétt að draga frá framangreindri fjárhæð kr. 750.00, þegar þess er gætt, að fyrning málningar er þegar talin (í 10. lið) og tillit var tekið til fyrningar á miðstöðvarkerfi í matinu frá 10. apríl 1943.

Stefnandi hefur viðurkennt, að nokkur hluti þess tjóns, sem bóta er krafizt fyrir, hafi orðið í leigutíð herstjórnar Breta og af völdum manna í þjónustu hennar, en haldið því fram, að með samningi brezku herstjórnarinnar og herstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku frá 23. desember 1941 hafi hin síðarnefnda tekið á sig að greiða bætur fyrir allar þær skemmdir, sem orðið hafi og yrðu í leigutíð beggja herstjórna. Hefur stefnandi í þessu sambandi bent á, að engin úttekt hafi farið fram á húsinu við leigutakaskiptin. Þá hefur stefnandi talið, að herstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku hafi viðurkennt í samningaumleitunum um bæturnar, að sér bæri að greiða bætur fyrir skemmdir í leigutíma beggja herstjórna, enda hafi umboðsmaður hennar við nefnda matsgerð viðurkennt skyldu hennar til að greiða bætur samkvæmt nefndu mati. Telur stefnandi, að samkvæmt þessu beri stefnda að bæta allt tjón sitt, er að framan greinir.

Stefndi hefur hins vegar talið, að samkvæmt ákvæðum laga nr. 99 frá 1943 beri sér aðeins að bæta það tjón, sem orðið hafi vegna aðgerða setuliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi, en ekki það tjón, er orðið hafi vegna aðgerða brezka setuliðsins.

Af orðalagi samnings herstjórnar Breta og herstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku frá 23. desember 1941 svo og áritun Útvegsbankans á þann samning, þá er áður greinir, verður ekki annað ráðið en að herstjórn Bandaríkjanna taki á sig allar skyldur samkvæmt samningi Útvegsbankans og herstjórnar Breta frá 3. nóv. 1941 og taki þá jafnframt ábyrgð á, að þeim samningi verði fullnægt, einnig að því er varðar bætur á tjóni, er stafar frá leigutíð herstjórnar Breta. Þessu til stuðnings er einnig það, að húsið skyldi eigi afhent leigusala né bætur greiddar honum fyrir spjöll, fyrr en notum herstjórnar Bandaríkjanna væri lokið. Þá virðast og menn þeir, er af hálfu herstjórnar Bandaríkjanna sömdu um bætur til handa stefnanda, hafa litið þannig á.

Í 1. gr. laga nr. 99 frá 1943 um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi, segir, að ríkissjóði sé skylt að bæta íslenzkum ríkisborgurum það tjón, er þeir hafi beðið vegna aðgerða hernaðaryfirvalda Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi. Viðurkennt er, að nokkur hluti þess tjóns, sem hér er krafizt bóta fyrir, hafi orðið á leigutíma herstjórnar Breta og af völdum manna í þjónustu hennar. Krafa stefnanda um bætur fyrir þetta tjón er aðeins byggð á samningi herstjórnanna innbyrðis svo og samþykki leigusala á þeim gerningi. Hins vegar verður ekki ráðið af orðalagi nefndra laga, að stefnda beri að bæta tjón, sem aðrir en hernaðaryfirvöld Bandaríkja Norður-Ameríku og menn í þjónustu þeirra hér á landi hafi valdið,

en sem þau hafa tekið að sér að bæta með sérstökum samningum. Með vísan til þessa verður að telja stefnda óskylt að bæta það tjón, er varð á húsinu í Skálholti í leigutíð herstjórnar Breta.

Svo sem áður getur, þá var húsið skoðað þann 3. okt 1940, um það leyti er Bretar fluttu í það, og var þá gerð skrá (dskj. nr. 46) um ástand þess, sem virðist hafa verið samþykkt af báðum aðiljum leigumálans. Þann 12. des. 1945 fékk stefnandi dómkvadda tvo menn til að meta, hve mikið myndi kosta að gera við galla þá á húsinu, er um getur í nefndri skrá, miðað við, að viðgerð hefði fram farið í aprílmánuði 1943. Með matsgerð dags. 17. desember 1945 mátu matsmennirnir þenna kostnað á kr. 1907.50. Það er upp komið í málinu, að matsmenn þeir, er mátu skemmdirnar 10. apríl 1943, höfðu ekki nefnda skrá til afnota við matið. Hins vegar var hún sýnd þeim við staðfestingu matsgerðarinnar fyrir dómi, og lýstu þeir þá yfir því, að þeir vildu engu breyta í mati sínu, þrátt fyrir þau gögn, er skráin hafði að geyma.

Við athugun á skrá þessari og nefndri matsgerð frá 10. apríl 1943 sést ljóslega, að í matsgerðinni eru tekin og metin flest þau atriði, sem skráin getur um sem skemmdir á húsinu. Þykir því verða að lækka fjárhæð matsgerðarinnar og þessa kröfuliði stefnanda um greindar 1907.50, enda hefur fjárhæð þess mats ekki verið mótmælt út af fyrir sig.

Eins og áður er sagt, skoðaði trésmíðameistari einn í Vestmannaeyjum húsið hinn 1. júlí 1942 að ósk Útvegsbankans, en að því er virðist að tilhlutan herstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku. Gerði hann áætlun um, hvað kosta myndi að gera við þær skemmdir, er þá voru orðnar á húsinu. Samkvæmt matsgerð hans, dagsettri 2. s. m., var viðgerðarkostnaður talinn nema kr. 10256.03. Er þar innifalinn kostnaður við viðgerð á hitakerfi hússins, kr. 1770.00, er annar fagmaður mat. Í mati þessu virðist tekið tillit til þeirra skemmda, er á húsinu voru, er brezka setuliðið flutti í það, og kostnaður af viðgerð á þeim ekki tekinn með í matinu. Brezka herstjórnin virðist ekki hafa talið sig eiga að greiða allan þenna viðgerðarkostnað og því tekið út úr matsgerðinni sérstaklega nokkrar skemmdir, er hún vildi bæta. Nam viðgerðarkostnaður á þessum skemmdum kr. 1267.00 að mati sama manns, dags. 27. ágúst 1942 (varakrafa stefnanda B.). Útvegsbankinn vildi hins vegar ekki hlíta þessari skiptingu, og varð ekki úr, að brezka herstjórnin greiddi þessar bætur.

Stefndi hefur hvorki mótmælt nefndu mati frá 2. júlí 1942 né talið, að fleiri skemmdir en þar greinir hafi þá verið á húsinu.

Stefnandi hefur viðurkennt, að þær skemmdir, sem taldar eru í matsgerðinni frá 27. ágúst 1942, stafi af dvöl brezka setuliðsins í húsinu, og samkvæmt því, sem segir hér að framan, ber stefnda því ekki að bæta það tjón. Þess var fyrr getið, að skoðun eða úttekt fór ekki fram á húsinu, þegar brezka setuliðið fór þaðan, og ekki er í ljós leitt, að þáverandi eigandi þess, Útvegsbankinn, hafi ekki átt þess kost að láta slíka skoðun fara fram, og hann gerði enga kröfu í þá átt. Verður stefnda því ekki heldur gert að bæta hinn hluta þeirra skemmda, sem greinir í matsgerðinni frá 2. júlí 1942, þar eð stefnanda hefur ekki tekizt gegn mótmælum

stefnda að sanna, að þær stafi af dvöl setuliðs Bandaríkja Norður-Ameríku í húsinu. Mat þetta er miðað við verðlag þann dag, sem það var dagsett, en stefnandi hefur miðað sínar kröfur samkvæmt þessum kröfulið við það, að viðgerðin hefði fram farið í aprílmánuði 1943. Samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands var vísitala viðhaldskostnaðar húsa 195 vorið 1942, miðað við 100 í janúar—marz 1939. Vorið 1943 var vísitalan 316. Til þess að gera sér grein fyrir, hvað viðgerð á skemmdum þeim, er um getur í matsgerðinni frá 2. júlí 1942, hefði kostað, ef viðgerð hefði fram farið í aprílmánuði 1943, þykir verða að hækka matsfjárhæðina í hlutfalli við nefndar viðhaldsvísitölur. Samkvæmt því ætti viðgerð þessi að hafa kostað kr. 16620.03, hefði hún farið fram vorið 1943. Við athugun matsgerðarinnar kemur í ljós, að lagfæring á málningu innanhúss er þar metin samtals kr. 3265.00, sem með vísitölubreytingu, eins og að framan greinir, verða kr. 5291.00. Í 10. kröfulið stefnanda hér að framan hefur dómurinn ákveðið bætur til hans í heild vegna innanhússmálningar, og kemur þessi fjárhæð því ekki til frádráttar kröfum hans. Samkvæmt framanrituðu verða kröfuliðir stefnanda, þeir er hér ræðir um, því lækkaðir um kr. 11329.03 (kr. 16620.03 ÷ kr. 5291.00).

Samkvæmt öllu framanrituðu verður stefndi þannig dæmdur til að greiða stefnanda kr. 43290.52 (kr. 57277.05 ÷ kr. 750.00 ÷ 1907.50 ÷ kr. 11329.03) af þessum kröfuliðum.

Um 1 C. Svo sem að framan getur, fór fram mat á viðgerðarkostnaði skemmda þeirra, er á húsinu urðu í apríl 1943. Er matið miðað við verðlag í þeim mánuði, enda mun stefnandi hafa gert ráð fyrir að fá bæturnar greiddar þá um það leyti. Kveðst stefnandi engin efni hafa haft á að láta gera við húsið, þar sem bæturnar hafi eigi fengizt greiddar, og sé það því enn óviðgert. Vorið 1943 hafi vísitala viðhaldskostnaðar húsa verið 316 samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands, en sé nú fyrir mánuðina apríl—júní 1946 340. Viðhaldskostnaðurinn hafi þannig hækkað um 7.59%. Tjón sitt sé þannig af þessum sökum 7.59% af kr. 71520.90, eða kr. 5426.85, og beri stefnda að bæta sér það tjón.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem röngum og sér óviðkomandi. Stefnanda voru fengin umráð hússins vorið 1943, og gat hann því þá hafizt handa um viðgerð þess, ef ekki hefði háð honum fjárskortur.

Það er almenn regla íslenzks réttar, að sá, er ber fébótaábyrgð á tjóni annars manns, ber ekki ábyrgð á því tjóni, sem hlýzt af fjárskorti tjónþola, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Með skírskotun til þessa verður ekki talið, að stefnda beri að greiða bætur samkvæmt þessum lið, og verður hann því ekki tekinn til greina.

Um 2. Kröfuliður þessi er kostnaður við matið frá 10. apríl 1943.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið. Samkvæmt ákvæðum 5. tl. 175. gr. laga nr. 85/1936 um einkamál í héraði skal telja matskostnað með málskostnaði. Verður þessi liður því ekki tekinn til greina hér, en hins vegar tillit til hans tekið við ákvörðun málskostnaðar í máli þessu.

Um 3. Kröfu sína samkvæmt þessum lið byggir stefnandi á því, að raunverulega hafi leigan fyrir Skálholt verið ákveðin kr. 550.00 á mánuði

grunnleiga, þótt leigan sé talin kr. 610.50 á mánuði í samningnum milli Útvegsbankans og herstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku, en það sé einmitt grunnleiga, kr. 550.00, að viðbættum 11%, sem hafi þá verið leyfileg leiguhækkun. Síðan hafi verið heimilt að hækka leiguna um 25%, og með samningi milli sín og herstjórnar Bandaríkjanna hafi herstjórnin samþykkt að greiða þessa hækkun. Af því hafi hins vegar aldrei orðið, og sé þessi hækkun því ógreidd og nemi fjárhæð kröfuliðarins.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem sér óviðkomandi.

Af ákvæðum laga nr. 99 frá 1943 verður ekki ráðið, að stefnda beri að bæta tjón, sem hlýzt af því, að herstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi efnir ekki gerða samninga um greiðslur sem þessar. Verður því þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Um 4 A. Þann 2. ágúst 1944 fékk stefnandi dómkvadda tvo menn til að meta leigu eftir húsið Skálholt. Samkvæmt matsgerð, dags. 17. ágúst s. á., töldu matsmennirnir, að hæfileg leiga væri kr. 1075.00 á mánuði. Byggir stefnandi kröfu þessa á því, að í framangreindri matsgerð frá 10. apríl 1943 hafi verið gert ráð fyrir, að viðgerðin tæki 3 mánuði og henni yrði því lokið um 3. ágúst 1943, en af því hafi ekki orðið vegna þess, að bætur hafi eigi fengizt greiddar. Húsið hafi því verið óíbúðarhæft. Af þessum sökum hafi tapazt leiga, sem samkvæmt matinu sé kr. 1075.00 á mánuði, eða kr. 19350.00 til 3. febrúar 1945. Telur stefnandi, að stefnda beri að greiða sér bætur vegna þessa leigutaps. Í þessu sambandi hefur stefnandi áskilið sér rétt til að krefja stefnda síðar um bætur fyrir leigutap þann tíma, sem greiðsla skaðabótanna dragist fram yfir 3. nóv. 1944.

Þann 17. sept. 1943 var stefnandi af fógetarétti Vestmannaeyja úrskurðaður til að rýma íbúð þá, er hann þá bjó í. Varð stefnandi þá þann 18. s. m. að flytja í Skálholt og hefur búið þar síðan í nokkrum herbergjum. Þann 17. ágúst 1944 var leiga fyrir þá íbúð metin af dómkvöddum mönnum á kr. 250.00 á mánuði. Telur stefnandi, að leiga þessi fyrir tímabilið frá 18. sept. 1943 til 3. febrúar 1945 sé samkvæmt þessu alls kr. 4125.00, sem beri að draga frá leigutapi sínu, því sem áður greinir, kr. 19350.00, og komi þannig út fjárhæð kröfuliðar þessa.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem röngum og sér óviðkomandi.

Með skírskotun til þess, sem greinir um kröfulið 1 C hér að framan, verður ekki talið, að stefnda beri að bæta tjón sem þetta, og verður því þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Um 4 B. Er stefnandi flutti í húsið 18. sept. 1943, varð hann að láta framkvæma bráðabirgðaviðgerð á því, svo það yrði íbúðarhæft. Telur stefnandi, að viðgerð þessi hafi kostað kr. 4000.00, en stefnda beri að bæta sér meginhluta þess kostnaðar, eða kr. 3000.00, þar sem viðgerðin komi aðeins að litlu leyti til hagsbóta, þegar fullnaðarviðgerð fari fram á húsinu.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem röngum og sér óviðkomandi.

Með skírskotun til þess, sem greinir um kröfulið 1 C hér að framan,

verður ekki talið, að stefnda beri að bæta stefnanda kostnað þenna, og verður þessi kröfuliður því ekki tekinn til greina.

Um 5. Stefndi hefur mótmælt lið þessum, og þar sem hann er ekki studdur neinum gögnum, verður hann ekki tekinn til greina.

Um 6 A. Að því er varðar kröfu stefnanda um vexti af fé því, er hann krefst í kröfuliðum 2 og 3 hér að framan, þá voru þeir liðir ekki teknir til greina, og koma því vextir af þeim fjárhæðum ekki til álita. Um vexti af fjárhæð þeirri, er stefnanda var dæmd í kröfulið 1 hér að framan, þá ber honum samkvæmt almennum reglum eigi vextir af fé því nema frá stefnudegi. Verður því vaxtakrafa þessi ekki tekin til greina.

Um 6 B. Svo sem greinir um kröfulið 4 A hér að framan, þá var stefndi sýknaður af kröfu stefnanda vegna leigutaps, og verður vaxtakrafa þessi því eigi heldur tekin til greina.

Samkvæmt framanrituðu verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda kr. 43290.52 af fyrsta kröfulið hans.

Um annan kröfulið stefnanda. Þenna kröfulið byggir stefnandi á því, að auk þess leigutjóns, sem hann krafðist bóta fyrir hér að framan, sé leigutjón sitt kr. 875.00 á mánuði fyrir hvern mánuð, sem greiðsla bóta samkvæmt 1. kröfulið hér að framan dregst frá 3. nóvember 1944 að telja, að viðbættum 5% ársvöxtum af leigutapinu frá lokum hvers mánaðar til greiðsludags. Með skírskotun til þess, er greint var um 4 A í fyrsta kröfulið hér að framan, verður þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Málalok verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 43290.52 með vöxtum eins og krafizt var.

Þá þykir og rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, þar með talinn matskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 6500.00.

Gagnasöfnun í máli þessu var í upphafi talið lokið 26. apr. 1945. Hinn 22. júní 1945 fór fram málflutningur og dómtaka, en með úrskurði uppkveðnum 26. s. m. var aðiljum gefinn kostur á öflun aukinna gagna. Stóð hún lengi yfir, og var henni lokið skömmu áður en málflutningur og dómtaka fóru fram 23. maí 1946. Kvað bæjarþingið upp dóm í málinu hinn 5. júní 1946. Með dómi Hæstaréttar 23. júní f. á. var sá dómur ómerktur. Síðan hefur staðið yfir gagnasöfnun í málinu, er aðiljum tókst ekki að ljúka fyrr en nú fyrir skömmu.

Dóm þenna hafa uppkveðið Einar Arnalds borgardómari og meðdómsmennirnir Einar B. Kristjánsson og Tómas Vigfússon, húsasmíðameistarar.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, dánarbúi Árna Sigfússonar, kr. 43290.52 með 5% ársvöxtum frá 3. nóvember 1944 til greiðsludags og kr. 6500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. júní 1950.

Nr. 55/1949. **Ákæruvaldið** (Einar Arnórsson)
gegn
Jónasi Þorbergssyni (Lárus Jóhannesson)
og Jóni Alexanderssyni (Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Ómerking héraðsdóms sökum ófullkominnar rannsóknar.

Dómur Hæstaréttar.

Prófum máls þessa er áfátt í meginatriðum.

Áður en málið var dæmt í héraði, hefði rannsóknardómarinn átt að rannsaka ýtarlega, hvort rétt væri að telja útvarpsvirkjun handiðnað, sbr. 1. gr. laga nr. 105/1936. M. a. átti dómarinn að fá lýsingu sérfróðra manna á námi og starfi útvarpsvirkja svo og álitsgerð hinna sérfróðu manna um það, hvort útvarpsvirkjun sé þess eðlis, að hún geti talizt handiðnaður.

Sakir þessara galla á meðferð málsins þykir verða að ómerkja héraðsdóminn og dæma allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á hendur ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 700.00, og málflutningslaun skipaðra verjenda ákærðu fyrir Hæstarétti, kr. 450.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun sækjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Einars Arnórssonar, kr. 700.00, og málsvarnarlaun verjenda ákærðu fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Lárusar Jóhannessonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 450.00 til hvors.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 18. janúar 1949.

Ár 1949, þriðjudaginn 18. janúar, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Halldóri Þorbjörnssyni fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 227—228/1949: Valdstjórnin gegn Jónasi Þorbergssyni og Jóni Alexanderssyni.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 15. þ. m., er að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn hinum kærðu fyrir brot gegn lögum nr. 18/1927 um iðju og iðnað, sbr. lög nr. 105/1936, og lögum nr. 100/1938 um iðnnám.

Kærðir eru Jónas Þorbergsson útvarpsstjóri, Ásvallagötu 1, hér í bæ, og Jón Alexandersson forstöðumaður Viðgerðarstofu útvarpsins, Víðimel 39, hér í bæ. Báðir eru komnir yfir lögaldur sakamanna, Jónas fæddur 22. janúar 1885 og Jón 23. febrúar 1900. Hvorugur þeirra hefur áður sætt kærum né refsingum.

Málavextir eru sem hér segir:

Nokkru eftir að Ríkisútvarpið var stofnað 1930, var í sambandi við það stofnuð viðgerðarstofa til að gera við útvarpsviðtæki, og hefur viðgerðarstofa þessi síðan verið rekin sem ein deild Ríkisútvarpsins. Undanfarin ár hefur staðið yfir deila milli starfsmanna Viðgerðarstofunnar annars vegar og forstöðumanns Ríkisútvarpsins hins vegar um kjör og réttindi starfsmanna Viðgerðarstofunnar. Hafa starfsmennirnir krafizt þess, að þeir verði haldnir sem iðnnemar samkvæmt lögum um iðnnám nr. 100 11. júní 1938 og reglugerðum settum samkvæmt þeim, gerðir verði við þá námssamningar og menntun þeirra hagað að öðru leyti í samræmi við iðnlög. Þetta hafa forstöðumenn Ríkisútvarpsins ekki viljað fallast á og borið fyrir sig reglur fjarskiptalaganna nr. 30 27. júní 1941 og reglugerðar samkvæmt þeim. Eftir að mál þetta hafði verið til athugunar hjá atvinnumálaráðherra, var hafin opinber rannsókn á því, og lauk henni með því, að dómsmálaráðuneytið fyrirskipaði höfðun máls þessa á hendur útvarpsstjóra og forstöðumanni Viðgerðarstofunnar.

Í máli þessu liggur sú staðreynd fyrir, að við nemendur á Viðgerðarstofu útvarpsins hafa alls ekki verið gerðir námssamningar né að öðru leyti farið eftir ákvæðum iðnlaga um starf þeirra og námstilhögun. Er þá að athuga, hvort slík háttsemi sé brot gegn lögum þeim, er málshöfðunin tekur til.

Með reglugerð nr. 100 3. júlí 1942 um breytingu á reglugerð nr. 38 29. marz 1941 um iðnnám, settri af atvinnumálaráðherra, er útvarpsvirkjun tekin upp sem einn liður rafmagnsiðnaðar og reglur settar um próf í útvarpsvirkjun. Á þessum grundvelli munu síðan allmargir menn hafa fengið réttindi til útvarpsvirkjunar sem iðnaðarmenn, og starfa allmargir sjálfstætt að útvarpsviðgerðum á grundvelli iðnlaga. Til er hér í bæ félagsskapur, sem kallast Félag útvarpsvirkja, og hefur það látið mjög til sín taka í máli því, er hér um ræðir, og beitt sér fyrir því með tilvísun til nefnds reglugerðarákvæðis við Ríkisútvarpið, að starfsmenn á Viðgerðarstofu útvarpsins væru ráðnir sem iðnnemar og fengju menntun í samræmi við það.

Ekki virðast hafa verið nein ákvæði í lögum um starfsemi útvarpsvið-

gerðarmanna, fyrr en sett eru lög nr. 30 27. júní 1941 um fjarskipti, en með 2. tl. 2. gr. þeirra er ríkinu veittur einkaréttur á að flytja inn, selja, leigja eða dreifa á annan hátt, gera við, breyta eða setja upp hvers konar fjarskiptavirki. Með 10. gr. er póst- og símamálastjórninni falin framkvæmd einkaréttar þessa, en þó m. a. undanskilin framkvæmd þeirra mála, sem ríkisútvarpinu eru falin með sérstökum lögum. Í reglugerð um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála nr. 70 9. maí 1942, settri af póst- og símamálaráðherra, eru ákvæði þessi tekin upp, og í 2. gr. reglugerðarinnar segir, að óski einstakir menn, félög eða stofnanir leyfis til framkvæmda, er heyri undir framangreindan rétt ríkisins, skuli sótt um leyfi til þess til póst- og símamálastjórnarinnar. Þá er hinn 15. júlí sama ár sett reglugerð af póst- og símamálastjórninni um viðgerðir útvarps- og loftskeytaviðtækja (nr. 140) með heimild í 4. gr. reglugerðar nr. 70 9. maí 1942. Samkvæmt henni skal almennt þurfa leyfi póst- og símamálastjórnarinnar til að fást við viðgerðir útvarpstækja o. þ. h. Þetta nær þó eigi til starfa, sem framkvæmd eru í umboði Landssímans eða Ríkisútvarpsins. Enn fremur eru settar reglur um próf þeirra, er leyfis beiðast, og reglur um leyfisbréf til viðgerða á viðtækjum.

Er athugaðar eru reglur fjarskiptalaganna og reglugerðanna samkvæmt þeim, er ljóst, að við setningu þeirra er eigi gert ráð fyrir, að útvarpsviðgerðir séu iðngrein. Er hvergi minnzt á það í reglugerð nr. 140/1942, hver aðstaða iðnlærðra útvarpsvirkja sé, og yfirleitt verður ekki séð, að ákvæðum hennar og iðnlaganna verði beitt í fullu samræmi. Verður að líta svo á, að reglugerð nr. 140/1942 ætlist til, að ákvörðun um hæfi manna til viðtækjaviðgerðar sé algerlega í höndum póst- og símamálastjórnarinnar, en Landssíma og Ríkisútvarpi er jafnframt með reglugerðinni heimilað að fást við slíka starfsemi.

Þegar bornar eru saman og athugaðar réttarreglur þær, er nú hafa verið raktar, verður að telja ljóst, að starfsemi Viðgerðarstofu útvarpsins sem deildar af ríkisútvarpinu með þeim hætti, sem hún hefur verið rekin, sé í samræmi við reglur fjarskiptalaganna og reglugerða settum samkvæmt þeim. Háttur sá, sem útvarpsstjóri og forstöðumaður Viðgerðarstofu útvarpsins hafa haft á ráðningu starfsmanna, er hins vegar ekki í samræmi við iðnnámslög. En þar sem það byggist einungis á reglugerðarákvæði, að útvarpsvirkjun skuli teljast iðngrein og um hana fara að iðnlögum, en fjarskiptalögin sjálf gera beinlínis ráð fyrir, að um starfsemi þessa skuli fara með öðrum hætti, sem nánar er gert grein fyrir í reglugerðunum nr. 70/1942 og 140/1942, þykir háttur sá, sem hafður hefur verið á ráðningu nemenda á Viðgerðarstofu útvarpsins, eigi verða talinn hinum kærðu til sakar sem brot á ákvæðum lagafyrirmæla þeirra, sem mál er höfðað út af.

Af nefndum ástæðum þykir verða að sýkna hina kærðu af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Ákveða ber, að sakarkostnaður allur greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra talsmanna hinna kærðu, hæstaréttarlögmannanna Lárusar Jóhannessonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 250.00 til hvors.

Dráttur sá, sem varð á rekstri málsins, stafar af því, að skipaður tals-

maður kærða Jónasar Þorbergssonar, Lárus Jóhannesson, skilaði ekki vörn í málinu fyrr en 14. þ. m., og hefur hann í vörninni gert grein fyrir ástæðum til þess. Málið hefur verið rekið vítalaust.

Dómsorð:

Kærðu, Jónas Þorbergsson og Jón Alexandersson, skulu vera sýknir af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra talsmanna kærðu, hæstaréttarlögmannanna Lárusar Jóhannessonar og Ólafs Þorgrímssonar, 250.00 kr. til hvors.

Miðvikudaginn 21. júní 1950.

Kærumálið nr. 6/1950.

G. Kristjánsson & Co. h/f

gegn

Einari Einarssyni

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Hrundið beiðni um skriflegan flutning máls.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 24. maí þ. á., hingað kominni 5. þ. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur, uppkveðinn 23. maí þ. á., þar sem varnaraðilja var leyfður skriflegur flutningur máls milli aðilja fyrir sjó- og verzlunardóminum. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur ekki sent Hæstarétti kröfur né greinargerð í málinu.

Ofangreint mál aðilja fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur höfðaði sóknaraðili á hendur varnaraðilja með stefnu 21. febrúar 1948, og var málið þingfest í héraði 6. marz s. á. Hinn 8. maí 1948 ákvað héraðsdómurinn, að málið skyldi munnlega flutt. Eftir það fengu aðiljar sameiginlega fresti til

gagnasöfnunar til 22. janúar 1949, en þá töldu þeir gagnaöflun lokið. Hinn 8. marz 1949 var málið tekið fyrir af nýju og aðiljum þá og síðar veittir frestir í því til gagnaöflunar. Varnaraðili gagnstefndi í málinu með stefnu 19. apríl 1949, þingfestri 23. s. m. Eftir það fékk sóknaraðili frest til 1. okt. 1949, en þá var þingfest framhaldsstefna í aðalsök, útgefin 27. sept. s. á. Eftir það voru aðiljum enn veittir frestir til 12. nóvember 1949, en þá lýstu þeir yfir því, að gagnasöfnun væri lokið. Hafði sóknaraðili þá lagt fram þrjár greinargerðir í málinu, en varnaraðili tvær.

Af hálfu varnaraðilja hafði Jón N. Sigurðsson hæstaréttarlögmaður flutt málið. Hinn 24. apríl þ. á. ritaði hann varnaraðilja bréf, þar sem hann lýsir því, að varnaraðili hafi ekki, þrátt fyrir marggefin loforð, komið til viðtals við sig um málið og hafi á engan hátt gert nokkuð til að afla gagna í málinu eða veita honum skýrslur um það. Kveðst hæstaréttarlögmaðurinn því ekki flytja mál þetta lengur fyrir varnaraðilja.

Hinn 19. maí þ. á. skyldi flytja málið munnlega fyrir sjó- og verzlunardóminum. Sótti varnaraðili þá sjálfur þing og óskaði þess, að málið yrði skriflega flutt. Sóknaraðili andmælti skriflegum flutningi, og gekk síðan í málinu úrskurður sá, sem nú hefur verið kærður.

Með tilvísun til þeirrar meðferðar, sem málið hafði þegar hlotið fyrir sjó- og verzlunardóminum, þykir varnaraðili ekki eiga rétt til þess að tefja málið lengur með því að hefja nú skriflegan málflutning. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Rétt þykir, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kærumálskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 200.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðili, Einar Einarsson, greiði sóknaraðilja, G. Kristjánssyni & Co. h/f, kærumálskostnað, kr. 200.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 23. maí 1950.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 19. þ. m., hefur G. Kristjánsson & Co. h/f, hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu útgefinni 23. febr. 1948 gegn Einari Einarssyni útgerðarmanni, Grenimel 27, hér í bænum, til greiðslu skuldar samkvæmt reikningi, að fjárhæð kr. 11903.85 auk 6% ársvaxta frá 31. des. 1946 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Með framhaldsstefnu, dags. 27. sept. f. á., hækkaði stefnandi kröfu sína um kr. 2715.63, eða upp í kr. 14618.48, og krafðist 6% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 31. des. 1946 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu í aðalsök og framhaldssök.

Stefndi hefur mótmælt kröfum stefnanda í aðal- og framhaldssök og krafizt sýknu af þeim og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins. Þá hefur stefndi með stefnu útgefinni 20. apríl f. á. gagnstefnt stefnanda til greiðslu á kr. 21734 90 ásamt 6% ársvöxtum frá 31. des. 1946 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Gagnstefndi hefur krafizt sýknu af kröfum gagnstefnanda í gagnsök og málskostnaðar í henni að skaðlausu.

Af hálfu gagnstefnanda hefur hæstaréttarlögmaður látið sækja þing í máli þessu þar til það var tekið til munnlegs flutnings 19. þ. m. Sótti gagnstefnandi þá sjálfur þing og tilkynnti, að hann ætlaði sjálfur að flytja málið. Óskaði hann þess, að málið yrði flutt skriflega, þar sem það væri allflókið og hann ólöglærður.

Umboðsmaður aðalstefnanda mótmælti því, að málið yrði skriflega flutt, og var málið eftir kröfu hans tekið til úrskurðar um þetta atriði.

Þar sem gagnstefnandi, sem er ólöglærður maður, hefur lýst yfir því, að hann ætlaði að flytja mál þetta sjálfur, málið er viðamikið og virðist vera allflókið, þykir með skírskotun til 2. tölul. 2. málsgr. 109. gr. laga nr. 85 frá 1936 rétt að leyfa skriflegan flutning málsins.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp úrskurð þenna ásamt meðdómsmönnunum, dr. Þorsteini Þorsteinssyni hagstofustjóra og Jóhanni Ólafssyni forstjóra.

Því úrskurðast:

Mál þetta skal skriflega flutt.

Fimmtudaginn 21. september 1950.

Kærumálið nr. 7/1950.

Samvinnutryggingar
gegn
Framtíðinni h/f.

Setudómarar próf. Ólafur Jóhannesson og próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Kært málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 13. júní þ. á., sem hingað barst 21. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 186. gr. laga nr. 85 frá 1936 skotið til Hæstaréttar málskostnaðarákvæði í dómi sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur, uppkveðnum 12. júní þ. á., í máli varnaraðilja á hendur sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að téð ákvæði um málskostnað verði úr gildi fellt og að honum verði dæmdur úr hendi varnaraðilja málskostnaður fyrir héraðsdómi í málinu svo og kærumálskostnaður fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili hefur hvorki sent Hæstarétti kröfur né greinargerð um málið.

Tjón það, sem í málinu greinir, varð hinn 21. ágúst 1948. Sóknaraðili greiddi varnaraðilja þær vátryggingarbætur, sem hann taldi sér skylt að inna af hendi, hinn 4. september s. á., er málið var þingfest. Samkvæmt 16. gr. í skilmálum vátryggingarskírteinisins skal greiðsla á skaðabótum „fyrir algert tap" fara fram „venjulega 2 mánuðum eftir að nauðsynlegar sannanir eru fyrir hendi". Þegar á þetta er litið, verður ekki talið, að sóknaraðili hafi með drætti á því að inna téða vátryggingarfjárhæð af hendi bakað sér skyldu til greiðslu málskostnaðar fyrir héraðsdómi. Samkvæmt þessu og atvikum málsins að öðru leyti þykir rétt, að málskostnaður í héraði falli niður, en að varnaraðili greiði sóknaraðilja kærumálskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 200.00.

Dómsorð:

Málskostnaður í héraði í málinu Framtíðin h/f gegn Samvinnutryggingum fellur niður.

Varnaraðili, Framtíðin h/f, greiði sóknaraðilja, Samvinnutryggingum, kr. 200.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 12. júní 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Framtíðin h/f Hafnarfirði höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu útgefinni 3. sept. 1948 gegn Samvinnutryggingum, hér í bænum, til greiðslu tjónbóta að fjárhæð kr. 80000.00 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi dómkröfum sínum á þá leið, að hann krafðist *aðallega* greiðslu á kr. 56470.59 auk 6% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu af kr. 80000.00. *Til vara* krafðist hann greiðslu á kr. 42970.59 auk 6% vaxta af fjárhæðinni, svo sem hér að framan er sagt, og málskostnaðar að skaðlausu af kr. 66500.00.

Stefndi hefur krafizt þess *aðallega*, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati dómsins. Þá hefur stefndi krafizt þess *til vara*, að krafa stefnanda verði lækkuð niður í kr. 39058.82, og til *þrautavara* niður í kr. 48470.59. Loks hefur stefndi krafizt þess, að málskostnaður verði felldur niður, ef varakrafa hans eða þrautavarakrafa yrði tekin til greina.

Málavextir eru þeir, að aðfaranótt laugardagsins 21. ágúst 1948 var v/b Jón Magnússon G. K. 425 á leið frá Tjörnesi til Siglufjarðar með 275 tunnur síldar á þilfari. Hafði hann snurpunótabátana í eftirdragi, og var nótin í bátunum. Er báturinn var staddur um 3/4 sjómílur í norður af Siglunestá, slitnaði fremra millibandið milli bátanna með þeim afleiðingum, að þeim hvolfdi báðum. Vindur var af norðaustri um 3 vindstig og bára. Er bátnum hvolfdi, var þegar stöðvað og reynt að losa nótina við bátana, en það bar ekki árangur, og engin tök reyndust á að bjarga nót eða bátum. Voru því sett flot á dráttartaugar bátanna, sem voru um 30 faðma langar, en dýpi var þarna um 15 faðmar. Hélt v/b Jón Magnússon síðan til Siglufjarðar, ef unnt væri að fá stærra skip til björgunar, og tilkynnti skipstjóri bátsins umboðsmanni stefnda þar tjónið.

Hélt v/b Jón Magnússon síðan aftur á stað þann, er hann hafði skilið við bátana á, og beið þar komu varðskipsins Ægis, en umboðsmaður stefnda á Siglufirði hafði beðið aðstoðar, er báðir bátarnir með nótinni höfðu sokkið. Kom Ægir á staðinn kl. 18.20, tókst að ná upp öðrum

bátnum og nótinni, og voru munir þessir síðan fluttir til Siglufjarðar. Fyrir björgun þessa greiddi stefndi Skipaútgerð ríkisins kr. 8000.00.

Samkvæmt vátryggingarskírteini, dags. 30. júní 1948, voru bátarnir og nótin vátryggð hjá stefnda frá útgáfudegi skírteinisins til 30. sept. s. á. fyrir kr. 80000.00. Samkvæmt virðingargerðum tveggja manna, dags. 25. og 26. ágúst 1948, en aðiljarnir höfðu útnefnt sinn matsmanninn hvor, er verðmæti hvors báts metið á kr. 25000.00 og verðmæti nótarinnar á kr. 35000.00, eða verðmæti hins vátryggða samtals á kr. 85000.00. Voru því munir þessir í eigin vátryggingu stefnanda að 1/17 hluta, enda hefur því ekki verið haldið fram, að vátryggingarskírteinið hafi verið „takserað".

Aðalkröfu sína reisir stefnandi á því, að tjónið á hinum vátryggðu munum hafi verið algert. Ljóst sé þetta, að því er varðar bát þann, er ekki náðist upp. En auk þess telur hann, að báturinn, sem bjargaðist, og nótin hafi verið svo illa farin, að munir þessir hafi verið ónýtir. Hafi því stefnda borið skylda til að greiða alla vátryggingarfjárhæðina. Við þingfestingu málsins hafði hann greitt 16/17 hluta af verðmæti báts þess, sem fórst, og standi því eftir ógreitt af vátryggingarfénu kr. 56470.59.

Varakröfuna reisir stefnandi á því, að enda þótt svo verði litið á, að tjón á hinum björguðu munum (bátnum og nótinni) hafi ekki verið algert, þá hafi vátryggingin tekið til alls þess tjóns, sem varð á hinum vátryggðu munum í umrætt skipti. Samkvæmt áðurnefndum virðingargerðum virtu matsmennirnir kostnað við að gera við bát þann, sem bjargað var, kr. 16500.00, og viðgerðarkostnað nótarinnar kr. 25000.00. Verðmæti báts þess, sem fórst, var, svo sem áður er sagt, kr. 25000.00. Nam því tjón á hinum vátryggðu munum samtals kr. 66500.00. Þegar frá upphæð þessari er dregin fjárhæð sú, sem stefndi greiddi við þingfestingu, kemur varakrafa stefnanda út. Vísar stefnandi til stuðnings varakröfunni til 19. gr. laga nr. 17 frá 1914, en þar segir m. a. svo: „Ábyrgðarsali ábyrgist afleiðingar af hverri þeirri hættu, sem hinir tryggðu hagsmunir eru lagðir í á vátryggingartímanum og vátryggður er eigi valdur að sjálfur, nema einhver háski hafi verið sérstaklega undanskilinn."

Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að honum beri aðeins að greiða tjónbætur vegna báts þess, er tapaðist algerlega. Heldur hann því fram, að algert tjón hafi ekki orðið á hinum bátunum eða nótinni, og skemmdir þær, sem á þeim urðu, hafi ekki stafað af neinu því atviki, sem ábyrgð hafi verið tekin á í vátryggingarskilmálunum, og beri honum því ekki að greiða tjónbætur vegna nefndra muna.

Varakröfuna reisir stefndi á því, að hann hafi þegar greitt tjónbætur, að svo miklu leyti sem honum sé skylt, fyrir bát þann, sem fórst. Af tjóninu á hinum bátnum og nótinni, kr. 41500.00, geti honum aðeins borið að greiða 16/17 hluta, eða kr. 39058.82.

Þrautavarakrafa stefnda er við það miðuð, að svo verði litið á, að tjón á hinum vátryggðu munum hafi verið algert. Frá vátryggingarfjárhæðinni, kr. 80000.00, telur stefndi, að þá beri að draga þegar greiddan björg-

unarkostnað, kr. 8000.00, og fjárhæð þá, sem greidd var við þingfestingu, kr. 23529.41, og standa þá eftir kr. 48470.59.

Svo sem áður er greint, var verðmæti hvers báts fyrir þann tíma, er tjónið varð, kr. 25000.00, og verðmæti nótarinnar kr. 35000.00. Samkvæmt framangreindum virðingargerðum virtu matsmennirnir viðgerðarkostnað bátsins kr. 16500.00 og viðgerðarkostnað nótarinnar kr. 25000.00. Lýsa matsmennirnir skemmdunum á bátnum svo, að báturinn hafi verið brotinn að ofan báðum megin, bönd brotin og hann liðaður. Í bátnum var 25 hestafla Gray-vél. Segja matsmennirnir, að allar leiðslur í vélinni ásamt rafgeymum hafi verið ónýt og öll verkfæri frá henni týnd. Í virðingargerð um nótina er skemmdunum á henni ekki lýst. Í málinu kemur fram, að bátnum var breytt í hringnótabát. Hefur skipasmiður sá, sem sá um breytinguna, borið það sem vitni, að hann hafi ekki talið borga sig að gera við bátinn sem snurpunótabát eða breyta honum í hringnótabát vegna þess, hve hann hafi verið illa farinn. Annað vitni hefur borið það, að nótin hafi öll verið sundurflett og rifin og auk þess hafi vantað mikið af grunnteini við hana. Segir það, að nótin hafi verið notuð til þess að lengja með henni aðra nót, enda hafi ekki verið hægt að notfæra sér hana á annan hátt. Telur vitni þetta, að nótin hafi verið svo illa farin, að viðgerð á henni hafi alls ekki borgað sig. Þó segir vitnið, að meginhluti korkateinsins hafi fylgt nótinni og hafi korkið verið notað svo og eitthvað af teininum.

Þrátt fyrir vætti vitna þessara þykir verða að leggja til grundvallar áðurgreindar virðingargerðir um verðmæti bátsins, sem bjargaðist, og nótarinnar, eftir að tjónið varð. Samkvæmt framansögðu nam þá verðmæti bátsins kr. 8500.00 og verðmæti nótarinnar kr. 10000.00, og hefur stefnandi ekki sýnt fram á, að eigi hafi svarað kostnaði að gera við munina. Verður því eigi fallizt á það hjá stefnanda, að tjón á munum þessum hafi verið algert, og hefur þá aðalkrafa stefnanda ekki við rök að styðjast.

Samkvæmt fyrrgreindu vátryggingarskírteini voru hinir vátryggðu munir tryggðir með eftirgreindum skilmálum, auk hinna almennu skilmála („Dansk Söforsikrings Konvention af 2. Apríl 1934"): „Tryggingin gildir fyrir tjóni af eldi, strandi eða árekstri skipsins, björgunarkostnaði og sameiginlegu sætjóni svo og algerðu tapi á nót með bátum eða bát ásamt algerðu tapi á bát eða bátum." Í þessum sérstöku skilmálum eru tæmandi talin atvik þau eða áhætta, sem stefndi tryggir hina vátryggðu hagsmuni gegn. Þykir verða að fallast á það hjá stefnda, að tjón það, sem varð á bát þeim, sem náðist, og nótinni hafi ekki stafað af atvikum þeim, sem í skilmálunum greinir, og ber stefndi því ekki ábyrgð á umræddu tjóni. Hefur því varakrafa stefnanda heldur ekki við rök að styðjast.

Eftir því, sem komið hefur fram hér að framan, bar stefnda aðeins að bæta tjón það að 16/17 hlutum, er varð á bát þeim, sem fórst. Þær bætur hefur stefndi, eins og áður segir, þegar greitt, og ber því að taka kröfu stefnda um sýknu af frekari tjónbótum til greina. Hins vegar ber að

dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, þar sem fjárhæðin var ekki greidd né boðin fram ákveðið, fyrr en eftir að mál þetta var höfðað, og þykir málskostnaðurinn eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum dr. Þorsteini Þorsteinssyni hagstofustjóra og Einari B. Guðmundssyni hæstaréttarlögmanni.

Dómsorð:

Stefndi, Samvinnutryggingar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Framtíðarinnar h/f, um tjónbætur í máli þessu.

Stefndi greiði stefnanda kr. 2000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 21. september 1950.

Kærumálið nr. 10/1950.

Gunnar Jósefsson

gegn

Almennum tryggingum h/f.

Setudómarar próf. Ólafur Jóhannesson og próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Kært málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Helgason, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp héraðsdóminn. Með kæru 29. júní þ. á., sem hingað barst 6. júlí s. á., hefur sóknaraðili samkvæmt 186. gr. laga nr. 85/1936 skotið til Hæstaréttar ákvæði um málskostnað í dómi bæjarþings Akureyrar, uppkveðnum 28. júní s. á., í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður, en til vara, að hann verði lækkaður. Svo krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst þess, að málskostnaðarákvæðið verði

staðfest og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með tilvísun til héraðsdóms ber að staðfesta málskostnaðarákvæði hans.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma varnaraðilja til að greiða sóknaraðilja kr. 200.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hið kærða málskostnaðarákvæði á að vera óraskað.

Sóknaraðili, Gunnar Jósefsson, greiði varnaraðilja, Almennum Tryggingum h/f, kr. 200.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 28. júní 1950.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 23. þ. m., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 22. apríl s. l. af stefnanda, Stefáni Árnasyni framkvæmdastjóra, Akureyri, f. h. Almennra trygginga h/f, umboðsins á Akureyri, gegn stefnda, Gunnari Jósefssyni, Eyrarvegi 31, Akureyri, til innheimtu á eftirstöðvum af vátryggingariðgjaldi kr. 1040.60 ásamt 6% ársvöxtum frá 17. júlí 1948 til greiðsludags, og málskostnaðar eftir reikningi eða mati dómarans.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati réttarins.

Stefnandi hefur gert svofellda grein fyrir kröfum sínum. Sumarið 1948 bað stefndi, Gunnar Jósefsson, um vátryggingu á 2 herpinótabátum, einni herpinót og munum skipshafnar allt tilheyrandi v/s Atla E. A. 744, samtals að upphæð kr. 152600.00.

Tryggingin skyldi vera yfir tímabilið frá 16. júlí til 15. sept. 1948 að báðum dögum meðtöldum.

Hinn 17. júlí s. á. hefur stefnandi gefið út tryggingarskírteini með greindri vátryggingarupphæð og iðgjaldi ásamt kostnaði að upphæð kr. 1566.60. Skírteinið er stílað á hr. Gunnar Jósefsson, Akureyri, og hefur það verið lagt fram í réttinum á dskj. nr. 2. Samkvæmt afriti af vátryggingarskírteini, útgefnu af stefnanda, dags. 17. des. 1947, sbr. dskj. nr. 6, hafa sams konar munir verið vátryggðir hjá stefnda tilheyrandi sama skipi fyrir kr. 135000.00, iðgjald og kostnaður kr. 2061.00. Skírteini þetta er einnig gefið út á nafn stefnda sjálfs.

Þegar stefndi bað um fyrrnefndu tryggginguna, var enn ógreitt fyrir vátryggginguna samkvæmt síðarnefnda skírteininu, og varð þá að samkomulagi meðal aðilja, að stefndi greiddi alveg fyrir eldra skírteinið og greiddi kr. 526.00 upp í nýja skírteinið, en eftirstöðvarnar skyldu greiðast

síðar. Er stefnukrafan mismunur þessarar upphæðar og alls iðgjaldsins, sem var kr. 1566.60, eins og áður er sagt.

Það, sem um er deilt, er ekki upphæð kröfunnar, því stefndi hefur enga athugasemd gert við hana. Hins vegar krefst hann sýknu með þeim rökum, að hann sé ekki sjálfur aðili þessa máls, heldur sé það Dráttarbraut Akureyrar h/f, en það fyrirtæki sé eigandi v/s Atla E. A. 744 og hafi gert hann út á greindu tímabili. Skulu nú nánar rakin rök aðilja varðandi þessa mótbáru stefnda. Stefnandi hefur einkum byggt aðild stefnda á því, að vátryggingarskírteinið hljóði á nafn hans sjálfs, enda hafi hann ekki nefnt það, þegar hann bað um trygginguna, að skírteinið ætti að hljóða á nafn annars aðilja. Einnig hefur hann bent á, að fyrra skírteinið hafi einnig hljóðað á hans nafn. Telur stefnandi, að samkvæmt þessu hafi alltaf verið byggt á stefnda persónulega í þessu efni, enda hafi aldrei verið minnzt á Dráttarbraut Akureyrar h/f í þessu sambandi. Þórður Sveinsson, skrifstofumaður hjá stefnanda, sem annaðist um trygginguna og undirritaði skírteinið, hefur mætt sem vitni í málinu og hefur borið sem hér segir. Stefndi tók það ekki fram við vitnið, að hann væri sjálfur vátryggingartaki, en vitninu skildist, að hann bæði um alveg sams konar tryggingu og á dskj. nr. 6, þ. e. frá desember árinu áður, og að hann hafi ekki tekið fram um neinn sérstakan aðilja. Einnig tók vitnið fram, að hann hafi fengið skrifstofumanni stefnda í hendur frumrit af dskj. nr. 6 16. júlí 1948, þegar hann greiddi fyrir það og afborgun af skírteininu. Vitnið hefur borið, að það hafi vitað um það, að stefndi var framkvæmdastjóri fyrir Dráttarbraut Akureyrar h/f á þessu tímabili, en vissi, að hann rak líka útgerð, og áleit, að hún væri rekin af honum sjálfum, en ekki Dráttarbraut Akureyrar h/f. Vitnið kvaðst ekki hafa vitað, hver væri eigandi v/s Atla, en taldi það vera stefnda. Framburði þessum hefur verið mótmælt af stefnda sem röngum og vilhöllum. Aðiljaskýrsla hefur verið tekin af stefnda, og hefur hann borið sem hér segir. Hann lét þess ekki getið, að tryggja ætti á nafn Dráttarbrautar Akureyrar h/f, en sagðist hafa tekið það fram við skrifstofumanninn hjá Dráttarbrautinni, sem fór til að tryggja, að láta tryggja það, sem á dskj. nr. 2 getur, á v/s Atla. Einnig bar stefndi það, að Dráttarbraut Akureyrar h/f hefði greitt fyrir skírteinið á dskj. nr. 6. Aðspurður um það, hvort stefndi hefði gert nokkra athugasemd um, að dskj. nr. 6 væri stílað á hans nafn, sagði stefndi, að hann hefði ekki gert það vegna þess, að hann hefði sjálfur átt nótina og bátana, og tók það fram, að nót og bátar, er greinir á dskj. nr. 2, hafi verið eign Dráttarbrautar Akureyrar h/f, og að það séu aðrir hlutir en á dskj. nr. 6 greinir. Stefndi hefur ennfremur skýrt frá því, að gefnu tilefni frá stefnanda, að á síldarvertíðinni í Hvalfirði veturinn 1947—1948 hafi tveir menn, Þorsteinn Magnússon og Eiríkur Ágústsson, gert v/s Atla út ásamt Dráttarbrautinni, enda hafi hann gert sölusamning við fyrrgreinda menn um skipið, en þeir hafi síðan gengið frá kaupunum, og hafi Dráttarbraut Akureyrar h/f orðið að greiða útgerðarkostnaðinn.

Einnig hefur stefndi borið, að gefnu tilefni frá sama aðilja, að hann

hafi litið svo á, þegar síldarvertíðin byrjaði sumarið 1948, að kaupin væru gengin til baka og að hann hafi þrátt fyrir framangreindan sölusamning viljað f. h. Dráttarbrautar Akureyrar h/f gera skipið út á síld 1948. Skýrslu þessari er mótmælt, að því leyti sem hún fer í bág við það, sem fram hefur komið af hálfu stefnda, og vitnisburð Þórðar Sveinssonar.

Í málinu hefur stefnandi lagt fram kvittun á dskj. nr. 3, dags. 17. júlí 1948, frá stefnanda, stílaða á nafn stefnda, að upph. kr. 526.00, það er afborgun af tryggingarskírteininu á dskj. nr. 2, en stefndi minnist þess ekki að hafa fengið neina kvittun fyrir þessari upphæð, enda hafi skrifstofumaður hans útbúið sjálfur kvittun fyrir upphæðinni, og vitnið Þórður Sveinsson hefur borið, að ólíklegt sé, að stefnda hafi verið afhent samrit hennar, þar sem staðið hafi til, að hann greiddi eftirstöðvarnar á næstunni.

Auk þess, er að framan greinir, hefur stefnandi bent á það ómótmælt, að útgerð sé ekki á stefnuskrá Dráttarbrautar Akureyrar h/f, og hefur mótmælt því, að hann vissi til þess, að v/s Atli væri eign Dráttarbrautarinnar, og véfengdi það við flutning málsins, að Dráttarbrautin hafi gert skipið út á sumarsíldarvertíðinni 1948 vegna sölusamnings þess, er að framan greinir. Einnig hefur hann haldið því fram, að þegar stefndi sá, hvernig fyrra skírteinið var stílað, þá hefði hann átt að ganga úr skugga um, að það síðara væri ekki eins stílað. Loks hefur hann bent á, að sjóvátryggingarlögin geri ráð fyrir, að maður kaupi tryggingu í eigin nafni til hagsmuna fyrir þriðja mann.

Auk þess, sem að framan er tilgreint um aðiljaskýrslu stefnda, hefur hann byggt sýknukröfu sína vegna aðildarskorts á þessum atriðum. Hann telur sig hafa beðið um tryggingu fyrir v/s Atla, en ekki sjálfan sig, og þar sem Dráttarbraut Akureyrar h/f sé eigandi skipsins, en stefndi aðeins framkvæmdastjóri þess fyrirtækis, þá sé Dráttarbrautin, en eigi stefndi, skuldari að iðgjaldi því, er heimta á í máli þessu. Hefur hann haldið því fram, að það væri eingöngu þeim mistökum starfsmanns stefnanda, Þórðar Sveinssonar, að kenna, að stefnandi skyldi halda, að stefndi ætti v/s Atla, og að skírteinið væri þar af leiðandi stílað, svo sem raun er á, en ekki af því, að réttmætt traust hefði verið vakið hjá honum í þá átt. Þá hefur hann bent á það, að í Sjómannaalmanaki væri Dráttarbrautin skráð eigandi v/s Atla. Þá hefur stefndi, eins og að framan greinir, haldið því fram, að Dráttarbraut Akureyrar h/f hafi gert v/s Atla út sumarið 1948. Loks hefur stefndi haldið fram, að hann hafi hvorki fengið skírteinið á dskj. nr. 2 eða afrit af því, né heldur kvittunina á dskj. nr. 3, svo að hann hafi ekkert um það vitað, að skírteinið væri stílað á hans nafn, og þótt hann hefði eigi gert athugasemd, eftir að hann sá gamla skírteinið, þá leiddi það eigi til þess, að hann yrði skuldari. Samkvæmt þessum rökum hefur stefndi talið, að sannað væri, að hann hefði ekki keypt trygginguna í eigin nafni.

Eins og að framan er frá greint, er það viðurkennt af stefnda, að hann hafi aldrei tekið það fram, að tryggingin ætti að vera á nafn Dráttar-

brautarinnar. Hins vegar hefur stefnandi staðhæft, að honum hafi eigi verið kunnugt um, að Dráttarbraut Akureyrar h/f ætti v/s Atla.

Þykir með tilliti til þessa svo og annarra ástæðna, er fram hafa komið, að rétmætt hafi verið hjá stefnanda að byggja á því, að stefndi væri tryggingartaki, og verður sýknukrafa stefnda vegna aðildarskorts því eigi tekin til greina.

Samkvæmt þessu þykir rétt að taka kröfu stefnanda til greina að fullu ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 437.75 í málskostnað, eins og krafizt er.

Dómsorð:

Stefndi, Gunnar Jósefsson, Eyrarvegi 31, Akureyri, greiði Stefáni Árnasyni, umboðsmanni Almennra trygginga h/f f. h. félagsins kr. 1040.60 auk 6% ársvaxta frá 17. júlí 1948 til greiðsludags innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Stefndi greiði stefnanda kr. 437.75 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 25. september 1950.

Kærumálið nr. 9/1950.

Kaupfélag Verkamanna, Akureyri

gegn

Verkamannafélagi Akureyrarkaupstaðar og Verkakvennafélaginu Eining.

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og próf. Olafur Jóhannesson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Frávísunardómur kærður.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn kærða dóm.

Með kæru 15. júní þ. á., sem hingað barst 30. s. m., hefur

sóknaraðili kært til Hæstaréttar frávísunardóm bæjarþings Akureyrar, uppkveðinn 15. júní þ. á., í máli sóknaraðilja á hendur varnaraðiljum. Krefst sóknaraðili þess, að frávísunardómurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómarann að taka málið til meðferðar að efni til svo og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðiljar krefjast þess, að hinn kærði frávísunardómur verði staðfestur og að sóknaraðilja verði dæmt að greiða þeim kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Sóknaraðili gerði eigi án ástæðulauss dráttar reka að því að fylgja fram fyrir héraðsdómi dómkröfu þeirri, sem þangað var vísað með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 8. des. 1948, en hefur nú haft uppi kröfur um sama efni í máli því, er hér liggur fyrir og hann hefur höfðað til staðfestingar lögbannsgerð, er fram fór 9. maí þ. á. Þar sem svo stendur á, var mál það, sem vísað var heim í hérað með téðum hæstaréttardómi, niður fallið, sbr. lögjöfnun frá 1. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936, og var sóknaraðilja því rétt að höfða mál það, sem héraðsdómari hefur vísað frá dómi.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða dóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma varnaraðilja til að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 400.00.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Varnaraðiljar, Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar og Verkakvennafélagið Eining, greiði sóknaraðilja, Kaupfélagi Verkamanna, Akureyri, kr. 400.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 15. júní 1950.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 12. þ. m., hefur Kaupfélag Verkamanna, Akureyri, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 11. maí s. l. gegn Verkamannafélagi Akureyrarkaupstaðar og Verkakvennafélaginu Eining.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að staðfest verði lögbannsgerð, er fram fór hjá hinum stefndu 9. maí s. l. og var á þá leið, að lögbann skyldi lagt við því, að stefndu létu dansleiki fara fram á efri hæð hússins nr. 7 við Strandgötu, hér í bæ. Enn fremur krefst hann málskostnaðar bæði fyrir fógetaréttinum og í staðfestingarmáli þessu í einu lagi eftir framlögðum reikningi eða mati réttarins.

Stefndu hafa hins vegar krafizt þess, að staðfestingarmálinu væri vísað frá dómi, en til vara, að synjað verði um staðfestingu lögbannsins, og að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda.

Þá krefjast stefndu málskostnaðar eftir reikningi eða mati dómara, hvort sem málinu verður vísað frá dómi eða dæmt að efni til.

Stefnandi hefur krafizt þess, að frávísunarkröfunni verði hrundið og honum dæmdur málskostnaður.

Málavextir eru þeir, að með lögbannsbeiðni, dags. 14. apríl 1950, óskaði stefnandi eftir því, að lögbann yrði lagt við því, að stefndu létu dansleiki fara fram á efri hæð hússins nr. 7 við Strandgötu, hér í bæ, án leyfis stefnanda, en til vara var þess krafizt, að lögbann væri lagt við því, að dansleikir væru haldnir í húsinu af öðrum aðiljum en stefndu nema með leyfi stefnanda. Beiðni sína um lögbannið rökstuddi stefnandi á þá leið, að stefndu væri óheimilt að halda dansskemmtanir í húsinu, þar sem það færi í bága við ákvæði kaupsamnings frá 1930, svo og af því, að húsið, sem er gamalt timburhús, sé ekki það traust, að neðri hæðin þoli þann þunga og hristing, er stafar af dansandi fólki á efri hæð hússins, án þess að verða fyrir verulegum skemmdum. Skírskotar stefnandi þar til mats, er fram fór árið 1945, vegna málaferla, er þá urðu út af notkun hússins, og var á þá leið, að ýmsir annmarkar væru á því að nota húsið til dansleikja.

Með úrskurði uppkveðnum í fógetarétti Akureyrar 9. maí s. l. var orðið við beiðni gerðarbeiðanda og lögbann lagt við því, að stefndu í máli þessu létu dansleiki fara fram á efri hæð hússins.

Með stefnu útgefinni 13. sept. 1945 höfðaði stefnandi mál hér fyrir bæjarþinginu á hendur hinum stefndu félögum og hafði þá uppi sem þrautavarakröfu, að stefndu yrðu dæmdir til þess að fullnægja kaupsamningum frá 28. sept. 1930, að því er notkun hússins snertir, og að þeir væru dæmdir til þess að hætta öllum dansleikjum í húsinu og öðru því, sem háreysti er að á svefntíma fólks á nóttunni.

Í máli þessu var lagt dómsorð á þessa kröfu, en með hæstaréttardómi uppkveðnum 8. des. 1948 var dómur og málsmeðferð í héraði ómerkt frá þingfestingu og málinu vísað heim í hérað til meðferðar af nýju.

Við munnlegan flutning málsins hélt stefnandi því fram m. a., að mál þetta væri niður fallið vegna aðgerðarleysis stefnanda. Málflutnings-

maður stefndu mótmælti þessari skoðun og hélt því fram, að þar sem kröfu þessari hefði hvorki verið vísað frá dómi né málið hafið, stæði hún áfram óhögguð fyrir réttinum.

Ekki eru til nein bein lagafyrirmæli um það, hve langur tími megi líða frá því æðri dómur vísar máli heim í hérað til meðferðar af nýju, og þar til mál falli niður vegna aðgerðarleysis. Þar sem ástæður þær, sem lágu til grundvallar fyrri kröfu stefnanda, virðast ennþá vera óbreyttar, verður ekki talið, að aðgerðarleysi stefnanda eitt geti valdið því, að þingfest krafa hans falli niður.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, liggur hér fyrir réttinum þingfest krafa, sem inniheldur sams konar kröfu, sem stefnandi vill fá dómsviðurkenningu á í þessu máli. Er þetta andstætt 3. mgr. 104. gr. einkamálalaga nr. 85/1936.

Verður af þessum ástæðum ekki hjá því komizt að vísa málinu frá dómi. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá dómi.
Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 25. september 1950.

Kærumálið nr. 11/1950.

María Jóelsdóttir
gegn
Akureyrarkaupstað.

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Hrundið kröfu um frávísun máls frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Guðmundur Eggerz, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 4. júlí þ. á., sem hingað barst 19. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð uppkveðinn í fógetarétti Akureyrarkaupstaðar 3. júlí þ. á.,

þar sem kröfu sóknaraðilja um vísun málsins frá fógetaréttinum var hrundið. Krefst sóknaraðili þess hér fyrir dómi, að úrskurður fógetaréttarins verði felldur úr gildi og málinu vísað frá fógetaréttinum. Svo krefst hann og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur hvorki sent Hæstarétti kröfur né greinargerð í málinu.

Bæjarþingsdómur sá, sem um ræðir í úrskurði fógetaréttarins, lýtur að skyldu varnaraðilja til greiðslu útsvars á Akureyri árin 1944—1946, en skiptir alls engu um útsvarsskyldu hans þar árið 1948. Ber því að staðfesta úrskurð fógetaréttarins að niðurstöðu til.

Þar sem varnaraðili hefur engar kröfur gert í málinu, fellur kærumálskostnaður niður.

Víta ber fráleita kæru framangreinds úrskurðar til Hæstaréttar.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 3. júlí 1950.

Undir gerð þessari krefst gerðarbeiðandi, Björn Halldórsson héraðsdómslögmaður f. h. bæjarsjóðs Akureyrar, að lögtak verði gert hjá gerðarþola, Maríu Jóelsdóttur, Strandgötu 9 hér, fyrir útsvari frá árinu 1948 að upphæð kr. 1170.00 auk dráttarvaxta.

Gerðarþoli mótmælir því, að gerðin nái fram að ganga, af því að hún hafi aldrei átt heima á Akureyri. Og undir rekstri málsins hefur af hendi gerðarþola komið fram krafa um, að máli þessu verði vísað frá fógetaréttinum. Málsatvik eru þessi.

Hinn 24. febrúar 1947 gekk dómur hér í bæjarþinginu í máli bæjarsjóðs Akureyrar gegn gerðarþola, Maríu Jóelsdóttur. Var gerðarþoli í máli þessu krafin um útsvar til Akureyrarbæjar fyrir árin 1944, 1945 og 1946, að upphæð alls kr. 820.00 auk dráttarvaxta. Gerðarþoli var sýknuð í málinu, þar sem rétturinn taldi, að hún hefði ekki á umræddu tímabili átt lögheimili á Akureyri.

Gerðarþoli heldur nú fram, að útsvarskrafan undir gerð þessari sé enn sem fyrr reist á því, að hún sé heimilisföst á Akureyri, en að engar breytingar hafi orðið á búsetuhögum hennar.

Rétturinn tekur fram, að samkvæmt lögum um heimilisfang frá 23. júní 1936 komi fleira til greina í þessum málum um greiðslu útsvara en heim-

ilisfang, t. d. samkvæmt 8. gr. laganna, hvort líkur séu til, að gjöld þau, sem skattþegn á að greiða, hefðu orðið hærri í hreppi eða kaupstað kæranda en þar, sem kærði telur heimilisfang sitt. Loks vill rétturinn leggja áherzlu á, að það er nú upplýst, að gerðarþoli greiddi allt árið 1947 húsaleigu fyrir herbergi sitt hér á Akureyri, en í forsendum margnefnds dóms er talið, að hún hafi ekki haft á leigu húsnæði á Akureyri, er hún dvaldist í Skagafirði.

Rétturinn lítur svo á, að honum sé heimilt að taka til athugunar framangreind atriði og annað, áður en endanlegur úrskurður verður kveðinn upp í máli þessu.

Samkvæmt þessu verður frávísunarkrafa gerðarþola ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Atriðið var tekið til úrskurðar 30. f. m.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa gerðarþola verður ekki tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 29. september 1950.

Nr. 1/1950. **Ákæruvaldið** (Theódór B. Líndal)
gegn
Jóni Þorkelssyni og Óskari Þórðarsyni
(Egill Sigurgeirsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot gegn reglum um fjárfestingu.

Dómur Hæstaréttar.

Reglugerðarákvæði þau, sem til er vitnað í hinum áfrýjaða dómi, eiga stoð í 5. gr. laga nr. 70/1947. Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um sakfellingu ákærðu. Með tilliti til þess, að hér var um litla notkun efnis og vinnu að ræða, þykir refsing hvors hinna ákærðu

hæfilega ákveðin 900 króna sekt í ríkissjóð, og komi 7 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist. Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, 400 krónur til hvors.

Dómsorð:

Ákærðu, Jón Þorkelsson og Óskar Þórðarson, greiði hvor um sig 900 króna sekt í ríkissjóð, og komi 7 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Theódórs B. Líndals og Egils Sigurgeirssonar, 400 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 22. nóv. 1949.

Ár 1949, þriðjudaginn 22. nóvember, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4509—4510/1949: Valdstjórnin gegn Jóni Þorkelssyni og Óskari Þórðarsyni, sem tekið var til dóms 17. þ. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn kærðu fyrir brot gegn reglugerð nr. 82 31. júlí 1947 um fjárhagsráð, innflutningsverzlun, gjaldeyrismeðferð og verðlagseftirlit.

Kærðir eru Jón Þorkelsson verkstjóri og Óskar Þórðarson húsasmiður, báðir til heimilis Grenimel 8, hér í bæ. Þeir eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna. Hvorugur þeirra hefur fyrr verið kærður fyrir lagabrot.

Haustið 1948 kærði fjárhagsráð yfir því, að kærðu væru að byggja garð kringum húsið nr. 8 við Grenimel, en hús það eiga kærðu saman. Við athugun rannsóknarlögreglunnar kom í ljós, að byggingin var skammt á veg komin. Var búið að grafa niður sem undirstöðu 5 tunnur fylltar af steypu og slá upp mótum fyrir sökkul. Var síðan málinu ekki hreyft frekar, enda lofaði kærði Óskar, að garðurinn yrði ekki steyptur. Þrátt

fyrir loforð þetta steyptu kærðu garðinn upp nú á s. l. vori (10. júní). Af hálfu kærðu er því haldið fram, að auglýsing sú, sem fjárhagsráð gaf út 17. sept. 1947 um bann við byggingu bílskúra og garða, hafi ekki lagagildi sakir ónógrar birtingar. Nefnd auglýsing er gefin út með heimild í 11. gr. reglugerðar nr. 82 31. júlí 1947, sbr. reglugerð nr. 145 6. okt. 1948 um breytingu á þeirri reglugerð, og enda þótt hún hafi eigi verið birt í Stjórnartíðindum né Lögbirtingablaði og því ekki bindandi gagnvart manni, sem ókunnugt er um hana, á það ekki við um kærðu, sem báðir hafa viðurkennt við rannsókn málsins, að þeim hafi verið kunnugt um bann fjárhagsráðs við slíkum framkvæmdum, sem hér um ræðir.

Kærðu halda því fram, að þeir hafi notað einungis afgang af efni, sem þeir áttu eftir húsbygginguna til umræddra framkvæmda, en eigi leysir það þá heldur undan refsingu.

Ber því að ákveða kærðu refsingu samkvæmt 39. gr. reglugerðar nr. 82 31. júlí 1947, og þykir refsing hvors þeirra um sig hæfilega ákveðin 1200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað hvorrar sektar, verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns kærðu, Egils Sigurgeirssonar hrl., er ákveðast kr. 250.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærðu, Jón Þorkelsson og Óskar Þórðarson, greiði hvor um sig 1200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað hvorrar sektarinnar, verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærðu greiði in solidum allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 250.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 29. september 1950.

Nr. 147/1949. **Ákæruvaldið** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Boga Matthíassyni og
Ágústi Kristjáni Björnssyni
(Lárus Jóhannesson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot gegn áfengislögum og bifreiðalögum. Hlutdeild.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er upp kveðinn af Gunnari Þorsteinssyni, bæjarfógeta í Vestmannaeyjum.

Broti ákærða Boga Matthíassonar er rétt lýst í hinum áfrýjaða dómi. Auk refsiákvæða þeirra, er í héraðsdómi greinir, hefur ákærði Bogi gerzt sekur við 5. mgr. 26. gr. laga nr. 23/1941. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 15 daga varðhald. Refsidómur sá frá 6. september 1935, er vitnað er til í forsendum hins áfrýjaða dóms, hefur eigi ítrekunaráhrif, sbr. 71. gr. hegningarlaganna nr. 19/1940. Þykir rétt að svipta ákærða ökuleyfi um þriggja ára skeið.

Ákærði Ágúst Kristján Björnsson sá ákærða Boga Matthíasson neyta áfengis í þeim svifum, er hann léði honum bifreiðina. Ekki þykir samt sannað, að hann hafi þá séð áfengisáhrif á nefndum Boga. Hefur hann með þessari háttsemi sinni gerzt sekur um brot við 1. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941, sbr. lögjöfnun frá 22. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing ákærða Ágústs Kristjáns hæfilega ákveðin með vísun til 38. gr. bifreiðalaganna nr. 23/1941 og með hliðsjón af lögum nr. 14/1948 kr. 1000.00 sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 8 daga varðhald, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar staðfestast.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma ákærðu til að

greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Það þykir athugavert, að ekki var látin fara fram blóðrannsókn á ákærða Boga Matthíassyni.

Dómsorð:

Ákærði Bogi Matthíasson sæti varðhaldi 15 daga. Hann skal sviptur bifreiðarstjóraréttindum þrjú ár.

Ákærði Ágúst Kristján Björnsson greiði kr. 1000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar 8 daga varðhald, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestast.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 15. ágúst 1949.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 13. þ. m., er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Boga Matthíassyni vélstjóra, til heimilis að Hásteinsveg 24, Vestmannaeyjum, fyrir meint brot gegn bifreiðalögunum nr. 23/1941, áfengislögunum nr. 33/1935, umferðarlögunum nr. 24/1941 og lögreglusamþykkt Vestmannaeyjakaupstaðar frá 1928 til refsingar, sviptingar ökuleyfis og til greiðslu sakarkostnaðar, og gegn Ágúst Kristjáni Björnssyni verkstjóra, til heimilis á Helgafellsbraut 1 í Vestmannaeyjum, fyrir meint brot gegn 23. gr. bifreiðalaganna til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Kærði Bogi Matthíasson er fæddur 28. sept. 1912 í Vestmannaeyjum og hefur, svo að kunnugt sé, sætt áður refsingu, kr. 150.00 sekt, fyrir bifreiðaakstur undir áhrifum áfengis.

Atvik málsins eru eftirfarandi samkvæmt því, sem upplýst er með játningu kærðu og öðrum gögnum:

Að kvöldi dags þann 29. júlí s. l., kl. rétt fyrir 8, var Steinn nokkur

Ingvarsson staddur í verzlun Jakobs Ólafssonar við Bárugötu hér í kaupstaðnum.

Heyrði þá Steinn hljóð utan frá, sem bentu til, að bifreiðaárekstur hefði orðið. Fór hann þegar að huga að þessu og hljóp í því skyni út í dyrnar á verzluninni. Sá hann þá, hvar rauðri vörubifreið var ekið niður Bárugötuna, og dró hún á eftir sér rafmagnsvír. Var bifreiðinni ekið niður (norður) Bárugötu, og hvarf hún sjónum vitnisins, er henni var ekið austur Strandveg.

Ekki tókst Steini, sem borið hefur vætti í máli þessu, að sjá í þetta sinn skrásetningarbókstaf eða tölu bifreiðarinnar. Skömmu síðar var sömu bifreið, sem reyndist vera vörubifreiðin V 62, ekið vestur Strandveg. Er bifreiðin stöðvaðist sem snöggvast á Strandvegi, fór fyrrgreint vitni að huga að, hver stjórnaði henni, og reyndist Alfons nokkur Björgvinsson þá vera við stýri bifreiðarinnar. Hann skýrði hins vegar vitninu frá því, að hann hefði þá rétt áður verið að taka við bifreiðinni, og neitaði þar um spurður, að hann hefði valdið árekstri með bifreiðinni. Hins vegar viðurkenndi Alfons, að bifreiðin hefði lent þá nýlega í árekstri, þar sem eitt ljósker hennar hefði brotnað.

Þó að vitnið Steinn Ingvarsson sæi ekki, að bifreiðin lenti á rafmagnsljósstaur, sem stóð skammt frá húsinu nr. 16 við Bárugötu (Fagradal), ályktaði það, að svo hefði verið, bæði vegna hávaðans (skruðningsins), sem vitnið heyrði inni í verzlun Jakobs, sem og er það sá bifreiðina draga rafmagnsvír á eftir sér nokkra leið niður Bárugötu. Gerði vitnið árangurslausa tilraun til þess að stöðva bifreiðina, er hún ók framhjá fyrrgreindri verzlun. Þegar hér var komið, tilkynnti vitnið á rafmagnsstöðinni, hvað skeð hefði. Einnig tilkynnti vitnið lögreglunni, hvað skeð hefði, og fóru þeir Stefán Árnason og Pétur Stefánsson, lögregluþjónar, þegar á vettvang bæði til þess að athuga verksummerki varðandi staurbrotið og finna þann, sem ekið hefði bifreiðinni í umrætt sinn. Samkvæmt því, sem upp er komið í málinu, fengu lögregluþjónarnir tilkynningu vitnisins kl. 19.55 þann 29. júlí s. l. Lögregluþjónarnir komust fljótlega að því, að kærði Bogi hafði ekið bifreiðinni, er árekturinn varð. Er kærði var yfirheyrður mánudaginn 1. þ. m., viðurkenndi hann að hafa ekið bifreiðinni V 62 fyrrgreint kvöld og að hafa verið valdur að árekstri á rafmagnsljósastaur við húsið Fagradal við Bárugötu með þeirri afleiðingu, að staurinn hafi brotnað. Samkvæmt réttarskýrslu kærða var hann, er þessir atburðir gerðust, á leið að heiman frá sér, Hásteinsvegi 24, og niður að íshúsi Ísfélags Vestmannaeyja h/f við Strandveg, en þar vinnur kærði. Skýrði kærði svo frá fyrir rétti, að hann hefði sama kvöld og árekturinn varð drukkið ásamt öðrum manni slatta úr ákavítisflösku. Taldi hann sig hafa neytt áfengisins niður í íshúsi Ísfélags Vestmannaeyja h/f þá um kvöldið utan vinnutíma, en strax á eftir ekið bifreiðinni heim til sín, en síðan fljótlega eða nær strax aftur þaðan og niður í íshús.

Kveðst hann hafa ekið austur Hásteinsveg, er hann fór að heiman, og niður Skólaveg, en síðan austur Vestmannabraut og beygt þaðan niður í Bárugötu.

Þar um aðspurður taldi kærði sig ekki muna, með hverjum hann drakk áfengið í umrætt skipti, og hefur því eigi reynzt mögulegt að fá upplýst, hversu mikils áfengismagns kærði neytti í umrætt skipti.

Kærði hefur hins vegar viðurkennt að hafa verið undir áhrifum áfengis, og virðist akstur hans og minnisleysi um einstök atriði í sambandi við aksturinn fyllilega styðja þá skýrslu kærða. Þannig hefur kærði t. d. samkvæmt eigin játningu ekið ranglega niður í Bárugötu af Vestmannabraut, eða í breiðum boga í stað þess að aka krappa beygju til vinstri niður götuna, sbr. dómskjal nr. 2, sem kærði hefur viðurkennt, að sýndi rétta leið, sem bifreið hans var ekið fyrir horn Vestmannabrautar og Bárugötu.

Þá er og upp komið í málinu, að kærði mundi ekki eftir, með hverjum hann neytti áfengis umrætt kvöld. Hann kveðst ekki geta gert sér fyllilega grein fyrir akstri sínum niður (norður) Bárugötu. Ekki varð hann var þess, að rafmagnsvír hafi hangið aftan í bifreið hans eftir áreksturinn á staurinn, og ekki kveðst hann heldur hafa orðið þess var, er honum var gefið merki að stöðva bifreiðina eftir áreksturinn. Þessi athyglisskortur og minnisleysi kærða virðist benda eindregið til þess, að hann hafi verið allmjög undir áhrifum áfengis, er áreksturinn varð.

Við fall ljósastaursins eftir árekstur bifreiðar kærða á hann lenti staurinn á húsinu nr. 16 við Bárugötu og laskaði lítils háttar tvær bárujárnsplötur á því. Eftir að kærði hafði valdið fyrrgreindum skemmdum, hélt hann akstrinum áfram norður Bárugötu og síðan austur Strandveg að húsi Ísfélags Vestmannaeyja h/f.

Lögregluþjónarnir báðir bera það samhljóða, að kærði hafi verið áberandi ölvaður, er þeir hittu hann, skömmu eftir að áreksturinn varð, eða ca 10—15 mínútum síðar. Vitnið Stefán Árnason hefur borið fyrir rétti, að það hafi greinilega merkt ölvunareinkenni á kærða, t. d. hafi hann verið mjög flaumósa, daufur til augnanna, óstyrkur í hreyfingum og yfirleitt borið öll einkenni ölvunar. Einnig fann vitnið greinilega vínlykt af kærða.

Vitnið Pétur Stefánsson segir einnig, að kærði hafi verið að þess dómi áberandi ölvaður, er þeir Stefán Árnason hittu hann umrætt kvöld. Segir vitnið, að kærði hafi verið daufari til augnanna og linmæltari en venjulega.

Loks hefur vitnið Ágúst Kristján Björnsson, verkstjóri hjá Ísfélagi Vestmannaeyja h/f, borið það fyrir rétti, að kærði hafi ekki verið starfhæfur vegna ölvunar, er hann kom til vinnu í íshúsið, eftir að hafa ekið á ljósastaurinn, og hafi hann því orðið að víkja honum frá starfi um stundarsakir og fá annan vélgæzlumann í stað kærða.

Kærði hefur undir rekstri málsins undirgengizt að greiða skaðabótakröfur, kr. 224.00 til rafmagnsveitunnar vegna tjóns á rafmagnsleiðslu og ljósastaur og kr. 50.00 til Sigurfinns Einarssonar, eiganda Bárugötu 16, vegna tjóns, er varð á húsi hans við fall staursins á það. Í réttarhaldi hinn 10. þ. m. hefur mættur undirgengizt að greiða báðar fjárhæðir þessar

fyrir 1. sept. n. k. Dómur verður því eigi lagður á þessar skaðabótakröfur, enda þess ekki krafizt vegna greiðsluloforða kærða.

Kærði hefur með framanlýstu framferði sínu að aka bifreið undir áhrifum áfengis gerzt brotlegur við fyrirmæli 23. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 16. júní 1941 og 21. gr. áfengislaga nr. 33 frá 9. jan. 1935 og 4. gr., 2. mgr., umferðarlaga nr. 24 frá 16. júní 1941. Enn fremur hefur hann brotið í bága við fyrirmæli 6. gr. umferðarlaganna með því að aka ekki á vinstra helmingi akbrautar Bárugötu, er hann fyrst ók inn í þá götu, og loks virðist hann hafa brotið í bága við 49. gr. lögreglusamþykktar Vestmannaeyjakaupstaðar nr. 41 frá 31. marz 1928 og 4. gr., 5. og 6. mgr., umferðarlaganna með því að aka bifreið sinni á meiri hraða en heimilað er í 49. gr. lögreglusamþykktarinnar, sem er 18 km á klst., en kærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreið sinni á 25 km hraða í umrætt sinn, enda er í ljós leitt, að kærði hefur ekki haft fullt vald á bifreiðinni og eigi getað stöðvað hana snögglega, svo sem lögskylt er, samkvæmt 4. gr., 5. og 6. mgr., umferðarlaganna.

Samdægurs, eða hinn 1. þ. m., er kærði hafði viðurkennt, að hafa ekið bifreið undir áhrifum víns, var hann sviptur ökuleyfi til bráðabirgða, og afhenti hann að loknu réttarhaldi lögreglunni ökuskírteini sitt, sem er útgefið af lögreglustjóranum í Vestmannaeyjum hinn 7. apríl 1936. Kærði hafði vanefnt að láta endurnýja skírteinið frá útgáfudegi þess, og er því skírteinið eigi nú í gildi.

Með þessu hefur kærði brotið í bága við 20. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna.

Með tilliti til alls þessa þykir refsing kærða hæfilega ákveðin 12 daga varðhald samkvæmt 38. gr. bifreiðalaganna, 39. gr. áfengislaganna, 14. gr. umferðarlaganna og 84. gr. lögreglusamþykktar Vestmannaeyjakaupstaðar.

Kærði hefur samkvæmt framlögðu hegningarvottorði úr hegningarskrá Vestmannaeyja verið dæmdur þann 6/9 1935 í 150.00 kr. sekt fyrir að aka bifreið undir áhrifum áfengis. Þar sem kærði hafði þá eigi öðlazt ökuréttindi, var hann eigi sviptur þeim, og eigi heldur var hann þá sviptur rétti til þess að öðlast ökuréttindi um ákveðið tímabil, þar sem eigi voru í þágildandi bifreiðalögum eða öðrum lögum nein ákvæði þar að lútandi.

Þar sem rétturinn telur ökuleyfissviptingu ekki refsingu í lagaskilningi, heldur öryggisráðstöfun, lítur rétturinn svo á, að enda þótt nær 14 ár séu liðin frá því, að kærði var dæmdur í refsingu fyrir ölvun við bifreiðarakstur, verði ekki hjá því komizt með tilvísun til 21. gr. áfengislaganna og 39. gr. bifreiðalaganna að svipta kærða ökuréttindum ævilangt. Rétt þykir, að kærði greiði kostnað sakarinnar in solidum með kærða Ágúst Kristjáni Björnssyni.

Kærði Ágúst Kristján Björnsson er fæddur 9/11 1916 í Vestmannaeyjum og hefur ekki, svo að vitað sé, áður sætt ákæru né refsingu.

Samkvæmt eigin játningu kærða fyrir rétti þann 3. og 13. þ. m. hefur hann viðurkennt, að hann hafi sér meðvitandi um áfengisneyzlu og

áfengisáhrif kærða Boga Matthíassonar látið honum í té afnot bifreiðarinnar V 62 að kvöldi 29. f. m.

Skýrir kærði þannig frá því í réttarhaldi þann 3. þ. m., að kærði Bogi hafi „verið meira ölvaður", er hann kom frá akstri bifreiðarinnar umrætt kvöld, en þegar hann fékk bifreiðina lánaða hjá kærða Kristjáni. Er þessi skýrsla kærða í samræmi við skýrslu kærða Boga um áfengisneyzlu hans fyrir aksturinn og framburði lögreglunnar um áfengisáhrif kærða Boga eftir aksturinn.

Ber að áliti réttarins að heimfæra þessa háttsemi kærða undir 23. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941. Þykir refsing kærða fyrir þetta brot hans hæfilega ákveðin með vísun til 38. gr. bifreiðalaganna og með hliðsjón af lögum nr. 14 frá 1948 kr. 600.00 sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar 10 daga varðhald, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Rétt þykir, að kærði greiði kostnað sakarinnar in solidum með Boga Matthíassyni.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Kærði Bogi Matthíasson sæti varðhaldi í 12 daga.

Kærði Ágúst Kristján Björnsson greiði kr. 600.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar 10 daga varðhald, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Kærði Bogi Matthíasson skal sviptur bifreiðarstjóraréttindum ævilangt.

Kærðu greiði allan kostnað sakarinnar in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 29. september 1950.

Nr. 79/1950. **Gunnlaugur B. Melsted**
gegn
Steinþóri Guðmundssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gunnlaugur B. Melsted, sem ekki sækir dómþing í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 2. október 1950.

Nr. 65/1950. **Ríkissjóður** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Vestur-Barðastrandarsýslu (Einar Arnórsson).

Setudómarar prof. Ólafur Lárusson og prof. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Um rétt sýslufélags til hluta af stríðsgróðaskatti.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 12. maí 1950, hefur gert þær réttarkröfur *aðallega* að verða sýknaður af öllum kröfum stefnda í málinu. *Til vara* krefst hann þess, að sér verði aðeins gert að greiða stefnda kr. 6332.09, en *til þrautavara* kr. 31342.75. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi hefur krafizt staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Í málinu eru ekki fram komnar ástæður, er nægi til þess, að vikið sé um þá skiptingu stríðsgróðaskatts, er hér ræðir um, frá berum og skýrum ákvæðum laga um stríðsgróðaskatt, lögum nr. 10/1941 og lögum nr. 21/1942. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, ríkissjóður, greiði stefnda, Vestur-Barðastrandarsýslu, kr. 3000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. febr. 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. þ. m., hefur Jóhann Skaptason, sýslumaður Barðastrandarsýslu, f. h. Vestur-Barðastrandarsýslu höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 31. maí s. l. gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 85084.22 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómara.

Við munnlegan flutning málsins hækkaði stefnandi með samþykki stefnda fjárhæð stefnukröfunnar um kr. 100.00, eða í kr. 85184.22.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar, en *til vara*, að honum verði einungis gert að greiða stefnanda kr. 6332.09 og að málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Í 3. gr. laga nr. 21 frá 1942 um stríðsgróðaskatt segir svo: Ríkissjóður greiðir 5% — fimm af hundraði — af stríðsgróðaskatti, sem innheimtur er eftir lögum þessum, til sýslufélaga og þeirra bæjarfélaga, er engan skatt fá samkvæmt 2. gr. Fé þessu skal skipt í hlutfalli við þann tekjuskatt, sem til fellur í viðkomandi sýslu- og bæjarfélögum. Í 3. gr. laga nr. 10 frá 1941, sem felld voru úr gildi með lögum þessum, var samhljóða ákvæði að öðru leyti en því, að ríkissjóði bar þá að greiða sex af hundraði. Ríkissjóður greiddi stefnanda árin 1941—1946 að báðum árum meðtöldum sem hennar hluta í skatti þessum, svo sem hér segir:

Árið 1941	kr.	1953.86
— 1942	—	123724.81
— 1943	—	73137.75
— 1944	—	28681.52
— 1945	—	59383.34
— 1946	—	43115.10
Samtals	kr.	329996.38

Stefnandi telur hins vegar, að ekki hafi verið að lögum farið við úthlutun fjárins nema árið 1942, og eigi hlutur hennar í skattinum fyrir sömu ár að nema sem hér segir:

Árið 1941	kr.	28900.99
— 1942	—	123724.81
— 1943	—	97164.28
— 1944	—	39015.97
— 1945	—	73259.45
— 1946 (áætlað)	—	53115.10
Samtals	kr.	415180.60

Nemur mismunur á fjárhæðum þessum upphæð þeirri, sem stefnandi krefur í máli þessu.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að fyrrnefnd lög um stríðsgróða-

skatt séu svo ónákvæm, að það hafi beinlínis verið tilætlun löggjafans, enda nauðsynlegt, að lögin skyldu framkvæmd á þann hátt, að því er varði skiptingu fjárins, að sem réttlátastur jöfnuður fengist. Þar eð stefndi telur sig þannig hafa haft mjög óbundnar hendur í sambandi við framkvæmd laganna, kveður hann skiptingu stríðsgróðaskattsins fyrir árið 1941 hafa verið á þann veg, að þau bæjarfélög, þar sem einungis um óverulegan stríðsgróðaskatt var að ræða, voru ekki útilokuð frá hlutdeild í skiptingu skattsins samkvæmt 3. gr. Hins vegar var tekjuskattur í hreppum þeim, þar sem á var lagður stríðsgróðaskattur, ekki látinn hafa áhrif á skiptingu skattsins innbyrðis. Þannig hafi t. d. tekjuskatts í Patrekshreppi ekki gætt, er hluti stefnanda í stríðsgróðaskattinum var ákveðinn. Þá segir stefndi, að ný ríkisstjórn hafi verið setzt að völdum, er skattinum fyrir árið 1942 var skipt. Hafði hún talið, að taka bæri tillit til tekjuskatts í þeim hreppum, þar sem á varð lagður stríðsgróðaskattur, er reikna skyldi hlutdeild hvers sýslufélags í skattinum. Á þessu ári hafi ekkert bæjarfélag hlotið „óverulegan stríðsgróðaskatt", og hafi því einungis eitt bæjarfélag, sem engan stríðsgróðaskatt hafði, verið talið hlutgengt við skiptingu skattsins.

Er skattinum fyrir árið 1943 var skipt, segir stefndi, að enn ein ríkisstjórn hafi verið tekin við völdum. Hafi hún talið, að tilgangi 3. gr. nefndra laga væri betur náð með því að láta bæjarfélögin fá hlutdeild í skiptingu skattsins, þannig að þau bæru ætíð svo mikið úr býtum, að næmi því, er þau ættu að fá, ef enginn stríðsgróðaskattur hefði þar verið á lagður. Að öðru leyti hafi verið skipt á sama hátt og árið 1942 og síðan eftir þessum sömu reglum.

Telur stefndi, að samkvæmt framansögðu sé skipting skattsins svo verulegt framkvæmdaratriði, að stefnandi sé við skiptingu þessa bundin, en það leiði þá til sýknu í málinu.

Verði hins vegar talið, að frá upphafi hafi átt að skipta skattinum, eins og skipt hefur verið frá og með árinu 1943, hafi stefnandi átt að fá árið 1941 kr. 33296.61 og árið 1942 kr. 98714.15, eða samtals kr. 132010.76. Stefnandi hafi hins vegar fengið árið 1941 kr. 1953.86 og árið 1942 kr. 123724.81, eða samtals kr. 125678.67. Beri stefnanda því réttur til mismunar þessara fjárhæða, kr. 6332.09, og er varakrafan við það miðuð.

Eins og að framan getur, á samkvæmt lögum nr. 21 frá 1942 að skipta hluta af stríðsgróðaskattinum milli sýslufélaga og þeirra bæjarfélaga, er engan skatt fá samkvæmt 2. gr. laganna, og skal fénu skipt í hlutfalli við þann tekjuskatt, sem til fellur í félögunum. Í 2. gr. laganna segir, að ríkissjóður greiði hlutaðeigandi sveitarfélagi 45 af hundraði af þeim stríðsgróðaskatti, sem þar er á lagður og innheimtur. Sams konar ákvæði var í 2. gr. laga nr. 10 frá 1941, að því fráskildu, að þar skyldi greiða 40 af hundraði. Ekki verður séð, hvorki af lagaákvæðum þessum né greinargerðum að lagafrumvörpunum, að það hafi verið tilætlan löggjafans, að bæjarfélög skyldu vera hlutgeng í skiptingu skattsins samkvæmt 3. gr. laganna, ef þau fengju skatt samkvæmt 2. gr. þeirra, enda þótt sá skattur kynni einungis að nema lítilli fjárhæð. Er því ekki hægt að taka kröfur

stefnda til greina. Þá verður ekki heldur séð, að heimilt hafi verið við skiptingu skattsins að ganga fram hjá tekjuskatti þeirra hreppa, sem stríðsgróðaskatt höfðu, þar eð tekið er fram í 3. gr., að fénu skuli skipt í hlutfalli við þann tekjuskatt, sem tilfellur í viðkomandi sýslufélögum, án þess að nokkuð sé þar undanskilið. Verður því að fallast á með stefnanda, að einungis hafi verið farið að lögum við úthlutun skattsins fyrir árið 1942, og ber því að taka kröfu stefnanda til greina, enda hafa fjárhæðirnar ekki sætt andmælum.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 5000.00.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Vestur-Barðastrandarsýslu, kr. 85184.22 með 6% ársvöxtum frá 31. maí 1949 til greiðsludags og kr. 5000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. október 1950.

Nr. 100/1949. **Ásgrímur P. Lúðvíksson**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Sigrúnu Pétursdóttur (Guttormur Erlendsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Útburðarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. júní 1949, gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburð þann, sem krafizt er. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Hér fyrir dómi hefur verið lagt fram endurrit af lögregluransókn út af grun um, að fjárhættuspil hafi farið fram í híbýlum stefnda veturinn 1947—1948. Við rannsókn þessa hefur stefndi viðurkennt, að þangað hafi komið ýmsir menn, einkum í febrúarmánuði þenna vetur, og setið þar að fjárhættuspili með hennar vitund. Kveðst hún hafa leyft þeim þetta gegn því, að þeir keyptu af henni ýmsar veitingar, er hún segist hafa selt þeim við venjulegu verði. En ekki hefur stefndi veitingaleyfi. Þá hafa mörg vitni komið fyrir dóm, sem hafa kannazt við að hafa setið þarna að fjárhættuspili, sum oftsinnis, og hafa þau talið, að þar hafi hverjum sem vildi verið heimilt að koma og taka þátt í spilum þessum, er setið hafi verið við fram eftir öllum nóttum. Tap og gróði einstakra spilamanna hafi numið hundruðum og jafnvel á annað þúsund krónum á nóttu. Einstaka vitni hafa borið, að stefndi eða sambýlismaður hennar hafi fengið allháar fjárhæðir í sinn hlut, en ekki hefur vætti þeirra verið borið undir stefnda.

Með því að láta slíkt athæfi, sem hér að framan er lýst, fara fram í híbýlum sínum, þykir stefndi hafa brotið svo gegn skyldum sínum sem leigutaki, að varða beri missi leiguréttarins. Ber því að taka útburðarkröfu áfrýjanda til greina.

Þegar litið er til þess, að áfrýjandi færði eigi í héraði fram nein gögn fyrir þeirri málsástæðu, sem að framan er rakin, þykir málskostnaður fyrir fógetarétti eiga að falla niður. Eftir atvikum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í Hæstarétti, kr. 1200.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og ber fógeta að framkvæma útburð þann, sem krafizt er.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms staðfestist.

Stefndi, Sigrún Pétursdóttir, greiði áfrýjanda, Ásgrími P. Lúðvíkssyni, kr. 1200.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 21. maí 1949.

Í máli þessu hefur gerðarbeiðandi, Ásgrímur P. Lúðvíksson, Mímisvegi 2, krafizt þess, að gerðarþoli, Sigrún Pétursdóttir, verði borin út úr húsnæði því, sem hún hefur haft á leigu í húsi gerðarbeiðanda nr. 2 við Bergstaðastræti. Gerðarbeiðandi hefur einnig krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarþola.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar og krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda.

Aðiljar lögðu málið undir úrskurð fógetaréttarins að loknum munnlegum flutningi hinn 10. þ. mán.

Gerðarþoli, Sigrún Pétursdóttir, hefur undanfarið haft á leigu íbúð á 1. hæð og rishæð hússins nr. 2 við Bergstaðastræti, eign gerðarbeiðanda, Ásgríms P. Lúðvíkssonar.

Gerðarbeiðandi ritar húsaleigunefndinni í Reykjavík hinn 27. janúar s. l. og krefst þess, að gerðarþola verði gert að rýma húsnæði þetta vegna þess, að sér verði að teljast verulega óþægilegt að hafa hana í húsinu áfram. Úrskurður húsaleigunefndar gekk hinn 26. febrúar s. l., og taldi nefndin kröfur gerðarbeiðanda á rökum reistar, og var gerðarþola gert að rýma húsnæðið.

Þar sem gerðarþoli hafði úrskurð þenna að engu, ritar gerðarbeiðandi fógetarétti Reykjavíkur hinn 7. marz s. l. og krefst þess, að gerðarþoli verði borinn út úr nefndu leiguhúsnæði ásamt öllu, er henni fylgir. Byggist þessi krafa á því, að framkoma gerðarþola og sambýlismanns hennar, Þorleifs Benedikts Þorgrímssonar, sé slík, að ekki verði við unað.

Gerðarbeiðandi skýrir svo frá, að gerðarþoli og Þorleifur hafi nú lengi ofsótt einn leigjanda hússins, Kristínu Björnsdóttur, á einn og annan hátt, bæði með líkamsárásum og gert henni erfitt fyrir á ýmsan annan hátt, svo að til vandræða horfi.

Þá hafi þau einnig sýnt sér ýmsan annan mótgang bæði í orði og verki, og verði ekki lengur við það unað. Gerðarbeiðandi kveðst hafa unnið að því sumarið 1948 að setja nýtt þak á húsið Bergstaðastræti 2, og hafi gerðarþoli og sambýlismaður hennar gert sér erfitt fyrir um það á ýmsan hátt. Þau hafi ausið sig skömmum og meiðyrðum, hindrað það, að hann fengi aðgang að húsinu, jafnvel með því að kalla á lögreglu, skammað og svívirt starfsmenn gerðarbeiðanda og jafnvel gert þeim illmögulegt að standa að verkinu. Þá kveðst gerðarbeiðandi hafa farið inn í íbúð gerðarþola hinn 15. júlí 1948 og tekið þaðan kolaeldavél, þar sem ekkert gagn hafi verið að henni og einnig vegna eldhættu. Um leið hafi bilaður reykháfur verið tekinn niður. Gerðarþoli hafði brugðizt illa við þessu og kallað á lögreglu. Að kveldi hins 28. september 1948 kveðst gerðarbeiðandi hafa haft tal af gerðarþola og spurt hana, hverjum hún hefði framleigt eitt af herbergjum íbúðarinnar, en gerðarþoli hafi skellt aftur hurðinni og látið fúkyrði dynja á sér. Daginn eftir hafi gerðarþoli svo kært sig vegna þessa.

Gerðarbeiðandi skýrir enn fremur svo frá, að hann hafi hinn 19. maí

1948 farið við þriðja mann inn í íbúð gerðarþola án hennar samþykkis og byrjað að rífa þar niður skilrúm. Kveðst gerðarbeiðandi við þetta tækifæri hafa fengið hinar verstu viðtökur af hendi gerðarþola og Þorleifs Ben. Þorgrímssonar, hafi þau nefnt sig öllum illum nöfnum og gerðarþoli hafi slegið sig í höfuðið með rennblautu pilsi.

Þá skýrir gerðarbeiðandi enn fremur svo frá, að alls konar óregla, fjárhættuspil, drykkjuskapur, áflog og háreysti eigi sér oftlega stað á heimili gerðarþola, og sé að því hinn mesti ófögnuður. Einnig gangi gerðarþoli sóðalega um íbúðina. Gerðarbeiðandi kveðst hafa tekið niður skilrúm að geymslu gerðarþola í kjallara hússins og hafi þá komið í ljós, að geymslan var illa um gengin og á gólfi hennar hafi verið talsvert af fúlu vatni.

Útburðarkrafa gerðarbeiðanda byggist á atriðum þeim, sem að framan eru talin.

Gerðarþoli mótmælir framgangi hinnar umbeðnu gerðar. Mótmælir hún því, að Kristínu Björnsdóttur hafi verið sýndur neins konar yfirgangur. Þá mótmælir hún því og, að gerðarbeiðandi eða samstarfsmenn hans hafi verið beittir neinum slíkum harðræðum, að útburði geti valdið, en að undangengnum þeim atburðum, sem áttu sér stað þarna í húsinu hinn 19. maí 1948 og að framan er lýst, telur hún sér síðan óskylt að leyfa gerðarbeiðanda aðgang að húsnæðinu, þar sem gerðarbeiðandi hafi þá vaðið inn í íbúðina og framið þar hervirki. Þá hafi gerðarbeiðandi einnig rifið kolaeldavél úr eldhúsi og tekið niður reykháf, og kveður gerðarþoli allt þetta hafa verið gert í fullkominni óþökk sinni. Þá mótmælir gerðarþoli því, að neins konar hávaði eða ónæði stafi frá veru sinni í húsinu eða að þar sé sóðalega um gengið.

Ofannefnd Kristín Björnsdóttir, sem hefur mætt sem vitni í máli þessu, býr ásamt 8 ára dóttur sinni í útbyggingu við húsið Bergstaðastræti 2, og er timburskilrúm á milli. Hún skýrir svo frá, að svo mikill hávaði stafi frá íbúð gerðarþola, iðulega að næturþeli, að óþolandi sé með öllu. Hún kveður gerðarþola og Þorleif Ben. Þorgrímsson hafa komið þannig fram við sig, að ekki verði við unað, bæði hafi þau oftlega hrakyrt sig og jafnvel hafi komið fyrir, að þau hafi ráðizt á sig með líkamlegu ofbeldi. Eitt sinn á árinu 1942 hafi Þorleifur slegið til sín með hníf í hendi, fleygt þvotti vitnisins á gólfið og haft í frammi grófustu skammir og meiðyrði. Hafi Þorleifur fengið dóm fyrir þetta framferði. Kveðst Kristín ekki hafa getað notað þvottahúsið eftir þetta, enda gangi gerðarþoli fjarska illa um það. Þá kveðst Kristín hafa þurft að ganga til salernis hinn 25. janúar s. l., en hún hefur til afnota sama salerni og gerðarþoli. Við þetta tækifæri hafi gerðarþoli ráðizt á sig, klórað sig í framan og dregið á hárinu fram og aftur um ganginn, en Þorleifur hafi staðið hjá og hrækt oft í andlit sér. Þá skýrir Kristín enn fremur svo frá, að dóttir sín 8 ára megi varla um frjálst höfuð strjúka fyrir illyrðum og hótunum Þorleifs, og sé barnið orðið taugaveiklað af þessu.

Vitnið Sigsteinn Sigurbergsson, sem hefur verið við iðnnám á verkstæði gerðarbeiðanda, kveðst hafa unnið að því ásamt gerðarbeiðanda að setja nýtt þak á húsið nr. 2 við Bergstaðastræti og taka niður kolaeldavél.

Einnig kveðst hann hafa verið í fylgd með gerðarbeiðanda, er hann fór að grennslast fyrir um framleigutaka gerðarþola. Skýrir Sigsteinn frá atburðum mjög á sama veg og gerðarbeiðandi. Bragi Sigurbergsson, sem einnig vann að því að setja nýtt þak á húsið, hefur mætt hér í réttinum sem vitni og gefið um það skýrslu, sem gengur í sömu átt og frásögn gerðarbeiðanda.

Vitnið Edvard Lövdal og Sigsteinn Sigurbergsson hafa borið það hér fyrir réttinum, að geymslukompa gerðarþola í kjallara hafi verið sóðalega um gengin og á gólfi hennar hafi verið talsvert af vatnssulli, er ódaun lagði af.

Vitnið Garðar Gíslason, sem kveðst koma iðulega í híbýli Kristínar Björnsdóttur á Bergstaðastræti 2, kveðst hafa orðið var við slæma framkomu Þorleifs Ben. Þorgrímssonar gagnvart Kristínu, einnig kveðst hann hafa heyrt mikinn hávaða og drykkjulæti frá íbúð gerðarþola, og eitt sinn hafi Þorleifur slegið svo harkalega í þilið sín megin, að lampi, er hékk á vegg inni hjá Kristínu, hafi hrokkið niður. Framburður vitnisins Elíasar Eggertssonar hnígur í sömu átt.

Vitnið Gunnar Júlíusson, sem er framleigutaki gerðarþola, skýrir svo frá, að á síðastliðnum vetri hafi Kristín Björnsdóttir komið æðandi inn í íbúð gerðarþola með illyrðum miklum og háreysti. Ekki vildi hún fara út, þó að gerðarþoli skipaði henni það, en réðst að Þorleifi, sparkaði í hann og barði til blóðs. Þá hafi gerðarþoli reynt að ýta Kristínu út, og hafi stimpazt um hríð, en vitnið fortekur, að gerðarþoli hafi klórað Kristínu, eins og Kristín hefur skýrt frá. Vitnið Þorvaldur Þorvaldsson tekur að öllu leyti undir framburð Gunnars að öðru leyti en því, að hann sá ekki, hvernig atburðir þessir hófust.

Þorleifur Ben. Þorgrímsson hefur neitað því hér fyrir rétti, að hann hafi verið látinn sæta dómi vegna þeirrar kæru Kristínar, að hann hafi ráðizt á hana með líkamlegu ofbeldi, en hann kveðst hafa verið sektaður um 50 krónur fyrir meiðyrði um hana.

Það er fram komið í máli þessu, að ósamkomulag mikið hefur verið um lengri tíma milli gerðarbeiðanda og gerðarþola svo og milli gerðarþola og annars leigutaka í húsinu. Hins vegar þykir ekki sannað, að sök gerðarþola sé það veruleg, að talið verði fært að svipta hana umráðum húsnæðisins með beinni fógetagerð.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dráttur sá, er orðið hefur á uppkvaðningu úrskurðar þessa, stafar af embættisönnum fógeta.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal ekki fram fara.
Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 9. október 1950.

Nr. 167/1948. **Ákæruvaldið** (Ragnar Ólafsson)
gegn
Þorvaldi Guðmundssyni (Lárus Jóhannesson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Kynferðisbrot. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið háð framhaldsrannsókn í máli þessu. Hinn 30. desember 1949 gaf Helgi Tómasson yfirlæknir álitsgerð um andlega heilsu ákærða, og er niðurstaða hans þessi: Ákærði „er hvorki vanvita, geðveikur né geðveill. Kynferðislíf hans virðist ekki ónormalt, sérstaklega er ekkert, sem bendir á sadistiskar tilhneigingar". Þá segir yfirlæknirinn enn: „Það virðist rétt hjá honum (þ. e. ákærða) að hann muni hafa algert óminni um það, sem hann kann að hafa aðhafzt nóttina 8.—9. maí 1948", en ekki getur þetta atriði skipt máli um sakhæfi hans, sbr. 17. gr. laga nr. 19/1940.

Það þykir varhugavert að telja sannað, að það hafi verið ásetningur ákærða að koma fram samförum við kvenmann þann, sem í málinu greinir, gegn vilja hennar, þannig að um tilraun til brots samkvæmt 194. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 sé að tefla. Þegar hins vegar er litið til vættis konunnar um athæfi ákærða, áverka á henni og annarra atvika, þeirra sem í ljós eru leidd, þá þykja nægar sönnur fram komnar fyrir því, að ákærði hafi haft þau kynferðismök, sem greinir í 202. gr. hegningarlaganna, við téða konu. Þá þykir ákærði sekur um brot samkvæmt 231. gr. sbr. 20. gr. hegningarlaganna með því að brjóta hurð að herbergi konunnar í því skyni að ryðjast þar inn.

Refsing ákærða er hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi.

Ákvæði héraðsdóms um svipting réttinda og málskostnað í héraði staðfestast.

Hæfilegt er, að ákærði greiði konunni Guðlaugu Unu Benediktsdóttur kr. 4000.00 skaðabætur.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Mál þetta var upphaflega flutt í Hæstarétti hinn 7. marz 1949. Hæstiréttur krafðizt framhaldsrannsóknar. Sækjandi ritaði sakadómara næsta dag og skýrði frá kröfu Hæstaréttar. Rannsókn hófst samt ekki fyrr en 9. desember 1949, og var henni ekki lokið fyrr en 3. október 1950. Verður að víta þenna mikla drátt á málinu.

Dómsorð:

Ákærði, Þorvaldur Guðmundsson, sæti þriggja mánaða fangelsi.

Ákvæði héraðsdóms um réttindasvipting og málskostnað í héraði staðfestast.

Ákærði greiði Guðlaugu Unu Benediktsdóttur kr. 4000.00.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna, Ragnars Ólafssonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

hrd. Jóns Ásbjörnssonar og prófessors Ólafs Lárussonar.

Samþykkir atkvæðinu með þeirri athugasemd, að við teljum gögn þau, sem fram hafa komið í málinu, eigi geta nægt til þess, að ákærði sé talinn hafa brotið gegn 202. gr. hegningarlaganna, en að brot hans beri að heimfæra undir 217. gr. og 231. gr. sömu laga, og verði refsing ákærða tveggja mánaða fangelsi. Skaðabætur úr hendi ákærða til Guðlaugar Unu Benediktsdóttur ákveðist kr. 2000.00.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 24. sept. 1948.

Ár 1948, föstudaginn 24. september, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4513/1948: Réttvísin gegn Þorvaldi Guðmundssyni, sem tekið var til dóms 12. f. m.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Þorvaldi Guðmundssyni prentara, Skúlagötu 66, Reykjavík, fyrir brot gegn XXII. og XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 1. febrúar 1920 í Reykjavík, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1938 17/11 Sátt: 20 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
1940 1/1 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942 10/2 Sátt: 40 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1946 18/11 Kærður fyrir spellvirki. Lokið með loforði um skaðabótagreiðslu til Sjálfstæðishússins, kr. 75.00.
1947 25/8 Kærður fyrir ölvun og ónæði. Látið falla niður.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 8. maí s. l. kom ákærði heim til kunningja síns, Olav Martin Hansens ljósprentara, Höfðaborg 18, hér í bæ. Klukkan var þá um 15.30, og var Hansen þá undir áhrifum áfengis, en ákærði mun þá einskis víns hafa neytt. Drukku þeir síðan í sameiningu talsvert úr brennivínsflösku, er Hansen átti, þar til um klukkan 18, að þeir gengu vestur í Víkingsprent í Garðastræti 17 og héldu þar áfram drykkjunni ásamt Stefáni Björnssyni prentara, er þar vinnur, til heimilis að Sæbóli í Kópavogshreppi. Er þeir höfðu lokið þar við að drekka úr flösku Hansens, hvarf ákærði á brott og mun þá hafa haldið niður í miðbæ. Keypti hann þar flösku af brennivíni af bifreiðarstjóra einum, sem ekki er upplýst um, hver verið hefur, en hélt síðan aftur upp í Garðastræti 17 og hélt nú upp á efstu hæð hússins í þeim tilgangi að heimsækja Guðlaugu Unu Benediktsdóttur, starfsstúlku í Víkingsprenti, er þar bjó í herbergi. Kveðst ákærði hafa litið inn til Stefáns, áður en hann fór upp, og sagt honum, að hann hugðist heimsækja Guðlaugu. Er ákærði hafði yfirgefið þá Hansen og Stefán, héldu þeir heim til Hansens til að sækja þangað brennivínsflösku, er hann átti, og höfðu þeir hana meðferðis í Garðastræti 17, og fór Stefán að dunda þar stutta stund. Telur hann, að vera kunni, að þá hafi ákærði litið augnablik inn til hans.

Ákærði kveðst hafa þekkt stúlku, er bjó í herberginu með Guðlaugu Unu, og komið þar áður til að heimsækja stúlkuna, og þekktust þau Guðlaug og ákærði einvörðungu vegna þess kunningsskapar. Stúlka þessi var nú flutt úr herberginu, og kveðst ákærði hafa vitað það og nú einungis ætlað að heimsækja Guðlaugu Unu.

Kveður hún ákærða aldrei hafa komið þar fyrr í þeim tilgangi. Guðlaug Una bauð ákærða inn í herbergið, enda virtist henni það tilmæli hans. Var klukkan þá um 21. Vínflaska ákærða var nú tekin upp, og drukku þau sinn hvorn vænan „sjússinn". Ræddust þau við um daginn og veginn,

og var ákærði í alla staði kurteis. Guðlaug telur svo ákærða hafa fengið sér annan „sjúss", en ákærði kveðst ekki muna, hvað hvort þeirra drakk mikið, en kveðst hafa fundið vel til áfengisáhrifa, enda segist Guðlaug Una hafa séð á honum áfengisáhrif, er hann kom til hennar. Um kl. 22, að sögn Guðlaugar Unu, kom Stefán Björnsson upp í herbergið til þeirra til að sækja lykla. Fór hann strax aftur, en kom í annað sinn einhverntíma á 23. tímanum, og var þá Hansen í för með honum. Höfðu þeir meðferðis brennivínsflöskuna, er þeir höfðu sótt. Drukku þau síðan öll áfengi og ræddust við, þar til Stefán fór, sem var fyrir miðnætti. Guðlaug Una kveðst nú hafa fengið sér annan „sjúss" og aðeins fundið til smábreytingar af víninu, ákærði og Hansen kveðast ekki muna, hversu mikils áfengis hún neytti, en Stefán segir það hafa verið lítið og minnist þess, að hún neitaði áfengi í glas sitt. Ber öllum saman um, að ákærði hafi verið nokkuð ölvaður, en stilltur. Hansen var orðinn mjög ölvaður, og brestur nú minni hans algerlega þangað til daginn eftir. Guðlaug Una kveðst síðan hafa beðið Stefán um að ná í bifreið handa ákærða og Hansen, en Stefán segir hana aðeins hafa nefnt Hansen í því sambandi, en ekki ákærða. Málaleitan þessa heyrði ákærði ekki, þar eð þau Guðlaug Una og Stefán voru þá stödd úti á ganginum. Guðlaug Una kveður Stefán hafa jánkað þessu, en hann kveðst engu hafa svarað, og hafi Guðlaug þá sagt, að það gerði ekkert til. Að svo búnu hvarf Stefán á brott. Ákærði kveður Guðlaugu Unu nú hafa beðið sig að ná í bifreið handa Hansen, en ekki minnzt á, að hann færi einnig burt í bifreiðinni. Guðlaug Una kveðst hafa búizt við, að þá færi ákærði einnig með honum. Reis nú Hansen á fætur og var óstöðugur. Fóru hann og ákærði síðan fram á ganginn, þar sem þeir lentu í stympingum. Sló ákærði m. a. til Hansens, svo að hann féll. Ekki sá Guðlaug Una þá slást, en heyrði hávaða í þeim. Fóru þeir síðan báðir út úr húsinu.

Kveðst ákærði nú hafa reynt að ná í leigubifreið, en ekki tekizt, og hélt hann því næst aftur upp til Guðlaugar Unu, og var þá komið fram yfir miðnætti. Röbbuðu þau saman, og dreypti ákærði á víninu, sem hafði orðið eftir hjá Guðlaugu Unu, og man hann ekki, hvort hún neytti nokkurs af því, en hún kveðst einskis hafa neitt. Ekki kveðst ákærði muna, vegna ofurölvunar, hvað þau töluðu eða hvað skeði eftir þetta.

Guðlaug Una hefur borið það, að ákærði hafi farið úr jakkanum, þar eð honum hafi fundizt heitt, og beðið sig að koma yfir á dívan, sem í herberginu var, en þau sátu á stólum sitt hvoru megin við borð. Ekki kveðst hún hafa svarað því neinu og ekki hreyft sig. Hafi ákærði þá fært hendur hennar aftur fyrir bak, dregið hana að dívaninum, lagt hana þar, reynt síðan að kyssa hana, lagzt ofan á hana og reynt að komast milli fóta hennar. Kveðst hún hafa beitt allri þeirri mótspyrnu, er hún gat, og hrópað upp, en ákærði þá slegið hana á ennið með hægri hnefa sínum. Því næst, segir hún, að sér hafi tekizt að losna og ganga fram fyrir þröskuldinn, þar sem hún kallaði á Jónas Sveinsson bókbindara, er leigir herbergi á sömu hæð, en hann hefur þá ekki vaknað, sbr. vitnisburð hans í málinu. Næst kveður hún ákærða hafa komið og kippt sér inn fyrir

aftur og hótað að drepa hana, ef hún reyndi að hrópa á hjálp, aflæst dyrunum og stungið lyklinum í vasa á jakka sínum, er hékk á stól. Þá kveður hún ákærða næst hafa klætt sig úr utanyfirbuxunum og nærbuxunum, en ráðizt síðan á sig, þar sem hún stóð við borðið, dregið sig að divaninum og lagt hana þar. Hafi hann nú flett kjólnum upp um hana og reynt hvað eftir annað að færa hana úr buxunum, en hún streitzt á móti af alefli, svo að honum tókst ekki að koma þeim lengra niður um hana en rétt niður fyrir hné. Þá hafi ákærði lagzt ofan á hana og reynt tvisvar að koma getnaðarlim sínum inn í kynfæri hennar, en ekki tekizt sökum mótstöðu hennar. Hafi hún þá hrópað upp, er þetta skeði, en ákærði gripið með hönd sinni tvisvar sinnum fyrir kverkar hennar og kvaðst mundu drepa hana, ef hún gæfi frá sér hljóð. Hafi hann sagt það tvisvar sinnum, en hún æpt engu að síður. Nú hafi ákærði gripið tréskrín, sem staðið hafi á rúmfatakassa við divaninn, og lostið hana með því á hægra auga. Kveðst Guðlaug Una minnast þess, að ákærði hafi tvisvar haft þau orð, að hún slyppi ekki, fyrr en samfarir hefðu átt sér stað.

Eftir höggið virtist Guðlaugu Unu, að ákærði færi heldur úr þeim ham, sem hann hafði verið í, og kveðst hún nú hafa beðið hann að mega ná sér í vatn að drekka, en það hafi hann leyft og sleppt henni. Virtist henni nú ákærði dotta. Því næst hafi hún gripið lyklana úr jakkavasa ákærða og tekizt að fá hann til að færa sig í buxurnar, en hann beðið hana um vatn að drekka. Kveðst Guðlaug Una hafa sagt honum, að hún hefði ekkert vatn í herberginu, en fengið honum glas og sagt honum, að fara niður og ná sér í vatn. Hafi hann þá horfið út um dyrnar, sem hún hafði áður opnað með glasið, en hún kastað jakka og frakka ákærða á eftir honum og síðan læst hurðinni.

Ákærði hafi komið aftur og heimtað, að hún opnaði, þar eð húfa hans væri ennþá inni í herberginu. Ekki kveðst hún hafa þorað það, en bent honum á að sækja húfuna síðar. Þá hafi ákærði hótað að brenna hana inni, ef hún opnaði eigi, ráðizt síðan á hurðina og barið hana með einhverjum hlut. Reyndist hlutur þessi vera rúmlega ½ meters löng járngrind, sem höfð er undir formum, sem blý er steypt í, og hafi grindin verið geymd á ganginum. Hafi þá fjöl í hurðinni brotnað og hún kastað húfunni út til hans, en hann haldið síðan á brott. Guðlaug Una kveðst daginn eftir hafa legið rúmföst sakir meiðsla, sem hún hafi fengið af völdum ákærða um nóttina.

Guðlaug Una Benediktsdóttir hefur staðfest framburð sinn í málinu með eiði.

Hinn 10. maí síðastliðinn fór Guðlaug Una til Kristins Björnssonar læknis, Ránargötu 21, hér í bæ, út af meiðslunum. Hefur hann vottað í málinu, að Guðlaug Una hafi þá verið með glóðarauga hægra megin allt í kringum augað, en augað sjálft verið óskemmt að sjá. Baugfingur vinstri handar hennar verið svolitið þrútinn um miðlið og örlitlar smáskrámur hafi sézt á handleggjum hennar. Hún hafi kvartað, að því er hann minnir, undan einhverjum stirðleika í handleggjum, en hann hafi ekki getað séð, að hún væri „chokkeruð".

Ákærði hefur haldið fast við það, að hann hafi orðið svo ölvaður í herbergi Guðlaugar um nóttina, að hann hafi hætt að muna, hvað skeði. Hann muni þó óljóst eftir einhverjum hávaða, þegar hann hafi ennþá verið hjá Guðlaugu Unu, en hann muni ekkert nánar um hávaðann, hvaðan hann kom eða hvað olli honum, hvort það hafi verið brothljóð eða hróp eða einhver annars konar hávaði. Næst kveðst hann hafa munað eftir sér, þegar hann vaknaði í rúmi sínu heima hjá sér á Skúlagötu 66 um hádegi daginn eftir. Var hann þá með dálitla skinnsprettu á enni, og kveðst hann ekki vita, hvernig hann fékk hana. Hinn 11. maí s. l. athugaði héraðslæknirinn í Reykjavík skrámuna. Hefur læknirinn vottað það, að skráman hafi verið á enninu milli augnabrúnanna, tæpir 2 cm á lengd, en hér um bil 1—2 mm á breidd, og hafi skráman eftir lögun sinni og útliti getað vel verið eftir nögl, þó að ekki sé hægt að fullyrða um það með vissu.

Á efstu hæð hússins Garðastræti 17 bjuggu auk Guðlaugar Unu á þessum tíma Helgi Kristján Andrésson starfsmaður í Harðfisksölunni, og Jónas Sveinsson bókbindari.

Hefur Helgi Kristján borið það, að umrædda nótt hafi hann vaknað við háværi samtal manns og konu á þakhæðinni. Kveður Helgi Kristján sig hafa heyrt, að konan var Guðlaug Una, en manninn kannaðist hann ekki við. Hafi hann heyrt manninn hrópa til Guðlaugar Unu að afhenda honum jakka sinn og húfu og hafi sér skilizt, að þessir munir væru inni í herbergi hennar, en Guðlaug Una svarað, hvað þessi læti ættu að þýða. Heyrði Helgi Kristján, að maðurinn bankaði hvað eftir annað á hurð Guðlaugar Unu, en hún hafi ekki opnað. Síðan hafi þau talað eitthvað saman, en hvað það var, veit Helgi Kristján ekki. Því næst heyrði hann, að verið var að berja á hurðina, og heyrði hann hana brotna. Þá heyrði vitnið Guðlaugu Unu segja: „Hvaða helvítis læti eru þetta?" Eftir þetta kveðst Helgi Kristján ekkert hafa heyrt og fór aldrei fram úr rúminu, heldur sofnaði aftur. Helgi Kristján kveður herbergi Guðlaugar Unu vera um 2—3 faðma frá herbergi sínu, hinum megin á gangi, en herbergi Jónasar beint á móti á gangi.

Jónas Sveinsson hefur borið, að hann hafi farið að sofa laust fyrir miðnætti, en rétt áður hafi hann heyrt, að einhverjir karlmenn voru staddir hjá Guðlaugu Unu. Ekki kveðst vitnið vita, hvað talað var. Einhverntíma um nóttina kveðst hann hafa vaknað við það, að karlmaður var að berja með einhverjum hlut á hurðina hjá Guðlaugu Unu, en veit ekki, hvort hurðin hafi brotnað. Kveðst Jónas hafa heyrt Guðlaugu og karlmanninn tala eitthvað saman, en hvað þeim fór á milli, veit hann ekki. Þó skildist Jónasi, að karlmaðurinn vildi komast inn til Guðlaugar Unu. Ekki kveðst Jónas hafa farið fram úr rúminu, heldur sofnað strax aftur.

Tveimur dögum eftir umræddan atburð fór athugun fram á hurð þeirri, sem er í herbergi Guðlaugar Unu Benediktsdóttur í Garðastræti 17. Var þá auðséð, að „fyllingin" í miðri hurðinni hafði verið brotin alveg úr, og

voru víða för á hurðinni eftir járnstykki. Inni í herberginu var ekkert brotið.

Upplýst er í málinu, að ákærði var einn með Guðlaugu Unu Benediktsdóttur í herbergi hennar í Garðastræti 17 umrædda nótt. Hann var með skrámu á enninu, þegar hann vaknaði heima hjá sér daginn eftir, sem hann veit ekki, hvernig hann fékk. Guðlaug Una var með glóðarauga, smáskrámur á handleggjum og annar baugfingur hennar svolítið þrotinn. Þá hafði fyllingin í miðri hurð að herbergi hennar verið brotin alveg úr og för víða í hurðinni eftir járnstykki. Þykja þessi atriði ásamt framburðum Helga Kristjáns Andréssonar og Jónasar Sveinssonar styðja svo mjög eiðfestan framburð Guðlaugar Unu, auk þess sem ekkert hefur komið fram, er dregur úr sannleiksgildi hans, en ákærði hefur á hinn bóginn ekkert getað borið um málavexti, að leggja verður framburð hennar til grundvallar í málinu um hegðun ákærða gagnvart henni í umrætt skipti. Samkvæmt því verður að telja, að nægilega sé sannað, að ákærði hafi reynt að þröngva Guðlaugu Unu til holdlegs samræðis með ofbeldi, sem varðar við 194. gr., 1. mgr., sbr. 20. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, svo og haft í frammi við hana slíka hótun, sem 233. gr. sömu laga tekur til. Þykir refsing ákærða eftir öllum atvikum hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Guðlaug Una Benediktsdóttir hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða henni kr. 5000.00 í bætur fyrir meiðsli þau, er hún hlaut, og miska þann, sem hún hafi orðið fyrir vegna atferlis ákærða. Kveðst hún hafa verið slöpp á taugum, síðan umræddur atburður skeði, og muni hún ekki vera búin að ná sér að fullu. Ákærði hefur ekki fallizt á greinda skaðabótakröfu, en þar eð hún þykir samkvæmt framansögðu rökstudd og sanngjörn, verður hún tekin til greina að öllu leyti. Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í málinu, Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði Þorvaldur Guðmundsson sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði Guðlaugu Unu Benediktsdóttur kr. 5000.00 innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 12. október 1950.

Nr. 37/1949. **Hafnarfjarðarbær** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Guðbjörgu Kristjánsdóttur og gagnsök
(Sigurður Ólason).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Ómerking og heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Í máli þessu gerði gagnáfrýjandi í héraði kröfu um skaðabætur úr hendi aðaláfrýjanda vegna verðrýrnunar á húseign gagnáfrýjanda og óþæginda, sem hún hefði orðið fyrir vegna byggingar austurálmu barnaskólahússins í Hafnarfirði. Málinu var því þannig háttað, að nauðsyn bar til, að héraðsdómari kveddi sérfróða menn um verðmæti húsa og lóða í Hafnarfirði til að dæma um málið með sér, sbr. 3. tölulið 200. gr. laga nr. 85/1936.

Gagnáfrýjandi beiddist í héraði mats dómkvaddra manna „til þess að athuga og meta til peninga óþægindi þau", sem hún hafi orðið fyrir „vegna ólöglegrar viðbótarbyggingar við austurálmu barnaskólans, svo og verðrýrnun" þá, sem af því hafi hlotizt. Í matsbeiðninni eru þannig ekki tilgreind þau atriði, sem virðingarmenn eigi að meta, heldur er lagt til mats þeirra, hver þau atriði séu, og hafa virðingarmennirnir framkvæmt mat sitt í samræmi við það. Matsgerð þessari er því svo áfátt, að nauðsyn ber til að láta nýtt mat fram fara, og sé þá skýrt fram tekið í matsbeiðni og dómkvaðningu, hver þau atriði séu, er meta skuli.

Þar sem málið hefur sætt þeirri meðferð, sem að framan er lýst, þykir verða að ómerkja héraðsdóminn og málsmeðferð frá þingfestingu og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá þingfestingu eiga að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 20. apríl 1948.

Ár 1948, þriðjudaginn 20. apríl, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar, sem haldið var í réttarsal embættisins Suðurgötu 8 af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni, uppkveðinn dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 15. þ. m.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 23. jan. s. l. af Guðbjörgu Kristjánsdóttur, Gerði, hér, gegn bæjarstjóra Hafnarfjarðar Eiríki Pálssyni f. h. bæjarsjóðs til greiðslu skaðabóta að upphæð kr. 12000.00 vegna verðrýrnunar á húseigninni Gerði og óþæginda, er orðið hafa vegna byggingar austurálmu barnaskólans, auk 5% ársvaxta af nefndri upphæð frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómarans.

Af hálfu stefnds bæjarfélags er kröfum stefnandans mótmælt og krafizt sýknudóms og hæfilegs málskostnaðar úr hendi stefnandans.

Málavextir eru þessir:

Á árunum 1946 og 1947 var reist í Hafnarfirði viðbótarbygging við austurenda barnaskólahússins. Stefnandinn, Guðbjörg Kristjánsdóttir, er eigandi næsta íbúðarhúss, Gerðis, og liggur lóð hennar að lóð barnaskólans, þar sem austurálman hefur verið reist. Nú reynist svo, að umrædd viðbygging er reist nær lóð stefnandans en leyfilegt er samkvæmt byggingarsamþykkt Hafnarfjarðar nr. 114. frá 25. ágúst 1916, og munar það 1.65 metrum. Auk þess er á þessum gafli skólans gluggar, sem ekki er heldur leyfilegt samkvæmt ákvæðum sömu samþykktar. Þá er hæð skólahússins þarna meiri en byggingarsamþykktin leyfir, og talið, að það nemi um einum metra. Stefnandinn heldur fram, að þetta fyrirkomulag og gerð skólabyggingarinnar hafi í för með sér verðrýrnun og óþægindi á eign stefnandans, með því að í íbúðarhúsinu Gerði njóti ekki lengur síðdegissólar, og af þessu stafi veruleg eldshætta fyrir Gerði, og að úr gluggum skólans sjáist inn í íbúðir hússins, svo þar sé ekki hægt að vera óhultur fyrir hnýsni náungans.

Umboðsmaður stefnda hefur haldið fram í málflutningi sínum, að öll þessi atriði séu þess eðlis, að eigendur íbúðarhúsa og lóða í kaupstöðum verði bótalaust að sætta sig við þannig löguð óþægindi, er leiði af eðlilegri og venjulegri hagnýtingu byggingarlóða í þéttbýli. En þar sem um sé að ræða brot á byggingarsamþykkt kaupstaðarins, þá sé hún orðin rykfallin og úrelt og verði að túlka hana eftir breyttum aðstæðum.

Rétturinn verður að fallast á, að stefndu bæjarfélagi beri eftir almenn-

um skaðabótareglum að bæta stefnandanum þá verðrýrnun og óþægindi á eign hennar, Gerði, sem telja má, að einvörðungu stafi af því, að austurálma barnaskólans er byggð nær nágrannalóð og hærri en gildandi byggingarreglur leyfa, eða þannig, að brotin eru ákvæði byggingarsamþykktarinnar.

Í málinu liggur fyrir matsgerð, dags. 8. apríl 1947, þar sem verðrýrnun og óþægindi, sem barnaskólabyggingin hafi valdið á húseigninni nr. 52 B við Hverfisgötu (Gerði) er metið kr. 12000.00, en þar er tekið nokkuð víðara sjónarmið um bótaskyldu og mat á tjóni, en rétturinn telur, að beri að gera samkvæmt því, sem að ofan er sagt. Með hliðsjón af þessu og að athuguðum öðrum aðstæðum telur rétturinn bætur til handa stefnandanum fyrir tjón hennar og óþægindi hæfilega metnar kr. 6000.00. Þá ber að taka til greina kröfu stefnandans um 5% ársvexti af upphæð þessari frá stefnudegi til greiðsludags.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefndu bæjarfélagi að greiða málskostnað til stefnandans, er þykir hæfilega ákveðinn 1000 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, bæjarstjóri Hafnarfjarðar Eiríkur Pálsson f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnandanum, Guðbjörgu Kristjánsdóttur, kr. 6000.00 — sex þúsund krónur — með 5% ársvöxtum frá 23. jan. 1948 til greiðsludags og 1000 kr. í málskostnað, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. október 1950.

Nr. 76/1950. **Ákæruvaldið** (Lárus Jóhannesson)
gegn
William Norman Brown. (Lárus Fjeldsted).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Framhaldsrannsókn fyrirskipuð.

Úrskurður Hæstaréttar.

Friðrik Ólafssyni, skólastjóra Sjómannaskólans í Reykjavík, var falið að marka á sjóuppdrátt staði varðskipsins kl. 3.00 og kl. 3.17 15. maí þ. á. svo og stað togduflsins, allt samkvæmt hornamælingum varðskipsins. Skólastjórinn hefur

samkvæmt þessum mælingum markað á uppdrátt stað varðskipsins kl. 3 og stað togduflsins. Hins vegar kveðst hann ekki sjá sér fært að setja á uppdrátt að svo komnu stað varðskipsins kl. 3.17 nefndan dag samkvæmt skýrslu þeirri, er fyrir liggur. Þykir því rétt, að yfirmenn varðskipsins séu kvaddir fyrir dóm og látnir gera grein fyrir nefndri hornamælingu svo og að frumskjöl varðandi mælinguna séu lögð fyrir dóminn.

Ályktarorð:

Héraðsdómara ber að framkvæma rannsókn um þau atriði, sem að framan greinir.

Mánudaginn 16. október 1950.

Nr. 148/1949. **Marino Ólafsson** (Einar Ásmundsson)
gegn
Gunnari Thorarensen (Magnús Thorlacius).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Húsaleiga.

Dómur Hæstaréttar.

Þórhallur Pálsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. nóvember f. á., gerir þessar dómkröfur:

Aðalkrafa, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og áfrýjanda heimilað að fá stefnda í stað þess húsnæðis, sem hann hefur nú í húsinu nr. 37 við Reynimel, íbúð í kjallara hússins, sem er tvö herbergi, eldhús og geymsla ásamt baði, svo og suðvesturherbergi á 1. hæð með aðgangi að baði á þeirri hæð, enda haldi stefndi sömu afnotum og hingað til af þvottaherbergi í kjallara.

Varakrafa, að áfrýjanda séu heimiluð téð íbúðaskipti með þeirri breytingu, að í stað suðvesturherbergis á 1. hæð komi suðausturherbergi á sömu hæð. Loks krefst áfrýjandi máls-

kostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Það hefur komið í ljós hér fyrir dómi, að áfrýjandi hefur komið fram fyrir sína hönd og móður sinnar í lögskiptum þeirra við stefnda um leigumála þeirra. Mátti stefndi því gera ráð fyrir, að svo væri einnig um uppsögn leigumálans, enda var hún í þágu móður áfrýjanda.

Stefndi hefur nú á leigu íbúð út af fyrir sig, sem öll er á 1. hæð hússins. Í stað þess er honum boðin íbúð, sem er minni og að mestu leyti í kjallara, sem tekinn hefur verið til íbúðar andstætt fyrirmælum byggingarsamþykktar Reykjavíkur nr. 195/1945. Verður ekki talið, að hið framboðna húsnæði komi stefnda að sömu eða svipuðum notum og íbúð sú, er hann hefur nú, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1943. Með skírskotun til þessa ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 900.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Marinó Ólafsson, greiði stefnda, Gunnari Thorarensen, kr. 900.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 28. okt. 1949.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 26. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Marinó Ólafsson, Reynimel 37, hér í bænum, krafizt þess, að Gunnar Thorarensen, s. st., verði borinn út úr íbúð þeirri, sem hann hefur haft á leigu á fyrstu hæð hússins nr. 37 við Reynimel, hér í bænum, að undanskildu suðvesturherberginu gegn því, að hann fái í staðinn þrjú herbergi og eldhús í kjallara sama húss.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi gerðarinnar.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Gerðarbeiðandi varð ásamt móður sinni, Sigborgu Halldórsdóttur, eigandi hússins nr. 37 við Reynimel í febrúar 1939, og virðast þau hafa átt það saman í óskiptri sameign þar til 25. júlí 1949, en þá gerðist gerðarbeiðandi einn eigandi þess. Hann hefur að undanförnu haft til afnota íbúð á efri hæð þess, þrjú herbergi og eldhús, og hefur búið þar ásamt konu sinni

og þremur börnum þeirra hjóna. Móðir hans, nefnd Sigborg, hefur hins vegar búið í einu herbergi og eldhúsi í kjallara hússins.

Gerðarþoli hefur búið á fyrstu hæð hússins síðan á árinu 1940, en á hæðinni eru þrjú herbergi og eldhús og bað. Í heimili hjá honum eru þau hjónin og þrjú börn þeirra.

Gerðarbeiðandi sagði gerðarþola upp leigu á nefndri íbúð að undanteknu suðvesturherberginu og geymslu í kjallara með bréfi dags. 5. febrúar 1949 og bauð honum jafnframt í staðinn húsnæði í kjallara hússins, þrjú herbergi og eldhús ásamt tilheyrandi geymslu. Íbúðaskipti þessi áttu samkvæmt uppsögninni að fara fram 14. maí s. l.

Uppsögnin var lögð fyrir húsaleigunefnd 5. apríl s. l., og féllst nefndin á íbúðaskipti með úrskurði sínum, uppkveðnum 19. s. m.

Kröfu sína um íbúðaskipti byggir gerðarbeiðandi á því, að hann þurfi að fá áðurnefndan hluta af húsnæði gerðarþola fyrir móður sína, Sigborgu Halldórsdóttur. Hann heldur því fram, að hún þurfi sérstakrar umönnunar við vegna ellilasleika, en þessa hjálp sé örðugt að láta henni í té, á meðan hún búi í kjallara hússins.

Í munnlegum flutningi málsins byggði gerðarþoli mótmæli sín *aðallega* á því, að uppsögn gerðarbeiðanda eða réttara sagt tilkynning um íbúðaskipti hafi verið ólögleg með öllu vegna þess, að báðir eigendur stóðu ekki sameiginlega að henni, og *til vara* í fyrsta lagi á því, að hin framboðna íbúð sé ólögleg, og í öðru lagi mótmælir hann því, að hún komi sér að sömu eða svipuðum notum og húsnæði það, sem hann nú hafi.

Sameigandi gerðarbeiðanda, margnefnd Sigborg Halldórsdóttir, hefur á réttarskjali 19 gefið yfirlýsingu þess efnis, að hún hafi verið samþykk öllu því, sem fram hafi farið milli aðilja máls þessa bæði fyrir húsaleigunefnd og hér fyrir dómi og gefur gerðarbeiðanda jafnframt umboð til að gera allar ráðstafanir, sem hann telji nauðsynlegar til rýmkunar á húsnæði gerðarþola. Yfirlýsing þessi, sem dags. er 23. júlí s.l., virðist fela í sér samþykki Sigborgar á tilkynningu gerðarbeiðanda um íbúðaskiptin. Eftir atvikum þykir því ekki vera ástæða til að telja umrædda tilkynningu ófullnægjandi eða ólöglega, og verður samkvæmt þessu aðalvarnarástæða gerðarþola ekki tekin til greina.

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík hefur í vottorði á rskj. 11 upplýst, að ekki hafi verið samþykkt íbúð í kjallara hússins nr. 37 við Reynimel. Enn fremur hefur Sigmundur Halldórsson arkitekt, sem gerði uppdrátt af húsinu, áður en það var byggt, skýrt svo frá, að ekki hafi verið gert ráð fyrir íbúð þar, þegar það var byggt, enda telur hann, að umræddur kjallari uppfylli ekki þau skilyrði, er sett séu í byggingarsamþykkt Reykjavíkur til að hafa megi í honum íbúð.

Það út af fyrir sig, að umrædd kjallaraíbúð er ekki samþykkt af byggingaryfirvöldum bæjarins, verður vart talið nægilegt til þess, að íbúðaskipti séu útilokuð, á meðan slíkt húsnæði er notað til íbúðar. Kemur þá að þriðju og síðustu varnarástæðu gerðarþola.

Dómarinn hefur farið á vettvang og skoðað hvorttveggja húsnæðið. Núverandi íbúð gerðarþola virðist vera þægileg og allgóð íbúð og alger-

lega út af fyrir sig. Kjallaraíbúðin er að vísu ekki slæm, en hefur þó ýmsa galla, sem jafnan fylgja kjallaraíbúðum í eldri húsum. Verður því að telja, að allmikill gæðamunur sé á íbúðum þessum. Auk þess er augljóst, að því fylgja allmikil óþægindi að hafa íbúðarhúsnæði á tveimur hæðum húss, ekki síst þar sem nokkur hluti þess er inni í annarri íbúð. Þykir því mega fallast á þá skoðun gerðarþola, að hið framboðna húsnæði komi ekki að svipuðum notum og það, sem hann nú hefur.

Samkvæmt þessu ber að neita um hina umbeðnu gerð, og þykir eftir þessum málalokum og atvikum málsins rétt, að gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 500.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal ekki fara fram.

Gerðarbeiðandi, Marinó Ólafsson, Reynimel 37, greiði gerðarþola, Gunnari Thorarensen, kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu þessa úrskurðar.

Miðvikudaginn 18. október 1950.

Nr. 48/1947. **Ákæruvaldið** (Gunnar J. Möller)
gegn
Guðmundi Ingjaldi Ingjaldssyni
(Kristján Guðlaugsson).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Líkamsárás. Áverkabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið háð framhaldsrannsókn um þau atriði, sem greinir í úrskurði Hæstaréttar, uppkveðnum 31. janúar 1949.

Ákærði hefur kannazt við, að hann hafi tvisvar lýst á hendur sér árás á Torfa Jónsson á Vesturgötunni í Reykjavík aðfaranótt hins 15. febrúar 1946. Hafi vitnið Guðbrandur Kristinn Mortens verið viðstaddur í annað skiptið, er ákærði

játaði á sig verknaðinn, en ákærði hefur sagt við framhaldspróf, að hann hafi þá verið algáður. Í hitt skiptið kunni hann að hafa lýst sig árásarmann í návist þeirra Guðbrands Kristins Mortens, Jóns nokkurs Benjamínssonar og Hauks nokkurs Magnússonar. Við verknaðinum segist ákærði hafa gengizt „í gamni og hugsunarleysi". Vitnið Guðbrandur Kristinn Mortens skýrir svo frá, að ákærði hafi í viðurvist sinni játað, að hann væri valdur að árásinni, en ekki virtist Guðbrandi „sem ákærði játaði á sig þessa árás í neinum gáska". Vitnin Jón Benjamínsson og Hauk Magnússon minnir, að þeir hafi heyrt ákærða lýsa árásinni á Torfa á hendur sér, er þeir voru með honum í bíl hér í bænum. Þegar ákærði kom fyrir dóm, kvaðst hann „enn ekki minnast þess, að hann hafi gert margnefnda árás á Torfa, og telja ósennilegt, að svo hafi verið". Ákærði hefur verið krafinn sagna um vistarstaði sína 14. febrúar 1946, er var 25 ára afmælisdagur hans, og aðfaranótt hins 15. s. m., svo og um samvistarmenn sína þá, en engin viðhlítandi svör hefur hann gefið um þessi efni. Segist hann hafa verið við víndrykkju og muni hafa komið um borð í l/v Sverri og skálað við skipsfélaga sína.

Þegar til þess er litið, *að* ákærði hefur tvívegis að sjálfs sín sögn og vitna lýst sig valdan að árásinni á Torfa, *að* ákærði hefur enga viðhlítandi grein getað gert fyrir ferli sínum á 25 ára afmælisdegi sínum 14. febrúar 1946 og aðfaranótt hins 15. s. m. né fyrir vistarstöðum sínum þá og samvistarmönnum og *að* hann hefur fyrir dómi einungis komizt svo að orði, að hann minnist þess ekki, að hann hafi framið árásina, þá verður að telja næga sönnun fram komna fyrir því, að ákærði sé valdur að téðum verknaði. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 5 mánuði.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Kristján Sveinsson augnlæknir hinn 19. nóvember 1947 gefið vottorð um áverka þann, er Torfi Jónsson fékk í árásinni. Kveður augnlæknirinn sjón á vinstra auga Torfa samsvara 1/30—1/60 úr eðlilegri sjón. Hinn 16. apríl 1948 hefur Þórarinn Sveinsson metið örorku Torfa vegna árásarinnar þannig:

Tvo fyrstu mánuðina eftir árás 100%
Einn mánuð þar á eftir 60%

Einn mánuð þar á eftir 40%
Einn mánuð þar á eftir 25%
og 15% varanlega örorku upp frá því.

Samkvæmt þessu örorkumati hefur Guðmundur Guðmundsson tryggingafræðingur reiknað örorkutjón Torfa Jónssonar samtals kr. 48629.06.

Torfi hefur krafizt bóta úr hendi ákærða að fjárhæð kr. 18000.00 auk 6% ársvaxta frá 6. nóvember 1946. Ber að taka þessa kröfu til greina.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði og dæma ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Rannsókn máls þessa, áður dómur gekk í héraði, var mjög gölluð, og hefur ekki tekizt að ráða fulla bót á þeim mistökum með framhaldsprófum, enda ekki gerð nægileg gangskör að því að afla sönnunargagna, meðan þess var kostur. Þá hefur orðið óhæfilegur dráttur á málinu af hendi sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Ingjaldur Ingjaldsson, sæti fangelsi 5 mánuði.

Ákærði greiði Torfa Jónssyni kr. 18000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 6. nóvember 1946 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna, Gunnars J. Möllers og Kristjáns Guðlaugssonar, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 8. jan. 1947.

Ár 1947, miðvikudaginn 8. janúar, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var af settum sakadómara Valdimar Stefánssyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 45/1947: Réttvísin og valdstjórnin gegn Guðmundi Ingjaldi Ingjaldssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn sama dag, er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðmundi Ingjaldi Ingjaldssyni kyndara, til heimilis á Reykjanesbraut 44, hér í bæ, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík frá 7. janúar 1930 til refsingar, greiðslu skaðabóta og greiðslu málskostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 14. febrúar 1921 að Melbæ á Seltjarnarnesi, og hefur hann, svo að kunnugt sé, sætt eftirfarandi kærum og refsingum.

1934 26/4 Rvík. Kærður fyrir þjófnað. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
1936 12/4 Rvík. Kærður fyrir þjófnað.
1941 2/5 Rvík. Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942 23/8 Siglufj. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 3/2 Rvík. Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 15/3 Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri o. fl.
1946 21/1 Rvík. Sátt: 50. kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri og skaðabætur eftir mati.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina.

Aðfaranótt þess 15. febrúar s. l. var Torfi Jónsson bifreiðarstjóri frá Laugabóli í Nauteyrarhreppi á gangi vestur Vesturgötu hér í bæ. Í kæru sinni taldi Torfi þetta hafa gerzt aðfaranótt þess 14. febrúar, en eftir því, er síðar hefur komið í ljós við rannsókn málsins, hefur það verið aðfaranótt þess 15., sem fyrr segir, um kl 12½ eftir miðnætti. Í fylgd með Torfa, en þó eitthvað á eftir honum, var Þorbergur Skagfjörð Gíslason verkamaður, Bergstaðastræti 63, hér í bæ. Er komið var að horni Garðastrætis, vatt maður nokkur, sem Torfi bar þá ekki kennsl á, sér út úr bifreið, er þarna stóð á götunni, og greiddi honum að minnsta kosti eitt mikið högg á vinstra auga, og féll Torfi á götuna við það. Eftir það, telur hann, að árásarmaðurinn hafi barið sig og sparkað í sig, þar sem hann lá, en síðan skundað inn í bifreiðina aftur, og hún ekið á brott. Ekki er annað vitað um bifreið þessa en það, að hún hafi verið dökkrauð að lit. Við fyrrnefndar aðfarir missti Torfi meðvitund um stund. Fyrst í stað taldi Torfi Jónsson Guðbrand Kristin Mortens málara, til heimilis á Skothúsvegi 7, hér í bæ, hafa staðið að árás þessari, en síðar sannfærðist hann um, að svo hefði ekki verið, heldur hafi það verið ákærði, Guðmundur Ingjaldur, er hana gerði. Torfi kveðst ekki þekkja ákærða neitt, og veit hann ekki til, að hann hafi neina ástæðu haft til árásarinnar. Þá hefur Torfi loks látið þess getið við rannsókn málsins, að hann hafi verið ódrukkinn, er árásin hafi átt sér stað.

Við margnefnda árás hlaut nefndur Torfi mikla áverka, og hefur síðar komið í ljós, að af hafa gerzt varanleg örkuml á vinstra auga. Hefur

Kristján Sveinsson augnlæknir lýst ástandi hans þannig í 3 vottorðum. Þann 15. febrúar 1946 kveður hann Torfa hafa stórt hæmotom á vinstra, efra og neðra augnaloki, og miklar subconj. blæðingar á vinstra auga. Þar að auki hafi hann víða skrámur í andliti. Þann 30. marz s.l. lýsir sami læknir ástandi Torfa þannig:

„Ég undirritaður læknir hef skoðað Torfa Jónsson frá Laugabóli. Hefur hann ennþá mikið grugg í v. auga (glervökva) eftir blæðingu, svo sjón er mjög lítil ennþá (telur fingur fyrir framan augað). Sjúkl. er ennþá bólginn í efri og neðri kjálka, og hefur talsverð eymsli þar og í nefi. Báðir gómar (gervitennur) brotnuðu við höggið, er sjúkl. fékk, getur því ekki notað þá".

Og loks þann 20. maí á þessa leið:

„Ég undirritaður læknir hef skoðað hr. Torfa Jónsson frá Laugabóli, N.-Ísafjarðarsýslu. Eftir fyrri skoðanir í vetur sást lítið inn í v. augað vegna blæðinga í glervökva augans, nú eru blæðingarnar að mestu horfnar, og sést þá, að æðahimnan hefur rifnað á stórum bletti, þar sem sjón augans er skörpust, svo útilokað er, að sjón geti nokkurn tíma jafnað sig að nokkru verul. leyti úr þessu.

Sjón v. auga er sem hér segir: Sjúkl. getur talið fingur í ¼—½ meters fjarlægð og séð nálægt sér mjög stórt letur. Útsýni (sjónsvið) eðlilegt."

Að árásinni er ekki vitað um nema einn sjónarvott. Er það fyrrnefndur Þorbergur Skagfjörð Gíslason verkamaður. Hefur hann við rannsókn málsins lýst málavöxtum þannig, að hann hafi ásamt Torfa Jónssyni gengið vestur Vesturgötu aðfaranótt þess 15. febrúar s. l. Hafi þá fólksbifreið stöðvazt við gangstéttina, þar sem þeir voru staddir, og hafi maður, er vitnið Þorbergur þekkti fyrir ákærða, undið sér út úr henni og greitt Torfa eitt högg í andlit, en eftir það hafi árásarmaðurinn skundað inn í bifreiðina og hún ekið á brott. Árás þessa telur vitnið hafa verið með öllu tilefnislausa, og hafi þeir Torfi og ákærði ekki talað orð saman þarna á undan henni. Þetta vitni kveðst þess fullvíst, að Guðbrandur Kristinn Mortens, er það þekkir í sjón, hafi ekki átt hlut að árásinni, heldur hafi það verið ákærði. Þá heldur vitnið því fram, að bæði Torfi og það hafi verið ölvaðir, er þetta gerðist.

Framburð sinn hefur vitnið staðfest með eiði sínum.

Auk nefnds Þorbergs hafa verið kvaddir sem vitni í máli þessu þeir Guðbrandur Kristinn Mortens málari, sem áður er getið, og Jón Benjamínsson sjómaður, til heimilis á Hverfisgötu 73, hér í bæ. Bæði þessi vitni hafa borið það fyrir rétti, að þau hafi heyrt ákærða játa það eftir árásina á Torfa, að hann hefði átt hlut að henni. Vitnið Jón Benjamínsson kveðst hafa heyrt ákærða gera þessa játningu, er það var statt í bifreið með honum á síðastliðnum vetri, en ekki hefur það getað gert fullnægjandi grein fyrir öðrum, er á þetta hlýddu, en vitnið Guðbrandur Kristinn kveðst hafa setið á veitingahúsi með ákærða stuttu eftir árásina, og hafi þá Torfi komið þangað inn af tilviljun. Hafi þá ákærði sagt við vitnið eitthvað á þessa leið: „Ég sló þenna niður". Á þetta tal þeirra vitnisins og ákærða hafi engir aðrir hlustað.

Ákærði hefur sjálfur skýrt svo frá við rannsókn málsins, að hann hafi átt 25 ára afmæli þann 14. febrúar s.l. Hafi hann dag þenna verið staddur í Reykjavík, en annars var hann um þessar mundir kyndari á l/v Sverri, er þá hélt uppi fiskflutningum til Englands. Minnist ákærði þess, að hann hafi neytt áfengis þenna dag, og hafi hann komið um borð í fyrrnefnt skip um miðjan þenna dag og skálað við skipverja í tilefni afmælisins. Hann telur ósennilegt, að hann hafi verið ölvaður langt fram eftir aðfaranótt þ. 15. febrúar s.l., þar eð hann telur sennilegt, að hann hafi þurft að hefja vinnu snemma næsta morguns. Ákærði hefur ekki getað gert grein fyrir ferli sínum þenna dag við rannsókn málsins, en hann hefur staðfastlega neitað því, að hann minnist þess, að hann hafi lent í nokkrum átökum við Torfa Jónsson um kvöldið eða nóttina, og hafi hann þá ekki einu sinni þekkt Torfa fyrir annan. Hins vegar hefur hann á lokastigi rannsóknar málsins viðurkennt, að hann hafi sagt það við Guðbrand Kristin Mortens, að hann hefði slegið Torfa, og einnig telur hann vel geta hafa átt sér stað, að hann hafi einnig játað þetta í áheyrn Jóns Benjamínssonar. Telur hann sig hafa verið undir áhrifum víns, er hann gerði þessa játningu. Við fyrstu yfirheyrslu kvaðst þó ákærði minnast hvorugs þessa, en breytti síðar framburði sínum, eins og fyrr segir.

Hefur nú verið getið um það í framburði ákærða og vitna, er talið er skipta máli í þessu sambandi.

Ber þá næst að athuga, hvort ákærði telst fundinn sekur um brot á lögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur, er mál þetta hefur verið höfðað fyrir brot á.

Með eiðsvörnum framburði vitnisins Þorbergs Skagfjörðs Gíslasonar um það, að ákærði hafi átt hlut að margnefndri árás, svo og reikulum framburði ákærða varðandi það, hvort hann sé valdur að henni eða ekki, þar eð hann hefur við rannsókn málsins viðurkennt að hafa játað hana á sig í áheyrn annarra, en telur sig hins vegar ekki minnast þess að hafa gert hana, verður að telja nægilega sannað, að ákærði sé valdur að árásinni.

Við rannsókn málsins hefur ekkert komið fram, er réttlæti árásina á nokkurn hátt. Þvert á móti bendir allt til þess, að hún hafi verið tilefnislaus með öllu, og telst ákærði með atferli sínu hafa brotið 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Þá hefur ákærði játað, að hann hafi verið ölvaður umrædda nótt. Þar eð sú niðurstaða er fengin, að ákærði hafi verið valdur að árásinni á Torfa Jónsson, þykir hann einnig með tilliti til þeirra óspekta, er hljóta að hafa staðið í sambandi við hana, hafa brotið 18. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 7. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930. Samkvæmt 218. gr. hegningarlaganna, 38. gr. áfengislaganna og 96. gr. lögreglusamþykktarinnar þykir refsing ákærða með tilliti til 77. gr. hegningarlaganna og þegar þess er gætt, hver örkuml hlutust af árásinni, hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Magnús Thorlacius hrl. hefur f. h. Torfa Jónssonar lagt fram við rannsókn málsins skaðabótakröfu á hendur ákærða að upphæð kr. 18000.00 — átján þúsund krónur — ásamt 6% ársvöxtum frá 15. febrúar 1946 til

greiðsludags vegna atvinnutjóns, þjáninga og skapraunar af árásinni og afleiðingum hennar. Auk þess hefur hæstaréttarlögmaðurinn krafizt innheimtulauna samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Meiðsli Torfa eru þess eðlis, að erfitt er að ákveða bætur honum til handa vegna þeirra. Þó þykir ljóst með hliðsjón af læknisvottorðum þeim, sem fyrr er getið, að hann eigi kröfu til ríflegra bóta úr hendi ákærða. Óvarlegt þykir þó að taka kröfuna til greina að fullu, og þykir eftir atvikum hæfilegt að dæma ákærða til að greiða Torfa Jónssyni kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur — í skaðabætur ásamt 6% ársvöxtum af nefndri upphæð frá 6. nóvember 1946, en þá var bótakrafan gerð, til greiðsludags. Innheimtulaunakrafa hæstaréttarlögmannsins verður eigi tekin til greina.

Ákærða ber einnig að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Á rekstri máls þessa hefur orðið nokkur dráttur. Stafar hann af því, að vitnið Þorbergur Skagfjörð Gíslason var fjarverandi úr bænum síðastliðið sumar, er málið var tekið til réttarrannsóknar hér, og enn fremur hefur reynzt mjög erfitt að hafa upp á ákærða, sem er sjómaður og skipti að minnsta kosti einu sinni um skipsrúm, meðan á rannsókn málsins stóð.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Ingjaldur Ingjaldsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Hann greiði innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa Torfa Jónssyni kr. 10000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 6. nóvember 1946 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 23. október 1950.

Nr. 124/1947. **Bókaverzlun Sigurðar Kristjánssonar**
(Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Guðna Jónssyni og gagnsök
(Magnús Thorlacius).

Setudómarar próf. Ólafur Jóhannesson og hrl. Einar B. Guðmundsson í stað hrd. Jóns Asbjörnssonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Um höfundarrétt. — Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. nóvember 1947. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Til vara krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 21. nóvember 1947. Krefst hann þess, að á þessu stigi málsins verði viðurkennd greiðsluskylda aðaláfrýjanda allt að kr. 17294.10 og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir uppsögu úrskurðar Hæstaréttar 22. marz 1950 hefur farið fram mat það, sem úrskurðurinn fjallar um.

Í máli þessu krefur gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda um greiðslu fyrir störf gagnáfrýjanda við útgáfu tiltekinna fornrita, sem aðaláfrýjandi lét ljósprenta á árunum 1945—1946 og gagnáfrýjandi telur sig hafa höfundarrétt á. Hvort sem talið yrði, að aðaláfrýjandi hafi með hinni nýju útgáfu nefndra rita brotið gegn ákvæðum laga nr. 127/1941 eða ekki, verður að telja, að gagnáfrýjandi geti beint framangreindri kröfu sinni á hendur aðaláfrýjanda. Ber því án tillits til greindra laga að meta, hvort kröfur gagnáfrýjanda hafi við rök að styðjast.

Gagnáfrýjandi bjó undir prentun fyrir aðaláfrýjanda á árunum 1934—1942 eftirtalin fornrit: Harðar sögu og Hólmverja, Gunnlaugs sögu Ormstungu, Íslendinga þætti, Eddu Snorra Sturlusonar, Egils sögu Skallagrímssonar og Njáls sögu. Bækurnar voru prentaðar eftir eldri prentuðum útgáfum sömu rita. Réð gagnáfrýjandi því, hverjar eldri útgáfur voru lagðar til grundvallar, las prófarkir og samdi nafnaskrár. Þetta starf hans, að því er varðar meginmál ritanna og nafnaskrár, var, eins og í héraðsdómi greinir, ekki þess eðlis, að það skapaði gagnáfrýjanda höfundarrétt. Gagnáfrýjandi hefur og látið vísnaskýringar fylgja ritum þessum. Eru þær að mestu teknar upp eftir eldri prentuðum útgáfum, en sjálfur hefur gagnáfrýjandi þó gert nokkrar nýjar skýringar, svo sem nánar er greint í héraðsdómi, en hvorttveggja er, að þær standa í nánu sambandi við meginmálið og að ekki kveður svo mikið að þeim, að þær geti skapað gagnáfrýjanda höfundarrétt. Gagnáfrýjandi hefur ekki leitt rök að því, að hann eigi rétt til frekari launa fyrir framangreint starf en hann hefur þegar fengið, og þar sem hann hefur ekki lagt fram neitt nýtt starf í sambandi við hina ljósprentuðu útgáfu ritanna, á hann ekki rétt til greiðslu af þessu efni.

Um formála fyrir ritunum gegnir öðru máli. Þeir verða allir að teljast sjálfstætt, frumsamið verk gagnáfrýjanda, sem hann á höfundarrétt á samkvæmt 1. gr. laga nr. 13/1905, sbr. 1. gr. laga nr. 49/1943. Réttur aðaláfrýjanda til útgáfu formálanna náði samkvæmt 4. mgr. 9. gr. nefndra laga til einnar útgáfu aðeins, þar sem ekki er í ljós leitt, að öðruvísi hafi verið samið. Önnur útgáfa formálans var aðaláfrýjanda því óheimil án samþykkis gagnáfrýjanda. Bera gagnáfrýjanda bætur úr hendi aðaláfrýjanda fyrir hina ljósprentuðu útgáfu formálanna.

Eftir atvikum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals kr. 1000.00 upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Bókaverzlun Sigurðar Kristjánssonar, ber fébótaábyrgð gagnvart gagnáfrýjanda, Guðna Jóns-

syni, vegna óheimillar útgáfu á formálum framangreindra fornrita.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samtals kr. 1000.00 að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Gizurar Bergsteinssonar hrd. og Einars B. Guðmundssonar hrl.

Aðaláfrýjandi lét á árunum 1945 og 1946 ljósprenta fornrit þau, sem í máli þessu greinir, eftir fyrri útgáfu, sem gagnáfrýjandi hafði annazt. Telur gagnáfrýjandi sig eiga fjárkröfu á hendur aðaláfrýjanda vegna hinnar ljósprentuðu útgáfu.

Aðaláfrýjandi hefur með útgáfu hinna ljósprentuðu rita án leyfis kennslumálaráðuneytis brotið 2. gr. laga nr. 127/1941 um viðauka við lög nr. 13/1905 um rithöfundarétt og prentrétt. Gagnáfrýjandi á því ekki samningslega tryggðan rétt til launa vegna hinnar ljósprentuðu útgáfu.

Er þá athugamál, hvort aðaláfrýjandi hafi með hinni ljósprentuðu útgáfu brotið höfundarrétt gagnáfrýjanda.

1. *Um texta.*

Fallast má á það álit héraðsdómenda, að val gagnáfrýjanda á textum þeim, sem notaðir voru við útgáfuna, geti ekki skapað höfundarrétt að þessari sérstöku útgáfu textanna, er verndaður sé samkvæmt lögum um rithöfundarétt.

2. *Um vísnaskýringar.*

Gagnáfrýjandi hefur um texta vísna, upptöku og skýringar að vonum stuðzt mjög við eldri fræðimenn, og er sú skoðun héraðsdómenda rétt, að samband gagnáfrýjanda við eldri vísnaskýrendur svo og samband vísnatexta og skýringa sé þess eðlis, að gagnáfrýjanda hafi ekki skapazt höfundarréttur að vísnaskýringum sínum.

3. *Um nafnaskrár.*

Með skírskotun til raka héraðsdóms verður gagnáfrýjanda ekki dæmdur höfundarréttur að nafnaskrám.

4. *Um formála.*

Lög nr. 127/1941 taka ekki til formálanna út af fyrir sig.

Formálar þessir eru verk gagnáfrýjanda og á hann höfundarrétt að þeim. Bera honum því bætur úr hendi aðaláfrýjanda vegna hinnar ljósprentuðu útgáfu þeirra, enda ekkert fram komið um, að hann hafi afsalað sér þeim rétti.

Með þessum forsendum erum við samþykkir niðurstöðu hæstaréttardómsins.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. nóv. 1947.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., hefur Guðni skólastjóri Jónsson, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 15. nóvember 1946 gegn Bókaverzlun Sigurðar Kristjánssonar, Bankastræti 3, hér í bænum, til greiðslu ritlauna að fjárhæð kr. 16150.40 auk 6% ársvaxta frá 25. október 1946 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Með framhaldsstefnu, útgefinni 9. apríl 1947, krafðist stefnandi til viðbótar kr. 1143.70 auk vaxta og málskostnaðar, svo sem fyrr var greint. Í munnlegum flutningi málsins hinn 6. þ. m. breytti stefnandi grundvelli kröfugerðar sinnar á þann veg, að hann krafðist framangreindra fjárhæða sem bóta úr hendi stefndu fyrir tjón sitt af útgáfu síðargreindra bóka. Málið var þá dómtekið, en síðar óskuðu umboðsmenn aðilja þess, að málinu yrði skipt þannig, að dómur yrði fyrst felldur um greiðsluskyldu stefndu, og samþykktu dómendur þá meðferð málsins.

Að þessu sinni eru dómkröfur stefnanda því þær, að stefndu verði dæmt skylt að bæta honum allt það tjón, sem útgáfa síðargreindra bóka hefur valdið honum, svo og að greiða málskostnað að skaðlausu.

Stefnda hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Árið 1934 samdist svo með aðiljum, að stefnandi byggi til prentunar Harðar sögu og Hólmverja, og kom hún út það ár. Sama ár bjó stefnandi til prentunar Gunnlaugs sögu Ormstungu. Veturinn 1935 gerði stefnandi Íslendingaþáttum og Snorra Eddu sömu skil, Egils sögu Skallagrímssonar árið 1937 og Njálu árið 1942. Komu bækur þessar allar út í Íslendingasagnaútgáfu Sigurðar Kristjánssonar á vegum stefndu. Samningar aðilja um þessi störf stefnanda voru munnlegir, og var honum greitt fyrir þau eftir því, sem hann þurfti á að halda, en miðað var þó við ákveðna fjárhæð fyrir hverja örk, en mishá eftir því, hver bókin var og hvenær prentuð. Ekki ræddu aðiljar um eintakafjölda eða endurprentun bókanna.

Árið 1945 voru bækur þessar að mestu uppseldar, og lét stefnda ljósprenta þær allar á árunum 1945 og 1946 án þess að leita til þeirrar ráðstöfunar samþykkis stefnanda eða greiða honum þóknun fyrir. Stefnandi, sem telur sig eiga höfundarrétt á ritum þessum, álítur þetta athæfi stefndu brot á þeim rétti sínum, og hefur hann því höfðað mál þetta til bótagreiðslu úr hendi stefndu.

Stefnda hefur í fyrsta lagi byggt sýknukröfu á því, að málið sé upphaflega höfðað til greiðslu ritlauna, en slík krafa hafi enga stoð í lögum

um rithöfundarétt né samningum aðilja. Jafnframt hefur hún mótmælt því, að stefnandi geti nú byggt dómkröfur sínar á skaðabótaákvæðum laga um rithöfundarétt.

Af málatilbúnaði stefnanda í öndverðu mátti stefndu vera ljóst, að dómkröfur stefnanda voru öðrum þræði reistar á heimildarlausri útgáfu áðurgreindra bóka og þá jafnframt, að stefnandi teldi hana brot á höfundarrétti sínum. Leiða þessar varnarástæður stefndu því eigi til sýknu.

Stefnda hefur og stutt sýknukröfu sína þeim rökum, að starf stefnanda hafi verið prófarkalestur einn, enda hafi hann verið til verksins ráðinn með þeim formála. Mótmælir stefnda því, að stefnanda hafi verið falin lagfæring hinna eldri útgáfna bókanna frá vísindalegu sjónarmiði. Kveðst stefnda sjálft eiga útgáfuréttinn, og geti stefnandi því eigi talizt útgefandi bókanna.

Í máli þessu er með skýrum rökum í ljós leitt, að verk stefnanda við útgáfu rita þessara hefur verið annað og meira en prófarkalestur, þar eð bækur þær, er hann bjó til prentunar, eru allfrábrugðnar eldri útgáfum þeirra á vegum stefndu. Hefur stefnda veitt viðtöku verkum stefnanda án athugasemda, og verður því að telja hana hafa viðurkennt starfsaðferð hans, og kemur ekki til álita í máli þessu eignarréttur hennar að eldri útgáfum, heldur verður talið, að hér sé um nýjar útgáfur að ræða, en ekki endurprentanir. Verður þá að kanna, hver réttur stefnanda er í því sambandi.

Lög nr. 13 frá 1905 kveða svo á, að höfundur hver hafi eignarrétt á því, er hann hefur samið, og njóta þýðingar sömu verndar. Lögfylgjur þessa eignarréttar eru m. a. einkaréttur höfundar til birtingar rits með þeirri takmörkun meðal annarra, er af 3. gr. laganna leiðir. Sú takmörkun hefur ekki gildi um þetta mál, þegar af þeirri ástæðu, að framangreind ljósprentun náði ekki til Íslendingasagnaútgáfunnar í heild, og auk þess er Snorra Edda almennt ekki talinn hluti þess ritsafns.

Loks hefur stefnda haldið því fram, að umrædd rit séu hvorki frumsamin né þýdd af stefnanda, og bresti því heimild til að veita þeim vernd greindra laga.

Til þess að verk það, er stefnandi hefur innt af hendi samkvæmt framansögðu, verði talið njóta verndar laga um rithöfundarétt, þykir það verða að fullnægja ákveðnum lágmarkskröfum um frumleik eða sjálfstæða efnismeðferð. Þykir því verða að meta hvert útgáfuverk stefnanda fyrir sig samkvæmt þessum meginreglum, en ekki þykir verða komizt hjá að skipta hverju riti í 4 hluta við þá könnun.

1. Texti. Að sögn stefnanda hefur hann valið milli áður prentaðra textagerða annarra fræðimanna, en ekki framkvæmt sjálfstæðar kannanir á handritunum, og þykir þegar af þeirri ástæðu verða að líta svo á, að verk hans fullnægi ekki að þessu leyti framangreindum kröfum.

2. Nafnaskrár. Þótt ljóst sé, að nafnaskrár í ritum þeim, er mál þetta er af risið, eru bæði fyllri og vandaðri en slíkar skrár voru í eldri útgáfunum og samdar af stefnanda sjálfum, þykja þær þess eðlis, að þær fullnægi ekki heldur framangreindum kröfum, enda nánast upptalning ein.

3. Vísnaskýringar. Í öllum textaútgáfum fornrita og ekki sízt þeim, sem ætlaðar eru alþýðu manna, hefur þótt hlýða að hafa skýringar á torskildum vísum. Má í slíkum útgáfum telja þær nauðsynlegan hluta verksins og ómissandi til þess, að tilgangi þess verði náð. Vísnaskýringar í útgáfum fornrita eru venjulega þannig til orðnar, að margir hafa lagt þar hönd að verki, hver af öðrum, byggir hver skýrandi á því, sem áður hefur ritað verið, eftir því sem hann hefur þekkingu til og þykir hlýða, en leggur nokkuð til frá sjálfum sér eftir atvikum. Þessu máli virðist yfirleitt gegna um vísnaskýringar í ritum þeim, sem hér ræðir um, samanber og orð stefnanda í formálum. Hafa þessi not skýringa annarra manna jafnan verið talin heimil og sjálfsögð til þess að komizt verði að sem réttustum skilningi á textanum. Þegar litið er á hið nána samband milli vísnatexta og skýringar á honum í textaútgáfum og svo hitt, hvernig þær skýringar eru að jafnaði til orðnar, þykir eftir atvikum verða að segja um skýringarnar á framangreindum ritum hið sama sem um texta og nafnaskrár.

4. Formálar. Formálar Egils sögu, Njáls sögu, Íslendinga þátta og Snorra Eddu eru allir stuttir, einkum þegar borið er saman við textana (Egils saga: 6 bls. af 368 bls. prentaðs máls, Njáls saga: 6 bls. af 463 bls., Íslendingaþættir: 8 bls. af 530 bls. og Edda Snorra Sturlusonar: 6 bls. af 410 bls. prentaðs máls). Þeir eru því mjög lítill hluti hverrar bókar, að mestum hluta greinargerð fyrir útgáfunni, og virðist ekki vera í þeim um sjálfstæðar rannsóknir að ræða. Virðist mega telja formála þessa nauðsynlegan og eðlilegan hluta útgáfunnar, er hafi ekki svo mjög sjálfstætt gildi, að stefndu hafi verið óheimilt að taka þá upp í endurprentun ritanna. Um formála Harðar sögu og Gunnlaugs sögu virðist gegna öðru máli. Þeir eru miklu lengri en áðurgreindir formálar, en gera þó grein fyrir miklu styttri ritum. Í formálum þessum er að sjálfsögðu gerð grein fyrir útgáfunni, en mestur hluti þeirra er umræða um söguna, sem út er gefin, og að því er virðist byggð á sjálfstæðum athugunum og rannsóknum. Að slepptri greinargerð fyrir útgáfunum má telja þá sjálfstæðar fræðiritgerðir.

Með hliðsjón af öllu framanrituðu þykir verða að líta svo á, að stefnandi njóti verndar laga um ríthöfundarétt aðeins að því, er varðar tvær síðastnefndar bækur, og verður því að telja ljósprentun stefndu á þeim óheimila. Samkvæmt þessu ber að taka til greina kröfu stefnanda og dæma stefndu skylt að bæta honum það tjón, er hann kann að hafa beðið af útgáfu bókanna. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður, að því er varðar þenna hluta málsins.

Dóm þenna hafa uppkveðið þeir Einar Arnalds borgardómari og meðdómsmennirnir Pétur háskólaritari Sigurðsson og dr. Steingrímur J. Þorsteinsson.

Dómsorð:

Stefnda, Bókaverzlun Sigurðar Kristjánssonar, ber fébótaábyrgð

á tjóni því, er stefnandi, Guðni Jónsson, kann að hafa beðið af framangreindri ljósprentun á Harðar sögu og Gunnlaugs sögu.
Málskostnaður falli niður í þessum hluta málsins.

Miðvikudaginn 25. október 1950.

Nr. 142/1949. **Ákæruvaldið** (Ragnar Ólafsson)
gegn
Þorsteini Elton Jónssyni (Magnús Thorlacius).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot á ákvæðum bifreiðalaga.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði telur sig hafa neytt áfengis á Bárugötu 4, eftir að hann hætti að aka bifreiðinni, en eftir því, sem fram er komið í málinu, og þegar litið er til þess, hversu akstri hans var áfátt og hinnar stuttu dvalar hans á Bárugötu 4, verður ekki talið, að ölvun hans, er lögreglumenn tóku hann til rannsóknar, stafi öll af þeirri drykkju. Verður því að telja, að ákærði hafi verið svo á sig kominn, er hann ók bifreiðinni, að varði við 3. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941. Þá hefur ákærði og með skorti á aðgæzlu við aksturinn brotið ákvæði þau, sem í héraðsdómi eru talin. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 1000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, varðhald 8 daga. Þá ber og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er í héraðsdómi greinir, að svipta ákærða leyfi til að aka bifreið 6 mánuði alls.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði héraðsdóms. Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að rannsókn máls þessa var ekki tekin nægilega föstum tökum í upphafi. Sérstaklega bar nauð-

syn til að taka ýtarlegri skýrslur af vitninu Magnúsi Ágústssyni og konu hans og samprófa þau sín í milli og við ákærða svo og að samprófa ákærða og önnur vitni, þar sem á milli bar.

Dómsorð:

Ákærði, Þorsteinn Elton Jónsson, greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar varðhald 8 daga, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal sviptur rétti til að aka bifreið 6 mánuði alls.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Ólafssonar og Magnúsar Thorlacius, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 16. júlí 1949.

Ár 1949, laugardaginn 16. júlí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Einari Ingimundarsyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2836/1949: Valdstjórnin gegn Þorsteini Elton Jónssyni, sem dómtekið var þann 9. sama mánaðar.

Málið er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn kærða Þorsteini Elton Jónssyni flugmanni, Holtsgötu 7, hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 7 janúar 1930 til refsingar, sviptingar ökuleyfis og greiðslu sakarkostnaðar.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 19. október 1921 í Reykjavík. Hann var áminntur fyrir snjókast þann 18. janúar 1937, en hefur annars ekki, svo vitað sé, sætt kæru né refsingu fyrir brot á lögum.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Um kl. 2 aðfaranótt laugardagsins 13. marz 1948 var Sigurgeir Olsen bifreiðarstjóri, Vesturgötu 26, hér í bæ, að aka bifreið sinni og stöðvaði hana fyrir utan húsið nr. 16 við Vesturgötu. Veitti hann því þá athygli, að bifreiðin R 3833 stóð inni í mynni Garðastrætis og Vesturgötu, alveg við

hliðina á bifreiðinni H 15. Gekk Sigurgeir að bifreið þessari í athugunarskyni og sá þá, að kærði var að reyna að snúa vél hennar í gang. Tókst honum þetta eftir nokkra stund, settist síðan inn í bifreiðina og ók á brott. Sigurgeir virtist eitthvað athugavert við framkomu kærða og taldi jafnvel, að hann væri undir áhrifum áfengis. Hann hefur þó tekið fram, að framkoma hans hafi ef til vill bent til þess, að fát hafi verið á honum, og ekki segist hann hafa komið svo nálægt honum (kærða), að hann fyndi af honum sérstaka lykt, og ekki kveðst hann heldur geta lýst sérstökum ölvunareinkennum í fari kærða, en taldi grunsamlegt, að hann (kærði) forðaðist hann (Sigurgeir) og lét sem minnst á sér bera. Einnig segir Sigurgeir akstur kærða hafa bent til þess, að ekki væri hann að öllu leyti með sjálfum sér, því að vandalaust hafi verið að aka klaklaust framhjá bifreiðinni H 15, þar sem hún stóð á götunni, en kærði hafði ekið á bifreið þessa, áður en Sigurgeir kom að honum.

Sigurgeir Olsen hraðaði sér nú á lögregluvarðstofuna og gerði lögreglunni aðvart um akstur kærða. Brugðu þá lögreglumennirnir Tryggvi Friðlaugsson og Ólafur Ólafsson þá þegar við, og ók Sigurgeir þeim að húsinu nr. 4 við Bárugötu, en þar hafði kærði stöðvað bifreið sína og farið inn í hús þetta. Telur Sigurgeir, að ekki hafi liðið nema 10 mínútur frá því að kærði stöðvaði bifreið sína þarna, þar til lögreglumennirnir komu á staðinn.

Fyrrnefndir lögreglumenn færðu kærða á lögregluvarðstofuna ásamt þeim Magnúsi Viggó Ágústssyni flugmanni og konu hans, Mary Ágústsson, en hjá þeim dvaldist kærði á Bárugötu 4, þegar hann var handtekinn. Báðir hafa þeir lögreglumennirnir borið, að kærði hafi verið áberandi ölvaður, er hann var handtekinn. Hafi hann reikað í spori, vínlykt hafi verið af honum og útlit hans hafi borið ölvunareinkennum vott.

Báðir hafa þeir einnig borið, að kærði hafi viðurkennt það fyrir þeim, að hann hafi ekið bifreið sinni þá áður undir áhrifum áfengis. Enn fremur hafa báðir hinir nefndu lögreglumenn borið, að ekki hafi liðið nema 10—15 mínútur frá því að lögreglunni barst vitneskja um akstur kærða, þar til þeir voru komnir inn í stofu á Bárugötu 4, þar sem kærði var staddur, er hann var handtekinn, eins og fyrr segir. Tryggvi Friðlaugsson lögreglumaður kveðst minnast þess, að hann hafi séð glös á borðum á Bárugötu 4, en veit ekki, hvað í þeim kann að hafa verið. Þess minnist hins vegar Ólafur Ólafsson lögreglumaður ekki.

Jakob Björnsson lögregluþjónn gegndi varðstjórastörfum á lögregluvarðstofunni, er þangað var komið með kærða umrædda nótt, og yfirheyrði hann kærða út af handtöku hans og tilefni hennar. Segir Jakob kærða þá hafa neitað, að hann hefði yfirleitt ekið nokkurri bifreið umrædda nótt. Hins vegar hafi hann ekki borið á móti því, að hann væri ölvaður, enda hafi útlit hans borið þess greinilegan vott, að svo væri. Eftir að kærði komst á snoðir um, að ætlunin var að taka honum blóð, gerðist hann svo æstur í skapi, að setja varð hann í járn. Neitaði hann að láta taka úr sér blóðsýnishorn, og varð því ekki úr því. Einnig hafði hann í hótunum við Tryggva Friðlaugsson lögreglumann.

Nokkrar skemmdir urðu á bifreið kærða og bifreiðinni H 15, er kærði ók á hana í Garðastræti, eins og fyrr segir.

Við rannsókn málsins hefur kærði skýrt þannig frá:

Að kvöldi þess 12. marz 1948 kveðst hann hafa dvalizt á heimili Moores flugstjóra. Kl. 9½—10 um kvöldið kveðst hann hafa drukkið whiskyblöndu, en hafi varla komizt undir áhrif áfengis af þessari drykkju. Eftir kl. 10 um kvöldið segir kærði hafa verið sýndar kvikmyndir hjá flugstjóranum, og hafi hann, meðan á sýningu þessari stóð og eftir það, ekki bragðað neitt áfengi, enda þótt honum hafi margsinnis verið boðið það. Frá Moore flugstjóra kveðst kærði hafa farið um kl. 2 um nóttina, og kveðst hann þá ekki hafa fundið til minnstu áhrifa áfengis, og hefur hann haldið staðfastlega við framburð sinn.

Ástæðuna til þess, að kærði ók á bifreiðina H 15 í Garðastræti, eins og fyrr er frá skýrt, segir hann hafa verið þá, að er hann beygði af Vesturgötu suður Garðastræti hafi hann mætt bifreið með svo skærum ljósum, að hann hafi blindazt af þeim. Hafi þetta ásamt því, hve bifreiðin H 15 stóð nálægt gatnamótunum (Vesturgötu og Garðastrætis), orðið til þess, að hann ók á bifreið þessa.

Eftir árekstur þenna kveðst kærði hafa ekið þeim hjónum Magnúsi Viggó Ágústssyni og konu hans Mary heim til þeirra á Bárugötu 4, en er þangað kom, hafi hann sezt þar inn í stofu hjá þeim. Þar kveðst hann hafa drukkið úr fullu vatnsglasi af vínblöndu og verið byrjaður á að drekka úr öðru, þegar lögreglumennirnir komu og handtóku hann. Telur hann, að þá hafi hann verið búinn að standa við í nefndu húsi um ½ klst., og kveðst þá hafa verið kominn nokkuð undir áhrif áfengis. Segir hann hafa verið ætlun sína að skilja bifreið sína eftir við fyrrnefnt hús, enda sé það skammt frá heimili hans. Ekki kveðst kærði að neinu leyti hafa verið illa fyrir kallaður til að aka bifreið, er hann ók bifreið sinni umrætt kvöld. Hann kveðst hafa talið þýðingarlaust að láta taka úr sér blóðsýnishorn, eftir að hann var handtekinn, þar eð hann hafi viðurkennt það fyrir lögreglunni, að hann fyndi þá til áhrifa áfengis.

Eins og fyrr er minnzt á, voru þau hjón, Mary og Magnús Viggó Ágústsson, farþegar í bifreið kærða, þegar hann ók utan í bifreiðina H 15 í Garðastræti, og hafði hann ekið þeim úr samkvæmi því hjá Moore flugstjóra í Stórholti 39, sem hann var sjálfur staddur í að kvöldi þess 12. marz 1948.

Hafa þau hjón bæði borið við rannsókn málsins, að þau hafi ekki veitt því athygli, hvort kærði hafi neytt áfengis heima hjá flugstjóranum, og ekki hafi þau heldur tekið eftir, hvort hann hafi virzt vera undir áhrifum áfengis, þegar hann ók bifreið sinni um nóttina. Ekki hafa umrædd hjón heldur getað borið um, hvað olli árekstrinum í Garðastræti, og minnast þau ekki, að kærði hafi mætt neinni bifreið þarna um það leyti, sem árekstur inn vildi til.

Magnús Viggó hefur látið það álit sitt í ljós, að um ½ klst. hafi liðið, frá því að kærði kom inn í íbúð hans á Bárugötu 4, þar til lögreglumennirnir komu til að sækja hann, og hafi hann á þessum tíma drukkið blöndu

af „gin" og „vermouth", sem hann veitti kærða, og segir hann hann (kærða) hafa verið búinn að drekka úr nærri fullu vatnsglasi af vínblöndu þessari, er lögreglumennirnir komu til að sækja hann.

Mary Ágústsson kveðst ekki hafa verið hjá þeim kærða og manni sínum, meðan sá fyrrnefndi stóð við hjá þeim hjónum í umrætt skipti. Hún heldur því fram, að þeir hafi einskis áfengis neytt þar, enda viti hún ekki til, að þar hafi þá neitt áfengi verið til.

Kvaddir hafa verið sem vitni við rannsókn málsins þeir Jóhannes Reykjalín Snorrason flugstjóri, Úthlíð 3, hér í bæ, og Alfreð Elíasson flugstjóri, Eskihlíð, hér í bæ. Hafa vitni þessi bæði borið, að þau hafi ekki orðið þess vör, að kærði neytti neins áfengis í samkvæminu hjá Moore flugstjóra umrætt kvöld, en þar voru þau þá bæði stödd.

Í vottorði, útgefnu þann 1. febrúar s.l., hefur Moore flugstjóri, sem nú dvelur í Ameríku, fullyrt, að kærði hafi ekki bragðað áfengi eftir kvikmyndasýninguna hjá flugstjóranum, og telur hann í sama vottorði fráleitt, að kærði hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann fór frá honum umrætt kvöld eða nótt.

Þess skal að lokum getið, að þeir Tryggvi Friðlaugsson lögregluþjónn og Sigurgeir Olsen hafa staðfest framburði sína, Tryggvi með drengskaparheiti, en Sigurgeir með eiði.

Kærði hefur frá upphafi rannsóknar þessa máls viðurkennt, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann var handtekinn í húsinu nr. 4 við Bárugötu aðfaranótt þess 13 marz 1948, enda hafa allir, sem sáu hann eftir handtökuna, borið, að mikil brögð hafi þá verið að ölvun hans. Hins vegar heldur hann því staðfastlega fram, að þá hafi hann verið kominn undir áhrif þess áfengis eins, sem hann neytti í húsi þessu, og að hann hafi verið algáður, þegar hann ók bifreið sinni að húsi þessu skömmu áður, eða, að því er hann telur, um ½ klst. áður en hann var handtekinn.

Með staðfestum framburðum þeirra Tryggva Friðlaugssonar og Sigurgeirs Olsens verður þó að telja sannað, að ekki hafi liðið nema um 10—15 mínútur frá því, að kærði ók á bifreiðina H 15, þar til lögreglumennirnir handtóku hann. Þykir ekki fært að taka mark á þeirri staðhæfingu kærða, að hann hafi komizt undir svo mikil áfengisáhrif á þessum stutta tíma, sem raun bar vitni, er hann var handtekinn, og verður því, þrátt fyrir eindregna neitun kærða, að telja sannað, að hann hafi einnig verið með áhrifum áfengis, er hann ók bifreið sinni og rakst á bifreiðina H 15 þá skömmu áður.

Með atferli sínu telst kærði því hafa gerzt brotlegur við 21. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941. Einnig telst sannað, að skort hafi á aðgæzlu hjá kærða við aksturinn, um það leyti sem hann ók á bifreiðina H 15, og hefur hann með aðgæzluskorti sínum brotið gegn 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaganna og 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930.

Þykir refsing hans samkvæmt 39. gr. áfengislaganna, 38. gr. bifreiðalaganna og 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Þá ber samkvæmt 21. sbr. 39. gr. áfengislaganna og 39. gr. bifreiðalaganna að svipta kærða leyfi til að aka bifreið í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hrl., kr. 300.00.

Sá dráttur, sem orðið hefur á rekstri máls þessa, stafar að langmestu leyti af mjög framlengdum fresti, sem skipuðum verjanda kærða var veittur til að skila vörn sinni, en að öðru leyti stafar hann af önnum við embættið.

Dómsorð:

Kærði, Þorsteinn Elton Jónsson, sæti varðhaldi í 10 daga.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hrl., kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 27. október 1950.

Nr. 76/1949. **Guðbjörg Árnadóttir** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Ólafi Bjarnasyni, Önnu Guðvarðsdóttur Ólfjörð, Margréti Ólafsdóttur og Páli Ólafssyni (Theódór B. Líndal)

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Fjárnám. — Ágreiningur um eignarrétt að munum.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, dags. 29. apríl 1949, að fengnu gjafsóknarleyfi, dags. 27. júní 1949, og áfrýjunarleyfi, dags. 27. apríl sama ár.

Í Hæstarétti hefur áfrýjandi gert eftirfarandi dómkröfur: *Að* hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og breytt með þeim hætti, að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma fjárnám í öllum þeim munum, sem upp voru skrifaðir hjá stefndu 24. nóvember 1947, til tryggingar kröfum hans á hendur stefnda Ólafi Bjarnasyni samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 20. marz 1945 með vöxtum og kostnaði. Svo krefst hann og, að hin stefndu verði dæmd in solidum til að greiða honum að skaðlausu allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og það væri ekki gjafsóknarmál, þar á meðal þóknun til skipaðs talsmanns hans eftir mati dómsins.

Af hálfu stefndu er þess krafizt, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða stefndu, hverju um sig, málskostnað fyrir Hæstarétti að skaðlausu eftir mati Hæstaréttar.

Í hinum áfrýjaða úrskurði hefur héraðsdómarinn eigi rökstutt það, að fjárnám er ekki leyft í munum þeim, sem taldir eru í töluliðunum 20, 22, 23, 24, 27 og 31 í uppskriftargerð fógetaréttarins 24. nóvember 1947. Munir þessir voru samtals virtir á kr. 16.00, og þykir þegar með hliðsjón af því eigi vera ástæða til að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð af þessum sökum.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda, kr. 600.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 600.00, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 7. ágúst 1948.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 27. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Guðbjörg Árnadóttir, krafizt þess, að gert verði fjárnám í svo miklu af eignum gerðarþola, Ólafs Bjarnasonar, Lindargötu 32, hér í bænum, að nægi til fullnægju skuldar samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 20. marz 1945, að upphæð kr. 2423.35 með 6% ársvöxtum frá 11. marz 1943 til greiðsludags, kr. 350.00 í málskostnað auk alls kostnaðar við hina umbeðnu fjárnámsgerð og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Gerðarþoli, Ólafur Bjarnason, hefur lýst yfir því, að hann sé algerlega eignalaus, en jafnframt mótmælt því, að fjárnám verði gert í þeim munum, sem upp hafa verið skrifaðir og gerðarbeiðandi sérstaklega krafizt fjárnáms í, með því að hann sé ekki eigandi þeirra, en til vara, ef svo yrði litið á, að heimilt væri að gera í þeim fjárnám, verði honum heimilt að undanskilja fjárnámi verðmæti að upphæð kr. 500.00.

Kona gerðarþola, Anna Guðvarðsdóttir Ólfjörð, hefur gengið inn í mál þetta og mótmælt fjárnámi í tilteknum munum vegna þess, að þeir séu hennar eign. Sömuleiðis hafa börn gerðarþola þau Páll Ólafsson og Margrét Ólafsdóttir gengið inn í málið og mótmælt fjárnámi í þeim munum, sem þau telja vera sína eign. Varnaraðiljar hafa hver um sig krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda.

Málavextir eru í stuttu máli þeir, að gerðarbeiðandi fluttist árið 1933 til gerðarþola sem ráðskona og vann hjá honum til haustsins 1937. Í apríl 1938 kvæntist gerðarþoli Önnu Guðvarðsdóttur Ólfjörð og fluttist inn á heimili hennar. Skuld sú, sem gerðarbeiðandi æskir eftir fullnægju á í máli þessu, er eftirstöðvar af ráðskonukaupi hennar frá þeim tíma, er hún vann hjá gerðarþola.

Gerðarbeiðandi sneri sér til fógetaréttarins með beiðni, dags. 11. sept. 1945, og óskaði eftir, að fjárnám yrði gert hjá gerðarþola, og var fjárnámið tekið fyrir hér í réttinum 26. s. m., en frestað vegna framkominna mótmæla gerðarþola. Úrskurður út af mótmælum þessum féll 31. október 1945 þess efnis, að fjárnám skyldi fara fram í hjúskapar- og séreign gerðarþola. Hins vegar var neitað um fjárnám í hjúskapar- og séreign eiginkonu hans, Önnu Guðvarðsdóttur Ólfjörð. Gerðarbeiðandi vildi ekki una úrskurðinum og áfrýjaði honum til Hæstaréttar, að fengnu áfrýjunarleyfi, með stefnu, dags. 14. júní 1946. Niðurstaða Hæstaréttar varð sú, að nefndur úrskurður var ómerktur og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar í fógetaréttinum, þar sem eigi hafði verið krafizt fjárnáms í ákveðnum munum.

Samkvæmt þessu óskaði gerðarbeiðandi þess, að málið væri tekið til meðferðar að nýju hér í réttinum, með beiðni, dags. 27. ágúst 1947. Hinn 24. nóv. s. á. fór fram uppskrift á nokkrum munum á heimili gerðarþola, sem gerðarbeiðandi taldi vera eign hans. Munir þessir verða taldir upp hér á eftir.

Flutningur málsins hefur nær eingöngu beinzt að því að leiða í ljós, hver sé eigandi hinna uppskrifuðu muna. Gerðarbeiðandi heldur því fram,

að um eignir gerðarþola sé að ræða, en varnaraðiljar staðhæfa hið gagnstæða. Hagkvæmast þykir að taka til athugunar, hvað fram hefur komið um hvern hlut fyrir sig, og verður það gert hér á eftir.

Til hægðarauka verða þeir númeraðir á sama hátt og gert var við uppskrift.

1. Rafknúin saumavél. Anna Guðvarðsdóttir Ólfjörð taldi upphaflega vél þessa keypta fyrir sjálfsaflafé sitt, en síðar skýrði hún svo frá, að hún sé jólagjöf til sín persónulega á jólunum 1945 frá Viðari Thorsteinsson heildsala. Nefndur Viðar hefur skýrt svo frá sem vitni í málinu, að hann hafi fengið Önnu saumavél þessa til afnota bæði vegna þess, að honum fundust ekki fullgreidd þau störf, sem hún hafði fyrir hann gert, svo og í vináttu skyni. Kveðst hann hafa ætlað henni að hafa vélina til persónulegra nota fyrir sjálfa sig og til að inna af höndum þau störf, sem hún kynni að vinna fyrir hann og móður hans. Enn fremur segir hann: „Að svo miklu leyti sem frú Anna á rétt á vélinni, er það algerlega persónulegur réttur og um að ræða persónulega gjöf frá mér til hennar".

Af þessari skýrslu, sem þykir, eins og á stendur, verða að leggja til grundvallar um það, hvernig umrædd vél komst í vörzlur bús þeirra hjóna Önnu Ólfjörð og gerðarþola, er ljóst, að hér er um gjöf að ræða og ef til vill að nokkru leyti gjald fyrir þjónustu, sem frúin hefur látið í té persónulega. Réttur hennar á vélinni virðist og vera algerlega bundinn við hana persónulega samkvæmt áðurnefndri skýrslu gefandans. Meira að segja er svo að sjá, sem það hafi verið ákvörðunarástæða fyrir afhendingu vélarinnar af hans hálfu, að Anna Ólfjörð nyti hennar og notaði hana jafnframt í þágu gefandans og móður hans. Þykir því verða að neita um fjárnám í þessum hlut.

2. Stigin saumavél. Anna Ólfjörð kveðst hafa keypt saumavél árið 1936 hjá Reiðhjólaverkstæðinu Erninum. Árið 1940 kveðst hún hafa skipt á henni við Ólöfu Halldórsdóttur, Lindargötu 39. Með rskj. nr. 12 þykir sannað, að frásögn hennar um kaup á vélinni sé rétt. Nefnd Ólöf hefur og staðfest frásögn hennar um skipti þau, er hún telur þær hafa haft á saumavélum. Eftir atvikum þykir einnig verða að telja staðhæfingu Önnu um þessi vélaskipti nægilega sannaða.

Það er því ljóst, að hin umdeilda saumavél er komin í bú gerðarþola og Önnu Ólfjörð í stað vélar, sem hún átti, áður en hjúskapur milli þeirra var stofnaður, án þess að nokkurt annað verðmæti kæmi fyrir til viðbótar. Það þykir eðlilegast að líta svo á, að saumavél þessi teljist hjúskapareign Önnu. Lög nr. 20 frá 20. júní 1923 virðast ekki kveða skýrt á um þetta tilvik, en þessi skilningur virðist vera í samræmi við 23. gr. þeirra, sem fjallar um séreign, en engar skynsamlegar ástæður virðast vera fyrir því, að aðrar reglur gildi um hjúskapareign en séreign að þessu leyti. Samkvæmt þessu verður að neita um fjárnám einnig í þessari saumavél.

3. Hlutabréf. Það er upplýst, að Anna Ólfjörð er skráð fyrir eitt þúsund króna hlutafé í verzlun Matthildar Björnsdóttur h/f. Ástæðan fyrir því virðist hafa verið sú, að frú Matthildi Björnsdóttur vantaði fimmta mann

til þess að geta stofnað löglegt hlutafélag, og virðist Anna hafa orðið fyrir valinu sakir kunningsskapar þeirra. Önnu og Matthildi Björnsdóttur, sem mætt hefur hér í réttinum sem vitni, kemur saman um, að Anna hafi aldrei greitt hlutafé þetta, enda var upplýst í munnlegum flutningi málsins, að hún hafi aldrei fengið bréf fyrir þessari upphæð í sínar vörzlur. Báðar virðast þær líta svo á, að Matthildur hafi umrætt bréf að handveði fyrir hinu vangreidda hlutafé. Gerðarbeiðandi nefur ekki sérstaklega mótmælt því, að umrætt hlutafé sé ógreitt. Verður því að leggja skýrslur þeirra Önnu og Matthildar til grundvallar um þetta atriði. Af framansögðu sést hins vegar, að sú eign, sem kann að vera fólgin í nefndu hlutabréfi, er til orðin eingöngu fyrir atbeina nefndrar Önnu. Bréfið er því hjúskapareign hennar samkvæmt 17. gr. laga nr. 20 frá 20. júní 1923, og verður ekki af þeim sökum gert fjárnám í því.

4. *Standlampi.* Telja verður, að Anna Ólfjörð hafi ekki fært nægilegar sönnur á, að hún sjálf hafi aflað þeirra peninga, sem nefndur standlampi var keyptur fyrir. Framkomin mótmæli gegn fjárnámi í honum verða því ekki tekin til greina.

5. og 6. *Armstóll og borðstofustóll.* Vitnin Vilmar Thorstensen, Margrét Halldórsdóttir, Marzelía Jónsdóttir, Hjalti Finnbogason og Matthildur Björnsdóttir hafa öll staðfest hér í réttinum, að þessir munir hafi verið til á heimili Önnu frá fyrra hjónabandi hennar. Verður því að telja, að sannað sé, að þessir munir séu hjúskapareign hennar.

7. *Tveir kollóttir stólar með púðum.* Anna Ólfjörð hefur skýrt svo frá, að stólarnir séu afmælisgjöf til sín persónulega 15. des. 1944. Síðar kveðst hún hafa gefið Margréti stjúpdóttur sinni annan stólinn. Gefendurnir, Matthildur Björnsdóttir og Hjalti Finnbogason, hafa staðfest, að rétt sé frá skýrt um það atriði, sem þau varðar, og Margrét um hitt. Þessa vitnisburði þykir verða að leggja til grundvallar og taka framkomin mótmæli gegn fjárnámi í munum þessum til greina. Hins vegar verður að leyfa fjárnám í ofannefndum púðum, enda ósannað, að efni það, sem í þá fór, hafi tilheyrt Önnu, áður en hjúskapur þeirra gerðarþola var stofnaður.

8., 9. og 10. *Þrjár „pullur", fjórir púðar og þrifætt blómaborð.* Telja verður sannað með framburði vitnanna Vilmars Thorstensen, Margrétar Halldórsdóttur, Marzelíu Jónsdóttur og Hjalta Finnbogasonar, að munir þessir, að undantekinni einni „pullu", hafi verið til í búi Önnu, áður en hjúskapur var stofnaður með þeim gerðarþola. Fjárnám verður því aðeins leyft í nefndri „pullu", sem virðist hafa bætzt búi hennar síðar.

11. *Gítar.* Með vitnisburðum Unnar Guðjónsdóttur og Jóhönnu Jóhannesdóttur þykir sannað, að Margrét Ólafsdóttir eigi nefndan gítar.

12. *Rafmagnsofn.* Páll Ólafsson heldur því fram, að hann sé eigandi að ofni þessum. Systir hans, Margrét Ólafsdóttir, Anna Ólfjörð og gerðarþoli hafa öll borið, að rétt sé frá skýrt um mun þenna.

Þegar þess er gætt, að nefndur Páll er í sama heimili og gerðarþoli, verður ekki talið óeðlilegt, að fyrir geti komið, að munir, sem hann á, séu utan svefnherbergis hans. Verður því eftir atvikum að leggja skýrslur

hans og heimilisfólksins til grundvallar og neita um fjárnám í þessum hlut.

13.—18. *Kassi, blómsturpottur úr leir, blómsturpottur úr eir, kertastjaki, leirvasi með höldu og diskur.* Telja verður ósannað, að munir þessir séu hjúskapar- eða séreign Önnu Ólfjörð, að undanskildum kassa nr. 13., en hvað hann varðar þykir verða að byggja á vitnisburði Matthildar Björnsdóttur. Fjárnám verður því ekki leyft í honum.

19. *Anna frá Stóruborg.* Telja verður nægilega sannað með framburði Jóhönnu Jóhannesdóttur ásamt öðru, sem fram hefur komið í málinu, að Margrét Ólafsdóttir eigi þessa bók, enda er hún í heimili með gerðarþola á sama hátt og Páll bróðir hennar.

21., 26., 28., 29., 30. *Biblíuljóð 1. og 2. bindi, Store Nordiske Konversations Leksikon, Lærebog i Fysik, Fuldkommen Sundhed og Vejen dertil, og Historischer Schul-Atlas.* Telja verður ósannað, að bækur þessar séu hjúskapareign Önnu, og verða því mótmæli gegn fjárnámi í þeim ekki tekin til greina.

32. *Ómálað borð með dúk.* Þessa muni telja vitnin Matthildur Björnsdóttir, Vilmar Thorstensen, Hjalti Finnbogason, Margrét Halldórsdóttir og Marzelía Jónsdóttir hafa verið til í búi Önnu frá fyrra hjónabandi. Fjárnám verður því ekki leyft í þeim.

33. *Óstoppaður bekkur með teppi og púðum.* Telja verður sannað með skýrslu Matthildar Björnsdóttur, að bekkurinn sé gjöf frá henni til Önnu persónulega, enda liggur það fyrir í málinu, að hún sefur á honum. Ber því að neita um fjárnám í honum. Hins vegar er ekki ljóst, hvenær eða hvernig teppið og púðarnir komust í vörzlur Önnu. Verður því að leyfa fjárnám í þeim.

34. *Málaður skápur.* Með vitnisburði Ólafar Halldórsdóttur og öðrum reyndum málsins verður að telja sannað, að Margrét Ólafsdóttir eigi þenna skáp.

35. og 36. *Glerskál og kaffikanna úr gleri.* Með vitnisburði gefendanna, Önnu Oddgeirs og Marzelíu Jónsdóttur, verður eftir atvikum að telja nægilega sannað, að munir þessir séu tækifærisgjafir til Önnu Ólfjörð persónulega. Þykir því verða að neita um fjárnám í þeim.

37. *Útvarpstæki.* Það verður að telja upplýst, að Anna Ólfjörð átti útvarpstæki, áður en hún giftist gerðarþola. Þessu tæki kveðst frúin hafa skipt fyrir annað, er hún eigi nú, og hafi hún gefið kr. 35.00 á milli. Það er ekki vitað, hversu tæki þessi voru verðmæt, er skipti fóru fram. Hins vegar er viðurkennt, að fé það, sem gekk til milligjafarinnar, var nokkru hærra en virðingarverð hins uppskrifaða tækis. Með tilliti til þessa verða mótmæli gegn fjárnámi í þessum mun ekki tekin til greina, enda ósannað, að áðurnefnd milligjöf hafi verið greidd af sjálfsaflafé Önnu.

Samkvæmt þessu ber að leyfa fjárnám í eftirgreindum munum: Standlampa, púða, „pullu", blómsturpotti úr eir, blómsturpotti úr leir, kertastjaka, leirvasa með höldu, disk, Biblíuljóðum 1. og 2. bindi, Store Nordiske Konversations Leksikon, Fuldkommen Sundhed og Vejen dertil, Lærebog í Fysik, Historischer Schul-Atlas, teppi, púðum og útvarpstæki.

Taka verður til greina kröfu gerðarþola, sem hefur fyrir heimili að sjá, um það, að honum heimilist að undanskilja fjárnámi muni að virðingarverði kr. 500.00, enda hefur henni ekki verið mótmælt.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Úrskurður þessi er ekki fyrr kveðinn upp vegna mikilla anna við embættið.

Því úrskurðast:

Umbeðið fjárnám skal fara fram í standlampa, púða, „pullu", blómsturpotti úr eir, blómsturpotti úr leir, kertastjaka, leirvasa með höldu, diski, Bibliuljóðum 1. og 2. bindi, Store Nordiske Konversations Leksikon, Lærebog i Fysik, Fuldkommen Sundhed og Vejen dertil, Historischer Schul-Atlas, teppi, púðum og útvarpstæki, þó þannig, að gerðarþola heimilast að undanskilja fjárnámi muni að virðingarverði kr. 500.00.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 30. október 1950.

Nr. 56/1950. **Ákæruvaldið** (Guttormur Erlendsson)
gegn
Gunnari Marel Jónssyni (Einar Ásmundsson).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot á ákvæðum áfengislaga, bifreiðalaga og umferðarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Gunnar Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Ákærði hafði ekki látið endurnýja ökuskírteini sitt samkvæmt ákvæðum 5. málsgr. 20. gr. laga nr. 23/1941, og var skírteini hans því ógilt. Akstur ákærða án þess að hafa ökuskírteini varðar við 1. málsgr. 20. gr. laga nr. 23/1941. Að öðru leyti hefur héraðsdómari fært brot ákærða réttilega til refsiákvæða. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 15 daga varðhald.

Eins og að framan er rakið, var ökuleyfi ákærða fallið úr gildi. Ber því að svipta ákærða rétti til að öðlast ökuskírteini af nýju, og telst sú réttindasvipting hæfilega ákveðin eins og í héraðsdómi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað. Ákærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, 500 krónur til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Marel Jónsson, sæti varðhaldi 15 daga.

Hann er ævilangt sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi af nýju.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guttorms Erlendssonar og Einars Ásmundssonar, 500 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 12. apríl 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 4. þ. m., er af ákæruvaldinu höfðað gegn Gunnari Marel Jónssyni stórskipasmið, til heimilis að Vestmannabraut nr. 1 í Vestmannaeyjum, fyrir brot gegn 7. gr., 20. gr., 1. mgr. 23. gr. og 27. gr. sbr. 38. gr. og 39. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 16. júní 1941, 2. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaganna nr. 24 frá 16. júní 1941, 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaganna nr. 33 frá 9. janúar 1935 og 46. og 48. gr. sbr. 84. gr. lögreglusamþykktar Vestmannaeyjakaupstaðar, til refsingar, ökuleyfissviptingar og sakarkostnaðargreiðslu.

Kærði, sem er fæddur þann 6. janúar 1891 að Framnesi í Eyrarbakkahreppi, er kominn yfir lögaldur sakamanna. Hann hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1934 7/2 Sátt: 15 kr. sekt fyrir brot á heilbrigðissamþykkt Vestmannaeyja.

1938 18/11 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun við bifreiðarakstur.

1939 7/12 Dómur: 150 kr. sekt og sex mánaða ökuleyfissvipting fyrir ölvun við bifreiðarakstur.

1941 3/1 Sátt: 25. kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1941 15/7 Kærður fyrir ölvun við bifreiðarakstur. Látið falla niður vegna ófullnægjandi sannana.

1942 22/10 Kærður fyrir brot á fyrirmælum loftvarnanefndar. Afgreitt sama dag með aðvörun.

1944 16/10 Undir rannsókn vegna ölvunar við bifreiðarakstur. Fellt niður vegna sannanaskorts.

Samkvæmt eigin játningu kærða og því, sem á annan hátt er í ljós leitt í málinu, eru málavextir þessir:

Með kæru, dags. 2. þ. m., sem barst dómaranum í hendur þann 3. þ. m., kærði bifreiðaeftirlitsmaðurinn hér, Már Frímannsson, yfir því, að kærði, Gunnar Marel Jónsson skipasmíðameistari, hefði verið ölvaður við akstur á vöruflutningabifreið sinni V 73, að kvöldi þess 31. fyrra mánaðar. Segir eftirlitsmaðurinn í kæruskjalinu á dómsskjali nr. 1, að hann hafi verið staddur um kl. 23 greint kvöld niðri á svonefndri Nýjubryggju við verkamannaskýlið þar. Kvaðst hann þá hafa séð kærða koma út úr skýlinu og fara inn í bifreið sína, sem þá stóð skammt frá skýlinu. Segir eftirlitsmaðurinn, að kærði hafi gert tilraun til að aka bifreið sinni í burt, en vegna ölvunarástands hans hafi mjóu munað, að hann æki bifreiðinni á aðrar bifreiðar, sem stóðu þarna á bryggjunni skammt fyrir aftan bifreið kærða. Segir eftirlitsmaðurinn, að strax og hann hafi orðið þessa var, hafi hann farið að bifreið kærða og getað seilzt inn um opinn glugga á stýrishúsi hennar og stöðvað frekari akstur bifreiðarinnar. Bauðst eftirlitsmaðurinn til þess að aka bifreið kærða og kærða heim til hans, en það boð var ekki þegið.

Þar sem eftirlitsmaðurinn taldi kærða vera ofurölvi, neyddist hann til þess að taka af honum „svlss"-lykilinn úr bifreiðinni.

Kæruskjal sitt staðfesti eftirlitsmaðurinn fyrir lögregluréttinum samdægurs og það var afhent dómaranum. Lýsir hann áfengis- eða ölvunareinkennum kærða þar nánar þannig, að kærði hafi verið þvöglulegur í máli, reikað í spori, er hann kom út úr bifreiðinni, og þrútinn og rauður í andliti. Fullyrðir eftirlitsmaðurinn, sem þekkir kærða vel, að enginn vafi hafi leikið á því, að kærði hafi verið mikið ölvaður, er hann stöðvaði bifreið hans í umrætt sinn. Bifreiðin hafi og ekki verið með lögboðnum ljósum, er kærði ók henni í greint skipti.

Þar sem eigi náðist strax í kærða til yfirheyrslu, eftir að réttarskýrsla hafði verið tekin af bifreiðaeftirlitsmanninum, voru nokkur vitni, sem gátu borið vætti í málinu, yfirheyrð áður en réttarskýrsla var tekin af kærða.

Kærði var hins vegar leiddur fyrir dóm, strax og í hann náðist þann 4. þ. m. Var honum kynnt efni kæruskjalsins á dómskjali nr. 1, og viðurkenndi kærði, að hann hefði ekkert við kæruna að athuga. Hann viðurkenndi fyrir dóminum, að hann hefði drukkið umrætt kvöld, þann 31. f. m., um einn pela af „gin" inni í skrifstofu sinni, sem sé svo til beint upp af Nýjubryggju. Hann viðurkenndi og, að ætlun hans hafi verið sú að aka bifreið sinni, sem sé vöruflutningabifreiðin V 73 og greint kvöld stóð austantil við verkamannaskýlið á Nýjubryggju, heim að Vestmannabraut nr. 1.

Í því skyni hafi hann sett vél bifreiðarinnar í gang og ekið henni smáspöl afturábak, þar til Már Frímannsson bifreiðaeftirlitsmaður hafi komið

að bifreið hans, bannað honum frekari akstur á bifreiðinni og tekið af honum „sviss"-lykilinn. Hefur kærði viðurkennt, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við þenna bifreiðaakstur.

Kærði skýrði svo frá í sama réttarhaldi, að síðar um nóttina, er víman hefði verið runnin af honum, hafi hann sótt bifreið sína niður á Nýjubryggju og ekið henni heim til sín, enda hafi hann haft annan „sviss"-lykil að bifreiðinni en þann, sem bifreiðaeftirlitsmaðurinn hafi tekið af honum um kvöldið, eins og áður er rakið.

Samkvæmt kröfu dómarans afhenti kærði honum í þessu réttarhaldi, þann 4. þ. m., ökuskírteini sitt, sem er nr. 303, útgefið hér í Vestmannaeyjum þann 4. ágúst 1938. Skírteinið ber með sér, að það hefur ekki verið endurnýjað frá útgáfu þess, svo sem fyrir er mælt, að gera skuli á 5 ára fresti, samkvæmt 20. gr. bifreiðal. in fine.

Vætti þau, sem borið hafa um áfengisáhrif kærða í umrætt sinn, eru þessi:

1. Sveinn Sigurðsson bifreiðarstjóri. Vitni þetta kvaðst hafa verið inni í verkamannaskýlinu rétt fyrir kl. 23 umrætt kvöld, og hafi kærði þá verið þar „áberandi undir áhrifum áfengis". Vitni þetta sá kærða þarna með áfengisflösku í hendinni, án þess þó að það sæi kærða neyta úr henni. Vitnið fylgdist með látbragði og framkomu kærða þarna inni um stund og merkti af hvoru tveggja, að hann væri undir áhrifum áfengis. Það sá hann ríkast við eða erta Björgvin skipstjóra Jónsson þarna inni, og vitnið telur sig hafa komizt í að bæta um glugga í skýlinu, sem kærði hafi nýverið verið búinn að brjóta glerið í, er vitnið kom niður í skýlið.

Vitnið varð þess vart, er kærði hvarf úr skýlinu, og sá til ferða hans upp í bifreið kærða V 73, sem stóð rétt fyrir austan skýlið. Vitnið veitti því einnig eftirtekt, að kærði setti vél bifreiðarinnar í gang, að hann ók henni nokkurn spöl afturá, þar til hún var nær því komin að bifreið (V 56), er þarna stóð skammt frá bifreið kærða, og því, er Már Frímannsson kom að bifreið kærða. Segir vitnið, að Már hafi þá beðið vitnið, sem þá var komið út úr bifreið sinni, að huga að ástandi kærða og vera þess búið að votta um það, ef með þyrfti. Hefur vitnið fyrir dómi þann 4. þ. m. fullyrt, að kærði hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann kom út úr bifreið sinni í umrætt sinn. Hann hafi verið rauður og þrútinn í andliti.

2. Árni Guðmundsson bifreiðarstjóri. Vitni þetta hefur borið, að það hafi verið statt niðri í verkamannaskýli skömmu fyrir kl. 23 þann 31. f. m., og hafi það þá séð kærða þar inni „talsvert ölvaðan". Hann hafi verið með áfengisflösku í höndunum og að óvenjumikill „sláttur" hafi þá verið á honum. Vitnið sá ekki kærða neyta úr flöskunni, en sá hann hins vegar brjóta rúðu þar inni. Vitnið sá kærða fara út í bifreið sína og heyrði hann setja vél hennar í gang og sá hann aka henni afturábak dálítinn spöl. Segist vitnið hafa óttazt, að bifreiðinni yrði ekið á næstu bifreið þarna, V 56, og því hafi það kallað aðvörunarorðum til bifreiðarstjóra þeirrar bifreiðar. Þegar vitnið var komið út úr bifreið sinni og að bifreið kærða, var þar þá einnig kominn Már Frímannsson. Segir vitnið, að kærði hafi þá verið að þess áliti álíka mikið undir áhrifum áfengis og inni í skýlinu

rétt áður. Kærði hafi þá „aðeins reikað í spori" og verið háværari í rómi en venjulega.

3. Björgvin Jónsson skipstjóri. Vitni þetta hefur borið það, að það hafi verið statt niðri í verkamannaskýlinu seint að kvöldi þess 31. f. m. Hafi kærði þá komið til sín og farið að stríða sér eða erta, aðallega með því, að hann hafi verið dæmdur fyrir landhelgisbrot. Telur vitnið fullvíst, að kærði hafi verið undir áhrifum áfengis þarna. Kærði hafi farið úr jakka sínum og kastað honum í áttina til vitnisins, en ekki hæft það, en fatið hins vegar lent í glugga á skýlinu og brotið glerið í glugganum. Vitnið segir, að kærði hafi verið örari en venjulega, enda sé það ekki vani hans að vera með stríðni eða ertni, er hann sé allsgáður. Vitnið segist hafa fylgzt með kærða út úr skýlinu og að bifreið kærða, sem stóð þá skammt frá skýlinu. Segist vitnið ekki hafa séð kærða neyta áfengis umrætt kvöld og ekki hafi það farið með honum inn í stýrishús bifreiðar kærða, en horfið frá honum, þar sem kærði stóð við stýrishúsið og þar sem hann hafi verið búinn að opna dyr á stýrishúsi bifreiðar sinnar. Vitnið heyrði því ekki, er kærði setti vél bifreiðarinnar í gang, né sá til aksturs hennar í þetta sinn.

4. Sigurður Helgi Jónsson bifreiðarstjóri. Vitni þetta kom á vöruflutningabifreið sinni V 56 niður að verkamannaskýlinu rétt fyrir kl. 23 þann 31. f. m., eða um það leyti. Stöðvaði vitnið bifreið sína fyrir norðan skýlið og fyrir norðan bifreiðarnar V 72 og V 90, sem stóðu þá einnig að norðanverðu við skýlið, en þó þannig, að vitnið kveðst hafa stöðvað bifreið sína rétt austar en hinar tvær bifreiðarnar, þ. e., að stýrishúsið á bifreið sinni hafi náð austur fyrir framenda á hinum bifreiðunum. Segist vitnið síðan hafa setið um stund inni í stýrishúsi á bifreið sinni og haft vél bifreiðarinnar í gangi. Allt í einu kveðst vitnið hafa heyrt hróp og köll og samtímis séð bifreiðinni V 73 ekið aftur á bak sem næst að bifreið vitnisins, en vitnið hafi þá ekið bifreið sinni afturábak til þess að verða ekki fyrir árekstri af V 73, en þess hafi þó ekki verið þörf, því að bifreið kærða hafi verið stöðvuð, áður en að bifreið vitnisins hefði verið komið, þó henni hefði ekki verið ekið afturábak. Vitnið varð þess síðan vart, að Már Frímannsson kom að bifreið kærða, og fór það þá út úr bifreið sinni og sá þá, að kærði var ekki allsgáður, enda tók vitnið eftir því, að kærði reikaði dálítið í spori.

Öll framangreind vitni lýstu yfir því, að þau væru reiðubúin að staðfesta framburði sína með eiði, en dómarinn taldi eiðvinningar ekki þörf, þar eð kærði hefur fyrir dómi játað að hafa verið við bifreiðarakstur að kvöldi þess 31. f. m. með framanlýstum hætti undir áhrifum áfengis.

Það virðist í ljós leitt með vísun til framangreindra vitnaframburða, eigin játningar kærða hér fyrir dómi og öðrum gögnum, þar á meðal réttarskýrslu bifreiðaeftirlitsmannsins hér, að kærði hefur gerzt sekur, seint að kvöldi þess 31. f. m., um að aka bifreið sinni V 73 1) ljóslausri, 2) undir áhrifum áfengis og 3) án þess að sýna nauðsynlega aðgæzlu og varkárni. Loks í 4. lagi hefur kærði gerzt sekur um að vanrækja að láta endurnýja ökuskírteini sitt innan tilskilins frests.

Kærði hefur því að áliti réttarins gerzt sekur um brot gegn eftirtöldum laga- og reglugerðarákvæðum:

1) 2. mgr. 46. gr. lögreglusamþykktar Vestmannaeyjakaupstaðar nr. 41 frá 31. marz 1928 og 7. gr. laga nr. 23 frá 16. júní 1941.

2) 3. mgr. 48. gr. lögreglusamþykktar Vestmannaeyja, 23. gr. laga nr. 23 frá 16. júní 1941, 2. mgr. 4. gr. laga nr. 24 frá 16. júní 1941 og 21. gr. laga nr. 33 frá 9. janúar 1935.

3) 27. gr. laga nr. 23 frá 16. júní 1941.

4) 20. gr. in fine laga nr. 23 frá 16. júní 1941.

Refsing kærða, Gunnars Marels Jónssonar, þykir því, með vísun til 84. gr. lögreglusamþykktar Vestmannaeyja, 38. gr. laga nr. 23/1941 (bifreiðalaga), 39. gr. laga nr. 33/1935 (áfengislaga) og 14. gr. laga nr. 24/1941 (umferðarlaga) sem og þess, að kærði hefur tvívegis áður sætt sekt fyrir ölvun við áfengisakstur, hæfilega ákveðin 20 daga varðhald.

Kærði hefur samkvæmt framlögðu hegningarvottorði tvívegis áður gerzt sekur um akstur bifreiðar ölvaður og auk þess tvívegis verið kærður fyrir ölvun við bifreiðarakstur, en frekari aðgerðir í bæði skiptin látnar niður falla vegna sannanaskorts eftir efni hegningarvottorðsins að dæma.

Með tilliti til þessa, einkum þess, að kærði hefur áður tvívegis sætt sekt fyrir ölvun við bifreiðarakstur sem og hve oft kærði hefur áður gerzt sekur við landslög, þykir ekki verða hjá því komizt með vísun til 39 gr. laga nr. 23 frá 1941 að svipta kærða ökuleyfi ævilangt.

Þá þykir verða að leggja á kærða allan sakarkostnað í máli þessu.

Dómsuppsaga í máli þessu hefur dregizt nokkra daga umfram þörf vegna páskavikunnar og meira aðkallandi anna dómarans. Að öðru leyti telur dómarinn, að rekstur málsins hafi verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði, Gunnar Marel Jónsson, sæti varðhaldi í 20 daga.

Hann skal sviptur bifreiðarstjóraréttindum ævilangt.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 30. október 1950.

Nr. 120/1949. **Núpur h/f.**
gegn
Kristni Helgasyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Núpur h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 30. október 1950.

Nr. 122/1949. **Núpur h/f**
gegn
Grétari Kristinssyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Núpur h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 30. október 1950.

Nr. 95/1950. **Einar Nikulásson**
gegn
Sölunefnd setuliðseigna

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Einar Nikulásson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 30. október 1950.

Nr. 95/1950. **Eigendur e/s Hugins**
gegn
Jóni Guðmundssyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, eigendur e/s Hugins, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 30. október 1950.

Nr. 98/1950. **Gunnar Þorsteinsson**
gegn
Guðmundi Gíslasyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gunnar Þorsteinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 30. október 1950.

Nr. 99/1950. **Ólafur Einarsson**
gegn
Theódór Siemsen

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólafur Einarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 30. október 1950.

Nr. 102/1950. **Kristján Kristjánsson**
gegn
Borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristján Kristjánsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. nóvember 1950.

Nr. 63/1950. **Ákæruvaldið** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Jóni Gunnþóri Einarssyni (Theódór B. Lindal).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Hjálmar Vilhjálmsson, bæjarfógeti á Seyðisfirði, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Skólastjóri Stýrimannaskólans hefur markað á sjóuppdrátt línu þá milli Svartness og Skarfatanga, sem um ræðir í héraðsdómi. Er allt það svæði, sem landmegin er við þá línu, meira en 3 sjómílur innan landhelgislínu. Með skírskotun til þessa og þar eð gullgildi íslenzkrar krónu er óbreytt frá því, sem það var, er héraðsdómur var kveðinn upp, þykir mega staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að greiðslufrestur sektarinnar telst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar telst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Theódórs B. Líndals, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Seyðisfjarðar 15. apríl 1950.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Gunnþóri Einarssyni skipstjóra, til heimilis Öldugötu 8, Seyðisfirði, fyrir ætlað brot á lögum nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 frá 11. apríl 1924, svo og til greiðslu málskostnaðar.

Kærði, sem náð hefur lögaldri sakamanna, er fæddur 30. júlí 1915. Hann var með dómi lögregluréttar Þingeyjarsýslu 30. október 1948 dæmdur í 29500 króna sekt fyrir brot gegn 1. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920. Að öðru leyti hefur hann ekki sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Hinn 18. nóvember s.l. var kærði skipstjóri á v/s Ásþór N. S. 9 frá Seyðisfirði, er þá stundaði togveiðar. Þenna dag var báturinn staddur á Bakkafirði. Um kl. 14 þá um daginn fóru 5 Bakkfirðingar á trillubát út á fjörðinn til þess að athuga nánar um athafnir togbátsins, er þeim virtist vera þarna á togveiðum á firðinum. Þessir 5 Bakkfirðingar hafa allir verið leiddir sem vitni í máli þessu.

Ber þeim öllum saman um það, að báturinn hafi verið að togveiðum innan línu, sem hugsast dregin milli Svartness og Skarfatanga, en þar fyrir innan er hin löggilta höfn fyrir Höfn við Bakkafjörð, sbr. reglugerð nr. 97 frá 13. maí 1947.

Vitnið Hjálmar Sigurður Hjálmarsson sjómaður segir, að það hafi sézt greinilega, að báturinn hafi verið þarna að togveiðum. Vitnið Njáll Halldórsson sjómaður segir, að togbáturinn hafi verið að enda við að taka inn hlerana, þegar vitnið kom í námunda við hann, en hann hafi síðan sett á fulla ferð með vörpuna aftan í. Vitnið Ólafur Guðmundsson sjómaður segir, að dragstrengirnir hafi greinilega sézt aftur af togbátnum og að togbáturinn hafi sett á fulla ferð, er trillubáturinn nálgaðist, og heldur, að togbáturinn hafi þá verið að draga inn veiðarfærin. Vitnið segir, að þeir á trillunni hafi komið svo nærri togbátnum, að greinilega hafi

sézt, að togbáturinn var með botnvörpuna í eftirdragi. Vitnið Arnmundur Jónasson sjómaður segir, að þeir á trillunni hafi komið mjög nærri togbátnum, að greinilega hafi sézt, að togbáturinn var með dragstrengi aftan í, enn fremur, að þeir á togbátnum hafi verið að draga inn veiðarfærin og taka inn hlerana, þegar þeir komu að þeim, en togbáturinn hafi þá sett á fulla ferð og haldið út fjörð. Loks segir vitnið Jakob Eiríksson sjómaður, að þeir hafi komið mjög nærri v/s Ásþór og að dragstrengirnir hafi greinilega sézt aftur af bátnum. Vitni þessu virtist togbáturinn setja á fulla ferð út og norður flóann, þegar hann varð var við trilluna.

Öll voru vitni þessi saman í áðurnefndum trillubát, og öll hafa þau staðfest framburð sinn með eiði.

Kærði viðurkennir að hafa verið á togbát sínum Ásþór umræddan dag á Bakkafirði og hafa látið reka þar fyrri part dags til kl. 15 og síðan lagzt fyrir akkeri á hafnarlegunni. Hann neitar því hins vegar að hafa verið þar að togveiðum og heldur því fram, að umbúnaður veiðarfæra hafi verið fullkomlega löglegur, lásað úr hlerum og varpan á dekki.

Rannver Björgvin Bjarnason, sem var stýrimaður á togbátnum, hefur verið krafinn vættis og kannast einnig við, að togbáturinn hafi verið á Bakkafirði umræddan dag, en neitar því, að þeir hafi verið þar að veiðum. Vegna storms hafi verið kippt á og látið reka.

Valtýr Guðmundsson, sem var matsveinn á togbátnum og leiddur var sem vitni, segir, að togbáturinn hafi komið inn á höfnina á Bakkafirði þenna dag vegna storms og bilunar á veiðarfærum, en hins vegar álítur hann, að þeir hafi alls ekki verið að togveiðum þar.

Loks var Sigurður Stefán Friðriksson, sem var háseti á togbátnum, krafinn vættis, en hann kveðst ekki vita til þess, að togað hafi verið inn á Bakkafirði, og segir, að slíkt hafi ekki átt sér stað, þegar hann var á þilfari. Segir hann, að ekki hafi verið togað þenna dag vegna hvassviðris.

Um þrjú síðasttalin vitni gildir það, að þau voru öll í þjónustu kærða, er þau voru leidd, tóku enn fremur kaup sitt í aflahlut og geta því ekki talizt lögfull vitni í máli þessu.

Með skírskotun til framangreindra ákvæðinna og eiðfestra framburða fimm sjómanna á Bakkafirði, sem raunar eiga fulla stoð í framburði kærða og skipverja hans um stað togbátsins, þykir ekki varhugavert að telja sannað, að v/s Ásþór N. S. 9 hafi verið að veiðum með botnvörpu á fyrrgreindum stað og tíma, þrátt fyrir neitun kærða að hafa verið þar að togveiðum og framburð nokkurra skipverja hans í sömu átt, en þeir geta samkvæmt framanrituðu ekki talizt lögfull vitni, enda verður að telja þá hluttakendur í hinum refsiverða verknaði kærða, þótt þeir séu lögum samkvæmt undanþegnir refsingu.

Þar eð áðurnefnt löggilt hafnarsvæði er allt tvímælalaust innan landhelgislínu, hefur kærði gerzt sekur um brot á 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, og varðar það hann refsingu samkvæmt 3. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Refsing kærða er með hliðsjón af gullgildi íslenzku krónunnar í dag, 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlakrónum, hæfilega ákveðin 74000 króna

sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá verður samkvæmt 5. gr. laga nr. 5/1920 að dæma kærða, sem hinn 30. okt. 1948 sætti refsidómi fyrir botnvörpuveiðar í landhelgi, til að sæta varðhaldi í 2 mánuði.

Enn fremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og afli, er innanborðs voru í v/s Ásþór N. S. 9, upptæk ger og andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma kærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, héraðsdómslögmanns Erlends Björnssonar, er þykja hæfilega ákveðin kr. 350.00.

Í prófgerðum málsins er gerð grein fyrir drætti þeim, sem orðinn er á máli þessu, og telst því rekstur þess vítalaus.

Dómsorð:

Kærði, Jón Gunnþór Einarsson, sæti varðhaldi í 2 mánuði og greiði 74000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands. Verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, komi í hennar stað varðhald í 7 mánuði.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í v/s Ásþór N. S. 9 skulu upptæk og andvirðið renna til Landhelgissjóðs Íslands.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, héraðsdómslögmanns Erlends Björnssonar, kr. 350.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 3. nóvember 1950.

Nr. 38/1948. **Sigurbjörn Björnsson** (Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Jóni Ásmundssyni (Magnús Thorlacius).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Ómerking og heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur úrskurðinum til Hæstaréttar með stefnu 9. apríl 1948, krefst þess, að úrskurðurinn verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að svo stöddu, að kröfu um ómerkingu verði hrundið og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu hefur verið deilt um skilning á leigumati, er yfirhúsaleigunefnd framkvæmdi 8. maí 1947 á íbúð þeirri í húsinu nr. 31 við Bragagötu, er stefndi vill láta bera áfrýjanda út úr. Hefur áfrýjandi mótmælt gerðum yfirhúsaleigunefndar og krafizt þess, að þær verði að engu hafðar í málinu. Borgarfógetinn í Reykjavík, Kristján Kristjánsson, á sæti í yfirhúsaleigunefnd og tók þátt í leigumatinu. Bar honum því svo og fulltrúa hans að víkja úr dómarasæti í máli þessu, sbr. 36. gr., 4. tl., og 3. mgr. 37. gr. laga nr. 85/1936. Verður af þessum sökum að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og meðferð málsins hinn 6. marz 1948, er munnlegur málflutningur fór fram, og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður svo og meðferð málsins hinn 6. marz 1948, er munnlegur málflutningur var háður, eiga að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 18. marz 1948.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 6. þ. mán., hefur gerðarbeiðandi, Jón Ásmundsson, Bragagötu 31, krafizt þess, að gerðarþoli, Sigurbjörn Björnsson, verði borinn út úr húsnæði því, sem hann hefur undanfarið haft til afnota í ofannefndu húsi gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar. Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Var málið lagt undir úrskurð fógetaréttarins.

Gerðarþoli hefur undanfarið búið í 2 herbergjum og eldhúsi í húsinu nr. 31 við Bragagötu, eign gerðarbeiðanda, Jóns Ásmundssonar. Hin umdeilda íbúð var lögð til íbúðar sumarið 1946, en áður var þar þurrkloft. Aðiljum ber saman um, að gerðarþoli skyldi að mestu leyti annast sjálfur nefnda breytingu á húsnæðinu, en skriflegur samningur liggur ekki fyrir um leiguréttarsamband aðiljanna.

Gerðarbeiðandi ritar fógetaréttinum hinn 14. júní s. l. og krefst þess, að gerðarþoli verði borinn út úr húsnæði sínu. Hafi gerðarþoli flutt inn í íbúðina í júlímánuði 1946, en hafi ennþá enga leigu greitt, og telur gerðarbeiðandi þetta stórkostleg leiguvanskil, sem útburði ættu að varða. Hann skýrir svo frá, að þeir aðiljarnir hafi samið um 300 króna mánaðarleigu, en ekki hafi verið ráðið, hvort leiga skyldi greiðast fyrirfram eða eftirá. Þá kveður gerðarbeiðandi, að kostnaður sá, sem leiddi af breytingu húsnæðis þessa til íbúðar, skyldi leigugreiðslum óviðkomandi, enda kveðst hann alltaf hafa gengið út frá því.

Gerðarþoli skýrir þannig frá málavöxtum, að ekki hafi verið um það rætt, þegar hann tók húsnæðið á leigu, hve leiga skyldi vera mikil, en hann kveðst hafa rætt um það atriði í jan. 1947, og hafi gerðarbeiðandi þá talað um kr. 300.00 á mánuði. Gerðarþoli kveður, að svo hafi verið um samið, að kostnaður sá, sem leiddi af innréttingu húsnæðisins, skyldi dragast frá leigugreiðslum, og skyldi hann sjálfur leggja til ca 65 plötur af trétexi og allmarga battingsplanka, sem hann átti, svo og eigin vinnu sína, endurgjaldslaust. Þá kveðst gerðarþoli hafa óskað þess, meðan stóð á þessari vinnu, að um þetta allt yrði gerður skriflegur samningur, en af því hafi ekki orðið, þar sem gerðarbeiðandi færðist undan því, en gerðarþoli kveðst alltaf hafa treyst því, að kostnaðurinn við verkið skyldi dreginn frá leigukröfum gerðarbeiðanda. Gerðarþoli kveðst hafa flutt inn í hina umdeildu íbúð í júlí 1946, en íbúðin hafi þó ekki verið fullger fyrri en í septembermánuði s. á.

Það er upplýst í málinu, að sumarið 1946 krafði gerðarbeiðandi gerðarþola um leigu.

Hinn 3. febr. 1947 fer fram mat húsaleigunefndar á hinni umdeildu íbúð, og er hæfileg grunnleiga metin kr. 85.00 á mánuði, sjá rskj. 6. Þá fer fram mat yfirhúsaleigunefndar hinn 8. maí 1947, og er þá talin hæfileg grunnleiga kr. 135.00 á mánuði, sjá rskj. 5.

Gagnkröfur þær, sem gerðarþoli kveðst eiga á hendur gerðarbeiðanda, nema samtals kr. 7248.69, og hefur gerðarþoli lagt fram reikninga fyrir þeirri upphæð, sbr. rskj. 4. Gerðarbeiðandi lýsti því yfir hér í réttinum, að hann gæti ekki tekið afstöðu til réttmætis þessara reikninga, en hins vegar er því haldið fram af hans hálfu, að það atriði skipti litlu máli, og er rskj. 4 mótmælt sem þýðingarlausu í máli þessu, sérstaklega þar sem bersýnilegt sé samkvæmt leigumatsgerðunum, að tekið hafi verið tillit til þess, sem gerðarþoli á sínum tíma lagði fram til innréttingar húsnæðisins, og enn fremur sé rétt að líta svo á, að gerðarþoli eigi það efni, sem

lagt er til innréttingarinnar, og sé það gerðarbeiðanda allsendis óviðkomandi.

Umboðsmaður gerðarþola mótmælir undir munnlegum flutningi málsins matsgerðum húsaleigunefndar og yfirhúsaleigunefndar sem röngum og þýðingarlausum, ef þær eigi að skiljast svo, að þar sé tekið fullt tillit til þess kostnaðar, sem gerðarþoli hafði af innréttingu húsnæðisins fram yfir það, sem umsamið var, að hann legði þar fram. Bendir hann einnig á, að gerðarþola hafi ekki verið gefinn kostur á að vera við matsgerð yfirhúsaleigunefndar. Umboðsmaður gerðarbeiðanda mótmælir því hins vegar, að þessi mótmæli umboðsmanns gerðarþola verði tekin til greina, þar sem þau séu of seint fram komin, og vefengir þá staðhæfingu, að gerðarþola hafi ekki verið gefinn kostur á að vera viðstaddur matsgerðina.

Það er upplýst í málinu, að gerðarþoli hefur alls enga leigu greitt, frá því að hann kom í hið umdeilda húsnæði. Rétt þykir að leggja þann skilning í leigumatsgerð yfirhúsaleigunefndar, að þar sé tekið tillit til þess, sem gerðarþoli hefur lagt til innréttingar húsnæðisins.

Þykir gerðarþoli því hafa gerzt sekur um slík vanskil á leigu, að rétt má telja að leyfa framgang gerðarinnar, en hins vegar ber að láta málskostnað falla niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 3. nóvember 1950.

Nr. 19/1950. **Elli- og hjúkrunarheimilið Grund**
(Magnús Thorlacius)
gegn
Borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs
(Tómas Jónsson).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Fasteignagjald til bæjarsjóðs. — Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grímsson, fulltrúi borgarfógeta í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með

stefnu 10. febr. þ. á. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að synjað verði um framkvæmd lögtaks. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 67/1945 eru ýmsar þar greindar fasteignir undanþegnar fasteignaskatti þeim til bæjar- og sveitarfélaga, sem getur í 1. gr. laganna, þar á meðal elliheimili. Ástæðan til þessarar undanþágu er vafalaust sú, að löggjafinn hefur með þessum hætti viljað hlynna að starfsemi ýmissa menningar- og mannúðarstofnana. Ákvæði þetta þykir rétt að skilja svo, að það taki til þeirra fasteigna stofnana þessara, er notaðar eru sem eðlilegur og nauðsynlegur þáttur í starfrækslu þeirra. Húsið Blómvallagata 12 er reist af áfrýjanda og notað til íbúðar fyrir starfsfólk hans, en áður hafði áfrýjandi notað hluta af elliheimilishúsinu Hringbraut 50 til íbúðar handa starfsfólki sínu. Það húsrúm er nú notað fyrir vistmenn elliheimilisins. Telja verður þessa notkun hússins Blómvallagötu 12 þess eðlis, að hún samkvæmt framansögðu leysi áfrýjanda undan skyldu til greiðslu fasteignaskatts þess, sem um er deilt. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framkvæmd lögtaksins.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1200.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði áfrýjanda, Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1200.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði.

Árna Tryggvasonar hrd. og Gizurar Bergsteinssonar hrd.

Allir vistmenn Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar dveljast og njóta aðhlynningar í húsinu nr. 50 við Hringbraut, og hefur áfrýjandi verið þeginn undan greiðslu fasteignagjalds af þeirri eign samkvæmt 4. gr. laga nr. 67/1945.

Áfrýjandi hefur reist húsið nr. 12 við Blómvallagötu og leggur forstjóra sínum, fjölskyldu hans og starfsfólki þar til húsnæði, enda örðugt, eins og húsnæðismálum hér í bæ er nú háttað, að fá starfsfólk, nema því sé séð fyrir húsnæði. Svo víðtæk öflun húsnæðis handa starfsfólki hælisins verður ekki almennt talin nauðsynlegur og náinn þáttur í rekstri þess. Þykir því ekki heimilt að veita áfrýjanda, að því er varðar fasteignina nr. 12 við Blómvallagötu, þau sérstöku hlunnindi um fram aðra skattþegna, er felast í undanþágu undan greiðslu fasteignagjalds. Með þessum rökum þykir bera að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Eftir atvikum telst rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 800.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt þessu teljum við, að dómsorðið eigi að hljóða svo:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Elli- og hjúkrunarheimilið Grund, greiði stefnda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, kr. 800.00 málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 14. jan. 1950.

Gerðarþola, Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund, hér í bæ, var gert að greiða í húsagjald og lóðargjald af húsinu nr. 12 við Blómvallagötu til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir árið 1948 kr. 1020.00, en nefnd húseign er eign gerðarþola. Þar eð gerðarþoli hefur eigi greitt þessi gjöld, hefur borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, krafizt þess, að þau verði innheimt með lögtaki.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu lögtaksgerðar, þar eð hann telur, að húseign sú, sem um ræðir í máli þessu, sé samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 67/1945 um fasteignaskatt til bæjar- og hreppsfélaga og jöfnunarsjóð sveitarfélaga undanþegið þessum gjöldum, þar sem í nefndri lagagrein sé meðal annars tekið fram, að undanþegin

skatti samkvæmt 1 gr. nefndra laga séu elliheimili svo og „lóðir, sem fylgja slíkum húsum". Hefur umboðsmaður gerðarþola látið þess getið, að hús það, sem um ræðir, hafi verið byggt yfir starfsfólk gerðarþola hér í bænum, sem áður hafi búið í sjálfu elliheimilinu, húsinu nr. 50 við Hringbraut. Við það, að húsið nr. 12 við Blómvallagötu hafi verið reist, hafi verið unnt að fjölga vistmönnum á Elliheimilinu um fimmtíu, og hafi þeir vistmenn bætzt við. Sé því umrædd húseign svo nátengd og nauðsynleg fyrir rekstur elliheimilisins „Grundar" hér í bænum, að segja megi með réttu, að rekstur þess fari fram í þessum tveimur húsum, Hringbraut 50 og Blómvallagötu 12, og að ef gerðarþoli njóti undanþágu frá umræddum gjöldum, að því er tekur til Hringbrautar 50, þá eigi hann alveg jafnt að njóta hennar um Blómvallagötu 12.

Gerðarbeiðandi hefur hins vegar haldið því fram til stuðnings kröfu sinni á hendur gerðarþola, að þar eð ákvæði 4. gr. nefndra laga nr. 67/1945 sé undantekningarákvæði, þá beri að skýra það þröngt, þannig að það taki aðeins til sjúkrahússins og elliheimilisins sjálfs, en eigi til húsa, sem eigi verði nefnd því nafni. Það sé auðvitað, að til þess að reka slíka stofnun sem elliheimili, þurfi starfsfólk, en það sé ekki nauðsynlegt, að það búi í stofnuninni sjálfri og þaðan af síður sé nauðsynlegt, að það búi utan stofnunarinnar í húsnæði, sem sé eign stofnunarinnar. Hér sé aðeins um tímabundið fyrirbrigði að ræða, sem stafi af hinum mikla húsnæðisskorti í Reykjavík hin síðari ár, að elliheimilinu gangi betur að fá starfsfólk, ef það getur jafnframt séð því fyrir húsnæði. Vegna þessara vandræða hafi „Elliheimilið" ráðist í að reisa húsið nr. 12 við Blómvallagötu.

Þá hefur umboðsmaður gerðarþola krafizt málskostnaðar í máli þessu að mati réttarins.

Samkvæmt framanrituðu er það ljóst, að hér skiptir mestu máli, hvort líta beri svo á, að umrædd fasteign sé í svo nánum tengslum við elli- og hjúkrunarheimilið sjálft, að rétt sé, að hún komizt fyrir þá sök undir undanþáguákvæði 4. gr. laga nr. 67/1945.

Rétturinn getur eigi fallizt á þá skoðun umboðsmanns gerðarþola, að rekstur Elli- og hjúkrunarheimilisins „Grundar" fari fram bæði í sjálfu elliheimilishúsinu nr. 50 við Hringbraut, þar sem allir vistmennirnir dvelja st, og í húsinu nr. 12 við Blómvallagötu, þar sem eingöngu býr starfslið heimilisins, þar á meðal forstjóri þess. Telur rétturinn, að með byggingu hússins nr. 12 við Blómvallagötu hafi aðeins verið um að ræða hagkvæma lausn á húsnæðisvandræðum þeim, sem nú eru hér í bænum, og því beri eftir atvikum og þeim upplýsingum, sem fyrir liggja í málinu, að líta svo á húseign þá, sem um ræðir, sem hvert annað hús, sem selt er á leigu, enda stendur húseignin ekki á elliheimilislóðinni nr. 50 við Hringbraut, heldur á sérstakri lóð við aðra götu. Rétturinn lítur svo á, að hér sé eigi um svo náin tengsl að ræða við sjálft Elli- og hjúkrunarheimilið „Grund", Hringbraut 50, að rétt sé að láta íbúðarhúsið nr. 12 við Blómvallagötu njóta undanþágu 4 gr. laga nr. 67/1945, og beri því gerðarþola, Elli- og hjúkrunarheimilinu „Grund", að greiða bæjarsjóði þau gjöld, sem um

ræðir í máli þessu. Þykir því verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaðarkrafa gerðarþola verður eigi tekin til greina.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaðarkrafa gerðarþola er eigi tekin til greina.

Miðvikudaginn 8. nóvember 1950.

Nr. 84/1949. **Jón Gíslason** (Magnús Thorlacius)
gegn
Börge Sörensen og gagnsök
(Sigurgeir Sigurjónsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og próf. Ármann Snævarr í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Útburðarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn Thorarensen, fulltrúi borgarfógeta, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. maí 1949. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburð þann, sem um er beðið. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðaláfrýjandi hefur og með stefnu 25. nóvember 1949 stefnt frú Guðrúnu Sörensen, eiganda hússins nr. 12 við Bárugötu í Reykjavík, til réttargæzlu í málinu, en ekki gert neinar dómkröfur á hendur henni.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 15. júní 1949. Krefst hann staðfestingar á því ákvæði hins áfrýjaða

úrskurðar, að útburðargerð skuli ekki fram fara. Svo krefst hann þess og, að ómerkt verði þau meiðandi ummæli, sem greind eru í úrskurði fógeta, og að málflutningsmaður aðaláfrýjanda verði dæmdur fyrir þau til greiðslu sekta og miskabóta. Loks krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Málflutningsmaður gagnáfrýjanda og stefndu, Guðrúnar Sörensen, hefur haft uppi þá kröfu hér fyrir dómi, að hinn áfrýjaði úrskurður verði ómerktur sökum þess, að stefndu, Guðrúnu Sörensen, hafi ekki verið veittur kostur á að gæta réttar síns í héraði. Þegar af þeirri ástæðu, að gagnáfrýjandi hafði engar kröfur uppi í héraði um það, að stefndu, Guðrúnu, yrði gefinn kostur á að gæta þar réttar síns, og stefnda, Guðrún, hefur ekki áfrýjað málinu af sinni hendi, verður þessari ómerkingarkröfu ekki sinnt.

Í máli þessu hefur það komið fram, að mikið ósamlyndi er með aðiljum þess og þó sérstaklega með eiginkonum þeirra. Eru talsverðar líkur komnar fram fyrir því, að eiginkona gagnáfrýjanda eigi verulega sök á ágreiningi þessum. Hins vegar brestur á, að sakaratriði þau, sem útburðarkrafan er reist á, séu leidd svo í ljós, að rétt sé að taka hana til greina. Þykir því verða að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar að því er útburðarkröfuna varðar.

Rétt þykir að staðfesta ómerkingarákvæði hins áfrýjaða úrskurðar. Hin meiðandi ummæli, sem málflutningsmaður aðaláfrýjanda, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, hafði í munnlegum flutningi málsins í héraði og greind eru í úrskurðinum, eru vítaverð, og ekki verður hjá því komizt að dæma honum sekt til ríkissjóðs samkvæmt 5. tölulið 188. gr. laga nr. 85/1936 fyrir orðin „þessi vitfirringur Börge". Þykir sektin hæfilega ákveðin kr. 200.00, og komi 3 daga varðhald í stað hennar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Krafa gagnáfrýjanda um miskabætur verður ekki dæmd í þessu máli.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um synjun útburðar, ómerking ummæla og málskostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Málflutningsmaður aðaláfrýjanda, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, greiði 200 króna sekt í ríkissjóð, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sektarákvæði dóms þessa ber að fullnægja með aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 9. maí 1949.

Í máli þessu hefur gerðarbeiðandi, dr. phil. Jón Gíslason, Bárugötu 12, krafizt þess, að gerðarþoli, Börge Sörensen, verði borinn út úr húsnæði því, sem hann hefur á leigu í húsinu nr. 12 við Bárugötu. Gerðarbeiðandi hefur einnig krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarþola.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar og krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda. Þá hefur umboðsmaður gerðarþola, Sigurgeir Sigurjónsson hrl., gert þær kröfur, að gerðarbeiðandi verði dæmdur í refsingu fyrir ummæli um gerðarþola og konu hans, er fram koma í skjölum málsins, og að þessi ummæli verði dæmd dauð og ómerk. Enn fremur hefur hann krafizt þess, að nokkur ummæli umboðsmanns gerðarbeiðanda, Magnúsar Thorlacius hrl., um sömu aðilja undir munnlegum flutningi málsins verði látin varða hann sektum.

Mál þetta var lagt undir úrskurð fógetaréttarins að loknum munnlegum flutningi hinn 29. apríl s. l.

Frá því á árinu 1940 hefur gerðarbeiðandi, Jón Gíslason dr. phil., haft á leigu íbúð á efstu hæð hússins nr. 12 við Bárugötu, eign Guðrúnar Sörensen. Sonur húseiganda, Börge Sörensen, hefur á leigu íbúð á 1. hæð húss þessa frá því um áramótin 1947—48.

Gerðarbeiðandi ritar húsaleigunefndinni í Reykjavík hinn 8. desember 1948, sjá rskj. 8, og krefst þess, að svo verði ákveðið, að gerðarþoli hafi fyrirgert dvalarrétti sínum í húsinu sakir framkomu hans, og þó einkum konu hans, sem tálmi gerðarbeiðanda á mjög verulegan hátt leigurétti hans í húsinu. Húsaleigunefnd taldi sig ekki hafa aðild til að fjalla þannig um mál eins leigjanda gegn öðrum og vísaði málinu frá sér, sjá bréf dagsett 5. janúar s. l. á rskj. 2.

Þá ritar gerðarbeiðandi fógetarétti Reykjavíkur hinn 21. janúar s. l. og krefst útburðar á gerðarþola. Kveður hann konu gerðarþola tálma mjög leigurétti sínum í húsinu á einn og annan veg og sér ekki annað

ráð vænna en að krefjast útburðar á gerðarþola og öllu, er honum fylgi, því að húseigandi og umboðsmaður húseiganda hafi síður en svo viljað hlutast til um, að ofsóknum þessum linni.

Málsútlistun gerðarbeiðanda er sem hér segir:

Kona gerðarþola, Soffía Jónsdóttir Sörensen, hafi nú lengi gert allt til að hindra, að gerðarbeiðandi fái notið upphitunar fyrir íbúð sína, en í húsinu er hitaveita, og eru hitastillar í kjallara hússins. Sumarið 1948 hafi gerðarbeiðandi verið fyrirvaralaust sviptur hitaafnotum, og hitaleiðslur að ofnum íbúðar hans rofnar. Mál hafi þurft að höfða fyrir fógetarétti Reykjavíkur til að fá þessu kippt í lag. Hafi því að vísu verið beint gegn Sigurgeiri Sigurjónssyni hrl., umboðsmanni húseiganda, en upptök þessarar hitasviptingar hafi verið hjá gerðarþola og þó einkanlega hjá konu hans, Soffíu, sem á þenna hátt sem annan hafi leitazt við að flæma gerðarbeiðanda úr húsinu. Úrskurður fógeta gekk gerðarbeiðanda í vil, sjá rskj. 18, og voru hitaleiðslur tengdar, svo sem verið hafði, en þrátt fyrir úrskurð þenna og fógetagerð hafi því fjarri farið, að gerðarbeiðandi hafi haft nálægt því viðunandi afnot af hita til íbúðar sinnar. Kona gerðarþola hafi á allan hátt lagt sig í framkróka til að hindra þau afnot, bæði með því að skrúfa algerlega fyrir hitaleiðslu til íbúðar gerðarbeiðanda, stilla þrýsting þannig, að hitavatn nái þangað ekki, og ráðizt með skömmum og jafnvel líkamlegu ofbeldi á konu gerðarbeiðanda, er hún opni fyrir hitastilli. Gerðarbeiðandi tekur og fram, að svo virðist sem Soffía Sörensen geri sér leik að því að koma því svo fyrir, að þvottadagar heimilanna rekist á. Kveðst gerðarbeiðandi hafa haft bæði óþægindi og kostnað af þessu, sjá rskj. 10 og 43.

Haustið 1948 hafi bilað rafmagnsöryggi fyrir íbúð gerðarbeiðanda, og gerðarbeiðanda jafnframt neitað um aðgang að öryggjaborði, sem er á miðhæð hússins. Hafi orðið að óska eftir fógetaaðstoð til að fá úr þessu bætt, en áður en úrskurður fógeta gekk, var þó úr þessu bætt, en þó ekki fyrir atbeina húseiganda. Sjá hér úrskurð fógetaréttar Reykjavíkur um málskostnað vegna þessarar málshöfðunar, rskj. 17. Húseigandi eða umboðsmaður húseiganda hafi enga aðstoð viljað veita til þess að kippa þessu í lag, og þar eð sú tregða hafi vafalítið verið runnin undan rifjum gerðarþola og konu hans, verði gerðarþoli að teljast samábyrgur þessu réttarbroti húseiganda.

Þá skýrir gerðarbeiðandi svo frá, að á s. l. hausti hafi Soffía Sörensen lokað miðstöðvarklefa í kjallara hússins, en þar geymdi gerðarbeiðandi poka með kolum, er hann notaði til kyndingar í þvottahúsi. Pokinn hafi og verið fluttur úr klefanum. Fógetagerð hafi þurft til að fá aðgang að klefa þessum að nýju, sjá rskj. 19, og hafi umboðsmaður húseiganda aðstoðað gerðarþola til að raska leigurétti gerðarbeiðanda þannig, í stað þess að hindra þessa röskun.

Enn fremur hafi kona gerðarþola iðulega ráðizt á konu gerðarbeiðanda með skammaryrðum og líkamlegu ofbeldi og hvers konar hótunum, og þá helzt, er kona gerðarbeiðanda hafi farið niður í kjallara hússins til að stilla hitann til íbúðar sinnar. Þá hafi kona gerðarþola gert allmikið

að því að ofsækja son gerðarbeiðanda, sem er barn að aldri, og hafi drengurinn varla mátt ganga óhultur um stiga hússins eða hjá húsinu. Hafi orðið að kalla á lögreglu vegna þessa, sjá rskj. 43.

Fyrir liggja í máli þessu mörg bréf konu gerðarbeiðanda til umboðsmanns húseiganda, Sigurgeirs Sigurjónssonar hrl. Kvartar hún við hann út af ýmis konar yfirgangi Soffíu Sörensen, og sem að framan er getið. Sjá hér rskj. 5, 6, 8, 9, 11, 23, 25, 26, 29, 32, 33, 44 og 60, enn fremur bréf til Soffíu Sörensen á rskj. 7. Kona gerðarbeiðanda skýrir svo frá, að engu bréfa þessara hafi verið svarað, hvorki munnlega né skriflega.

Gerðarþoli mótmælir framgangi hinnar umbeðnu gerðar. Mótmælir hann því, að hann eða kona hans hafi á nokkurn hátt hindrað eða truflað leigurétt gerðarbeiðanda, en gerðarbeiðandi og kona hans hafi hins vegar valdið sér megnum óþægindum með sífelldum rakalausum klögumálum. Af hálfu gerðarþola er því algerlega mótmælt, að kona hans hafi ráðizt á konu gerðarbeiðanda eða son þeirra í orði eða verki. Umboðsmaður húseigandans, Sigurgeir Sigurjónsson hrl., er flutt hefur mál þetta af hálfu gerðarþola, hefur lýst yfir því undir munnlegum flutningi málsins, að gerðarþoli hafi enga sök átt á því, að gerðarbeiðanda var á sínum tíma neitað um aðgang að miðstöðvarklefa, og komi ekki til mála, að hann beri ábyrgð á deilu aðilja um stærð þess húsnæðis, sem gerðarbeiðandi hafi til umráða. Þá hafi gerðarþoli eða kona hans á engan hátt ráðið um það, að hitaleiðslur að íbúð gerðarbeiðanda voru rofnar, og beri þau að sjálfsögðu enga ábyrgð á því verki.

Þá er því og mótmælt sem röngu, að kona gerðarþola hindri á nokkurn hátt eðlileg hitavatnsafnot gerðarbeiðanda. Enn fremur er því mótmælt, að gerðarþoli eða kona hans hafi átt nokkra sök á því, að rafmagnsöryggi í íbúð gerðarbeiðanda biluðu, og að þau hafi á nokkurn hátt hindrað viðgerð á því.

Bent er á það af hálfu gerðarþola, að kæra sú, sem gerðarbeiðandi sendi sakadómaranum í Reykjavík á hendur Soffíu Sörensen vegna yfirgangs af hennar hálfu, hafi ekki leitt til neinna frekari aðgerða af hálfu hins opinbera, sbr. bréf dómsmálaráðuneytisins, sem liggur fyrir í máli þessu.

Af hálfu gerðarbeiðanda er það nú fært fram, að ofangreind mótmæli af hálfu gerðarþola gegn málsútlistun gerðarbeiðanda komi of seint fram, og er þeim mótmælt sem þýðingarlausum á þeim grundvelli. Eins og að framan segir, hafi mörg umkvörtunarbréf verið rituð í tilefni af því framferði, sem konu gerðarþola eru að sök gefin, en þeim bréfum hafi aldrei verið svarað fyrri en út í mál þetta var komið. Umboðsmaður gerðarþola kveðst yfirleitt ekki hafa talið bréf þessi svaraverð, en bendir þó á rskj. 24 og 26 í máli þessu.

Þá hefur og verið á það bent af hálfu gerðarbeiðanda, að þrátt fyrir það, að skorað hafi verið á Soffíu Sörensen að mæta fyrir fógetarétti til þess að gefa aðiljaskýrslu, hafi hún ekki orðið við því, og verði því einnig af þeirri ástæðu að leggja til grundvallar bréflegar umkvartanir gerðarbeiðanda. Ekki komi til mála að líta á skýrslu Soffíu fyrir lög-

reglurétti Reykjavíkur sem gilda aðiljaskýrslu í máli þessu. Nú skal tekið fram í þessu sambandi, að fógeti fór á heimili gerðarþola undir rekstri málsins ásamt umboðsmönnum aðilja til þess að gerðarþola, sem er óferðafær sjúklingur, gæfist kostur á að staðfesta skriflega aðiljaskýrslu. Var kona gerðarþola þar viðstödd, og hefði verið í lófa lagið fyrir umboðsmann gerðarbeiðanda að leggja fyrir hana aðiljaspurningar, hefði honum þótt þess þörf.

Að athuguðum málavöxtum verður réttur gerðarbeiðanda ekki talinn svo glöggur, að fært þyki að leyfa framgang umbeðinnar útburðargerðar.

Ummæli þau, sem koma fram í skjölum gerðarbeiðanda og umboðsmaður gerðarþola hefur krafizt, að dæmd verði dauð og ómerk og látin verði varða gerðarbeiðanda refsingu, eru þessu: 1) „....manneskjan á það til að ráðast á mig, hvenær sem er....," 2) „....frú Soffía Sörensen, sem gjammaði í sífellu....," 3) „....undarleg hljóð, langt neðan úr hálsi, eins og hún tali með hálsinum einum...." og 4) „....Börge.... sem sagt, hann er fæddur bilaður....." Þessi ummæli ber að dæma dauð og ómerk, en hins vegar þykir ekki ástæða til að gera gerðarbeiðanda refsingu þeirra vegna.

Umboðsmaður gerðarþola hefur einnig krafizt sekta á hendur umboðsmanni gerðarbeiðanda vegna eftirfarandi ummæla, er hann viðhafði um gerðarþola og konu hans í munnlegum flutningi málsins: 1)„ ....þessi vitfirringur, Börge....," 2) „Soffía, þessi vesalingur....," 3) „þessir aumingjar þarna í húsinu....." Ummæli þessi eru mjög vítaverð, en ekki þykir ástæða til að gera sektir vegna þeirra.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal ekki fram fara.

Framangreind ummæli í framlögðum skjölum gerðarbeiðanda skulu teljast dauð og ómerk. Víta ber umboðsmann gerðarbeiðanda, Magnús Thorlacius hrl., fyrir ummæli í munnlegum flutningi, sem að framan er getið.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 10. nóvember 1950.

Nr. 81/1950. **Ákæruvaldið** (Guttormur Erlendsson)
gegn
Theódór Friðrik Hjálmari Theódórssyni
(Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Kynferðisbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Brot ákærða ber að heimfæra til 202. sbr. 200 gr. hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 10 mánuði.

Samkvæmt 64. gr. hegningarlaganna þykir rétt að leggja fyrir ákærða að kaupa hvorki áfengi né neyta þess um 5 ára skeið, frá því að hann hefur lokið að taka út refsingu samkvæmt dómi þessum.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og sakarkostnað í héraði staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 450.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Theódór Friðrik Hjálmar Theódórsson, sæti fangelsi 10 mánuði.

Ákærða er bannað að kaupa áfengi eða neyta þess 5 ár, frá því að hann hefur lokið að taka út refsingu samkvæmt dómi þessum.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og sakarkostnað í héraði staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gutt-

orms Erlendssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 450.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 17. maí 1950.

Ár 1950, miðvikudaginn 17. maí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2005/1950: Ákæruvaldið gegn Theódór Friðrik Hjálmari Theódórssyni, sem tekið var til dóms hinn 2. s. m.

Mál þetta er að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins höfðað gegn ákærða, Theódór Friðrik Hjálmari Theódórssyni verkamanni, til heimilis að Nökkvavogi 44, fyrir brot gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 12. september 1915 á Sauðárkróki, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1944 8/3 Hafnarfjörður. Sátt: 75 kr. sekt fyrir brot gegn áfengislögum.

1945 6/4 Reykjavík. Sátt: 50 kr. sekt, 30 kr. skaðabætur fyrir ölvun og brot gegn 3. gr. lögreglusamþykktar Rvíkur.

1945 27/12 Keflavík, Sátt: 150 kr. sekt fyrir ölvun, óeirðir og rúðubrot, skaðabætur í sama máli kr. 472.74.

1946 29/3 Keflavík. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun og óeirðir. 50 kr. skaðabætur í sama máli.

1946 6/7 Reykjavík. Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1947 9/4 Reykjavík. Sátt: 40 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1948 5/5 Reykjavík. Dómur aukaréttar, 3ja mánaða fangelsi skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 209. gr. hegningarlaganna og 7., sbr. 96. gr. lögrsþ. Rvíkur.

1948 8/11 Reykjavík. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun og spellvirki.

Verður nú greint frá málavöxtum eftir því, sem upplýstst hefur í rannsókn málsins.

Fimmtudaginn 20. október s. l. kl. rúmlega 6 e. h. kom telpan A, 4 ára að aldri, inn í íbúð foreldra sinna, en foreldrar hennar, B kennari og D, eiginkona hans, voru bæði heima. Var telpan með brjóstsykur, og virtist þeim hjónunum framkoma hennar vera eitthvað óeðlileg.

Er móðir hennar spurði, hvar hún hefði fengið sælgætið, sagði hún, að maðurinn, sem byggi uppi á loftinu og hafði gefið henni sælgæti áður, hefði einnig gefið henni sælgæti þetta, og átti hún með þessu við ákærða, sem þá bjó í herbergi í rishæð hússins. Sagði hún síðan foreldrum sínum í óspurðum fréttum, en skelkuð og feimin: „Hann var að nudda á mér tippið", en hún notar orð þetta um kynfæri sín.

Er foreldrar hennar inntu hana nánar eftir þessu, skýrði hún þeim svo frá, að hún hefði fylgzt með ákærða upp í herbergi hans, þar sem hann hafi klætt hana úr bláum utanyfirbuxum, flett niður um hana nær-

buxunum og leyst ytri- og innri sokkabönd hennar. Síðan hafi hann svo sett hana upp á legubekk og tekið út getnaðarlim sinn og sagzt ætla að gera hana stóra. Kvað hún hann svo hafa „nuddað tippunum saman og það lekið úr tippinu á honum." Að þessu loknu kveður hún hann hafa gefið sér sælgæti, girt upp um hana og látið hana fara. Þegar foreldrarnir athuguðu fatnað telpunnar, komust þau að raun um, að innri sokkabönd hennar voru óhneppt, þótt móðir hennar sé örugg um að hafa hneppt bæði ytri og innri sokkaböndum og auk þess fært hana í utanyfirbuxur, áður en telpan fór út til leikja með öðrum börnum. Auk þess hafi verið blettur á axlabandi nankinsbuxna þeirra, er hún var í, og virtist þeim hjónum blettur þessi sæði. Þá kveður móðir telpunnar, að kynfæri dóttur sinnar hafi verið rauð, enda hafi hún virzt hafa óþægindi, þegar hún kastaði af sér vatni.

Er B, faðir telpunnar, hafði heyrt frásögn hennar og athugað klæði hennar, fór hann og knúði að herbergisdyrum ákærða, en eigi var svarað, enda var B tjáð af konu í næsta herbergi, að ákærði væri nýgenginn út. Fyrir utan húsið beið bifreið nemanda B. Fór hann þegar út í hana, og var ekið niður Miklubraut. Kom B auga á ákærða, þar sem hann gekk niður Snorrabraut, handsamaði hann og færði hann upp í bifreiðina. Var því næst ekið að Tjarnargötu 10 B til Sigurðar Magnússonar löggæzlumanns, og skýrði B honum frá málsatvikum. Var ákærði svo færður í fangahúsið við Skólavörðustíg, enda var hann nokkuð við skál. Næsta dag var hann svo yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglunni og úrskurðaður sama dag í gæzluvarðhald, þar sem honum var haldið til 17. nóvember sama ár, er hann var látinn laus.

Er ákærði hafði verið handtekinn og komið í umsjá lögreglunnar, fór Sigurður Magnússon löggæzlumaður heim til B og athugaði blett þann, sem var á buxum A, eins og að framan getur, og virtist honum blettur þessi vera sæði. Hjá húsráðendum fékk Sigurður lykil að láni að herbergi ákærða og leit inn í það. Á teppi, sem breitt var yfir legubekk í herberginu, sást blettur, er einnig virtist vera sæði. Daginn eftir voru blettir þessir rannsakaðir í rannsóknarstofu Háskólans af próf. Níels Dungal, og segir í niðurlagi vottorðs hans, dagsettu 21. október s. l.: „Við smásjárrannsókn fundust sæðislíkamir í báðum blettunum, og er því sýnilegt, að hvort tveggja er þornað sæði."

Skömmu eftir að Sigurður Magnússon var kominn að Miklubraut . . ., hringdi hann til frú Kristínar Ólafsdóttur læknis og bað hana að skoða telpuna og láta lögreglunni í té vottorð um skoðunina, enda hafi telpan verið mjög hrædd og auðsætt hafi virzt af látbragði hennar, að hún hafi orðið fyrir einhverju því, er kynfæri hennar varðaði. Samkvæmt vottorði frú Kristínar Ólafsdóttur læknis, dagsettu 20. október s. l., var engan áverka að sjá á telpunni og meyjarhaft hennar heilt.

Þá var Hannes Þórarinsson læknir fenginn til þess að skoða ákærða í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg hinn 21. október s.l., og hefur hann hinn 26. s. m. gefið vottorð þess efnis, að þá hafi engin einkenni fundizt hjá honum um kynsjúkdóma, en hann hafi sagzt hafa haft lekanda fyrir

ca 2 árum og þá verið til lækninga hjá Hannesi Guðmundssyni lækni.

Fimmtudaginn 21. október s.l. skýrði ákærði svo frá málavöxtum, að í ágústmánuði 1949 hafi hann komið hingað til bæjarins og búið síðan í þakherbergi á Miklubraut . . . Um síðustu helgi kvaðst hann hafa neytt áfengis, en svo farið í vinnu á mánudegi. Daginn þar á eftir fór hann aftur að drekka og hélt drykkjunni áfram fram á fimmtudaginn 20. október, er hann var handtekinn, en þann dag kveðst hann munu hafa verið búinn að drekka hálfa flösku af áfengi. Framangreindan fimmtudag kveðst ákærði ekki hafa verið það mikið drukkinn, að hann muni ekki allt, sem gerðist, en kvöldið áður segist hann hafa verið mjög drukkinn og að þá hafi einhver maður, sem hann veit eigi hvað heitir, fylgzt með honum upp í herbergið. Seinni part margnefnds fimmtudags kveðst hann hafa verið staddur fyrir utan Miklubraut . . ., þá hitt nokkur börn, sem búa í húsinu, og gefið þeim brjóstsykur, sem hann hafði meðferðis. Kveðst hann svo hafa farið upp í herbergi sitt til að fá sér áfengi og þá verið einn síns liðs. Því næst segist hann hafa farið að kaupa sér vindlinga og svo komið aftur upp í herbergið til að fá sér meira að drekka og einnig verið einn síns liðs í þetta skipti og enginn hafi komið með sér upp í herbergið þenna dag. Ákærði kveðst nú hafa farið heiman frá sér og ætlað niður á Laugaveg 67 til að snæða kvöldverð, en er hann var kominn niður á Hringbraut, hafi B kallað á hann, og hann hafi farið upp í bifreið til hans.

Ákærði hefur eindregið neitað því að hafa átt nokkur líkamleg mök við telpuna A og hann hefur enga skýringu getað gefið á blettum þeim, sem fundust á buxum telpunnar og dívanteppi hans.

Ástæða þótti til að láta geðveikralækni rannsaka geðheilbrigði ákærða, og framkvæmdi rannsókn þessa dr. med. Helgi Tómasson, yfirlæknir á Kleppi. Samkvæmt skýrslu hans er álit hans á ákærða, að hann sé hvorki vanvita, geðveikur né geðveill, heldur virðist hann andlega heilbrigður.

Ekki þótti rétt að yfirheyra stúlkuna A, enda hefur Grímur Magnússon læknir gefið eftirfarandi vottorð:

„Ég hef rannsakað A, 4 ára, Miklubraut . . ., sem talið er, að orðið hafi fyrir sexúellri árás. Hún hafði þá verið yfirheyrð nokkrum sinnum um alla málavexti og var orðin óró, kvíðin og forvitin, þegar minnzt var á þessa árás. Málið var auðsjáanlega að öðlazt mikilvægt gildi í huga hennar. Ég lagði til, að forðast skyldi allar yfirheyrzlur og allt annað, sem gæti minnt hana á þessa atburði eða gert þá veigamikla í hennar augum. Ég álít einnig skaðlegt fyrir andlega heilsu hennar að kalla hana til þess að bera frekar vitni í þessu máli."

Eins og atvikum er lýst hér að framan og með tilliti til fyrra framferðis ákærða í ölvunarástandi, þykja framkomnar nægar sannanir fyrir því, að hann hafi haft líkamleg mök við telpuna A, eins og hún hefur greint frá, enda er það einnig haft eftir 5 ára gömlum bróður A, að hann hafi séð hana fara upp í herbergi með ákærða. Hinn 24. október s.l. var hún beðin að benda á herbergisdyr „fulla mannsins", eins og hún kallaði ákærða, og benti hún á herbergisdyr ákærða. Með framangreindri háttsemi sinni hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr.

19 12. febrúar 1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Theódór Friðrik Hjálmar Theódórsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. nóvember 1950.

Nr. 67/1948. **Pétur Ingjaldsson** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Óla Barðdal (Magnús Thorlacius).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Skaðabætur vegna galla á seldri íbúð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi fékk leyfi til að skjóta máli þessu til Hæstaréttar hinn 26. maí 1948 svo og nóvaleyfi hinn 11. október 1948. Með stefnu, dags. 31. maí 1948, hefur hann áfrýjað dómi í málinu svo og fjárnámi, gerðu hinn 28. maí 1948 til tryggingar dómkröfunni, og krefst þess, að hann verði sýkn dæmdur af kröfum stefnda, fjárnámið verði fellt úr gildi og stefnda

verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinar áfrýjuðu dómsathafnir, dómur og fjárnám, verði staðfestar og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt þess, að dómur Hæstaréttar í máli þessu verði einungis reistur á þeim gögnum, sem lágu fyrir héraðsdómara, en þeim nýju gögnum, sem lögð hafa verið fram í Hæstarétti, verði ekki gaumur gefinn. Þar sem áfrýjandi kom ekki fyrir dóm í héraði, þykir reglan um afdráttarlausan málflutning ekki eiga að valda því, að áfrýjandi megi ekki koma að nýjum gögnum í Hæstarétti samkvæmt leyfi, sbr. 98. gr. laga nr. 85/1936.

Málavextir eru þessir: Hinn 14. maí 1946 seldi áfrýjandi stefnda þriggja herbergja íbúð á neðri hæð í vesturenda hússins Innra-Sæbóls í Egilsstaðalandi við Nesveg í Seltjarnarneshreppi ásamt geymslu og hálfu þvottaherbergi í kjallara. Stefndi fékk hina seldu íbúð þegar til afnota og fluttist í hana. En er hann hafði dvalizt þar um nokkurn tíma, taldi hann sig hafa sannreynt, að íbúðin væri haldin ýmsum göllum. Fyrir því ritaði hann hinn 17. desember 1946 héraðsdómara bréf, lýsti því, að „mikil brögð hafi verið að raka í íbúðinni og jafnvel borið á leka sums staðar", taldi sig eiga kröfu á bótum á hendur áfrýjanda fyrir samningsrof og beiddist dómkvaðningar tveggja óvilhallra manna „til þess að skoða íbúðina og athuga frágang hennar allan sem og hússins yfirleitt", enda meti hinir dómkvöddu menn, „hve mikið muni kosta í peningum að bæta úr göllum á íbúðinni." Einnig beiddist hann mats á sjálfri íbúðinni til verðs. Til starfa þessa dómkvaddi héraðsdómari hinn 21. desember 1946 þá Sigurð Jónsson hreppstjóra og Erlend Einarsson múrarameistara. Kváðu þeir upp mat sitt hinn 4. janúar 1947. Lýsa matsmenn íbúðinni svo: „Við athugun á íbúð Óla Barðdal kom í ljós, að allir útveggir og flestir innveggir virðast draga í sig raka, þar sem þeir voru víða blautir inni í stofunum, en einkum þó þar sem húsgögn stóðu við veggina. Var málningin víða flögnuð af veggjum, sérstaklega neðan til. Þá virðast leiðslur leka,

sem innmúraðar eru, því að þar hafði sums staðar málning flagnað af vegna rakans. Þá virðist leka allmikið með gluggakörmum, sérstaklega í miklum rigningum, og jafnvel eftir þær. Var regn þann dag, er skoðun okkar fór fram, og sáum við vatnið í gluggunum. Málningin ber það einnig með sér, að um langvarandi raka er að ræða.“ Töldu undirmatsmenn, að kosta mundi kr. 12825.95 að bæta úr nokkrum göllum, en meta ekki kostnað af því að bæta úr raka á veggjum. Með bréfi, dags. 10. febrúar 1947, beiddist stefndi þess, að héraðsdómari dómkveddi þrjá óvilhalla menn til að framkvæma yfirmat á göllum á íbúðinni svo og á verðmæti hennar. Hinn 29. marz 1947 dómkvaddi héraðsdómari þá Bergsvein Guðmundsson trésmíðameistara, Helga Kristjánsson húsasmíðameistara og Sigurð Flygenring verkfræðing til að framkvæma yfirmatið. Kváðu þeir matið upp hinn 17. maí 1947. Um útlit íbúðarinnar vísa yfirmatsmenn „í öllum aðalatriðum“ til undirmatsgerðar. Sundurliða þeir síðan í fimm liðum, hvernig viðgerð þurfi að haga til þess að bæta úr göllum á íbúðinni, og meta kostnað af viðgerð á kr. 16790.00, en íbúðina sjálfa í fullkomnu lagi telja þeir virði kr. 66000.00. Stefndi höfðaði síðan mál á hendur áfrýjanda til greiðslu kr. 16790.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 17. desember 1946 til greiðsludags og málskostnaðar. Áfrýjandi hvorki sótti né lét sækja þing, þótt honum væri löglega stefnt, og var málið því dæmt samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 og kröfur stefnda teknar til greina að öðru en því, að vextir voru reiknaðir frá stefnudegi. Hinn 28. maí 1948 var síðan gert fjárnám í neðstu hæð hússins nr. 24 við Ásvallagötu í Reykjavík, sem er eign áfrýjanda, til tryggingar dómskuldinni ásamt kostnaði.

Hinn 27. október 1948 ritaði umboðsmaður áfrýjanda héraðsdómara bréf og beiddist dómkvaðningar tveggja óvilhallra manna „til að skoða íbúðina og semja ýtarlegt álit um ástand hennar,“ enda sé matsmönnum m. a. gert að lýsa raka og öðrum göllum, ef nokkrir eru, og meta kostnað af viðgerð á þeim. Héraðsdómari kvaddi hinn 29. s. m. til þessa starfa byggingarmeistarana Björn Rögnvaldsson og Skafta Ólafsson. Skiluðu þeir hinn 9. nóvember 1948 mjög rækilegri mats-

gerð. Kveða þeir, að „áberandi raki" sé í íbúðinni, þó mismunandi mikill í einstökum herbergjum. Þeir segja enn m. a.: „Áberandi raki er í einangrun útveggja niðri við gólf. Gólfdúkar hafa losnað úr líminu og skemmzt, sérstaklega í norðurstofu og innra gangi". Orsakir rakans telja þeir óvandaðan frágang á undirstöðum og botnplötu. Benda þeir á, að jarðvegur undir húsinu og umhverfis það sé mjög blautur og að yfirborð jarðvegs við norðurhlið hússins, þar sem mestur rakinn er inni, sé í sömu hæð og efri brún á gólfplötu, en utan á veggi sé ekki múrhúðað nema að jarðlínu eða sem svarar niður á hálfa þykkt gólfplötunnar, svo að auðveldlega sigi vatn undir og upp í gegnum gólfplötuna. Enn segja þeir, að í innri forstofu sé rauf í gólfinu, þar sem í er lögð hitavatnspípa, en upp úr þessari rauf komi bleyta og gufa. Líti svo út, að vatn sé í raufinni og rörið sé illa einangrað, því að gólfdúkur þar yfir sé gerónýtur vegna bleytu og hita.

Þá telja þeir og frárennsliskerfi hússins ábótavant, t. d. undir útitröppum, þar sem anddyri sé fyrir íbúðina, en ekkert niðurfall. Þar safnist fyrir mikið vatn, sem óhindrað geti runnið inn í húsið, ef þess sé ekki gætt að ausa því burt í tæka tíð. Matsmenn lýsa þeim viðgerðum rækilega, er þeir telja nauðsynlegar til þess að bæta úr göllunum, og meta kostnað af endurbótum á kr. 16132.00. Hafa matsmenn þessir síðar látið í té mjög sundurliðaða greinargerð um viðgerðarkostnaðinn og staðfest matsgerðina fyrir dómi.

Matsgerð Björns Rögnvaldssonar og Skafta Ólafssonar er rækilegust og fullkomnust þeirra gagna, sem fyrir liggja í málinu. Er því rétt að leggja hana til grundvallar, en sönnun brestur gegn mótmælum áfrýjanda, að honum hafi verið gert við vart um, hvenær yfirmatsgerðin skyldi fram fara. Af gögnum málsins er ljóst, að um er að tefla byggingargalla, sem stefnda verður ekki gefið að sök, þótt hann sæi ekki, er kaup gerðust. Verður því að telja áfrýjanda ábyrgan gagnvart stefnda á göllunum, enda hefur hann, eins og göllunum er háttað, ekki fyrirgert bótarétti sínum með því að kvarta of seint undan þeim. Samkvæmt þessu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 16132.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 27. janúar 1948 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist svo og hin áfrýjaða fjárnámsgerð að því er varðar kr. 16132.00 ásamt vöxtum og kostnaði.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2000.00.

Það athugast, að héraðsdómara hefði verið rétt að dæma mál þetta ásamt samdómsmönnum, sbr. 200. gr., 3. tl., laga nr. 85/1936, og að lýsingu á málsatvikum skortir í dóminn, sbr. 190. og 193. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Pétur Ingjaldsson, greiði stefnda, Óla Barðdal, kr. 16132.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 27. janúar 1948 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði svo og hin áfrýjaða fjárnámsgerð að því er varðar kr. 16132.00 ásamt vöxtum og kostnaði staðfestist.

Áfrýjandi greiði stefnda kr. 2000.00 málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. febr. 1948.

Mál þetta, er dómtekið var 5. þ. m., hefur Óli Barðdal sjómaður, Sólbergi, Seltjarnarneshreppi, höfðað fyrir bæjarþinginu eftir árangurslausa sáttaumleitan með stefnu útgefinni 27. janúar 1948 gegn Pétri Ingjaldssyni verkamanni, Ásvallagötu 24, hér í bænum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 16790.00 með 6% ársvöxtum frá 17. desember 1946 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur hvorki sótt þing né sækja látið, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir ákvæðum 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar eð þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öðru leyti en því, að vextir reiknast frá stefnudegi.

Málskostnaður ákveðst kr. 1900.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Pétur Ingjaldsson, greiði stefnanda, Óla Barðdal, kr. 16790.00 með 6% ársvöxtum frá 27. janúar 1948 til greiðsludags og kr.

1900.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 28. maí 1948.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jóhann Steinason cand. jur. vegna Magnúsar Thorlacius hrl. og krefst fjárnáms til tryggingar skuld samkvæmt nefndum dómi að upphæð kr. 16790.00 með 6% ársvöxtum frá 27. janúar 1948 til greiðsludags, kr. 1900.00 í málskostnað, kr. 21.00 fyrir endurrit og birtingu auk alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, Pétur Ingjaldsson, er ekki mættur, en af hans hálfu mætir kona hans, Stefanía Erlendsdóttir, og kveðst ekki geta greitt kröfuna, enda segir hún, að ætlunin sé að áfrýja málinu til Hæstaréttar. Fógeti skoraði þá á hana að vísa á eignir, er gerðarþoli ætti og gera mætti fjárnám í og bryndi fyrir henni að skýra rétt frá.

Mætta vísaði nú á neðstu hæð hússins nr. 24 við Ásvallagötu til fjárnáms.

Fógeti lýsti því yfir, að hann gerði fjárnám í nefndri hæð til tryggingar framangreindri skuld auk alls kostnaðar áfallins og áfallandi að geymdum betra rétti þriðja manns. Fallið var frá virðingu.

Fógeti bryndi fyrir mættu af hálfu gerðarþola að skýra gerðarþola frá fjárnáminu og að honum væri óheimilt að ráðstafa hinu fjárnumda, þannig að í bág bryti við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Miðvikudaginn 15. nóvember 1950.

Nr. 22/1950. **Ákæruvaldið** (Ragnar Jónsson)
gegn
Jóni Guðjónssyni (Einar B. Guðmundsson)
og
Tómasi Jochumssyni (Egill Sigurgeirsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot á siglingareglum. — Manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Meginorsök árekstrar þess, er í málinu greinir, má rekja til þess, að v/b Stígandi beygði til stjórnborða og í veg fyrir

nótabáta v/b Arinbjarnar. Ákærða Jóni Guðjónssyni mátti vera það ljóst, er hann gaf stjórnanda Stíganda fyrirskipun um þá siglingu, að hætta á árekstri var yfirvofandi, enda sá hann þá til ferða nótabátanna frá Arinbirni. Þessi stefnubreyting, sem var ónauðsynleg og, eins og á stóð, mjög hættuleg, var því brýnt brot á 29. gr. tilskipunar um alþjóðlegar sjóferðareglur nr. 8/1933. Ákærði Jón er og brotlegur við 28. gr. sömu tilskipunar með því að láta ekki gefa hljóðmerki á Stíganda, er stefnu skipsins var breytt. Þá hefur hann einnig brotið 261. gr. siglingalaga nr. 56/1914 með því að fá ósiglingarfróðum manni í hendur stjórn á Stíganda, svo og 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 vegna þeirra afleiðinga, sem af gáleysi hans urðu. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði. Þá skal hann og samkvæmt 68. gr. hegningarlaga og 264. gr. siglingalaga, sbr. 6. gr. laga nr. 40/1930, sviptur réttindum til skipstjórnar og stýrimennsku 5 ár.

Broti ákærða Tómasar Jochumssonar er rétt lýst í héraðsdómi, og varðar það við 29. gr. tilskipunar nr. 8/1933, 85. gr. sjómannalaga nr. 41/1930 og 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða Tómasar og sviptingu réttinda hans.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærðu greiði hvor um sig skipuðum verjanda sínum í Hæstarétti kr. 1000.00. Allan annan kostnað af áfrýjun málsins greiði ákærðu in solidum, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, kr. 1200.00.

Jón Bergþór Arngrímsson, 2. vélstjóri á v/b Stíganda, hafði á hendi stjórn vélbátsins, er áreksturinn varð. Ákæruvaldið hefur þó ekki fyrirskipað málshöfðun á hendur honum.

Eftir að fyrirskipun hafði verið gefin um málshöfðun, fór fram frekari rannsókn í málinu. Við þá rannsókn viðurkenndi nefndur Jón Bergþór, að sigling Stíganda, eftir að vikið var til stjórnborða, „hafi hindrað, að bátar Arinbjarnar næðu síldartorfunni“, og kveðst hann „hafa haft þetta í

huga jafnframt því að" hann „fylgdi fyrirmælum skipstjóra um að beygja á stjórnborða". Er það aðfinnsluvert, að héraðsdómur hefur ekki, svo að séð verði, vakið athygli ákæruvaldsins á þessum framburði Jóns Bergþórs, en yfirheyrt hann sem vitni og látið hann staðfesta framburð sinn með eiði.

Dómsorð:

Ákærði Jón Guðjónsson sæti fangelsi 6 mánuði. Hann er sviptur rétti til skipstjórnar og stýrimennsku 5 ár.

Ákvæði héraðsdóms um refsingu og réttindasviptingu ákærða Tómasar Jochumssonar svo og um sakarkostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði Jón Guðjónsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1000.00.

Ákærði Tómas Jochumsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1000.00.

Ákærðu greiði in solidum allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1200.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur Siglingadóms 21. nóv. 1949.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Guðjónssyni skipstjóra, Laugavegi 10, Siglufirði, og Tómasi Jochumssyni nótabassa, Brávallagötu 16 A, hér í bænum. Á hendur ákærða Jóni er málið höfðað fyrir brot gegn XXIII. kafla hegningarlaganna og siglingalögum nr. 56 1914, sbr. lög nr. 41 1930, sbr. einnig tilskipun um alþjóðlegar sjóferðareglur nr. 8 frá 11. apríl 1933, en á hendur ákærða Tómasi fyrir brot gegn XXIII. kafla hegningarlaganna og sjómannalögum nr. 41 1930, sbr. tilskipun um alþjóðlegar sjóferðareglur nr. 8 frá 11. apríl 1933.

Ákærðu hafa báðir náð lögaldri sakamanna. Er ákærði Jón fæddur 15. september 1912, en ákærði Tómas 22. ágúst 1907.

Ákærði Jón hefur með dómi í Húnavatnssýslu þann 30. apríl 1947 verið dæmdur í 6000 króna sekt fyrir brot gegn 2. og 3. gr. laga nr. 5 1920, sbr. lög nr. 4 1924, en ákærði Tómas sætt eftirfarandi kærum og refsingum:
1939 17/9 Reykjavík. Sátt: 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1941 8/7 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun. Látið falla niður.
1942 21/10 Reykjavík. Sátt: 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Ákærði Jón hefur meira fiskiskipstjóraskírteini, en ákærði Tómas stýrimannsskírteini á fiskiskipi.

Að kvöldi hins 7. ágúst 1948 voru vélbátarnir Stígandi O F 25 frá Ólafsfirði og Arinbjörn R E 18 frá Reykjavík að síldveiðum út af Krossanesfjalli í námunda við Trékyllisvík á Ströndum. Veður var bjart, logn og ládeyða. Á síðari hluta áttundu stundar eða um kl. 8 hafði v/b Stígandi nýlega lokið við að hafa síld úr kasti. Komu þá skipverjar auga á síldartorfu í nokkurri fjarlægð. Var þegar sett á ferð og siglt í áttina að torfunni með nótabátana í togi. Stefnt var þannig, að síldartorfan var á stjórnborða. Á nálægum slóðum hafði v/b Arinbjörn verið að hafa úr nót sinni. Að sögn skipstjórans á honum hafði hann komið auga á síldartorfu þá, sem Stígandi stefndi að, áður en lokið var að hafa, en er því var lokið, sleppti v/b Arinbjörn nótabátum sínum, og héldu þeir áleiðis að torfunni. Bátarnir, sem hvor um sig eru búnir 14 ha Albin-vél, voru bundnir saman á siglingunni. Stjórn þeirra hafði nótabassinn, ákærði Tómas Jochumsson. Sat hann undir stýri í stjórnborðsbátnum. Skipstjórinn á v/b Arinbirni varð eftir um borð í honum.

Þegar v/b Stígandi var kominn í námunda við síldartorfuna, var ferð hans minnkuð, beygt til stjórnborða og bátarnir dregnir að stjórnborðshlið hans. Hlupu skipverjar í þá, að undanskildum þrem, I. og II. vélstjóra og matsveini. Var II. vélstjóri við stýrið, er farið var í bátana, og mun hafa verið það, frá því að byrjað var að sigla að síldartorfunni. Um leið og skipstjóri Stíganda, ákærði Jón Guðjónsson, fór frá skipinu, gaf hann II. vélstjóra fyrirmæli um að halda til stjórnborða. Var það gert. Á meðan þetta skeði, nálguðust nótabátar Arinbjarnar með óbreyttum hraða og óbreyttri stefnu. Skömmu síðar varð árekstur milli þeirra og Stíganda, þannig að framstefni Stíganda lenti á stjórnborðsbátnum um eða rétt framan við miðju. Sökk sá bátur samstundis, en bakborðsbátnum hvolfdi. Ekki verður sagt með vissu, hve mikið stjórnborðsbáturinn brotnaði, en sumir sjónarvottar telja, að hann hafi brotnað í tvennt. Allir skipverjar Arinbjarnar, sem í bátunum voru, 13 að tölu, fóru í sjóinn nema einn, sem náði tökum á akkeri Stíganda og gat haldið sér þar, unz honum var hjálpað upp í hann. Skipverjar þeir, sem voru um borð í v/b Stíganda, hentu þegar því, sem hendi var næst, af flotholtum og taugum til þeirra, sem lent höfðu í sjónum. Tókst sumum að ná í það, en aðrir héldu sér í korka á nót Arinbjarnar. Nokkrir komust á kjöl bakborðsnótabátsins. Þegar árekstur inn varð, voru Stígandamenn að kasta fyrir síldina. Var því þegar hætt. Slaknaði þá á nótinni, svo að hún lenti í skrúfu stjórnborðsbáts Stíganda. Var þá nótin losuð úr bakborðsbát Stíganda svo fljótt sem unnt var. Fór ákærði Jón yfir í bakborðsbátinn, og var þegar haldið á slysstaðinn til að

bjarga mönnunum. Tókst að ná þeim að tveim undanskildum, Birgi Guðmundssyni og Guðjóni Sigurjónssyni, sem sukku, án þess að björgun yrði við komið. Tveir manna þeirra, sem náðust, voru meðvitundarlausir. Voru það þeir Bjarni Þorsteinsson og Haraldur Kjartansson. Var þegar farið með þá yfir í v/b Arinbjörn, sem var skammt undan, og lífgunartilraunir hafnar á þeim. Hélt Arinbjörn þegar áleiðis til Djúpuvíkur með menn þessa, en aðrir skipverjar hans, sem björguðust, urðu eftir um borð í v/b Stíganda og fengu þar aðhlynningu. Engin slys höfðu orðið á þeim, að því undanskildu, að einn þeirra hafði meiðzt lítils háttar á öxl. Frá Djúpuvík kom læknir á bát á móti v/b Arinbirni og var lífgunartilraununum á mönnunum haldið áfram undir hans umsjá til kl. eitt um nóttina, en þær báru engan árangur. Einhverir áverkar sáust á líkunum, en læknir mun hafa talið, að þeir hafi ekki leitt til dauða einir sér, en hins vegar geti verið, að af þeim hafi stafað meðvitundarleysi, sem þá gæti verið ein orsök drukknunar. Eftir að lífgunartilraunum var hætt, hélt v/b Arinbjörn aftur á slysstaðinn. Þar hafði áhöfn Stíganda unnið að því að bjarga nótunum. Nót Arinbjarnar var mjög rifin, og reyndist erfitt að ná henni upp. Var því lokið, er Arinbjörn kom aftur á slysstaðinn um kl. 3 um nóttina. Tók þá skipshöfn hans við því starfi. Vitnum ber saman um, að gert hafi verið það, sem unnt var, til bjargar mönnunum, eftir að áreksturinn varð.

Ákærði Jón Guðjónsson skýrir þannig frá aðdraganda slyssins. Hann kveðst hafa séð síldartorfuna í SA frá skipi sínu, v/b Stíganda, um kl. 8 síðdegis. V/b Arinbjörn hafi þá verið nokkru austar í um 1.5 sjómílna fjarlægð og verið að ljúka við að hífa. Kveðst hann hafa siglt að síldartorfunni með um 8 sjómílna hraða, miðað við klukkustund. Hafi það verið um 5 mínútna sigling. Stefnt hafi verið þannig, að síldartorfan var höfð aðeins til stjórnborða. Kveðst ákærði hafa séð, að v/b Arinbjörn sleppti nótabátum sínum, og hafi þeir þá verið á bakborða v/b Stíganda. Þegar komið var því sem næst að síldartorfunni, var ferðin minnkuð og II. vélstjóra gefin fyrirmæli um að beygja til stjórnborða, er farið var í bátana. Ákærði kveðst þá hafa gefið nótabátum v/b Arinbjarnar gætur, og hafi þeir verið að sjá um bakborðsvant v/b Stíganda, séð frá stýrishúsi hans. Ákærði fór nú í bátana ásamt skipverjum sínum. Kveðst hann þegar hafa byrjað að kasta nótinni, er búið var að snúa nótabátunum í rétta stefnu, en þeir hafi þá verið nokkra faðma frá síldartorfunni, sem hann telur að hafi vaðið til NA. Var að sögn ákærða búið að kasta um 6 föðmum úr hvorum bát, þegar áreksturinn varð. Eftir að ákærði fór í bátana, sá hann ekkert til nótabáta v/b Arinbjarnar, fyrr en um leið og áreksturinn varð. Um leið og ákærði fór frá borði, gaf hann, eins og áður er sagt, fyrirmæli um, að halda v/b Stíganda til stjórnborða. Kveðst hann hafa gert þetta til að gefa nótabátum v/b Arinbjarnar meira svigrúm og til að forðast árekstur við þá. Kveðst ákærði hafa ætlazt til þess, að v/b Stígandi yrði stöðvaður, þegar hann væri kominn nokkuð frá síldartorfunni, en engin fyrirmæli gaf hann í þá átt.

Vitnið Jón Bergþór Arngrímsson, II. vélstjóri, sem var við stýrið á v/b Stíganda, er áreksturinn varð, skýrir svo frá, að v/b Stígandi hafi siglt á

fullri ferð, unz komið var þvert af síldartorfunni. Var þá hægt á ferðinni, og fór ákærði Jón og skipverjar í bátana. Gaf ákærði Jón fyrirmæli um að beygja til stjórnborða, og gerði vitnið það. Vitnið telur, að eftir að hægt var á v/b Stíganda, hafi hann farið með hálfri ferð, eða um 4 sjómílur miðað við klukkustund. Neitar vitnið eindregið, að hraði v/b Stíganda hafi verið aukinn aftur, eftir að bátunum var sleppt, en segir, að þungur skriður hafi verið á honum sökum þess, að töluverð síld var innanborðs. Vitnið kveðst hafa veitt nótabátum v/b Arinbjarnar athygli, er bátum v/b Stíganda var sleppt. Hafi þeir þá verið framundan aðeins á bakborða. Kveðst vitnið ekki hafa talið hættu á árekstri við nótabáta v/b Arinbjarnar með þeirri stefnu, sem v/b Stígandi tók, og veitti nótabátunum svo ekki athygli, fyrr en þeir voru 2—3 lengdir sínar frá v/b Stíganda. Segir vitnið, að bátana hafi þá borið framan til á bakborðskinnung. Vitnið kveðst þá fyrst hafa gert sér ljóst, að hætt var við árekstri, og lagt stýrið hart í stjórnborða til að forðast hann, en áður hafi stýrið verið mitt á milli stjórnborða og miðskips. Kveðst vitnið hafa talið þetta réttu leiðina til að forðast árekstur. Ekki breytti vitnið hraða v/b Stíganda eða gerði tilraun til að gefa ferð afturá. Fyrst, er árekstur inn varð, tók það skrúfuna úr sambandi. Vitnið kveðst ekkert hafa heyrt Jón minnast á nótabáta v/b Arinbjarnar, en það kveðst með siglingu sinni hafa haft það í huga, jafnframt því að hlýðnast fyrirmælum ákærða Jóns, að hindra nótabáta v/b Arinbjarnar í að komast að síldartorfunni.

Vitnið Arngrímur Anton Benjamínsson, I. vélstjóri á v/b Stíganda, kveðst hafa komið upp í stýrishús úr vélarúmi, þegar v/b Stígandi var nýbúinn að sleppa nótabátunum. Kveðst hann þá hafa veitt nótabátum v/b Arinbjarnar athygli, en þeir voru þá á bakborða fyrir framan þvert. Hann áætlar hraða v/b Stíganda um 3—4 sjómílur, eftir að bátum hans var sleppt, og segir, að ganghraða vélarinnar hafi ekki verið breytt eftir það. Hins vegar telur hann, að verið geti, að hraði bátsins hafi aukizt eitthvað við það, að nótabátunum var sleppt. Vitnið hefur skýrt svo frá, að vél Stíganda gangi alveg reyklaust og sjáist því enginn reykur frá henni, þótt ferð hennar sé aukin. Telur vitnið nótabáta v/b Arinbjarnar hafa verið á meiri ferð en v/b Stíganda, eftir að nótabátum hans var sleppt.

Vitnið Gunnar Björnsson, matsveinn á v/b Stíganda, kveðst hafa komið upp úr hásetaklefa rétt í því, að v/b Stígandi sleppti bátunum. Segir hann, að nótabátar v/b Arinbjarnar hafi þá verið lagðir af stað frá skipi sínu, sem lá um 400—500 faðma í burtu. Bátarnir hafi þá stefnt þvert á bakborðshlið v/b Stíganda. Vitnið segir, að ekki hafi verið hert á vél Stíganda, eftir að bátum hans var sleppt, en verið geti, að hraði skipsins hafi aukizt eitthvað við það. Hann kveður v/b Stíganda hafa verið beygt til stjórnborða, allt frá því að bátunum var sleppt og þar til árekstur inn varð. Telur vitnið, að nótabátar v/b Arinbjarnar hafi á því tímabili stefnt fyrir framan stefni v/b Stíganda og hafi hraði þeirra verið meiri en hraði hans. Hann kveðst hafa fylgzt vel með ferðum nótabáta Arinbjarnar, en sér hafi ekki orðið ljóst, fyrr en á seinustu stundu, að hætta væri á árekstri.

Vitnið Gísli Magnús Gíslason, stýrimaður á v/b Stíganda, var í nótabátum hans. Hann telur v/b Stíganda hafa stefnt því sem næst í suður, þegar áreksturinn varð. Heyrði hann fyrirskipun skipstjóra um að hægja, rétt áður en farið var í nótabátana. Sömuleiðis skipun hans um að beygja til stjórnborða. Vitnið telur vélahraða v/b Stíganda ekki hafa verið aukinn, eftir að bátum var sleppt, en segir hins vegar, að við það muni hraði bátsins hafa aukizt lítils háttar.

Ákærði Jón Guðjónsson hefur gert uppdrátt (dskj. nr. 14) af afstöðu skipanna og nótabátanna og af siglingu þeirra, unz áreksturinn varð. Vitnin Jón Bergþór Arngrímsson, Gunnar Björnsson og Gísli Magnússon Gíslason hafa staðfest, að uppdráttur þessi sé réttur.

Ákærði Tómas Jochumsson hefur lýst málavöxtum á þessa leið: Hann kveður nótabátum v/b Arinbjarnar hafa verið sleppt um kl. 19.20, en síldartorfuna þá hafa verið í um 200 metra fjarlægð frá v/b Arinbirni. V/b Stígandi hafi nálgast á stjórnborða í nokkurri fjarlægð um það leyti, sem nótabátarnir lögðu frá v/b Arinbirni. Ákærði telur sig hafa séð, að v/b Stíganda hafi verið beygt til bakborða, skömmu eftir að bátarnir yfirgáfu v/b Arinbjörn, og síðan aftur til bakborða, um það leyti sem Stígandamenn fóru í bátana. Einnig telur ákærði sig hafa séð á stjórnborðssíðu v/b Stíganda, allt frá því að nótabátarnir lögðu frá v/b Arinbirni og þar til Stígandamenn fóru í bátana. Þá telur ákærði, að v/b Stígandi hafi verið 3—4 lengdir sínar frá nótabátunum og ferð hans verið orðin mjög lítil. Kveðst ákærði þá hafa þótzt öruggur um, að bátar hans væru komnir fram hjá stefnu v/b Stíganda, þótt hann sigi áfram. Kveðst hann því ekki hafa gefið siglingu v/b Stíganda frekari gaum, en sagt mönnum sínum að vera viðbúnir að kasta. Ákærði hélt óbreyttri ferð á bátum sínum, allt þar til áreksturinn varð. Telur hann hraða þeirra hafa verið um 4 sjómílur miðað við klukkustund. Þegar v/b Stígandi var rúmlega hálfa skipslengd frá nótabátunum, kveðst ákærði hafa veitt honum athygli. Sá hann þá, að árekstur var yfirvofandi, og stýrði til bakborða, en ekki veit hann, hvort bátarnir voru byrjaðir að snúast, er áreksturinn varð. Ákærði heldur því eindregið fram, að ferð v/b Stíganda hafi verið aukin, frá því að menn hans fóru í bátana og þar til áreksturinn varð. Byggir hann þetta á því, að meira hafi þá freytt undan stefni hans og einnig telur hann það bera vott um, að allmikil ferð hafi verið á v/b Stíganda, að hann hafi sigið allmikið áfram eftir áreksturinn. Kveðst ákærði hafa misst handfesti af „skammdekki" v/b Stíganda, er hann náði í við áreksturinn, og síðar af taug frá honum, sem hann náði taki á, sökum þess, hve þungur skriður var á v/b Stíganda.

Vitnið Sigurður Eyleifsson, skipstjóri á v/b Arinbirni, skýrir svo frá, að það hafi verið um borð í v/b Arinbirni um 200 metra frá slysstaðnum. Áætlar vitnið, að 3—4 lengdir v/b Stíganda hafi verið milli hans og leiðar nótabáta Arinbjarnar, er v/b Stígandi sleppti bátum sínum. Áreksturinn, telur vitnið, að hafi orðið 2—3 mínútum síðar. Vitnið telur, að v/b Stígandi hafi sveigt tvívegis til bakborða, áður en hann sleppti bátum sínum. Vitnið telur sig hafa séð dökkan reyk koma upp úr útblásturspípu v/b Stíganda,

eftir að bátum hans var sleppt, og telur, að hraði hans hafi verið aukinn eftir það.

Vitnið Olav Martein Hansen, sem var háseti á v/b Arinbirni og var í stjórnborðsbát hans, þegar slysið skeði, kveðst hafa veitt v/b Stíganda athygli, þegar nýbúið var að sleppa bátunum frá v/b Arinbirni. Hafi þá v/b Stígandi virzt að mestu leyti eða alveg ferðlaus. Hann kveðst hafa séð stjórnborðsmegin við stefni v/b Stíganda, þegar skipshöfn hans fór í bátana. Einnig hafi hann séð framstefni bátanna. Hann áætlar, að þá hafi v/b Stígandi verið í nokkurra skipslengda fjarlægð. Næst kveðst vitnið hafa veitt v/b Stíganda athygli, er hann var 2—3 nótabátalengdir í burtu, en á næsta augnabliki hafi áreksturinn orðið. Vitnið telur, að v/b Stígandi hafi þá verið á töluvert mikilli ferð og mikið hafi freytt undan stefni hans.

Vitnið Helgi Helgason var háseti á v/b Arinbirni og var í stjórnborðsbát hans, þegar slysið varð. Hann telur, að augljóslega hafi verið meiri ferð á v/b Stíganda, þegar áreksturinn varð en þegar hann sleppti bátum sínum. Á sömu lund er framburður vitnisins Guðmundar Árnasonar, sem einnig var háseti á v/b Arinbirni. Virðist hann draga ályktunina um, að hraðinn hafi verið aukinn, einkum af því, að meira hafi freytt fyrir stefni v/b Stíganda, þegar áreksturinn varð, en þegar hann sleppti bátunum. Vitnið var í bakborðs nótabát Arinbjarnar og kveðst hafa séð nótabáta Stíganda á stjórnborðshlið hans, er skipverjar fóru í þá.

Uppdráttur hefur verið gerður (dskj. nr. 7) af afstöðu skipanna og nótabátanna og siglingu þeirra, þar til áreksturinn varð, samkvæmt framburði ákærða Tómasar Jochumssonar. Vitnin Sigurður Eyleifsson, Guðmundur Árnason, Olav Martein Hansen, Helgi Helgason, Sigurþór Júníusson, skipverjar á v/b Arinbirni, og Sigurfinnur Ólafsson, háseti á v/b Stíganda, hafa allir borið, að uppdráttur þessi sé réttur.

Vitnið Sveinn Frímannsson, skipstjóri á v/b Gaut frá Akureyri, var staddur í hringnótabát við hliðina á skipi sínu, að hann telur um 2—300 faðma frá slysstaðnum. Hann telur v/b Stíganda hafa siglt sem næst í SA-læga stefnu að síldartorfunni með herpinótabátana á stjórnborðshlið. V/b Arinbjörn kveðst hann hafa séð koma siglandi sem næst í SV, að því er virtist, og hafi hann sleppt nótabátunum, er hann var alllangt frá síldartorfunni. Hann telur báta Stíganda hafa byrjað að kasta rétt strax, eftir að þeim var sleppt. Báta Arinbjarnar telur hann hafa stefnt nálægt því í SV. Hann telur, að skipverjar Stíganda hafi verið búnir að kasta nálægt því hálfri nótinni, þegar áreksturinn varð. Vitni þetta kveðst hafa fylgzt vel með siglingu skipanna. Hann kveðst ekki hafa orðið þess var, að v/b Stígandi beygði til bakborða, áður en hann sleppti bátunum, en þá hafi hann virzt beygja dálítið til stjórnborða. Ekki kveðst hann hafa orðið þess var, að ferð v/b Stíganda væri aukin, eftir að hann sleppti bátunum. Vitnið telur, að töluvert mikil ferð hafi verið á nótabátum Arinbjarnar, og gizkar á, að þeir gangi 6—7 sjómílur. Telur vitnið, að þegar v/b Stígandi sleppti bátunum, hafi verið miklu meira en 3—4 lengdir Stíganda frá

honum að stefnulínu nótabáta Arinbjarnar. Nánar hefur vitnið ekki áætlað, hve mikil sú vegalengd var.

V/b Stíganda er 72,3 fet á lengd, 75,99 smál. brúttó og er knúinn 265 ha Alpha Dieselvél. Nótabátar Arinbjarnar eru rúmlega 9 metrar á lengd.

Af teikningum þeim, sem fram hafa verið lagðar í málinu og ákærðu og vitni, sem voru sjónarvottar slyssins og aðdraganda þess, hafa staðfest, er ljóst, að hornið milli stefnulínu v/b Stíganda, áður en hann sleppti nótabátum sínum, og stefnulínu nótabáta v/b Arinbjarnar, sem var óbreytt allan tímann, hefur verið 30—45°. Er þetta einnig í samræmi við framburði vitnanna, sem voru í nótabátum v/b Arinbjarnar og telja sig hafa séð á stjórnborðskinnung v/b Stíganda, er bátum hans var sleppt. Má því telja sannað, að afstaða stefnulínanna hafi verið einhvers staðar á milli þeirra marka, er áður greinir.

Um hraða v/b Stíganda eftir að bátum var sleppt, hefur vélstjórinn, sem þá hafði stjórn á honum, borið, að hann hafi ekki farið meira en hálfa ferð, eða um 4 sjómílur miðað við klukkustund. Vitnið Arngrímur Anton Benjamínsson telur hraðann hafa verið 3—4 sjómílur. Bæði þessi vitni og auk þess vitnið Gunnar Björnsson, sem var með þeim um borð í v/b Stíganda, bera, að vélahraða hans hafi ekki verið breytt, eftir að farið var í bátana. Framburður vitnisins Sveins Frímannssonar styður þetta einnig. Verður að ætla þetta rétt, enda byggja vitni þau, sem borið hafa gagnstætt þessu, umsögn sína einvörðungu á því, að þeim hafi virzt freyða meira fyrir stefni Stíganda, er áreksturinn varð, en þegar hann sleppti bátunum, en af mati vitnanna á þessu atriði verður ekki með neinni vissu dregin ályktun um, að vélahraðinn hafi verið aukinn.

Um hraða nótabáta v/b Arinbjarnar hefur ákærði Tómas borið, að þeir gangi um 4 sjómílur. Vitnin Arngrímur Anton Benjamínsson og Gunnar Björnsson hafa borið, að hraði nótabátanna hafi verið meiri en hraði v/b Stíganda, eftir að hann hægði ferð sína. Framburður vitnisins Sveins Frímannssonar virðist og benda í sömu átt. Segir hann, að nótabátar v/b Arinbjarnar hafi verið á töluvert mikilli ferð, og gizkar á, að þeir gangi 6—7 sjómílur, en um v/b Stíganda segir hann, að allþungt skrið hafi verið á honum. Verður að álykta af þessu, að hraði v/b Stíganda hafi ekki verið minni en 3 sjómílur á klukkustund, eftir að nótabátum hans var sleppt, og að hraði nótabáta v/b Arinbjarnar hafi ekki verið minni en hraði v/b Stíganda. Verður þó eftir öllum atvikum að telja ólíklegt, að hraði nótabátanna hafi verið minni en um 4 sjómílur á klukkustund.

Ákærði Jón Guðjónsson segir, að nótabáta v/b Arinbjarnar hafi borið um bakborðsvant v/b Stíganda af stýrishúsi hans séð, er skipverjar v/b Stíganda fóru í bátana. Vitnið Jón Bergþór Arngrímsson, sem var í stýrishúsi v/b Stíganda, hefur borið, að þegar nótabátum hans var sleppt, hafi nótabátar v/b Arinbjarnar verið framundan, aðeins á bakborða. Vitnið Arngrímur Anton Benjamínsson hefur borið, að þegar nýbúið var að sleppa nótabátum v/b Stíganda, hafi nótabátar v/b Arinbjarnar verið að sjá á bakborða fyrir framan þvert, en ekki er vitað, hvar vitnið var um borð í v/b Stíganda, þegar það tók þetta mið. Er eigi ástæða til að vé-

fengja framburð ákærða Jóns um þetta atriði, þar eð hann virðist hafa tekið nákvæmast mið af bátunum og framburður hans er samrýmanlegur framburði áðurgreindra vitna, en hið síðargreinda þeirra virðist hafa tekið mið sitt, eftir að farið var að snúa v/b Stíganda til stjórnborða. Einnig er framburður ákærða Jóns í þessu tilliti samrýmanlegur framburði vitna þeirra af nótabátum v/b Arinbjarnar, sem telja sig hafa séð á stjórnborðskinnung v/b Stíganda, er nótabátum hans var sleppt.

Ekki hefur reynzt unnt að fá teikningu af v/b Stíganda, en dómurinn hefur haft með höndum teikningu af v/b Degi R E 71, sem byggður er með v/b Stíganda sem fyrirmynd. Þó er sá munur á bátum þessum, að v/b Stígandi er 69 cm lengri og 29 cm breiðari en v/b Dagur. Dómendur hafa samkv. teikningu þessari mælt út sjónarhornið milli stefnulínu v/b Stíganda, áður en skipstjóri hans fór í nótabátana, og stefnulínu til nótabáta v/b Arinbjarnar, miðað við að hún liggi um bakborðsvant v/b Stíganda, séð af stýrishúsi hans. Horn þetta reyndist 17,4°. Við útreikning hornsins er breiddarmunur v/b Stíganda og v/b Dags tekinn til greina, en lengdarmunurinn hins vegar ekki, þar eð stýrishús v/b Stíganda er þeim mun framar en stýrishús v/b Dags, sem lengdarmuninum nemur.

Um fjarlægðina milli nótabáta v/b Arinbjarnar og v/b Stíganda, er hann sleppti nótabátum sínum, eru vitnisburðir ósamhljóða. Ákærði Tómas Jochumsson telur fjarlægðina hafa verið 3—4 lengdir v/b Stíganda. Vitnið Olav M. Hansen áætlar þessa vegalengd nokkrar skipslengdir. Vitnið Sigurður Eyleifsson telur, að á þessum tíma hafi verið 3—4 skipslengdir Stíganda milli hans og stefnulínu nótabáta v/b Arinbjarnar, en vitnið Sveinn Frímannsson telur þessa vegalengd hafa verið miklu meiri.

Frá því að ákærði Jón Guðjónsson tók mið það af nótabátum v/b Arinbjarnar, er áður greinir, og þar til áreksturinn varð, hefur eftirfarandi gerzt: Ákærði Jón þurfti að komast af stýrishúsþaki og í nótabátana, leysa þurfti bæði framband og milliband nótabáta v/b Stíganda og snúa þeim í áttina að síldartorfunni. Einnig voru skipverjar v/b Stíganda byrjaðir að kasta nótinni, er áreksturinn varð, og telur ákærði Jón, að þeir hafi verið búnir að kasta um 6 föðmum úr hvorum bát. Útilokað er, að þetta verði gert á skemmri stundu en einni mínútu, enda hafði verjandi ákærða Jóns Guðjónssonar það eftir skjólstæðingi sínum við hinn munnlega málflutning, að 1½ mínúta muni hafa liðið, frá því að skipverjar hans fóru í bátana og þar til áreksturinn varð. Sé gert ráð fyrir stytzta mögulegum tíma í þessu sambandi, 1 mínútu, og gert ráð fyrir minnsta hraða, sem v/b Stígandi hefur verið áætlaður, 3 mílur á klukkustund, hlýtur v/b Stígandi að hafa farið að minnsta kosti 92—93 metra, frá því að hann sleppti nótabátunum og þar til áreksturinn varð.

Jafnframt þessu koma til álita eftirgreindar staðreyndir um siglingu skipanna, sem samkvæmt framansögðu verða leiddar af gögnum málsins:

1. Að hraði nótabáta v/b Arinbjarnar var ekki minni en hraði v/b Stíganda.
2. Að hvassa hornið milli stefnulínu nótabátanna og stefnulínu v/b Stíganda, áður en bátum hans var sleppt, var 30°—45°.

3. Að á sama tíma lá sjónarlína til nótabátanna af stýrishúsi v/b Stíganda séð ekki aftar en um bakborðsvant hans.

Þegar þetta allt er virt, verður ljóst, að siglingu v/b Stíganda og nótabáta v/b Arinbjarnar var svo háttað, að aldrei hefði komið til árekstrar, ef hvorirtveggja hefðu haldið óbreyttri stefnu og óbreyttum hraða, frá því sem var, áður en byrjað var að beygja v/b Stíganda til stjórnborða, enda hefðu nótabátarnir þá komizt klakklaust yfir siglingalínu hans. Gildir sama um þetta, þótt gert sé ráð fyrir, að hraði v/b Stíganda hafi verið meiri en 3 sjómílur á klukkustund, og engu breytir það heldur í þessu tilliti, þótt fjarlægðin milli v/b Stíganda og nótabátanna hafi verið meiri en gert er ráð fyrir hér að framan.

Af framansögðu leiðir, að ákærði Jón Guðjónsson hefur gerzt brotlegur við 21. gr. tilskipunar um alþjóðlegar sjóferðareglur nr. 8 frá 11. apríl 1933 svo og 28. gr. sömu tilskipunar, þar eð hann lét ekki gefa hljóðmerki samtímis því, sem hann fyrirskipaði að beygja til stjórnborða. Þegar hann yfirgaf skipið og fór í nótabátana, var enginn siglingafróður maður eftir um borð í skipinu. Þrátt fyrir það gaf hann fyrirskipun um, að siglingu skipsins skyldi haldið áfram. Jafnframt því að fyrirskipa, að skipinu skyldi siglt áfram að þarflausu, gaf ákærði fyrirmæli um, að því skyldi vikið til stjórnborða gegn fyrirmælum siglingareglna. Mátti honum þó vera ljóst á þessum tíma, hverjar afleiðingar slík sigling skipsins gæti haft. Hefur ákærði með þessu framferði sínu gerzt brotlegur við 261. gr. siglingalaga nr. 56 frá 1914 svo og vegna þeirra afleiðinga, sem af gáleysi hans urðu, við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940. Þykir refsing hans samkvæmt hinum tilvitnuðu lagagreinum svo og samkvæmt 32. gr. tilskipunar nr. 8 frá 1933 hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi. Þá skal ákærði Jón einnig samkvæmt heimild í 68. gr. hegningarlaganna og 264. gr. siglingalaga sviptur réttindum til skipstjórnar og stýrimennsku um 3 ár.

Ákærða Tómasi Jochumssyni mátti vera það ljóst, er hann sá v/b Stíganda sleppa nótabátum sínum, að öryggi báta þeirra, er hann stjórnaði, var mjög undir því komið, hverja stefnu v/b Stígandi tæki. Bar honum því að hafa vakandi auga á v/b Stíganda og haga siglingu sinni í samræmi við þá stefnu, sem v/b Stígandi kynni að taka. Auk þess mátti ákærða vera ljóst, að skipshöfn hans var sérstök hætta búin sökum stærðarmunar v/b Stíganda og nótabátanna, ef til árekstrar kæmi. Í stað þess að fylgjast með ferðum v/b Stíganda virðist ákærði hafa hugsað um það eitt að komast sem fyrst beinustu leið að síldartorfunni. Veitti hann því ferðum v/b Stíganda ekki athygli, fyrr en í óefni var komið og möguleikar hans til að forða árekstri voru útilokaðir. Hefur ákærði með framferði sínu gerzt brotlegur við 22., 27. og 29. gr. tilskipunar nr. 8 frá 1933 svo og við 85. gr. sjómannalaga nr. 41 frá 1930 og 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940.

Þykir refsing hans samkvæmt hinum tilvitnuðu lagaboðum, sbr. 32. gr. tilsk. nr. 8 frá 1933, hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi. Samkvæmt heim-

ild í 68. gr. hegningarlaganna og 85. gr. sjómannalaga ber að svipta hann réttindum til skipstjórnar og stýrimennsku um 3 ár.

Ákærði Jón greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, kr. 600.00.

Ákærði Tómas greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, kr. 600.00.

Allan annan kostnað sakarinnar greiði hinir ákærðu in solidum, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda, kr. 1000.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dóm þenna hafa kveðið upp Einar Arnalds, formaður dómsins, og samdómendurnir Hafsteinn Bergþórsson, Jón Kristófersson, Pálmi Vilhjálmsson og Þorsteinn Loftsson. Dómsuppsaga hefur dregizt um venju fram vegna veikinda eins dómendanna.

Dómsorð:

Ákærði Jón Guðjónsson sæti fangelsi 3 mánuði. Hann er sviptur rétti til skipstjórnar og stýrimennsku um 3 ár.

Ákærði Tómas Jochumsson sæti fangelsi 3 mánuði. Hann er sviptur rétti til skipstjórnar og stýrimennsku um 3 ár.

Ákærði Jón Guðjónsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Einars B. Guðmundssonar hrl., kr. 600.00.

Ákærði Tómas Jochumsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Egils Sigurgeirssonar hrl., kr. 600.00.

Allan annan kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda, Ragnars Jónssonar hrl., kr. 1000.00, greiði hinir ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. nóvember 1950.

Nr. 135/1950. **Eigendur l/v Hugins R. E. 83**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Guðjóni Sigurðssyni (Ragnar Ólafsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og Valdimar Stefánsson sakadómari í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Öflun gagna.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en mál þetta verður dæmt í Hæstarétti, þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita

aðiljum kost á að afla endurrits af umsókn eða umsóknum útgerðarmanns l/v Hugins R. E. 83, Jóns Guðmundssonar, Keflavík, til skilanefndar þeirrar, sem skipuð var samkvæmt 5. gr. laga nr. 85/1948 um aðstoð vegna aflabrests á síldveiðum á tímabilinu 1945—1948, svo og hvenær skilanefndin hefur tekið við umsóknum þessum og hvenær þær hafa verið afgreiddar. Verði ekki unnt að afla endurrita, skal leitað skýrslna um, hvert efni umsóknanna hefur verið.

Þá ber og að afla þeirra frekari skýrslna, sem öflun framangreindra gagna kann að veita efni til.

Ályktarorð:

Aðiljum veitist kostur á að afla ofangreindra gagna.

Föstudaginn 17. nóvember 1950.

Nr. 28/1949. **H/f Leiftur, Ólafsfirði** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
H/f Leiftri, Reykjavík (Magnús Thorlacius).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og Valdimar Stefánsson sakadómari í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Firmanafn.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. ágúst 1949, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. september s. á, krefst þess, að hann verði sýkn dæmdur og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Orðið Leiftur vekur ekki hugmynd um neinn sérstakan atvinnurekstur. Má því telja, að stefndi, sem tók þetta orð upp

sem heiti á hlutafélagi á undan áfrýjanda, hafi öðlazt gagnvart honum lögverndaðan rétt til þess, sbr. 9. gr. laga nr. 84/1933. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 500.00 upp í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, H/f Leiftur, Ólafsfirði, greiði stefnda, H/f Leiftri, Reykjavík, kr. 500.00 upp í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Ólafsfjarðar 31. marz 1949.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 11. þ. m., er höfðað hér fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefinni 27. nóv. s.l. af Ólafi B. Erlingssyni, Reykjavík, f. h. hlutafélagsins Leiftur, s. st., gegn hlutafélaginu Leiftri, Ólafsfirði.

Eru dómkröfur stefnanda þær, *að* stefnda verði dæmt óheimilt að bera nafnið Leiftur, að stefnda verði dæmt að fella nafn þetta af hlutafélagaskrá og að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Stefndi, hlutafélagið Leiftur, Ólafsfirði, krefst sýknu og málskostnaðar.

Tildrög þessa máls eru þau, að á síðastliðnu ári var stofnað heildsölufyrirtæki hér í Ólafsfirði með nafninu Leiftur h/f, og var auglýsing um stofnun félagsins birt í Lögbirtingablaðinu 30. júní 1948. Telur stefnandi rétti hlutafélagsins Leifturs í Reykjavík hallað með þessu, en það félag var skrásett 28. júní 1939, og höfðaði hann síðan mál þetta.

Stefnandi færir þau rök fyrir dómkröfum sínum, að stefndi hafi með upptöku nafnsins Leifturs hallað rétti sínum, þar eð stefnandi hafi áður helgað sér nafn þetta, og vísar til 16. gr. laga nr. 77 27. júní 1921 og 9. gr. laga nr. 84/1933. Enn fremur telur hann rétt til heitis einkarétt, og samkvæmt almennum meginreglum laga geti aðili bannað öðrum að nota nafn sitt.

Stefndi neitar því, að hann hafi brotið ákvæði 9. gr. laga nr. 84/1933 á stefnanda, og enn fremur heldur hann því fram, að einkaréttur til firmaheitis sé takmarkaður við kaupstað eða hrepp, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 42 13. nóv. 1903, og geti stefnandi því ekki krafizt þess, að stefndi leggi niður nafnið.

Það verður að telja, að 2. mgr. 10. gr. laga nr. 42/1903 eigi við skil-

yrðin til að fá firma skrásett, þ. e. hvers skrásetjari á að gæta, er hann tekur firma á skrá. En þar með er ekki sagt, að nafntaka geti ekki þrátt fyrir það hallað rétti annars aðilja. Það virðist geta skipt allmiklu máli fyrir atvinnufyrirtæki að geta auðkennt sig með nafni, sem það eitt hefur rétt til að nota. Virðist sanngjarnt að viðurkenna slíkan rétt, enda verður ekki séð, að slík viðurkenning geti farið í bága við almenningshag.

Með tilvísun til þessa, og þar sem nafnið Leiftur virðist til slíks auðkennis fallið, sem hér um ræðir, verða dómkröfur stefnanda teknar til greina að öðru leyti en því, að eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefnda, hlutafélaginu Leiftri, Ólafsfirði, er óheimilt að bera nafnið Leiftur, og ber stefnda að fella nafn þetta af hlutafélagaskrá.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. nóvember 1950.

Nr. 74/1950. **Ákæruvaldið** (Kristján Guðlaugsson)
gegn
Kjartani Steingrímssyni (Gunnar J. Möller).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og próf. Ármann Snævarr í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot á gjaldeyrisákvæðum.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Kjartan Steingrímsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Gunnars Möllers, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 2. maí 1950.

Ár 1950, þriðjudaginn 2. maí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1723/1950: Ákæruvaldið gegn Kjartani Steingrímssyni, en mál þetta var dómtekið samdægurs. Málið er höfðað gegn Kjartani Steingrímssyni útgerðarmanni, til heimilis á Nýlendugötu 24 B, hér í bæ, fyrir brot gegn lögum um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit nr. 70 5. júní 1947, sbr. reglugerð nr. 82 31. júlí 1947 um sama efni, til refsingar, upptöku ólöglegs hagnaðar og greiðslu sakarkostnaðar.

Kærði er fæddur 16. júlí 1918 á Flateyri við Önundarfjörð. Hefur hann sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1941 15/4 Reykjavík. Sátt: 10 kr. sekt fyrir brot á 44. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1941 14/8 Sátt: 30 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 38. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1942 2/4 Kærður fyrir ölvun á lokuðum dansleik. Fellt niður.
1947 7/3 Sátt: 20 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Í marz og apríl 1949 seldi s/s Sverrir E A 20 í þremur söluferðum ísvarinn fisk í Bretlandi fyrir £ 11851-0-0.

Skipið Sverrir er eign samnefnds hlutafélags, sem kærði er framkvæmdastjóri fyrir.

Fyrir fyrstu söluferðina skilaði kærði gjaldeyriseftirliti bankanna £ 1796. Fyrir hinar sölurnar gerði kærði engin skil þrátt fyrir ítrekaðar kröfur gjaldeyriseftirlitsins. Leiddi það til þess, að gjaldeyriseftirlitið beiddist rannsóknar í máli þessu. Við rannsókn málsins gat kærði gert viðunandi grein fyrir £ 7877 af samanlögðu söluverði þriggja fyrrgreindra fiskfarma. Eftirstöðvunum, £ 3974, gat kærði ekki staðið skil á. Kvaðst hann hafa selt alla upphæðina smátt og smátt ýmsum mönnum vorið 1949 fyrir kr. 40.00

pundið að jafnaði. Kærði sagðist ekki vita nokkur deili á mönnum þeim, er keyptu af honum pundin.

Kærði gaf þá skýringu á þessu framferði sínu, að honum hefði að vísu verið ljóst, að hann gerðist brotlegur við lög með sölu pundanna, en hann hefði neyðzt til þess í því skyni að rétta við fjárhag útgerðar þeirrar, er hann veitir forstöðu, en útgerðin var mjög illa stæð fjárhagslega.

Ólöglegur ágóði af sölu kærða á pundunum nam kr. 53649.00. Er þá lagt til grundvallar, að hagnaður af hverju pundi hafi numið kr. 13.50, miðað við þáverandi gengi pundsins, er var kr. 26.50.

Með því að senda ekki gjaldeyriseftirliti bankanna skilagrein fyrir tvær seinni ísfisksölurnar hefur kærði gerzt brotlegur við 5. mgr. 29. gr. sbr. 2. mgr. 39. gr. reglugerðar nr. 82 31. júlí 1947 um fjárhagsráð, innflutningsverzlun, gjaldeyrismeðferð og verðlagseftirlit, sbr. lög nr. 70 5. júní 1947 um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Með sölu pundanna hefur kærði brotið gegn 2. mgr. og 7. mgr. 25. gr. sbr. 2. mgr. 39. gr. reglugerðar nr. 82 31. júlí 1947 og 2. mgr. 13. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70 5. júní 1947.

Á þeim tíma, sem kærði seldi pundin, giltu þær reglur með örfáum undantekningum, að hver sá, er fékk keyptan erlendan gjaldeyri hjá bönkunum, varð, auk hins skráða sölugengis, að greiða ákveðið viðbótargjald af leyfisfjárhæð þeirri, er honum var úthlutað. Viðbótargjald þetta var nokkuð mismunandi hátt, eftir því í hvaða skyni gjaldeyrinum skyldi varið. T. d. af gjaldeyrisleyfum til utanferða skyldi greiða 75% viðbótargjald, er þýddi það, að raunverulegt sölugengi pundsins varð í þessu tilviki röskar kr. 46.00, þegar þetta er virt, sýnist framburður kærða um, að hann hafi selt pundið á kr. 40.00, mjög ósennilegur, því að alkunna eru hinir miklu erfiðleikar, er ríkt hafa um kaup á gjaldeyri með löglegu móti, og það vakti fyrir kærða, að eigin sögn, með sölu pundanna, að rétta við bágan hag útgerðar sinnar, svo að honum var eðlilega mest í mun að hagnast sem mest á sölunni.

Þykir rétt að hafa atriði þessi í huga við ákvörðun refsingar kærða til þess að útiloka möguleika kærða á að hagnast á broti sínu.

Þykir refsing sú, sem kærði hefur unnið til, hæfilega ákveðin kr. 50000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 6 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 2. mgr. 39. gr. reglugerðar nr. 82 frá 1947 og 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70 frá 1947 ber að gera ágóða þann, að upphæð kr. 53649.00, sem útgerðarfélag það, sem kærði veitir forstöðu, hefur haft samkvæmt eigin sögn kærða af gjaldeyrisbroti hans, upptækan ríkissjóði til handa, og ber að dæma kærða fyrir félagsins hönd til að greiða ágóðann innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Loks ber að dæma kærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði, Kjartan Steingrímsson, greiði kr. 50000.00 í sekt til ríkis-

sjóðs, og komi varðhald í 6 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði ríkissjóði f. h. útgerðarfélagsins Sverris h/f upptækan ágóða að upphæð kr. 53649.00 innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 17. nóvember 1950.

Nr. 64/1950. **Ákæruvaldið** (Tómas Jónsson)
gegn
Ingva G. Kristjánssyni (Jón N. Sigurðsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og próf. Ármann Snævarr í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Líkamsárás.

Dómur Hæstaréttar.

Hinrik Jónsson, sýslumaður í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Tómasar Jónssonar og Jóns N. Sigurðssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Ákærði, Ingvi G. Kristjánsson, greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlög-

mannanna Tómasar Jónssonar og Jóns N. Sigurðssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 5. sept. 1949.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað með stefnu útgefinni 26. ágúst s.l. á hendur Ingva Guðmundi Kristjánssyni, formanni í Stykkishólmi, fyrir meint brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febr. 1940 til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði, Ingvi G. Kristjánsson, er fæddur í Ólafsvík, Snæfellsnesi, þann 4. marz 1904, og hefur honum ekki, svo að kunnugt sé, verið refsað, utan einu sinni í Reykjavík þann 27. júní 1941, 25.00 sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Þann 4. febr. s.l. um kl. 14.30 var ákærði staddur í sölubúð Sigurðar Ágústssonar, hér í Stykkishólmi. Kom þá fram í verzlunina Jón Brynjólfsson skrifstofumaður, en hann vinnur á skrifstofu Sigurðar Ágústssonar, sem er inn af nefndri sölubúð. Gerði Jón þá fyrirspurn til ákærða um nótur, sem vantaði og vörðuðu úttekt v/b Freyju hjá Kaupfélagi Stykkishólms. Vegna nótna þessara spannst orðasenna milli ákærða og Jóns Brynjólfssonar, og vatt Jón sér síðan inn í skrifstofu. Hvorki ákærði eða Jón Brynjólfsson voru undir áhrifum áfengis.

Að því er nefndur Jón Brynjólfsson heldur fram, þá hófust nefndar samræður með því, að hann með fullri kurteisi gerði fyrirspurn til ákærða um, hvort hann hefði ekki þær nótur, sem vantaði. Segir hann, að ákærði hafi svarað þessu með þótta, að hann hefði engar nótur. Þessu kveðst Jón hafa svarað á þann hátt, að nóturnar hlytu að vera í höndum þeirra manna, sem móttóku vörurnar, en að því hafi ákærði strax svarað, að það væri mál, sem honum kæmi ekki við, og gat þess um leið, að Jón gæti farið út í Kaupfélag og heimt nóturnar. Því tjáir Jón sig hafa svarað, að það væri ekki þeirra skylda, þ. e. verzlunarinnar, að útvega nótur þessar, og ef um skyldur væri að ræða, hvíldu þær á þeim, sem vöruna tækju út. Lét þá, að sögn Jóns, ákærði eftirfarandi orð falla: „Ég veit ekki til þess, að þið hafið nokkrar skyldur hér við verzlunina". Þessu kveðst Jón hafa svarað þannig, um leið og hann fór inn í skrifstofuna: „Ég efast þá um, að okkur beri skylda til þess að greiða þessar nótur til Kaupfélagsins úr okkar reikningi".

Ákærði lýsir orðasennu sinni og Jóns þannig, að hann kveður Jón hafa spurt sig um nóturnar, sem vantaði yfir úttekt v/b Freyju hjá Kaupfélagi Stykkishólms. Fyrirspurn þessari svaraði hann þannig, að hann hefði engar nótur og benti Jóni á að hringja út í Kaupfélag og fá þar afrit af nótunum. Segir hann þá Jón bregðast reiðan við og segja, að sér komi ekkert við að snapa eftir nótum, sem „delerantar" af bátunum hafi í vösunum. Þessu kveðst ákærði hafa svarað með því, að honum fyndist Jón

yfirleitt tregur til þess að greiða alla reikninga fyrir þenna bát. Segir Jón honum þá að þegja og skammast sín.

Vitnið Víkingur Jóhannsson kveðst ekki hafa heyrt öll orðaskipti Jóns og ákærða, en eftir að Jón var kominn inn í skrifstofuna, heyrði það, að ákærði segir, að það sé ekki í fyrsta sinn, sem Jón neiti að greiða reikninga. Þessu kveður hann Jón hafa svarað, að hann (Ingvi) „skyldi skammast sín fyrir að bera út svona vísvitandi lygi". Þá segir vitnið, að ákærði hafi svarað Jóni í sama tón, en nákvæm orðaskipti man það ekki.

Að loknum þessum orðahnippingum snarar ákærði sér inn í skrifstofu með þeim ásetningi að taka í Jón Brynjólfsson. Umsvifalaust fer hann að Jóni og tekur fyrir kverkar honum. Takið virtist það fast, að Jón átti þess engan kost að losa sig, sérstaklega þegar þess er gætt, að Ingvi er maður miklu sterkari. Átök þessi virtust fá mikið á Jón og varð hann þrútinn og rauður og ekki var að sjá, að hann gæti náð andanum. En þegar Víkingur Jóhannsson kallaði til ákærða að gæta að því, hvað hann væri að gera, sleppti hann þegar taki sínu. Árás þessi stóð yfir í örskamma stund.

Að loknum þessum átökum segir ákærði, um leið og hann býst til þess að ganga út, eitthvað á þá leið, að líkamlega hirtingu hefði hann átt að vera búinn að veita Jóni fyrir löngu. Segir þá Jón: „Skammastu bara út". Snýr ákærði sér þá við og segir: „Á ég að jafna betur um þig". Leggur hann síðan hendur á Jón og keyrir efri hluta líkama hans fram og niður, og lendir höfuð Jóns undir handarkrika eða bringspölum ákærða. Í þannig bognum stellingum skorðast Jón milli skjalaskáps annars vegar og ákærða hins vegar. Leið Jóni mjög illa í stellingum þessum og gaf frá sér korrandi hljóð. Árás þessi stóð stutt yfir, því að vitnin Jón Ólafsson og Víkingur Jóhannsson skárust í leikinn með því að leggja hendur á axlir ákærða og biðja hann að hætta. Varð ákærði strax við beiðni þeirra og vatt sér út úr skrifstofunni.

Eftir árás þessa var Jón alldasaður og föt hans í óreiðu, skítug og olíuborin, því að ákærði var sýnilega að koma frá vélavinnu.

Með hliðsjón til læknisvottorðs þykir rétt að gera ráð fyrir því, að Jón hafi hlotið meiðsli í átökum þessum, sem koma fram í marblettum á handleggjum, öxl og hálsi aftanverðum. Enn fremur tognun liðabanda í hálsi og meiðsli í munni hægra megin. Þar að auki fékk hann taugaáfall.

Ákærði hefur við rannsókn máls þessa haldið því fram, að þessi framkoma hans stafi af gamalli og margendurtekinni reiði í garð Jóns Brynjólfssonar, sem eigi rót sína að rekja til framkomu Jóns við menn, sem hafa verið í skiprúmi hjá ákærða, sem og til þess, hvernig Jón hefur komið fram við ákærða sjálfan. Þessu til stuðnings bendir ákærði á, að við reikningsskil hafi oft kastazt í kekki með honum og Jóni og að Jón hafi oft kastað hnútum að ákærða sjálfum og mönnum hans. Þetta kveður hann hafa verið orðið óþolandi og að af því hafi hann talið, að refsing sú, sem hann lét Jón nú þola, hafi verið fyllilega verðskulduð. Enn fremur hefur ákærði haldið því fram, að hann hafi ekki viljað valda Jóni neinum meiðslum, heldur hafi hann einungis viljað gera honum hneisu.

Eftir þessum málavöxtum, eins og þeir hafa verið raktir hér að framan, verður að telja líkamsárás þá, sem ákærði gerði á Jón Brynjólfsson skrifstofumann í skrifstofu Sigurðar Ágústssonar þann 4. febr. s.l., ólögmæta og að undir rekstri málsins hafi ekkert það komið fram, sem réttlæti eða afsaki hana. Þykir því ákærði með þessari framkomu sinni hafa brotið gegn 217. gr. alm. hegningarlaga nr. 19 frá 12. febr. 1940 og að samkvæmt nefndri grein beri að dæma hann til þess að þola 15 daga varðhald sem og til greiðslu alls kostnaðar af sök þessari.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Ingvi G. Kristjánsson, skal sæta 15 daga varðhaldi. Hann skal greiða allan kostnað af sök þessari.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 24. nóvember 1950.

Kærumálið nr. 12/1950.

Vilhjálmur Chr. Hákonarson
gegn
Ólafi Eyjólfssyni.

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Kært málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Guðmundur Í. Guðmundsson, bæjarfógeti í Hafnarfirði.

Með kæru 26. október þ. á., sem hingað barst 9. þ. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 186. gr. laga nr. 85/1936 kært málskostnaðarákvæði dóms bæjarþings Hafnarfjarðar, er upp var kveðinn 24. október þ. á., í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja.

Sóknaraðili krefst þess, að ákvæði héraðsdóms um, að málskostnaður falli niður, verði úr gildi fellt og að varnaraðili verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði í máli

þessu eftir mati Hæstaréttar. Svo krefst sóknaraðili og þess, að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Varnaraðili hefur hvorki sent Hæstarétti kröfur né greinargerð um málið.

Rétt þykir eftir málsatvikum að dæma varnaraðilja til að greiða sóknaraðilja málskostnað í héraði, er telst hæfilega ákveðinn kr. 600.00. Svo ber og varnaraðilja að greiða sóknaraðilja kr. 150.00 í kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Varnaraðili, Ólafur Eyjólfsson, greiði sóknaraðilja, Vilhjálmi Chr. Hákonarsyni, málskostnað í héraði, kr. 600.00, og kærumálskostnað, kr. 150.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 24. okt. 1950.

Mál þetta er höfðað af Ólafi Eyjólfssyni, eiganda jarðarinnar Kolbeinsstaða í Miðneshreppi, með stefnu útgefinni 21. júní 1949 og birtri í Lögbirtingablaðinu 30. s. m. til viðurkenningar á eignarrétti yfir landspildu, sem hann telur sig hafa öðlazt eignarhefð á, og eru takmörk landspildunnar þessi: Að norðan lína úr steini á Skagagarði, merktum L M, eftir gamalli girðingu niður á sjávarbakka, að vestan girðing suður bakkann, að sunnan túngirðing Hafurbjarnarstaða og Kolbeinsstaða, en að austan Skagagarður. Stefnir Ólafur Eyjólfsson hverjum þeim, sem telur sig eiga rétt til þessarar spildu, til að mæta í aukarétti Gullbringusýslu og gæta þar réttar síns.

Við þingfestingu málsins 26. október 1949 var mætt af hálfu eiganda jarðarinnar Hafurbjarnarstaða, Vilhjálms Hákonarsonar, og gert tilkall til hluta af þeirri landspildu, sem Ólafur Eyjólfsson krafðist eignardóms á. Jafnframt krafðist eigandi Hafurbjarnarstaða málskostnaðar úr hendi Ólafs Eyjólfssonar og að hann yrði sektaður fyrir tilefnislausa málshöfðun.

Sátt var reynd með aðiljum án árangurs.

Málavextir eru þessir:

Norðan túngirðinga Hafurbjarnarstaða og Kolbeinsstaða, allt norður að mörkum Gerða- og Miðneshrepps, er landspilda, sem nær frá sjó og að svonefndum Skagagarði, sem frá ómunatíð hafði verið sameign jarðanna Kolbeinsstaða og Hafurbjarnarstaða. Með landsskiptagerð, sem fram fór 19. febr. 1913, var spildu þessari skipt á milli nefndra jarða, og fengu Kolbeinsstaðir í sinn hlut ¼ hluta spildunnar, eða 34452 fermetra, en Hafurbjarnarstaðir ¾. Land það, er Kolbeinsstöðum var úthlutað, var 180 faðma að lengd meðfram túni jarðanna, 215 faðma að lengd norðan megin og 174

faðma að breidd sjávarmegin og austan megin. Eigendur Kolbeinsstaða og Hafurbjarnarstaða lýstu sig samþykka þessum skiptum.

Með afsali, dags. 8. sept. 1922, selur Vilhjálmur Hákonarson, eigandi Hafurbjarnarstaða, Ólafi Guðlaugssyni á Útskálum landareign sína á Garðskaga, „sem nær frá landareign Útskála að norðan og að landareign Kolbeinsstaða að sunnan". Strax eftir að sala þessi fer fram, girða þeir Ólafur Eyjólfsson og Ólafur Guðlaugsson spildu þessa á mörkum Kolbeinsstaðalands, þar sem þeir voru ásáttir um, hvar girðingin milli landanna ætti að vera, að svo miklu leyti sem girðing var ekki fyrir. Eftir að landið hafði verið girt, nýtti Ólafur Guðlaugsson og hans eftirmenn landið norðan girðingar, en Ólafur Eyjólfsson allt land sunnan girðingarinnar að túngirðingum Hafurbjarnarstaða. Um nýtingu Hafurbjarnarstaða á landinu er ágreiningur.

Með samningi gerðum á árinu 1941 og 1943 selur stefnandi setuliðinu á leigu landspildu á milli túngirðinga Kolbeinsstaða og Hafurbjarnarstaða og að áðurnefndri girðingu við norðurmörk landsins. Samningar þessir voru gerðir fyrir milligöngu Vilhjálms Hákonarsonar. Á meðan setuliðið hafði landið að leigu, tók það upp megnið af þeim girðingum, sem þarna voru.

Með bréfi, dags. 1. nóv. 1943, biður umboðsmaður stefnanda um landsskipti á sameiginlegu landi Kolbeinsstaða og Hafurbjarnarstaða. Hinn 10. og 11. desember s. á. fara landsskipti þessi fram, og kemur þá til skipta allt landið á milli túngirðinga jarðanna norður að hreppsmörkum og frá sjó og að Skagagarði. Við skiptin fá Kolbeinsstaðir í sinn hluta ¼ þessa lands, og markast spilda Kolbeinsstaða af túngirðingum jarðanna að sunnan, gömlu girðingunni frá 1922 að norðan, sjávarkambinum að vestan og Skagagarði að austan, en með þeirri takmörkun þó, að undan er tekin og fengin Hafurbjarnarstöðum nokkur spilda á norðvestur horni þessa lands. Var þetta gert, þar eð landið norðan girðingarinnar, sem Vilhjálmur Hákonarson seldi árið 1922, náði ekki ¾ hlutum heildarlandsins. Ólafur Eyjólfsson mætti við skipti þessi og lýsti yfir því, að málafærslumaður hans, sem einnig var mættur, færi með fullt og ótakmarkað umboð sitt.

Stefnandi vildi ekki una þessum landskiptum og óskaði yfirskipta. Fóru þau fram 22. marz 1945 og staðfestu undirskiptin að öllu leyti. Við yfirskiptin áskildi Ólafur Eyjólfsson sér rétt til að gera gildandi hefðarrétt sinn til landsins.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að með afsalinu frá 8. sept. 1922 hafi eigandi Hafurbjarnarstaða selt og afsalað Ólafi Guðlaugssyni öllu því landi, sem hann áður átti í sameign við Kolbeinsstaðina, en úr var skipt árið 1913, og eigi eigandi Hafurbjarnarstaða því ekkert tilkall til neins hluta úr landi því, sem áður var í sameign Kolbeinsstaða og Hafurbjarnarstaða. Þá hélt stefnandi því fram, að eigandi Hafurbjarnarstaða hafi ætíð frá 1922 viðurkennt í verki eignarrétt eiganda Kolbeinsstaða yfir landinu á milli túngirðinga jarðanna og girðingarinnar á norðurmörkum landsins með því að láta óátalið, að stefnandi hagnýtti þetta land einn, bæri á það og ræktaði það, án þess að andmæla því á nokkurn hátt eða reyna til að

hagnýta það sjálfur. Loks telur stefnandi, að eigandi Hafurbjarnarstaða hafi viðurkennt eignarrétt sinn yfir þessu landi með því að hafa milligöngu á leigu á því til setuliðsins fyrir stefnanda og láta það viðgangast athugasemdalaust, að stefnandi leigði það og hirti einn leiguna. Beiðnina um landsskiptin árið 1943 telur stefnandi mistök hjá sér, sem stafi af því, að hann hafi ekki haft þekkingu á því, hvernig hann átti að snúa sér í málinu, þegar eigandi Hafurbjarnarstaða á árinu 1943 fór að seilast eftir landinu, eftir að girðingar voru rifnar niður, og stefnandi telur landið hafa vaxið að verðgildi í augum eiganda Hafurbjarnarstaða vegna nálægðar setuliðsins.

Eigandi Hafurbjarnarstaða heldur því fram, að með afsalinu frá 1922 hafi hann selt ákveðinn hluta úr landi jarðarinnar samkvæmt landsskiptunum frá 1913, en að ekki hafi verið þörf á að skilgreina þetta land nákvæmlega, þar eð það hafi allt verið afgirt, þó að girðingar þessar séu nú horfnar. Þá mótmælir eigandi Hafurbjarnarstaða því ekki, að stefnandi hafi frá 1922 hagnýtt sér allt landið á milli túngirðinganna og norðurgirðingarinnar, en eigandi Hafurbjarnarstaða telur sig einnig hafa gert þetta að einhverju leyti. Þá telur eigandi Hafurbjarnarstaða stefnanda aðeins hafa leigt setuliðinu sinn hluta hins sameiginlega lands. Milligönguna við setuliðið telur eigandi Hafurbjarnarstaða sig hafa haft vegna þess, að hann kunni ensku, en stefnandi ekki.

Höfuðáherzluna leggur eigandi Hafurbjarnarstaða þó á, að stefnandi hafi viðurkennt sameign þeirra á landinu með því að biðja um landsskiptin árið 1943, og að með þeim hafi sér verið úthlutað ákveðinni spildu úr landi því, sem stefnandi krefst nú eignardóms á.

Af orðalagi afsalsins frá 1922 verður ekki fullyrt, að eigandi Hafurbjarnarstaða hafi selt Ólafi Guðlaugssyni allt það land, sem honum var úthlutað við landsskiptin 1913, enda eru girðingar þær og mörk, sem notuð voru við landsskiptin 1913, nú horfin að svo verulegu leyti, að ekki verður til fulls séð, hvar mörkin hafa verið sett 1913. Leiddi þessi óvissa um mörkin frá 1913 meðal annars til þess, að beðið var um landsskipti aftur 1943. Hins vegar kom greinilega fram við landsskiptin 1943 og 1945, að nokkra landspildu vantaði á til þess, að land það, sem Ólafi Guðlaugssyni var selt 1922, næði ¾ hlutum úr landinu óskiptu, en enginn ágreiningur er um það í málinu, að Hafurbjarnarstöðum bar að fá ¾ hluta hins óskipta lands og Kolbeinsstöðum ¼ hluta þess.

Rétturinn telur því, að eftir söluna frá 1922 hafi Hafurbjarnarstöðum borið að halda þeim hluta óskipta landsins, sem á vantaði til þess að hin selda landspilda næði ¾ hlutum landsins, og ber þá að athuga, hvort eigandi Hafurbjarnarstaða hafi fyrirgert þessum rétti sínum.

Viðurkennt er í málinu, að stefnandi hafi síðan 1922 hagnýtt sér þann hluta heildarlandsins, sem Ólafi Guðlaugssyni var ekki seldur. Hins vegar kveðst eigandi Hafurbjarnarstaða hafa gert þetta einnig að einhverju leyti. Auk þess taldi stefnandi sameign jarðanna á þessu landi svo ótvíræða, að árið 1943 biður hann um landsskipti og þar á meðal á því landi, sem hann nú krefst eignardóms fyrir. Við þau landsskipti fékk

stefnandi sinn fjórða part mældan úr landinu, og er það mun minna land en hann nú gerir kröfu til. Rétturinn verður því að líta svo á, að ekki sé sannað, að afnot stefnanda af landinu hafi verið slík, að hann þeirra vegna hafi öðlazt á því eignarhefð, enda hefur hann með beiðni sinni um landsskiptin sýnt, að hann leit ekki svo á.

Krafa stefnanda verður því ekki tekin til greina. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður, og til sekta er ekki ástæða.

Dómur í málinu hefur dregizt vegna sumarleyfa og sérstakra anna þeirra vegna.

Því dæmist rétt vera:

Kröfur stefnandans verða ekki teknar til greina.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 24. nóvember 1950.

Nr. 160/1948. **Kristján Kristjánsson** (Theódór B. Lindal)
gegn
Snorra Arnfinnssyni (Magnús Thorlacius).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. nóvember 1948, gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði algerlega sýknaður, en til vara, að dæmd fjárhæð verði lækkuð. Svo krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Það má telja sannað með viðurkenningu stefnda, sbr. einnig vætti vitnisins Páls Sigurðssonar, að samkomulag hafi í öndverðu komizt á milli aðilja um það, að bifreiðarstjórar áfrýjanda fengju ókeypis gistingu og veitingar hjá stefnda gegn

því, að bifreiðar áfrýjanda hefðu viðkomu við gistihús hans og veittu honum ýmis hlunnindi um flutning manna og varnings, sem þó voru ekki nánar ákveðin, en slíkra hlunninda kveðst stefndi ekki hafa notið.

Samkomulagi þessu, eins og því var háttað, var hvorum aðilja um sig rétt að slíta, er honum þótti henta, og verður að telja sannað, að stefndi hafi lýst því, að hann vildi ekki við þetta una og mundi gera kröfu til fégjalds fyrir greiðann, eigi síðar en einhverntíma í ágústmánuði 1944, er aðiljar hittust á Akureyri og ræddust við um málið. Þetta ítrekaði stefndi síðar, m. a. í bréfi 12. marz 1945. Nýir samningar tókust ekki. Þegar litið er til viðskipta aðilja í heild svo og þess, að áfrýjanda bar sem sérleyfishafa að hafa viðkomu þar, sem hentugast var farþegum og til góðrar rækslu starfa hans, þá verður stefndi, eins og á stóð, ekki talinn hafa veitt áfrýjanda ástæðu til að líta svo á, að hann mundi falla frá kröfu sinni, þótt hann heimti ekki endurgjald fyrir veitingarnar jafnóðum og þær voru inntar af hendi. Ber áfrýjanda því að greiða umkrafið gjald fyrir gistingu og veitingar til bifreiðarstjóra sinna á gistihúsi stefnda frá 1. september 1944 að telja, enda hefur því ekki verið haldið fram, að þær séu reiknaðar hærra verði en verðlagsákvæði segja til. Nemur verð veitinga þessara kr. 5824.00, og ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda þá fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum af kr. 1624.00 frá 1. janúar 1945 og af kr. 4200.00 frá 1. janúar 1946, hvorttveggja til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms staðfestist, en málskostnaður í Hæstarétti þykir rétt, að falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Kristján Kristjánsson, greiði stefnda, Snorra Arnfinnssyni, kr. 5824.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 1624.00 frá 1. janúar 1945 og af kr. 4200.00 frá 1. janúar 1946, hvorttveggja til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms staðfestist, en málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Húnavatnssýslu 4. nóv. 1948.

Mál þetta, sem var þingfest 16. desember 1947 og tekið undir dóm 19. f. m., er höfðað af Snorra Arnfinnssyni, gestgjafa á Blönduósi, einkaeiganda „Hótel Blönduós", gegn Kristjáni Kristjánssyni forstjóra, Brekkugötu 4, Akureyri, með stefnu útgefinni 2. desember 1947 og löglega birtri til greiðslu á skuld, að upphæð kr. 8834.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 4634.00 frá 31. des. 1944 og af afganginum, kr. 4200.00, frá 31. des. 1945 til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu.

Hin umstefnda skuld er til orðin vegna beina og gistinga, veittum bifreiðarstjórum stefnda á árunum 1944 og 1945 í sambandi við viðkomur þeirra á Hótel Blönduós á Blönduósi í áætlunarferðum, er stefndi hélt uppi á þeim árum á leiðinni Akureyri—Borgarnes eða Akranes.

Stefndi krefst sýknu í málinu og málskostnaðar úr hendi stefnanda. Byggir hann sýknukröfu sína á því, að það hafi verið orðin föst venja, að bifreiðarstjórar hans nytu í þessum ferðum ókeypis beina og gistinga á Blönduósi, svo sem þeir hafi gert á öðrum viðkomustöðum á leiðinni: Bakkaseli, Varmahlíð, Fornahvammi, Hreðavatnsskála og Hvítárvallaskála. Hafi stefnanda verið vel kunnugt um þessa venju, er hann hóf gistihússrekstur á Blönduósi 1943, og hafi þá þegar vitað, að um greiðslu fyrir bifreiðarstjórana var ekki að ræða. Því hefur hins vegar ekki verið haldið fram í málinu af stefnda né á annan hátt komið fram, að samið hafi verið beinum orðum um þenna beina til handa bifreiðarstjórum stefnda án endurgjalds.

Kröfu stefnanda í málinu hefur ekki verið mótmælt sem reikningslega rangri. Þá hefur og heldur ekki verið af hendi stefnda hreyft mótmælum á þeim grundvelli, að hann væri ekki réttur sakaraðili, heldur bifreiðarstjórar hans, sem hafi átt sjálfir að greiða fyrir veittan beina, ef um slíkt væri að ræða. Verður því að líta svo á, að stefndi hafi viðurkennt aðild sína að málinu.

Það er upplýst og viðurkennt í málinu, að sú venja, að bifreiðarstjórar stefnda greiddu ekki fyrir beina, veittan þeim, hafi ekki náð til endastöðvanna, Akureyrar, Borgarness, Akraness eða Sauðárkróks, heldur aðeins millistöðvanna. Er venja talin hafa myndazt á árinu 1933, er stefndi hóf sínar föstu áætlunarferðir, svokallaðar hraðferðir. Frá þeim tíma og þar til stefnandi hóf hótelrekstur á Blönduósi 1943, hefur stefndi haft viðkomu á Blönduósi að sumrinu um ca 3ja mánaða skeið hjá Óla Ísfeld, er rak sumargistihús í Kvennaskólanum þar, en aðra tíma árs hjá Ragnheiði Brynjólfsdóttur, er rak greiðasölu og gistihús í Samkomuhúsinu á Blönduósi.

Stefnandi hefur viðurkennt, að hann hafi vitað um þá venju, er stefndi byggir sýknukröfu sína á, en aldrei viðurkennt, að hún gilti fyrir sig, þó að hann léti kyrrt liggja á árinu 1943 og geri ekki kröfu fyrir það ár. Ragnheiður Brynjólfsdóttir neitar því og í framlögðu vottorði, að hún hafi nokkurn tíma viðurkennt hina umræddu venju, heldur þvert á móti ætlazt til og krafizt, að henni væri greitt fyrir beina og gistingu, veitta

bifreiðarstjórum stefnda, en þó aldrei fengið annað en 1 tonn af kolum í lok viðskiptanna.

Það er alkunna, að Blönduós var aðalgistingastaðurinn á leiðinni Akranes—Reykjavík þá tíma árs, sem ekki varð farið í einum áfanga. Fyrir þá, sem önnuðust móttöku gesta á þeim stað, sem voru Ragnheiður Brynjólfsdóttir og stefnandi, hlaut hin meinta beinakvöð að vera margfalt tilfinnanlegri en fyrir þá, sem aðeins létu í té kaffi og mat að sumarlagi, svo sem Varmahlíð, Hreðavatnsskáli og Hvítárvallaskáli og Óli Ísfeld á Blönduósi, og mun tilfinnanlegri en fyrir Bakkasel og Fornahvamm, sem nánast voru aukagistingarstöðvar á leiðinni. Það er og upplýst af stefnda, að hann hafi lagt fyrir bifreiðarstjóra sína að sýna lipurð í því að flytja fyrir þessa aðilja fólk og flutning án endurgjalds, án þess þó að gera sér sérstakar ferðir þess vegna. Kom þar greiði á móti greiða, þó að eigi væri kallað endurgjald. T. d. er viðurkennt, að Óli Ísfeld hafi a. m. k. einu sinni fengið ókeypis flutning á fólki sínu og farangri til eða frá Blönduósi, auk annars minni háttar flutnings.

Á Blönduósi virðist ekki aðeins hafa verið um að ræða kaffi og máltíðir handa bifreiðarstjórum stefnda í haust-, vetrar- og vorferðum hans, heldur og gistingar, jafnvel fyrir marga menn ótiltekinn dagafjölda, og gestgjafinn þá oft orðið að kaupa út gistinguna handa þeim, herbergi og rúm. Er augljóst, að slík kvöð ótakmarkaðra útláta gat orðið all-þungbær og furðulegt, að slíkt skyldi þolað, nema eitthvað töluvert komi á móti. En á þessu fæst allglögg skýring í málflutningi umboðsmanns stefnda.

Oft er að því vikið, að viðkomur bifreiða stefnda hafi verið eftirsóttar, og verður af því að draga þá ályktun, að hann hafi haft aðstöðu til að setja nokkra kosti og hafi notfært sér það. Í rskj. 22 segir umboðsmaður stefnda: „Því er eindregið mótmælt, að stefnandi hafi í viðræðum sínum við umbjóðanda minn 1944 haldið fast við það að fá borgun fyrir beina bifreiðarstjóranna. Stefnanda leizt ekki á blikuna, þegar umbjóðandi minn lét hann skilja, að vel gæti svo farið, að bifreiðar B.S.A. hættu að koma við hjá hóteli hans, ef krafizt væri greiðslu fyrir beina bifreiðarstjóranna, og framkoma hans og afstaða í þessu máli var þá enn óákveðin". Og í rskj. 23 segir umboðsmaður stefnda svo: „Ef hann (þ. e. stefnandi) vildi ekki veita bifreiðarstjórunum beina með sömu kjörum og áður, var hæguriinn hjá fyrir hann að hætta veitingum til þeirra, en það mun hann ekki hafa séð sér fært að gera af ótta við að missa þá þau viðskipti, er bárust að greiðasölustað hans vegna viðkomu bifreiðanna þar." Virðist af þessum tilfærðu orðum nokkuð augljóst, hvernig hin umrædda venja í máli þessu er til orðin og henni viðhaldið, og hvetur það ekki til viðurkenningar á henni umfram það, sem efni standa til. Virðist einsætt, að eðlilegra og réttara hefði verið að láta farþegana greiða þeim mun hærra flutningsgjald, sem beina bifreiðarstjóranna nam, ef þess var þörf vegna rekstrar bifreiðanna, en leggja ekki kapp á að mynda „venju" til tekjudrýginda.

Samkvæmt framansögðu getur rétturinn ekki fallizt á, að „venja" sú, er stefndi vísar til í máli þessu, sé þess eðlis, að hún geti með nokkru móti enzt honum til sýknu. Og þar sem vörnum hefur ekki verið hreyft í máli

þessu né fram komið út frá öðrum forsendum en hinni oftnefndu „venju", verður ekki komizt hjá að taka kröfu stefnanda í málinu til greina að öllu leyti og dæma stefnda samkvæmt því. Þá þykir og hæfilegt, að stefndi greiði stefnanda kr. 600.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi í máli þessu, Kristján Kristjánsson forstjóri, Brekkugötu 4, Akureyri, greiði stefnandanum, Snorra Arnfinnssyni gestgjafa, Blönduósi, kr. 8834.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 4634.00 frá 31. des. 1944 og af afganginum kr. 4200.00 frá 31. des. 1945 til greiðsludags. Svo greiði hann og stefnanda kr. 600.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 14 daga frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 27. nóvember 1950.

Nr. 93/1950. **Ákæruvaldið** (Einar Arnórsson)
gegn
Benóný Friðrikssyni (Gústaf A. Sveinsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Ómerking og heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sigfús M. Johnsen, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Rannsókn máls þessa er svo áfátt, að dómur varð ekki á það lagður án gagngerðrar framhaldsrannsóknar. Afla þurfti m. a. vitneskju um eftirtalin atriði, eftir því sem kostur var.

Leiða þurfti í ljós, hverjir skipverja varðskipsins töldu sig sjá togvíra aftur af v/b Andvara, hvenær þeir hafi séð togvírana fyrst og hvort vírarnir hafi verið strengdir, eins og þegar verið er að togveiðum. Taka þurfti skýrslu af varðskipsmönnum um það, hverjir þeirra fóru um borð í togbátinn, er hann hafði stanzað, hverjar athuganir þeir gerðu þar

á verksummerkjum og hvað skipverjar þar höfðust þá að. Þá átti og að afla greinargerðar um það, hverjir varðskipsmanna voru um borð í togbátnum á leið til Vestmannaeyja og hvort fylgzt var með athöfnum skipverja togbátsins á þeirri leið, svo sem hvort þess varð vart, að unnið væri þá að vírunum. Ákærði heldur því fram, að botnvarpa togbátsins hafi festst í botni, er hann var að veiðum utan landhelgi, og hafi togvírarnir þá slitnað og hann misst botnvörpuna. Bar rannsóknardómara því að nefna sérkunnáttumenn til þess að athuga verksummerki á togbátnum, víraslitrin, meitilför o. fl., og láta í ljós álit sitt um það, hvað af þeim mætti ráða um botnvörpumissinn. Spyrja þurfti alla skipverja á togbátnum rækilega um það, hvað þeir höfðust að hver um sig næstu þrjá til fjóra klukkutíma, áður en varðskipið kom að bátnum, svo og um það, hvað starfað var á bátnum þenna tíma. Átti að samprófa þá sín á milli svo og við skipverja varðskipsins um öll þau atriði, sem á milli var. Síðan bar dómaranum að eiðfesta skipverja togbátsins, þá sem eiðfesta mátti að lögum. Þá átti og að eiðfesta varðskipsmenn. Rétt hefði verið að kveðja fyrir dóm menn þá, sem gefið hafa vottorð um botnslag á þeim stöðum, er ákærði kveðst hafa misst botnvörpuna, spyrja þá og láta þá staðfesta skýrslu sína.

Verður af þeim sökum, er raktar hafa verið, að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar rannsóknar og dómsálagningar.

Allan áfrýjunarkostnað sakarinnar ber að dæma á hendur ríkissjóði, þar með talin greiðsla málflutningslauna skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Frágangur dómsgerða er slæmur, og eru setningar í þeim ýmist lítt læsilegar eða ólæsilegar.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar rannsóknar og dómsálagningar af nýju.

Allan kostnað af áfrýjun málsins ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækj-

anda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Arnórssonar og Gústafs A. Sveinssonar, kr. 1000.00 til hvors.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 28. maí 1949.

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn skipstjóra á v/b Andvara T. H. 101 fyrir brot gegn lögum nr. 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4/1924.

Málavöxtum er þannig lýst, sbr. skýrsluna í rskj. 1 og annað, er fram hefur komið í málinu.

Varðskipið Óðinn var á eftirlitsferð fyrir Suðurlandi á leið vestur með landi þann 25. marz síðastliðinn. Um kl. 22 sást ljósbjarmi framundan á stjórnborða. Nokkru síðar haldið beint í ljósið. Kl. 23 var stöðvað hjá v/b Andvara T. H. 101 frá Þórshöfn á Langanesi. Segir í skýrslu skipherrans, rskj. 1, að afturvírinn hafi legið skáhallt aftur af bátnum og hann hafi legið úr gálga, en ekki verið í togblökk.

Kallað hafi verið í bátinn, en enginn svarað, og segir þó, að maður hafi staðið á framþiljunni. Setti báturinn síðan á ferð út frá landi, var þegar haldið eftir honum og hann stöðvaður með 2 lausum skotum kl. 23.07, og var þá afturvírinn farinn. Var síðan lagt að bátnum og maður settur um borð og lagt svo fyrir, að báturinn færi til Vestmannaeyja. Dýpi var 28 metrar. Báturinn hafði ekki uppi lögboðin ljós.

Hjá bátnum miðaðist Alviðruviti í r/v 295°. Dýpi 28 metrar. Síðan var haldið í r/v 248° kl. 23.35, Alviðruviti r/v 338°, fjarl. 1,8 sjóm. Stefna og vegalengd frá ofanrituðum stað og til bátsins, þar sem hann var stöðvaður í seinna skiptið, gefur 2,1 sjóm. innan landhelgislínu. Veður var breytileg átt, skýjað.

Við athugun kom í ljós, að báðir vírarnir voru höggnir í sundur, og ný meitil- eða axarför sáust í gálgarúllum. Þurr varpa var um borð, og lá hún upp á stýrishúsið, og hlerar, sem sýnilega ekki höfðu verið notaðir nýlega. Enginn fiskur sást á þilfarinu, en það slorugt.

Kærði í málinu hefur viðurkennt að fullu staðarákvörðun skipherrans á Óðni, eins og henni er lýst, rskj. 1. Hins vegar hefur kærði neitað að viðurkenna, að hann hafi verið að botnvörpuveiðum þar, sem hann var tekinn, sbr. skýrsluna, rskj. 1, sem og að það hafi verið togvírinn, sem lá út úr gálgarúllunni, en segir hins vegar, að vel geti verið, að vír hafi verið í gálgarúllunni eða gálganum.

Skýrslan, rskj. 1, er staðfest hér fyrir réttinum af 1. stýrimanni varðskipsins, er hefur borið það, að hann hafi séð togvírinn hanga aftan af v/b Andvara og lafði í sjó og hafi virzt óslitinn, og háseti á varðskipinu hefur borið, að hann hafi séð vírinn aftur af Andvara, og segir, að hann hafi verið strekktur aftur af skipinu.

Skipherrann á Óðni hefur haldið því fram hér fyrir réttinum, og það eigi hrakið, að heyrzt hafi þung hamarshögg, þegar farið var fram með

bakborðshlið v/b Andvara, og telur, að þá muni framvírinn hafa verið höggvinn frá skipinu. Um meitilförin höfðu þeir athugað 1. stýrimaður og 2. vélstjóri á varðskipinu Óðni. Telur stýrimaður meitilförin í aftari gálga efri rúllu hafa verið mjög greinileg og ný, eða svo gott sem ný og í neðri rúllu hafi virzt höggvið í kjammana báðum megin, þó eigi eins greinilegt og að ofan. 2. vélstjóri segir, að meitilförin hafi sézt í rúlluhúsinu í kjömmunum í neðri rúllu, sem einnig voru ný.

Varðmaður frá varðskipinu Óðni, sem er háseti á varðskipinu, er var settur um borð í v/b Andvara, hefur staðfest umsögn skipherrans eftir honum, að hvorugur vírinn hafi verið splæstur (stunginn), er hann kom um borð í v/b Andvara, segir, að vírar á báðum kjömmum hafi verið slitnir eða höggnir í sundur og ekki bundið fyrir endana, en búið að stinga (splæsa) auga á vír, er komið var til Vestmannaeyja.

Kærði hefur viðurkennt hér fyrir réttinum, að báðir vírarnir hafi verið höggnir sundur með meitli, og sagt, að auga eða lykkja hafi verið stungið í annan vírinn og búið að því, er varðmaðurinn frá Óðni kom um borð í Andvara. Um meitilförin í rúllunni sagði kærði síðar, að hann héldi þetta ekki frekar meitilför heldur en eftir eitthvert járnstykki, sem þeir lemji iðulega lása með úr rúllunni. Hefur kærði lagt fram vottorð, rskj. 6, ódags., undirritað af tveim mönnum um skoðun þeirra varðandi för í gálgarúllum og rúllukjömmum á v/b Andvara.

Framburður kærða er sá, að hann hafi kastað vörpunni út af Alviðruhömrum um kl. 7½ e. h. 25. marzdag. Hafi þeir fest trollið í botni kl. tæplega 9 e. h. sama kvöldið. Segir sig muna, að dýpi hafi verið rúmir 60 faðmar. Miðanir eru engar tilfærðar, og eigi nema umsögn kærða sjálfs um dýpið. Segir hann, að þeir hafi orðið að slíta, af því að trollið eða hlerar hafi verið svo fastir, að eigi náðist upp, og hafi þeir þannig tapað trolli og hlerum. Hefur kærði lagt fram hér í réttinum enskt sjókort til að sýna botnlagið á þessum slóðum, Fishing Chart Iceland, Westerhorn to Portland, nr. 8 1944, rskj. nr. 5, og yfirlýsingar 2ja manna, dags. 8/4 1949, rskj. 7, og yfirlýsing eins manns, dags. 13/4 s. á., rskj. 8.

Kærði kveðst síðan hafa farið með Alviðruvita á bakborða inn á 16—17 faðma dýpi og farið að lagfæra og útbúa veiðarfærin, og undir land hafi hann farið, þar sem kyrrara hafi verið, til þess að hafa næði. Tjáir hann, að komið hafi að Andvara skip, er eigi hafi haft neitt ljós uppi, þótt það stefndi beint á Andvara og væri komið beint að þeim, og kveðst kærði þá hafa sett á ferð undan skipinu til stjórnborða, og hafi skipið virzt vera á fullri ferð. Hafi skipið sett á v/b Andvara ljóskastara, og tjáðist kærði eigi hafa haft hugmynd um, hvaða skip þetta var, og Andvari hafi verið látinn fara með góðri ferð um stund í hálfhring undan skipinu og loks, er kærði hafði heyrt skot, hafi hann stöðvað, og hafi skip þetta reynzt vera varðskipið Óðinn.

Í málinu má það teljast upplýst, að v/b Andvari var eigi með full siglingaljós.

Staðhæfingar kærða um, að Óðinn hafi eigi kveikt á neinum ljósum, þegar hann kom að Andvara fyrst, fá eigi staðizt gagnvart vitnisburðum

skipherrans á Óðni og 1. stýrimanns á Óðni um, að lýst hafi verið á v/b Andvara með ljóskastara, fyrst er komið var að honum, og einnig kveikt á siglingaljósum. Einnig hefur stýrimaðurinn á Andvara borið það, að hann, er að vísu segist hafa verið upptekinn af störfum, er hefur verið á þilfarinu (svo), hafi eigi orðið þess var, að skip hafi komið að Andvara, fyrr en ljóskastara var beint að Andvara, og kveðst þá hafa séð, að það var varðskipið Óðinn.

Framburður stýrimannsins á v/b Andvara varðandi vírana er á þessa leið, að hafi nokkur vír sést hanga aftur af v/b Andvara, þá hafi það hlotið að vera togvírinn, sem hann kveðst hafa verið búinn að stinga og látið renna út af, sjá þá umsögn varðmannsins hér að framan, og hefur sagt, að Sævar Benónýsson, sem er sonur kærða, hafi verið með sér að stinga vírinn. Hefur og nefndur Sævar, sem er háseti á v/b Andvara, kannazt við það. Getur vitnisburður síðarnefnda að vísu eigi talizt fullgildur, þar sem hann er svo skyldur kærða. Vitnisburður stýrimannsins um þessi atriði er og eigi fullskýr, því eins og til áréttingar því, er hann hafði fyrst sagt um vírana, sagði hann síðar, að það hefði eins vel getað verið innsláttarvír, sem togvírarnir eru teknir í togblökkina með. Bætti hann við að síðar gefnu tilefni, að hann hafi látið togvírinn renna út af blökk, en innsláttarvírinn hafi hins vegar legið á sínum stað, en ekki aftur af skipinu.

2. vélstjóri á Andvara, Jón Erlingur Guðmundsson, sem er formaður stjórnar h/f Andvara og eiganda v/b Andvara, hefur borið, að innsláttarvír hafi legið uppi í gálganum og aftur á afturenda bátsins, en eigi lafað aftur af, og þannig hafi það verið, er varðskipið kom fyrst að, en varðandi togvírinn segist hann ekki hafa veitt honum athygli, en segist þó hafa séð einu sinni togvírinn lafa aftur af, rétt áður en varðskipið lagði að bakborðssíðu v/b Andvara.

Bæði þessi síðastnefndu vitni hafa borið, að vírarnir hafi slitnað, þegar verið var að draga upp vörpuna, af því að annaðhvort varpan eða hlerar hafi orðið föst í botni. Ekkert hafa þeir gefið upp um miðanir eða um staðinn, nema þetta hafi átt að ske undan Alviðruhömrum, annað vitnið, eða Alviðruvita, hitt vitnið.

Bæði þessi vitni urðu vör við ljóskastarann, er lýsti Andvara upp, þar sem þau voru uppi á skipinu.

Skipherrann á Óðni hefur lýst því, að iðulega hafi sést togarar toga á þeim slóðum, er kærði kveðst hafa misst vörpu sína, og þessu eigi andmælt af kærða, er hélt því fram, að annað gilti í þessum efnum fyrir stóran heldur en fyrir lítinn togara, svo sem vélbát, og vísað seinna til áðurgetins, ensks sjókorts, er að vísu eigi hefur þýðingu fyrir þetta mál, eins og það liggur fyrir, og eigi verður tekið fram yfir hið löggilta sjókort, er varðskipsforinginn sýndi hér í réttinum og hann hafði markað staðarákvarðanir og mælingar sínar á.

Varðandi hin framlögðu vottorð, er að framan getur, taldi dómarinn eigi þörf á, enda þess eigi óskað af kærða hálfu, að láta staðfesta þau, þar

sem þau að dómarans áliti hefðu, eins og þau koma fyrir, eigi verulega þýðingu fyrir málið.

Samkvæmt skýrslu varðskipsforingjans, sem staðfest er af 1. stýrimanni, sbr. og síðari vitnisburð varðskipsforingjans, var kl. 22.00 umgetinn dag, 25. marz s.l., er varðskipið byrjaði að stefna á Andvara, og færðist v/b Andvari allan þann tíma vestur með landinu og nær Alviðruvitanum, sbr. vitnisburð Guðmundar Sveinssonar, háseta á Óðni, er kveðst hafa verið við stýrið á Óðni, þegar haldið var að Andvara, og kveðst þannig hafa haft sérstaka aðstöðu til að fylgjast með ljósunum á v/b Andvara á leiðinni.

En kærði hefur hins vegar haldið því fram, að hann hafi legið að mestu kyrr eða kippt aðeins einu sinni og segir, að hafi Andvari borizt vestur með landinu, geti það hafa stafað af því, að báturinn hafi borizt með straumi.

Upp undir 2 tímar liðu, frá því að kærði kvaðst hafa misst vörpuna og þar til Óðinn kom að Andvara, og voru þeir á v/b Andvara þá ekki búnir að aðhafast neitt verulegt.

Það er upplýst í málinu, að v/b Andvari var með dempuð ljós eða hafði ekki uppi lögboðin siglingaljós, er komið var að honum. Verður og að telja, að réttara hefði verið og auðveldara og jafnvel sjálfsagt fyrir kærða að afsanna brot með því að sýna og leiða athygli varðskipsforingjans og manna hans að hinum slitnu vírum, sbr. það, er áður getur, heldur en að fara undan og forðast varðskipið, að því er virðist, í lengstu lög.

Eins og sjá má af því, er fram hefur komið í málinu og að framan hefur verið lýst, er það ljóst, að staðhæfingar kærða eru eigi nægilega rökstuddar, og ýmislegt í vitnisburðunum, er fram hefur komið og átt hefur að vera til styrktar, er á reiki og harla veigalítið, svo eigi fær staðizt gagnvart öðrum þeim gögnum, er fram hafa komið og staðfesta brot kærða.

Álíta verður, sbr. það, er að ofan getur, að eigi hafi komið nægilegt fram til stuðnings staðhæfingu kærða um, að hann hafi ekki verið að veiðum með botnvörpu í landhelgi á umræddum tíma.

Verður að telja, þrátt fyrir staðhæfingar kærða, framkomnar nægilegar líkur fyrir því, að kærði hafi verið að veiðum með botnvörpu í landhelgi umgetinn dag, og verður því að telja hann sannan að sök um brot á lögum nr. 5 frá 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Kærði er fæddur 7. janúar 1907 í Vestmannaeyjum, og hefur ekki áður, svo að kunnugt sé, verið refsað fyrir sams konar brot. Þykir refsing kærða fyrir brot hans, er ber að heimfæra undir 1. gr. laga nr. 5/1920, hæfilega ákveðin, með því að hér er um fyrsta brot að ræða, samkvæmt 3. gr. nefndra laga, sbr. lög nr. 4/1924, sekt í Landhelgissjóð Íslands, kr. 29500.00, með tilliti til þess, að gengi íslenzkrar krónu er það í dag, að samkvæmt núverandi gullgildi jafngilda 294.464 seðlakrónur eitt hundrað gullkrónum.

Verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, sæti kærði 7 mánaða varðhaldi.

Auk þess skal allur afli innanborðs í v/b Andvara T. H. 101 og öll

veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, vera upptækt og andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Svo greiði kærði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda hans hér fyrir réttinum, Páls Þorbjörnssonar, kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Benóný Friðriksson, greiði kr. 29500.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi í stað sektarinnar 7 mánaða varðhald, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í v/b Andvara T. H. 101, skal vera upptækt og andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Loks greiði kærði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda hans hér fyrir réttinum, Páls Þorbjörnssonar, kr. 300.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 27. nóvember 1950.

Nr. 101/1950. **Vikublaðið Fálkinn** (Magnús Thorlacius)
gegn
Oscari Clausen (Enginn).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Stefndi, sem hefur verið löglega birt áfrýjunarstefna í máli þessu, útgefin 17. júní þ. á., hefur hvorki sótt né látið sækja þing í Hæstarétti. Er málið því flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 og dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Áfrýjandi hefur gert þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 1320.60 með 6% ársvöxtum

frá 31. desember 1945 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram vottorð frá öllum dagblöðum landsins svo og frá heimilisblaðinu Vikunni þess efnis, að það sé föst venja, að blöð þessi séu falin útsölumönnum til umsýslusölu. Verður að telja, að stefnda hafi og verið falið blað áfrýjanda til útsölu með þeim hætti. Krafa áfrýjanda sætir því eigi fyrningu samkvæmt 3. gr. laga nr. 14/1905, og ber því að taka hana til greina.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00.

Dómsorð:

Stefndi, Oscar Clausen, greiði áfrýjanda, Vikublaðinu Fálkanum, kr. 1320.60 með 6% ársvöxtum frá 31. desember 1945 til greiðsludags og kr. 1200.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. júní 1950.

Mál þetta, er dómtekið var 24. f. m., hefur Vikublaðið Fálkinn, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 27. desember 1949 gegn Oscari kaupmanni Clausen, Þingholtsstræti 11, hér í bænum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 1320.60 með 6% ársvöxtum frá 31. desember 1945 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavexti kveður stefnandi þá, að stefndi hafi haft útsölu á vikublaðinu Fálkanum í Ólafsvík og stafi skuld þessi af þeim viðskiptum.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að krafa þessi sé fyrnd.

Stefnandi hefur hins vegar talið, að stefndi hafi aldrei gert reikningsskil vegna útsölu þessarar, og þar eð vanrækt hafi verið að skýra frá atvikum, er krafan byggist á, sé hún ekki fyrnd, sbr. 7. gr. laga um fyrningu.

Í yfirliti því, er stefnandi hefur lagt fram í málinu og dagsett er 31. desember 1945, er skuld stefnda miðað við 1. janúar 1946 talin vera kr. 1320.60, eða sama fjárhæð og stefnt er um í máli þessu. Verður því ekki séð, að stefnanda hafi verið óljós atvik að kröfu sinni, er stefndi eigi sök á. Krafa sú, er hér um ræðir, lýtur ákvæðum 3. gr. laga nr. 14 frá 1905 um fyrningu á fjórum árum. Stefna í máli þessu var ekki birt fyrr en 2.

janúar s.l. Er krafan því fyrnd, og ber að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Oscar Clausen, á að vera sýkn af kröfu stefnanda, Vikublaðsins Fálkans, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 29. nóvember 1950.

Nr. 165/1949. **Vilhjálmur S. V. Sigurjónsson**
gegn
Félagsprentsmiðjunni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Vilhjálmur S. V. Sigurjónsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 1. desember 1950.

Nr. 113/1950. **Ákæruvaldið** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Þorleifi Sigurbjörnssyni og Jóni Sveinssyni
(Einar B. Guðmundsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og próf. Ármann Snævarr í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Ákæra um ólöglega áfengissölu. Réttarfarssekt.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um sýknu ákærða Þorleifs Sigurbjörnssonar.

Samkvæmt skýrslu Jóns Sveinssonar héraðsdómslögmanns hefur hann ekki samið vörn fyrir ákærða Þorleif í héraði, enda kveður hann skipunarbréf dómara, þar sem hann er skipaður talsmaður ákærða Þorleifs, ekki hafa komið í sínar hendur og hann ekki fengið vitneskju um skipunina, fyrr en eftir að dómur gekk í málinu. Hann lýsir því og, að Jón Þorsteinsson héraðsdómslögmaður, sem vörnina lagði fram á dómþingi 12. apríl 1950, hafi hvorki verið starfsmaður sinn né félagi um málflutning. Samkvæmt þessu verður Jón Sveinsson héraðsdómslögmaður ekki talinn bera ábyrgð á varnarskjalinu, og ber að sýkna hann af sektarákvæði héraðsdómsins. Verða honum þá og ekki heldur dæmd málsvarnarlaun í héraði. Jón Þorsteinsson héraðsdómslögmaður var ekki skipaður talsmaður ákærða Þorleifs í héraði, og verða honum því ekki dæmd talsmannslaun.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Í vörn þeirri, er Jón Þorsteinsson héraðsdómslögmaður lagði fram í héraði, er á nokkrum stöðum kveðið óþarflega sterkt að orði, en ekki þykir ástæða til eftir atvikum að ómerkja ummælin.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sýknu ákærða Þorleifs Sigurbjörnssonar á að vera óraskað.

Felld er niður sekt Jóns Sveinssonar héraðsdómslögmanns.

Allur kostnaður sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gústafs A. Sveinssonar og Einars B. Guðmundssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dómur lögreglurétttar Akureyrar 29. apríl 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., er höfðað af ákæruvaldsins hálfu gegn kærða, Þorleifi Sigurbjörnssyni bifreiðarstjóra, Glerárgötu 3, hér í bæ, með stefnu útgefinni 31. f. m. fyrir meint brot á áfengislögum nr. 33 9. jan. 1935.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur að Féeggsstöðum í Hörgárdal 30. marz 1911. Hann hefur áður sætt refsingum, sem hér segir: 19. október 1943: Dæmdur í eins mánaðar fangelsi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 219. gr. alm. hegningarlaga, bifreiðalögum og umferðarlögum. 18. júlí 1947: Sekt samkvæmt sátt, kr. 50.00, fyrir brot gegn bifreiðalögum.

Málavextir eru þessir. Fimmtudaginn 30. júní s.l. um kl. 22.00 kom til lögreglunnar hér maður að nafni Ólafur Pálsson frá Húsavík og kærði yfir því, að peningum hefði verið stolið frá honum, þar sem hann bjó á Hótel Akureyri. Við nánari rannsókn á þessu atviki upplýstist þetta í höfuðdráttum.

Greindan dag hittust tveir piltar héðan úr bænum, þeir Hörður Aðalsteinn Sumarliðason, 18 ára að aldri, og Þórir Bjarni Hjaltalín, 19 ára að aldri, og fóru þeir þegar að neyta áfengis, sem sá síðarnefndi átti, í herbergi, sem Hörður Aðalsteinn hafði að Hótel Norðurlandi, þeir drukku næstum upp úr heilli flösku saman og fóru því næst inn í miðbæ. Þegar þangað kom, hittu þeir á götu Ólaf Pálsson, er að framan greinir, en Hörður Aðalsteinn þekkti hann dálítið og gaf sig á tal við hann. Þeir fóru síðan allir þrír í Hótel Norðurland, og gaf Ólafur hinum að drekka með sér af áfengisfleyg, sem hann hafði með sér, en því næst bauð Hörður Aðalsteinn þeim að borða í hótelinu. Að því loknu fóru þeir allir upp í Hótel Akureyri og inn í herbergi, sem Ólafur leigði þar. Pantaði Ólafur nú gosdrykki og tók upp áfengisflösku, sem hann átti, og settust þeir allir að drykkju. Mun klukkan þá hafa verið um 18.00. Gerðust þeir félagar nú meira og meira ölvaðir, og virðist Þórir Bjarni einkum hafa orðið mjög mikið drukkinn. Meðan þeir voru í herbergi Ólafs, varð hann þess var,

að Hörður Aðalsteinn var eitthvað að rjála við bakvasa hans, þar sem hann geymdi peningaveski sitt, og bað hann piltinn að hætta því, en þar sem hann fann, að veskið var á sínum stað, aðgætti hann ekki frekar um það. Eftir þetta fóru piltarnir, að því er virðist, rétt strax, út úr herberginu án þess að kveðja Ólaf, og hélt hann fyrst, að þeir myndu koma aftur, en svo varð ekki. Þegar Ólafur athugaði peningaveski sitt, vantaði í það kr. 1100.00, og hefur Hörður Aðalsteinn játað að hafa tekið peninga þessa ófrjálsri hendi.

Eftir að þeir félagar Þórir Bjarni og Hörður Aðalsteinn yfirgáfu Ólaf, fóru þeir beina leið í Bifreiðastöð Oddeyrar og fengu Þorleif Sigurbjörnsson, kærða í máli þessu, til að aka sér. Mun klukkan þá hafa verið um 21.00. Þeir félagar óku síðan um bæinn með kærða, og telur kærði, að það hafi verið á annan klukkutíma, og náðu þeir þá í áfengisflösku með slatta í, sem þeir höfðu skilið eftir í Hótel Norðurlandi. Síðar um kvöldið stöðvuðu þeir bifreiðina við bifreiðastöð Oddeyrar, og komu þá tvær stúlkur upp í hana eftir boði þeirra félaga, og um sama leyti fengu þeir keypta eina áfengisflösku, og verður nánar að því vikið síðar. Ók kærði nú með allt þetta fólk austur í Vaglaskóg, og fór það þar í veitingahúsið og fékk sér veitingar. Meðan þau voru í veitingahúsinu, var hegðun Harðar Aðalsteins ekki góð, og var hann látinn út með valdi, enda voru hann og Þórir Bjarni orðnir mikið drukknir. Var nú aftur ekið til bæjarins, og skildust þá leiðir, og fór allt fólkið úr bifreið kærða.

Mál það, sem hér liggur fyrir, er risið út af sölu áfengisflösku þeirrar, er að framan greinir og Hörður Aðalsteinn fékk keypta, áður en farið var austur í Vaglaskóg, og verður nú nánar að því vikið.

Kærði hefur skýrt frá því, hvað hann ók þeim Herði Aðalsteini og Þóri Bjarna ásamt stúlkunum, í höfuðatriðum á sama hátt og þeir félagar hafa gert og að framan er rakið. Hins vegar hefur hann stöðugt neitað því að hafa selt þeim félögum áfengi eða útvegað þeim það með neinu móti og staðhæft, að einu peningarnir, sem hann hafi fengið frá þeim, hafi verið kr. 140.00, sem hann fékk fyrir aksturinn að honum loknum. Hann hefur einnig skýrt svo frá. Meðan hann var að aka nefndum mönnum um bæinn þetta kvöld, afhenti Hörður Þóri Bjarna kr. 100.00, og hafi sá síðarnefndi síðan farið út úr bifreiðinni og ætlað að fara eitthvað til að reyna að ná í áfengi, en á meðan hafi hann ekið Herði einum um bæinn. Eftir um það bil 20 mínútur ók hann fram hjá bifreiðastöð Oddeyrar, og voru stúlkur þar á götunni, og bað Hörður hann að stöðva þar og gerði kærði það. Fór kærði síðan inn í afgreiðslu bifreiðastöðvarinnar og staldraði þar dálítið við, en er hann kom aftur, voru þeir Hörður og Þórir Bjarni að fara inn í bifreiðina ásamt tveimur stúlkum. Var óðara lagt af stað í Vaglaskógsferð þá, er áður greinir. Ekki kvaðst kærði hafa veitt því athygli, hvort þeir félagar væru með áfengisflösku í þetta sinn. Frekar hefur hann ekki um þetta borið, sem máli skiptir.

Báðir menn þeir, er að framan greinir, og önnur stúlkan, sem í bifreiðinni var, hafa gefið skýrslu fyrir dómi í máli þessu.

Vitnisburður Harðar Aðalsteins er í höfuðdráttum þannig. Daginn eftir

atburði þessa bar hann það hjá lögreglunni og staðfesti það síðar í rétti, að hann hefði keypt áfengi í umrætt skipti hjá félaga sínum, Héðni Gíslasyni að nafni, en ekki hjá kærða, en Þórir Bjarni hafði þá þegar borið, að þeir hefðu fengið það hjá kærða. Tveimur dögum síðar skýrði Hörður Aðalsteinn svo frá í rétti, að kærði hefði útvegað honum áfengið og að hann hefði tekið fram, að þeir, það er Hörður og Þórir Bjarni, mættu ekki láta neinn um þetta vita. Sagðist hann af þessari ástæðu hafa fyrst borið rangt um það, hver hefði látið hann fá áfengið. Enn fremur skýrði hann þá svo frá: Meðan þeir félagarnir voru að aka í bifreiðinni með kærða, báðu þeir hann margsinnis um áfengi, en hann færðist undan því. Að lokum stöðvaði kærði bifreiðina við Bifreiðastöð Oddeyrar, og afhenti hann kærða þá kr. 100.00, og fór kærði því næst út úr bifreiðinni og inn á afgreiðslu bifreiðastöðvarinnar eða bensínafgreiðslu, sem er þar alveg við. Kom hann síðan aftur, svo að segja að vörmu spori, með eina flösku af brennivíni. Ekki fékk hann neitt til baka af kr. 100.00, og var það því verð flöskunnar. Hann sagði, að Þórir Bjarni hafi séð, þegar kærði afhenti flöskuna í bifreiðinni. Jafnframt þessum vitnisburði tók Hörður aftur allan vitnisburð sinn varðandi kaup hjá Héðni Gíslasyni, en skýrði jafnframt frá því, að hann hefði beðið Héðin að gangast við sölu flöskunnar. Vitnið var samprófað við kærða og staðhæfði, að kærði væri maðurinn, sem útvegaði honum flöskuna.

Þórir Bjarni Hjaltalín hefur borið þannig í höfuðdráttum, að því er mál kærða varðar. Daginn eftir atburðina, er að framan greinir, skýrði hann lögreglunni svo frá, að þeir félagarnir hafi beðið kærða um áfengi, en hann hafi sagt, að hann ætti ekkert, en sagðist þó telja, að Hörður hefði sent með kærða kr. 100.00 inn á bifreiðastöðina, og hafi þeir síðan fengið brennivínsflösku. Þegar hann mætti í rétti nokkru síðar, tók hann þenna vitnisburð aftur og bar það þá, að þeir hefðu fengið áfengisflöskuna hjá Héðni Gíslasyni, en bar þá jafnframt, að þeir hefðu verið búnir að biðja kærða um áfengi, en hann hafi ekki látið þá fá neitt. Loks bar Þórir Bjarni það í rétti tveimur dögum síðar, að hinn upphaflegi framburður hans hafi verið réttur um þetta og tók aftur framburð sinn varðandi Héðin Gíslason. Endurtók hann það þá, að hann áliti, að Hörður hefði afhent kærða 100 króna seðil og að kærði hefði því næst farið inn í afgreiðslu Bifreiðastöðvar Oddeyrar, en síðan kvaðst hann hafa snúið sér að því að tala við stúlkur þær, er síðar komu upp í bifreiðina, og sagðist því ekki hafa veitt því nákvæma athygli, þegar kærði kom með flöskuna, en sagðist vera sannfærður um, að það hefði verið kærði, sem komið hefði með hana. Hann kvaðst aldrei áður hafa fengið áfengi hjá kærða. Síðar í réttarhaldi, þegar Þórir Bjarni var borinn saman við kærða, hélt hann fast við síðasta framburð sinn og sagði þá, að hann myndi ekki, hvort hann og stúlkurnar, sem fóru síðar með þeim austur, hafi verið komin inn í bifreiðina, þegar kærði afhenti flöskuna.

Enn fremur hefur borið vitni í máli þessu önnur stúlkan, sem fór í bifreið kærða austur í Vaglaskóg, Geirfríður Sigurgeirsdóttir að nafni, 22 ára að aldri. Hún sagði, að sig minnti, að bifreiðarstjórinn hefði verið í

bifreiðinni, þegar hún kom í hana, og að bifreiðin hafi þá staðið nálægt Bifreiðastöð Oddeyrar. Hún kvaðst ekki hafa vitað til, að kærði hafi verið með áfengi í þetta sinn eða að hann hafi látið piltana, sem í bifreiðinni voru, hafa áfengi. Loks hefur mætt í málinu Héðinn Gíslason, er að framan greinir, og neitaði hann með öllu að hafa selt Herði Aðalsteini og Þóri Bjarna áfengi, en bar hins vegar, að þeir hefðu beðið sig að taka á sig ábyrgðina á sölu flöskunnar.

Eins og að framan er rakið, hefur kærði stöðugt neitað að hafa selt eða afhent Herði Aðalsteini eða Þóri Bjarna áfengi, og eru því ekki önnur sönnunargögn í málinu en vitnisburðir síðastgreindra manna, en við vitnisburði þeirra er ýmislegt að athuga. Hörður Aðalsteinn hefur borið ákveðið, að kærði hafi útvegað honum áfengisflösku gegn 100 króna greiðslu. Hins vegar er vitnisburður Þóris Bjarna óskýr um þetta, og hefur hann sagt, að hann hafi ekki séð kærða afhenda flöskuna, þótt hann telji sig sannfærðan um það, að svo hafi verið. Þá er það upplýst í málinu, að báðir þessir menn voru mikið drukknir um þetta leyti, að þeir höfðu framið afbrot, sem varðar við lög, sá fyrrnefndi hafði framið þjófnað og brotið í bága við áfengislög, og sá síðarnefndi hafði einnig brotið áfengislögin. Að lokum báru þeir báðir á tvo vegu í málinu um aðalatriði málsins. Varð þetta háttalag þessara pilta þess valdandi, að eigi hefur þótt fært, að þeir staðfestu vitnisburði sína með eiði eða drengskaparheiti. Lítur rétturinn svo á, að þetta, sem nú hefur verið greint, rýri svo gildi vitnisburðanna, að á þeim einum verði sök kærða ekki byggð. Þar sem ekki er frekari sönnunargögnum til að dreifa, verður niðurstaðan því sú, að sýkna ber kærða af öllum ákærum í máli þessu, og verður ríkissjóði gert að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 250.00 í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns kærða, Jóns Sveinssonar hdl.

Talsmaður kærða, Jón Sveinsson, hefur verið óhæfilega stórorður í hinni skriflegu vörn sinni fyrir kærða, og þykir rétt, að hann sæti refsingu fyrir þessi ummæli og að þau séu dæmd dauð og ómerk:

„Það kann .... bjarga vini sínum Héðni Gíslasyni.“ „Margt bendir .... um áfengiskaupin.“ „Sú skýring .... gagnstæða skiljanlegt.“ „.... hugsa út neina lygi .... vonlítið.“ „.... hefur Héðinn .... í áfengisútveguninni.“ „Getur nú ekki .... segi annað satt.“ „ósönnu“. Einnig þykir rétt að ómerkja orðið „óknyttapilta“ og orðin „hlunnfara rannsóknardómara og ákæruvald.“ Þykir hæfilegt, að talsmaður kærða greiði kr. 100.00 í sekt til ríkissjóðs.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Sigurður M. Helgason bæjarfógetafulltrúi kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Kærði, Þorleifur Sigurbjörnsson, á að vera sýkn af öllum kærum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ríkissjóður greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 250.00 í málsvarnarlaun til Jóns Sveinssonar hdl.

Framangreind ósæmileg ummæli skulu vera dauð og ómerk, og greiði Jón Sveinsson hdl. kr. 100.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 3ja daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd, áður en aðfararfrestur í máli þessu er liðinn.

Mánudaginn 4. desember 1950.

Nr. 44/1950. **Ákæruvaldið** (Einar Arnórsson)
gegn
Sigtryggi Benediktssyni (Ólafur Þorgrímsson)
og Hólmfríði Jónsdóttur (Gústaf A. Sveinsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og próf. Ármann Snævarr í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot gegn lögum um búfjárrækt.

Dómur Hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Broti ákærða Sigtryggs er rétt lýst í héraðsdómi, og varðar það við 1. málsgrein 26. gr. laga nr. 19/1948. Þykir refsingin samkvæmt 83. gr. sömu laga hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi, en greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Mál á hendur ákærðu Hólmfríði hefur einungis verið höfðað fyrir það atferli, sem lýst er í 26. gr. laga nr. 19/1948. Með verknaði þeim, sem getur í héraðsdómi, hefur hún ekki brotið gegn því lagaboði, og ber því að sýkna hana af refsikröfu ákæruvaldsins í málinu. Samkvæmt þessu verður ekki lagður dómur í máli þessu á skaðabótakröfu ákærða Sigtryggs á hendur ákærðu Hólmfríði. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm að því leyti og vísa skaðabótakröfunni frá héraðsdómi.

Skaðabótakrafa ákærðu Hólmfríðar á hendur ákærða Sig-

tryggi er vanreifuð, og hefur héraðsdómari ekki leiðbeint ákærðu Hólmfríði, sem er ólögfróð, um þá kröfugerð. Þykir því einnig bera að ómerkja hinn áfrýjaða dóm að því leyti og vísa þeirri kröfu frá héraðsdómi.

Með hliðsjón af því, að mál þetta varðar ekki nema að nokkru leyti sekt ákærða Sigtryggs, svo og því, að ekki verður séð, að héraðsdómari hafi veitt honum kost á að ljúka málinu með dómsátt, þótt hann byðist til að greiða sekt fyrir brot sitt, þykir rétt að gera ákærða Sigtryggi einungis að greiða laun verjanda síns í Hæstarétti, kr. 500.00, og ⅖ hluta annars sakarkostnaðar, þar á meðal laun sækjanda í Hæstarétti, sem ákveðast kr. 700.00. Allan annan kostnað sakarinnar ber að leggja á ríkissjóð, þar með talin laun verjanda ákærðu Hólmfríðar í Hæstarétti, kr. 500.00.

Auk þeirrar vanrækslu um leiðbeiningarskyldu, sem áður er lýst, hefur héraðsdómari látið undir höfuð leggjast að leiðbeina ákærða Sigtryggi, sem er ólögfróður, um málssókn samkvæmt 257. gr. laga nr. 19/1940 svo og um framkvæmd yfirmats, er hann virðist hafa óskað eftir. Í tilkynningu um málshöfðun er hvorki getið um málskostnað né skaðabótakröfur aðilja, og ákvörðun héraðsdómara um sakarkostnað er löglaus, að því er varðar ákvæðið um málskostnað á hendur ákærðu Hólmfríði og ákvæðið um, að hvort hinna ákærðu skuli til vara bera ábyrgð á þeim málskostnaði, sem dæmdur er á hendur hinu. Ber að víta héraðsdómara fyrir framangreinda galla á málsmeðferð.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um sýknu ákærðu Hólmfríðar Jónsdóttur og um sekt ákærða Sigtryggs Benediktssonar, þó svo, að frestur til greiðslu sektarinnar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um skaðabætur eiga að vera ómerk, og vísast skaðabótakröfunum frá héraðsdómi.

Ákærði Sigtryggur Benediktsson greiði málflutnings-

laun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.00, svo og 2/5 hluta annars sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, Einars Arnórssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 700.00. Allur annar kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda ákærðu Hólmfríðar Jónsdóttur, Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Húnavatnssýslu 8. júlí 1949.

Mál þetta, sem var þingfest 24. f. m. og tekið upp til dóms sama dag, er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Sigtryggi Benediktssyni, bónda að Snæringsstöðum í Áshreppi, og Hólmfríði Jónsdóttur, búanda að Undirfelli í sama hreppi, fyrir brot gegn ákvæðum laga um búfjárrækt nr. 19/1948, III. kafla, 26. gr. sbr. 83. gr.

Tildrög máls þessa eru þau, er hér greinir:

Frú Hólmfríður Jónsdóttir, búandi að Undirfelli í Áshreppi, kærði til sýslumanns með kæru, dags. 2. maí þ. á., að 4 vetra stóðhestur (graðhestur) nágranna hennar, Sigtryggs Benediktssonar, bónda að Snæringsstöðum, gengi laus í högum þrátt fyrir ítrekaðar umkvartanir hennar og bryti girðingar hennar og spillti heyjum. Krafðist hún þess, að kærði tæki hestinn þegar í stað í örugga vörzlu, en yrði látinn sæta ábyrgð fyrir að hafa látið hestinn ganga lausan í högum og greiða henni skaðabætur fyrir tjón af hans völdum. Í tilefni af kærunni símaði sýslumaður til hlutaðeigandi hreppstjóra, Konráðs Eggertssonar, Haukagili, og fól honum að sjá um, að Sigtryggur Benediktsson tæki hestinn í örugga vörzlu. Setti Sigtryggur hestinn þá í girðingarhólf, sem ekki var gert fyrir stóðhest, og fór hesturinn því von bráðar úr því aftur og leitaði enn sem fyrr heim að Undirfelli. Sendi kærða þá sýslumanni að nýju kæru í símskeyti, dags. 21. maí, en sýslumaður svaraði með símskeyti samdægurs og benti kærðu á að fara þá leið, að handsama hestinn og flytja hann til hreppstjórans til sölumeðferðar. Sama dag skaut kærða hestinn og flutti hann daginn eftir til hreppstjóra. Hreppstjóri vissi engra þeirra manna von, er vilja mundu gefa verð fyrir úldið hesthræ, og taldi sér óskylt að hafa hann liggjandi heima á hlaði sínu, og var því hræið grafið í samráði við sýslumann, en án þess að greiðslu væri krafizt fyrir þá fyrirhöfn, þ. e. flutning hræsins á afvikinn stað og gröft þess.

Eigandi hestsins, Sigtryggur Benediktsson, kærði hestdrápið og krafðist skaðabóta fyrir hestinn eftir mati óvilhallra manna, en bauð jafnframt

fram sektargreiðslu fyrir brot sitt að hafa hestinn lausan í högum. Dómkvaddir menn mátu hestinn á kr. 700.00 miðað við sölu á honum lifandi. Taldi eigandi hestsins það mat allt of lágt, en kærða taldi það hins vegar allt of hátt, þar sem hesturinn hefði verið mjög lítill. Dómaranum var persónulega kunnugt um, að stór og vænn 6 vetra hestur, sem slátrað var í fyrrahaust og seldur til Reykjavíkur við „normal" verði, lagði sig ekki nema á aðeins rúmar 700 krónur að frádregnum flutningskostnaði til sölustaðar. Álit kærðu, að matsverðið, kr. 700.00, á litlum 4 vetra hesti sé of hátt, miðað við markaðsverð síðastliðið haust, virðist því hafa við rök að styðjast. En þar sem gera má ráð fyrir því, að matsmennirnir, sem eru valdir bændur og hrossaframleiðendur, hafi haft hliðsjón af hækkunarmöguleikum hrossakjötsverðs í sumar og ef til vill fleira, þykir ekki forsvaranlegt að lækka skaðabótakröfuna frá mati þeirra, né heldur að hækka hana. Eigandi hestsins hefur ekki krafizt yfirmats, en hins vegar krafizt nýs mats, en þeirri kröfu hefur ekki þótt fært að sinna. Þá bar hann og fram til vara kröfu um, að matsmenn yrðu látnir staðfesta mat sitt með eiði, en með því að fallast á, að málið yrði tekið undir dóm þegar eftir þingfestingu þess, þykir hann hafa fallið frá þeirri varakröfu, sem óumflýjanlega hefði haft nokkuð aukinn málskostnað og drátt í för með sér.

Kærða Hólmfríður Jónsdóttir hefur krafizt sýknu í málinu og að henni verði dæmdar bætur fyrir tjón sitt og fyrirhöfn af völdum hestsins.

Kærði Sigtryggur Benediktsson hefur haldið því fram sem vörn í málinu, að í Áshreppi sé það algengt, að stóðhestar (graðhestar) gangi lausir óátalið, enda sé engin stóðhestagirðing til í hreppnum, og er kærða honum samdóma um þau atriði. En þetta þegjandi innansveitar samkomulag, sem er gagnstætt gildandi ákvæðum laga, nema samþykki Búnaðarfélags Íslands hefði komið til, réttlætir ekki þá aðferð kærða að láta fullorðinn stóðhest ganga lausan, þrátt fyrir margendurteknar umkvartanir næsta nágranna og réttmætar áskoranir um að taka hestinn í örugga vörzlu, og þó alveg sérstaklega eftir að hreppstjóri eftir framkomna kæru og eftir beiðni sýslumanns hafði lagt fyrir hann að taka hestinn tafarlaust í örugga vörzlu. Með þessu athæfi sínu hefur kærði brotið gegn ákvæðum 26. gr. laga nr. 19/1948, og ber því að gera honum að greiða sekt fyrir téð brot sitt, sem samkvæmt sektarákvæðum 83. gr. sömu laga og með hliðsjón af hinni almennu hækkun sekta, sem orðið hefur samkvæmt lögum nr. 14/1948, þykir hæfilega ákveðin kr. 500.00, er renni í sjóð Búnaðarfélags Áshrepps, og komi 7 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa.

Kærða Hólmfríður Jónsdóttir hefur haldið því fram, að hún hafi verið tilneydd að drepa hestinn, því að önnur ráð hafi ekki verið í hennar valdi til þess að losna við ágang hans. Á þessa skoðun getur rétturinn ekki fallizt. Kærðu var innan handar að fá menn til að handsama hestinn, þótt hún treystist ekki til þess sjálf, og flytja hann til hreppstjóra til sölu, enda hafði hún tryggingu í söluandvirði hestsins fyrir þeim kostnaði. Dráp hestsins liggur því fyrir utan takmörk lögleyfðrar neyðarvarnar, en af því

leiðir, að ekki verður komizt hjá að dæma hana til þess að greiða eiganda hestsins fullar bætur fyrir hann, að upphæð kr. 700.00 samkvæmt mati hinna dómkvöddu manna.

Það verður að teljast brot á 26. gr. laga nr. 19/1948 að aflífa hestinn, áður en hann var fluttur til hreppstjóra, og ætti sá verknaður því að falla undir sektarákvæði 83. gr. sömu laga. En vegna þess, hversu gersamlega var skellt skolleyrum við réttmætum kröfum kærðu um, að hesturinn yrði tekinn í örugga vörzlu, og meðfram með hliðsjón af erfiðri aðstöðu hennar sem konu og einyrkja að verjast ágangi hestsins, þykir eigi fært að dæma hana til sektargreiðslu.

Kröfu kærðu um bætur fyrir tjón af völdum hestsins er ekki unnt að taka til greina, þar sem ekki hefur sannazt neitt tjón af hans völdum, sem unnt er að benda á og meta til peningaverðs eitt sér. Hins vegar verður að telja sannað, að hesturinn hafi komizt í hey kærðu, bitið haga hennar og tún ásamt fleiri hrossum og kærða haft af hestinum mikla fyrirhöfn og skapraun, m. a. flutning hestsins til hreppstjóra. Fyrir þessa fyrirhöfn og átroðning þykir samkvæmt almennum skaðabótareglum og samkvæmt kröfu kærðu mega tildæma henni bætur úr hendi kærða, Sigtryggs Benediktssonar, og þykja þær eftir atvikum hæfilega metnar kr. 200.00, er dragast frá skaðabótagreiðslunni fyrir hestinn.

Málskostnað þykir rétt að kærðu greiði að hálfu hvort þeirra, en til vara annað fyrir bæði og bæði fyrir annað.

Hvorugt hinna kærðu hafa áður sætt ákæru eða dómi fyrir refsiverðan verknað, svo að vitað sé. Bæði eru þau komin yfir lögaldur sakamanna, Sigtryggur Benediktsson fæddur að Hamrakoti á Ásum 3/10 1894, en Hólmfríður Jónsdóttir fædd 1/6 1903 að Þórormstungu í Vatnsdal.

Á rekstri málsins hefur enginn óþarfa dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Sigtryggur Benediktsson, bóndi að Snæringsstöðum í Áshreppi, sæti 500 króna sekt, er renni í sjóð Búnaðarfélags Áshrepps, en 7 daga varðhald komi í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa. Auk þess greiði hann Hólmfríði Jónsdóttur kr. 200.00 fyrir ágang og fyrirhöfn.

Kærða Hólmfríður Jónsdóttir, búandi að Undirfelli, skal vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu, en greiði hins vegar Sigtryggi Benediktssyni skaðabætur, að upphæð kr. 700.00, að frádregnum kr. 200.00, er honum ber að greiða henni samkvæmt dómi þessum.

Allan áfallinn og áfallandi kostnað sakarinnar greiði hin dæmdu að jöfnum hlutum, en til vara annað fyrir bæði og bæði fyrir annað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. desember 1950.

Nr. 127/1949. **Steinþór Egilsson** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Jóni Jósefssyni og gagnsök (Ragnar Jónsson).

Setudómarar próf. Ólafur Jóhannesson og próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Bætur vegna bifreiðarslyss.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 8. sept. 1949. Krefst hann þess, að dæmdar fjárhæðir verði lækkaðar til verulegra muna og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 7. október 1949, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. september s. á. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum fébætur kr. 40752.34 ásamt 5% ársvöxtum frá 5. marz 1949 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Þá krefst hann þess og, að honum verði ákveðið lögveð í bifreiðinni A 266 fyrir dæmdum fjárhæðum.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir ákvæði hans um skiptingu tjónsins milli aðilja eiga að vera óraskað, að því er annað varðar en tjón á reiðhjóli.

Fjárkrafa gagnáfrýjanda er sundurliðuð í héraðsdómi, og verða kröfuliðirnir teknir til athugunar hér í sömu röð.

1. Bætur fyrir vinnumissi 18. september 1948—1. júlí 1949. Samkvæmt vottorði yfirlæknis í Sjúkrahúsi Akureyrar, dags. 4. október 1949, sem lagt hefur verið fram í Hæstarétti, hefur gagnáfrýjandi verið óvinnufær fram yfir 1. júlí 1949. Aðaláfrýjandi hefur viðurkennt, að tjón gagnáfrýjanda vegna vinnumissis ofangreindan tíma hafi numið kr. 19000.00, og þykir hæfilegt að meta tjónið samkvæmt þessum kröfulið með þeirri fjárhæð.

2. Spjöll á reiðhjóli. Þessi kröfuliður, kr. 280.40, er viðurkenndur. Aðaláfrýjandi ók yfir hjólið, eftir að slysið varð, og ber honum því að bæta þetta tjón að fullu.

3., 5. og 6. kröfuliður. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um þessa kröfuliði, samtals kr. 2569.40.

4. Bætur fyrir sársauka og óþægindi. Þessar bætur þykja eftir atvikum hæfilega ákveðnar kr. 6000.00.

7. Með skírskotun til raka héraðsdóms verða bætur ekki dæmdar eftir þessum kröfulið.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda ¾ hluta af kr. 27569.40 (kr. 19000.00 + kr. 2569.40 + kr. 6000.00), þ. e. kr. 20677.05 að viðbættum bótum fyrir spjöll á reiðhjóli, kr. 280.40, eða samtals kr. 20957.45 ásamt vöxtum, eins og krafizt hefur verið. Þá þykir og hæfilegt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3800.00. Á gagnáfrýjandi lögveðrétt í bifreiðinni A 266 fyrir framangreindum fjárhæðum.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Steinþór Egilsson, greiði gagnáfrýjanda, Jóni Jósefssyni, kr. 20957.45 ásamt 5% ársvöxtum frá 5. marz 1949 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3800.00. Á gagnáfrýjandi lögveðrétt í bifreiðinni A 266 fyrir fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 9. júní 1949.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 1. þ. m., hefur stefnandi, Jón Jónsson vélsmiður, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni og birtri 5. marz þ. á. á hendur Steinþóri Egilssyni bifreiðarstjóra, Víðivöllum 16, Akureyri, til heimtu bóta fyrir tjón af völdum síðargreinds slyss, kr. 40986.94 auk 6% ársvaxta frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi kröfu sína um kr. 234.60 í kr. 40752.34. Þá krefst stefnandi lögveðréttar sér til handa fyrir tildæmdum upphæðum í bifreiðinni A 266 samkvæmt síðustu mgr. 34. gr. bifreiðarlaga.

Stefndi mótmælir stefnukröfunni sem of hárri og ósannaðri og krefst lækkunar eftir mati dómara og að fébætur verði færðar niður í hlutfalli við þá sök, sem stefnandi verður sjálfur talinn eiga á tjóni sínu. Stefndi

mótmælir málskostnaðarkröfu stefnanda og krefst málskostnaðar sér til handa. Til vara krefst hann þess, að málskostnaður verði látinn falla niður eða verði einungis dæmdur að nokkrum hluta.

Tildrög máls þessa eru þau, að laugardaginn 18. sept., kl. milli 20 og 21, ók stefnandi á stighjóli norður Brekkugötu hér í bæ og hafði hann verið að sækja Morgunblaðið í afgreiðslu þess þar við götuna. Um sama leyti ók stefndi fólksflutningabifreið sinni A 266 norður sömu götu. Á mótum Brekkugötu, Oddeyrargötu og Gránufélagsgötu rákust farartæki þeirra stefnda og stefnanda saman. Stefnandi féll af hjólinu á götuna og slasaðist. Einn farþegi var í bifreiðinni, Júlíus Arason, og hjálpuðust þeir að því, stefndi og hann, að koma stefnanda upp í bifreiðina, og ók stefndi síðan til sjúkrahússins. Enginn læknir var þar viðlátinn, og bað stefnandi þá um, að honum væri ekið heim til sín, en hjúkrunarkona frá sjúkrahúsinu hafði litið á meiðsl hans. Ók stefndi því næst heim til stefnanda að Ægisgötu 2 og hjálpaði honum inn með aðstoð Júlíusar. Daginn eftir var hann lagður inn í sjúkrahúsið, og var hann þá að sögn sjúkrahússlæknisins meðvitundarlaus og hafði aukinn þrýsting í hauskúpunni, sem stafaði af innri blæðingu. Hann var með sár aftan á hnakka, marblett á hægri olnboga og innan og framan á hægra upphandlegg, og yfir efsta hnúalið vinstri löngutangar var einnig dálítill marblettur. Hann var mjög þungt haldinn fyrstu dagana eftir slysið og algerlega rænulaus. Viku eftir slysið fór hann fyrst verulega að rakna við sér, en var þó miklu lengur ruglaður og gleymdi jafnhraðan öllu, sem við hann var sagt, og þjáðist af höfuðverk. Hann jafnaði sig þó smám saman og hugsunin skýrðist. Hann fór heim af sjúkrahúsinu 31. okt. s. l. og virtist þá orðinn með réttu ráði og leið yfirleitt vel, hafði þó ekki klæðzt eða reynt neitt á sig og var ráðlagt að halda kyrru fyrir um hríð. Lá hann síðan heima næstu fjórar vikur, en hefur síðan haft fótavist. Samkvæmt vottorði yfirlæknis sjúkrahússins var hann ennþá óvinnufær 21. f. m. og þá ekki talið hægt að segja um endanlegan bata eða varanlega örorku.

Stefnandi heldur því fram, að stefndi eigi einn sök á slysinu, hann hafi ekið á stefnanda og beri því að bæta allt tjón af völdum þess. Þessu mótmælir stefndi og telur stefnanda eiga meginsök á slysinu. Reiðhjól hans hafi ekki verið búið neinum ljósatækjum og ekki sé vitað, hvort ljós hafi verið á handlukt, sem hann hafði haldið á. Slysið hafi orðið á ljósatíma um kl. 20.30. Stefnandi hafi ætlað að aka niður Gránufélagsgötu í átt heim til sín og hafi ekki sýnt næga aðgæzlu, er hann breytti um stefnu á gatnamótunum, og hafi því reiðhjólið rekizt á hlið bifreiðarinnar.

Ekki hefur fengizt nákvæmlega upplýst, á hvaða tíma slysið varð né með hverjum hætti. Lögreglan fékk ekki vitneskju um slysið fyrr en daginn eftir, og torveldaði það rannsóknina. Stefndi telur, að slysið hafi orðið um eða eftir kl. 20.30, og vitnið Júlíus Arason segir, að töluvert hafi verið farið að skyggja og þegar þeir komu heim til stefnanda, hafi klukkuna vantað 14 mínútur í 21. Ljósatími bifreiða hér í bæ hefst kl. 20.25 þann 18. sept., miðað við sumartíma. Ekki þykir nægilega upplýst, gegn mótmælum

stefnanda, að slysið hafi orðið eftir þann tíma, og verður stefnanda því ekki gefið að sök ljósleysi á reiðhjólinu.

Stefnandi missti minnið við höfuðhöggið og hefur því ekki getað gefið upplýsingar um aðdraganda slyssins aðrar en þær, að hann var á leið norður Brekkugötu og ætlaði síðan til hægri niður Gránufélagsgötu áleiðis heim til sín. Hann man ekki eftir bifreiðinni, er á vegi hans varð. Stefndi kveðst hafa ekið með um 15 km hraða á 2. hraðastigi og verið á miðjum vegi. Hann telur, að hálfrokkið hafi verið og blautt um, en úrkomulaust. Þegar hann kom á fyrrgreind gatnamót, heyrði hann eitthvað koma við bifreiðina vinstra megin. Eftir ummerkjum á vinstri framaurhlíf að dæma, virtist reiðhjólið hafa lent þar. Stefndi nam þegar staðar, og lá stefnandi þá 1—2 skref vinstra megin aftan við bifreiðina, en þó utan stefnu hennar, og lá reiðhjólið rétt hjá honum. Hann kveðst ekkert hafa séð til ferða stefnanda, fyrr en eftir að slysið varð, og telur sig ekki hafa haft neina hugmynd um, að nokkur umferð væri á þessu svæði. Hann kveðst hafa haldið, að stefnandi hafi komið niður Oddeyrargötu, en ekki vitað með neinni vissu, hvaðan hann kom. Hann var vel fyrir kallaður og hafði ekki neytt áfengis. Hann telur, að bifreiðin hafi runnið rösklega lengd sína, eftir að áreksturinn varð, vegna þess að hann var algerlega óviðbúinn að nema staðar. Engir sjónarvottar voru að slysinu aðrir, nema fyrrnefndur Júlíus Arason, er sat í framsæti bifreiðarinnar vinstra megin, en stýri hennar er hægra megin. Um akstur bifreiðarinnar og áreksturinn er vætti hans samhljóða því, er stefndi hefur skýrt frá, en hann telur sig þó hafa séð stefnanda koma niður Oddeyrargötu. Hann hafði ekki ráðrúm til að gera stefnda aðvart, áður en áreksturinn varð.

Telja verður upplýst af því, sem komið hefur fram við lögreglurannsókn á slysinu, að stefnandi hafi ekið hjóli sínu norður Brekkugötu, þrátt fyrir framburð vitnisins Júlíusar Arasonar. Stefndi hefur því ekið sömu stefnu. Þykir verða að telja honum til gáleysis, að hann varð ekki hjólreiðarmannsins var fyrir áreksturinn, enda virðist hann hafa verið að aka fram úr honum á gatnamótum, þegar áreksturinn varð, en slíkt er óheimilt. Af þessum sökum fer því fjarri, að leitt hafi verið í ljós, að stefndi hafi sýnt fulla aðgæzlu og varkárni, og ber honum því að bæta stefnanda tjón af völdum slyssins. Hins vegar verður einnig að telja nægilega upplýst, að stefnandi hafi ekki viðhaft fyllstu varúð við akstur á stighjólinu á gatnamótum, er hann hefur ekki orðið bifreiðarinnar var og lenti því á hlið hennar, en það bendir á, að hann hafi verið að byrja að beygja niður á Gránufélagsgötu, enda bendir vætti Júlíusar Arasonar á, að svo hafi verið. Telst hann því vera samvaldur að slysinu, og telst hæfilegt, að á hann verði lagður fjórðungur sakar, og beri hann sjálfur tjón sitt að því leyti, en stefndur bæti honum þrjá fjórðu hluta tjónsins.

Stefnandi sundurliðar bótakröfu sína þannig:

1. Bætur fyrir vinnumissi 18/9 1948—1/7 1949 kr. 10.65 á klst., átta klst. á dag, 26 daga í mán. ..... kr. 21502.14
2. Skemmdir á reiðhjóli og lugt, kr. 515.00, lækkað við flutning málsins í ..... — 280.40

3. Fataskemmdir	—	200.00
4. Bætur fyrir sársauka og óþægindi	—	15000.00
5. Hjúkrunarvinna konu stefnanda	—	3239.80
6. Læknisvottorð	—	30.00
7. Ferðakostnaður dóttur stefnanda frá Reykjavík	—	500.00
Samtals	kr.	40752.34

Um 1. lið. Stefnandi telur, að í fyrsta lagi sé hægt að gera sér vonir um, að hann verði vinnufær 1. júlí n. k., en áskilur sér rétt til að höfða nýtt skaðabótamál, ef svo verði ekki. Stefndi mótmælir þessum lið sem of háum. Síðasta læknisvottorð um óvinnuhæfi stefnanda er frá 21. maí s. l. Þykir því ekki í þessu máli unnt að ákveða bætur samkvæmt þessum lið nema til 1. júní s. l., þar sem ekki er nægilega sannað um óvinnuhæfi eða örorku eftir þann tíma. Í læknisvottorði er stefnandi talinn fæddur 1898, en við flutning málsins var af hálfu hans upplýst, að þetta er rangt, og er hann fæddur 1894 og var því 54 ára, er slysið varð. Vinnutekjur hans 18. sept. 1947 til 1. júní 1948 voru ca kr. 17000.00, og má ætla, að hann hefði haft svipaðar vinnutekjur 18. sept. 1948 til 1. júní 1949, ef slysið hefði ekki að höndum borið. Verður stefndi því dæmdur til að greiða ¾ þessarar upphæðar, þ. e. kr. 12750.00.

Um 2. lið. Upphæð þessi er samkvæmt matsgerð, er fram hefur farið á skemmdum, er urðu á reiðhjólinu, kr. 265.40, auk kr. 15.00 fyrir handlugt. Matsgerðin hefur ekki sætt andmælum, og verður kröfuliður þessi lagður til grundvallar óbreyttur og stefndi dæmdur til að greiða ¾, þ. e. kr. 210.30.

Um 3. lið. Upphæð þessi hefur sætt eindregnum andmælum, og þar sem ekki hefur verið leitt í ljós, hverjar skemmdir hafi orðið á fatnaði stefnanda, þykir ekki unnt að taka til greina nema kr. 50.00 af þessum lið, er ætla má, að kostað hafi að hreinsa fatnaðinn. Ber stefnda að greiða þar af kr. 37.50.

Um 4. lið. Stefnandi leið miklar og langvarandi þjáningar, svo sem fyrr greinir, og þykja bætur fyrir sársauka og óþægindi mega ákveðast kr. 5000.00, og greiði stefndi þar af kr. 3750.00.

Um 5. lið. Stefnandi hefur sundurliðað upphæð þessa í vökustarf eiginkonu hans í sjúkrahúsinu, 23 nætur á kr. 77.80, kr. 1789.40, og daghjúkrun í heimahúsum af hendi konu hans í 28 daga á kr. 51.80, kr. 1450.40. Kona stefnanda annaðist vökustarfið í sjúkrahúsinu eftir beiðni yfirhjúkrunarkonu þess vegna skorts á vökukonum. Þykir þessi hluti kröfunnar á nægum rökum byggður og verður lagður til grundvallar við ákvörðun bóta. Um bætur vegna hjúkrunar í heimahúsum er þetta að segja. Kona stefnanda vann ekki utan heimilis um þetta leyti og hefur því ekki misst vinnutekjur. Augljóst er þó, að hún hefur orðið að leggja á sig stórum meira erfiði vegna hjúkrunar stefnanda, meðan hann lá í heimahúsum, og er eðlilegt, að hún fái nokkrar bætur fyrir það. Þykja bætur þessar eftir atvikum hæfilega metnar kr. 700.00. Af upphæðum þessum, kr. 1789.40 og kr. 700.00, samtals kr. 2489.40, greiði stefndi ¾ hluta, eða kr. 1864.05.

6. lið, læknisvottorð, kr. 30.00, hefur ekki verið mótmælt, og verður stefndi dæmdur til að greiða þar af kr. 22.50.

Um 7. lið. Stefnandi var talinn í lífshættu eftir slysið, og tók dóttir hans, sem var við nám í Reykjavík og á framfæri hans, sér ferð á hendur til Akureyrar af þeim sökum, og telur stefnandi kostnað við það hafa numið kr. 500.00. Stefndi mótmælir kröfu þessari sem sér óviðkomandi. Þykir verða að fallast á, að kostnaður þessi sé þess eðlis, að stefndi beri ekki ábyrgð á honum, og verður kröfuliður þessi því ekki tekinn til greina.

Samkvæmt þessari niðurstöðu verður stefndi dæmdur til að greiða samtals kr. 18637.35 ásamt vöxtum, sem ákveðast 5% frá 5. marz s.l. til greiðsludags, og málskostnaði, sem þykir hæfilega ákveðinn að meðtöldum kostnaði við matsgerð og uppdrátt kr. 2300.00.

Þá verður og lögveðskrafa stefnanda tekin til greina, enda er hún í samræmi við lög.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Steinþór Egilsson, greiði stefnanda, Jóni Jósefssyni, kr. 18637.35 auk 5% ársvaxta frá 5. marz 1949 til greiðsludags og kr. 2300.00 í málskostnað.

Stefnandi hefur lögveð í bifreiðinni A 266 fyrir framangreindum upphæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 8. desember 1950.

Nr. 35/1950. **Stefán Valgeirsson** (Magnús Thorlacius).
gegn
Brandi Brynjólfssyni (Sigurður Ólason).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, dags. 15. marz þ. á., og gert þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 29250.00 eða

til vara kr. 14000.00 með 6% ársvöxtum frá 3. maí 1947 til greiðsludags og málskostnað í héraði og Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar. Af hálfu stefnda er þess krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Áfrýjandi hefur og með stefnu, dags. 3. maí 1950, stefnt þeim Þórarni Sæmundssyni og Sigurjóni Sigurðssyni til réttargæzlu í málinu. Hvorugur þeirra hefur sótt þing í Hæstarétti, enda hafa þar engar kröfur verið gerðar á hendur þeim.

Stefndi tók að sér að sjá um innheimtu veðskuldabréfs Þórarins Sæmundssonar fyrir áfrýjanda. Hinn 19. september 1947 höfðaði hann í eiginnafni mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Þórarni og ábyrgðarmanni hans, Sigurjóni Sigurðssyni, til greiðslu eftirstöðva skuldarinnar, og gekk dómur í því hinn 11. október 1947 með þeim úrslitum, að þeir Þórarinn og Sigurjón voru dæmdir til að greiða stefnda kr. 31000.00 með vöxtum og kostnaði. Stefndi hefur enn eigi framselt áfrýjanda dóm þenna, og hann hefur engar ráðstafanir gert til þess að reyna að fá dómnum fullnægt með aðför. Meðan eigi er reynt, að hve miklu leyti áfrýjandi kann að geta fengið greiðslu með aðför samkvæmt ofannefndum dómi hjá dómfelldu, verður eigi vitað, hvaða tjón áfrýjandi kann að hafa beðið vegna vanrækslu stefnda á innheimtu skuldabréfsins, og verður því að sýkna stefnda að svo stöddu af kröfum áfrýjanda í málinu.

Málskostnaður í héraðsdómi og Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Brandur Brynjólfsson, á að svo stöddu að vera sýkn af kröfu áfrýjanda, Stefáns Valgeirssonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. des. 1949.

Mál þetta, er dómtekið var 7. þ. m., hefur Stefán Valgeirsson bóndi, Auðbrekku, Hörgárdal, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 12. nóvember 1948 gegn Brandi Brynjólfssyni héraðsdómslögmanni, hér í bæ,

til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 29250.00 með 6% ársvöxtum frá 5. apríl 1947 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins krafðist stefnandi vaxta einungis frá 3. maí 1947.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Með stefnu útgefinni 3. þ. m. hefur stefnandi stefnt þeim Þórarni Sæmundssyni, Eiríksgötu 11, og Sigurjóni Sigurðssyni, Melahúsum við Einarsstaði, Sandvíkurvegi, báðum hér í bænum, til réttargæzlu, en engar kröfur gert á hendur þeim. Þeir hafa og engar kröfur haft uppi í málinu.

Málavextir eru þessir:

Í marzmánuði 1947 sneri stefnandi sér til firmans Bílamiðlunarinnar, hér í bæ, með sölu á bifreið hans R 4262. Var bifreið þessi af svonefndri Dodge gerð, smíðuð árið 1940. Bílamiðlunin leitaði fyrir sér um kaupendur, og kom tilboð frá Þórarni Sæmundssyni, réttargæzlustefnda, og var fjárhæð þess kr. 30000.00. Stefnandi gerði gagntilboð að fjárhæð kr. 35000.00 og um 15 þúsund krónur greiddar út í hönd. Þórarinn samþykkti fjárhæð gagntilboðsins gegn því, að ekkert yrði greitt út í hönd, og gekk stefnandi að því. Fóru kaup fram 5. apríl s. á. í skrifstofu Bílamiðlunarinnar, og afsalaði stefnandi þar jafnframt bifreiðinni til Þórarins. Gaf Þórarinn út veðskuldabréf til handhafa að fjárhæð kr. 35000.00, er skyldi greiðast með jöfnum afborgunum á næstu 35 vikum. Var bifreiðin veðsett með 1. veðrétti til tryggingar greiðslum, en jafnframt ábyrgðist réttargæzlustefndi Sigurjón Sigurðsson skuldina sem sjálfskuldarábyrgðarmaður. Þórarinn greiddi afborganir af veðskuldabréfinu fyrstu 4 vikurnar, en veiktist þá og greiddi ekki frekar. Nokkru síðar tók Bílamiðlunin bifreiðina í vörzlu sína og mun hafa haft hana, þar til bifreiðin var seld á opinberu uppboði til lúkningar opinberum gjöldum 16. desember 1948.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að stefndi sem eigandi Bílamiðlunarinnar hafi með athöfnum sínum og athafnaleysi í sambandi við sölu bifreiðarinnar bakað honum tjón, sem honum beri að bæta. Hefur stefnandi talið tjónið nema söluverði bifreiðarinnar að frádregnum afborgunum kr. 4000.00 og söluþóknun kr. 1750.00, eða kr. 29250.00.

Í fyrsta lagi styður stefnandi kröfur sínar með því, að samningar þeir, sem Bílamiðlunin hafi gert, hafi reynzt haldlausir með öllu. Komið hafi í ljós, að kaupandi hafi verið ófjárráða, er kaup fóru fram, en sjálfskuldarábyrgðarmaðurinn algerlega eignalaus. Þá segir stefnandi, að starfsmaður Bílamiðlunarinnar hafi hvatt hann mjög til þess að ganga að tilboði Þórarins og hann þyrfti ekki að vera hræddur um greiðsluna, því að „þeir myndu sjá um það". Enn fremur kveðst stefnandi hafa beðið stefnda að athuga, hvort „nokkur ábyrgð" væri í sjálfskuldarábyrgðarmanninum, og hafi stefndi kinkað kolli, um leið og hann hafi skrifað undir, og sagt: „allt í lagi". Kveðst stefnandi hafa tekið það svo sem ábyrgð hans væri nægileg trygging fyrir greiðslu.

Gegn eindregnum andmælum stefnda hefur stefnandi ekki fært sönnur á, að Bílamiðlunin eða starfsmaður hennar hafi tekizt á hendur ábyrgð á greiðslu kaupverðs bifreiðarinnar né stefndi gefið til kynna, að ábyrgð sjálfskuldarábyrgðarmannsins væri nægileg trygging fyrir greiðslu. Eins

og að framan getur, var stefnandi sjálfur viðstaddur ásamt kaupanda, er kaup fóru fram. Hefur stefnandi engar kröfur haft uppi á hendur kaupanda eða ábyrgðarmanni út af skiptum þessum. Kemur því ekki til álita hér um ábyrgð stefnda vegna ófjárræðis kaupanda, þar eð ekki er sýnt, hvort það yrði borið fyrir.

Þá hefur stefnandi talið, að er Bílamiðlunin tók bifreiðina í sína vörzlu, hafi kaupin raunverulega gengið til baka, og hafi geymsla bifreiðarinnar verið slík, að stolið hafi verið úr henni og hún stórlega rýrnað í verði.

Í aðiljaskýrslu sinni segir stefnandi, að honum hafi verið kunnugt um í júlí eða ágúst 1947, að Bílamiðlunin hafi tekið bifreiðina í vörzlu sína. Jafnframt þessu fól hann stefnda að láta bjóða bifreiðina upp á opinberu uppboði og gera fjárnám hjá kaupanda og ábyrgðarmanni fyrir veðskuldabréfinu. Hinn 15. desember 1948 tilkynnti stefndi umboðsmanni stefnanda, að bifreiðin yrði boðin upp næsta dag til lúkningar opinberum gjöldum af henni, og virðist umboðsmaðurinn ekkert hafa gert í því efni. Þessi framkoma stefnanda og umboðsmanns hans brýtur svo í bág við þá fullyrðingu, að kaupin hafi gengið til baka, að henni verður ekki sinnt. Bifreiðin var því eign Þórarins, er hún var í vörzlu Bílamiðlunarinnar, og fær geymsla hennar þegar af þeirri ástæðu ekki haft áhrif til stuðnings bótakröfu stefnanda.

Loks hefur stefnandi talið, að vanræksla stefnda á skráningu veðréttarins í veðmálabækur og innheimta veðskuldabréfsins hafi bakað honum tjón. Gegn andmælum stefnda er ekki sannað, að honum hafi verið falið að færa bréfið til skrásetningar, auk þess sem ekki verður séð, eins og málum skipaðist, að stefnandi hafi út af fyrir sig beðið tjón við það, að skráning fór ekki fram. Þá er og ósannað, að stefndi hafi verið of athafnalítill við innheimtu bréfsins frekar en efni stóðu til, þegar þess er gætt, að ítrekaðar tilraunir virðast hafa verið gerðar bæði til þess að selja bifreiðina að nýju svo og að leysa málið með samkomulagi aðilja.

Úrslit máls þessa verða þá þau, að taka ber sýknukröfu stefnda til greina, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Brandur Brynjólfsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Stefáns Valgeirssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 13. desember 1950.

Nr. 92/1950. **Ákæruvaldið** (Magnús Thorlacius)
gegn
Svavari Kristni Kristjánssyni (Tómas Jónsson).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot gegn bifreiðalögum. Líkamsáverki.

Dómur Hæstaréttar.

Þegar ákærði sá barnið hlaupa út á götuna að syðri vegarbrún, bar honum þegar í stað að stöðva bifreiðina, en í stað þess vék hann til hægri, hélt áfram með svipuðum hraða og vildi freista þess að komast fram hjá barninu með þeim hætti. Þetta varð til þess, að ákærði ók á barnið nærri nyrðri gangstétt, og hlaut það þá áverka, sem lýst er í héraðsdómi. Verður að meta ákærða þetta atferli til stórrar vangæzlu, og varðar það hann refsingu samkvæmt þeim refsiákvæðum, sem getur í héraðsdómi. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 12 daga varðhald. Svo ber og samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 að svipta ákærða leyfi til bifreiðaraksturs 1 ár frá birtingu þessa dóms. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað í héraði staðfestist. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 450.00 til hvors.

Ýmsir stórgallar eru á rannsókn og meðferð máls þessa. Lögreglumenn þeir, sem á vettvang komu, athuguðu ekki verksummerki, svo sem hvar bifreiðin hafði numið staðar og hvort hemlaför sæjust. Ekki var gerður uppdráttur, sem að gagni komi, af slysstaðnum. Bifreiðin sjálf var ekki, svo séð verði, athuguð né hemlar hennar reyndir. Óhæfilegur dráttur varð á því, að réttarrannsókn væri hafin svo og á framhaldi hennar. Rannsóknardómari prófaði eitt vitni, sem var sjónarvottur að atburðinum, en lét það ekki staðfesta framburð sinn með eiði. Ekki kvaddi dómari vættis aðra menn, sem virðast hafa séð atburðinn, og ekki gerði hann gangskör að því að leita vitna, t. d. farþega í strætisvagninum og annarra

vegfarenda, er kunna að hafa séð atburðinn. Móðir telpu þeirrar, er fyrir slysinu varð, krafðizt bóta, en dómari gerði hvorki reka að því að leiðbeina henni um kröfugerð né dæma bótakröfu. Verður að víta þessa rannsókn og meðferð.

Dómsorð:

Ákærði, Svavar Kristinn Kristjánsson, sæti varðhaldi 12 daga.

Hann er sviptur leyfi til að aka bifreið 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað í héraði staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Magnúsar Thorlacius og Tómasar Jónssonar, kr. 450.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 17. apríl 1950.

Ár 1950, mánudaginn 17. apríl, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1547/1950: Ákæruvaldið gegn Svavari Kristni Kristjánssyni, en mál þetta var dómtekið 31. marz s.l.

Málið er höfðað gegn Svavari Kristni Kristjánssyni veitingaþjóni, til heimilis á Bústaðavegi 39, hér í bæ, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, bifreiðalögum nr. 23 frá 1941 og umferðarlögum nr. 24 frá 1941 til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 29. júlí 1913 að Stóru-Gröf í Stafholtstungum. Hann hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

Í Reykjavík:

1937 1/11 Sátt: 100 kr. sekt fyrir brot á 2. sbr. 15. gr. laga nr. 21/1926 og 1. sbr. 14. gr. laga nr. 99/1933, auk þess kr. 472.17 í veitingaskatt.

1937 5/11 Kærður fyrir vanskil á 15 kr. Málinu lokið með því, að kærði borgaði upphæðina.

1949 13/4 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1949 30/8 Sátt: 150 kr. sekt fyrir að vanrækja að færa bifreið til skoðunar.

1949 23/9 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Málavextir eru þessir:

Þriðjudaginn 1. febrúar 1949 kl. 13.30 óku þrír lögreglumenn í lögreglubifreið inn Hverfisgötu. Rétt innan við mót Hverfisgötu og Laugavegar veittu lögreglumennirnir athygli ákærða, er hélt á stúlkubarni og gaf lögreglumönnunum merki um að stöðva. Skýrði hann lögreglumönnunum frá því, að telpan hefði hlaupið fyrir bíl sinn, R 3465, og lent á bifreiðinni. Farið var með stúlkuna, er heitir Sigurbjörg Valdís Valsdóttir, Skúlagötu 68, fædd 1943, á Landsspítalann. Samkvæmt vottorði Snorra Hallgrímssonar læknis hafði hægri lærleggur brotnað um miðju og brotendar gengið á misvíxl. Þann 25. marz 1949 var Sigurbjörg Valdís útskrifuð af sjúkrahúsinu. Brotið virtist þá gróið, en um 1—1½ cm stytting hafði orðið á lærleggnum.

Lögreglumennirnir sáu ekkert athugavert við ákærða. Veður var bjart, en götur blautar.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi umrætt skipti ekið vestur Laugaveg bifreiðinni R 3465 á ca 20 km hraða miðað við klst. akstur og um rúman 1 m frá syðri gangstéttarbrún. Er hann var móts við húsið nr. 134 við nefnda götu, sá hann allt í einu stúlkubarn koma hlaupandi frá syðri gangstéttinni og stefna þvert yfir götuna. Ekki getur ákærði skýrt nánar frá en svo, að bilið milli bílsins og stúlkunnar hafi verið mjög stutt, er stúlkan hljóp út á götuna. Ákærði kveður stúlkuna hafa hikað aðeins, er hún var að komast fram fyrir bifreiðina. Ákærði beygði þá undan til hægri og hemlaði, en þá hljóp telpan áfram og varð þá fyrir hægra framstuðarahorni bifreiðarinnar og kastaðist við það í götuna. Bifreiðin fór ekki yfir stúlkuna. Ákærði gaf hljóðmerki strax og hann sá stúlkuna, en hún virtist ekki heyra það. Ákærði var vel fyrir kallaður og beindi athygli sinni að akstrinum. Einn sjónarvottur var að slysinu, Guðmundur Höskuldsson strætisvagnstjóri. Guðmundur ók strætisvagni hið næsta á eftir R 3465. Hefur Guðmundur skýrt frá á þessa leið: Hann sá stúlkuna koma frá syðri gangstéttarbrúninni og hlaupa yfir götuna, R 3465 var ekið á vinstra kanti á ca 20—25 km hraða. Guðmundur hefur gizkað á, að 6—8 m hafi verið á milli bifreiðarinnar og stúlkunnar, er hún hljóp út á götuna. Telpan hljóp skáhallt norð-vestur yfir götuna, og R 3465 virtist elta hana. Er telpan átti stutt yfir á nyrðri gangstétt, varð hún fyrir hægra frambretti bifreiðarinnar og kastaðist upp á gangstéttina. R 3465 var síðan snarbeygt til vinstri og stöðvuð á syðri helft götunnar á að gizka 30 m vestar. Guðmundur kveðst ekki hafa séð merki þess, að bifreiðinni væri hemlað. Eftir því, sem Guðmundur mundi bezt, hljóp telpan út á götuna án þess að gæta að umferðinni. Hemlar bifreiðarinnar voru ekki reyndir eftir slysið, en kærði hefur talið þá hafa verið í góðu lagi.

Eins og ljóst er af framangreindum framburðum, hefur ákærði annaðhvort alls ekki hemlað eða hemlað ónógt, því að R 3465 rennur á eftir stúlkunni yfir götuna og lendir hægra frambretti á henni. Síðan rennur bifreiðin áfram og stöðvast á syðri helming götunnar, mun vestar. Ákærði virðist því hafa misst stjórn á bifreiðinni við það að sjá stúlkuna hlaupa út á götuna, en ef hann hefði hemlað strax, átti hann að hafa getað komið

í veg fyrir slysið, því að ákærði ekur hægt og stúlkan hleypur út á götuna það langt fyrir framan bíl ákærða, að nægur tími var til að stöðva bifreiðina, sem bæði er ljóst af vætti Guðmundar Höskuldssonar, er gizkar á 6—8 m bil, og framburði ákærða sjálfs um aðdragandann að slysinu og aðstæður allar.

Meðorsök slyssins er því sú, að ákærði stöðvaði ekki bifreiðina, sem hann telst þó hafa haft möguleika á að gera. Ákærði hefur því samkvæmt framanskráðu gerzt brotlegur gegn 1. mgr. 27. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941, 3. mgr. i. f. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24 frá 1941 og 219. gr. alm. hegningarlaga nr. 19 frá 1940. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga nr. 19 frá 1940 kr. 800.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, hrl. Björns Kalmans, er þykja hæfilega ákveðin kr. 300.00. Málið hefur verið rekið vítalaust.

Dómsorð:

Ákærði, Svavar Kristinn Kristjánsson, greiði kr. 800.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Björns Kalmans hrl., kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 15. desember 1950.

Nr. 86/1949. **Hrefna Loftsdóttir** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Bjarna Guðmundssyni (Enginn).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Innsetning.

Dómur Hæstaréttar.

Þórhallur Pálsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með

stefnu 16. maí 1949 og gert þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma innsetningargerð þá, sem í málinu greinir, og stefnda verði dæmt að greiða henni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hendi stefnda hefur ekki verið sótt dómþing, þótt honum hafi verið löglega stefnt, og er málið því skriflega flutt samkvæmt 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 og dæmt samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum.

Eftir uppsögu úrskurðar Hæstaréttar 24. apríl þ. á., hefur áfrýjandi og vitnið Guðjón Símonarson gefið af nýju skýrslu fyrir dómi. Hefur áfrýjandi eindregið neitað því, að hún hafi veitt viðtöku peningum fyrir vélar þær, sem hún krefst innsetningar í, hvorki úr hendi Gestfríðar heitinnar Ólafsdóttur né Guðjóns Símonarsonar. Með gögnum málsins er ekki nægilega sannað, að áfrýjandi hafi selt Gestfríði heitinni vélarnar, og ber því að taka kröfu hennar um innsetningu í þær til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er lagt fyrir fógeta að framkvæma innsetningargerð þá, sem krafizt er.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 17. febr. 1949.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 8. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Hrefna Loftsdóttir, Melahúsi við Sandvíkurveg, hér í bænum, krafizt þess, að henni verði með beinni fógetagerð fengnar í hendur strauvél og þurrkunarvél, sem eru í vörzlu Bjarna Guðmundssonar, Framnesvegi 13, hér í bænum.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi gerðarinnar. Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Gerðarbeiðandi skýrir svo frá málavöxtum, að hún hafi í marz eða apríl 1947 komið hinum umdeildu vélum í geymslu hjá Guðjóni Símonarsyni kaupmanni, Framnesvegi 5, hér í bænum. Naut hún til þessa aðstoðar

Gestfríðar heitinnar Ólafsdóttur, sem virðist eftir frásögn gerðarbeiðanda hafa haft milligöngu um útvegun geymsluplássins, hins vegar kveðst gerðarbeiðandi sjálf hafa séð um flutning vélanna þangað. Vélar þessar kveður hún nefndan Guðjón hafa afhent ekkli Gestfríðar sál., Bjarna Guðmundssyni, án nokkurrar heimildar.

Gerðarþoli telur hins vegar, að eiginkona sín, nefnd Gestfríður, hafi á árinu 1947 keypt umræddar vélar af gerðarbeiðanda fyrir hér um bil kr. 1000.00. Muni hún hafa greitt kaupverð þeirra að fullu með kr. 500.00, sem hann kveður hana hafa fengið hjá sér í þessu skyni, og kr. 200.00, er hún hafi fengið að láni hjá áðurnefndum Guðjóni Símonarsyni, svo og með ógreiddu kaupi, er hún átti inni hjá gerðarbeiðanda. Enn fremur heldur hann því fram, að gerðarbeiðandi hafi ekki komið vélunum í geymslu hjá Guðjóni, heldur hafi kona sín gert það.

Vætti vitna þeirra, sem fram hafa komið í málinu, þykja ekki leiða örugglega í ljós, hver atvik lágu til þess, að hinum umdeildu vélum var komið í geymslu til margnefnds Guðjóns eða í þágu hvorrar, gerðarbeiðandi eða Gestfríðar, hann tók hana að sér, enda virðast þær báðar hafa unnið að þessu samkvæmt frásögn hinnar fyrrnefndu. Hins vegar er það upplýst í málinu, að Gestfríður heitin, sem vann hjá gerðarbeiðandi og átti að einhverju leyti óuppgerð vinnulaun hjá henni, hafði að minnsta kosti hug á að kaupa umræddar vélar. Reyndir málsins, m. a. eiðfestur framburður vitnisins Guðjóns Símonarsonar, þykja mjög styðja þá staðhæfingu gerðarþola, að af sölu hafi orðið, enda þótt ekki verði talið, að lögfull sönnun hafi fengizt fyrir því.

Samkvæmt framansögðu þykir verða að neita um framgang hinnar umbeðnu gerðar, en eftir atvikum telst rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal ekki fara fram.
Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 15. desember 1950.

Nr. 107/1950. **Ákæruvaldið** (Tómas Jónsson)
gegn
Oddsteini Friðrikssyni (Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Eignaspjöll.

Dómur Hæstaréttar.

Gunnar Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Ákærði hefur framið verknað, sem lýst er í 2. mgr. 257. gr. laga nr. 19/1940, og verður samkvæmt því, sem í ljós er leitt, að meta honum verknað þenna til gáleysis. Eigandi bátsins v/s Leós hefur lýst því fyrir dómi, að hann geri engar kröfur á hendur ákærða. Brestur því skilyrði til að refsa ákærða, sbr. 3. og 4. málsgrein nefndrar greinar. Ber samkvæmt þessu að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allan kostnað af sökinni ber að dæma á hendur ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, kr. 350.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Það athugast, að héraðsdómari hefði átt að rannsaka háttsemi ákærða og feril að undanförnu svo og afla hegningarvottorðs hans utan Vestmannaeyja.

Dómsorð:

Ákærði, Oddsteinn Friðriksson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður af sökinni greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Jóns Eiríkssonar skattstjóra, kr. 350.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Tómasar Jónssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 7. júlí 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 28. f. m., er af réttvísinnar hálfu höfðað með stefnu, útgefinni 9. júní 1950, birtri s. d., á hendur Oddsteini Friðrikssyni vélstjóra, Helgafellsbraut 23, Vestmannaeyjum, fyrir meint brot gegn 18. og 27. kafla almennra hegningarlaga til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar. Enn fremur til greiðslu skaðabóta til Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja að upphæð kr. 1360.00, en fjárhæð þessa innti ákærði af hendi hinn 12. júní s.l., eða þrem dögum eftir, að stefna var gefin út.

Ákærði, Oddsteinn Friðriksson, er fæddur að Rauðhálsi í Dyrhólahreppi 27. júní 1903 og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirfarandi kærum og refsingum:

1927 20/6 Kærður fyrir þjófnað úr bátum. Fellt niður.
1933 24/3 Dómur: 50 kr. sekt fyrir ölvun, sýknaður í Hæstarétti 20/11 1933.
1934 8/9 Sátt: 60 kr. fyrir ölvun og óspektir.
1934 9/10 Kærður fyrir meintan þjófnað. Fellt niður, þar sem brot virtist ekki fyrir hendi.

Auk þess hefur ákærði nokkrum sinnum verið undir rannsókn fyrir meinta íkveikju í bátum.

Tildrög málsins eru eftirfarandi:

Í vor, sem leið, var ákærði vélstjóri á v/s Leó Ve. 294. 3—4 dögum fyrir hvítasunnu kom báturinn úr róðri, og daginn eftir byrjaði ákærði á víndrykkju og hélt því áfram næstu daga. Á áliðnum degi á hvítasunnudag hinn 28. maí s. l. fór ákærði niður í v/s Leó, þar sem hann lá við austurbrún Básaskersbryggju uppi í krikanum hjá olíutönkunum. Var ákærði þá talsvert undir áhrifum áfengis. Hann átti geymdar 2 flöskur af brennivíni í lúkar bátsins, aðra fulla, en hina með slatta á. Kabyssan er í lúkarnum og hituð upp með olíu. Ákærði kveikti á kabyssunni og hitaði sér vatn til þess að blanda með vínið. Sat hann síðan góða stund niðri í lúkarnum og drakk vínið í heitu vatni og reykti sígarettur. Hann var einn. Lauk hann úr flöskunni, sem slattinn var á, og fór síðan upp og hafði hina flöskuna meðferðis. Var hann þá búinn að dvelja þarna í bátnum í ca 2 tíma samkvæmt því, sem hann sjálfur gizkar á. Hann kveðst halda, að hann hefði slökkt á kabyssunni, er hann fór upp úr bátnum, en að því er virðist, lét hann jafnan lifa á kabyssunni, meðan hann var þar. Gekk hann síðan upp í bæ og fór veginn fram hjá Tangahúsunum og inn á Strandveginn og þaðan upp Bárustíginn. Á Bárustígnum hitti hann nokkra menn saman á gangstéttinni hjá húsinu Görðum. Meðal þeirra var Jón Einarsson í Berjanesi, og gaf ákærði sig á tal við hann. Ákærði var þá allmikið drukkinn, og spurði Jón, hvort hann mætti koma heim til hans, og tók Jón því ekki fjarri. Gekk Jón síðan með ákærða vestur Vestmannabrautina og ætlaði sér að reyna að losna við hann, en það tókst ekki, og varð það úr, að ákærði fór heim með honum. Ákærða var gefið kaffi, og tók hann þá fram vínflöskuna og lét út í hjá sér. Eftir dálitinn tíma fór brunalúðurinn af stað, og fór ákærði upp úr því að búa sig til brottferðar.

Jón í Berjanesi frétti von bráðar, að eldurinn væri í v/s Leó, og sagði ákærða frá því. Ákærði var þá að búa sig til brottferðar og svaraði eitthvað á þessa leið: „Nú, er það svo". Síðan fór ákærði og hélt heim til sín og kvaðst hafa farið að sofa. Daginn eftir hélt ákærði áfram vindrykkjunni og næstu daga á eftir. Á föstudag var hann tekinn til yfirheyrslu, og var hann þá enn drukkinn.

Eins og ofanritað ber með sér, varð elds vart í m/s Leó, stuttu eftir að ákærði fór þaðan. Meðal þeirra, sem fyrstir komu að skipinu, eftir að kviknað var í því, voru Gunnar M. Jónsson, Sævar Benónýsson og Kristján Sigurjónsson. Klukkan var um 11 e. h., er þeir komu á vettvang. Rauk þá mikið upp úr lúkarnum, upp úr lúkarskappanum, loftventlinum (loftrörinu) og víðar. Þeir fundu fötu aftur í stýrishúsi og tóku að ausa með henni sjó niður um loftrörið, sem er yfir kabyssunni. Er þeir litu niður í loftrörið, sáu þeir bjart bál niðri í lúkarnum. Helltu þeir mörgum fötum niður um loftrörið, og slokknaði í eldinum við þetta. Síðan fór Sævar niður í lúkarinn og hafði blautan klút fyrir vitum sér. Var þá mikill reykur og svæla niðri og eldurinn í horninu bak við kabyssuna. Sævar aðgætti í 2 kojur, til þess að vita, hvort nokkur maður kynni að vera þar, en varð einskis manns var. Eftir stutta stund fór hann upp aftur, enda var ekki líft niðri fyrir reyk og svælu. Síðan fór Sævar aftur niður í lúkarinn og tók sér stöðu við stigann, en Kristján Sigurjónsson fór niður í stigann, og var fatan síðan handlönguð niður til Sævars, sem jós með henni á eldinn í horninu bak við kabyssuna. Mörgum fötum var ausið á þenna hátt, og tókst brátt að slökkva eldinn. Um það leyti kom brunaliðið á vettvang, og voru brunaslöngurnar settar í gang, en það gekk seint. Einn brunaliðsmaðurinn, Bergur Elías Guðjónsson, setti á sig reykgrímu og fór niður í lúkarinn, en varð ekki var við neinn eld, en hins vegar var allt á kafi í reyk þar niðri. Hann hafði tvö slökkvitæki meðferðis, og sprautaði hann úr þeim báðum um lúkarinn. Fór hann svo upp, en rétt strax fór hann aftur niður og Valtýr Snæbjörnsson með honum. Eld sáu þeir ekki, en reykjarkaf var mikið og allt sjóðandi heitt, sem þeir snertu á. Fóru þeir upp von bráðar, en eftir ca 1 mínútu gaus upp eldhaf í lúkarnum. Fóru þeir þá niður enn og höfðu brunaslöngurnar með sér. Mættu þeir eldinum í lúkarsstiganum á leiðinni niður. Var síðan dælt sjó með slöngunum í eldinn, og slokknaði hann von bráðar. Er búið var að dæla dálitla stund á eldinn, varð brunadælan óvirk fyrir mistök. Fengu þeir þá 3 fötur af sjó niður til sín og slökktu eldinn með þeim til fullnustu.

Slökkvistarf brunaliðsins tók um hálftíma. Er brunaliðsmennirnir voru í lúkarnum, var eldurinn mestur aftast í lúkarnum stjórnborðsmegin. Lifði eldurinn lengst þar í horninu bak við kabyssuna. Beygði Bergur Elías sig yfir kabyssuna og seildist út í hornið og voru þar stígvél og fatadrasl, sem glóð var í. Honum virtist kabyssan köld, enda hafði þá miklu af sjó verið ausið eða dælt yfir hana. Hann athugaði einnig kranann á olíuleiðslunni yfir kabyssunni, og var hann lokaður. Tveir kranar eru á olíuleiðslunni, annar uppi á þilfari og er jafnan opinn, en hinn niðri í lúkar yfir kabyssunni. Eigandi skipsins, Þorvaldur Guðjónsson, kom um

borð í þann mund, sem brunaliðið kom, og lokaði strax krananum á þilfarinu.

Nokkru eftir að brunaliðið var farið, um kl. 12 á lágnætti, fór eigandi bátsins niður í lúkarinn. Sá hann glóð í loftinu aftan til í lúkarnum. Slökkti hann glóðina með aðstoð annars manns, sem var með honum. Eftir það varð einskis elds vart.

Talsverðar skemmdir urðu af völdum eldsins. Skilrúmið milli lúkars og lestar, sem kabyssan stendur við, skemmdist mikið af eldi. Öll málning eyðilagðist í lúkarnum, þilfarsplankarnir og þilið bak við kojuopin stjórnborðsmegin sviðnuðu af eldinum. Tjónið var metið á kr. 1700.00 af virðingarmönnum Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja.

Enginn bátur lá utan á v/s Leó, þegar íkveikjan átti sér stað. Hins vegar lá bátur aftan við hann og sneri hliðinni að austurbrún bryggjunnar. Aðrir bátar virðast ekki hafa verið þarna í nánd.

Upptök eldsins eru ókunn. Sennilegast er, að kviknað hafi út frá kabyssunni. Frágangurinn á olíukyndingartækjunum virðist hafa verið viðunandi, enda höfðu þau verið í notkun um nokkurt skeið og ekki borið á neinum sérstökum misfellum. Kraninn, sem lokar fyrir olíugjöfina, virðist hafa verið þéttur, en frárennslisrör frá eldstæðinu var ekkert. Ákærði segir, að í umrætt skipti hafi slokknað á kabyssunni, rétt eftir að hann kveikti á henni, kveikti hann þá að nýju og jók olíugjöfina og að því er hann minnti, var síðan lifandi á henni, þangað til hann fór. Ákærði kvaðst álíta líklegast, að kviknað hafi út frá kabyssunni, og kveðst vera mjög hræddur um, að íkveikjan væri sér að kenna. Hins vegar hefur hann neitað því eindregið, að hann hafi ætlað sér að kveikja í bátnum. Taldi hann sennilegast, að hann hefði gleymt að loka krananum, áður en hann fór upp úr bátnum, en samkvæmt því, sem fyrr segir, taldi Bergur Elías, sem athugaði kranann, meðan bruninn stóð yfir, að kraninn hefði verið lokaður. Þá hefur ákærði talið möguleika á, að íkveikjan hafi stafað af því, að hann hefði farið gáleysislega með eldspýtur. Kvaðst hann hafa verið síreykjandi, meðan hann var niðri í lúkarnum, og ýmist kveikt í sígarettunum með sígarettustubbnum, sem hann var búinn að reykja, eða með eldspýtum. Eldspýtu kunni hann að hafa kastað í ógáti út í horn bak við kabyssuna, sem þar hafi valdið íkveikju í olíubornum tvisti eða drasli, sem þar var.

Sá möguleiki er til, að um sjálfsíkveikju hafi verið að ræða, en tæplega er unnt að gera ráð fyrir slíku í þessu tilfelli.

Eins og framanritað ber með sér, varð elds vart í bátnum, stuttum tíma eftir að ákærði fór úr bátnum, og ekki vitanlegt, að nokkur annar maður hafi komið í bátinn á því tímabili. Ákærði hafði eld um hönd, bæði var logandi á kabyssunni og eins notaði hann eldspýtur við sígarettureykingar, og var mikið drukkinn. Er hann frétti um íkveikjuna, var hegðun hans óvenjulega kæruleysisleg. Hann hefur sjálfur álitið, að líklegt sé, að eldsvoðinn hafi verið af sínum völdum. Allt þetta bendir til, að hann hafi á saknæman hátt orðið valdur að brunanum. Hafi eldsvoðinn stafað af íkveikju vegna logandi eldspýtna, er ljóst, að um saknæmt gáleysi

hefur verið að ræða frá hans hálfu. Hafi íkveikjan stafað frá kabyssunni, er sennilegast, að ákærði hafi annaðhvort skrúfað illa fyrir kranann, áður en hann fór, eða gefið fyrr of mikla olíu, en hvorttveggja gat valdið því, að eldur myndaðist í öskunni í öskustónni og sótlogi gosið fram úr kabyssunni. En þótt aðrar ástæður hefðu legið til þess, að eldur frá kabyssunni hefði borizt út í lúkarinn, verður ekki hjá því komizt að gefa ákærða það einnig að sök. Honum bar skylda til að ganga úr skugga um, áður en hann yfirgaf lúkarinn, að eldshætta gæti ekki stafað frá kabyssunni. Ljóst er af rannsókn málsins, að þetta hefur hann ekki gert. Hann virðist alls ekki hafa aðgætt, áður en hann fór, hvort dautt væri í kabyssunni, og því síður hinkrað við til þess að gæta að, hvort kvikna kynni í öskunni, eða yfirleitt aðgætt, hvort kabyssan kynni að geta valdið eldshættu. Þykir því verða að líta svo á, að hann hafi orðið valdur að brunanum fyrir vítavert gáleysi. Með því að báturinn var afsíðis og almannahætta gat ekki stafað af brunanum, ber að heimfæra brot hans undir 257. gr., 1. mgr., alm. hegningarlaga. Með tilliti til þess, að ákærði sat 4 daga í gæzluvarðhaldi, þykir refsing hans hæfilega ákveðin samkvæmt sömu grein kr. 800.00 í sekt í ríkissjóð, er ákærða ber að greiða innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 8 daga.

Svo greiði ákærði allan kostnað af máli þessu áfallinn og áfallandi, þar á meðal kostnað við gæzluvarðhald sitt og málsvarnarlaun Jóns Eiríkssonar skattstjóra, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 350.00.

Á máli þessu hefur enginn óþarfa dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Oddsteinn Friðriksson, greiði kr. 800.00 í sekt í ríkissjóð innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 8 daga.

Hann greiði allan sakarkostnað áfallinn og áfallandi, þar á meðal kostnað við gæzluvarðhald sitt og kr. 350.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Eiríkssonar skattstjóra.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 15. desember 1950.

Nr. 118/1950. **Ákæruvaldið** (Tómas Jónsson)
gegn
Vincent John Starkey (Lárus Fjeldsted).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur skólastjóri Stýrimannaskólans markað á sjóuppdrátt stað varðbátsins Víkings kl. 5.00 árdegis umræddan dag. Reyndist staðurinn 0,3 sjómílur innan landhelgislínu. Þar sem togari ákærða var þá að botnvörpuveiðum fyrir innan varðbátinn, hefur ákærði gerzt brotlegur við þau lagaákvæði, sem greinir í héraðsdómi.

Gullgildi íslenzkrar krónu er óbreytt, frá því að dómur gekk í héraði.

Samkvæmt framanrituðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 900.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Vincent John Starkey, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Tómasar Jónssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 900.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 26. ágúst 1950.

Ár 1950, laugardaginn 26. ágúst, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3143/1950: Ákæruvaldið gegn Vincent John Starkey, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Vincent John Starkey, skipstjóra á brezka togaranum Paynter GY 480, til heimilis í 310 Breton Avenue, Cleethorpes í Englandi, fyrir brot gegn lögum nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, að eigin sögn fæddur 20. október 1906 í Grantham í Englandi. Hinn 23. febrúar 1940 var hann dæmdur í lögreglurétti Reykjavíkur í 29500.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands fyrir brot gegn 1. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 4/1924, og afli og veiðarfæri togarans Kópanes GY 1170, sem hann þá stýrði, gerð upptæk til handa sama sjóði. Að öðru leyti hefur hann eigi sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Samkvæmt eiðfestri skýrslu Árna Eyþórs Valdimarssonar, skipstjóra á varðbátnum Víkingi, og Eyjólfs Þórarins Gunnlaugssonar, stýrimanns á sama varðbát, eru málavextir þessir: Í nótt lá varðbáturinn við akkeri í Garðssjó, laust innan við landhelgislínu, og voru staðarákvarðanir gerðar öðru hvoru. Laust fyrir kl. 05.00 sá stýrimaðurinn, sem var á verði, togarann koma úr ca austri með stjórnborðsvörpu úti, og var skipstjóri varðbátsins þá kallaður upp. Var nú byrjað að létta akkeri varðbátsins, og annaðist stýrimaður það, en á meðan á því stóð, togaði togarinn upp að landi. Kl. 05.00 var lokið að létta akkeri, og var þá gerð þessi staðarákvörðun:

Þórðarfell $\neq$ Vatnsnesvita

$> 69°$

Garðskagavita

og gefur það stað bátsins 0.3 sjómílur innan landhelgislínu. Staðarákvörðun þessa gerðu bæði skipstjóri og stýrimaður varðbátsins. Var þá togarinn ca 150 metra fyrir innan varðbátinn í stefnu laust vestan við Keili, dýpi 32 metrar, veður NA 4, sjór NA 3, skýjað. Var þá haldið að togaranum, sem var með stjórnborðsvörpu úti, og breytti hann þá stefnu, beygði á stjórnborða og togaði frá landi. Kallað var úr varðbátnum til togarans um að nema staðar samstundis, en eigi var því kalli skeytt. Kl. 05.10 var skotið lausu skoti, og nam togarinn eigi staðar þrátt fyrir það, fyrr en kl. 05.15, að hann stöðvaðist og dró inn vörpuna. Varðbáturinn fór þá til togarans, og fór stýrimaður varðbátsins um borð í hann og tilkynnti kærða, að hann hefði verið á veiðum innan landhelgislínu, en því neitaði kærði. Var honum þá boðið að fara yfir í varðbátinn og gera mælingar með sextanti, en það kvaðst hann ekki kunna. Kærði kvaðst eigi geta mælt stað sinn nema með því að sigla upp að landi við Garðsskagavita og mæla þá vegalengd með logginu, og voru skipstjóri og stýrimaður varðbátsins um borð í togaranum í þeirri siglingu. Skipstjóri varðbátsins skip-

aði síðan kærða að halda til Reykjavíkur, en til þess fékkst hann ekki fyrr en eftir mikið þref. Um kl. 06.40 var haldið til Reykjavíkur og bundið þar við bryggju kl. 10.28.

Kærði hefur viðurkennt að hafa verið á botnvörpuveiðum í þetta sinn, en kveðst vera sannfærður um að hafa ekki farið inn fyrir landhelgislínuna. Engin mælitæki til staðarákvarðana voru í togaranum, og gerði kærði því engar staðarákvarðanir í honum á staðnum og ekki þá hann að mæla staðinn með sextant varðskipsins sökum þess, að hann segir, að hann kunni ekki á það tæki. Stýrimaður togarans fylgdist með loggmælingunum á leiðinni upp undir Garðsskagavitann og segir mælinn hafa sýnt 5½ mílu vegalengd. Enginn annar las á mælinn, fyrr en kærði gerði það, þegar komið var hingað til hafnar, og sá hann þá sömu vegalengd á mælinum.

Þessar mótbárur ákærða þykja eigi hnekkja greindum skýrslum skipstjóra og stýrimanns varðbátsins, og þykir því sannað, að kærði hafi gerzt brotlegur við 1. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 4/1924. Með tilliti til núverandi gullgildis íslenzkrar krónu þykir refsing kærða hæfilega ákveðin kr. 74000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Paynter GY 480, skulu upptæk ger til sama sjóðs.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin þóknun til talsmanns hans, hrl. Lárusar Fjeldsteds, kr. 400.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði, Vincent John Starkey, greiði kr. 74000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Paynter GY 480 skulu upptæk vera til handa sama sjóði.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin þóknun til talsmanns hans, hrl. Lárusar Fjeldsteds, kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. desember 1950.

Nr. 135/1950. **Eigendur l/v Hugins R. E. 83**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Guðjóni Sigurðssyni (Ragnar Ólafsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Sjóveð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, dags. 2. nóvember þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. sama dag. Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi gert þær dómkröfur, að fellt verði niður sjóveðréttarákvæði hins áfrýjaða dóms og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar. Af hálfu stefnda er þess krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Umsókn útgerðarmanns l/v Hugins til skilanefndarinnar er talin glötuð, en upplýst er, að hún var dagsett 7. janúar 1949 og barst skilanefndinni svo að segja samtímis í hendur. Verður að telja, að tilætlun útgerðarmannsins hafi verið sú að verða aðnjótandi hverrar þeirrar aðstoðar, sem lögin gáfu kost á. Með tilliti til þess sambands, sem telja verður að sé milli laga nr. 85/1948 og II. kafla laga nr. 100/1948, verður að líta svo á, að ákvæði 16. gr. laga nr. 100/1948 hafi komið til greina um téða umsókn og þá m. a. frestað því, að sjóveðréttur stefnda fyrndist. Með þessari athugasemd og með tilvísun til 243. gr. siglingalaga nr. 56/1914 ber að staðfesta sjóveðréttarákvæði hins áfrýjaða dóms. Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í sakaukamálinu staðfestist, en áfrýjandi greiði stefnda kr. 600.00 í málskostnað í Hæstarétti, og hefur stefndi sjóveðrétt í l/v Huginn R. E. 83 fyrir þeirri kröfu.

Dómsorð:

Sjóveðréttarákvæði hins áfrýjaða dóms svo og ákvæði hans um málskostnað í sakaukamálinu staðfestast.

Áfrýjandi, eigendur l/v Hugins R.E. 83, greiði stefnda, Guðjóni Sigurðssyni, kr. 600.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, og nýtur stefndi sjóveðréttar í l/v Huginn R.E. 83 til tryggingar þeirri kröfu.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 25. febr. 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., hefur Guðjón Sigurðsson sjómaður, hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu útgefinni 21. janúar 1949 gegn Jóni Guðmundssyni, útgerðarmanni í Keflavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 949.15 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Þá hefur stefnandi með sakaukastefnu, útgefinni 29. sept. s.l. og birtri 30. s. m., stefnt eigendum l/v Hugins R.E. 83, þeim Sigríði Sighvatsdóttur, Barmahlíð 31, f. h. dánarbús Tómasar Jónssonar og Gísla Jónssyni alþingismanni f. h. h/f Njáls á Bíldudal, og gert þær dómkröfur í sakaukamálinu, að viðurkenndur verði sjóveðréttur hans í nefndu skipi til tryggingar framangreindum dómkröfum á hendur aðalstefnda.

Aðalstefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda gegn greiðslu á kr. 434.23 og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Sakaukastefndu hafa gert þær kröfur, að neitað verði um viðurkenningu á sjóveðrétti í l/v Huginn og jafnframt verði þeim dæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að sumarið 1948 leigðu sakaukastefndu aðalstefnda áðurnefnt skip til síldveiða fyrir Norðurlandi og var stefnandi skráður skipverji á því frá 25. júní til 10. september þá um sumarið. Telur stefnandi, að hin umstefnda skuld sé eftirstöðvar af kaupi hans frá þeim tíma.

Samkvæmt skiprúmssamningi stefnanda bar honum í kaup fyrir tíma þann, sem hann var á skipinu, kr. 4508.40, við það bætist orlofsfé kr. 180.34, og námu því tekjur stefnanda á skipinu kr. 4688.74. Upp í það hefur stefnandi viðurkennt að hafa fengið greitt: fæðiskostnað kr. 1539.57, í peningum kr. 1943.00 og í vöruúttekt kr. 302.60, eða samtals kr. 3785.17. Nema því eftirstöðvar af kaupi stefnanda kr. 903.57, og ber að dæma aðalstefnda til að greiða þá fjárhæð með vöxtum eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

Mótmæli sín gegn sjóveðréttarkröfu stefnanda reisa sakaukastefndu aðallega á því, að sjóveðrétturinn sé fallinn niður vegna fyrningar, og vísa um þetta efni til siglingalaganna.

Til vara reisa sakaukastefndu mótmælin á því, að stefnandi og aðrir skipverjar á l/v Huginn hafi dregið svo lengi að gera sjóveðréttarkröfur sínar gildandi gagnvart þeim, að þau hafi tapað möguleikum til að fá lán samkvæmt lögum nr. 85 frá 1948 til þess að greiða sjóveðskröfurnar svo og sennilegum möguleikum til eftirgjafar á láninu samkvæmt 13. gr. laga nr. 100 frá 1948, en þessi atriði verða ekki álitin skipta máli um gildi sjóveðréttar stefnanda.

Samkvæmt 252. gr. siglingalaganna fellur niður sjóveðréttur sá, sem 2. tölul. 236. gr. sömu laga heimilar skipstjóra og skipshöfn, ef honum er ekki fylgt með lögsókn, áður en 1 ár er liðið frá því, að starfstíma þeirra lauk. Svo sem áður segir, fór stefnandi af áðurnefndu skipi 10. september 1948. Hinn 7. janúar 1949 sótti aðalstefndi um aðstoðarlán til skilanefndar vegna aflabrests á síldveiðum á l/v Huginn sumarið 1948, og var aðstoðarbeiðninni synjað 18. febrúar sama ár. Í lögum nr. 100 frá 1948 um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, 16. gr. in fine, segir svo: „Tímabilið frá því að skilanefnd hefur tekið við aðstoðarbeiðni og þangað til hún afgreiðir mál hans telst ekki með fyrningartíma skuldar, víxilréttar né neinna réttargerða". Verður að telja, að ákvæði þetta taki m. a. til fyrningartíma sjóveðréttar. Samkvæmt framansögðu var aðstoðarbeiðni aðalstefnda til afgreiðslu hjá skilanefnd í 42 daga. Framlengist því fyrningartími sjóveðréttar stefnanda um jafnlangan tíma. Svo sem áður er sagt, var stefna á hendur sakaukastefndu til viðurkenningar sjóveðrétti stefnanda birt 30. sept. f. á., og var þá fyrningarfrestur ekki liðinn. Ber því að viðurkenna sjóveðrétt stefnanda í l/v Huginn R.E. 83, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum úr hendi aðalstefnda.

Þar sem stefnandi hefur ekki krafizt málskostnaðar í sakaukamálinu, fellur hann niður.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum, skipstjórunum Jónasi Jónassyni og Þorgrími Sigurðssyni.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Jón Guðmundsson, greiði stefnanda, Guðjóni Sigurðssyni, kr. 903.57 með 6% ársvöxtum frá 21. janúar 1949 til greiðsludags og kr. 300.00 í málskostnað, og á stefnandi sjóveðrétt í l/v Huginn R.E. 83 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Málskostnaður í sakaukamálinu fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. desember 1950.

Nr. 164/1950. **Jón M. Pétursson**
gegn
Herði Runólfssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón M. Pétursson, er eigi sækir dómþing í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 22. desember 1950.

Nr. 47/1950. **Bengta K. Andersen** (Magnús Thorlacius)
gegn
Brynjólfi Magnússyni og gagnsök
(Theódór B. Líndal).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Dánarbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. apríl 1950, gerir þær dómkröfur, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða henni kr. 68200.00 með 6% ársvöxtum frá 3. febrúar 1948 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins svo og að dæmdur verði gildur lögveðréttur henni til handa í bifreiðinni R 5617 fyrir dæmdum fjárhæðum.

Gagnáfrýjandi, sem hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. júlí 1950, skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. s. m.,

gerir þessar dómkröfur: *Aðallega,* að hann verði algerlega sýknaður af kröfum aðaláfrýjanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi hennar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, en *til vara,* að fébætur verði lækkaðar og honum dæmdur málskostnaður úr hendi aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu um verksummerki á slysstað, áverka o. fl., er ljóst, að Sigurður K. Guðlaugsson heitinn var á ferð á hjóli sínu eða með það á veginum framundan bifreið gagnáfrýjanda, áður en gagnáfrýjandi ók á hann. Ekki þykir í ljós leitt, að Sigurður heitinn hafi hagað sér svo óvarlega eða öðruvísi en almennt tíðkast um gætna hjólreiðarmenn, að honum verði gefin sök á slysinu. Gagnáfrýjandi varð Sigurðar ekki var, fyrr en slysið var orðið. Verður að meta honum þetta til svo mikils gáleysis, að leggja verður alla sök á slysinu á hendur honum og gera honum að bera það tjón, er af því hlauzt, sbr. 34. gr., 1. mgr., laga nr. 23/1941.

Tveir tryggingarfræðingar hafa með líkindatölum reiknað innstæðu tjónbóta handa aðaláfrýjanda miðað við 3. febrúar 1948. Er fébótareikningur þessi í þremur liðum:

1. Bætur miðaðar við tekjur þær, sem gera má ráð fyrir, að aðaláfrýjandi hefði haft vegna starfslauna eiginmanns síns til 70 ára aldurs hans	kr. 87843.00
2. Bætur miðaðar við tekjur, er gera má ráð fyrir, að aðaláfrýjandi hefði haft af lífeyri eiginmanns síns	— 17016.00
3. Bætur miðaðar við tekjur, er gera má ráð fyrir, að aðaláfrýjandi hefði haft af ekkjulífeyri, að manni sínum önduðum	— 28298.00
Samtals	kr. 133157.00
Þá hafa tryggingarfræðingarnir með líkindatölum reiknað innstæðu þess lífeyris, er aðaláfrýjandi nú nýtur	kr. 64019.00
Mismunur þessara innstæðna er	kr. 69138.00

Með hliðsjón af þessu og þegar litið er til þess, að aðaláfrýjandi hefur þegar fengið greiddar kr. 10800.00 í ekkjubætur og dánarbætur og að dæmdar fébætur verða ekki taldar henni tekjur við álagning tekjuskatts og útsvars, þá þykir rétt að ákveða bæturnar kr. 40000.00. Ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda þessa fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 3. febrúar 1948 til greiðsludags. Svo ber og gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda kr. 6000.00 málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, og hefur aðaláfrýjandi lögveð í bifreiðinni R 5617 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Brynjólfur Magnússon, greiði aðaláfrýjanda, Bengtu K. Andersen, kr. 40000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 3. febrúar 1948 til greiðsludags og kr. 6000.00 málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og hefur aðaláfrýjandi lögveð í bifreiðinni R 5617 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. marz 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., hefur Bengta K. Andersen, Ránargötu 19, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 28. janúar 1949 gegn Brynjólfi Magnússyni bifreiðarstjóra, Vesturgötu 66, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 68200.00 með 6% ársvöxtum frá 3. febrúar 1948 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Þá hefur stefnandi krafizt þess, að viðurkenndur verði lögveðréttur hennar í bifreiðinni R 5617 til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Þá hefur Samvinnutryggingum, gagnkvæmri tryggingastofnun, hér í bæ, verið stefnt til réttargæzlu, en síðargreind bifreið stefnda R 5617 var vátryggð hjá því félagi. Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefndu og þær hafa engar kröfur gert.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnandi og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans. *Til vara* hefur hann krafizt lækkunar á kröfum stefnandi og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málsatvik eru þau, að þann 3. febrúar 1948 lézt Sigurður Guðlaugsson, eiginmaður stefnandi, af meiðslum, er hann hlaut í umferðarslysi á Suðurgötu hér í bæ sama dag.

Stefndi hefur skýrt svo frá atvikum, að þann 3. febrúar 1948 um kl.

17.30 hafi hann ekið vöruflutningabifreið sinni R 5617 norður Suðurgötu með um 15 til 20 km hraða miðað við klst. Hreyfill bifreiðarinnar hafi verið í þriðja ganghraðastigi, en ganghraðastig séu fjögur áfram. Hafi hann verið nýbúinn að skipta úr fjórða ganghraðastigi, er slysið varð. Hann hafi ekið á vinstra vegarhelmingi. Ljósker bifreiðarinnar hafi verið tendruð. Er hann hafi verið staddur á móts við húsið nr. 3 við Suðurgötu, hafi hann allt í einu fundið, að eitthvað kom við hægri hlið vörupalls bifreiðarinnar og hægra afturhjólið. Hafi hann þá hemlað, en bifreiðin runnið áfram 1 eða 2 metra. Bifreiðin hafi þá staðið um 1 meter frá vestari gangstéttarbrún Suðurgötu. Er hann kom út, hafi hann séð mann liggja fyrir aftan pall bifreiðarinnar og reiðhjól við hægra afturhjól hennar. Menn, er þarna bar að, tóku hinn slasaða, sem síðar reyndist vera Sigurður Kr. Guðlaugsson, Ránargötu 19, eiginmaður stefnandi, upp í bifreið og fóru með hann á Landsspítalann. Sigurður heitinn mun hafa látizt á leiðinni þangað eða strax, er á sjúkrahúsið kom.

Maður, er staddur var inni í verzlun í húsinu nr. 3 við Suðurgötu í umrætt sinn, hefur skýrt svo frá sem vitni, að er hann kom úr verzluninni út á gangstéttina, hafi hann séð bifreiðina R 5617, sem var að stöðvast, hinum megin á götunni, beint á móti. Ekki hafi hann heyrt nein hemlahljóð. Bifreiðin hafi staðið beint fyrir á götunni, snúið til norðurs og staðið öll á vinstra vegarhelmingi, um 2 til 3 fet frá vestari gangstéttarbrún. Við afturhorn vörupalls bifreiðarinnar hægra megin hafi legið maður á bakinu. Hafi höfuð hans snúið að bifreiðinni, en fætur þversum út á götuna. Reiðhjól lá á milli fóta mannsins, og sneri framhjól þess til suðurs. Húfa mannsins hafi verið föst milli hægri afturhjóla bifreiðarinnar, sem eru tvö. Hafi hún verið undir pallinum rétt fyrir aftan lóðrétta línu, er dregin væri í gegnum hjólöxulinn. Maður þessi hafi hljóðað, er að honum var komið. Ökumaður R 5617, stefndi í máli þessu, hafi komið þarna að í sama mund, og að ósk hans kveðst vitnið hafa farið með hinn slasaða á Landsspítalann. Vitni þetta kveðst ekki hafa séð til hjólreiðamannsins, áður en slysið varð, en hefur gizkað á, að hann hafi verið á leið suður götuna og miðar það við legu reiðhjólsins.

Annar maður, sem var inni í umræddri verzlun og kom á vettvang í sama mund, hefur skýrt á sama hátt frá atvikum. Þetta vitni hefur einnig talið, að slasaði muni hafa verið á leið suður götuna, og byggir það á sömu atriðum og fyrrgreint vitni. Vitni þessi gáfu bæði skýrslu um atburð þenna sama dag og hafa síðar staðfest hann bæði fyrir lögreglurétti Reykjavíkur og bæjarþinginu.

Afgreiðslustúlka í umræddri verzlun í húsinu nr. 3 við Suðurgötu hefur skýrt svo frá, að hún hafi staðið í verzluninni í umrætt sinn. Allt í einu hafi hún heyrt einhvern hávaða, litið út og séð bifreið, sem ekið var norður götuna. Þá hafi hún séð mann á reiðhjóli, er virtist aka í sömu átt og rakst á afturhorn vörupalls bifreiðarinnar hægra megin og féll í götuna. Kveðst stúlka þessi hafa farið út og séð vasaljós á götunni fyrir framan dyr verzlunarinnar. Enn fremur hafi hún séð húfu hins slasaða

liggja á götunni framanvert við bifreiðina. Vitni þetta gaf ekki skýrslu um atburð þenna fyrr en 3. október 1949.

Svo sem áður getur, var Sigurður heitinn þegar eftir slysið fluttur á Landsspítalann. Lík hans var krufið næsta dag, og segir í krufningarskýrslunni:

„Við krufninguna fannst höggvið sár á höfði vinstra megin, enn fremur mörg brot á rifjum beggja megin, en þó sérstaklega vinstra megin. Vinstra viðbein var einnig brotið. Hægra lunga var tætt í sundur á 3 stöðum, og hafði blætt svo mikið inn í lungnavefinn, að hann var að miklu leyti orðinn óstarfhæfur. Einnig hafði blætt töluvert inn í hægra brjósthol. Þá fannst einnig stór sprunga á lifrinni, og hafði blætt nokkuð úr henni inn í kviðarhol, en þó ekki stórkostlega.

Hin mikla blæðing inn í hægra lunga hefur leitt hann til bana og það því fremur, sem vinstra lunga mátti heita óstarfhæft af gamalli, gróinni berklaveiki. Svo virðist, sem maðurinn hafi verið undir áhrifum víns.

Við rannsókn á blóði hins látna fundust reducerandi efni, sem svöruðu til 1.56‰ af vínanda." (próf. Jón Steffensen).

Ekkert er um það vitað, á hvaða leið Sigurður heitinn var, er slysið varð, hvorki hvaðan hann kom né hvert hann ætlaði. Reiðhjól Sigurðar heitins var óskemmt eftir slysið og í góðu lagi. Þó var ekki á því neinn ljósaútbúnaður. Hins vegar fannst vasaljós í vasa hans eftir slysið.

Bifreiðin R 5617 var nýleg, er slysið varð. Mesta breidd hennar mun hafa verið 2.24 m. Við skoðun slysdaginn reyndist hún í ágætu lagi að öðru leyti en því, að handhemill var óvirkur.

Veður var gott, er slysið varð, og götur þurrar og snjólausar. Nokkuð var rökkvað.

Lögreglan kom á vettvang skömmu eftir slysið og gerði teikningu af staðháttum. Suðurgatan er þarna um 6 metra breið og malbikuð. Um 2.5 m frá vestari gangstéttarbrún fannst hárflygsa úr hári Sigurðar heitins.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að stefndi eigi alla sök á slysi þessu. Hafi Sigurður heitinn verið á leið suður götuna og komið á móti stefnanda, sem þá hafi átt að sjá hann. Sama máli gildi, ef Sigurður heitinn hafi verið á leið norður götuna og stefndi ekið fram hjá honum. Stefndi hafi ekið um miðju götunnar og með of miklum hraða, eins og á stóð. Þá hefur stefnandi bent á, að stefndi hafi bæði látið flytja hinn slasaða burtu, áður en lögreglan kom á vettvang og eins flutt bifreiðina til og þannig spillt sönnunargögnum.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að hann eigi enga sök á, hvernig fór. Hann hafi ekið hægt í umrætt sinn og stöðvað þegar í stað, er hann varð var við, að eitthvað var að. Hafi Sigurður heitinn komið á móti bifreiðinni, hafi hann verið ljóslaus og á röngum vegarhelmingi og eigi þannig alla sök á slysinu. Hafi hann komið á eftir bifreiðinni, en það telur stefndi sennilegast, hafi hann ekki gætt að sér, er hann ætlaði að aka fram hjá bifreiðinni og eigi alla sök á, hvernig fór, enda hafi það þá alls ekki verið á valdi stefnda að forða slysinu. Enn hefur stefndi bent á, að Sigurður

heitinn muni í umrætt sinn hafa verið undir áhrifum áfengis og því ekki eins aðgætinn og öruggur í akstri og annars mundi vera.

Svo sem að framan getur, er ekki fram komið, á hvaða leið Sigurður heitinn var, er slysið varð. Ef virtar eru aðstæður allar og meiðsl þau, er hann hlaut, þá virðast verulegar líkur benda til þess, að hann hafi verið á leið norður götuna á undan stefnda, sem hafi ekið fram hjá honum. Hefur stefndi þá ætlað að aka vinstra megin fram hjá Sigurði heitnum, en slíkt er óheimilt. Ef þessu var þannig háttað, verður að telja stefnda það til vangæzlu að hafa ekki veitt Sigurði heitnum athygli. Hafi Sigurður heitinn hins vegar verið á leið suður götuna og þannig mætt bifreiðinni, hlýtur það að metast stefnda til gáleysis að hafa ekki veitt honum athygli, áður en slysið varð, enda mundi þá hafa verið hægt að forða slysi og líkindi til, að nægt hefði, að hljóðmerki hefði verið gefið.

Í málinu hefur ekkert það fram komið, er bendi til þess, að Sigurður heitinn hafi ekið fram á bifreiðina.

Með vísan til þessa verður ekki talið, að leitt sé í ljós, að slysinu hefði ekki orðið afstýrt, þótt stefndi hefði sýnt fulla aðgæzlu og varkárni. Ber hann því samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 fébótaábyrgð á tjóni því, er af hlautzt.

Af því, sem fram hefur komið í málinu, er ljóst, að Sigurður heitinn hefur hjólað sem næst eftir miðju götunnar, en ekki haldið sig á vinstri vegarhelmingi, svo sem honum bar samkvæmt ákvæðum 6. gr. umferðarlaganna nr. 24 frá 1941. Kemur þetta jafnt til, hvort sem hann hefur verið á leið suður eða norður götuna. Þá er ekki fullvíst, að hann hafi haft ljós á reiðhjólinu, svo sem honum bar samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 11. gr. umferðarlaganna. Svo sem áður getur, fundust í blóði Sigurðar heitins efni, er svöruðu til 1.56‰ af vínanda. Telja verður sannað með þessu, að Sigurður heitinn hafi verið eitthvað undir áhrifum áfengis, er slysið varð, og gera má ráð fyrir, að slíkt hafi slævt aðgæzlu hans og varkárni. Þegar allt þetta er virt, verður að telja, að Sigurður heitinn hafi verið meðvaldur að slysinu.

Með vísan til þessa alls þykir hæfilegt að skipta ábyrgð á slysi þessu þannig, að stefndi beri að helming fébótaábyrgð á tjóni því, er af hlauzt.

Svo sem að framan getur, hefur stefnandi krafizt dánarbóta að fjárhæð kr. 68200.00.

Stefndi hefur mótmælt kröfu þessari sem allt of hárri. Hefur hann í því sambandi sérstaklega bent á, að Sigurður heitinn hafi verið heilsuveill.

Sigurður heitinn var fæddur 17. júní 1887. Hann var kvæntur, og er kona hans, stefnandi í máli þessu, fædd 21. október 1892. Þau hjónin áttu ekki börn. Hann virðist hafa verið sæmilega heilsuhraustur, en samkvæmt krufningarskýrslunni hefur hann haft lungnaberkla, sem virðast þó hafa verið læknaðir. Þá fannst nokkur vottur um æðakölkun. Sigurður heitinn starfaði sem innheimtumaður hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, og námu laun hans árið 1947 kr. 23226.34. Samkvæmt skattframtali hans nam hrein eign hans í lok þess árs kr. 35328.00. Tryggingar-

stofnun ríkisins hefur greitt stefnandi kr. 9000.00 í dánarbætur, og Almannatryggingarnar hafa greitt henni kr. 1800.00 sem ekkjubætur. Mun hún ekki fá frekari bætur frá þessum aðiljum. Þá hefur stefnandi notið eftirlauna frá Eftirlaunasjóði Reykjavíkurborgar frá 1. marz 1948, og hafa eftirlaunin numið kr. 108.00, að viðbættri verðlagsuppbót, á mánuði hverjum. Eftirlaunum þessum mun stefnandi halda framvegis.

Stefnandi hefur látið tryggingafræðing reikna út „kapitalverð" framfærslueyris til 55 ára gamallar konu eftir 60 ára mann, miðað við, að maðurinn hefði kr. 600.00 að viðbættri verðlagsuppbót í mánaðarlaun og konan nyti helmings þeirra tekna. Nam sú fjárhæð kr. 68200.00.

Þegar virtur er aldur Sigurðar heitins, heilsa hans, möguleikar til tekjuöflunar, aldur stefnandi, bætur þær, er hún hefur þegar fengið, svo og önnur þau atriði, er hér skipta máli, þykir tjón hennar hæfilega metið kr. 36000.00.

Samkvæmt framangreindu ber stefnda að bæta helming þess, eða kr. 18000.00.

Að því er varðar vexti, þá hefur stefndi mótmælt vöxtum frá fyrra tímamarki en 5. jan. 1949, en þann dag kom stefnandi fyrst fram með bótakröfu sína. Eftir öllum atvikum þykir rétt að dæma vexti frá slysdegi, svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum ber stefnda að greiða stefnandi málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 2100.00.

Samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna á stefnandi lögveð í bifreiðinni R 5617 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Framangreindur lögveðréttur er viðurkenndur.

Stefndi, Brynjólfur Magnússon, greiði stefnandi, Bengtu K. Andersen, kr. 18000.00 með 6% ársvöxtum frá 3. febrúar 1948 til greiðsludags og kr. 2100.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.